

KRAFTBIRTINGARHLJÓMUR
GUÐDÓMSINS

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

2. bindi

KRAFTBIRTINGARHLJÓMUR GUÐDÓMSINS

Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði
Magnúsar Hj. Magnússonar,
skáldsins á Þröm

SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON
tók saman



REYKJAVÍK 1998
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 2

KRAFTBIRTINGARHLJÓMUR GUÐDÓMSINS

Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði
Magnúsar Hj. Magnússonar,
skáldsins á Þröm

SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

tók saman

REYKJAVÍK 1998

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).

Háskólaútgáfan

Reykjavík 1998

© Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: PMS

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-253-5

Efni

Formáli	7
I. Magnús og mýtan	11
1. <i>Tveir heimar</i>	11
2. <i>Æviferill Magnúsar</i>	16
3. <i>Dagbókin</i>	63
4. <i>Af skáldyrðingum í nútíð og fortíð</i>	84
II. Sjálfsævisaga	99
Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar	100
III. Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar	121
1. <i>Dagbók ársins 1893 – Fyrsta dagbókarárið</i>	122
2. <i>Tilhugahfið á árunum 1896-1899</i>	152
3. <i>Erfiðleikar aldamótaáranna 1899-1900</i>	172
4. <i>Dauðinn og prófasturinn – Atburðir í kringum áramótin 1902-1903</i>	236
5. <i>Örlagaveturinn 1909-1910</i>	269
6. <i>Tukthúsvistin veturinn 1911-1912</i>	338
IV. Bréf og samtíningur	395
Bréf til Kristínar Jónsdóttur Dröngum	395
Bréf til sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu	396
Bréf til Bjarna Þorlákssonar á Brekku	397
Bréf til Hannesar sýslumanns Hafsteins	398
Bréf til Guðmundar hreppstjóra Eiríkssonar á Þorfinnsstöðum	398
Bréf til Kristínar Jónsdóttur Dröngum	399
Bréf til Hjalta Magnússonar Holti	400
Bréf til Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur á Bæ í Súgandafirði	401
Fyrirmáli við rímur af Ambálesi kongi	403
Bréf til Hjalta Magnússonar Holti	403
Bréf til Vigdísar Kristjánsdóttur í Stapadal	404
Daglegt mál undir Eyjafjöllum	405
Daglegt mál á Vestfjörðum	406

Sönn mannlýsing	407
Eftirmáli	408
Dagbókarbrot 1913	409
Dagbókarbrot 1892	412
Dagbókarbrot 1897	416
Heimildaskrá	421

Formáli

Fyrir röð tilviljana var á síðasta ári hrundið af stað ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* og bar fyrsta bókin heitið *Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bref, sjáfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld*. Skemmst er frá því að segja að bókinni var afar vel tekið og vakti hún víða athygli. Þessi viðbrögð orkuðu afar hvetjandi á frekari tilraunir með útgáfu á persónulegum heimildum og urðu til þess að ákveðið var að freista þess að koma út í samvinnu við Háskólaútgáfuna einni bók á ári eftirleiðis. Af nægu efni er að taka því öll handritasöfn landsins eru full af dagbókum og öðrum persónulegum heimildum sem aldrei hafa komið fyrir sjónir fræðimanna og almennings. *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* er hugsuð sem vettvangur fyrir kynningu á persónulegum heimildum og hvati fyrir þá sem áhuga hafa á að vinna með slíkar heimildir. Jafnframt er ritröðinni ætlað að vinna almenna lesendur til fylgis við sagnfræðina, þetta fag sem á mikið erindi til nútímafólks sem á ef til vill erfitt með að átta sig á samhengi lífs síns vegna ítrekaðra breytinga á umhverfi og hugmyndum samfélagsins. Þar geta textar af þessu tagi brúað ákveðið bil, sem mörgum finnst óbrúanlegt, milli almennings og fræðilegra rannsókna og hjálpað þeim sem áhuga hafa á að grafast fyrir um samhengið í lífi kynslóðanna og að komast í snertingu við daglegan takt hversdagslífsins fyrir rúmri öld. Slíkur lestur hrópar beinlínis á vangaveltur og mat á aðstæðum fyrri tíðar og fyrir bragðið setur lesandinn sig í spor sagnfræðingsins og gerir tilraun til að ráða í textana eða leita eftir skýringum á því þjóðfélagi sem skóp þá. Ef slíkt tekst þá er vel af stað farið.

Ekki fer á milli mála að áhugi fræðimanna á persónulegum heimildum í líkingu við þær sem hér eru kynntar hefur stórlega aukist. Þetta kemur meðal annars fram í nýlegu greinasafni sem út kom á vegum Háskólaútgáfunnar og nefnist *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* í ritstjórn Erlu Huldu Halldórsdóttur og Sigurðar Gylfa Magnússonar. Í þeirri bók notast höfundarnir við persónulegar heimildir í einu eða öðru

formi og margir á mjög fjölbreytilegan hátt. Þessir höfundar eiga það einnig sameiginlegt að nýta sér nýja aðferðafræði sem bókin er kennd við og nefnist einsaga (*e. microhistory*) en hún er ákveðin leið til að glíma við þessar heimildir sem oft eru erfiðar og margbrotnar. Heimildaútgáfu eins og *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar* er beinlínis ætlað að vekja athygli á þessum heimildum og auka vægi þeirra í fræðunum; hún er hugsuð sem kjörinn efniviður fyrir einsögurannsóknir.

Eins og í fyrstu bók ritaraðarinnar er textinn hér gefinn út með þeim hætti að sem minnst er hróflað við frumtextanum. Þó eru pennaglöp lagfærð án athugasemda og á stöku stað er greinamerkjasetningu vikið við til að auðvelda lesturinn. Misræmi höfundar í stafsetningu er látið halda sér að öðru leyti, enda er um heimildatexta að ræða. Lesandinn á að fá að kynnst textanum í svo upprunalegu horfi sem útgáfa af þessu tagi leyfir.

Til að styrkja útgáfu ritaraðarinnar verða ritstjórar framvegis tveir og kom Kári Bjarnason sérfræðingur í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns formlega til leiks á þessu ári. Hann er einn helsti hvatamaður að þessari tilraun og þekking hans á handritadeild Landsbókasafns á eftir að nýtast ritröðinni vel. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman efni þessarar bókar eins og þeirrar fyrstu og ritaði einnig innganginn. Kári bar saman handrit og uppskrift auk þess sem hann las fyrstu próförk að inngangskaflanum. Þórður Ingi Guðjónsson M.A. í íslenskum fræðum las innganginn og annan texta Sigurðar Gylfa yfir, og þau Róbert H. Haraldsson heimspekingur og Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur lásu yfir hluta af texta Sigurðar. Hannes Þorsteinsson fyrrverandi aðalféhirðir Landsbanka Íslands sló inn allt handrit bókarinnar af stakri þrýði. Aðrir sem komu að útgáfu bókarinnar voru starfsmenn Háskólaútgáfunnar þau Jörundur Guðmundsson útgáfustjóri og Birna Lís Jensdóttir, auk þeirra Sverris Sveinssonar prentara sem braut bókina um og Öldu Lóu Leifsdóttur sem hannaði bókarkápuna. Allt þetta fólk kom einnig við sögu fyrsta bindis ritaraðarinnar og er þeim þakkað ánægjulegt og gott samstarf.

Hafliði Jónsson fyrrverandi garðyrkjustjóri var svo vinsamlegur að gefa leyfi sitt fyrir því að birtur yrði kafli úr endurminningum Kristínar Dahlstedt sem hann skráði, en þar segir frá sambandi hennar og Magnúsar Hj. Magnússonar.

Það sem gerir þessa útgáfu mögulega er myndarlegur styrkur sem Landsbanki Íslands leggur fram árlega. Styrkurinn gerir okkur kleift að halda úti útgáfu *Sýnisbókar íslenskrar alþýðumennningar*. Þá hafa starfsmenn Landsbókasafns – Háskólabókasafns undir forystu Einars Sigurðssonar landsbókavarðar og Ögmundar Helgasonar forstöðumanns handrita-

deildar reynst okkur traustir bakhjarlar. Öllum þessum stóra hópi velgjörðamanna þökkum við aðstoðina.

Við lítum svo á að við séum að leggja upp í langferð um lendur íslenskrar alþýðumenningar og vonumst til að sem flestir sjái sér fært að slást í för með okkur.

Reykjavík í maímánuði 1998

Kári Bjarnason og Sigurður Gyfi Magnússon

I. Magnús og mýtan

1. Tveir heimar

„Frá því ég var á 9. ári og allt til 1896 fannst mér sem Guðsauglit stæði allstaðar opið fyrir mér; var sem ég heyrði *alla* náttúruna taka undir krapt-birtingarhljóm guðdómsins, og ég sjálfur var líka í því raddflóði, að mér fannst. Þó fannst mér mitt *ég* vera svo lítið, í þeim dýrðarljóma.“¹ Svo kemst Magnús Hjaltason Magnússon að orði í sjálfsævisögu sinni er hann hóf að rita 12. janúar árið 1914. Víst er að við lestur þessarar tilvitnunar mun mörgum koma til hugar eftirfarandi texti úr *Heimsíjós* Halldórs Kiljans Laxness, því alkunna er að Magnús Hj. Magnússon er fyrirmynd Ólafs Kárasonar Ljósvíkinga:

Hann var semsé ekki orðinn fullra níu ára þegar hann fór fyrst að verða fyrir andlegri reynslu. Hann stendur kanski niðrivið víkina, og það er farið að vora, eða uppá nesinu fyrir vestan víkina, og þar er hóll og skrudgræn hundabúfa uppá hólnum, eða kanski uppí fjalli ofanvert við túnfótinn, og túnið er öldungis kafið í grasi, og komið undir slátt. Þá finst honum einsog guðs auglit standi opið fyrir sér. Hann finnur guðdóminn birtast í náttúrunni í óumræðilegum hljómi, það var kraftbirtingarhljómur guðdómsins. Hann veit ekki fyr til en hann er sjálfur orðinn titrandi rödd í almáttugum dýrð-arhljómi. Sál hans virðist ætla að hefjast útyfir líkamann einsog flautir uppaf börmunum á skál; það var einsog sál hans væri að fljóta samanvið eitt ómælishaf æðra lífs, ofar orðum, handan við alla skynjun; líkaminn gagnsýrður af einhverju brimandi ljósi, ofar ljósum; andvarpandi skynjaði hann smæð sín sjálfs í miðjum þessum óendanlega dýrðarhljómi og ljóma; vitund hans rann öll út í eina helga grátklökka þrá til þess að mega samræmast því æðsta, en vera ekkert leingur af sjálfum sér.²

1 Lbs 2238 4to – Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar. Rituð af sjálfum honum. Byrjuð á Suðureyri í Súgandafirði, 12. Janúar 1914.

2 Halldór Laxness, *Heimsíjós* I. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1955), bls. 14–15. Í fyrstu útgáfunni hét þessi fyrsti hluti sögunnar „Ljós heimsins“ og var einn af fjórum, en í annarri útgáfu nefndist hann „Kraftbirtingarhljómur guðdómsins“ en þá var bókinni skipt í tvo hluta, og tilvitnun sú sem hér er birt var örlítið breytt frá fyrstu útgáfunni, en þar hljómaði hún svona: „Hann var sem sé ekki orðinn fullra níu ára þegar hann fór fyrst að verða fyrir andlegri reynslu. Hann stendur kanski niðri við víkina, og það er byrjað að vora, eða uppi á nesinu fyrir vestan víkina, og þar er hóll og skrudgræn hundabúfa uppi á hólnum, eða kanski uppi í fjallinu ofanvert við

Ekki fer á milli mála að Halldór vinnur vel úr þeim efniviði sem hann hefur frá Magnúsi, hnykkir á lykilorðum og hugtökum þannig að áhrif þessarar hugsunar magnast upp og lesandinn skynjar hin sterku hughrif þeirra beggja, Ólafs Kárasonar og Magnúsar Hj. Magnússonar.

Þegar tilvitnanir á borð við þessar eru bornar saman er nauðsynlegt að hafa í huga aðstæður og tilefni sköpunar þeirra. Skáldið situr og vinnur sína vinnu af frægri elju og dugnaði; skrifar hvert uppkastið af öðru og er sífellt að breyta og bæta allt þar til að síðustu próförk sleppir og prentvélnar taka að hamast.¹ Útkoman er texti sem á sér fáa líka hvað varðar skáldskap og snilli.

Sveitarómaginn, lausamaðurinn, barnakennarinn, þurrabúðarmaðurinn og tukthúslimurinn Magnús Hj. Magnússon hélt dagbók sína í nær aldarfjórðung og ákvað jafnframt að rita sjálfsævisögu auk þess sem hann hélt ýmsum fróðleik til haga. Hann gerði ekki mörg tilhlaup að verki sínu; lífið sjálft hafði forgang enda mátti oft lítið út af bera til þess að bjargirnar þrytu og búið stæði autt. Ef til vill fékk Magnús tækifæri til að endurrita einu sinni texta sinn, gera frásögnina ögn fyllri og greinilegri, jafnan með varðveisluna að leiðarljósi. Magnús var að bjarga frá gleymsku sögu fátæktarinnar og óréttlætisins svo og menningarverðmætum á borð við sögur og rímur. Í þessu ljósi verður að meta texta Magnúsar; í honum felst tilfinning manns fyrir lífinu, manns sem liggur mikið á hjarta.

Texta Magnúsar, sérstaklega þeim þáttum sem snúa að tilfinningaþrungnu lífshlaupi hans, hefur áður verið gerð skil af Gunnari M. Magnúss

tínfótinn, og túnið er alveg kafið í grasi, og komið undir slátt. Þá finst honum eins og guðs auglit standi opið fyrir sér. Hann finnur guðdóminn birtast í náttúrunni í óumræðilegum hljómi, það var kraftbirtingarhljómur guðdómsins. Hann veit ekki fyr til en hann er sjálfur orðinn titrandi rödd í almáttugum dýrðarhljómi. Sál hans virðist ætla að hefjast út yfir líkamann eins og flautir upp af börmunum á skál; það var eins og sál hans væri að fljóta saman við eitt ómælishaf æðra lífs, ofar orðum, handan við alla skynjun; líkaminn gagnsýrður af einhverju brimandi ljósi, ofar ljósum; andvarpandi skynjaði hann sína eigin smæð mitt í þessum óendanlega dýrðarhljómi og ljóma; vitund hans leystist öll upp í eina heilaga grátklökka þrá til þess að mega samræmast því æðsta, en vera ekkert leingur af sjálfum sér.“ Halldór Laxness, *Ljós heimsins* (Reykjavík, 1937), bls 17–18. Í nýjustu útgáfu verksins, sem er sú fimmta, hefur „Ljós heimsins“ komið í stað „Kraftbirtingarhljómsins“, þannig að horfið hefur verið til upphaflegu útgáfunnar.

- 1 Þetta verður hverjum manni ljóst sem skoðar handrit Halldórs Laxness en þau eru varðveitt í handritadeild Landsbókasafns. Vandvirkni hans við einföldustu orðsendingar er undraverð; stutt bréf til Rafveitunnar, svo dæmi sé tekið, er ef til vill skrifað upp þrisvar sinnum og leiðrétt með hendi skáldsins eins og víða sést í handritasafni hans. Frægar eru lýsingarnar á endurritun hans á skáldverkum sínum. Sjá Peter Hallberg, *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölu Völku til Gerplu*. Síðara bindi. Helgi J. Halldórsson íslenskaði (Reykjavík, 1971), bls. 180–186.

í bók sem hann nefndi *Skáldið á Pröm*.¹ Sú bók var ævisaga Magnúsar, en æviferil hans rakti Gunnar í smáatriðum og studdist þar við handrit Magnúsar sem eru mikil að vöxtum. Margt jákvætt má nefna í sambandi við ritverk Gunnars, eins og að þau eru afar læsileg, en helsta aðfinnsla við efnistöð hans byggjast á þeirri staðreynd að hann greindi afar illa á milli sinnar eigin frásagnar og texta Magnúsar; lesandinn veit á köflum ekki hver talar og við það missa frásagnir Gunnars af stormasömu lífi Magnúsar oft og tíðum marks. Nálægð Gunnars við lífshlaup Magnúsar, en Gunnar þekkti hann vel sem barn, var of mikil og háskinn og spennan sem ein-kenndi allt líf Magnúsar tapaðist í bókinni.

Um bókina *Skáldið á Pröm* segir Gunnar M. Magnúss í formála: „Þetta er bók um Magnús Hj. Magnússon, vin minn, – aðra bók *eftir hann* væri maklegt að tekin væri saman.“² Ósk Gunnars rætist með þessu riti, því hér eru tekin saman sýnishorn úr verkum Magnúsar, og er af nægu að taka.

Það er sérkennilegt að Gunnar minnst aldrei í ævisögunni einu orði á *Heimsíjós* Halldórs Kiljans Laxness þó svo að honum hafi vitaskuld verið fullljóst, eins og mörgum öðrum, að Halldór hafði nýtt sér dagbók Magnúsar ríkulega. *Skáldið á Pröm* kom út árið 1956 eða skömmu eftir að Halldór hafði unnið til Nóbelsverðlaunanna. Nokkru áður í viðtali við *Útvarpsblaðið* árið 1951 segir Gunnar M. Magnúss hins vegar svo frá aðdraganda að kynnum Halldórs af dagbókum Magnúsar: „Vilmundur landlæknir hafði lesið nokkuð í bókum þeim sem hann hafði átt [Vilmundur hafði eignast eitthvað af dagbókum Magnúsar er hann var héraðslæknir á Ísafirði] og kannske fleirum úr safni þessu. Eitt sinn er hann hitti Halldór Kiljan Laxness að máli, benti hann honum á safn þetta og sagði: „Parna hefurðu skáldsöguefnið.“ Gaf Kiljan gaum að ráði þessu, lagðist í lestur safnsins, og lauk þeirri viðureign svo, að hann samdi skáldverk sitt um Ljósvíkinginn, sem frægt er orðið.“³

Löngu áður en þeir Halldór og Gunnar nýttu sér sögu Magnúsar og fjöl-skrúðugan lífsferil hans sem yrkisefni hafði annar rithöfundur í byrjun aldarinnar komið auga á hversu merkilegt söguefni persóna Magnúsar var. Sá var Sigurbjörn Sveinsson, vinur Magnúsar og skáldbróðir, en hann

1 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm. Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar* (Reykjavík, 1956). – Gunnar tók síðar saman aðra bók um sama efni sem hann nefndi: *Ósagðir hlutir um skáldið á Pröm* (Reykjavík, 1973). Eins og nafnið á síðari bókinni gefur til kynna bætir hún litlu við, heldur heggur í sama knérunn.

2 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm*, [bls. 5].

3 „Ævisaga Ljósvíkings.“ *Útvarpsblaðið* 1. árg. 15. tbl. 1951, bls. 7.

var þekktastur fyrir bók sína *Bernskan* sem öll börn hér á landi lásu í eina tíð. Árin 1910-1911, þegar Magnús sat inni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg fyrir brot sem síðar verður greint frá, gerði Sigurbjörn sér far um að heimsækja Magnús og styttu honum stundir. Magnús segir svo frá Sigurbirni og samskiptum þeirra félaga í dagbók sinni:

[...] hafði hann í hug að semja stóra skáldsögu og var þegar byrjaður; talaði hann um að hafa mig eina af aðalpersónum sögunnar, þætti sér æfi mín svo „undarleg og merkileg“ og vildi hann því lýsa hugsunarhætti mínum, æfistarfi og æfikerjum, að því leyti sem sér væri hægt, og vildi hann nú fá heimild hjá mér til þessa. Jafnframt fór hann þess á leit við mig að fá lánað hjá mér, gegn borgun, eitthvað af dagbókum mínum til að kynna hugsun minni á ýmsum tímum sem bezt, en engu gat ég heitið honum um það, að svo stöddu.¹

Ekki leið á löngu þar til Magnús veitti Sigurbirni leyfi til að fá dagbókina lánaða með þessum orðum: „*Honum* var hún velkomin, en líklega hefði ég ekki lánað hana öðrum.“² Hvort nokkuð varð af samningu skáldsögunnar er mér ekki kunnugt, en vera má að Magnús hafi orðið fyrirmynd að einhverjum persónum Sigurbjarnar í síðari verkum hans.³ Af þessu má ráða að ævi Magnúsar og dagbækur hafi snemma heillað þá sem þekktu eitthvað til hans enda engin furða, eins og lesendur munu geta dæmt um hér á eftir.

Magnús byrjaði að halda dagbók árið 1893, en þá var hann 19 ára gamall, og hélt því áfram til ársins 1916 er hann féll frá, eða samfelldt í 24 ár.⁴ Dagbókin er 4351 blaðsíða í 4to broti, mjög vel skrifuð og inniheldur nákvæmar lýsingar af daglegu amstri hans öll þessi ár, auk hugleiðinga hans og skáldskapar. Dagbókin er ekki aðeins áhugaverð vegna þess að Magnús hélt hana svo samviskusamlega; skráði skoðanir sínar, viðhorf og tilfinningar til manna og málleysingja, heldur einnig vegna þess að æviferill hans var alla tíð þyrnum stráður. Magnús stóð á vissan hátt á tímamótum hins gamla samfélags og þess nýja. Atriði úr ævi hans minna á siði og hætti sem koma nútíma lesanda spánskt fyrir sjónir; sjálfsögð mannréttindi í nútíma

1 *Lbs* 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 4. febrúar 1912.

2 *Lbs* 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 11. febrúar 1912.

3 Töluvert liggur eftir Sigurbjörn af efni og mest af því eru smásögur fyrir börn og unglinga. Ekki tókst mér við eftirgrennslan að finna persónu í verkum hans sem byggð er á lífshlaupi Magnúsar.

4 Reyndar má segja að hann byrji dagbókarskrifin 22. október 1892, en hann ritar færslur ársins 1892 ekki upp fyrr en í enda dagbókarinnar árið 1898, hverju sem það sætti. Sjá *Lbs* 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar. Gott yfirlit yfir öll handrit Magnúsar er að finna í bók Gunnars M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 378-381, en þar greinir hann nákvæmlega frá af hvaða lagi þau eru og skiptir þeim í nokkra flokka.

samfélagi voru Magnúsi nánast óþekkt í lok níttjándu aldar og við upphaf þeirrar tuttugustu. Í æsku hafði hann þegið af sveit vegna fátæktar foreldra hans, eigin veikinda og umkomuleysis. Af þeim sökum var honum meinað að giftast síðar á ævinni nema hann greiddi upp sveitarskuldina. Það gat hann aldrei og bjó því í óvígðri sambúð til æviloka. Með konu sinni eignaðist hann sex börn. Aðeins tvö þeirra komust á fullorðinsaldur. Þrátt fyrir þetta birtist Magnús okkur sem einstaklingur sem hafði gríðarlega löngun til að lifa heilbrigðu og eðlilegu lífi en fékk ekki notið þeirra lífsgæða vegna fordóma og skilningsleysis samferðamanna sinna gagnvart fátæku fólki. Þessi eilífa barátta Magnúsar fyrir að fá að lifa mannsæmandi lífi og opinská frásögn hans gerir dagbókina að einstakri heimild.

Magnús tók saman stutt sjálfsævisöguágrip sem spannar fyrri hluta ævi hans og nær því sem næst fram til þess tíma er hann hóf dagbókarskrifin níttján ára gamall. Magnús telur sig jafnan hafa haft sannleikann að leiðarljósi við skriftir sínar og orðar þá hugsun ágætlega í formála að verki sínu: „Hefi ég jafnan í ritum mínum, viljað gæta þess að *hlið sannleikans væri í fan á*, og vona ég að þess sé gætt, ef dæma skal um það er ég hefi skrifað, en síður tekið tillit til þess hver í hlut á. Að *falsa* sagnir, er fjærri mér.“¹ Í lok formálans lætur Magnús í ljósi von um viðtökur þessa verks: „Með von um nokkurt þakklæti *seinni tíðar manna* legg ég því enn á stað í ritstarfa-áttina, erfiðleikum háður á ýmsa vegi, og bið hönd hins alvalda að styrkja mig til starfa.“² Hann virðist því hafa reiknað með því að sjálfsævisagan yrði lesin af öðrum.

Hér á eftir ræði ég helstu drætti í æviferli Magnúsar Hj. Magnússonar þó svo að um hann hafi verið skrifuð ævisaga sem áður var minnst á. Ætlun mín er að flétta saman texta Magnúsar, Halldórs Kiljans Laxness og Gunnars M. Magnúss og ræða tengsl raunveruleikans og mýtunnar sem takast á í frásögn þessara þriggja manna. Reynt verður að kanna hjá hvaða höfundi „sannleikanum“ sé best borgið. Þessi umræða varpar ljósi á gildi skrifa Magnúsar sem heimilda, en meginmarkmið með útgáfu bókarinnar er að gefa lesendum tækifæri til að lesa sýnishorn úr dagbókum, bréfum og kvæðum Magnúsar, og sjálfsævisöguna alla; að kynnast Magnúsi milliliðalaust með því að draga fram hans eigin texta. Lesendur geta þá gert upp við sig sjálfir hvers virði sýnishorn Magnúsar eru, borið saman við skáldskap Laxness og umfjöllun Gunnars. Í vissum skilningi eru þeir allir að kljást við

1 Lbs 2238 4to – Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar Magnússonar.

2 Lbs 2238 4to – Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar Magnússonar.

sama vandamálið, það er að móta ákveðna orðræðu um samhengi tilverunnar, eins og það birtist þeim í ólíkum búningi, sem skáldverk, sem saga, sem lífið sjálft.

2. *Æviferill Magnúsar*

Bernskan

Magnús Hj. Magnússon var fæddur 6. ágúst árið 1873 á bænum Tröðum sem var hjáleiga frá bænum Eyri í Seyðisfirði í Súðavíkurbreppi. Hann var sonur Hjalta Magnússonar lausamanns og Friðriku Kristjánsdóttur sem Magnús titlar saumakonu í sjálfsævisögu sinni og dagbókum.¹ Foreldrar hans voru bláfátækir. Magnús var fjórða barn þeirra en eitt höfðu þau misst ungt: „Mun foreldrum mínum hafa þótt ég ekki vera neinn aufúsugestur, því strax og móðir mín fór að hressast, fóru þau að hugsa um að koma mér í burtu.“² Foreldrar hans leituðu til föðurbróður Magnúsar, Þórðar Magnússonar bónda í Hattardal, og hann kom Magnúsi fyrir í Önundarfirði hjá frænda þeirra, Guðna Vigfússyni sem var bóndi á Efrihúsum undir Hesti og konu hans Margrétu Bjarnadóttur. Margrét var tvígift og hafði eignast þrjá syni í fyrri hjónabandi og saman áttu þau Guðni eina dóttur. Þórður greiddi með Magnúsi meðlag en Magnús var aðeins sex vikna þegar hann var sendur í fóstur. Fjölskylda þessi átti eftir að verða mikill orlagavaldur í lífi Magnúsar.

Fóstri Magnúsar dó þegar hann var tveggja ára, „[...] og var það skaði minn að allra sögn“, en það orð fór af Guðna að hann hefði verið hið mesta ljúfmenni. Margrétu lýsir Magnús á eftirfarandi hátt: „Fóstra mín var í meðal lagi há á vöxt, holdug og heldur fríð, þybbin í lund og ekki hreinlynd, hraust og óþrifin og hatursmáður allra bókmennta. Kristjana dóttir hennar var lík henni: þybbin í lund og nísk.“ Hér kemur fram tilhneiging Magnúsar að lýsa fólki umbúðalaust og draga fram skarpa drætti í fari þess og lunderni. Sem dæmi má taka frásögn hans af fyrirnefndum frænda sínum, Þórði frá Hattardal og konu hans: „Var Þórður karlmenni mikið og drengur hinn besti. Kona hans var Guðríður Hafliðadóttir frá Borg í Skötufirði, Hafliðasonar. Hún var kvennskörungur mikill og göfuglynd.“ Lýsingar Magnúsar minna á persónulýsingar Íslendingasagnanna, hnitmiðaðar og beittar.

1 Sjá nánar um ættir Magnúsar og uppruna í bókinni *Vigurætt*. Ættir Íslendinga. Niðjatal VI 2. Ritstjóri Þorsteinn Jónsson (Reykjavík, 1992), bls. 620-630.

2 Lbs 2238 4to – *Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar*. Hér á eftir verður vitnað í sjálfsævisögu Magnúsar án þess að geta um sérstaklega neðanmáls nema ástæða sé til.

Hagir Magnúsar voru stríðir og kostur slæmur á bernsku- og æskuár- um. „Strax og ég var eitthvað kominn á legg“, segir hann í sjálfsævisögu sinni, „man ég eptir að farið var að hræða mig með ýmsu móti og leika mig illa á margan hátt.“ Heimilið var all fjölmennt en engu að síður var þar tæpast nokkur maður sem lagði gott til hans. En þrátt fyrir misþyrmingar og illa meðferð var ekki hægt að berja hann frá bókinni og skáldskapnum. Hvorki fleiri né færri en 11 þúsund kvæði og vísur eru taldar liggja eftir Magnús. Um þessa iðju Magnúsar segir Gunnar M. Magnúss: „Meiri hluti þess eru ferhendur, en þó er mikill fjöldi kvæða með 8 ljóðlínu erindum, svo sem erfiljóðin, brúðkaupskvæði og önnur tækifærisljóð. Um aldamótin er hann búinn að yrkja um 6700 vísur, og síðasta ár aldarinnar er honum léttast um að yrkja, þá losar hann þúsundið eða því nær 3 vísur að meðaltali hvern dags ársins.“¹

Magnús varð snemma meðvitaður um náðargáfu sína: „Nálægt þessum tíma varð ég var við að ég var fullur af *andagift* og hugur minn var þrunginn af ýmislega lögðum *hijómöldum*, en alla þessa fyllingu fannst mér vanta *birtu*. Eptir þetta fór ég að taka eptir *vísu* og lærði ég allt sem ég heyrði af slíku. Við það varð hugur minn nokkuð léttari.“ Segja má að löngun hans í lestur, skrift og kveðskap hafi aukist jafnt og þétt, þrátt fyrir skilningsleysi og mótlæti heimilismanna:

Þess er áður getið að fóstura mín var engin bókamanneskja, öðru nær. Einu sinni var ég staddur hjá henni úti í skemmu, þar sá ég rifrildi af bók innan um járnarusl í gamalli hniklaskúffu (tilheyrandi rak-grind). Ég spurði fósturu mína hvort ég mætti taka það. Hún svaraði: „Hvað ætlarðu að gera með það, elskan mín? Það hefir enginn gott af því að liggja í bókum.“ Ég tók þó bókina og bar hana inn, í barmi mínum og þorði varla að láta sjá hana. Það voru Númerímur Sigurðar Breiðfjörðs.

Upp frá þessu leitaði Magnús allra ráða til að viðað sér efni til lestrar og uppskrifta og jafnframt sótti hann í samneyti við fólk sem hafði lík áhugamál. Sigurður Breiðfjörð varð hans fyrirmynd og átrúnaðargoð og átti sú dýrkun eftir að koma fram í ýmsum myndum allt til dauðadags. Menntun af ýmsu tagi var hans lífgjafi því í hönd fóru ár veikinda og hvers kyns harðræðis.

Á því tímabili sem Magnús var í fóstri í Efrihúsum var hann sleginn af hesti í höfuðið, nokkru síðar datt hann af hestbaki og fékk slæma byltu auk þess að vera barinn illilega af ráðsmanninum á heimilinu. Um síðasttalda

1 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 379.

atvikið hafði hann þetta að segja: „Höggið tel ég undirrót til höfuðþjáninga minna.“¹ Í sjálfsævisögunni kemur fram að hann telur sig hafa átt við varanlegan heilsubrest að stríða af þessum sökum nær alla ævi. Við þetta bættist illt atlæti hjá ungum sem öldnum á fósturheimili hans.

Harðræði á Hesti

Árið 1884 þegar Magnús var ellefu ára brá fóstura hans búi og fluttist til sonar síns á Hesti: „Foreldrar mínir vildu taka mig frá fóstura minni þetta vor (1884), og lána mig að Kroppstöðum, sem var allmerkur staður, til Jens bónda og Sigríðar ljósmóður, konu hans. En ekki vildi fóstura mín sleppa mér og var það ólán mitt. Fóstura mín fór að Hesti, sem húskona til Jóhannesar sonar síns, og ég með henni.“ Lýsingar hans á Jóhannesi og öðru heimilisfólki eru vægast sagt ömurlegar og dregur Magnús þar ekkert undan. Áður hafði hann mátt líða fjandskap og hirduleysi þess fólks sem ala átti önn fyrir honum en þegar Magnús fór að Hesti, „[...] sem aldrei skyldi verið hafa, því nú byrjaði hörmungartími fyrir mig, verulega sárgrætilegur undirbúningstími undir framtíð mína“, tók steininn úr. Helsta ólán hans var húsbóndinn sjálfur, Jóhannes Kristjánsson: „Jóhannes bóndi var starfsmaður mikill en sífellt illur og mátti heita að hann hræddi hvern ungling vandausán er nærri honum kom, svo mikill ótti stóð þeim af honum, tilgátuillur og lyginn en klæmdist aldrei og enginn þar á heimili. Þekktist ekki.“ Eitt af því sem fór verst með unglinga á þessum árum var lélegt fæði og því fékk Magnús að kynna: „Eptir þessu voru aðrar veitingar Jóhannesar og konu hans, enda ófært talið hjá þeim að vera sökum nisku og ógerðar á annan hátt, og mætti þar margar sögur af segja.“ Löngu seinna eða árið 1895 leitaði Magnús gistingar hjá vini sínum í nágrenni æskuheimilis síns og lét þá nokkur vel valin orð falla um hyskið sem alið hafði hann upp: „Mun ég lengi minnast Kjartans sem velgerðarmanns míns, bæði síðan ég var á Hesti á æskuárunum sem munaðarlaus aumingja barn, og svo síðan ég sté upp úr minni voðalegu, hörmulegu, kvalafullu, tæpra tveggja ára

1 Í dagbókinni frá árinu 1896 rifjar Magnús upp þetta atvik og segist svo frá að Bjarni sonur fóstura hans hafi sent hann til að moka húsin: „Lítið var ég búinn að moka er Brynjólfur Davíðsson kom og barði mig óvaran með hnefanum á vangann við eirað, að ég féll í rot, og vissi ég ekkert af mér um stundarsök, en er ég rankaði við, sýndist mér sem sjór í kring um mig og allt var á fleygiferð. Svimi þessi rauk þó frá og heyrði ég þá að Br. var að spyrja mig hver hefði sagt mér að moka húsin, en ég sagði Bjarni. Sagði Br. þá, að Bjarni hefði ekki „hingað til“ þurft að skipta sér af húsamokstrinum. Jeg fór heim og sagði fóstura minni frá þessu, en ekkert var um það talað. Jeg var 10 ára er þetta var og tel ég nefnt atvik eitt af undirstöðum heilsuleysiskvala minna.“ *Lbs* 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 10.

legu á Hesti, þegar ég hafði liðið hinar óútsegjanlegu þjáningar undir höndum níðinganna Jóhannesar og Jónínu á Hesti.“¹ Magnús sparar ekki lýsingarorðin þegar hann rekur raunir sínar, enda hafði hann ástæðu til að kvarta.

Þessir fyrstu áratugir ævi hans einkenndust af ótrúlegu harðræði og ástleysi. Gunnar M. Magnúss heldur því fram að fóstura Magnúsar hafi í raun verið sú eina sem eitthvað sinnti honum og hann gat reitt sig á.² Gunnar vitnar þar í bréf sem Magnús mun hafa ritað föður sínum og segir: „Í því bréfi kemur í ljós væntumþykja Magnúsar á Margrétu fósturu hans [...]“.³ Í dagbók sinni frá árinu 1903 lýsir Magnús hins vegar fósturu sinni og uppleldisaðferðum hennar á eftirfarandi hátt: „Á Hesti leið ég afar illt á andlegum og líkamlegan máta. Fóstura mín var vond við mig, húsbændurnir öllu verri og aðrir á heimilinu voru þar eptir.“⁴ Þarna fann hann oft átakanlega fyrir einstæðingsskap sínum. Eftir eina raunina komst hann svo að orði í sjálfsævisögu sinni: „Ég fann þá fyllilega til, eins og líka opt síðan, hvað það er sárt að vera undirorkaður.“

Í desembermánuði árið 1907 gerði Magnús loks upp sakirnar við fósturu sína með eftirfarandi mati á innræti hennar og upplagi:

Í þ.m. andaðist fóstura mín, Margrét Bjarnadóttir undir Hesti í Öfundarfirði, um áttætt. [...] Synir þeirra [hennar og Kristjáns Sæmundssonar] voru: 1. Sæmundur Ebenezer skipstjóri (d. fyrir 1884); hann var sagður líkur föður sínum og drengur góður; 2. Bjarni Hermann skipstjóri (d. 7. janúar 1905), yfiringangsseggur og óþokki, og 3. Jóhannes á Hesti, varmennni mesta, fól og illmenni við menn og skepnur. [...] Fóstura mín var alla æfi afar hraust, kæríngarlaus um hjú sín og óþrifin, ekki hreinlynd og lét sig engu skipta þó níðst væri á lítilmögnum þeim er hjá henni voru, svo sem þegar bústjóri hennar, Brynjólfur Davíðsson (síðar bóndi á Mosvöllum) sló mig höfuðhöggið með hnefanum veturinn 1884, en ég ber menjar þess til dauðans. Var sem hún þyrði ekki að minnst á slíkt enda enginn skörungur og rausnarkona var hún ekki, en hún var þrautseig og þann eiginlegleika átti hún til dauðans. Hún var kona all-feitlagin svo fáar gjörðust slíkar, enda lifði hún engu kvalarlífi á búskaparárum sínum, át hún og synir hennar það bezta er til var og lokaði sig þá inni er hún sat að slíku. Engin var hún bókamanneskja, öðru nær; var jafnan viðkvæði hennar er minnst var á slíkt: „Það lifir enginn á bókum.“ Ekki launaði Jóhannes á Hesti móður sinni ofeldi

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. maí 1895.

2 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 74.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 74.

4 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 8. febrúar 1903.

sitt, því jafnan eptir að hann komst á legg gerði hann henni allt til skapraunar og niddist á henni og er minnst á það í Önfirðingaráttum mínum. Kona Jóhannesar á Hesti er Jónína Sveinsdóttir frá Hesti (í Öfundarf.) hinn mesti kvennskratti.¹

Þessi eftirmæli bera með sér beiskju Magnúsar vegna örlaga sinna en hann harmaði jafnan að hafa lent hjá þessum „illmennum“, svo notað sé hans eigið orð. Fóstra hans virðist hafa verið sinnulaus með öllu um hagi hans en notað hann sem tilfinningalegt skjól, án þess að endurgreiða það á nokkurn hátt. Síðar meir skýtur hann inn athugasemd í dagbók sína um afdrif Jóhannesar: „Jóhannes Kristjánsson í Ytri-Hjarðardal, áður óðalsbóndi á Hesti (undir Hesti) orðinn geðveikur, að sagt var; þykist hafa verið svo vondur maður. Það var seint hann sá það – ómennið.“² Ekki verður með góðu móti séð á hvaða forsendu Gunnar M. Magnúss byggir fullyrðingu sína um gæði Margrétar fóstru Magnúsar, í það minnsta virðist Magnús sjálfur ekki deila þeirri skoðun með honum.

Á Hesti undir Hesti leið Magnús síauknar sálarkvalir. Að auki var hann ákaflega þjáður líkamlega og ágerðist það eftir fermingu. Gunnar M. Magnúss kemst svo að orði um þetta tímabil í lífi Magnúsar: „Og hann gekk ekki heill til skógar. Sótti á hann höfuðveiki, slappleiki fyrir brjósti og þolleysi við vinnu. Þetta magnaðist mjög eftir ferminguna, og þegar hann var 17 ára, henti hann það slys, um veturnætur 1890, að hann hrataði niður baðstofustigann og hlaut illa byltu. Hljóp þá svo magnað tak fyrir brjóstið á honum, að hann varð að leggjast í rúmið og mátti sig naumast hreyfa á þriðja sólarhring.“³ Niðurstaðan varð sú að Magnús var rúmfastur í tæp tvö ár við lítinn fögnuð húsbænda sinna. Fóstra hans ritaði bréf til yfirvaldanna, það er fæðingarhreppt hans, og benti á að fjölskyldan treysti sér ekki til að hafa hann á heimilinu nema til kæmi styrkur frá hreppnum. Var hann með öðrum orðum sagður á sveit og Gunnar M. Magnúss bendir á að þarna hafi örlög hans í raun verið ráðin: „Þótt undarlegt kunni að virðast, varð bréf þetta einskonar upphafsorð að útleigðardómi yfir hinum rúmleggjandi unga manni, – ævilöngum útleigðardómi frá réttindum í þjóðfélaginu, frá almennu frelsi og sjálfsákvörðunarrétti [...] Mikil örlög voru ráðin með þessum fáu línun.“⁴

Eins og fram hefur komið byrjaði Magnús að halda dagbók í lok árs 1892, en í fyrstu færslu dagbókarinnar árið 1893 gefur hann lýsingu á lífi

1 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1907.

2 Lbs 2231 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. nóvember 1913.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 56.

4 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 60.

sínu á Hesti. Magnús dregur ekkert undan og lýsingar hans á sjálfum sér og ástandi sínu eru átakanlegar:

Og þó þungt sé að verða vera kominn upp á aðra, á *bezta aldri* með miklum hæfileikum, þá er þó sitt hvað að vera hér, og mega bera sinn kross óáreittur, heldur en að vera í þeim stað sem manni er gert allt til kvalar og skapraunar í hverju atviki, til lífs og sálar, eins og mér var gert meðan ég var á Hesti, til að bæta á mína óútsegjanlega mikla heilsuleysis kvala kross, því það sýndist í, smáu og stóru, að því þar, sérstaklega Jónínu húsfreyjunni, væri rétt umhugað að ég sviptist lífinu á kvalafyllsta hátt, því þráfaldlega og *daglega* gerði hún mér til kvalar *sjálf*, og hvatti aðra til að særa mig, en í því var Jóhannes maður hennar aldrei eins *ajčfullegur* þó hann afarvondur maður sé, og fái í hvívetna alstaðar vont orð.¹

Barlómur Magnúsar er nokkuð yfirdrifinn og sá grunur læðist að manni að hann mótist að einhverju leyti af atburðum sem gerðust nokkru eftir 1. janúar 1893, það er málaferlum þeim sem Magnús átti í við þessa fyrrum húsbændur sína. Seinni uppskrift dagbókarinnar kann að hafa breyst og litast af því ástandi sem þar skapaðist og þeirri staðreynd að dagbókin er á vissan hátt málsvarnarskjal hans. Í fyrirnefndri dagbókarfærslu 1. janúar 1893 ber hann sig saman við unga fólkið sem er að búa sig undir nýárs-skemmtun sem halda átti í sveitinni: „Þannig getur sá sem heilsuna hefur farið sem hann langar til, og tekið þátt í gleði lífsins, og notið sannarlegs yndis en ég sem stórþjáður drottins krossberari, verð að vera heima og bera mína miklu heilsuleysis birði, en guð gefi mér þrek til þess, kannske það geti þá orðið öðrum til fyrirmyndar sem neyðin umkringir, ef ég reyni að stríða sem bezt ég get, og ber mig vel.“² Magnúsi hættir til að tjá sig í ákveðnum mæðartóni sem Gunnari M. Magnúss er gjarnt að taka upp gagnrýnislaust. Ég hygg að það sé misráðið að standa þannig að málunum. Eins og áður sagði kærði Magnús húsbændur sína fyrir ópökkaskap og níð og er ekki ósennilegt að hann hafi byrjað dagbók sína meðal annars til að fá tækifæri til að rifja upp atburði liðinna ára, og festa þá á blað, þar sem hann ætlaði að lögsækja þetta fólk. En vegna málaferlanna dregur Magnús ekkert undan í lýsingum sínum og bætir oft við siðferðislegum ádeilum og tilfinningaþrungnu mati á eynd sinni. Þessa sama tóns gætir nokkuð fram- an af í dagbókinni og hverfur aldrei algjörlega, en þó má segja að hann bæði breytist og dofni. Ég held þess vegna að það séu mistök að skrifa sögu Magnúsar sem sögu píslarvottarins í stað gerandans. Magnús var

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. janúar 1893.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. janúar 1893.

eftir allt saman sigurvegari á leikvelli lífsins vegna þess að hann átti sér draum sem aldrei dofnaði; hann orti til sólarinnar. Enn má minna á að Gunnar M. Magnúss var tilfinningalega tengdur Magnúsi; hann þekkti Magnús vel og var ein af persónunum í dagbók hans eftir 1913.

Nýtt líf

Dagbók Magnúsar er óvenjuleg vegna þess að hann skrásetur hana af einstakri elju og nákvæmni. Dagbókina hóf Magnús stuttu eftir að hann fékk sig lausan úr vistinni á Hesti og flutti að bænum Fremri-Breiðdal í Önundarfirði. Magnúsi leið þar greinilega vel „[...] en ég er nú farinn að sjá samt, síðan ég fór að komast á kreik, að ég er sem *efjálfs* maður, en *ekki fjálfs*.“¹ Í Breiðdal var hann í heilt ár en á þeim tíma stefndi hann, eins og áður sagði, fyrrum húsbændum sínum á Hesti fyrir harðræði og varð af því nokkuð málþóf sem lauk með sættum milli deiluaðila. Jóhannesi bónda á Hesti var þá ætlað að borga Magnúsi nokkrar bætur sem hann síðan sveik og fékk Magnús aldrei greiðsluna, en nokkra uppreisn æru.²

Kostir niðursetninga voru óneitanlega harðir á þessum tíma en þó voru þeim ekki allar bjargir bannaðar, sérstaklega ef þeir gátu sett saman stöku. Kveðskapurinn gat orðið öflugt vopn í höndum þeirra sem kunnu með að fara og tæki til að jafna sakir við þá sem í valdastöðu voru og beitt höfðu lítilmagnann órétti.³ Magnús var sannarlega í þeirri aðstöðu en virðist ekki hafa nýtt sér hana. Saga sú frá 1892 sem Magnús greinir frá í dagbók sinni sýnir þó hversu eldfimt efni hann var með í höndunum:

11. þ.m. (okt. 1892) kvað ég ljóðabréf, 29 erindi til kunnkonu minnar Ástríðar ekkju Jónsdóttur á Innra-Hóli í Önundarfirði. Í því bréfi gat ég um veru mína í Breiðadal og veru mína á Hesti, undir höndum Jóhannesar og Jónínu; tók ég þar ómjúkt á þeim hjónum en þó að verðugleikum, og þótti sumum mikið sagt. Eptir að ég hafði hreinskrifað bréfið, sendi ég það áleið-

1 *Lbs* 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 26. júní 1893.

2 Um þetta mál allt ræðir hann í sérstöku skjali sem hann skrifaði tveimur árum eftir að atburðirnir gerðust og nefndi „Málsbót.“ *Lbs* 2235 4to – Magnús Hj. Magnússon: Gríma. Ímislegt í óbundnu máli, bls. 17–21. Mál sitt hefur Magnús á þessum orðum: „Ef svo kann að ske, að ég degi, áður en tekið verður til málsins aptur, er ég hóf mót bóndanum *Jóhannesi Kristjánssyni* og *Jónínu Sveinsdóttur* á Hesti í Önundarfirði, sumarið 1892, í Breiðdal í Önundarfirði, fyrir illa meðferð á mér stórpjádum drottins krossberara; þá ætla ég að skrifa hér nokkur orð, til stuðnings málstað mínum, sérstaklega það: að Jóhannes var búinn að lofa að borga fríviljuglega 20 kr. – tuttugu krónur – fyrir illa meðferð á mér í næstum það heila ár er ég var beinlínis undir *hans* höndum.“

3 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850–1940.“ Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon University í Pittsburgh í Bandaríkjunum, 1993, bls. 247–248.

is til Ástríðar, en það sætti þeim forlögum að illgjarn, slægvitur óþokki, Gvendur Sigurðsson í Neðrihúsum, staðfestingarbróðir minn, *stal* því áður en það komst til móttakanda og flutti vísur þess víðsvegar. Fékk ég þá hjá ýmsum ærið þunga dóma fyrir að hafa ort „slíkar skammir,“ og lagðist illt orð á. Útaf þessu fór svo, að Friðgerður og Sturla börn Jóhanns húsbónda míns, urðu svo æst gegn mér, að ekkert mátti ég skrifa – bundið mál eða óbundið – nema þau sæju það, og lásu þau allt er ég ritaði, og báru það hér og þar, því þau voru mestu kjaptalaupar, og fram úr máta ókurteis. Jeg var sárvesall og átti enga hirzlu er gagn var að, gátu þau því með hægu móti komist yfir allt er ég ritaði. Fremst af öllu vildu þau læra frumrit ljóðabréfsins til Ástríðar, hafði ég engan frið með það og varð ég að brenna meginhluta þess, eða vísunum þeim er þyngstar voru. Jeg á því ekki bréfið, en það mun vera til í heilu líki í Öndarfirði.¹

Í þessari tilvitnun birtist máttur kveðskaparins og sá kraftur sem honum gat fylgt, en jafnframt má greina þar umkomuleysi niðursetningsins sem engar hirslur á og hans persónulega líf er fótum troðið og öllum opið. Í raun er ekki hægt að tala um persónulegt líf niðursetninga; réttur þeirra var lítill sem enginn. Ekki er fráleitt að ætla að þetta takmarkaða persónulega rými hafi orðið til þess að fáar dagbækur eftir vinnuhjú hafa varðveist. Því til staðfestingar má nefna að Magnús segir frá vinnukonu einni sem ritað hafði dagbækur árum saman en eyðilagði þær eftir að prófasturinn kom til að húsvitja: „Dagbækur hafði hún ritað um 3 ár, frá 1900 til 1903. En einusinni, sem optar, kom í húsvitjun þangað sem hún þá átti heima, að Hóli á Hvylftarströnd, Janus prófastur Jónsson á Holti, komst að Dagbókunum og las í þeim, það þótti Guðrúnu minnkun og brenndi hún (höfundurinn) síðan öllum bókunum „það kenndi þar margra grasa“, kvað höfundurinn.“² Ekki er ólíklegt að húsbændum hafi mörgum verið illa við að vinnuhjú sín væru að hripa hjá sér efni úr daglega lífinu. Þeir höfðu eftir allt saman húsbóndavaldið í sínum höndum og báru ægishjálmi yfir aðra heimilismenn. Öruggt má telja að mörgum hafi ekki þótt við hæfi að hjúin skæru sig úr með því að halda dagbók sem var vissulega persónuleg athöfn. Heimilið stóð vinnuhjúum opið og persónulegt líf allra heimilismanna var fyrir hvers manns augum og því má hugsa sér að það hafi mætt andstöðu að atburðir sem gerðust á bænum væru skrásettir í dagbók einhvers sem dvaldi þar tímabundið. Með vissum hætti vann dagbókariðjan gegn anda heimilislífsins og því þurfti nokkuð hugaða einstaklinga til að stunda þessi skrif. Ef til vill skýrir þetta hvers vegna dagbækur kvenna hafa fáar varð-

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. október 1892.

2 Lbs 2225 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1907.

veist því þeirra líf var enn frekar fótum troðið en líf vinnukarlanna, eins og dæmið hér að framan sýnir.

Eftir að Magnús hafði dvalið tæpt ár í Fremri-Breiðdal komst hann loks aftur á fætur og gat ferðast milli bæja. Honum leið vel í Breiðdal og virðist dvölin þar hafa gert honum gott bæði vegna betra atlætis og einnig vegna þess að gestagangur var þar mikill og mannfagnaður góður. En loks var ákveðið að hann flyttist í fæðingarhrepp sinn til að freista þess að halda sveitarstyrknum í lágmarki. Sú breyting hafði orðið þegar þarna er komið sögu að Magnús var farinn að geta unnið léttustu verkin. Honum var því komið fyrir í heimasveit sinni á bænum Eyrardal og þar var hann frá haustdögum 1893 og fram á vordaga 1894. Þegar Magnús var fluttur að Eyrardal lá alls ekki ljóst fyrir hvar hann myndi dvelja í fæðingarhreppi sínum. Nokkrum dögum eftir komuna, eða 13. ágúst 1893, færir hann eftirfarandi í dagbókina: „Gott veður. Jeg hef nú talað dálítið við Jón, og eptir því sem ég komst næst hjá honum, mun það verða, að ég dvelji hér í Eyrardal, fyrir það fyrsta til haustsins. Hamingjan hjálpi mér! Hver getur nú ímyndað sér hvað mig tekur það sárt að verða að vera bundinn þessum ófrelshlekkjum, með öðrum orðum: að verða vera kominn svona á vald manna, en þetta skapar heilsuleysið allt, eða réttara sagt *mennirnir*, því *allt mitt* heilsuleysi stafar svo áreiðanlega af *bölvadari*, rangri, meðferð á mér í æskunni.“¹

Framtíð Magnúsar í fæðingarhreppnum var síðan ráðin í októbermánuði þetta sama ár því Jón bóndi á Eyrardal ákvað að hafa hann áfram: „Haldin hreppskilin hér í hreppi (Súðavíkurhr.). Jón ætlar að hafa mig framvegis, og þótti mér vænt um það í öðru, þó ég sé hér fjarskalega ófrjáls, og hafi *afar vandan* aðbúnað, en mat hef ég all-góðan og nægan, en það þykir mér *sárast* að Jón ætlar að hafa mig með *sömu meðgjöf* sem áður hefir verið gefið með mér í þau 2 ár sem ég hef verið á sveit, nfl. 104 krónur; eins og ég hefi unnið síðan ég kom hingað í Eyrardal; slík *rangindi* duttu mér ekki í hug.“² Magnúsi svíður sárast að vera meðhöndlaður sem þurfamaður þrátt fyrir að vera farinn að geta unnið. En við því var ekkert hægt að gera fyrir en um mitt ár 1894 þegar til tíðinda dró.

Í desembermánuði, rétt eftir hátíðarnar, kvartar Magnús hástöfum yfir aðbúnaðinum á heimilinu:

Í dag hefir mér verið óskup *illt* í höfðinu, og er reyndar einlægt *alveg* frá í því, ég hef hér svo fjarska vandan aðbúnað, og tekur þó yfir *allt*, hvernig

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. ágúst 1893.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 21. október 1893.

ég verð að vera til fótanna og verð að ganga rétt á sokkunum, og eru þeir þó orðnir gagngata, sem von er til, því þannig hefir það verið síðan ég kom hingað; hér á ofan verð ég að fara ofan í sokkalarfana, sem bleytan lekur úr, dag eptir dag, og er þó einlægt látinn vera úti, standa yfir fé, moka hús, bera hey, og ýmislegt fl.; hásinarnar á mér standa berar út úr sokkunum, og mér finnst opt og einatt, eins og mér atli að líða í brjóst.¹

Næstu daga kvartar hann mjög yfir heilsuleysi, miklum kröfum og vondum aðbúnaði. Árinu lýkur Magnús síðan með þessum orðum: „Þannig endar nú þetta ár, þrautum hlaðið á flesta vegi mér til handa, en hver veit nema guð greiði nú úr fyrir mér, áður en langt um líður, og við það hugga ég mig, að guð sleppi ekki sinni miklu föðurlegu hendi af mér, fyr en þá, að hann blessar mig. Jeg fel þér góði guð, framtíð mína!“² Á nýársdegi telur Magnús upp ýmislegt sem hann hafði skrifað á hinu liðna ári og lýkur upptalningunni á eftirfarandi hátt: „Einnig hef ég samið sögu (skáldsögu) er ég nefni *Múlafólkið*; hún er fróðleg og skemmtileg, og er með *mörgum* vís-um.“³ Á þessu tímabili greinir Magnús frá öllu merkilegu sem verður á vegi hans en nú átti fyrir honum að liggja að halda í annað bygðdalag.

Á Barðaströnd, í Reykjavík og undir Eyjafjöllum

Vorið 1894 fékk Magnús boð frá Hjalta föður sínum um að hann vildi ala önn fyrir honum um tíma. Hjalti hafði fengið vist fyrir þá báða á Brjánslæk á Barðaströnd hjá læknishjónunum Davíð Scheving Thorsteinssyni og Þór- unni Stephensen. Hjalti og móðir Magnúsar, Friðrika, höfðu skilið að skiptum þegar þarna var komið sögu. Magnús var hins vegar farinn að braggast og hafði tekið fullan þátt í störfum heimilismanna á Eyrardal frá upphafi veru sinnar þar. Faðir Magnúsar hafði í huga að koma honum und- ir læknishendur í von um að hann næði varanlegum bata. Hreppurinn styrkti þessa fyrirætlun sem í raun þýddi að ekki þurfti lengur að kosta framfærslu Magnúsar. Hjalti var ráðinn á Brjánslæk sem vinnumaður en Magnús sem matvinnungur. Gunnar M. Magnúss kemst svo að orði um þau umskipti sem í hönd fóru: „Og miðvikudaginn 4. apríl lagði hann [Magnús] alfarinn frá Eyrardal. Hann átti nú að heita frjáls maður, svo langt sem það náði, eftir þriggja ára höft sem sjúklingur, þurfamaður og sveitarómagi.“⁴

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. desember 1893.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1893.

3 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. janúar 1894.

4 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 112.

Peir feðgar ætluðu sér að fara með strandferðaskipi frá Ísafirði til Brjánslækjar og biðu eftir því í nokkra daga. Rétt áður en leggja átti af stað segir Magnús svo frá: „Í dag vildi hryllilegt slys til hjá Ellefssen á Sól-bakka: maður, sem var við höggvélina, togaðist inn í hana, svo að hakk-hnífurinn skar í sundur á honum höfuðið fyrir ofan eyrun og yfir um augun, maðurinn dó *strax*.“¹ Þessi atburður er skýrt dæmi um fólk og fréttir sem Magnús kys að gera að umtalsefni. Dagbók Magnúsar er bókstaflega sneisafull af efni af þessu lagi.

Á Brjánslæk leið honum vel þó svo að hann þyldi illa vinnuna. Það varð úr að Davíð Scheving kom honum í skósmíðanám í Reykjavík og átti hann að byrja í því í októbermánuði 1894. Magnús ferðaðist til Reykjavíkur og hóf námið en entist ekki út vikuna; þá þurfti hann að gefast upp af heilsu-farsástæðum og stóð enn á ný uppi sem veglaus maður á ókunnugum stað. Um heilsuleysi sitt hafði hann þetta að segja:

Jeg hef átt svo fjarska-bágt með að standa, þó ekki hafi verið nema litla stund. Í dag (6. okt) hef ég tekið óskup út í brjóstinu. Guð, sú alvitra vera veit ein þær þjáningar sem ég tek út. Jeg hef nú komið inn á skósmíðaverk-stofuna hjá Rafn, og sé ég að það er mjög þreytandi, og ófært fyrir þann sem er eins veikur og ég er. Guð veit hvað ég á úr að ráða með mitt fjarska-lega heilsuleysi. Það er sárgrætilegt að hafa mikla hæfileika til lífs og sálar en geta ekki neytt þeirra. Jeg vildi guði mínum algóðum himinsins konungi, þóknaðist að opna svo sinn hjálparveg mér á óvart að ég kæmist áfram, mér og öðrum til gagns og ánægju en Guði sjálfum til dýrðar.²

Magnús hafði heppnina með sér því hann fékk tækifæri til að slást í för með Þorvaldi Björnssyni á Þorvaldseyri í því augnamiði að segja börnum til á heimili hans undir Eyjafjöllum þá um veturinn. Þarna leið honum vel, kenndi og vann önnur störf sem hann réði ágætlega við. Um veturinn fékk Magnús þær fréttir að hann ætti í vændum barn með vinnukonu á Brjáns-læk. Ekki var hann fullkomlega tilbúinn til að fallast á að hann ætti barnið þó svo hann gengist við því opinberlega. Vangaveltur hans um faðernið leiddu hann meðal annars til eftirfarandi ályktunar: „Sumir gizkuðu á að faðir minn ætti það.“³ Vegna þessara fréttar tók Magnús þann kostinn að fara vestur á ný.

Á árunum 1895-1897 var Magnús á hreyfingu milli staða fyrir vestan og leitaði sér víða að vinnu, bæði við hvalveiðistöðvar, við kennslu og fleira

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 7. apríl 1894.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 6. október 1894.

3 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 11. maí 1895.

sem til féll. Í hvalveiðistöð vann hann sér inn væna upphæð árið 1895 og var síðan við kennslu á bænum Lambadal í Dýrafirði þar sem hann kenndi sex börnum. Um sumarið 1896 fór hann til Ísafjarðar og fékk Skúla Thoroddsen til að prenta ljóðabók sína sem bar nafnið *Munaðarleysinginn*. Um tíma vann hann fyrir sér hjá kaupmanni á Ísafirði en hélt síðan að hvalveiðistöðinni á Dvergasteini en stoppaði þar stutt við, aðeins nokkrar vikur. Um veturinn gerðist hann kennari Mýrahrepps og hafði aðsetur á Ingjalds-sandi. Áður en að því kom lagði hann upp í bóksöluferð með *Munaðarleysingjann* og seldi vel. Árið 1896 hóf hann að rita skáldsögu sína *Landnám úteyjanna* og hélt því áfram næstu misserin. Sú saga er merkileg lesning þar sem hún er með sjálfsævisögulegu ívafi, en nokkurs konar útópía fátæklingsins.

Tilhugalífið

Ég þekki einn mann, sem er þannig: Hann er tæpir 70 þumlungar á hæð, en heldur mjór eptir hæðinni og fremur mittismjór; skrefhár; með ávalt bak; axla-hár, hálslangur í meðallagi; höfuðlítill; munnfríður; með nef í stærra lagi og er það eins og slétt framan eða plata framan á því og dálítill liður á því miðju. Nokkuð brúna mikill, með bjartar augnabrýr, gráeygður, en augun fögur, ljúf og skær. Andlitsfarfinn optar heldur hvítleitur, en þó opt fallega litur. Svipfagur er hann, góðmannlegur og ljúfmannlegur, og elskulegur í dagfari sífellt ljúfur og blíður og kurteis; getur manna bezt ráðið við geð sitt, en er þó stundum snöggbráður en vart geta aðrir merkt það. All-mikið hneigður til kvenna er hann, en ekki kemur það mikið í ljós. Með léttustu mönnum er hann til gangs, og skjótur í öllum hreifingum en þollítill, sem stafar af heilsuleysi hans, þótt hann seiglist opt furðanlega. – Maður þessi er: Magnús Hjaltason, er ritar sig: Magnús Hj. Magnússon, síðan sumarið 1894. Í febrúarmánuði 1898.¹

Lýsing Magnúsar á sjálfum sér er áhugaverð þar sem hún endurspeglar sjálfsvitund hans. Oft er erfitt að ráða í óbeinar lýsingar Magnúsar á kjörum sínum og stöðu vegna barlómsins sem svo mjög einkennir skrif hans framan af ævinni. Af þessari lýsingu virðist þó mega ráða að Magnús hefur litið nokkuð stórt á sig. Minnimáttarkenndin hefur greinilega ekki þjakað hann sérstaklega og kemur það á óvart þar sem dagbókarskrif hans gefa slíkt ótvírætt til kynna. Hann leit sannarlega á sig sem kvennamann og má um það nefna nokkur dæmi. Eitt sinn kom hann á bæ og taldi upp heimil-

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: Aftanmál 1898.

isfólkið að vanda og gaf því einkunnir: „Þar bjuggu þá Brynjólfur og Jónína með fósturdóttur sinni Bjarnveigu Jóhannsdóttur mestu myndarstúlku, er var þá í blóma sínum fjörug og skemmtileg og gáfuð vel. Var hún fljóttekin, og hefði víst ekki staðið á jáorði hjá henni hefði ég leitað eiginorðs við hana.“¹ Eitthvað hafði Magnús þó misreiknað sig því nokkrum mánuðum síðar, þegar Bjarnveig var orðin lausakona á Ísafirði, bar fundum þeirra saman og sagði Magnús svo frá samskiptum þeirra: „Á leiðinni úteptir orti ég afmælistkvæði til Bjarnveigar Jóhannsdóttur frá Minnihlíð, átti hún afmælið þennan dag. Hún hafði verið í vinnu á Ísafirði um sumarið og þó hún fót mín og bætti; sýndi hún mér jafnan alúð, en ég skeytti henni ekki unz um síðir að ég beiddi hennar og hét hún mér þá eiginorði. Næsta dag kom ég á fund hennar, þangað er hún átti heima, í húsi Jóns Magnússonar snikkara, var þá *maður í rúminu hjá henni*, Helgi Magnússon Ísfirzkur að ætt, drykkjumaður mikill er kvongaðist henni um haustið (1896). Þar með var vingan okkar Bjarnveigar slitið, þó tregaði ég hana.“² Eftir þessa frásögn í dagbókinni birtir hann afmælistkvæðið sem hann orti til Bjarnveigar og ber það vitni um hlýjan hug til stúlkunnar.

Magnús dvaldi á Ingjaldssandi um tveggja ára skeið og hafði búsetu á bænum Brekku. Nokkru fyrr höfðu Magnús og Kristín, heimasæta á Dröngum, farið að draga sig saman. Um Kristínu þessa má meðal annars lesa í bók minni *Menntun, ást og sorg*, en samdrætti þeirra lauk með tryggðarrofi Kristínar.³ Svo skemmtilega vill til að Kristín á Dröngum átti síðar meir eftir að rifja upp kynni þeirra Magnúsar í endurminningarriti sínu.⁴ Kristín hafði þá tekið upp eftirnafnið Dahlstedt en hún stundaði um árabil veitingasölu í Danmörku og á Íslandi. Minningar Kristínar fara mjög saman við það sem fram kemur í dagbók Magnúsar en þó eru þær mun nákvæmari. Viðhorf Kristínar til sambands þeirra kemur þar skýrt fram, en lýsing hennar á Magnúsi er eitt af því sem hvað mesta athygli vekur: „Magnús var mjög ræðinn og virtist einkar laginn á að finna umræðuefni, er fólk hefði áhuga á. Um það var hann öllum öðrum mönnum ólíkur, að hann gerði sér far um að ná til allra, er viðstaddir voru, jafnt hinna yngri sem eldri, og fá alla til að taka þátt í samræðum.“⁵ Því er skemmst frá að

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 18. apríl 1896.

2 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 2. ágúst 1896.

3 Sjá sýnishorn hér á eftir úr bréfum Magnúsar til Kristínar og kafla úr endurminningum hennar um samdrátt þeirra Magnúsar.

4 Kristín Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*. Hafliði Jónsson frá Eyrum skráði (Reykjavík, 1961).

5 Kristín Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*, bls. 41.

segja að Kristín varð nánast frá fyrstu stundu ástfangin af Magnúsi. Eitt af því sem hún gerði eftir fyrstu kynni sín af honum var að hlusta eftir hvaða skoðun fólk hafði á Magnúsi því um hann var sannarlega rætt: „Skoðanir fólks voru nokkuð ólíkar um hann. Flestir töldu hann skarpgáfaðan, aðrir sögðu hann uppskafning, sem reyndi að komast undan ærlegri vinnu.“¹

Skömmu eftir fyrstu kynni náðu þau Kristín og Magnús saman á ný og sagði hún svo frá þeim fundi: „Hann var hátíðlegur í tali og þeraði mig. Viðræður okkar snérust mest um hin duldu öfl í náttúrunni, ægimátt vindanna, lífskraft sólarinnar o.s.frv. Um þessi efni hafði ég lítið hugsað áður, en aftur á móti virtist mér Magnús hafa hugsað margt. Hann talaði af brennandi áhuga og ég var góður hlustandi.“² Þessi lýsing á Magnúsi er áhugaverð og gefur góða hugmynd um hvernig hann hefur virkað á fólk; geislandi af áhuga á lífinu og tilverunni.

Löngu síðar, eða árið 1912, rifjar Magnús upp er þau hittust á ný: „Hér skal ég nú geta þess, þó það sé á eptir tímanum, að ég hitti um vorið, í Rvík, fyrrum unnustu mína Kristínu Jónsdóttur frá Dröngum í Dýrafirði. Var hún nú matselja í Reykjavík, ógipt, og átti í skuldabraski töluverðu. Farið hafði hún til Kaupmannahafnar og framast all vel, en talin var hún „laus á kostum“ og átti 1 barn er hún hafði komið á fóstur til móður sinnar, Ingibjargar Jónsdóttur á Dröngum í Dýrafirði.“³ Að því búnu kvað Magnús til Kristínar nokkrar vísur.

Eftir að Magnús flutti að Ingjaldssandi, og áður en hann hitti fyrst Kristínu á Dröngum, tók hann til sín lausakonu sem var átján árum eldri en hann og hét Ingibjörg Guðmundsdóttir. Hún hafði reynst Magnúsi vel í veikindum hans er hann dvaldi í Breiðdal og nú vildi hann launa Ingibjörgu greiðann og skjóta yfir hana skjólshúsi. Fór það á nokkurn annan veg en til var ætlast þar sem hún gerðist svo ástleitinn að til vandræða horfði og þegar við bættist afbrýðisemi hennar fór svo að Magnús varð að láta hana frá sér fara. Magnús segir frá samskiptum sínum við Ingibjörgu í dagbókinni og verður sú frásögn að teljast afar sérstök. Hún hefst 25. júlí 1897 en Magnús skýrir þar frá þegar sóknarpresturinn á Ingjaldssandi setur ofan í við hann vegna orðróms um samdrátt þeirra Ingibjargar:

Gott veður. Fór ég til Sæbólskirkju. Presturinn, sr. Þórður Ólafsson á Gerðhömrum talaði við mig einslega, áminningarorð til mín: Kvaðst hafa heyrt að ég sængaði saman við Ingibjörgu er hjá mér var. Kvað hann það geta

1 Kristín Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*, bls. 42.

2 Kristín Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*, bls. 43.

3 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 24. nóvember 1912.

„rýrt álit“ mitt þar sem ég hlyti „göfugan lofstýr hjá öllum“ og væri „auk þess barnakennari,“ og sagðist „af hreinni elsku“ til mín biðja mig að gjöra það ekki framvegis. Það var að vísu satt að ég hafði um hálfsmánaðartíma sængað saman við Ingibjörgu, frá því við fluttum úr hærri bænum á Brekku niður í neðri bæinn, þangað til ég fór ferðina að Mýrum 16. mánaðarins. Jeg varðist þó svo lengi að sofa hjá Ingibjörgu sem ég gat.

Ingibjörg vann að útiverkum hjá Rakel á Brekku um vorið og svaf þá í hærri bænum. En er ég kom heim á helgum svaf ég í rúmi Ingibjargar, en hún þá í öðru rúmi. Er mér minnstætt hvernig hún lét þá að vilja komast í rúm til mín. Var það eitt sinn að hún klagði mig í áheyrn alls heimilisfólksins á Brekku og kvað mig vera „líðilegan“ að vilja ekki lofa sér að sofa hjá mér og njóta blíðu minnar, sem væri sitt „mesta yndi.“ Var mér órótt innanbrjóst er í. var að tala þetta, mænandi upp á mig við rekkjustokkinn er ég var að afklæða mig. Hryllti mig ærið við að sofa hjá Ingibjörgu, sökum hennar voðalegu veiki, slagaveikinnar. Auk þess var hún ófríð ákaflega, andfúl og leiðinleg, og var það merkilegt, að mér fannst hún aldrei leiðinlegri en þegar hún hló. Í stað þess að aðrir *menn* verða þá engilfagrir ásýndum, sýnist mér Ingibjörg verða *ajćfullega* ljót.

Mikla sálarþraut og bölvun getur ástarfrekja og girnd eins kvennmanns gert að verkum. Seinni hluta þessa dags (25. júlí) bjó ég rúm handa mér, vildi ég framvegis njóta ánægju þeirrar, að sofa einn.¹

Nokkru fyrr, eða 8. júlí, hafði Magnús gert grein fyrir í hverju þessi hryllilega veiki Ingibjargar fólst: „Um kvöldið eptir að við kómum heim, varð Ingibjörg eyðilögð af slagaveiki, sinni gömlu hryllilegu veiki.“² Hér er átt við flogaveiki og svo virðist sem Ingibjörg hafi verið gjörn á að fá heiftarleg köst.³

Það merkilega í þessu öllu var að Magnús vissi vel um innræti og hug Ingibjargar til sín áður en hún kom til hans, vegna þess að hann greinir frá því í dagbók sinni árið 1893 þegar hann er í Breiðdal að Ingibjörg sé reglulegur gestur á heimilinu. Það var þó ekki fyrr en 28. júlí sama ár að fram kemur að ekki er allt með felldu: „Kom Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Breiðdal neðri. Jeg er fyllilega kominn að raun um það að Ingibjörg þessi er búin að fá mikla ást á mér, og þykir mér það leiðinlegt þar sem hún

1 *Lbs* 2217 – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. júlí 1897. Þess má geta að ég tek þessa tilvitnun upp í bók minni *Menntun, ást og sorg* og þá sem dæmi um hvernig þjóðfélagið gerði tilraun til að hafa hemil á kynhegðun fólks. Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 249-250.

2 *Lbs* 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 8. júlí 1897.

3 Sjá hér á eftir bréf sem Magnús skrifaði hreppsnefnd heimasveitar Ingibjargar, eða Guðmundi hrepstjóra Eiríkssyni.

(Ingibj.) er eins frekleg í svoleiðis sökum eins og hún nær og hefir fengið orð fyrir að vera.¹ Það skemmtilega við þessa málsgrein er að ofan í hana hefur verið krotað eða rétt eins og bleki hafi verið hellt yfir blaðsíðuna. Engu er líkara en að síðar hafi verið gerð tilraun til að þurrka blekið upp og fyrir bragðið er hægt að lesa textann. Þegar dagbókin fyrir árið 1897-1898 er lesin kemur margt fróðlegt í ljós í sambandi við samskipti þeirra Ingibjargar, en það var árið sem Magnús tók hana til vistar. Í dagbók sinni frá þeim tíma segir Magnús meðal annars á einum stað: „Spillti nú enginn fyrir mér hvað sem ég ritaði svo sem Ingibjörg er hjá mér var gerði þrálega er ég hafði skráð eitthvað er var í móti hennar vilja, t.d. dreifði hún bleki yfir 100. blaðsíðuna í Dagbók minni fyrir árið 1893, þar sem ég vék að því að hún væri „búin að fá mikla ást á mér.“ Vegna Ingibjargar varð ég sumarið 1897 að brenna hátt á annað hundrað af sendibréfum frá ýmsum vinum mínum og kunningjum; því þegar hún komst að þeim, las hún þau og flutti efni þeirra víðsvegar.“² Hér er því komin skýringin á blettinum sem er í dagbókinni.

Magnús lauk færslunni frá 28. júlí 1893 með eftirfarandi orðum: „Ingibjörg hefir verið mér ágætlega góð síðan ég kynntist henni hér í Breiðadal, og virði ég hana mikið fyrir það, og vildi feginn geta rétt henni hjálparhönd ef hún þyrfti þess með, og finndi mig, meira að segja, skyldugan til þess, það er að mínu áliti fögur dyggð, að vera þeim góður sem eiga sannarlega bágð, og hefir Ingibj. stundað vel þá dyggð, hvað mig áhrærir.“³ Eins og fram kom hér að ofan þá efndi Magnús þetta heit sitt og með þeim afleiðingum sem segir í dagbók hans.

Spyrja má hvort Magnús hafi ef til vill verið að nýta sér ást þessarar umkomulausu konu sem átti fáa kosti í lífinu? Heldur er það hæpið, en þó er Magnús grunsamlega samkvæmur sjálfum sér í dagbókarfærslunum frá árunum 1893 og 1898 um málefni Ingibjargar, sem leiðir hugann að þeim möguleika að dagbókin hafi stjórnað lífi hans í meira mæli en fræðimenn hafa álitid mögulegt til þessa. Hér er átt við að dagbókin hafi verið í hlutverki hans djúpu meðvitundar um lífið og tilveruna og þannig ráðið hvernig hann sá fyrir sér sitt eigið líf; að Magnús hafi mótað sinn eigin persónuleika á síðum dagbókanna. Og meira en það, hún hafi stjórnað daglegri framgöngu hans, hvernig hann réði ráðum sínum; gefið honum ástæður að stíga þau skref sem hann steig. Síðar í þessum inngangskafli verður leitast við að ræða skyld álitamál í sambandi við eðli dagbókar Magnúsar, því allt

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. júlí 1893.

2 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. september 1898.

3 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. júlí 1893.

er þetta þýðingarmikið til umhugsunar fyrir sýn okkar á heimildina, manninn sem hélt dagbókina og samfélagið allt; mikilvægt í samhengi atburða og lífs Magnúsar sjálfs.

Magnús vann við ýmis störf á árunum 1895-1900 fyrir vestan, þar á meðal kennslu og sjóróðra, og naut þess að vera með þekktari alþýðuskáldum þar um slóðir og ferðaðist víða af þeim sökum. Gunnar M. Magnúss telur að hann hafi ort um 600 kvæði á þessum árum, „[...] og voru sumt alllangir bragir.“¹ Á vissan hátt má segja að Magnúsi hafi liðið vel á þessu tímabili. Hann var að vísu ekki eignamaður og átti oft erfitt með að afla sér framfærslu en þó er engu líkara en hann hafi notið fjálsræðisins sem meðal annars gerði honum kleift að yrkja óhindrað. Undir lok aldamótanna hófst annað örlagatímabil í lífi hans sem stóð nær sleitulaust yfir þau sextán ár sem hann átti eftir ólífuð á tuttugustu öldinni.

Síðla árs 1898 bað hann Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur heimasættunna á Langhóli og trúlofuðust þau nokkru eftir áramótin. Þess má geta að þau Guðrún Anna voru systkinabörn þar sem Vigdís móðir Guðrúnar og Friðrika móðir Magnúsar voru systur. Í fyrsta skiptið sem Magnús getur þessarar frænku sinnar og síðar unnustu var það með þessum orðum árið 1896: „Síðan kom ég að Langhól á fund frændfólks míns, hjónanna Magnúsar Jónssonar og Vigdísar Kristjánsdóttur móðursystur minnar, og barna þeirra: Guðrúnar Önnu, Jóns Guðmundar og Guðbjargar Lovísu. Eru systkinin talin hér eptir aldri. Guðrún var gullfögur sýnum en heimsk, hin voru ekki eins fríð og hyggjari.“² Magnús virðist hafa skipt um skoðun eða fegurðin hefur orðið yfirsterkari þar sem þau ákváðu að rugla saman reytnum sínum og setjast að á Súgandafirði og flutti Magnús því frá Ingjaldssandi.

Hér urðu tímamót í lífi Magnúsar og á árunum 1899-1900 urðu hann og unnusta hans fyrir ýmsum skakkaföllum. Guðrún fór í vist til hreppstjórans í Súgandafirði og sjálfur ætlaði Magnús að róa frá Suðureyri og vera vinnumaður á sama bæ og Guðrún, á bænum Botni.

Um sumarið var farið að sjá nokkuð á Guðrúnu og vildu húsbændurnir losa sig við hana. Magnús hafði augastað á jarðnæði í sveitinni en fékk ekki leyfi til að setjast þar að nema hann gifti sig. Þau gátu þó ekki gift sig nema Magnús greiddi upp sveitarskuld sína sem hljóðaði upp á 347 kr., eftir því sem Gunnar M. Magnúss heldur fram í bók sinni.³ Þessi skuld gerði það að verkum að honum voru allar bjargar bannaðar. Sjálfur kemst Magnús svo að orði árið 1904 í dagbókinni þegar hann rifjar upp þessar

1 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 190.

2 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 15. apríl 1896.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 211.

raunir sínar: „En ekki þorði hann að leigja mér að sinni nema um mánaðar-tíma, af því ég hafði ekki bæjarleyfi. Lýsi ég ekki fyrir neinum hverra leið-inda það olli mér hið mikla ófrelsi er á mér lá, þar sem ég fékk hvergi sveitarleyfi af því ég var ógiptur, og sögðu lögin að ég mætti *ekki giptast* af því ég ætti óendurgoldinn sveitarstyrk er ég hafði orðið að þiggja *sökum heilsuleysis*. En það réttlæti. Það var eins og ég væri stórglæpamaður sem hvergi mætti hafa friðland.“¹ Þessi ákvörðun hreppsnefndar átti eftir að elta hann alla ævi á einn eða annan hátt og bitna á möguleikum hans til að afla fjölskyldu sinni framfærslu enda létust mörg barna hans af hreinni vosbúð á fyrstu árum tuttugustu aldar. Guðrún og Magnús gengu aldrei í hjónaband af þessum sökum og nefndi Magnús hana fyrst í stað „unnustu“ sína en síð-ar þegar líða tók á samband þeirra kallaði hann hana ávallt „fylgikonu“ sína.

Alvara lífsins

Hinn 5. janúar 1900 fæddist stúlka sem var frumburður þeirra Magnúsar og Guðrúnar Önnu. Magnús reyndi að koma þeim fyrir á Ísafirði en fékk ekki húsnæði fyrst í stað. Loks tókst honum það en var um seintan þar sem dótt-ir þeirra lést skömmu síðar nokkurra vikna gömul. Þessir útmánuðir virðast hafa reynt mjög á þrek hans og kjark. Á tíma lá við að hann missti algjör-lega trúna á lífið. Í dagbókinni 29. mars 1900 segir hann frá sálarástandi sínu á all dramatískan hátt:

Heiðbjart og stillt veður, mikið frost. Var ég að reyna til á Ísaf. að fá lánað- ar áðurnefndar 13. kr., beiddi ég alla sem ég vissi að höfðu einhver peninga- ráð, kaupmenn, handverksmenn og ýmsa fleiri, en alstaðar var „Prándur í götu“, svo ekki gat það gengið. Féll mér þetta svo þungt að ég örvinglaðist, því krónur þessar ætlaði ég að brúka upp í fyrirfram – húsaleiguna til P. M. Bjarnasonar; en sá nú engin ráð til að enda þau orð mín. Datt mér þá í hug að fyrirfara sjálfum mér, og í því skyni fór ég til *Þorvaldar læknis*, og pant- aði hjá honum *svefnmeðöl*, fór síðan með fyrirskriptin (resept) í Lyfjabúðina og keypti þar svefnmeðöl fyrir 2 kr. *sem ég átti til í eigu minni*. Gekk síðan skyndilega til Benónýs skósmíðs, tók af mér tösku mína ásamt vasaklukku, sem ég var búinn að láta gera við fyrir Kr. Albertsson á Suðureyri, því sýnt var mér um að hver fengi sem hann hjá mér átti. Hélt svo rակleitt niður fyr- ir „Dokkuna“ lagðist niður í flæðamálið því aðfall var, og ætlaði að láta flæða yfir mig en taka jafnframt inn svefnmeðölin; saup nú á flöskunni sem sterkara var í og sveif mér þá mjög. Jeg mun hafa legið um 2 kl. stundir í fjörunni, en þegar tók að renna undir fætur mér var mér farið að kólna, og

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: september 1904.

kominn í mig skjálfti, var ég þó vel búinn að klæðum, vonaðist þó eptir að verða liðið lík um næsta sólarlag. En þá datt mér í hug, að reyna á ný að biðja B. skósmið um peningalán og stóð því upp og gekk þangað, atvikaðist síðan svo að ég hætti við hið voðalega áform mitt, fór ég þá inn að Hafrafelli og beiddi Guðmund bónda Oddsson sem var efnamaður, að láta mig fá 13 kr. í innskrift til P., þegar hann vissi hver maðurinn var, vildi hann ekki gjöra það, sagði að hann (Pjetur) mundi heimta út peninga, sem kaupmenn væru ófúsir að láta. Jeg gisti á Hafrafell um nóttina við beina ágætan.¹

Magnús og Guðrún fluttu loks til Ísafjarðar og framan af gekk þolanlega að sjá fjölskyldunni farborða. Þar kom þó að Magnús og Guðrún hrökkluðust úr bænum vegna þess að þau bjuggu í óvígðri sambúð. Þetta gerist á árunum 1900-1901 en þá fengu þau kot til ábúðar við Skutulsfjörð. Þar dvöldu þau stuttan tíma. Sagan endurtók sig; þau voru hrakin á brott af yfirvöldum hreppsins. Á þessu tímabili áttu þau mjög erfitt uppdráttar og töluverðs vonleysis gætir í frásögnum Magnúsar af högum þeirra beggja. Allt virtist ganga í mót þeim, þessu unga pari sem var að reyna að feta sig á hálli braut lífsins, braut sem samkvæmt hefðinni margt alþýðufólk átti erfitt með að fylgja. Þó hljóp heldur betur á snærið hjá þeim hjónum þegar þau náðu að kaupa kotið Grænagarði rétt fyrir utan Ísafjörð, fyrir verð sem þau réðu við. Sá böggull fylgdi skammrifi að íbúðarhúsið gat vart talist mannabústaður, svo hrörlegt var það og slitið. Magnús gerði tilraunir til að lagfæra þak og vegg en peningaleysið háði honum sem fyrr. Í Grænagarði eignuðust þau sitt annað barn en það dó nokkurra daga gamalt, og það var ekki það síðasta sem dó á fyrsta aldursári. En lífið hélt áfram og Magnús sótti vinnu inn á Ísafjörð og tókst að ala önn fyrir fjölskyldunni á þann hátt. Það sem meira var, hann orti þarna af meiri móð en nokkru sinni fyrr.

Dauði Matthildar í skuggsjá tveggja skálda

Í októbermánuði 1902 fæddist hjónunum í Grænagarði dóttir og var hún skírð Matthildur. Barnið lifði fram á jóladag og Magnús segir á dramatískan hátt frá síðustu stundunum í lífi þess:

24. des. 1902: Sami bylurinn unz um kvöldið að heldur linaði. Dóttir mín þjáðist ákaflega en hljóðaði minna. Eptir að Guðni, Helga og Magnína fóru að sofa, vakti Guðrún unnusta mín og ég yfir okkar elskaða, sárþjáða barni.

25. des. 1902: Jóladagur. Stíllt veður heiðríkt, allhart frost. Um nóttina kl.

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 29. mars 1900.

4 andaðist hjartkæra dóttir mín og unnustu minnar. Var það nokkuð þungt. Á Jóladagskvöldið fór ég út á Ísafjörð og útvegaði líkkistustokk um dóttur mína.¹

Dagarnir sem í hönd fóru voru vægast sagt ömurlegir. Á síðasta degi ársins farast Magnúsi svo orð: „Fór ég út á Ísafjörð. Var bágð að fá nokkuð til að lifa á. Svo endaði þetta ár, hlaðið leiðindum, armæðu, þrautum og neyð mér til handa.“²

Um þessa sömu atburðarás fjallar Halldór Kiljan Laxness, og má með sanni segja að það sé einn eftirminnilegasti kaflinn í *Heimsíjosi*. Lýsingin fléttast saman við samblástur íbúa Sviðinsvíkur gegn auðvaldinu og endurreisn staðarins:

En yfir sjúkrabeði barnsins situr Ólafur Kárason Ljósvíkingur og tíðindin um hina ytri atburði líða um eyru hans einsog fjarlægur þytur. Það sem einkum snerti hann voru þjáníngar hennar, síðustu dægrin höfðu þær ágerst, það þyrmdi í boðaföllum yfir þennan litla líkama, en dúraði á milli, og hann sat yfir henni fötur og vansvefta og beið hverrar nýrrar öldu í innilegri bæn til höfundar þjánínganna að þetta brim mætti brotna á sér í stað þessa barns. Alt sem stóð í mannlegu valdi hafði verið reynt, meira að segja að sækja lækinn.

Telpan hafði átt ákaflega erfiða nótt á undan afturkomu Péturs Pálssonar til eignarinnar, og foreldrar hennar höfðu bæði vakað frammúr án þess að fara af fötum, en daginn eftir þegar á leið féll á hana mók, andardráttur hennar, sem verið hafði altöf tíður, varð nú aðeins með naumindum formerktur, og stöku sinnum fóru um líkamann veikar krampateygjur. Heitkona skáldsins sofnaði snemma um kvöldið djúpum svefni, en Ólafur Kárason vakti enn við rúmið drúpana höfði, haldinn þeirri þreytu sem liggur í kroppnum einsog ljúfsár eiturblandinn seyðingur og flytur hug og skynjun burt í hinn drukna heim tákna og óra.³

Ólafur hrekkur síðar upp af hugrenningum sínum og inn gengur skáldið Örn Úlfar. Í hönd fara samræður þeirra fram undir morgun því „ef þú vakir vaki ég líka, sagði Örn Úlfar.“ Örn Úlfar finnur sér sæti og þeir búa sig undir nóttina: „Mikið var ég feginn að þú skyldir rekast hingað, sagði skáldið. Ég er búinn að sitja hér leingi og sjá ofsjónir. Nú skal ég hita okkur kaffisopa. Og þú segir tíðindi. Fyrst kom dálítill ósreykur frá olúvélinni, síðan hvinur af vatni í suðu, loks ilmur af kaffi. Vinirnir tveir settust sinn hvorumegin við rúm barnsins og drukku kaffi með laungum hvíldum, og

1 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar árið 1902.

2 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1902.

3 Halldór Laxness, *Heimsíjós* II, bls. 104.

gesturinn sagði alt af létta um það sem var að gerast á eigninni.¹ Í kjölfarið fara fram rökræður um efni eins og auðvald og svik, kærleikann, réttlætið og dauðann. Um síðast talda efnið spruttu eftirfarandi umræður:

Ekki getur því neitað því Örn, að manneskjan er í eðli sínu fátæk, sagði skáldið.

Manneskjan er í eðli sínu rík, sagði gestur hans.

Lítu á þetta litla barn sem liggur hér á milli okkar –

Örn Úlfar leit ekki á barnið, en svaraði strax:

Það er ekkert eins sjálfsagt og náttúrlegt og að deya. Dauðinn á að vera manningum jafn kærkominn og hver sá hlutur annar sem kemur á réttum tíma. Normall maður óttast ekki heldur dauðann. Kristnir hundíngjar sem halda því fram að manneskjan sé syndug nota dauðann til að hræða hana með helvíti; það er áróður mannhatursins. Þú sagðir áðan að manneskjan væri moldarvera, en það er einnig kristileg smekkleysa, kristileg bábilja, spiltur öfughneigður hugsunarháttur. Manneskjan er í fyrsta lagi sú vera sem hefur hafið sig yfir moldina. Að jarða fólk í mold helgast ekki af því að neinum hafi fundist maðurinn skyldur moldinni, heldur af því að þeir sem jarða fyrir líta manninn og jafna honum við það lægsta sem þeir þekkjá.²

Þessi umræða í *Heimsíjósí* um trúna og dauðann er sérlega áhugaverð í ljósi atburða sem áttu sér stað í lífi Magnúsar og Guðrúnar á fyrstu dögum janúarmánaðar árið 1903 þegar jarðsetja átti barnið. Magnús segir svo frá í dagbók sinni:

4. jan. 1903: Allgott veður. Grillti norður í Bjarnanúp. Fór ég og unnusta mín út á Ísafjörð og fengum þar lánuð föt til að vera í við jarðarför dóttur okkar. Ötluðum við að leggja hana í gróf með tvíburum úr Arnardal er fæddust um haustið og dóu fyrir Jólin og óskýrð; veiktust þau börnin skjótlega og var ekki hægt að ná til prests, að því er sagt var. Tvíburana áttu Guðmundur Gestsson smiður í Arnardal og unnusta hans Jóna Benediktsdóttir af Ísafirði væn kona og drenglynd en unnusti hennar var óreiðumaður og ölkær ákaflega. Sem grafarmann fékk ég hinn valinkunna líkmann Magnús Gíslason í Krók á Ísafirði.

5. jan. 1903: Gjóstur á norðan heiðríki og afarkalt. Um morguninn kómu Arndælingar og með líkin tvíburanna, inn á Ísafjörð og tóku þeir gröfina og Magnús í Krók, en hann (M.) sendi Benóný son sinn inn að Grænagarði til að láta mig og unnustu mína vita. Fórum við þá úteptir og með lík dóttur okkar, var þá gröfin búin. Aðstandendur hinna dánú vildum að jarðsungið yrði um hádegðið, en prófasturinn Þorvaldur Jónsson á Ísafirði, þóttist verða að vera á bæjarstjórnarfundum (kjörf.) og jarðsetti ekki þótt búið væri að taka

1 Halldór Laxness, *Heimsíjósí* II, bls. 106.

2 Halldór Laxness, *Heimsíjósí* II, bls. 109.

gröfina og aðvara hann *áður* en hann fór á fundinn. Mátti það einsdæmi kalla að prófastur vanrækti svo embætti sitt. Vóru ýmsir dómar. Gizkuðu sumir á að prófastur gengi svo á svig við lögin af því aðstandendur hinna dáu sem grafa átti, vóru fátækir, aðrir gizkuðu á að prófastur gerði það í hefndarskyni við Guðm. smíð Gestsson, fyrir það að ekki hefði hann verið sóttur til að skýra börn hans, og kölluðu sumir það fara að líkindum, og sitt sagði hver.

Að loknum fundi, en þó áður en bæjarnefndarmenn og oddviti þeirra Hannes sýslumaður Hafstein vóru út farnir, fór ég inn í þinghúsið og Guðm. Gestsson. Spurði ég prófast að fyrir hverja sök hann ekki hefði viljað jarðsetja barn mitt, en hann kvaðst ekki hafa mátt fara því hann hefði verið ritari á fundinum. Jeg svaraði: Þér hafið nú illa brennimerkt yður, séra Þorvaldur, með því að vilja ekki jarðsyngja börnin og get ég fullvissað yður um að það verður yður til ósæmdar lengur en í dag. Þá reiddist sýslumaður H. Hafstein og grenjaði svo söng í húsinu: „Hvað segir maðurinn?“ Jeg svaraði: Jeg segi sama og ég hefi sagt, að það verður ósæmd Þorvaldar lengur en í dag að hann ekki vildi jarðsetja börnin; þagnaði ég svo og fór út.

Guðm. Gestsson ætlaði eitthvað að tala meðan við vorum báðir inni, en prófastur bríxlaði honum um að hann hefði látið börn sín deyja óskýrð og hefði hann ekkert að segja.

Allir sem á þetta minntust og sanngirni unna, lögðu prófasti það út til hinnar mestu vanvirðu.¹

Halldór Kiljan Laxness lætur skáldið segja „þeir sem jarða fyrir líta manninn“, og það er ekki laust við að sú setning öðlist nýja merkingu í ljósi þessarar frásagnar Magnúsar.

Rökræða þeirra félaga Ólafs Kárasonar Ljósvíkings og Arnar Úlfars deyr út í morgunsárið og napur raunveruleiki baðstofunnar blasir við þeim sem hana gista. Ólafur lætur hugann reika:

Úti hvíslar næturvindurinn við ufsir og gáttir, hrotukendur andardráttur heitkonunnar er rödd af öðru sviði, barnið heldur áfram að móka í djúpu ómegni sínu og skáldið hallar sér ífram yfir beð þess, hið mikla rauðgullna hár hans flóir um enni og vanga. Og þegar hann horfir þreyttum augum sínum á vininn sem situr hinumegin við sjúkrabeðinn, þá finst honum eins- og persóna hans tali til sín úr órafjarlægð, bilið milli þeirra dulrænt og ótrúlegt, hafið yfir mælanleik, óháð hinum ytri hlutföllum, og þó eru þeir tveir óhjákvæmilegt skilyrði hvor annars, tvö skaut. Skáldið sagði:

Í nótt þegar ég hlusta á raddir okkar í þessari annarlegu kyrð, sem er

1 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

blandin návist dauðans þó golan rjáli svona sakleysislega við dyr og þekju, þá er einsog mér finnist við vera tveir guðir á skýum himins, með deyandi mannkynið milli sín.

Þá tók skáldið altíeinu eftir því að litla telpan hafði opnað augun og leit á hann. Hún var vöknuð. Það var líf og heilsa í andliti hennar á ný, varir hennar bærðust, hann fann að hún ætlaði að segja eitthvað við hann. Hann laut alveg að henni og kysti hana enn einusinni á ennið.¹

Nokkrum andartökum síðar dó stúlkan og skáldin skildu og héldu hvort sína leið. Frásögn Halldórs er rafmögnuð og undirbýr glímu Ólafs við raunveruleikann sem fylgdi í kjölfar dauða stúlkunnar og viðbragða kirkjulega valdsins. Allt ber hér að sama brunni hjá Ólafi og fyrirmynd hans: fátækt, eynd og volæði blasir hvarvetna við, en andinn er óbugaður þrátt fyrir allt.

Hinn 6. janúar 1903 var dóttir Magnúsar jörðuð ásamt tvíburunum sem fyrr var getið. Þessi saga er á margan hátt merkileg og lýsandi fyrir viðhorf samfélagsins til manna á borð við Magnús og fjölskyldu hans. Af þessum málum segir fátt frekar nema að fram kemur að Magnús átti erfitt uppdráttar í Grænagarði þar sem hann syrgði dóttur sína mjög. Minningarnar blöstu við honum í hverju fót máli. Samskipti Magnúsar og prófastsins urðu engin fyrr en í júlímánuði 1904:

Pann 14. fann Þorvaldur prófastur Jónsson mig út á götu, tjáði hann mér að ég skuldaði sér „rúma krónu“ frá því að hann jarðsöng Matthildi sálugu dóttur mína. En ég kvað hann hafa komið þar ólöglega fram gagnvart mér og mundi ég ekki borga honum meira en ég væri búinn, fyr en þá að ég væri búinn að spyrjast fyrir hvort mér bæri það. Kvaðst prófastur ætla að hafa „það öðruvísi“, en ég kvaðst þá líka ætla að hafa það öðruvísi og skyldum við sjá hver hefði það. Hann kvaðst og ekki hafa verið skyldugur að jarðsyngja barnið fyrir mig nema ég borgaði líksöngseyrinn fyrirfram, og kvað þá vera skitnasta sem aumastir væru. Jeg svaraði: Já, til dæmis prófastarnir. Gekk þá prófasturinn þegjandi á burt og höfum við ekki talast við síðan, en nú er 20. september er ég skrifa þetta.²

Ekki er að sjá í dagbókum Magnúsar að komið hafi til frekari orðaskipta milli þeirra tveggja og ekki hefur prófasturinn sótt hann til saka fyrir þessar krónur. Eftirköstin urðu því ekki önnur en þau að Magnús undi svo illa hag sínum í þessu umhverfi að hann átti meðal annars erfitt með að yrkja. Í febrúarmánuði árið 1906 náði hann loks að koma fyrir sig orði: „Kvað ég

1 Halldór Laxness, *Heimsíjós* II, bls. 110.

2 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 10. júlí 1904.

eptirmæli eptir Matthildi sálugu dóttur mína er andaðist á jólanóttina 1902 (á Grænagarði). Svo gekk mér raun sú nærri, að missa hana með þeim kvölum er hún tók út, að aldrei treysti ég mér til að kveða eptir hana. Hafði ég ýmsa beðið að gjöra það, en enginn vildi gjöra það.“¹ Greinilegt er að þessir atburðir höfðu djúpstæð áhrif á Magnús því hann segir frá því árið 1906 að húsbruni hafi átt sér stað á Ísafirði, en húseigandanum hafi hann kynnst nokkrum árum fyrr: „Jóh. Péturssyni hefir að líkindum þótt sárt að húsið hans brann, en eigi hygg ég að mér hafi verið ósárara innanbrjósts er Matthildur dóttir mín hafði andast með kvölum á jólanóttina 1902, og ég hafði engin ráð að fá hana jarðsetta fyrir peningaleysi. Fór ég þá í blindbyl til Jóhannesar Péturssonar og beiddi hann að lána mér nokkrar krónur, en hann þóttist ekki geta það. Ekki skeður allt á einum degi. Svona hafa forlögin það, eða sá er þeim ræður og er bezt hóflega að láta.“²

Pau Magnús og Guðrún höfðu eignast þrjú börn þegar þarna var komið sögu, um áramótin 1902-1903, og horft á eftir þeim öllum í dauðann. Stuttu síðar, eða í aprílmánuði 1903, flytja þau frá Grænagarði og inn á Ísafjörð, en í Grænagarði höfðu þau þá búið í 2 ár.

Úr hrakhólum í Herinn

Sumarið 1903 fluttu þau Magnús og Guðrún Anna að Kolbeinslæk við Súðavík en þar var þá húsfreyja Vilhelmína María systir Magnúsar. Þar átti hann að róa með bónda Vilhelmínu sem var stórlýndur maður og erfiður í skapi. Gekk það í nokkra mánuði uns slitnaði upp úr sambandi þeirra og hafði Magnús þetta að segja um þann atburð:

Í þ.m. komst ég að svo miklu ódrenglyndi Björns Helga tengdabróður míns, að ég varð cyðilagður af að sjá og heyra slíkt, og lá ég rúmfastur nokkra daga en þó ég væri á fótum, var ég þó sárveikur. Jeg var ekki langan tíma búinn að vera saman við tengdabróður minn þegar ég sá að hann var maður frámunalega heimskur, þrákelknislega kaldur og illartarlegur, svo ekki einusinni barnsleg blíða gat sigrað fárskap hans; en að hann væri slíkt ómenntu sem ég nú komst að, hafði mér aldrei til hugar komið. Tók ég nú líka fyrir að fara ekki lengur með honum á sjó; að svo skrífandi jarðmaðki gat ég ekki gert mig.³

Enn á ný tók bjargarleysið við. Í örvæntingu sinni ákváðu Magnús og Guðrún að ganga trúnni á hönd og hinn 29. nóvember gerðust þau fullgildir

1 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 8. febrúar 1906.

2 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 26. febrúar 1906.

3 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 30. október 1903.

meðlimir í Hjálpræðishernum. Vinur Magnúsar sem hann hafði kynnst í Reykjavík, Sigurbjörn Sveinsson, var orðinn lautenant í Sáluhjálparhernum, eins og Magnús nefnir hann í dagbók sinni, en miklir kærleikar voru með þeim félögum og víst má telja að sannfæring Sigurbjarnar hafi haft hvetjandi áhrif á Magnús til að stíga skrefið.¹ Magnús þráði öryggið sem Hjálpræðisherinn gat veitt og tók strax til starfa af fullum krafti haustið 1903.

Í allri fátæktinni í lok árs 1903 „kenndi unnusta mín jóðsóttar“, eins og Magnús kemst að orði í dagbók sinni, og fæddi son þeirra og varð hann fyrsta barnið sem komst til fullorðinsára. Barnið veiktist í upphafi árs 1904 og í febrúarmánuði lét Magnús þessi orð falla: „Eptir að ég hafði kveðið vísu þessa batnaði syni mínum óðum, og var hann hið fyrsta barn mitt er batnaði eptir að hafa veikt.“²

Fátækt þeirra og umkomuleysi var algjört um þessar mundir og enn á ný synjaði hreppsnefndin Magnúsi um þá bón að fella niður sveitarstýrkinn svo þau mættu giftast. Ekki er ósennilegt að Magnús hafi gengið í Hjálpræðisherinn í þeirri von að fá frekar fellda niður skuld sína við hreppinn, en honum varð ekki að ósk sinni. Í árslok 1903 kemst Magnús svo að orði um kjör sín og stöðu í samfélaginu: „Bágjindi mín í þ.m., voru ekkert lítil. Var ég í stökum vandræðum sökum bjargarskorts. Yfir 30 manns karlar og konur, var ég í Álptafirði búinn að kvelja mig til að biðja um lán, þó ekki væru nema 2ja króna virði í mat, *en fékk alstaðar nei!* Var engu líkara en menn hefðu gengið í bandalög með að sýna mér miskunnarleysi sitt á hæsta stigi. Meiri guðniðinga hafði ég aldrei fundið. Þjáningar mínar voru óútsegjanlegar, og fannst mér ég ekki geta ort, og var þá öll ánægja mín úti.“³ Dagbók sína endar hann á þyngri nótum en vani hans var. Oftast þakkaði hann hið liðna ár með auðmýkt, en í þetta skiptið var því ekki að heilsa: „Svo er þetta ár, 1903, á enda. Harm, bölvun og vandræði hefir það flutt mér til handa og hefi ég því enga ástæðu til að þakka gjafara þess fyrir það.“⁴

Um mitt ár 1904 fluttu þau sig um set til Skutulsfjarðar og bjuggu þar í mikilli eynd næsta árið. Hungurvofan var aldrei langt undan. Erfiðleikarnir settu mark sitt á sambandið: „Nú er Guðrún unnusta mín orðin svo hrædd um mig fyrir Elínu dóttur Halldóru ekkjunnar sem við bjuggum hjá, að mér

1 Þetta kemur greinilega fram í viðtali við Guðrúnu Önnu sem Guðgeir Magnússon tók og birtist í *Birtingi*. Sjá Guðgeir Magnússon, „...Það er margt í bókunum ...“ Viðtal við ekkju alþýðuskálds.“ *Birtingur* 2 (1956), bls. 1-9.

2 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: febrúar 1904.

3 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: desember 1903.

4 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: desember 1903.

var ekki vært, hvorki nætur né daga, að vera lengur á heimilinu og hafði ég nú fyllilega í hug að skilja við hana (unnustu mína) fyrir rangan áburð og svívirðilegar getsakir er hún gerði mér. Unnusta mín skammaði og Elínu sem hund og ekki hana eina heldur *allar stúlkur er á heimilið kómu*. Halldóra húsmóðirin var orðlaus orðin yfir ódæði unnustu minnar, og áleit sem ýmsir fleiri, að hún væri stórveik á geðsmunum. Horfur mínar voru því allt annað en glæsilegar.¹ Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika náðu þau að þrúka en Guðrún Anna átti greinilega við andleg veikindi að stríða ef marka má dagbækur Magnúsar. Í maímánuði sama ár segir Magnús svo frá: „Guðrún unnusta mín var nú orðin sem vitlaus af hræðslu um mig; svívirtí hún Halldóru húsmóður okkar á versta máta og svo Elínu dóttir hennar, og skipaði nú Halldóra mér að taka hana *burt af heimilinu* en sjálfur væri ég velkominn að vera meðan ég vildi. Jeg var sjálfur orðinn gjörsamlega eyðilagður, fór einförum, gegnþvingaður á sál og líkama. Guðrún mín talaði aldrei við mig utan með bríxlyrðum og skömmum. Mér datt í hug að yfirgefa hana en gat ekki skilið við barnið og á hinn bóginn sá ég ekki ráð til að koma undan markverðustu bókum mínum og féll mér það ekki létt. En Guðrún mín sat um mig sem nákvæmasti lífvörður.“² Þessi tilvitnun lýsir Magnúsi og hugðarefnum hans eins og best verður á kosið. Bækurnar og börnin voru honum allt eins og síðar átti eftir að sannast.

Á þessum fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar virðist samband þeirra Magnúsar og Guðrúnar hafa verið afar stirt svo ekki sé meira sagt. Magnús kvartaði yfir framkomu hennar með reglulegu millibili í dagbók sinni. Sem dæmi má nefna færslu hans í aprílmánuði árið 1906: „Guðrún mín var veik – um skapið c: heimskan og illgirnin til mín og annara, það var þó hið sama.“³ Enn á ný lét Magnús orð falla um skapgerðarþresti Guðrúnar árið 1908: „Er ég var að yrkja um nóttina, varð Guðrún mín vör við það, og segir þá að ég sé „róandi uppi eins og helvítis fífl í myrkrinu.““⁴ Í upphafi annars áratugar tuttugustu aldar varð tímabundin breyting á samskiptum þeirra hjóna og stóð Guðrún til dæmis með honum í málaferlunum sem hann átti í um þær mundir. Eftir að þau voru flutt til Súgandafjarðar árið 1911 vænkaðist hagur þeirra beggja: „Við öll í vinnu. Var nú sem vaknaður væri áhugi hjá Guðrúnu minni með að sækja vinnu og ötul vel var hún þegar hún hafði komið sér að verki.“⁵ En eitthvað stóð vopnahlé þetta stutt

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: apríl 1904.

2 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 21. maí 1904.

3 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. apríl 1906.

4 Lbs 2225 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. janúar 1908.

5 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. júní 1911.

Því árið 1913 kvartar Magnús enn yfir hátterni Guðrúnar: „Guðrún fylgikona mín var nú öllu hressari, þótt eigi vildi hún kannast við það, og talað gat hún fullum fetum á *sína* vísu, ekki vantaði það. Heimilislíf mitt var illt – óbærilegt, eins og jafnan hafði verið frá því við kómum saman, eða frá því vorið 1899, en þó allra verst frá því vorið 1900, að við fluttum til Ísafjarðar. Þá byrjaði „hræðsla“ hennar um mig fyrir fullt og fast.“¹ Magnús var greinilega afar óhress með sambúðina og í þessari færslu frá 1913 gengur hann jafnvel svo langt að lýsa einstökum orðaskiptum þeirra:

Það dimmdi – koldimmdi – í huga mínum, í hvort skipti sem ég leit á Guðrúnu fylgikonu mína eða heyrði til hennar. Hún talaði aldrei blítt orð til mín eða sonar okkar, lýtti allt er ég reyndi að gjöra henni til þægðar, og millum dúranna á nóttunni, hafði hún alla jafna hroka yrði á reiðum höndum, svo sem: „Hvurn djöfulinn ætlið þið með rúmfötin – snúið þeim eins og roði í hundskjapt – reisið borðstóla eins og bölvuð fífl – getið þið ekki smánast til að liggja kjurrir – Eruð þið nú búnir að kveikja – það er auma helvítis háttalagið, að sofa ekki eins og annað fólk; ykkur dugar ekki dagarnir til að lesa [...] Hún var, í fæstum orðum, *ómöguleg til sambúðar*. Bók tók hún aldrei í hönd. Í sambúð við Guðrúnu fylgikonu mína, hafði líf mitt verið kvalaganga. Ég mátti aldrei um frjálst höfuð strjúka, hún hafði virðing mína að vettugi og fótum tróð hana. Þrátt fyrir alla þessa ókosti geymdi hún einhvern tryggðarneista til mín, ef ég var í fjarlægð – hvergi nærri. Kinlegt skaplyndi!²

Það var ekki aðeins afbrýðisemi Guðrúnar og hvatvísi sem virtist hafa spíllt sambandi þeirra, heldur náði hún ekki að veita honum þann andlega félagsskap sem Magnús sóttist eftir hjá samferðamönnum sínum og einkenndi samskipti hans við háa sem lága. Þetta kemur víða fram í dagbókum hans og tilvitnunin hér að framan verður skýrari ef leitað er nokkrum vikum frammar í dagbók hans, en þar ræðir hann þetta á opinskáan hátt: „Ég skrifaði þegar mér var mögulegt, nætur sem daga, í mestu þrengslum, og í stakri ónáð þeirra er ég átti saman við að búa. Fylgikona mín (G.A.M.) hataði bókmenntir allar – hafði ýmigust á öllum er fóru með slíkt, og gerði hún jafnan tilraun að skerða og eyðileggja frið minn við þau störf, og hafði svo lengi verið, þótt hún í innsta eðli sínu hefði tryggt til mín, því víst var að svo var. Syni mínum (E.Sk.) líkaði stundum líka illa hljóðlyndi mitt, er ég sat við skriptir, og var það ekki láandi, þar sem hann var fjörmikið barn,

1 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 16. febrúar 1913.

2 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 16. febrúar 1913.

en aldrei hafði hann slíkar ávítur mér til handa, sem móðir hans, enda skynugur vel og minnugur.“¹

Magnús lést árið 1916 og á síðustu vikum dagbókarfærslunnanna gerði hann enn að umtalsefni samskiptaörðugleika þeirra Guðrúnar. Þar kennir hann erfiðum geðsmunum hennar um hvernig sambandi þeirra var komið: „Guðrún fylgikona mín eins hvað vesöldina snerti, að hún sagði, en geðríki hennar og tryllingsskapur – hræðsla, svokölluð, um mig fyrir öðru kvennfólki, og framúrskarandi ádeilur á annan hátt, gekk svo vítt að engin tók vóru á að búa við slíkt og hafði svo lengi verið.“² Guðrún vill hins vegar ekkert við það kannast í viðtali sem birtist í tímaritinu *Birtingi* árið 1956 að þau hefðu ekki átt skap saman, en þar spurði Guðgeir Magnússon hana eftirfarandi spurningar:

Hvernig undir þú þessum skrifönnum hans?

Það varð að vera. – Þetta er mitt líf, sagð ann og var alla daga við, þegar hann var ekki í vinnu – skrifaði líka á nóttunum, bara í myrkrinu ef skorti ljósmetið; einu sinni um vorið – við vorum þá í Grænagarði – er hann farinn út eina nóttina, hefur þá verið að átta sig á einhverju; ég dauðhrædd heima, svo ég gægist út að líta eftir honum, fer fram á bakkann – situr ann þá ekki á steini í flæðamálinu. – Ertu þarna Magnús minn? segi ég – hvað ertu að gera þarna, ertu bara að verða truflaður? – Nei, ég er að skrifa, segir hann. – Á steinana? segi ég, en hann sagði ekki neitt sko. Þá leiddist onum heima – hvað ætlonum hafekki leiðzt heima hjá einni kellingu? Uss, ekkert hafði ég að segja sem hann gat haft gaman að – ég var ekki skáld. – Passaðu þig bara á fjörulallanum, sagði ég.³

Það er greinilegt að þegar þetta viðtal er tekið minnst Guðrún Magnúsar úr „rómantískri fjarlægð“, en eins og fram kom hafði samband þeirra verið með besta móti á þessu tímabili. Svar Guðrúnar staðfestir þó svo ekki verður um deilt að gjá var á milli hugsana þeirra og áhugamála.

Guðrún og Magnús báðu um bæjarleyfi hjá Ísafjarðarkaupstað árið 1904 og skrifaði Magnús bæjarnefndinni bréf: „Hér með leyfi ég mér að biðja hina heiðruðu bæjarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar, að veita mér aðsetursleyfi í bænum sem húsmanni. Jeg á 1 barn. Stendur unnusta mín að nokkrum efnum, þar sem móðir hennar, Vigdís ekkja Kristjánsdóttir á Suðureyri í Súgandafirði; á nokkuð í jörðu og er að öðru leyti allfjáð. Og þar sem ég á hinn bóginn er hér maður alþekktur, vona ég að háttvirt bæjarnefnd Ísa-

1 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. janúar 1913.

2 Lbs 2234 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. október 1916.

3 Guðgeir Magnússon, „„Það er margt í bókunum ...“, bls. 5-6.

fjarðar eigi synji mér um ofanritaða beiðni. Með virðingu. Ísafirði 26. sept. 1904. Magnús Hj. Magnússon.¹ Erindi Magnúsar var synjað, en athyglisvert er að kanna rök hans, annars vegar hvað varðar unnustuna og hina efnahagslegu stöðu hennar og hins vegar mat hans á eigin félagslegri stöðu. Sömu sögu var að segja þegar hann leitaði fjárstyrks frá Súðavíkurbreppi. Og enn á ný átti að stía þeim sundur þar sem þau bjuggu í óvígðri sambúð. Erfiðleikarnir virtust ófyrstíganlegir, en Magnús lét þá ekki á sig fá og hélt áfram að yrkja um fegurðina:²

Vorvíska

Nú er sól og sumar
syngur lóan kær,
gleðjast fljóð og gumar,
glóir land og sær.
Gleður guðdómskraptur
grættan hryggjarann;
endurlifuð aptur
öll er náttúran (n).

Í lok árs 1904 leitaði Magnús til fátækranefndar Ísafjarðar og fékk heldur kaldar kveðjur frá fulltrúa nefndarinnar er hann bar sig upp við hann, „[...] en svar hans var á þessa leið: „Hvað ætlar þú að finna mig? Geturu ekki kjaptað? – Nenntu að vinna – Farðu að draga grjót, þú ert fullhraustur. Mér kemur þú ekkert við, en hvert þú skrifar fátækranefndinni, það ertú sjálf-ráður.““³ Ekki er laust við að heyra megi til oddvitans á eigninni í *Heims-ijósi* Halldórs Kiljans Laxness þegar Ólafur Kárasón gengur fyrir hann:

Hvern fjandann sjálfan vilt þú hér? spurði oddvitinn.

Skáldinu vafðist ævinlega tunga um tönn þegar hann var ávarpaður mjög hranalega. Hann fór þá vanalega að leita í huga sér að nógu blíðu og kristilegu svari, en vildi stundum ganga torveldlega að finna það.

Hvað er þetta, geturðu ekki kjaftað? spurði oddvitinn.

Ég hef orðið að liggja úti í nótt, sagði pilturinn í von um að hræra þetta kalda hjarta til vorkunnar yfir slíkri eynd. En oddvitinn svaraði: Þú hefur gott af því.

Ég var að hugsa um að biðja þig að veita mér einhverja ásjá, sagði skáldið.

Ásjá, já ég skal svei mér veita þér ásjá. Nentu að vinna. Farðu að draga grjót. Þú ert fullhraustur. Mig varðar ekkert um þig.⁴

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: september 1904.

2 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. maí 1904.

3 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: nóvember 1904.

4 Halldór Kiljan Laxness, *Heimsijós* I, bls. 179.

Sömu sögu er að segja um framhald dagbókar Magnúsar; þar ræðir hann efni sem varð grunnurinn að sögu Halldórs, það er að segja hin ömurlegu kjör lítilmagnans og afstöðu þeirra sem auðinn áttu til kröfu fátæklinga um mannsæmandi líf. Viðbrögð fátækraneðndarinnar og almenn kjör Magnúsar og fjölskyldu hans urðu honum, stuttu eftir fundinn með fulltrúa fátækraneðndarinnar, tilefni til að ræða stöðu sína í samfélaginu og aðstöðu fátæks fólks almennt:

Talsverðar óspektir mátti nú kalla á Ísafirði, hinn nýi sýslumaður M. Torfason, gekk sem logi yfir akur um allan bæinn til að drífa það fólk í sundur – eða til að giptast, er bjó saman ógipt. Urðu sumir að borga, og gætu þeir ekki borgað strax, var tafarlaust tekið hjá þeim lögtak. Mátti því segja að algjört frelsisleysi og undirokun væri að fara sem óðast í vöxt þar sem elskendum var bannað að vera saman og þó þeir einhverra orsaka vegna eigi gætu gipzt.

Á seinni árum hefir hagur einstaklinganna, hinna efnalaus, einatt farið versnandi, auðkýfingarnir og yfirvöldin hafa stofnað þeim í þínandi nauð og vandræði, en þó er nú enn þá verra. Þeir sem ekki eiga húsráð og verða að liggja á liði annara með það og annað, eru því í sárustu nauðum, og þegar svo hörmulegasta heilsuleysi og matarskortur og klæða bætist ofan á, þá er lífið enginn leikvöllur í mínum augum, enda hef ég öll þessi ókjör við að búa; þætti mér því gaman að sjá einhvern með baggana mína og leika sér með þá eins og lamb; en hvert á ég að fara til að finna hann?

Nú ættum við hinir bágstöddu að gjöra samtök, og þar sem enga mannúð eða réttlæti er að finna, að brjótast áfram með ofbeldi og undiroka hina djöfúllýndu embættismenn, er búa til lög að eins til að kvelja undirsáta sína – eða við ættum að flýa á fjöll, og lifa þar samkvæmt samvizku okkar og skynsemi.¹

Vart er hægt að hugsa sér kröftugra ákall til samferðamanna sinna en það sem Magnús lætur hér í ljósi. Brýningar þessar bárust þó aldrei úr barka Magnúsar út í samfélagið nema sem ómur úr fjarska; sem bergmáluðu í daglegri framgöngu Magnúsar sjálfs. Rétt til gamans má geta þess að daginn eftir segir Magnús frá því að framinn hafi verið þjófnauður í Bolungarvík og grunur hafi fallið á Ólaf nokkurn Kárasón!

Magnús fékk boð frá bæjarfulltrúa Ísafjarðar í tilefni af erindi því sem hann lagði fyrir fátækraneðndina. Aðalmaðurinn á bak við þá atburði var fósturbróðir hans, Bjarni Hermann Kristjánsson sem lék Magnús grátt er

1 *Lbs* 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. nóvember 1904.

hann dvaldi undir verndarvæng móður hans. Bjarni hafði engu gleymt og lét það í ljós er hann gerði boð eftir Magnúsi: „Neyddist ég til að gjöra það, og er ég var kominn þar, segir óþokkinn „Komdu hérna, svo þú getir heyrt hvað þú átt von á. Ef þið getið ekki klárað ykkur, verðið þið að skilja, og þá verður þú að fara til þinnar sveitar, og hún til sinnar. Svo hér er engrar hjálpar að vænta. Jeg fór með bréfið þitt upp á kontór, og sýslumaðurinn sagði að þetta væri rétt, þið eruð hér í ólöglegri húsmennsku og búið saman ógípt.“ Að svo mæltu þagnaði fúlmennið. Jeg var sem þrumu lostinn er ég hafði heyrt þessa ræðu. Sá ég enn glöggt að Bjarni Hermann Kristjánsson skipstjóri úr Önundarfirði var samur við sig: að hann var sami djöfullynti óþokkinn, er ég hafði reynt hann að á æskuárum mínum.“¹ Þau forlög sem lögð voru á herðar Magnúsar í æsku ætluðu að fylgja honum alla ævi.

Á næstu árum, það er 1905-1908, var lífið líkt og fyrr, eilífðar baráttan við fátæktina og húsnæðisleysið. Þó rættist örlítið úr málum þeirra í árslok 1905 þar sem næga vinnu var að fá um það leyti. Magnús varð einn af forystumönnum nýstofnaðra verkalýðssamtaka á Ísafirði sem komust á laggirnar árið 1906. Um þetta leyti var hann mjög upptekinn af Fjalla-Eyvindi og orti meðal annars um hann mikla rímu sem fór víða og var ritdæmd opinberlega. Magnús fann til greinilegrar samkenndar með Fjalla-Eyvindi, þeim manni sem sagði sig úr lögum við samfélagið og lagðist á fjöll. Það er engu líkara en að þannig hafi Magnús skynjað sitt eigið strit, sem útlaga í eigin landi.² Á tímabili var Fjalla-Eyvindur helsta viðmið Magnúsar og vitnaði hann í útlagann við ólíklegustu tækifæri: „Sami ókjaragarðurinn. Kuldinn var nú svo sem Fjalla-Eyvindur sagði um Sprengisand: *varla* líft úti fullröskum manni vel klæddum.“³ Nokkrum árum síðar er hann var að þrotum kominn af eynd og ráðaleysi, þá búsettur í Skálavík þar sem enginn vildi rétta honum hjálparhönd, komst hann svo að orði: „Það er sagt að Fjalla-Eyvindur hafi mælt að hann ætti ekki svo argan óvin, að hann vildi vísa honum á veturöræfi Íslands. Líkt gæti ég sagt um Skálvíkinga, ætti ég varla svo illan óvin, að ég vildi honum svo illt, að hann dveldi vetrarlangt

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. nóvember 1904.

2 Gísli Sigurðsson íslenskufraeðingur fjallar um útilegumannasögur í íslensku bókmenntasögunni nýju og kemst svo að orði um þær flestar: „Í útilegumannasögunum birtist óskasýn fátækra landsmanna sem bjuggu við válynd veður, og réðu lítt örlögum sínum. Uppi á öræfum gátu þeir ímyndað sér skjólgóða dali sem væru óháðir óblíðum náttúruöflum og óréttlátum lögum, og þar sem fé gengi sjálfala, ástin blómstraði og lífið væri fyrirhafnarlítið í faðmi fjalla blárra og fagurra stúlkna.“ Gísli Sigurðsson, „Þjóðsögur.“ *Íslensk bókmenntasaga* III. Halldór Guðmundsson ritstjóri (Reykjavík, 1996), bls. 483. Ef til vill var þetta ein af þeim ástæðum að Magnús var svo upptekinn af Fjalla-Eyvindi og hans örlögum.

3 Lbs 2224 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 10. júní 1907.

hjá Skálvíkingum, þeim er nú vóru þar.“¹ Áhuga sínum á útlaganum hélt Magnús allt fram á síðustu árin. Er hann var á heimleið frá Reykjavík árið 1912 fékk hann tækifæri til að kanna meðferð Jóhanns Sigurjónssonar leikritaskálds á þessari hetju sinni: „Um kvöldið 12. þ.m. (Maí) keypti ég mig inn á sjónleikinn: „Fjalla-Eyvindur.“ Ærnir gallar eru á þeim sjónleik (illa farið með söguna) en útbúnaður á leiksviðinu var ágætur.“² Svo mörg voru þau orð.

Nauðgun: ranglát forlög?

Árið 1909, um haustið, fluttu Magnús og Guðrún til Skálavíkur og ætlaði Magnús að stunda þar kennslu. Áður höfðu þau búið tímabundið á þremur stöðum í Hnífsdal eftir að þau fluttu frá Ísafirði á vordægum 1908 og um tíma voru þau búsett í Bolungarvík. Í Hnífsdal eignuðust þau annað barn en áttu mjög erfitt með að framfleyta fjölskyldunni. Magnús var síðan ráðinn kennari í Skálavík veturinn 1909 en þá voru nýju fræðslulögin gengin í gildi. Þegar þarna var komið sögu var Magnús 36 ára gamall og hafði stundað kennslu af og til í 14 ár. Vosbúðin í Skálavík var skelfileg og bitnaði meðal annars á hvítvoðungnum sem dó 28. október, að því er virðist vegna kulda og ills aðbúnaðar. Fjölskyldan öll bjó við ömurlegar aðstæður. Eftir áramótin bættist við allskyns ókyrrð og væringar meðal Skálavíkur-búa út af kennslunni sem bitnaði mjög á Magnúsi. Samband hjónaleysanna var eitthvað skárra en verið hafði en þó er greinilegt að Guðrún var enn stygg í skapi. Magnús segir til dæmis frá orðaskiptum þeirra er þau voru ásamt syni sínum á leið heim frá nágrannabænum Meirahrauni: „Fengum við bylinn heim um kvöldið og varð ég að bera son minn, en Guðrúnu minni þótti það tefja ferðina, því jafnan var hún afar lífhrædd ef eitthvað var að, og sagði í bræði sinni: „Það reynist og sannast að Skarphéðinn verður ógæfumaður eins og karlfjandinn sem hann heitir eptir, sem allir taka til“ (Skarph. Njálsson). Eptir litla stund ansaði sonur minn í einfeldni sinni og mælti: „Ég hef það allt af þessu nafni.“ Er hér sýnishorn af hvernig að fara má með barnssálina.“³

Veturinn var mjög kaldur og svo mikil vöntun á eldsneyti til upphitunar á skólahúsnæðinu, sem var gamall torfbær, að til vandræða horfði. Magnús leitaði víða í nágrenninu eftir matbjörg og eldsneyti en fékk daufar viðtök-

1 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 20. febrúar 1910.

2 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 15. maí 1912.

3 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 9. janúar 1910.

ur: „[...] síðan fram að Breiðabóli og beiddi Bjarna bónda Þorsteinsson að selja mér 1 tu. af mó. Hann svaraði: „Nei, nei, nei; djöfull, þá flöguna ég læt. Þeir sem geta ekki haft að sér hér á haustin, þeir verða að drepast þar sem þeir eru komnir. Nei, djöfull, þá flöguna að ég læt.“ Góð úrlausn af manni er átti fullt hús eldiviðar!“¹

Magnús sinnti skyldum sínum hvað sem tautaði og raulaði og lauk kennslunni um vorið, en veturinn var einn sá harðasti í manna minnum. Þá flutti fjölskyldan til Bolungarvíkur og bjó þar yfir sumarið, en flutti aftur til Skálavíkur og nú vegna þess að velgjörðamaður Magnúsar bauð fjölskyldunni vist á bæ sínum. Þessi vetur átti eftir að reynast viðburðaríkur og kallar Gunnar M. Magnúss hann *örlagaveturinn* 1910-1911 í bók sinni.

Það sem einkenndi líf þeirra hjóna á þessu tímabili, og reyndar öll þau ár sem Magnús heldur dagbók sína, var ótrúleg fátækt og þrengingar. Hungrið svarf nær stöðugt að og viðhorf samtíðarmanna var ekki mótað af miskunnsemi. Sjálfur lét Magnús eftirfarandi orð falla um viðmót fólksins sem hann umgekkst mest, en hann hafði reynt að fá lánaðan fararskjóta til að flytja hafurtask sitt milli staða: „Fórum sem leið liggur yfir Skálavíkurheiði. Hvergi var hægt að fá hest og bar ég mig klyfjadan í brjóst og bak. Það var hvort tveggja að ég var fátækur, enda var sem mönnum stæði stuggur af mér og fátækt minni.“² Ef Vestfirðingar forðuðust Magnús og fjölskyldu hans á þessum tiltekna tímapunkti í lífi þeirra, þá liðu ekki margar vikur þar til hann var fullkomlega fyrirlitinn af háum jafnt sem lágu. Þá hófst hið þriðja niðurlægingartímabil í lífi hans en segja má að annað og þriðja skeiðið hafi runnið saman án nokkurs hlés þar sem eynd þeirra hjóna var viðvarandi.

Atvikin höguðu því svo til að á haustdögum 1910 leitaði Magnús drukkinn, eða í það minnsta í ankannalegu ástandi, á stúlku sem var aðeins 14 ára gömul. Magnús kom til vinafólks síns í Bolungarvík kaldur og þrekaður að kvöldi dags 27. október 1910 og ætlaði að dvelja þar yfir nóttina á leið sinni til Ísafjarðar. Húsráðandi var Guðrún Jónsdóttir sem ættuð var frá Skálavík, en hún bjó þar með börnum sínum tveimur og að auki var þar stödd Ágústína Guðjóna Gísladóttir frá Minnahrauni í Skálavík, systurdóttir

1 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. janúar 1910. Þess má til gamans geta að Halldór Kiljan Laxness tekur þessa orðræðu nánast óbreytta upp úr dagbókum Magnúsar á eftirminnilegan hátt, en hún hljómar svona: „Eitt kvöld í stórhrið var skáldhjónunum ákaflega kalt. Þá gekk skáldið að ósk eiginkonu sinnar til hreppstjórans í Stórubervík og sagði að þau vantaði eldivið og fýrspýtur og bað um nokkrar móflögur að láni. Hreppstjórinn svaraði fljótt: Djöfull þá flöguna ég læt. Þeir sem geta ekki haft að sér á haustin verða að drepast þar sem þeir eru komnir.“ Halldór Kiljan Laxness, *Heimsjós* II, bls. 165-166.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 2. október 1910.

ir Guðrúnar. Ágústína hafði verið nemandi Magnúsar í Skálavík veturinn á undan. Um kvöldið bar að tvo Bolvíkinga og voru þeir nokkuð við skál. Magnús settist að drykkju með þeim sem hann átti ekki vana til og var það „[...] af því mér var afar-ónotalegt og kvíllt þáði ég það en undarleg áhrif hafði það á mig og vissi ég ekki hvernig ég varð.“¹ Síðar um kvöldið sofnaði hann eftir að hafa fengið að borða. Magnús greinir því næst frá er hann vaknar daginn eftir:

Um morguninn kl. 6 fór Guðrún Jónsdóttir sem ég gisti hjá, upp í barnaskóla og hafði börn sín bæði með sér; var hún ræstunarkona skólans. Ég og Ágústína vorum því bæði eptir og var hún að lesa í lærdómsbókum sínum. Þegar ég vaknaði var ég ákaflega utan við mig, með ákaflegum taugaskjálfta og get ég ekki gert mér grein fyrir hvernig ég var. Mér datt nú í hug að fara í rúm til Ágústínu, dró ég niður í lampanum og fór svo upp fyrir stokkinn til hennar; kyssti ég hana. En er ég kom við hana bera missti ég sæðið og varð ekkert af samræði. Hún tók mótspyrnulaust á móti mér og eptir á lánaði hún mér bók til að lesa í, en ég fór strax um hæl yfir í rúm það er ég svaf í. Þegar Halldóra dóttir Guðr. Jónsdóttur kom heim varð ég var við að Ágústína sagði henni að ég hefði komið í rúm til sín. Eptir að ég var kominn á fætur beiddi ég „Gústu“ að segja ekki frá því að ég hefði farið í rúm til hennar en engu hét hún um það.²

Þessi frásögn er afar merkileg ekki aðeins vegna þess atburðar sem þarna átti sér stað heldur ekki síður hvernig Magnús kys að segja frá honum. Frásögnin er óvenju berorð og hún ýtir undir nauðsyn þess að ræða tilurð þessarar heimildar og eðli eins og gert verður í næsta kafla. Að því er virðist hikaði Magnús ekki við að segja umbúðalaust frá samneyti þeirra Ágústínu, en atburður þessi átti eftir að draga dilk á eftir sér.

Einkar fróðlegt er að sjá hvernig höfundarnir tveir sem nýtt hafa sér dagbók Magnúsar, þeir Gunnar M. Magnúss og Halldór Kiljan Laxness, fjalla um framvindu þessa máls. Gunnar segir svo frá atburðinum sjálfum:

Um sexleytið morguninn eftir fór Guðrún húsmóðirin upp í barnaskóla og hafði börn sín með, var hún ræstingakona skólans. Ágústína og Magnús urðu þá ein eftir, og fór Ágústína að líta í lærdómsbækur sínar. Dró Magnús þá niður í lampanum, brá sér yfir í rúmið til stúlkunnar og leitaði til hvílubragða við hana. Eftir skamma stund hvarf hann aftur yfir í sitt rúm, tendraði ljósið og tók að lesa í bók, sem stúlkan lánaði honum.³

1 *Lbs 2227 4to* – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 27. október 1910.

2 *Lbs 2227 4to* – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. október 1910.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm*, bls. 334.

Lýsing Gunnars er kostuleg í ljósi þess að með orðavali sínu dregur hann stórlega úr þýðingu atburðarins og hliðrar sér jafnframt hjá að vitna beint í frásögn Magnúsar. Það verður að teljast afar kynlegt að nýta sér ekki sérstæða lýsingu Magnúsar sjálfs á framvindu mála. Þetta er reyndar einkenni á texta Gunnars og stærsta vandamál bókar hans; lesandi veit aldrei hvenær Magnús sjálfur talar og hvenær Gunnar hefur orðið. Í framhaldi af þessari frásögn vitnar Gunnar til atburðarins þannig að Magnús „hefði komið í rúm til hennar.“¹ Merking þessa er afar óljós og getur átt við hvað sem er, meðal annars að þau hafi notið holdlegs samræðis. Með þessum hætti getur Gunnar leyft sér að hampa söguhetju sinni án þess að á hana beri stóran skugga. Gunnar kys í framhaldi af þessu að gera grein fyrir málarekstrinum sem í kjölfar fylgdi þannig að Magnús hafi í raun verið saklaus maður. Honum er að vísu nokkur vorkunn þar sem Magnús heldur því sjálfur fram nokkru síðar í dagbók sinni að ekkert hafi gerst sem orð væri á gerandi, eins og vikið verður að síðar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu þrátt fyrir fyrri lýsingar á atburðinum.

Hér verður að gæta varúðar og sanngirni; tungutak og hugsun manna á nítjándu öld hefur annan hljóð og aðra merkingu hjá fólki undir lok þeirrar tuttugustu. Atburðir sem flestum finnst hryllilegir í dag þóttu ef til vill ekkert tiltökumál fyrir á tímum hjá þorra almennings, þó svo að lög og reglur kvæðu á um annað. Samtímaheimildir aðrar en dagbók Magnúsar eru ekki margar sem greina frá máli þessu. Þórður Þórðarson Grunnvíkingur segir stuttlega frá fréttinni á eftirfarandi hátt: „[...] hjá Kristjáni Jónssyni verslunar manni frétti ég að Magnús Hjaltason frændi minn hefði tekið til samræðis stúlku barn 12 ára, vekur það mikið og ilt umtal sem von er.“² Önnur leið til að rannsaka atburði af þessu tagi er að kanna hvernig maður á borð við Magnús fjallar um lík mál og hér er lýst. Áður hafði Magnús sagt frá atburði í dagbók sinni sem tengdist nauðgunarmáli sem upp kom í Dýrafirði á seinni hluta nítjándu aldar. Magnús var staddur á þeim slóðum löngu seinna og gisti hjá Þórarni Guðbjartssyni og konu hans Kristínu Hákonardóttur, en þau voru húsmenn hjá Sighvati Borgfirðingi Grímssyni í Höfða í Dýrafirði. Magnús segir svo frá Kristínu:

Þegar Kristín kona Þórarins var um fermingaráldur átti hún heima á Höfða, bjó þá á Höfða Einar Grímsson bróðir Sighvatar skálds og fræðimanns á Höfða. Var í almæli að þeir bræður hefðu átt vingott við Kristínu meira en góðu hófi gegndi, fór svo að Einar komst í mál fyrir að hafa nauðgað Krist-

1 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm*, bls. 334.

2 Dagbók Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings: 7. nóvember 1910. Í vörslu Ástu S. Reynis.

ínu til samlags við sig, varð sá fundur þeirra niður í sjóarhúsi á Höfða og gaf Einar Kristínu hálfan steinbítshelming fyrir. Einar tók hegningu út á Ísafirði fyrir svívirðu sína, en er því var lokið fór hann landveg vestur; hélt hann sem leið liggur fram Mjóadal. Þá bjó í Tröð á Önundarfirði Rósin-kranz Kjartansson með konu sinni Guðlaugu Pálsdóttur. Áttu þau börn mörg, var eitt þeirra Málmfríður þá orðin gjafvaxta. Hún varð seinna kona Páls Guðlaugssonar verzlunarmanns á Flateyri. Þegar Einar Grímsson fór vestur sem áður er sagt, var Málmfríður að smala ásauð fram á Mjóadal. Einar sá til hennar og vildi ná fundi hennar og kallaði til hennar að bíða sín, en stúlkan óttaðist hann og hljóp hún undan og á brekkuna. Einar rann á eftir en mæddist skjótt, og er hann sá að hann ekki hafði sigur, kallaði hann til Málmfríðar: „Bíddu, Bíddu, bölvuð tuskan þín, ég er með stífasta valdamannabréf til hans föður þíns.“ Málmfríður þóttist skilja hvað Einar vildi og lét ekki að orðum hans og skildi svo með þeim. En er Einar kom að Gemlufalli gat hann þess að hefði hann náð Málmfríði skildi hann „hafa þjallað að lífbeininu á henni.“¹

Hér er frásagnarháttur Magnúsar athyglisverður; tilefnið virðist vera að varpa ljósi á hvaða manneskju Kristín sjálf hafði að geyma en hún hafði reynst Magnúsi frekar illa. Sagan af Einari bróður Sighvats Borgfirðings er sögð í hálfkæringi og sem skemmtisaga. Það er engu líkara en nokkurrar aðdáunar gæti í frásögn Magnúsar.

Viðhorf Magnúsar koma einna skýrast fram í frásögn hans af Bolvíking nokkrum sem var staðinn að verki þegar hann hafði náð að tæla til sín tvær stúlkur sem voru á 14. árinu. Þetta var árið 1913 en maðurinn var mikið ölvaður og fékk einhverjar sektir vegna málsins en það var að öðru leyti látið niður falla, enda „missti hann þannig af veiði sinni í það skiptið“ eins og Magnús kemst að orði. Þessi atburður varð Magnúsi tilefni til nokkurra vangaveltna:

Hvað sem annars um þetta hefir verið, virðist vanalega alltof hart tekið á því, þó fullorðinn maður í góðu skapi, með vinalátum, gamni sér við stúlkur, þótt yngri séu en fullra 14 ára, þegar báðum fellur vel og allt fer skemmdalaust; sýnist ástæðulaust að *hegna* – stundum með óbætandi dómum, svo sem þegar hlutaðeigandi missir heilsuna o.s.v.frv. – fyrir slíkt. Hegningarlög er lúta að slíku virðast því með öllu óþörf – þeim aðeins til bölvunar er unna slíkum gamanleikum. Annað mál er, ef *prakkaraskapur* á sér stað, hvort sem er í kvennafari eða öðru, fyrir hann er réttlátt að hegna.

Ég þekki fleiri en einn og fleiri en tvo karlmenn, er hafa haft „holdlegt samræði“ við stúlkur innan 14 ára; þær hafa orðið heilsugóðar og þrekkon-

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 23. maí 1895.

ur miklar, og karlmenn þeir orðið gamlir er samlögðu sig þeim, meðan þær voru ungar. Dæmi til þessa eru svo alkunn að óþarfi er að nefna þau.¹

Áður en mál Magnúsar komst í há máli ræddi hann sambærilega atburði í dagbók sinni meðal annars í ágústmánuði 1910, en þá segir hann frá því að sextán ára gömul stúlka hafi fætt barn og bætir síðan við: „Það eru raunar engin tíðindi þó stúlka eigi barn, en að jafnung stúlka eigi barn, mega heita tíðindi, því það er á Íslandi mjög fátítt.“² Daginn eftir fjallar hann enn um þetta efni: „Fyrir fáum vikum ól 15 ára gömul stúlka á Dynjanda í Grunnavíkurbreppi barn. Óvíst um föðurinn. Stúlka sú heitir Jasína Guðleifsdóttir og er ættuð úr Grunnavíkurbreppi.“³

Halldór Kiljan Laxness gerir sér fullkomið mat úr nauðgunarmáli Magnúsar í *Heimsíjosi* og leiða má að því rök að hann hafi lesið hárrétt í atburðarásina. Ég gríp niður í frásögnina þegar Ólafur Kárason vaknar af löngum svefni og býður námsmey sinni góðan dag:

En Jasína Gottfredlína kunni ekki að bjóða góðan dag.

Og svo undarlega brá við að þegar Ólafur Kárason hafði legið fyrir enn um stund fór hann að finna til undarlegs ókennileiks í taugum, síðar líkti hann því við að vera festur upp á þráð; hann var gripinn einkennilegum titríngi sem byrjaði í nárunum og læsti sig síðan um allan líkamann og varð að óslitnum skjálfta, og lá við andköfum. Hann reis til háls upp í rúminu í von um að geta hrist þetta af sér, tók andann á lofti og spurði:

Hvar er konan?

Hún er í fjósinu, svaraði stúlkan.

En eldri systkinin?

Þau eru farin að gera fénu.

Svo var stutt þögn og Ólafur Kárason hélt áfram að nötra og stúlkan hélt áfram að læra kristindóminn.⁴

Í kjölfar þessa spunnust umræður milli Jasínu og Ólafs um getu hennar til náms og hvatti Ólafur hana til dáða:

Jú Jasína mín, sagði hann. Þú verður fermd. Hvenær hef ég sagt að þú sért tossi. Ég segi að þú sért góð stúlka. Ef eitthvað er í kverinu þínu sem þú skilur ekki þá skal ég reyna að útskýra það fyrir þér.

Núna? spurði hún.

Ef þú vilt, sagði hann.

1 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. mars 1913.

2 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. ágúst 1910.

3 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. ágúst 1910.

4 Halldór Laxness, *Heimsíjós* II, bls. 192–193.

Ég kann ekki að spyrja, sagði hún.

Ég skal sýna þér, sagði hann.

Hann sté frammúr rúminu, dró niður í lampanum svo það var hérumbil myrkur, fór uppfyrir stokkinn og undir sængina til hennar, tók af henni Barnalærdómskverið og kysti hana. Hún vissi fyrst ekki hvað þetta var, svo opnaði hún munninn. Hún var í vondu þrónahaldi og leyfði honum að slíta það frá sér einsog ekkert væri eðlilegra, gerði yfirleitt ekki tilraun til að hindra hann í neinu, tók við honum án allrar mótspyrnu, kveinkaði sér aðeins andartak og beit á vörina einsog við snöggan og tiltölulega meinlausan kveisustíng sem er liðinn hjá áður en tóm væri til að reka upp hljóð. Hún lagði unga sterka arma sína um herðar skáldinu. Eftir nokkrar mínútur sté hann aftur frammúr rúmi hennar og skrúfaði upp í lampanum. Hann sagði ekki neitt, en hún sagði:

Hvað gerðirðu við kverið mitt?¹

Þessum kafla í frásögn Halldórs lýkur með því að Ólafur heldur leiðar sinnar eins og ekkert hafi í skorist og heimilisfólkið var „þakklát hamíngjunni fyrir slíka gestkomu“, eins og Halldór kemst að orði.

Magnús segir frá því nokkru síðar að er hann kom til baka frá Ísafirði og að bænum Minnahrauni í Skálavík hafi faðir Ágústínu veist að sér með skömmum og svívirðingum. Málið var með öðrum orðum komið í hámaili á svipstundu. Um þetta segir Magnús í dagbók sinni 2. nóvember 1910:

[...] strax og hann sá mig óð hann upp á mig með svívirðilegustu orðum og lygi, sagði meðal annars að ég hefði stórslasað Ágústínu dóttur sína er ég gisti í Bolungarvík 27. f. m. og lægi hún nú veik, eyðilögð af mínum völdum! Þessi helvíska lygi hafði voðaleg áhrif á mig. Ég bar á móti þessari óhæfu og sagði Gísla jafnframt hreinskilnislega frá hver skipti mín og Ágústínu hefðu verið, en ekki vildi hann heyra slíkt, lét sem óður væri og hótaði mér öllu illu. Virtist mér hann ölvaður, en hann var afskaplegur drykkjumaður. Fór ég heim við svo búið.²

Enn á ný reyndi Magnús að telja föðurinn af því að gera eitthvað í málinu en hann var ófáanlegur til þess. Magnús tók því þann kostinn að skýra konu sinni og syni frá öllum málavöxtum og því sem hann teldi að í vændum væri. Hinn 4. nóvember var þess freistað að ná fundum Ágústínu sem stödd var í Bolungarvík og segir Magnús svo frá í dagbók sinni:

Fór ég og Guðrún mín inn í Bolungarvík, á fund Ágústínu Guðjónu, til að vita hvort satt væri að hún hefði sagt föður sínum (Gísla) óhæfu þá er hann

1 Halldór Laxness, *Heimsíjós* II, bls. 193–194.

2 *Lbs* 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 2. nóvember 1910.

bar á mig í Minni-Hrauni 2. þ.m. Sagði hún flest hið sama og margt fleira er mér hafði ekki komið til hugar um alla æfi mína; lét hún sér hvergi bregða og var auðsætt að hún hafði verið storkuð til að halda slíkri fjarstæðu fram; hefði ég helst trúað til þess Guðrúnu Jónasdóttur er Ágústína dvaldi hjá, því mikið óorð hafði kona sú á sér, eins og raunar systir hennar Hallbera í Minna Hrauni, móðir Ágústínu. – Við Guðrún mín gistum á Mölunum að Sigríðar ekkju Helgadóttur, afkomanda Snorra á Húsafelli.¹

Kynngikraftur Snorra á Húsafelli dugði Magnúsi ekki í þetta skiptið því út af atburðunum spunnust mikil málaferli; Magnús lenti í varðhaldi og málið var tekið fyrir dóm eftir mikil réttarhöld. Af frásögn Magnúsar er ekki hægt að greina hvaða sökum hann hafi verið borinn af fjölskyldu Ágústínu, en ljóst er að honum ofbýður málatilbúningurinn allur. Mat hans á atburðum þessarar morgunstundar er allt annað en þeirra og hann er þeirrar skoðunar að ástæðulaust sé að gera rellu út af þeim. Málið allt lagðist afar þungt á Magnús, og hann bætir við: „Fátækt mín var nú mikil, hvergi hægt að fá lán.“² Magnús yrkir hinn 8. nóvember: „Dvínar kæti bóls í blæ / burt hún fer að vonum, / ekki’ um nætur frið ég fæ / fyrir áhyggjunum.“³

Ekki leið á löngu þar til Magnús var kvaddur til yfirheyrslu og hnepptur í varðhald hinn 16. nóvember. Ástæða varðhaldsins var sú að framburður vitna stangaðist á og taldi sýslumaður sögu Magnúsar afar ósennilega og sótti fast að honum. Sýslumaður flutti hann inn á Ísafjörð og var Magnús þar í haldi fram til 25. nóvember. Daginn eftir var réttað í Bolungarvík og Magnús segir svo frá í dagbók sinni:

Réttarhald þetta – ef réttarhald skyldi kalla – var hið versta í minn garð. Ágústína hafði sagt svo mikið ósatt mér til handa og laug nú svo miklu á ný fyrir réttinum að ég varð gegnlamaður á sál og líkama að heyra slíkt. Hafði hún meðal annars sagt sýslumanni að ég hefði haft holdlegt samræði við 10 ára gamla telpu er var hjá mér á Skálavíkurskólanum veturinn fyrir. Telpa þessi mætti nú fyrir réttinum en bar það að eins að ég hefði spurt sig svo mikið út úr lærdómi sínum að hún hefði ekki getað svarað mér, en ég hefði aldrei minnst á „neitt ljótt“ við sig. Framburður Olgeirínu – svo hét telpan – varð því eigi til að fella mig.⁴

Eftir þessi réttarhöld var Magnús enn á ný hnepptur í varðhald og fluttur til Ísafjarðar. Loks játar Magnús á sig sakir til að sleppa við varðhaldið sem

1 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 4. nóvember 1910.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 6. nóvember 1910.

3 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 8. nóvember 1910.

4 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 26. nóvember 1910.

var að ríða honum að fullu, eftir því sem hann segir sjálfur í dagbók sinni: „Var mér nú sleppt og var þetta dýrt frelsi.“¹ Þetta mál allt varð til þess að fram á mitt ár 1911 var fjölskyldan á sífelldu flakki að leita sér að sama- stað. Eynd þeirra hafði aldrei verið meiri, umkomuleysið algert. „Fannst mér nú Guðs hönd nokkuð stutt“, hafði Magnús á orði í dagbók sinni hinn 16. desember 1910, og í sama mánuði lætur hann þau orð falla að hann hafi orðið fyrir ranglátum forlögum.

Eins og fram hefur komið í þessari umfjöllun sýnist sitt hverjum bæði um þátt Magnúsar í málinu og um framgöngu sýslumanns við yfirheyrslurnar. Magnús sjálfur er þó ekki í nokkrum vafa þrátt fyrir sína eigin lýsingu á atburðum þessa örlagamorguns. Hinn 31. janúar þegar hann var á ferð um Bolungarvík og Skálavík hafði hann heyrt ýmsar sögur um framkomu sína í málinu:

Nú sagði hreppstjórinn H. Örnólfsson mér að kjapta og lygamál það er ég var bendlaður við, væri tekið upp að nýju og hefðu stefnuvottar Hólshrepps nýlega birt mér stefnu í þá átt (fram á Hanhóli, þar sem ég hafði gist seinast áður en ég fór úr hreppnum). Margt sagði Hálf dán mér er hann sagði að haft væri eptir Ágústínu Guðjónu Gísladóttur, viðvíkjandi mér, og var það allt ófagurt og helbær lygi. – Læknir, Eríkur Kjerúlf, hafði verið látinn skoða Ágústínu til að vita hvort hún væri eigi meidd að neðan eptir mig! Því réði M. sýslumaður Torfason. Hafði Ágústína síðan sagt frá að Kjerúlf hefði orðið steinhissa af að sjá sig, hvernig hún væri meidd; hefði hann klappað á lærið og sagt að „mikill óttalegur dóni væri maðurinn“. Sögu þessa flutti Ágústína Guðjóna víðsvegar – lygarinn –.²

Í lok þessa árs birtir Magnús í dagbók sinni rímu sem hann hafði unnið að um stund og nefnist „Draumur“. Þar gerir hann þetta mál allt upp á nokkuð sérstæðan hátt. Verður hér gripið niður í rímuna: „7. Magnús heitir bóka Bör, / bragarhugsun elur, / fátækar við kulda kjör / kraminn lengi dvelur. 8. Víða talinn vísufer / verinn þessi glaður er / og sagður kvenna kær, / karlinn rauðskeggjaður. 9. Borið var á baugakvist / bágt þó gengi’ að sanna, / að hann hefði leikið list / sem lögin vilja banna. 10. Fús var þjóð að þrefalda / þetta hver sem kunni, / og því gerði úlfalda / upp úr mýflugunni.“³ Innihald rímunnar bendir til þess að hann hafi borið höfuðið nokkuð hátt, þrátt fyrir allt, og ekki er laust við að greina megi nokkurt stolt yfir því að hann skuli vera talinn happasæll til kvenna.

1 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 29. nóvember 1910.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. janúar 1911.

3 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1910.

Ljóst er að öll þessi atburðarás fékk mjög á Magnús og enn átti hún eftir að hafa áhrif á sálarlíf hans: „Hvílíkur munur var á þessari tíð og um sama leyti árið fyrir – og þannig er mannlífið: sífelldar breytingar á blíðu og stríðu, já, eilíff breyting. Ég var allvesall daglega, auk hins vanalega einkum af hlustarverk, er hafði aukist stórum við fjallferðina 10. þ.m. Ég hafði og drauma allþunga, og snertu þeir mest ranglætismál það, er sótt var gegn mér þennan vetur.“¹ En málið bitnaði ekki einungis á Magnúsi. Einar Skarphéðinn sonur hans lét á sjá: „Einatt var Einar Skarphéðinn sonur minn sáraleiðinlegur í geði, opt þreytandi, af áhrifum þeim er mál það er ég var bendlaður við hafði á hann. Var og allt annað en glæsilegt smábarnalíf er hann átti að búa við um veturinn: að hrekjast á meðal ókunnugra, yfir fjöll og firði í verstu tíð og verstu yfirferð, í sárustu kringumstæðum tilfinningaríks og sárvesals föðurs og sjálfstæðislíttillar móður.“²

Allt er þetta mál hið merkilegasta, hver svo sem sekt Magnúsar í raun var. Eins og lesendur munu sjá hér á eftir er áhugavert samspilið milli lít-ilmagnans og yfirvaldsins í þessari orrahríð. Sýslumaður fer hamföllum í réttarsalum, prófasturinn fær Magnús til að taka manntal í byggðalaginu sem hýsti stúlkuna Ágústínu, sem hann var sakaður um að hafa nauðgað og prófasturinn heimsækir Magnús meðal annars í gæsluvarðhaldið til að ræða framkvæmd manntalsins. Eftir að honum var sleppt úr fangelsinu að fenginni játningu fór Magnús rakleiðis til Skálavíkur og tók manntalið. Sannarlega veitir öll þessi saga óvenjulega sýn inn í heim tuttugustu aldar. Löngu síðar sagði Magnús frá Guðrúnu Jónsdóttur „[...] konu þeirri er gerði mér verst til, þegar ég var í Bolungarvík, því það var hún sem bar út mér til svívirðu, atriði *sem hún vissi ekkert* um og hætti hún ekki fyrri en búið var að gjöra mig að sakamanni. Lygi hennar í minn garð var *afskapleg* og byggðist mest á öfund, því hún sá ofsjónum yfir því hvað Oddur kaupmaður Guðmundsson var mér hliðhollur, en hún átti um þær mundir mjög erfitt uppráttar.“³

Eitt af því sem vekur athygli er að Magnús virðist ekki telja að sekt hans sé stór, hann hafi í raun ekki aðhafst nokkuð sem orð sé á gerandi. Orðræða hans er nokkuð óræð og því erfitt að ætla nákvæmlega hvað gerst hefur. Þó er ljóst að hann leitaði á þessa 14 ára telpu en óvíst er hversu langt hann gekk. Viðhorf Magnúsar til mála af þessu tagi gefa ákveðnar vísbendingar

1 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 24. mars 1911.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 22. apríl 1911.

3 Lbs 2231 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 30. nóvember 1913.

um þessa atburði, eins og fram hefur komið; hvernig hann leit á samskipti kynjanna og hvernig hann sá sjálfan sig í því samhengi. Er Magnús tók út refsingu sína í Reykjavík tjáði hann sig um annað mál sem ekki var ósvipað:

Um morguninn kl. 8 var tekinn fastur Jón Egilsson sjómaður, búandi í Árnessýslu, kærður fyrir að hafa fyrir hálföðru ári síðan haft of nán skipti af dóttur sinni, tólf ára gamalli. Hafði hann verið til sjós á botnvörpungi frá því um veturinn og var nú á leiðinni heim til sín, en lenti þá í fangahúsinu, sem að framan segir.

Það þótti Sigurði fangaverði gegna furðu, að maður þessi skyldi vera kærður nú, eptir svo langan tíma, fyrir lagabrot er með öllu reyndist meinlaust og taldi hann sem víst að óvild myndi valda. – Það er óhætt að full-yrða, að girndin – girndaræði – er stórgalli mannkinsins og þó er hún Guðs gjöf sem fleiri gáfur. Sjálfsagt á að stríða á móti girndinni – æði hennar – og treysta á skynsemina, enn hart er þó að dæma menn í þunga hegningu, máské fleiri ár, við aumt viðurværi, fyrir *meðskapaða* galla, lýsir slíkt ekki skynsamlegri eða mannúðlegri upplýsingu (þekkingu). Og þó að girndin sé slæm, þá er hún ekki kostalaus. Hvað væri lífið, ef engin girnd væri? Skaparinn hefir sjálfsagt vitað hvað hann gerði, þegar hann gaf lífinu girndar-tilhneiginguna.“¹

Það er engu líkara en að hér opinberi Magnús viðhorf sitt til mála af þessu tagi; tilfinningar manna verða ekki hamdar með góðu móti og það er heldur ekki æskilegt.

Á milli vonar og ótta

Árið 1911, eftir að játning Magnúsar lá fyrir, fékk hann loks dvalarleyfi á Suðureyri við Súgandafjörð. Hreppstjórinn þar reyndist honum vel og veitti honum leyfið umyrðalaust og í fyrsta skiptið á ævinni fékk hann tækifæri til að starfa sem frjáls maður í þessari heimabyggð sinni. Og Magnús var nokkuð léttur í skapi þó svo að válegir atburðir lægju í loftinu. Í september 1911 var hann á suðurleið til þess að taka út eins árs refsingu í fangahúsinu við Skólavörðustíg, þá 38 ára gamall. Sýslumaður hafði áður dæmt hann til tveggja ára betrunarhússvistar, en álit Magnúsar á þeim dómi kemur fram í dagbókinni: „Meiri fjarstæðu – ef tekið er tillit til nokkurra ástæðna – hafði ég aldrei heyrt, og voru allir er vissu steinhissa yfir slíku atferli M. Torfasonar sýslumanns. Ég neitaði dómnum.“² Síðar meir var dæmt í mál-

1 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. apríl 1912.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 21. apríl 1911.

inu fyrir Landsyfirrétti og fékk hann þar eins árs dóm. Frá aðdraganda þessa greinir Magnús í dagbókinni: „Um kvöldið var mér birt stefna, vitlaust orðuð, frá M.T. sýslumanni, þess efnis að ég ætti að mæta fyrir landsyfirrétti í Rvík, í kjapta og lygamáli því er ég var viðriðinn síðastl. vetur.“¹ Magnúsi var ráðlagt að skrifa Boga Brynjólfssyni málafærslumanni bréf og biðja hann að taka málið að sér. Bréf Magnúsar er svo hljóðandi:

Háttvirtur yfirréttarmálflutningsmaður, hr. Bogi Brynjólfsson, Reykjavík. Hér með leyfi ég mér að biðja yður að vera svo góðan, að mæta í landsyfirrétti fyrir mína hönd, í sakamáli er sótt var gegn mér síðastliðinn vetur. Ég er maður sáraheilsulaus – aldrei heilbrigður (taugaveikur og stórbílaður á annan hátt; missti heilsuna 15 ára gamall) og félaus með öllu; var því beint af ósjálfsstæði mínu (veiki) að ég játaði það fyrir rétti er enginn fótur var fyrir: að ég með „ofbeldi“ hefði farið í rúm til 14 ára gamallar stúlk, Ágústínu Guðjónu. Það var ekki og er ég með öllu laus við það, en í rúm til hennar fór ég eins og ég skýrði frá við fyrra réttarhaldið í Bolungarvík (Hólshreppi). Bið ég yður nú að vera talsmaður minn, og treysti ég fast að þér reynist mér sem sannur íslenskur drengur.

Með alúð og mikilli virðingu.

Magnús Hjaltason frá Skálavík í Hólshreppi nú á Suðureyri í Súgandafirði.²

Það er athyglisvert matið sem Magnús leggur á atburðina og sú lýsing sem hann gefur á sjálfum sér. Þarna gefur hann í fyrsta skiptið upp ástæðu þess að hann gekkst við sökinni, en síðar meir átti hann eftir að réttlæta þá ákvörðun sína á ýmsa vegu. Stíll bréfsins og yfirbragð er sannarlega í anda manns sem kunni nokkuð fyrir sér.

Máli Magnúsar varð þó ekki bjargað. Honum var lesinn dómur Landsyfirréttar í lok ágústmánaðar 1911 og daginn eftir lét hann þessi orð falla: „Ég var sárvesall í bakinu og treysti ég mér ekki í vinnu, enda fannst mér nú byrði mín nokkuð þung, og þó ekkert þyngra en að eiga að fara í *jjarlægð* frá mínum elskulega syni, Einari Skarphéðni; því víst var það ekki síst *hans vegna* að ég játaði því fyrir „rétti“, er enginn fótur var fyrir, í því skyni, að ég þá fyr myndi finna son minn, er þráði mig út af lífinu. En máské Drottins hönd eigi eptir að græða þetta, og væri þörf á því.“³ Viðskilnaður Magnúsar er átakanlegur og hann lýsir í dagbók sinni vinsemd margra manna í sinn garð í þann mund sem hann var að leggja af stað til Reykjavíkur.

1 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. maí 1911.

2 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. maí 1911.

3 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. ágúst 1911.

Frásagnir hans af dvölinni í betrunarhúsinu í Reykjavík eru einstakar í sinni röð og bregða sérstæðri birtu á íslenskt samfélag á tímabilinu; fullar af sérkennilegri samkennd þeirra sem inni sátu, kveðskap og alþýðumenningu sem einkenndi líf fanga og fangavarða. Magnús ritar til dæmis í dagbók sína í febrúarmánuði 1911: „Sig. fangavörður hafði nú beðið mig að kenna sonum sínum Gils og Jóni, þegar ég hefði tíma og gerði ég það. Skrifaði ég upp fyrir Gils litla Sigurðsson kvæðið mitt *Lögtakið* og vísur mínar *Til Sólarinnar*.“¹ Hér er það dæmdur barnanauðgari sem kennir ungum sonum fangavarðarins! Annars var samband hans við Sigurð fangavörð og fjölskyldu hans afar vinsamlegt svo ekki sé meira sagt. Eftir heimkomuna vestur ritar Magnús í desember 1913: „Skrifaði ég Gils litla, syni Sigurðar fangavarðar í Reykjavík, og sendi honum mynd af mér. Hann var mér innilega góður, meðan ég dvaldi suður þar, mun ég því lengi minnst hans með hlýum hug.“²

Í maí árið 1912 var Magnús látinn laus og þegar heim var komið var honum vel fagnað og hóf hann vinnu við fiskverkun og önnur störf sem reyndu mikið á hann. Sjálfur var Magnús bugaður maður og átti auk þess mjög erfitt uppdráttar vegna heilsuleysis. Virtust honum því flestar bjargir bannaðar:

Nokkrir vóru (Súgfirðingar) er ráðlögðu mér: að ég skyldi gefa mig út „fyrir skáld.“ Enn hvað myndi ég hafa uppúr því, í jafnfámennu héraði og Súgandafjörður var? Ég vissi vel, að ég þoldi ekki erfiðisvinnu, en á hinn bóginn var ómögulegt að komast að þeirri stöðu er hentug var fyrir mig, sem var helst skriptir eða þessháttar, t.d. bókavardarstaða, því barnakennslu var ég orðinn lítt fær um að stunda, þoldi ekki að eiga í því stríði er slík staða hefir stundum í för með sér, enda gegnsærður orðinn af margvíslegum kringumstæðum. Ég hafði opt séð um æfina, að margur vegurinn var lokaður fyrir þeim snauða – og heilsulausa – og *fé frekar hug, enn fátækt minnkar dug*.³

Magnús var því neyddur til að stunda erfiðisvinnu þó svo hann ætti afar erfitt með það. Þrátt fyrir allt virðist honum hafa liðið vel eftir heimkomuna, í þeim skilningi að flestir voru honum góðir og hann hafði fasta vinnu á Suðureyri. Í ágústmánuði sama ár fékk hann bréf frá ýmsum vinum sínum í Reykjavík: „Fékk ég 3 bréf: a. frá Sigurði fangaverði Péturssyni, dags. 14. þ.m.; b. frá Sigurbirni skáldi og kennara Sveinssyni í Rvík, dags. 12.

1 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. febrúar 1911.

2 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. desember 1912.

3 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 26. júní 1912.

þ.m. og c. frá Stefáni J. Jónssyni (fanga), dags. 12. þ.m. Bréf þessi voru öll ágæt og lýstu sérstökum vinaryl. Auk þessa sendi Stefán J. Jónsson Einari Skarphéðni syni mínum, mjög fallett bréfspjald, áritað.¹

Í dagbók Magnúsar er stundum gerð grein fyrir ýmsum skemmtunum í firðinum, það er að segja öðrum en þeim sem tengdust kveðskap og rímum: „Knattspark höfðu Suðureyningar hvern dag er úti var fært og ekki var á sjó farið, var það fjörgandi og skemmtilegt. Sást slíkt ekki á ungdómsárum mínum – því miður –. Mundi það ekki hafa fengið góðan byr hjá eldra fólkinu, er niddi alla meðfædda fjördáð úr mér og öðrum, eins og það meгнаði – bölsýnisdraugarnir.“²

Í lok árs 1912 skrifaði Magnús velgjörðamanni sínum Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni í Reykjavík en hann hafði veitt honum ýmsan stuðning meðan hann sat í betrunarhúsinu. Bréfið varpar nokkru ljósi á líf Magnúsar eftir heimkomuna og sérstaklega hvernig hann sá hlutverk sitt:

Háttvirti, góði vin!

Innilega hjartans þökk fyrir veglyndi yðar og drengskap mér til handa, auðsýnt mér, þá er mér mest lá á. Mun ég lengi – einn af mörgum – minnst yðar kæru mannúðar og geyma nafn yðar með virðingu.

Eftir að ég fann yður í vor og síðan alla leið heim, leið mér ágætlega; síðan hefir mér liðið þolanlega, heilsan þó ekki góð. Í sumar hef ég verið við fiskvinnu, stundum í erfiði, en stundum staðið yfir vígt. Kaup 3 kr. á dag. Þegar ég er heima er ég við ritannir, sé ekki út úr því sem ég hef að gjöra af slíku. Ég er talinn „fræðimaður“ og eru því ýmsar kvaðir sem liggja á mér, sem fleirum slíkum, enn ekki gefur það ætíð „gull í mund“ eða „daglegt brauð“, og hefir svo lengi verið á „því ísa landi“.

Með bréfi þessu sendi ég yður rímur mínar af Fjalla-Eyvindi. Vildi ég mega biðja yður að koma þeim á prent, og til þess vil ég láta af hendi eignarrétt minn á þeim og gefa yður hann. Af rímum þessum hef ég selt nokkrar afskriftir og virðist sem fólk láti mikið í að heyra þær, með því að sagan er þjóðkunn og þjóðkær.³

Eins og sjá má vandar Magnús sig við skriftirnar og beitir þéringum eins og þá tíðkaðist í formlegum bréfaskriftum. Magnús lýkur bréfinu með þessum orðum: „Þætti mér hálf gaman að, sjá rímur þessar á prenti, að mér lifandi, því líklega fer nú að halla undan fæti, því nú er ég á 40. árinu.“⁴

Aður en Magnús fór suður til Reykjavíkur að afplána refsingu sína gerði

1 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 18. ágúst 1912.

2 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. september 1912.

3 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. október 1912.

4 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. október 1912.

hann upp ævi sína í örstuttu máli á eftirfarandi hátt: „Vorið 1900 flutti ég úr Súgandafirði í Ísafjörð, var síðan við, Ísafjarðardjúp í 10 ár: 1. veturinn á Úlfsá, 2 vetur á Grænagarði, 1 vetur á Kolbeinslæk í Álptafirði, 1 vetur á Torfnesi, 3 vetur á Ísafirði, 1 vetur í Hnífsdal og 1 vetur í Hólshreppi. Á þessu tímabili höfðu kringumstæður mínar verið sáraþröngar: sívarandi veikindi, skelfileg fátækt og opt vandræði með húsnæði, en þó gerði „lúkkum“ yfir í Bolungarvík, þar varð bikar mæðu minnar fullur og nenni ég eigi að minnst frekar á það.“¹

Árið 1913 eignuðust Magnús og Guðrún Anna sitt sjötta barn sem var stúlka og skírð Ásdís Þorkatla. Árið 1914 fengu þau til yfirráða húskofa sem þau gerðu að heimili sínu, en húsið nefndi Magnús *Próm*. Lítil breyting hafði orðið á kjörum þeirra; þau afar fátæk og þurftu að leita ásjár hjá vinum og vandamönnum auk þess sem hreppurinn hljóp undir bagga með þeim, en það var þrautalending. Magnús segir svo frá viðskiptum sínum við hreppsnefndina í desembermánuði 1914:

Og í rökkrinu kom einn hreppsnefndarmanna til mín, Friðbert kennari Friðbertsson og tjáði mér, *eptir sjö daga frá því ég beiddi um sveitarhjálpinu*, að ég mætti fá nauðsynjar mínar út í reikning Suðureyrarhrepps, við verzlun Á. Ásgeirssonar á Suðureyri. Tók ég svo vörur út á 27 krónur, 67 aura og var komið fram á vöku, er ég var búinn að basla við að koma þessu heim. Meðan ég tók vörurnar út, stóð Friðbert Friðbertsson yfir mér, eins og stór-*sakamanni*, og beiddi um vörurnar út í sveitareikninginn, handa mér og Guðrínu minni („vegna Magnúsar og Guðrúnar“) svo *þjöldi manna heyrði*. Fannst mér þetta nokkuð þungt. Og víst hefði mátt, og verið réttara, að hafa það öðruvísi.²

Árið 1916 átti enn að stía þeim í sundur vegna hjúskaparstöðu þeirra. Til þess kom ekki því Magnús Hj. Magnússon lést 30. desember 1916, þá 43 ára að aldri, eftir þunga sjúkdómslegu.

Í ágústmánuði árið 1917 var síðan haldið uppboð og allar eigur þeirra boðnar upp. Hreppurinn fékk sitt, kr. 354,65. Síðar meir kom í ljós að enginn lagabókstafur var fyrir uppboði af þessu tagi og óheimilt mun hafa verið að bjóða upp eiginhandrit fólks. Sjálfur hafði Magnús mælt svo fyrir að þau færu í Landsbókasafnið, en það hafði hann gert strax árið 1899 með þessum orðum: „Frumritaði ég *Arfleiðsluskrá* fyrir bækur mínar, *sem gilda skal eptir mig dáinn*, er hún svo hljóðandi: Rit mín öll skrifuð í bundnu og óbundnu máli gef ég, eptir minn dag, bókasafni Íslands í Reykjavík, skulu

1 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 3. júní 1911.

2 Lbs 2233 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 7. desember 1914.

þau upp frá því vera þess eiginleg eign. Meina ég hér rit þau sem ég er höfundur að. Einnig gef ég því rit þau er ég á og eignast kann sem aðrir en ég eru höfundar að, en sem ég hef skrifað upp, eða skrifa síðar upp. Prentaðar bækur sem ég á eða eignast kann eptir aðra en mig, skulu börn mín eignast ef einhver verða, annars skulu þau gefast umkomuminnsta eða gáfudum unglingi í þeirri sveit sem ég dey í. Botn í Súgandafirði. 3. nóvember 1899. Magnús Hj. Magnússon.“¹ Af eðlilegum ástæðum komst skjal þetta aldrei í hendur yfirvalda á staðnum en það lýsir vel vilja Magnúsar og innræti. Hann hafði gjarnan hugann við lítilmagnann, fólk sem bjó við svipuð kjör og hann sjálfur hafði þurft að þola alla ævi.

Það er skemmst frá því að segja að dagbók Magnúsar fór á vergang; hún dreifðist til fjölmargra aðila og er það á vissan hátt táknrænt fyrir höfund hennar í lifanda lífi. Einkalíf Magnúsar var jafnan fyrir borð borið og eini samastaðurinn – dagbókin, þar sem hann gat breitt úr sér að vild og viðrað dýpstu hugsanir sínar, var eftir dauða hans lögð fyrir fætur samferðamannanna, þeirra sem höfðu oft dæmt hann óvægilega og voru margir hverjir persónur í bók hans.

Eitthvað fer misjöfnum sögum af því hvernig dagbók Magnúsar komst í handritadeild Landsbókasafns. Eitt er víst að Gunnar M. Magnúss afhenti hana eins og fram kemur í aðfangabók deildarinnar, frá árinu 1929. Í blaðaviðtali við *Útvarpsblaðið* í tilefni af útvarpsþætti sem hann flutti um kveðskap Magnúsar segir Gunnar frá því hvernig bókum hans var safnað saman, en hafist var handa tíu árum eftir uppboðið: „[...] þá var ég staddur í Reykjavík og hitti Guðmund Finnbogason [landsbókavörð] að máli. Sagði ég honum frá ritverkum þessum, er væru í hrakningum, og kom þar, að ég stakk upp á því, að hann legði fram af hálfu Landsbókasafnsins lítinn sjóð, en ég freistaði þess að hafa upp á bókum þessum og kaupa handa safninu. Varð þetta að ráði og tókst allvel. Sumir gáfu og safninu bækur þær, er þeir áttu. Einn þeirra var Vilmundur Jónsson landlæknir. Var nú safnið allt komið í Landsbókasafnið og fyllti þar stórar hillur.“²

Fylgikona Magnúsar, Guðrún Anna, hafði nokkuð aðra sögu að segja af afdrifum dagbókarinnar í áðurnefndu viðtali við *Birting*. Guðgeir Magnússon blaðamaður spyr hvernig bækurnar hafi komist til skila: „Það sá Skarphéðinn um seinna – strákurinn var svo drífandi í sér; ekki nema sextán ára safnaði hann þeim öllum saman hjá pétri og páli, alls staðar út um plássíð; hann sagði við hreppstjóran: ef þú skilar ekki bókunum eftir nokkra daga,

1 *Lbs* 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 3. nóvember 1899.

2 „Evisaga Ljósíðings.“ *Útvarpsblaðið* 1:15 (1951), bls. 6-7.

ferðu beint í tugthúsið. Mikið var þetta gott hjá stráknum. Svo var þeim komið á safnið – lifandi ósköp var ég þá glöð og fegin.“¹ Enn ein útgáfa þessarar sögu kemur frá Kjartani Ólafssyni fræðimanni og fyrrverandi ritstjóra en hann hefur fyrir satt að Halldór Guðmundsson skáldyrðingur og vinur Magnúsar hafi safnað bókunum saman og afhent þær Gunnari á sínum tíma.² Hvernig svo sem dagbók Magnúsar rataði í geymslur Landsbókasafns er eitt ljóst að þeir sem stóðu að söfnun hennar eiga miklar þakkar skildar.

3. *Dagbókin*

Almenn einkenni

Nokkur atriði vekja sérstaka athygli þegar dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar er lesin. Í fyrsta lagi er greinilegt að Magnús hefur mjög ákveðið markmið með dagbókarskrifum sínum, markmið sem hann fer alls ekki leynt með. Gunnar M. Magnúss ræðir þetta atriði lítillga: „Magnús Hj. Magnússon hafði jafnan í huga, að hann var að skrifa fyrir lesendur framtíðarinnar. Hann vænti þess, að þeir reyndu að skilja lífsstarf hans sem gjöf til menningar og mennta íslenzku þjóðarinnar.“³ Sjálfur hygg ég að dagbókarskrifin hafi átt dýpri rætur í sálarfylgsni Magnúsar en þarna kemur fram. Það er engu líkara en með skrifum sínum hafi hann fundið leið, ef til vill ómeðvitaða, til að sigrast á því óréttlæti sem hann ávallt fann sig beittan á lífsleiðinni. Sú leið fólst í opinberun sinna dýpstu leyndarmála, að segja komandi kynslóðum umbúðalaust frá lífshlaupi sínu, og það gerði hann hiklaust. Þessi staðreynd vekur hins vegar upp ákveðnar spurningar í sambandi við gildi dagbókarinnar. Hvers konar heimild er hún og skyggir þessi sterka réttlætiskennd og tilfinningasemi Magnúsar á gildi hennar að öðru leyti? Með öðrum orðum: er hægt að treysta dagbókinni? Þessum spurningum verður svarað hér á eftir en grímulausar yfirlýsingar Magnúsar um markmið sín með skrifunum vekja aðdáun. Í júnímánuði 1911 kemur meðal annars þetta fram: „Margt orti ég og skrifaði á þessu tímabili og vildi ég óska, að það yrði einhverjum til nytsemdar, því ærið miklu kostaði ég til þess. Særður og þreyttur – og svangur – vakti ég við það marga stundina,

1 Guðgeir Magnússon, „„Það er margt í bókunum ...“, bls. 8.

2 *Viðtal* við Kjartan Ólafsson fræðimann og fyrrverandi ritstjóra í marsmánuði 1998. Þess má geta að Kjartan er Súgufirðingur að ætt og uppruna og hann er afar vel að sér um hagi Vestfirðinga að fornu og nýju, en söguna hafði hann eftir frænda sínum Friðberti Péturssyni bónda í Botni í Súgandafirði sem fæddur var árið 1909 og þekkti vel Halldór Guðmundsson.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið Á Þröm*, bls. 383.

þegar aðrir sváfu.“¹ Þó svo hér sé um að ræða dramatíska lýsingu Magnúsar á þessari iðju sinni þá fer ekkert á milli mála að dagbókin var hans eiginlegi lífsförunautur. Það má hugsa sér hana sem einhvers konar yfirlýsingu hans um lífið; langa og samfellda málsvörn um allt sem snertir daglegt líf hans.

Dagbókariðja sem rekin er áfram með þessu markmiði verður að teljast áhugavert sálfræðilegt fyrirbæri; að halda sama dampi öll þessi ár til þess að reyna að rétta hlut sinn fyrir eftirkomendum, er nokkuð sem erfitt er að skilja að fullu. Þó ber að varast að gera of mikið úr þessu atriði þar sem Magnús fékk margt annað út úr þessu grúski sínu, eins og tilfinningalega útrás sem hann greinilega skynjaði að hafði jákvæð áhrif á líf sitt. Dagbók Magnúsar er að þessu leyti mjög nútímaleg og verður hún að flokkast með þeirri tegund dagbóka þar sem höfundurinn notar hana sem sinn einkavin.² Í þessum flokki dagbóka sker bók Magnúsar sig þó úr þar sem höfundurinn lætur í raun allt flakka, án tillits til afleiðinga, að því er virðist. Verkið hefur einnig sérstöðu vegna þjóðfélagsstöðu Magnúsar; hann er utangarðsmaður í þess orðs fyllstu merkingu, og á alla sína ævi undir högg að sækja.

Ekkert fer á milli mála að Magnús skrifaði dagbókina með það í huga að hún yrði lesin því af og til ávarpar hann væntanlega lesendur sína. Eftir að hafa skrifað upp langa rímu og bætt við hana segir hann árið 1905: „Bið ég lesarann vel að virða þó ríman sé orðin næsta krössuð. Tel ég víst að menn á 20. öld eptir Krists burð, geti lesið þó svo sé.“³ Besti vitnisburður Magnúsar um dagbókina kemur fram er hann lýkur einu hefti hennar árið 1912 en þá var að draga að lokum fangavistar hans í Reykjavík:

Bók þessi, sem er 188 blaðsíður, er skrifuð í betrunarhúsinu í Reykjavík, frá 1. September 1911 til 31. Marz 1912. Mikill hluti hennar er skrifaður með kvölum – þollaúsum þjáningum.

Marga blaðsíðuna skrifaði ég útafliggjandi með stunum, sveittur af tilkenningu og skjálíandi af taugaveiklun. Enn löngun mín til að skrifa, var óstöðvandi. – Löngun til að athuga – og fræða aðra – var mér snemma í brjóst lagin. Það er þessari meðfæddu íþrótt að þakka að ýms rit mín (dagbækur) eru til orðin. Ég hef viljað gefa *eptirtíðinni hugmynd um nútíðina*. Og það er þetta, er vakað hefir mér við skrifstörf mín og vakir enn.

1 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 3. júní 1911.

2 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51–88.

3 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: Aftanmál 1905.

Þess vegna hefi ég leitast við að skýra sem réttast frá þessu og þessu atriðinu og vona ég að einhverjum auðnist að sjá og kannast við þessa viðleitni mína, og meðfædda löngun, til að segja sannleikann.¹

Varla er hægt að vera betur meðvitaður um eigin dagbókarskrif. Magnús var rekinn áfram af gríðarlegri ástríðu; hann var að heyja heilagt stríð, stríð sem byggðist á þeirri sannfæringu að hann myndi hafa sigur um síðir þegar saga hans yrði vegin og metin af óvilhöllum mönnum.

Annað atriði sem vekur athygli í sambandi við dagbók Magnúsar er það að hann hreinritar allar bækurnar. Ekki þarf að leita lengi í dagbók hans þessu til staðfestingar, því strax á titilsíðu fyrstu dagbókarinnar stendur eftirfarandi: „Hér hefir upp Dagbók 1893. Endurrituð og aukin 1897 af höfundinum, Magnúsi Hj. Magnússyni.“² Þá nefnir hann þetta stöku sinn- um í dagbókarfærslum sínum eins og í athugasemd sem hann skýtur inn í dagbókina eftir færslu 12. febrúar 1899: „Athugasemd: Vegna skjótfærni minnar, hefi ég í eptirriti Dagbókarinnar *hlaupið yfir* 31. janúar, fyrir þá orsök er ég um 12 undanfarna daga jafnan einum degi á *undan* tímanum, en að öðru leyti stendur hreinskript Dagbókarinnar að öllu leyti heima við frumritið.“³ Þetta er umhugsunar vert, svo ekki sé meira sagt. Spyrrja má hvaða þýðingu það hafi fyrir dagbókina sem heimild að höfundurinn skuli hreinrita hana og hvort sú hreinritun hafi einnig þýtt að hann hafi ritskoðað hana. Það eitt að hann skuli hafa fundið sér tíma til að halda dagbók er undrunarefni en að hann skuli hafa hreinritað hana frá upphafi til enda sætir beinlínis furðu. Í upphafi árs 1903 kemur eftirfarandi fram í dagbók Magnúsar: „Lauk ég við að auka og endurrita Dagbók mína um árið 1897 og byrjaði að auka og endurrita Dagbók mína um árið 1898.“⁴ Þetta hefur verið tímafrek iðja en hann hefur ekki hikað við að hella sér út í hana. Endurritun bókana sýnir hversu mikinn áhuga hann hafði á skriftum af þessu tagi; þær voru líf hans og yndi. Ljóst er að Magnús hefur ritað dagbók sína á laus blöð, því sem næst daglega, en haft löngun til að halda henni til haga í innbundinni bók. Þetta kemur óbeint fram í dagbókarfærslu frá 28. mars 1911: „Nú hafði ég fengið pappírsbók og sætti ég nú hverju tækifæri til að hreinskrifa Dagbók mína um árið 1910 (frá í Ágústmánuði til ársloka).“⁵

1 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. mars 1912.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

3 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

4 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

5 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. mars 1911.

Almennt hefur það talist dagbókum til tekna ef þær eru skrifaðar sama dag og atburðir gerast og án mikillar umhugsunar.¹ Hið krefjandi form dagbókanna, sem felst í hinum reglulegu færslum og stöðuga takti hversdagslífsins, verður yfirleitt þess valdandi að höfundar hafa ekki þrek né nennu til að sviðsetja atburði eins og mannskepnunni er annars tamt að gera þegar tími og umhugsunarfrestur er nægur. Þær eru því líklegri en flestar aðrar persónulegar heimildir til að vera skrifaðar frá hjartanu. Sendibréf, svo dæmi séu tekin, bjóða síður upp á slíka möguleika. Í tilfalli Magnúsar er þessu öðruvísi farið. Hann gefur sér þennan tíma og er það nánast fáheyrt í þessum fræðum.²

Ég er þeirrar skoðunar að þessi endurritun breyti í sjálfu sér engu í sambandi við heimildargildi dagbókarinnar. Þegar öllu er á botninn hvolft er það höfundurinn sjálfur sem er viðfangsefnið og hans sýn á veruleikann. Ef hann kýs að leggja í þá miklu fyrirhöfn að draga upp falska mynd af sjálfum sér (sem verður að teljast ósennilegt) þá er sú mynd orðin hluti af honum sjálfum og þýðingarmikil sem slík. Maðurinn er aldrei annað en hann telur sig vera og hver og einn á stærstan þátt í að móta sína eigin ímynd. Sú sköpun er í raun viðfangsefni sagnfræðingsins, og gefur dagbókinni gildi sitt. Atburðir og sérstök staðfræðileg tilvik eru ekki það eftirsóknarverðasta í dagbókunum heldur sýn dagbókarritara á lífið og tilveruna, og þar kemur Magnús fram af fullum heilindum.

Framan af færir Magnús daglega í dagbókina, stundum falla úr dagar en oftast nær hann að halda samfelldri frásögn. Upp úr aldamótunum tekur hann upp á því að rita yfirlit mánaðarins, án þess að tilgreina við hvaða dag sé átt. Þennan hátt hafði hann á dagbókarskrifunum um nokkurt skeið en hvarf síðan aftur að hefðbundnum dagbókarfærslum. Færslurnar fjalla langflestar um daglega viðburði í lífi Magnúsar og annarra sem honum tengjast. Hann greinir einnig frá ýmsu frétt næmu og segir oft sögur sem virðast hafa verið fleygar í samfélaginu í kringum hann og bregður þannig oft upp furðu greinargóðum samfélagslýsingum án þess að ætla sér það beinlínis. Mun minna fer fyrir færslum sem einkenna almennt dagbækur eins og fregnum af veðri og tíðarfari, gæftum og aflabrögðum og öðrum þeim þáttum sem fólk í sveitum var gjarnan upptekið af. Magnús lagði megináherslu á að tjá sig um það sem hann kynntist af eigin raun og gerði það gjarnan á hispurslausan hátt.

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 45–68.

2 Þetta er ekki einsdæmi því vitað er að menn á borð við Magnús Kristjánsson trésmið í Ólafsvík gerðu slíkt hið sama; hann endurritaði allar dagbækur sínar sem hann hélt í tæpa sjö áratugi, eða frá 1894 til 1963. Sjá *Lbs* 3994 4to – Dagbók Magnúsar Kristjánssonar.

Vert er að hafa í huga að það hefur verið erfitt fyrir mann eins og Magnús að halda dagbók, ekki aðeins vegna fátæktar heldur einnig vegna hinna stöðugu ferðalaga á milli staða; oft hafði hann engan stað til að geyma reytur sínar. Með öðrum orðum: Magnús átti oft erfitt með að geyma sína persónulegustu muni þannig að aðrir kæmust ekki í þá. Í raun má segja að allt líf Magnúsar hafi markast af þessu ósjálfstæði gagnvart umheiminum. Lengst af gat hann hvergi höfði sínu hallað og greip því til þess ráðs að hverfa inn í heim eigin vitundar sem hann fann vettvang á síðum dagbókanna. Slíkar voru raunir margra dagbókahöfunda, í það minnsta þeirra sem rituðu persónulegar dagbækur eins og Magnús Hj. Magnússon, það sanna dæmin.

Frásögn, texti og túlkun

Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar er mjög fjölbreytt að gerð; frásögnin margbreytileg, textinn lifandi og kjarnmikill og mat Magnúsar á mönnum og málefnum litríkt og byggt á skarpri athyglisgáfu. Með nokkrum sanni má segja að mál og túlkun dagbókarinnar sé það sem mesta athygli vekur. Í upphafi dagbóarskrifa sinna fer Magnús sér hægt og ritar nær eingöngu um gestakomur og heimilið sem hann dvaldi á árið 1893. Í ágústmánuði, fyrsta dagbókarár sitt, flytur Magnús í heimasveit sína og tekur við það tækifæri meðvitaða ákvörðun í sambandi við dagbóarskrifin: „Jeg hef nú hugsað mér, að hætta að skrifa allar gestakomur og svoleiðis, enda lízt mér svo á hér í Eyrardal, að ég muni ekki hafa mikið frísprok til að skrifa, nema þá á sunnudögum.“¹ Við taka yfirgripsmiklar og nákvæmar veurlýsingar og yfirgnæfa þær aðrar dagbókarfærslur um tíma. Sem dæmi má taka færslu frá 17. nóvember 1893: „Stíllt veður og himinþunnur framan af deginum, þikknaði svo í loptið og dimmdi með kafald (ofank.) en birti eptir nokkra stund, en um kvöldið þá orðið var dimmt gerði aptur ofankafald. Framan af deginum var 9 st. frost (á S.) en eptir það þikknið dró í loptið, var það að eins 5 st.“² Inn á milli ræðir hann einstaka atburði sem henda hann í daglegu amstri. Smátt og smátt færist hann í aukana og dagbókin breytist; við taka nákvæmar lýsingar á daglegu lífi Magnúsar og samferðamanna hans. Magnús nær furðu fljótt góðum tökum á dagbókarforminu og fullyrða má að dagbók hans sé með því áhugaverðasta sem nokkur Íslendingur á nítjándu öld lét eftir sig á þessu sviði. Í öllum þessum dagbókar-

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 14. ágúst 1893.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 17. nóvember 1893.

skrifum rís upp einstaklingurinn Magnús Hj. Magnússon í fullu veldi og sýnir sín mörgu andlit.

Hér á eftir er ætlunin að nota eitt stutt tímabil í lífi Magnúsar sem grunn við greiningu á texta hans, en þegar ástæða þykir til mun víðar verða leitað fanga á þeim 24 árum sem hann hélt dagbók. Í lok kaflans verður síðan fjallað vítt og breitt um ýmis einkenni dagbókarinnar. Fyrri hluti ársins 1899 hefur orðið fyrir valinu einkum vegna þess að þá hefur Magnús náð að móta dagbókarformið fullkomlega. Þá er seinni hluti ársins birtur hér á eftir í fullri lengd ásamt fyrri hluta aldamótaársins; lesandinn ætti því að fá, í kjölfar greiningar minnar, tækifæri til að leggja sitt eigið mat á seinni hluta ársins og byrjun þess næsta hér síðar í bókinni.

Í upphafi árs 1899 var Magnús við kennslu á bænum Gelti og greinir frá starfseminni þar í dagbókinni auk þess sem hann fjallar um kveðskap sinn.¹ Undir lok janúarmánaðar hélt Magnús af stað inn á Ísafjörð til að kaupa trúlofunarhringa fyrir sig og unnustuna Guðrúnu Önnu:

Strax um morguninn, með degi fór ég út í Seljadal til að vita um hjá manni, Guðmundi Elíasi Kristjánssyni, vinnumanni í Seljadal, hvort hann hefði fengið með skilum 10 kr. í peningum, sem ég sendi honum um haustið (1898), en sem hann lánaði mér síðastliðið vor, 1898, þá staddir báðir á Ísafirði. Peningarnir höfðu komið fram, og þakkaði hann mér mikillega fyrir skilsemina. Hélt ég síðan inn á Tanga og pantaði hringina hjá Helga gullsmið Sigurgeirssyni, og beið ég eptir þeim fram í mirkur, kostuðu þeir 25 kr. og 30 aura. – Á Ísafirði tók ég til að selja 14 eintök af ljóðmælaritinu „*Einfeldningur*“,“ er pabbi minn, Hjalti Magnússon hafði kostað á prent eptir sig fyrir nýár 1899. – Um kvöldið, í mirkri, hélt ég inn að Góustöðum við Úlfsá, og var þar um nóttina að Halldórs Ólafssonar og Sigurlínu Guðmundsdóttur, móður Magnúsar litla Helgasonar á Gelti. Um vökuna var ég að yrkja, og þótti skemmtun góð.²

Þetta er á margan hátt góð lýsing á því hvernig líf Magnúsar gekk fyrir sig á þessum árum. Þarna er unnustan komin í spilið og hún átti eftir að verða lífsförunautur hans allt til dauðadags. Dagbókin veitir ýmsa vitneskju um daglega hætti Magnúsar, hvernig hann hagaði lífi sínu í smáatriðum. Vinnan, veikindin og skriftirnar settu mikið mark á allt hans líf. Þannig segir hann eitt sinn frá daglegum háttum sínum árið 1909: „Ég vaknaði um nóttina kl. að ganga til 1 og fór að skrifa við týruljós. Var eðli mitt að rísa árla

1 Dagbókarfærslur Magnúsar fyrir þetta tímabil eiga við handritsnúmerið Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar frá 1. janúar 1899 til 29. apríl 1899.

2 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. janúar 1899.

upp og sjaldan seinna en kl. 4, en ef ég sofnaði aptur, svaf ég fast og vaknaði þá ekki fyrri en kl. um 7.“¹ Oft vakti hann um nætur og orti eða skrifaði upp fróðleik sem honum hafði borist.

Ferðalög Magnúsar voru einkennandi fyrir hann og hans fólk og fóru vaxandi eftir því sem á árin leið. Annað einkenni á Magnúsi kemur í ljós í tilvitnuninni hér að framan en það er heiðarleiki hans; frá fyrstu tíð leggur hann ofurkapp á að standa í skilum. Þetta atriði er mikilvægt í samhengi alls hans lífs, því þar var hann jafnan meðhöndlaður sem óskilamaður og vesalingur. Enn eitt má nefna í sambandi við ofangreinda tilvitnun en það er sú áhersla sem Magnús lagði á ættfræði og tengsl fólks. Þetta leiðir hugann að samfélaginu og gerð þess. Þarna þekkti fólk hverja hundapúfu, hverjir voru skyldir hverjum og hvernig.

Fleiri einkenni úr dagbókum Magnúsar má draga fram:

Með moldjelljum á vestan. Um morguninn trúlofaðist ég opinberlega unnustu minni, Guðrúnu Önnu Magnúsdóttir á Langhól. Síðan hélt ég frá Langhól, áleiðis til Keflavíkur til að kveðja þar. Jeg keypti flutning á Suðureyri, en gisti á Gelti við góðan beina, því flæði var, svo ekki var hægt að ganga fyrir Göltinn. Guðmundur bóndinn á Gelti, er maður gróinn að efnunum, og hefir það lengi legið í landi að Göltur hafi verið ríkisheimili, og ófriða heimili. Guðmundur Ásgrímsson er þó stillingarmaður mikill, en kona hans ærin svarri.

Ég á Gelti eitt sinn var,
um sem kveykjast ræður,
Ófriður og Auður þar,
eru svarnir bræður.²

Magnús er ófeiminn við að gefa fólki og heimilum einkunnir og hika ekki við að segja álit sitt á mönnum og málefnum. Þetta gefur dagbók hans aukid gildi og segja má að fyrir bragðið verði að telja hana ómetanlega heimild. Rétt til að gefa mynd af lýsingum Magnúsar má taka færslu frá upphafi ársins 1896, en þá var hann til heimilis á Lambadal við Dýrafjörð en lýsingin á við húsbóndann á nágrannabænum Kjaransstöðum: „Kona Þórðar á Kjaransstöðum hét Sigríður, væn kona og vel látin; hét barn Þórðar og Jónínu eptir henni, var það efnilegt. Átti hann Þórður við konu sinni 7 börn, en hann missti þau öll á *einni viku utan eitt og konuna líka*. Töldu margir það mátulegt fyrir Þórð sökum heiptar hans og fárórða. Hafði hann

1 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. september 1909.

2 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 30. janúar 1899.

og verið illur konu sinni svo orðlagt var. Af börnum þeirra var það hið aumingjalegasta sem lifði og var það Friðfinnur, nú orðinn duglegur maður og kynnir sig vel.¹ Hér opinberast hugarfar og hugsun fólks á greinarbetri hátt en oftast er í heimildum á borð við dagbækur. Segja má að dagbók Magnúsar sé full af fróðleiksmolum af þessu tagi og því hrein náma fyrir sagnfræðinga svo ekki sé minnst á hvaða efnivið skáldin hafa í höndum, samanber Halldór Kiljan Laxness.

Mergjaðar mannlýsingar koma víða fyrir í dagbókum Magnúsar og ætla ég að taka eitt dæmi frá upphafi árs 1911, en þar er Magnús að lýsa nýjum húsbónda Guðrúnar Önnu fylgikonu sinnar á Nordureyri við Sógandafjörð: „Kristján Sigurðsson, seinni maður Guðjónu, var hraustmenni mikið og drengur góður, sjálfstæður vel, stundum findinn í svörum, stórleitur í andliti með lágt nef og var svo sköpulag þeirra frænda.“²

Ekki verður lengi lesið í dagbókinni uns kveðskap ber á góma en honum skeytti Magnús oft inn í færslur sínar. Þetta eru aðallega tækifærisvísur sem ekki eru mikils virði í sjálfu sér en gefa þó til kynna hvers konar andríkti meðal fólksins; þær segja frá hversdagslegu amstri manna og kvenna á Vestfjörðum á þessu tímabili. Magnúsi verður ekki skipað á bekk með öndvegisskáldum, þvert á móti verður að draga þá ályktun að hann hafi lagt lag sitt við listagyðjuna á allt öðrum forsendum en fagurfræðilegum; kveðskapurinn veitti honum fyrst og fremst hugarró og yndi. Um kvæði hans mun Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþingismaður hafa sagt: „að þau væru liðug og ort af meðfæddri gáfu, samt væru þau ekki bókmenntunum til prýði, þó yrði þau prentuð.“³ Magnús fékk ljóð sín prentuð hjá Skúla og skeytti ekkert um álit hans. Gæði þeirra segja heldur ekki alla söguna. Ljóðin eru ekki síst vitnisburður um hugarheim Magnúsar, ekki vegna innihalds þeirra, heldur miklu frekar vegna þess hversu heillaður hann var af ljóðlistinni. Þessi hugaríþrótt sem Magnús lagði allt kapp á að stunda bergmálaði löngun fjölmargra samferðamanna hans eftir samskonar hugðarefnum. Þess vegna hafði Magnús nokkrar tekjur af kveðskap sínum og engum blöðum er um það að fletta að hann naut nokkurrar virðingar meðal almennings vegna skáldgáfunnar:

Nú kómu menn daglega til mín að biðja mig að kveða fyrir sig, af þeim má nefna: Gamalíel Friðfinnsson snikkara í Súðavík, Zoffaníus Friðrik Andrés-son vinnumann hjá Bergsveini smíð Ólafssyni bónda í Súðavík, Benjamín

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. janúar 1896.

2 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. janúar 1911.

3 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 26. apríl 1896.

Valgeir Jónsson vinnumann í Súðavík og Einar Einarsson (hreppsnefndar-
manns Jónssonar) vinnumaður á Kleifum í Seyðisfirði. Fyrsta dag Einmán-
aðar kvað ég 5 vísur fyrir Gamalíel snikkara til Zoffaníusar Fr. Andrés-
sonar og Helga kjaptaskálds í Tröð, höfðu þeir búið til skammakvæði, illa
hugsað og gert, um Grím barnakennara Jónsson í Súðavík og Guðmund
Bergsveinsson smið s. st., og mæltist það illa fyrir.¹

Að auki orti Magnús fyrir fólk af ýmsu formlegu tilefni, eins og erfiljóð
eða ástarljóð, og fékk greitt fyrir. Jók Magnús kveðskapargerð af þessu tagi
eftir því sem árin liðu og varð all eftirsóttur í upphafi tuttugustu aldar.
Magnús nefndi sig gjarnan *skáldyrðing* og tók þá til orða á þennan hátt:
„Gátum við skáldyrðingarnir ekki orða bundist og ortum vísur um eins og
hér segir.“² Vinkonu sína Guðrúnu Halldórsdóttur nefndi hann *skáldmey*,
en hún var mjög ung að árum, og til frekari skýringa benti hann á innan
sviga að hún hafi verið söguskáld þar sem eftir hana lágu skáldsögur. Sjálf-
ur var Magnús ekkert óánægður með hæfileika sína: „Ýmsar gamlar vísur
eptir mig lifðu í minnum manna í Súgandafirði.“³

Hvað sem segja má um kveðskapinn verður ekki frá Magnúsi tekið að
orðfæri hans var óvenju kjarngott og skýrt. Um það mætti taka mörg dæmi
eins og þegar hann lýsir raunum þeim sem ferðalangar komust í á fjöllum
á útmánuðum árið 1896: „Var ófærðin aldrei minna en í klyttur og brók-
arlinda.“⁴ Mörg skemmtileg orð og orðasambönd koma fyrir í dagbókum
Magnúsar og hef ég nú þegar nefnt orð eins og skáldyrðingur, skáldmey og
bæta mætti við sem dæmi orðinu *fanggæsla*. Um það segir Magnús:
„Aðeins fyrir tveimur árum var byrjað á í Súgandafirði að hafa *fanggæzlur*.
Í Öndarfirði voru enn engar fanggæzlur.“⁵ Fanggæsla er manneskja sem
gætir matfanga heimilisins, nokkurs konar bústýra eða ráðskona í verstöð.
Og Magnús hafði enn fremur sitt álit á því hvernig málfar, stíll og stafsetn-
ing ætti að vera og má í því sambandi nefna dæmi frá árinu 1904 er hann
ræddi útkomu blaðsins *Ingóífs* sem Bjarni frá Vogu ritstýrði: „Blaðið líkaði
mér vel nema stafsetning þess, hana kunni ég illa við.“⁶ Tæplega áratug
síðar var hann á ferð með syni sínum og komu þeir að bænum Laugum:
„Sýndi ég honum *laugina*, sem er skammt fyrir utan Lauga-túnið og sem

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: mars 1904.

2 Lbs 2224 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 3. maí 1907.

3 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 22. febrúar 1911.

4 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 29. febrúar 1896. Saga sú sem Magnús
segir af þessu ferðalagi er mögnuð en ekki er hægt að rekja hana hér.

5 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. apríl 1911.

6 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: apríl 1904.

bærinn að líkindum dregur nafn af. Nafnið Laugar er vanalega ranghneigt í daglegu tali á Vestfjörðum, optast haft í fleirtölu karlkyns („Laugarnir“) en ætti að kvennkennast: Laug eða Laugar (í fleirtölu). Má vera að laugarnar hafi áður verið tvær, þó nú sé ekki nema ein; samkvæmt því er rétt að nefna Laugar eða á *Laugum*.“¹

Í dagbók sinni tekur Magnús oft afar skýra afstöðu ekki aðeins til manna heldur einnig málefna og atburða. Oft eru dómur þeir sem hann fellir fróðlegir og lýsandi fyrir áhugamál hans, skapferli og rökhusun. Eitt dæmi skal tilgreint frá árinu 1904, en þá er hann að segja frá styrjöld Japana og Rússa: „Í þ.m. var geysileg blóðsúthelling utanlands milli japana og Rússa og skal lítið vikið á það: Vóru sífelldar orrustur og stundum barist hvíldarlaust marga daga í einu. Valurinn var ægilegur: allar dældir fullar af blóði og mannbúkum og fjöldi dauðra manna hlóðst ofan á hina standandi er vóru að berjast. Mátti Jöpunum betur. – Hefðu fornsögur vorar lýst slíkum bardaga mundu allir ekki hafa trúað því, þar sem mest af þeim eiga að vera „ýkjur“ og „lygi“. En ég hygg að orrustu sé varla svo berlega lýst að hún sé þó ekki í raun og veru enn ægilegri, því fáir lýsa sálarstríði manna þeirra sem í orrustunum eru.“² Þennan hildarleik setur Magnús að sjálfsögðu í það samhengi sem hann þekkti best og ræðst um leið á þá sem vildu draga í efa sannleiksgildi Íslendinga-, riddara- og fornaldarsagna. Hér hafði hann fengið sönnun fyrir því að þær gætu staðist.³ Innsæi Magnúsar og ímyndunarafli er mikið eins og síðasta athugasemdin gefur til kynna.

Ef við snúum okkur aftur að árinu 1899 þá réði Magnús unnustu sína í vist að Botni hjá Jóhannesi hreppstjóra og segir síðan svo frá:

Síðan, eptir það ég hafði skrifað bréf til unnustu minnar, hélt ég frá Botni sem leið liggur yfir Grímdalsheiði, og út á Flateyri, og ætlaði að kaupa þar flutning, en fékk engan til að flytja mig, svona eru Flateyringar þjóðlegir!! Þess skal og getið, að ókunnugur maður, Sunnlendingur Jóhannes að nafni, hafði komið í kaupstaðinn um daginn, og beiddi að selja sér flutning yfir í Valþjófsdal, en hann fékk *engan* til að flytja sig, og varð hann svo að ganga inn á ís. Lofsvert göfuglyndi Flateyringa við vegfarendur!!! – Jeg snerist sem bráðast frá Flateyri aptur, inn Hvylftarströnd, og gisti á Kaldá um nóttina við góðan beina Reinhardar Kristinssonar og Anikku Magnúsdóttur húsbænda þar. Um kvöldið (vökuna) var ég beðinn að spyrja út úr barna-

1 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 27. júlí 1912.

2 *Lbs* 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: september 1904.

3 Um þennan þátt í íslenskri menningu hefur Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur fjallað í afar athyglisverðri bók sem hann nefnir *Heijan og hífundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu* (Reykjavík, 1998).

lærdómi unglinginn Lúðvík Emil Jónsson, sem staðfestast átti um vorið, 1899; gerði ég það, og kláraði drengurinn sig fremur vel, en óvaninn var hann að leysa úr lærdómi sínum.¹

Hér kemur fram annað einkenni á texta Magnúsar en það er hversu sterka réttlætiskennnd hann hefur. Hann virðist stöðugt vera að reka sig á vegg og tjáir sig miskunnarlaust um viðmót samferðamanna sinna. Þá er einnig athyglisvert að hann skuli vera fenginn til að fara yfir námsefni drengsins og sýnir það svo ekki verður um villst að hann naut ákveðins trausts hjá almenningi. En Magnús tjáði sig ekki aðeins ef hann var beittur órétti; hann felldi gildisdóma jafnt um menn sem málleysingja og hikaði ekki við að geta þess sem vel var gert. Í nóvembermánuði 1893 kemur meðal annars þetta fram í dagbók hans: „Gott veður, en mikið frost. Fór ég ofan í Tröð og skilaði Snorra-Eddu. Fékk ég beztu viðtökur hjá frænku minni, Sigríði Þórðardóttir konu Guðmundar Hjaltasonar; ég fæ annars *beztu viðtökur* hvar sem ég kem hér.“²

Áður var minnst á að Magnús hafi fengist mikið við kennslu. Þar þurfti hann að gefa fólki vitnisburð og gerði það án þess að hika: „Allar eru dætur *Rakelar* góðar hæfileikum búnar, en Halldóra er mjög þar fyrir neðan.“³ Daginn eftir, 15. febrúar 1899, segir hann svo frá: „Bezta veður. Öskudagur. Gaf ég börnunum frí, en var sjálfur við ritannir.“ Magnús lagði mikið á sig við kennsluna og virðist hafa tekið hlutverk sitt mjög alvarlega. Hann flutti gjarna skólasetningar- og skólaslitaræður yfir nemendum sínum, þó þeir næðu sjaldnast að fylla tuginn, og velti mikið fyrir sér almennum uppeldisfræðum: „Opt er talað um, að börn séu slæm við mæður sínar, en hins er sjaldnar getið hvernig sjálfar mæðurnar breyta við þau hin sömu börn. Þegar barnið er komið til vits og farið að fá dómgreind, tekur það ekki síst eptir framkomu móðurinnar, og sjái það rangsleitni í framkomu hennar, gagnvart sér, er öll von til að það geti ekki borið þá virðingu fyrir henni sem æskileg þykir. Barns sálin er viðkvæm og finnur skjótt gallana, eigi síður en kostina, og væri óskandi að mæður vildu gæta þess, betur en víða á sér stað.“⁴ Undir lok ævi sinnar tók Magnús saman ýmsar upplýsingar fyrir annan mann um skólastarfið í Súgandafirði og lýsir þar meðal annars kennurum staðarins: „Magnús Hjaltason (er skrifar sig Magnús Hj. Magnússon) kenndi í Keflavík, Gelti og Norðureyri 1898-99 og 1899-1900.

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 4. febrúar 1899.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. nóvember 1893.

3 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 14. febrúar 1899.

4 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 16. júní 1912.

Hann lét börnin lesa rækilega yfir á morgnana, það sem þau áttu að skila, en yfir heyrslan byrjaði kl. 10 f.h. og stóð yfir til kl. 3 e.h. Á því tímabili fengu börnin ekkert frí utan er þau fóru til nauðsynja sinna. Frá kl. 5 til 7 voru þau að læra, það sem þau áttu að skila daginn eftir. Námsgreinar: Lestur, skript, kristinfræði og reikningur. Vitnisburður gefinn í eitt skipti fyrir öll: þegar kennarinn sagði upp kennslunni.“¹

Uppnefni eða viðurnefni á fólki virðast hafa verið algeng meðal samferðamanna Magnúsar. Dæmi um þetta eru mörg og má þar nefna frásögn Magnúsar frá 19. febrúar 1899: „Var ég boðinn í afmælisveizlu Guðjóns litla Jónssonar (Guðmundssonar fingralausa) í hærri bænum á Brekku. Gaf ég honum í afmælisgjöf *Þrjár sögur* eftir Gest Pálss.“² Þess má geta að barnið var fjögurra ára gamalt! Lögmál nafngifta af þessu tagi eru óljós en greinilegt er að þær voru mjög tíðkaðar á Vestfjörðum.³ Annars virðist Magnús hafa verið nokkuð upptekinn af ýmsum sérkennilegheitum í mannlífinu og áhugi hans á þeim leiðir okkur til að mynda í allan sannleika um það hvernig stóð á uppnefni Jóns. Þegar Jón þessi fingralausi flutti ásamt konu sinni og syni frá Brekku, bænum sem Magnús hafði dvalið á í nokkur ár, þá gerði Magnús allitarlega grein fyrir fjölskyldu Jóns. Fram kemur að Jón hafi átt þrjá bræður og eina systur. Um þau segir hann síðan í færslu hinn 20. mars 1899:

[...] og eru þau öll *vansköpuð* utan Jón Hólmsteinn, sem er réttsskapður. Skal ég nú nákvæmlega lýsa sköpulagi Jóns á Brekku, því honum er ég kunnugastur. Hann (Jón á Brekku) hefur á hægri hendi litla-fingur og græðifingur, sem eru *jafnlangir og grónir hvor í annan*, eru neglur á þeim báðum og jafnstórar. Aðrar fingur hefur hann ekki á hendinni, utan stúf úr holdi einu, sem stendur neðanvert í handarjaðri og móts við miðjan lófa, mun hann knapplega vera þriggja þumlunga langur og engin nögl er framan á honum, enda er stúfurinn *ekki* líkur fingri, álíka digur og úlfliður á 6 vetra gömlu barni, en mjórri framan. Á vinstri hendi hefur Jón á Brekku þumalfingur, sem er þó lengri en á öðrum mönnum, og boginn framan inn til neiparinnar, og í litlafingursstað hefur hann stúf einn lítinn, liðamóts-

1 Lbs 2230 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 29. janúar 1913.

2 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. febrúar 1899.

3 Mér er ekki kunnugt um hvort gerðar hafa verið rannsóknir á uppnefnum fólks hér á landi en nokkuð hefur verið skrifað um lögmál mannanafnagjafa. Sjá Monika Magnúsdóttir, „Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta níttjándu aldar.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritsstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 120-121. Sjá einnig Ólöf Garðarsdóttir, „You Know My Name! Naming Practices and the Importance of Kinship Network in Early Nineteenth-Century Iceland.“ *Væntanleg í History of the Family. An International Quarterly* 2 (1998).

lausan, en að digurð er hann líkur og á öðrum mönnum; aðra fingur hefur hann ekki. Öll eru systkini þessi líka táalaus, svo sem þau eru fingra laus; skal ég skýra frá hvernig Jón á Brekku hefur fætur, en báðir fæturnir eru í sköpulagi næstum eins: beinskagar tveir ganga fram úr fætinum, í stórutáarstað og litlutáarstað, mætast þeir fyrir miðjum fætinum, og beygjast þar saman og hringast inn í fótinn, því svo er sem kringt sé úr fætinum fyrir ofan þar sem nefndir beinskagar kringast í fótinn. Er fóturinn (fæturnir) til að sjá líkast klaufum á kú. – Á Ólaf vantar *mest*, því á hægri hendi hefur hann að eins litlafingurinn einn, og *engan* stúf annan á þeirri hendi.

Jón á Brekku hefur átt með konu sinni 4 börn, og hafa 2 af þeim verið vansköpuð, en 2 réttköpuð og er Guðjón Elías þeirra annað. Sara, systir bræðra þessara, á 2 dætur á lífi, og eru þær báðar vanskapaðar. Öll eru systkin þessi dugnaðarmanneskjur og vel viti borin.¹

Sterkar mannlýsingar og kostuleg uppnefni eru ekki einu einkennin á texta Magnúsar; nöfnin sjálf eru sömuleiðis afar sérstök: „Par og þá missti Gróa dóttur sína Kongordíu Vegmeyju Eiríksdóttur, efnisstúlku [...].“² Margir kannast örugglega við þetta nafn úr *Heimsíjósi* Laxness en þau eru fleiri nöfnin: Magnína Júna Rósamunda, Júlíus Sesar Þorsteinsson, Íney Friðmey Alvilda, Mikkalína Sturludóttir og Albínus Þ. Líndal, svo nokkur dæmi séu tekin.

Umhverfi Magnúsar var mótað af alþýðumeningunni í ríkara mæli en ætla mætti í fyrstu. Í dagbók sinni segir hann óbeint frá þessari menningu sem endurspeglast í hinum óvenjulegu mannanöfnum, nöfnum sem ekki er að finna annars staðar á landinu. Magnús hafði skýringuna á reiðum höndum: „Þá leigði í sama húsi og Kristín Tormóna Ebenezersdóttir af Hornströndum (nafnið úr Tístransrímmum eptir Sigurð Breiðfjörð), ógipt kona [...].“³ Ástæða er til að ætla að rímurnar hafi lifað lengur á Vestfjörðum en annars staðar á landinu, en þær voru margar ortar upp úr fornaldarsögum og rómönsum. Hetjur þeirra höfðu margar sérkennileg nöfn sem fólk á tímum Magnúsar hafði á hraðbergi. Hvað var því eðlilegra en að skíra í höfundi á þeim?

Í mörgum mannlýsingunum felast oft ótrúlegar sögur og mikil vitneskja um fortíð og samtíð Magnúsar. Til dæmis má taka eftirfarandi frásögn sem hefst með umfjöllun um handritauppskriftir sem hann segir jafnan samviskusamlega frá, en hér leiðir hún til mannlýsingar:

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 20. mars 1899.

2 Lbs 2224 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 4. september 1907.

3 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 11. desember 1905.

Gott veður, heiðbjart og stillt. Í þ.m. skrifaði ég upp *rímur af barndómi Jesú Krists, eða Maríurímur*, ortar 1654 af sr. Guðmundi Erlendssyni presti á Felli í Sléttuhlíð í Hegranesþingi. Eru þær rímur mjög óvída til. Í þessari sýslu (Ísafjarðar-) veit ég að eins af þeim í tveimur stöðum og er önnur afskriptin í eigu Sighvatar á Höfða, en hin er sú sem ég hef skrifað eptir, og er hún líka komin frá Sighvati og rituð með hans eiginhendi, en er nú eign Sveinbjarnar Kristjánssonar lausamanns á Flateyri. Sveinbjörn er kominn yfir þrítugt að aldri, með góða hæfileika til sálar og lífs, á fyrri árum hans, í Dýrafirði viltist hann í óveðri og lá úti, en komst seint um síðir skrifðandi á hnjám og höndum með þjáningum, heim til bæja; í þeim hrakningum kól hann svo að taka varð af honum aðra hendina, hina hægri, við olnboga, og svo framan af fingrunum á hinni vinstri, er hann því einhentur síðan, en getur þó gjört ótrúlega margt. Hefði hann ekki orðið fyrir því óhappi að missa hendina, hefði hann orðið meðal annars þjóðhagi á tré og járn. Hann (Sveinbjörn) er all-glaður í viðmóti, skemmtinn og fyndinn.¹

Þessi lýsing er ágætt dæmi um hvernig hinn forni menningararfur varðveittist í uppskriftum fólks öld fram af öld. Þráðurinn rofnaði aldrei. Fræðimennirnir leituðu hvern annan uppi, sóttu í félagsskap hvers annars og deildu með sér hinu sameiginlega áhugamáli, fræðunum. Það var þeirra yndi og oft eina yndi. Það er afar athyglisvert að á frekar afmörkuðu svæði á Vestfjörðum var að finna drjúgan hóp fræðimanna og skáldyrðinga og er ástæða til að ætla að þeir hafi mótað að stórum hluta menningarheim alþýðunnar. Nokkra af þessum mönnum má telja „ofurfræðimenn“ og er þá einkum átt við Sighvat Grímsson Borgfirðing, Þórð Þórðarson Grunnvíking, Magnús sjálfan og bræðurna úr Strandasýslu, þá Halldór og Níels Jónssyni. Þessir menn vissu allir hver af öðrum og í einhverjum skilningi má líta á þá sem ígildi menningarstofnana, þar sem þeir dældu út efni til almennings, söfnuðu saman og varðveittu ýmiss konar fróðleik, unnu fræðigreinar í ættfræði, byggðasögu eða öðru sem tengdist sögu og birtu í blöðum um allt land. Það er óhætt að nefna þá „prentsmiðju fólksins“. Áhrifa frá iðju þessara fræðimanna gætti vafalítið víða en færa má rök fyrir því að þau hafi verið stórlega vanmetin þegar framgangur íslenskrar alþýðumenningar hefur verið rannsakaður.

Ef síðasta tilvitnun er skoðuð enn frekar má sjá að inn í frásögn Magnúsar slæðist þessi örlagasaga af Sveinbirni sem varð fyrir því óláni að missa aðra höndina. Magnús kenndi jafnan í brjóst um þá er höfðu á ein-

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. febrúar 1899.

hvern hátt orðið undir í lífinu. Hann hafði meðaumkun með lítilmagnanum og fór nær alltaf hlýjum orðum um hæfileika þeirra og tilvist. En Sveinbjörn hafði neista sem Magnús kunni að meta, fræðineista sem tengdi þá traustum böndum. Nokkrum dögum eftir þessa færslu, hinn 5. mars 1899, segir Magnús svo frá: „Jeg hélt frá Lambadal aptur út að Höfða til *Sighvats fræðimanns Grímssonar (Borgfirðings)* og gisti að hans um nóttina; svaf ég hjá Sighvati sjálfum, og bar margt á góma.“¹ Já, fræðimennirnir náðu sannarlega vel saman og það er engu líkara en að þeir Sighvatur hafi ekki getað séð hvor af öðrum og viljað nýta tímann vel!

Það yndi sem Magnús hafði af samneyti við aðra fræðimenn kemur fram á margan hátt. Hann tók til dæmis saman skáldatal, og taldi þar upp öll þau skáld sem hann þekkti, eða *skáldyrðinga* eins og hann nefndi þessa þjáningabræður sína.² Alls voru þeir 210 að tölu á öllu landinu samkvæmt skrá Magnúsar. Magnús bar ekki aðeins virðingu fyrir þessum mönnum heldur héldu þeir mjög hópinn. Magnús var aldrei kátari en þegar hann var sóttur heim af skáldyrðingi. Þegar þeir féllu frá voru þeir mæðir: „Um vorið andaðist í Önuðarfirði (á Vöðlum?) Júlíus Sesar Þorsteinsson Breiðfirðingur, skrifari mikill, fæddur 12. júlí 1841. Hann var hár maður vexti og fornmannlegur á svip, skýr og fróður, þægilegur jafnan og orðheldinn. Ekki var honum kennt að skrifa í æsku og sjálflærði hann þá list um þritugsaldur, og var hann þá sjómaður (við róðra) suður undir Jökli, en síðar skrifaði hann afarmikið, einkum rímur og sögur og er hann með þeim mestu í þeirri grein. Hann ritaði fallega og skilmerkilega hönd.“³ Magnús gerði jafnan grein fyrir því ef leiðir þeirra Sighvats Grímssonar Borgfirðings lágu saman svo og Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings og fleiri sem töldust til alþýðuskálda og fræðimanna.

Öðrum skáldum og verkum þeirra hældi hann ef honum þótti ástæða til: „Nýskeð voru prentaðar í Reykjavík: Rímur af Ingólfi landnámsmanni („Ingólfs rímur“) ortar af Símoni Dalaskáldi og með mynd hans framan við. Áhugi og dugnaður þess manns, við þessa ágætlega þjóðlegu list, rímnakveðskapinn, er aðdánlegur, og rétt einsdæmi á þessum tímum. Mun

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. mars 1899.

2 Lbs 2235 4to – Gríma: „Skáld og hagnyrðingar á Íslandi 1902-03.“ Í bréfi sem Magnús sendi Þórði frænda sínum Þórðarsyni Grunnvíkingi lætur hann í ljósi skoðun sína á því hvernig hann er titlaður: „Blessaður, vertu ekki að skrifa mig sagnfræðing, því ég tek það fyrir háð, sem það og líklega er, því skens er mér alla tíð illa við. Það gjöri ég ekki öðrum.“ Bréf Magnúsar Hj. Magnússonar til Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings, ritað á Suðureyri 17. mars 1913. Í vörslu Ástu S. Reynis (E).

3 Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. ágúst 1910.

heilsa Símonar nú vera í góðu lagi, þar sem hann hefir afrekað slíkt verk á ný. Lengi lifi minning Síms. Dalaskálds!“¹ Nokkrum dögum síðar segir hann frá dauða tveggja merkra fræðimanna: „5. þ.m. fórst bátur á Steingrímsfirði. Formaður: Sigurður Kárasón úr Bolungarvík. Hásetar: Halldór Jónsson bóndi í Miðdalsgröf, Jón E. Magnússon unglingspiltur í Steingrímsfirði og Sæmundur Benediktsson úr Bolungarvík, roskinn maður giptur, hógvær í lund og drengur góður.“² Þarna segir Magnús frá fráfalli Halldórs Jónssonar dagbókarhöfundar sem ég hef fjallað nokkuð um í rannsóknnum mínum.³ En Magnús hafði ekki lokið sér af þennan daginn: „Þann 20. þ.m. andaðist í Reykjavík hinn alkunni fræðimaður Jón Borgfirðingur, 86 ára gamall. Hann var einn af mestu forsvarsmönnum rímnakveðskaparins; er hans því sárt saknað af öllum, er unna slíkri snildarlist. Jón bókfræðingur var mikill maður vexti og fornmannlegur á svip. Ég sá hann einusinni, á Höfða í Dýrafirði sumarið 1895. Ég var þá staddur hjá Sighvati Gr. Borgfirðingi, fræðimanni á Höfða. Pangað kom og Jón Borgfirðingur, á fund Sighvatar, en hafði stutta viðdvöl, því hann var á ferð með gufuskipi er kom snöggvást inn til Þingeyrar.“⁴ Jón var ekki aðeins vinur Sighvatar því sonur hans Finnur Jónsson prófessor við Kaupmannahafnarháskóla hélt miklu og nánú sambandi við hann eins og raunar við fleiri fræðimenn á þessu svæði.

Pegar Halldór Jónsson í Miðdalsgröf féll frá leitaði Níels bróðir hans til Þórðar Þ. Grunnvíkings í sambandi við að koma verkum hans á öruggan stað. Svarbréf Þórðar hefur varðveist og birti ég það í bók minni *Menntun, ást og sorg*, en það varpar skýru ljósi á það samband sem skáldyrðingarnir höfðu sín á milli, bæði nær og fjær. Hér á eftir birti ég stærstan hluta bréfsins:

1 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. október 1912.

2 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. október 1912.

3 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, *Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfssævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar (Reykjavík, 1997). Nokkru síðar bendir Magnús á að hann hafi fengið bréf frá Þórði frænda sínum og þar kemur meðal annars þetta fram: „Nýlega hafði Þórður Þ. Grunnvíkingur ritað æfiminningu Halldórs Jónssonar, fræðimanns í Miðdalsgröf, er druknaði í mannskaðanum á Steingrímsfirði 5. október þ.á.; er ritgerð sú prentuð í 43. tölublaði „Vestra“ þ.á. Segist Þórði þar vel. Nokkrar vísur hafði Þ. Grunnvíkingur og ort eftir Halldór fræðimann.“ *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. nóvember 1912. Sjá Þórður Þ. Grunnvíkingur, „Eftirmæli.“ *Vestri* XI. árg. 43. tbl. 2. nóvember 1912, bls. 170.

4 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. október 1912. Þess má geta að út á spássiðuna er strikað undir orðið *mikill* rétt á undan *maður* og bætt við *lítill*, enda mun Jón Borgfirðingur hafa verið lágur maður vexti.

Með Innilegar þakkir fyrir bréfið þitt frá 3. þ.m. það var annað það besta bréf sem ég hef fengið á æfi minni, hitt var frá Sighvati Gr. Borgfyrðing hin flest önnur bréf mín met ég svo sem einskis þeir sem skrifa Vanalega heilsa fyrst. byrja svo á Kúm hestum, hundum og sv. fv. komast vanalega af þessu efni 4-5 línur þá eru þeir þrotnir að öllum andans efnum eru því vanalega bréfin oftast þar með búinn þeim flestum til leiðinda sem móttaka ef þeir eru að mínu sinni. En það er vest að þér er frá minni hendi ekki hægt að svara að maklegheitum mér þótti ákaflega vænt um bréf þitt að öllu leiti er svo vel fræddi mig um Halldór sál. ég ritaði því bréfið orðrétt upp í Dagbók mína með skýringum á því sem mér þótti við þurfa ég minnst í vetur á Halldór sál. við doktor Jón Þorkelsson landskjalavörð, ásamt ýmsum merkuðum mönnum öðrum. Svo hefur Samúel Guðmundsson í Miðdalsgröf beðið mig að senja við hr. d. Jón um kaup á bókum H. sál en það vil ég ekki gera, að öðru leiti en því að ég lofaði Samúel að skrifa d. Jóni og láta hann vita að þarna væri fróðlegt bókasafn geta þeir svo sjálfir ást við um kaupin, þar vil ég vera laus við nú hef ég nýlega fengið bréf frá d. Jóni mjög vinsamlegt þar segist Jón hafa skrifað Doktor Finni Jónssyni í Kaupmanahöfn og getið mín við hann. Ég sé ekki ólíklegt að ég fái bréf frá honum. Nú er jeg orðin viðurkendur „fræðimaður“ en það verður líkalega það eina sem merkilega nafn sem ég fæ hjá Íslensku þjóðinni fyrir störf mín enda eru þau lítil, og ekki lítil þegar litið er til ástæðanna. Ég hef nú safnað annálum í 3 bækur, bæði eru þeir fornir og nýir eftir atvikum og svo hef ég safnað 7 heftum af ýmsum fróðleik er jeg kalla „Mímir“ [...]¹

Það er ekki aðeins Finnur Jónsson sem þarna kemur við sögu heldur einnig Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, sem oft var nefndur forni. Þess má geta að Halldór Kiljan Laxness býr til nokkurs konar „ofurfræðimann“ í *Heimsíjosi* sem er Guðmundur Grímsson Grunnvíkingur en þar steypir hann saman Þórði og Sighvati Grímssyni Borgfirðingi.

Eftir að bók mín *Menntun, ást og sorg* kom út árið 1997 barst mér bréf frá barnabarni Þórðar Grunnvíkings, Ástu S. Reynis, þar sem hún sendi mér ljósrít úr dagbók afa síns sem hafði að geyma bréfið sem Niels sendi Þórði. Bréfið hafði Þórður ritað upp í dagbók sína en það hefst á þessum orðum: „Mikilsvyrti kæri vin! Innilega þakka ég þér fyrir bréfið síðast nú í apríl og úrklippuna Nl. greinina eða eftir mælin eftir Halldór sál. bróður minn. Það varst þú sem fyrstur lést til þín heira að hér væri meira og betra tapað en í meðallagi. Þar síndir þú dómgreind þína og að hún var þér alvarleg og ljós, svo þú gast ekki orða bundist, þú varst fyrstur til að viðurkenna

1 *Lbs óskráð* – Bréf Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings til Nielsar Jónssonar, ritað á Ísafirði 15. maí 1913.

hann hæfilegleikamann, hafðir sjálfstæða skoðun sem auðvitað allir vita er þekkja nafn þitt, og eru menn með sæmilegri sál. Jeg vildi að hjá þér hefðu verið 4 skrifaðar bækur eftir hann sem nú eru hér hjá mér. Þar er margs að gæta, af ýmsu tægi og á mörgum sviðum bæði í bundu og óbundu máli.“¹ Níels skýrir síðan í löngu máli frá efni þessara bóka og bætir svo við:

Svo er ein Samtínings bókin eftir hann yfir 400 bl.s. hjá mér. Í henni óteljandi mart, þar margt eftir þig frá haustinu sem þið voruð á Gjögri og það ekki illa stílfært stafsetning merki og því líkt eftir hans snild, eina haustið sem andlegir kraftar voru við unandi á Gjögri og sálar fjör lifandi. Ó vinur minn nú vildi jeg að þú værir komin að líta á þessar bækur svo fagur lega frá geingnar og með óteljandi flokkum af óskildum efnum. Nú eru þessar bækur að dragast úr höndum mínum og harma jeg það ég hef ekki enn síðan í vetur gegnum farið þær nægilega svo eru þær stórar. Allar hans skrifuðu bækur eru nú í þann veg að flitjast suður í Reykjavík og líklega á Landsbókasafnið ég veit það ekki en veit ekkjunni var skrifað og boðið í þær og beðin um þær [...] Altaf er mér ógeðfellt að hugsa til þess að þú varst sama sem hrakin héðan einungis vegna auðæfaskorts sálar geislin einskis metinn sem þó ein hvern tíma verður réttlátar metin í heiminum. Hvað gat orðið úr þér ef nægir peningar hefðu stutt þig til menta []. Það er hörmuleg tilhugsun hvernig bestu sálir hverfa svo að kalla í tímans djúp, án þess að njóta sín einungis fyrir fátæktar sakir. Vinur minn! jeg gleðst af því að heira hvað vel þér er tekið, þar sem einhver nær að kinnast þér. Það eru sálar hæfilegleikarnir sem vekja eftirtektina eða frumleikann sem oft er þó mis-skilinn, fjöldanum tekur eingin eftir sem er eins og smá bólur á Hafi tímans.²

Þessi heimur vestfirskra fræðimanna var lítill en kröftugur og hafði ótrúlega góð tengsl við háa jafnt sem lága, ekki aðeins í byggðalaginu heldur einnig langt fyrir utan sýslumörkin. Þeir stöppuðu stálinu hver í annan og skiptust á efni og hugmyndum.

Eins og að framan greinir talar Magnús að jafnaði hlýlega um þessa vini sína en á stundum má greina að grunnt hefur verið á því góða: „Fór ég inn í Bolungarvík, gisti að Þórðar Grunnvíkings við ólund og illan greiða. Kunnugt var að Þ. Grunnvíkingur hafði ýmugust á mér í kveðskap þó ekki léti hann það beint uppi, og kvað svo ramt að því að kona hans, Sólveig Jónsdóttir, mátti aldrei kveða ljóð eptir mig svo hann heyrði. Poldi hann því jafnan illa ef einhver hrósaði kveðskap mínum.“³ Á miðju ári 1912

1 Dagbók Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings. Í vörslu Ástu S. Reynis (E).

2 Dagbók Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings. Í vörslu Ástu S. Reynis (E).

3 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 9. október 1910.

segir hann aftur frá Þórði: „Þórður P. Grunnvíkingur hafði fyrir hálfum mánuði síðan flutt sig búferlum úr Bolungarvík, á Ísafjörð, og farið mjög huldu höfði, að líkindum vegna skulda, og þó eigi síður hins að mjög var hann kominn í ónád hjá Bolvíkingum, sökum kalskviðlinga ýmsra, er hann ótæpt hafði ort um þá, og fékk hann nú miðlungs orð.“¹ Í lok sama árs bregður Þórði enn fyrir í dagbók Magnúsar: „Þórður Grunnvíkingur dvaldi um kyrt hjá mér. Vildi ég ógjarnan úthýsa honum, þótt hann væri einn í þeirra tölu er úthýstu mér, unnustu minni og barni okkar, í sárustu vandræðum okkar, haustið 1910. Mjög lét Þórður nú illa yfir líðan sinni á Ísafirði, og nýskeð hafði hann tekið þar sveitarlán, 20 krónur, og voru þetta ekki glæsileg *fræðimannakjör*, því *fræðimaður* var Þórður Grunnvíkingur, hvað sem um annað var.“² Oftast lét Magnús þó hlý orð falla um þennan frænda sinn og skáldbróður enda batt áhugi þeirra á fræðunum þá traustum böndum.

Magnús ræðir helst um skáld sem hreinar hetjur og sóma sinnar sveitar: „Sótti ég heimboð að Jóns ekkjumanns Arasonar, tengdaföður Jóns Magnússonar, smiðs á Suðureyri. Hann var frá Guðrúnarkoti á Akranesi, fæddur 20. Apríl 1849. Jón var allgreindur, náfrændi Ásmundar Dalaskálds Gíslasonar og nákunnugur honum, og gagnkunnugur Lýði á Skipaskaga, skáldi Jónssyni. Og enn var hann kunnugur Sigurði Bjarnasyni Húnvetningaskáldi (höfundu Bæringsrímnna og Hjálmarskviðu). Hann hafði verið maður hár vexti, með töluvert skegg, þykkleitur og daufur í fasi, en „komst á lopt“ ef farið var að tala um skáldskap og bókmenntir. Hann hafði reykt mikið.“³ Þessi tilvitnun sýnir vel hina djúpu lotningu sem Magnús bar fyrir menntun og skáldskap. Hann þekkti skáldin og verk þeirra, og þyrsti í fróðleik um hagi þeirra og hætti.

Mörg atriðanna sem hafa verið nefnd hér í kaflanum koma fram í dagbókarfærslum Magnúsar á útmánuðum árið 1899. En fjölmarga aðra þætti sem sýna hugsun og hugarfar Magnúsar er gaman að birta, en þeir bregða um leið ljósi á eðli dagbókar hans.

Magnús fjallar lítið um trúmál þó svo hann hafi sannarlega verið trúaður maður. Áberandi eru frásagnir hans af ýmsum yfirskilvitlegum fyrirbærum og virðist sem hann hafi verið næmur á kynjaskepnur sem ekki sáu stvers dagslega: „Um morguninn áður en hjart var orðið, sá ég ganga heim að Hrauni, utan af „Hrauninu“ karlmann í erfiðisfötum og konu með slegið sjál. Þó var enginn gestkomandi og enginn fór út af heimilinu. Daginn

1 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 20. júní 1912.

2 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. nóvember 1912.

3 Lbs 2228 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 24. júlí 1911.

áður, 20., heyrði ég að verið var að mjólka í fjósinu, í raun og veru var það þó ekki, því ekki stóð svo á tíma og *enginn mennskur maður í fjósinu*.“¹ Magnús ræðir þessa atburði ekkert frekar en segir söguna eins og ekkert sé eðlilegra. Nokkru seinna segir hann svo frá: „Um nóttina (aðfaranótt fimmtudagsins) sá Elízabet Guðnadóttir fanggæzla í Hnífsdal fjörulalla, í fjörunni fyrir neðan Löngubúð (hús það er ég bjó í); vildi hann bæja henni í sjóinn, en með því skamt var að fara gat hún komist undan honum. – Um sama leyti sá Sólveig Jónsdóttir, kona P.P. Grunnvíkings, einkennilegt dýr (fjörulalla ?) í fjörunni fyrir innan ána (í Hnífsdal).“² Þess má geta að Magnús safnaði efni fyrir Odd Björnsson á Akureyri sem laut að þjóðsögum og frásögnum af ýmsum fyrirbærum og kann hann að hafa verið sérstaklega eftirtektarsamur á dulræna hluti af þeim sökum.

Sigurður Breiðfjörð var maður Magnúsar, hetja hans og fyrirmynd. Magnús var með Sigurð á heilanum og alveg frá fyrstu tíð kemur hann fyrir í dagbókinni á einn eða annan hátt. Það myndi æra óstöðugan að rekja allar færslurnar þar sem Sigurður er nefndur. Hér verður aðeins tilgreint gott dæmi en þar skýrir Magnús frá því að Sigurður hafi birst sér í draumi þrisvar sinnum og á eftirfarandi hátt segir hann frá síðasta draumi sínum:

Þótti mér Sigurður Breiðfjörð nú vera all-ellihníginn og voteygður, og talaði ég við hann. Magnús segir: „Mikið er þitt elskulega léttlyndi Sigurður.“ Sigurður mælti: „Það er sem ungu mennirnir brúka til að geta kveðið.“ M. segir: „Hvernig líkar þér Símon Dalaskáld sem rímskáld? Jeg álit hann gott rímskáld og með hinum liprustu rímurum, og kveður daglegt mál vel.“ Breiðfjörð svaraði: „Það er hann. En Noregskongasögurnar“ – þá tók M. fram í og mælti: „Já Noregskongasögurnar eða allar okkar góðu og ágætu Íslendingasögur; ef maður les þær, sér maður að annað verður upp á málinu hjá Símoni. Þá kemur upp grátt á móti hvítu, ég vil eigi segja svart – þá vaknaði ég.“³

Til marks um ást Magnúsar á skáldinu þá var það eitt af hans fyrstu verkum eftir að honum var sleppt lausum úr fangelsinu að leggja leið sína upp í kirkjugarð og fara að leiði Sigurðar, á líkan hátt og Ólafur Kárasen átti síðar eftir að gera í *Heimsíjósi*.

Eitt er það sem einkennir dagbók Magnúsar en það eru hinar fjölmörgu sögur sem hann segir af fólki sem hann hittir, en sögur þessar fléttar hann inn í frásagnir af daglegu lífi sínu. Þær eru ekki aðeins skemmtilegar held-

1 Lbs 2225 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 21. október 1908.

2 Lbs 2225 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. nóvember 1908.

3 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 17. október 1898.

ur merkilegar fyrir margra hluta sakir; þær varpa nokkru ljósi á hugsun Magnúsar sjálfs og reyndar á gangverk samfélagsins alls. Hér skulu tilgreind tvö dæmi, nánast af handahófi, það fyrra frá árinu 1898:

Besta veður. Um morguninn rakaði ég gærurnar af hrútunum mínum, var svo við skrifannir en fór síðan fram að Hálsi og færði Benidikt gamla Guðmundssyni bónda þar 20 harða steinbíta fyrir skömmun og hirðingu á tveimur hrútum mínum frá veturnóttum 1897, þangað til þeir voru rúnir um vorið 1898. Benidikt átti 3 systkin: Bjarna, Kristínu og Guðfinnu, og voru þau hjá bróður sínum sem vinnuhjú. Öll voru þau systkin greind en dul og forn í skapi og drenglyndismanneskur þar sem þau tóku því. Benidikt var 70 ára gamall. Stúlku eina Jónínu Jónsdóttur að nafni, höfðu þau systkin alið upp og var hún enn hjá þeim. Með henni átti Benidikt síðan dreng er hét þremur nöfnum, var eitt þeirra nafn hans Guðmundur og það var hann vanalega kallaður. Hann var nú orðinn 11 ára að aldri. Hann var gáfaður ákaflega, skynsamastur allra jafnaldra sinna í næstu kirkjusóknum, að því er séra Þórður sagði. Við drenginn var unun að tala, svo var hann fróður og minnugur.¹

Þessi frásögn varpar óneitanlega ljósi á aldarfarið; bóndi eignast barn með fósturdóttur sinni og presturinn hælist um af greind barnsins! Þá er athyglisverð áherslan sem Magnús leggur á rökræðuna og sú nautn sem hann greinilega hefur af því að umgangast drenginn.

Seinna dæmið er frá árinu 1908 og er til marks um almennar fréttir eða kjaftasögur sem Magnús greinir oft frá:

Nýlega ól Steinunn kona Elíasar Sigmundssonar í Heimabæ barn og var það skýrt þennan dag (10. apríl) og hlaut það nöfnin: Guðjón, Halldór, Hermann. Allkynlegt þótti að Steinunn skyldi eiga börn og kenna Elíasi manni sínum, þar sem hann var eistnalaus (missti þau af veiki – voru numin burt af læknum) og læknar sagt að hann væri ófær til barnsgetnaðar. Enda var alsagt að börn Steinunnar ætti Sigurður nokkur Pálsson lausam. í Hnífsdal (ættaður innan úr Djúpi) og til húsa hjá Elíasi og Steinunni. Svaf hann jafnan gegnt Steinunni, en Elías hinn mesti sauður og sat og stóð hvar sem Steinunn kona hans sagði honum. Börn þau tvö er Steinunn hafði átt (Albertína og Guðjón) voru bæði nauðalík Sigurði.²

Mannlífsspeigill af þessu tagi segir ótrúlega mikla sögu um samskipti fólks og umræðuefni sem spruttu í fámennum sveitum. Þetta rataði í bækur Magnúsar og öðlast þar sérstakt vægi.

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 11. október 1898.

2 Lbs 2225 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 10. maí 1908.

Á vetrarmánuðunum var Magnús mikið í ferðum á milli staða og þá ýmist að innheimta skuldir eða að hitta fólk fræðanna vegna. Þá sat hann við skriftir hvenær sem tækifæri gafst eins og fram kemur 22. mars 1899: „Fyrirfarandi daga, og í dag, hreinskrifaði ég og reit upp að nýu, aptan við Dagbók mína 1895, talsvert af ljóðmælum sem ég orti það ár (1895); eru það 9 blaðsíður í því broti sem bókin er (2ja bl. broti póstpappírsarka).“¹ Enn á ný kemur fram að Magnús var iðulega að bæta við dagbókina og í þetta skiptið voru það ljóðmæli sem streymdu úr penna hans eins og stórfljót. Hann reyndi að halda kvæðunum til haga og ritaði þau upp í sérstaka bók en hafði ekki undan: „Í bókinni munu þó kvæðin ekki geta skrifast eptir aldri, þótt ég vilji það jafnan helst, því svo fjöldamörg kvæði og kviðlinga á ég óhreinskrifað, að ég ekki get komið því við.“²

Eftir að Magnús flutti frá Ingjaldssandi lenti hann í nokkrum hrakningum við að komast heim til sín og þurfti að gista á mörgum bæjum, þar á meðal á bænum Hvyllft en þar var til húsa gamall maður: „Öldungurinn Sveinbjörn Magnússon faðir húsfreyju Sigríðar, konu Sveins á Hvyllft, skrifar Dagbækur, og hefur gert það um mörg ár; veit ég ekki af öðrum í Öfundarfirði sem stundar þann nýtilega starfa.“³ Hugmyndir Magnúsar um skriftir og fræðimennsku voru skýrar; ekki var hægt að taka sér fyrir hendur hollari iðju.

4. Af skáldyrðingum í nútíð og fortíð

Heimsíjós hefur ávallt höfðað einkennilega sterkt til mín. Ég gerði mér þó aldrei almennilega grein fyrir hverju það sætti fyrir en ég tók að vinna að útgáfu þessarar bókar. Þá fyrst varð mér ljóst að *Heimsíjós* hefur haft afgerandi áhrif á hvernig ég hugsa sem sagnfræðingur og hvernig ég nálgast viðfangsefni mín. *Heimsíjós* er fyrst og fremst skáldverk sem umbyltir skilningi manna á lífinu og rótar upp kenndum sem lesandinn vissi ekki fyrir að hann byggi yfir. *Heimsíjós* er skáldverk sem tekur sér bólfestu í huga manns og getur þar af sér nýjar hugmyndir um heiminn. Það gerist vegna þess að *Heimsíjós* fæst við einstæðingsskap manneskjunnar, en það er einmitt einmanaleikinn, umkomuleysið, sem er sú tilfinning er mótar svo mikið persónulegt yfirbragð hvers manns. Kynngikraftur skáldverksins

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 22. mars 1899.

2 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 23. mars 1899.

3 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. mars 1899.

varð mér ljósari en nokkru sinni áður við lestur dagbókar Magnúsar Hj. Magnússonar og mér fannst ég enn fremur skilja betur hvað hafði mótað mína eigin fræðimennsku.

Tengsl dagbókar Magnúsar við skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness hafa verið kunn frá fyrstu tíð. Halldór hefur sjálfur sagt frá dagbók og lífi Magnúsar meðal annars í viðtali við tímaritið *Útvarpstíðindi* árið 1940, og það er engu líkara en honum sé í mun að taka af allan vafa að hann hafi stuðst við ævi raunverulegs manns. Spyrrill innir eftir því hvort Halldór sjálfur sé ef til vill fyrirmyndin að Ólafi Kárasyni: „Nei. Fyrirmyndin er önnur. Og það má einmitt gjarnan koma fram opinberlega, hver hún er. Ég hef sótt hana í æfisögu gamals skálds á Vestfjörðum. Maður þessi er nú dáinn fyrir 24 árum. Hann skrifaði dagbækur um líf sitt frá því hann var um fermingu og þar til hann dó á fimmtugs aldri. Bækur þessar eru óhemju miklar að vöxtum – 22 þykk bindi, smátt skrifuð. Nú geymd á Landsbókasafninu. Úr þeim hef ég tekið söguþráðinn að miklu leyti og þar er að finna ýmsa helztu viðburðina í æfisögu Ó. Kárasonar Ljósvíkings.“¹ Sænski bókmenntafræðingurinn Peter Hallberg og séra Gunnar Kristjánsson, sem skrifaði doktorsritgerð sína um *Heimsíjós*, hafa borið saman skáldsöguna og ævi Magnúsar. Peter Hallberg nefnir dæmi um það í bók sinni *Húsi skáldsins* hvernig Halldór nýtir sér dagbók Magnúsar og hvar hann víkur frá henni; hvernig skáldverkið varð til.² Í þessum inngangskafli hefur lítið verið hugað að þessum tengslum, nema endrum og sinnum, enda það ekki markmið umræðunnar. Lesandinn sjálfur fær hins vegar með þessari útgáfu kjörið tækifæri til samanburðar.

Ekki fer á milli mála að Halldór hefur af áfergju ausið af þeim brunni sem dagbók Magnúsar er og Hallberg bendir á að rannsókn á uppköstum að *Heimsíjosi* sýni að hann hefur haldið sig nákvæmlega við æviferil Magnúsar fyrst í stað en fjarlægst hann æ meir þegar fram í sótti. Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur kemst að svipaðri niðurstöðu í grein sem hann birti fyrr á þessu ári í *Tímariti Máls og menningar*, en Halldór rannsakaði minniskompur sem Halldór Laxness hélt á meðan hann vann að ritun *Heimsíjós*.³ Halldór sýnir ljóslega í grein sinni að Laxness nýtti sér

1 „Fegurð himinsins.“ Samtal við Halldór Kiljan Laxness.“ *Útvarpstíðindi* 20. apríl 1940, bls. 383. Annars er þetta viðtal, sem ekki er ljóst hver hefur tekið, merkilegt fyrir ýmsar aðrar sakir, meðal annars þær að höfundur gerir að því skóna að ritverk Halldórs sé slæm landkynning. Þessu svarar Halldór á þann hátt sem honum einum er lagið; af fullkominni einurð og heiðarleika.

2 Peter Hallberg, *Húsi skáldsins*, bls. 7-33.

3 Halldór Guðmundsson, „Ofar hverri kröfu. Um fegurðarþrá í *Fegurð himinsins*.“ *Tímarit Máls og menningar* 59:2 (1998), bls. 19-35.

fjölmargar aðrar heimildir við ritun sögunnar og er þar athyglisverðust ást skáldsins á *Maríu sögu* „[...] lífssaga Maríu guðsmóður sem sett var saman úr ýmsum erlendum heimildum á Íslandi á 13. öld.“¹ Þrátt fyrir það ber stíll sögunnar þess merki að hún er unnin upp úr rituðum heimildum alþýðumanns að áliti Hallbergs og Kristinn E. Andrésson bendir á í grein sinni í *Rauðum pennum* að í verkinu kveði við nokkuð nýjan tón hjá Halldóri: „Þessi stíll er einfaldur, alþýðlegur, streymandi, örökfastur. Einfeldnin birtist í orðavali, teknu úr daglegu máli, í óbundinni setningarskipun, en einfeldnin er þó blekking. Strax og farið er að skyggjast inn í setningarnar, ljúkast þar upp djúp og víddir. Þó að mál skáldsins sé létt, er hugsun þess þung, og setningarnar fela margoft í sér líkingar, eða reynslu, sem ekki er sögð, heldur bent til með hálfu orði eða samleik orða.“² Eins og nefnt var fyrir í þessari umfjöllun er texti Magnúsar sjálfs mjög kjarnyrtur og í raun ótrúlegt að þar hafi óskólagenginn maður haldið á penna. Ef til vill er skýringin á hinu fallega orðfæri Magnúsar einmitt sú að hann hafði, eins og mikill meirihluti landsmanna, aldrei stundað skólanám. Ég get í það minnsta ekki verið sammála Peter Hallberg þegar hann leggur eftirfarandi mat á dagbók Magnúsar: „Dagbækurnar eru á löngum köflum, kannski mestmegnis, fremur dauf lesning. Mörg kvæðin rísa sjaldan hærra en meðaltal alþýðukveðskapar á Íslandi.“³ Hér er Hallberg að upphefja Halldór á kostnað Magnúsar sem ég held að sé óþarfi; ljós beggja skín skært án þess að skugga þurfi að bera á ágæti annars þeirra. Hallberg heldur áfram: „Halldór hefur leyst örlög Magnúsar Hjaltasonar úr innlendum viðjum, gert þau alþjóðleg, úr húsi skáldsins opnast útsýn um víða veröld. Ævisögu þessa fátæka skálds, sem er máske næstum eins og margra annarra íslenzkra alþýðuskálda, hefur hann hafið upp í almennara og æðra veldi, dregið upp stórbrotna mynd af stöðu skáldsins almennt í tilverunni.“⁴

Magnús féll að öllu leyti vel að skáldskap Laxness sem einkenndist af samspili grátbroslegra og harmsögulegra svipmynda af viðfangsefninu hvað svo sem það var, en þannig var líf Magnúsar – tragi-komískt; í því spegluðust einkennilegar andstæður samfélags og einstaklings. Hann bjó í samfélagi sem dýrkaði vinnu og iðni en átti sjálfur ekki auðvelt með að taka til hendinni vegna langvinnra veikinda. Tæki Magnúsar í hinni vonlitlu baráttu við samfélag sem hafnaði honum var skáldskapurinn. Úr þessari andstæðu

1 Halldór Guðmundsson, „Ofar hverri kröfu“, bls. 28.

2 Kristinn E. Andrésson, „Ólafs saga Kárasonar Ljósvíkings.“ *Rauðir pennar* 4 (1938), bls. 201.

3 Peter Hallberg, *Hús skáldsins*, bls. 32.

4 Peter Hallberg, *Hús skáldsins*, bls. 32-33.

milli vinnu og skáldskapar gerir Halldór sér fullkominn mat, sem byggir á þeim skilningi hans að dagbókin er eitt og skáldsagan annað.

Það merkilega er að lýsing Halldórs á örlögum sögupersónanna virkar oft og tíðum margfalt *sannari* en dagbók Magnúsar sjálfs. Hún er sannari í hinum listræna skilningi sagnfræðinnar sem miðar að því að varpa ljósi á samfélag fyrri tíðar sem eina heild; að draga upp meginlínur í samfélagsbyggingunni með því að hefja sig upp yfir ótal smáatriði hins daglega lífs sem einkenna vegferð hvers einstaklings. Sú mynd sagnfræðinnar er eðli málsins samkvæmt ekki raunveruleg heldur fremur í ætt við skáldskap eða ákveðna tegund blekkingar. Dagbók Magnúsar er eingöngu texti sem lýsir daglegu amstri hans. Stöku sinnum teygir hann sig lengra og dregur sínar ályktanir og spáir í spil samfélagsins. En fyrst og fremst er hann eins fjarri sagnfræðinni og honum er frekast unnt. Halldór fer allt öðruvísi að. Einstök glímütök Magnúsar við lífið skipta hann oftast engu máli. Halldór nýtir sér þó framgöngu Magnúsar frá degi til dags til þess að skilja heildina. Skáldsaga Halldórs nær af þessum ástæðum mun betur en dagbók Magnúsar að skýra samfellt gangvirki sögunnar. Þetta kemur til af því að Magnús leggur áherslu á að halda sig við *staðreyndir* eigin lífs eins og þær blasa við honum og hann skynjar þær en Halldór lætur sér einstaka drætti í lífi hans í léttu rúmi liggja; hans markmið er að segja *sannleikann* um samfélagið allt og það fólk sem var í sömu sporum og Magnús. Lýsing Halldórs er þó aðeins sönn innan þeirrar heildar sem skáldverkið markar, þó að einstaka þættir hafi margfalt víðari skírskotun. Með skáldskap sínum tekst Halldóri að lýsa ástandi sem var í eðli sínu sannleikanum samkvæmt þó að það hafi í raun aldrei verið til.¹ Hér kemur til sögunnar fræðimaðurinn Halldór Kiljan Laxness. Um þetta má taka mörg dæmi:

Magnús segir oft frá einhverri tiltekinni svipmynd í lífi sínu, eins og áhuga sínum á Sigurði Breiðfjörð. Halldór grípur hana á lofti og nýtir hana til að skapa sanna samfélagsmynd. Um þetta atriði segir Peter Hallberg í *Húsi skáldsins* að merkilegt verði að teljast „[...] hvernig skáldið að því er virðist úr litlum hnoðra, sem veruleikinn leggur honum upp í hendur, vefur með hugkvæmni sinni listrænt verk, sem er einkennandi fyrir spennuna í skáldskap hans milli nakins veruleika og háfleygrar ljóðrænu, kaldhæðni

1 Sjá skemmtilega umræðu Álfrúnar Gunnlaugsdóttur um tengsl skáldskapar og reynslu mannfólksins í grein sem ber yfirskriftina: „Að blekkja og blekkja ekki.“ *Skírnir* 168 (haust 1994), bls. 479–491. Grein þessi er svar við grein Páls Skúlasonar háskólarektors en hann ávarpaði rithöfunda sérstaklega og mæltist til þess að þeir fjölluðu um áðurnefnd tengsl. Sjá Páll Skúlason, „Spurningar til rithöfunda.“ *Skírnir* 164 (haust 1990), bls. 425–434.

og viðkvæmni.“¹ Svipmyndir af þessum toga nýtir Halldór ekki aðeins til að skapa stórbrotið listaverk heldur einnig stórbrotið sagnfræðiverk. Þetta leyfi ég mér að segja sem sagnfræðingur sem hefur lagt sig sérstaklega eftir alþýðumenningu á tímabilinu.² Og það er einmitt á þessum forsendum sem verk Halldórs Kiljans Laxness hafa öðlast svo mikið vægi fyrir þróun minnar eigin fræðimennsku.

Mig langar til að taka annað dæmi til þess að sýna aðferð Halldórs við að skapa góða sagnfræði. Að bænum Fæti undir Fótarfæti kom annar niðursetningur sem Jósep hét og fljótlega tókust með þeim Ólafi góð kynni. Jósep var tortrygginn í fyrstu, átti bágð með að trúa því að einhver „sneri sér til hans í einlægni“, eins og segir í skáldsögunni. En svo fór að Jósep sagði sögu sína:

Hvað um það, hann sá ekkert eftir því að hafa kynst skáldum. Sumir menn urðu ríkir og áttu barnaláni að fagna og settust í helgan stein á elliárum; en þeir höfðu aldrei kynst skáldum. Hvers virði var þeirra líf? Ég hef mist sjö börnin mín fyrir augunum á mér, ýmist í jörðina eða sjóinn, sum uppkomin, sum dóu voveiflega, og ég hef mist móður þeirra, og alla mína nánustu ættíngja hef ég mist, og sjálfur flosnaði ég upp og fór á hreppinn eftir að ég hafði búið í fjórutí ár á sama kotinu, en hvað gerir það til? Minn vinur var Guðmundur Grímsson Grunnvíkingur. Hvenær sem var, þá var ég reiðubúinn að leiða einu kúna mína útúr fjósinu frá munninum á börnunum mínum, fyrir hann, ef þurfti. Ef ég ætti kost á að lifa alt mitt líf upp aftur, og eiga öll mín börn á lífi, en fara á mis við að kynnast Guðmundi Grímssyni Grunnvíkingi, þá mundi ég ekki taka þeim kosti. Guðmundur Grímsson Grunnvíkingur er meistari og spekingur. Hann er áreiðanlega mestur meistari og spekingur sem nú er uppi á Norðurlöndum.³

Þessi frásögn er sönn. Hún gerðist ekki í raunveruleikanum en hún er sönn í þeim skilningi að hún er lýsandi fyrir hugsun og hugmyndir fólks sem ólst upp í þessari sömu alþýðumenningu og Halldór staðsetur sína frásögn innan. Hér er ekki átt við að allir hafi hugsað eins og Jósep gamli í *Heimsíjosi* eða skynjað veruleikann á sama hátt og hann. Frásögnin hefur fyrst og fremst óbeina skírskotun til sannleikans sem má skýra á eftirfarandi hátt: Margur maðurinn mátti þola ótrúlegar raunir á andlega sviðinu á þessu tímabili þegar fólk horfði upp á fjölskyldu, vini og vandamenn falla í valinn á besta aldri. Frásagnir af slíkri lífsreynslu eru fjölmargar í persónulegum heimildum og það sem gjarnan kemur á óvart er að á sama tíma var

1 Peter Hallberg, *Hús skáldsins*, bls. 18.

2 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life.“

3 Halldór Laxness, *Heimsíjós* I, bls. 53.

fólk í óða önn að víða að sér efni til lesturs og uppskrifta, í meira mæli en maður hefði getað vænst við þessar aðstæður á nítjándu öld.¹ Ólíklegasta fólk virtist vera tilbúið til að fórna nánast öllu til að geta nært hugann á efni sem hóf það yfir strit hversdagsins. Undanfarin ár hefur athygli mín að drjúgum hluta beinst að rannsóknum á þessum séreinkennum íslenskrar alþýðumenningar og aðferðina sem ég hef nýtt mér við þessar rannsóknir nefni ég einsögu (e. *microhistory*).² Í raun er Jósep öfgakennt dæmi um þá tegund einstaklinga sem ég hef verið að rannsaka; spegilmynd Ólafs Kárasonar sjálfs og þar af leiðandi Magnúsar Hj. Magnússonar. Skáldið og fræðimaðurinn Halldór Kiljan Laxness hefur í verki sínu náð að skýra betur en flestir sagnfræðingar það ástand sem alþýða landsins bjó við. Það er vegna þess að hann velur sér sem viðfangsefni einn einstakling sem er langt frá því að vera dæmigerður; hann er utangarðsmaður á nær öllum sviðum.

Hvernig stendur á því að Halldór sjálfur kaus þessa nálgun? Í augum sagnfræðingsins, sérstaklega þess sem leggur stund á einsögurannsóknir, virðist nærtækast að álykta að Halldór hafi viljað bregða ljósi á fyrirbæri eða ástand sem flestir ef ekki allir samtímamenn hans höfðu litið framhjá, ástand sem hann taldi nauðsynlegt að fjallað væri um til þess að tuttugusta öldin yrði skiljanleg þeim sem áhuga hefðu á þjóðfélagsþróun tímabilsins. Það er full ástæða til að ætla að Halldór hafi fundið sig knúinn til að setja sig í spor sagnfræðingsins vegna þess að rannsóknir á íslenskri sögu voru svo skammt á veg komnar á fjórða áratug tuttugustu aldar þegar hann vann að ritun *Heimsíjós*. Miðaldafræðingurinn Halldór Kiljan Laxness hefur lengi verið þekktur, en ef til vill hefur minna verið gert úr rannsóknum hans á seinni tíma sögu.³

Á ferðum sínum um landið hafði Halldór sjálfur kynnst fólki af þeim toga sem að framan er lýst. Hann fór meðal annars um alla Vestfirði í fylgd Vilmundar Jónssonar landlæknis og skoðaði sögustaði en frá þessu segir

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 167-214. – Sigurður Gylfi Magnússon, „„Dauðinn er lækur, en lífið er strá.“ Líf og dauði á nítjándu öld.“ *Eitt sinn skal hver deyja. Dauðinn í íslenskum veruleika*. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson (Reykjavík, 1996), bls. 128-142. – Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar í Loðmundarfirði við líf og dauða.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 195-223.

2 Sjá aðferðafræðilega umræðu um einsöguna hjá Sigurði Gylfa Magnússyni, „Félagssagan fyrr og nú.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 17-50.

3 Sigurður Líndal, „Halldór Kiljan Laxness 1902-1998.“ *Skírnir* 172 (vor 1998), bls. 7-23. – Jón Karl Helgason, *Heijan og hefndurinn*. Þá má benda á bók Eiríks Jónssonar, *Rætur Íslandsklukkunnar* (Reykjavík, 1981), en þar er leitast við að sýna hve víða Halldór leitaði fanga við sköpun *Íslandsklukkunnar*.

hann í greinasafni sínu *Dagleið á jöllum*.¹ Í öðru greinasafni lýsir hann kynnum sínum af konu einni frá Hamrendum í Breiðuvík sem hét Margrét og bjó þar með karli sínum Sigmundi. Halldór sótti þetta fólk heim í lok marsmánaðar árið 1936 og segir svo frá:

Ég var ekki fyr kominn úr votu en farið var oní koffort og teknar þaðan fúkkadar rímur og byrjað að kveða. Það var stórmerkilegt hvað þessi gamla kona, frumstæð bóndakona einsog verið hafa í Evrópu í mörgþúsund ár og alt frammá þennan dag, var vel að sér í bókmenntum. Henni voru ljósir margir rímnaflokkar uppá 3-5 þúsund ljóðlínur hver, og hún gat tekið undir bókarlaust í þessu án þess henni félli verk úr hendi á meðan. Hún skildi á augabragði flóknar myndgátur, kenníngar sem svo eru nefndar, jafnvel í þeim rímum sem henni voru ekki með öllu ljósar, og mat þær að verðleikum. Það vefst fyrir málfræðingum að skilja kenníngar í rímum síðari alda, mest fyrir þá sök að þær eru vitlausar, en þessi gamla kona skildi á stundinni einnig þær kenníngar sem rángt voru saman settar, því hún fann á sér lögmálið fyrir rángri samsetnúngu kenníngar einsog verður hjá vondu skáldi. Það var oft ekki fyren daginn eftir að upp rann fyrir mér hugmynd í rángri myndgátu, og jafnvel þó hún hefði verið rétt, gátu sem gamla konan hafði ýmist brosað að eða hrist höfuðið yfir með réttum rökum um leið og kveðið var.²

Hefðbundin sagnfræði, hvaða nafni sem hún nefnist, getur ekki með aðferðum sínum fjallað um konu af þessu tagi svo vel sé. Hún einfaldlega kann það ekki, hún á ekki hugtök yfir svona fyrirbæri nema þau sem skipa þessari gömlu konu í *ruslakistu* fræðanna, en þar á heima fólk sem sker sig úr fjöldanum (frávikin). Flestum sagnfræðingum finnst manneskja af þessu tagi óæskilegt viðfangsefni vegna þess að hún segi okkur svo lítið um fjöldann. Aðferðirnar miðast allar við að hægt sé að ganga úr skugga um að þessi eða hinn atburðurinn hafi átt sér stað og að hægt sé að sýna fram á með óyggjandi rökum að viðfangsefnið sé samnefnari fyrir alla þá sem lifa í sama samfélagi við svipaðar aðstæður.³

Halldór fer allt aðra leið eins og rakið hefur verið hér að framan. Hann leitar allra ráða við að afla sér heimilda um viðfangsefnið og horfir síðan yfir sviðið haukfránum augum og greinir hverja hreyfingu og hvert sér-

1 Halldór Kiljan Laxness, *Dagleið á jöllum*. Greinar. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1962), bls. 255-259.

2 Halldór Kiljan Laxness, *Skáldatími* (Reykjavík, 1963), bls. 228.

3 Sjá umræðu um þennan hátt hinnar hefðbundnu sagnfræði í grein Jóns Jónssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar. Orð og æði – Minni og merking.“ *Íslenska sögupíngið* 28.-31. maí 1997. *Ráðstefnurit* II (Reykjavík, 1998), bls. 49-52.

kenni landslagsins til þess eins að geta fest sér það í minni. Skáldið er að þessu leyti með alla þræði í hendi sér og stjórnar þeim af festu með það eitt í huga að segja sannleikann um það ástand sem hann skapar. Þar er hið óvenjulega og sérstaka í fari hvers manns gulls ígildi vegna þess að það veitir skáldinu tækifæri til að bregða ljósi á mannlífið allt og viðbrögð samfélagsins gagnvart hinu óvenjulega. Halldór vinnur að þessu leyti eins og einsögufræðingurinn, en það eitt að velja sér viðfangsefni sem hefur sérstöðu í samfélagi manna var andstætt meginstraumi bókmennta fjórða áratugarins sem einkenndist af þjóðfélagslegu raunsæi (*social realism*). Einkenni þeirrar stefnu var meðal annars að glíma við meðalmanninn af alþýðustétt; þennan dæmigerða öreiga sem var ætlað að vera samnefnari fyrir alla aðra öreiga í heiminum.¹

Aðferðir skáldsins eru því oft þær sömu og einsögufræðingsins. Sá síðarnefndi gerir hið óvenjulega að aðalviðfangsefni sínu, hvort sem það er maður eða atburður, með sama hugarfari og skáldið, að slíkt viðfangsefni sé líklegra til að lýsa upp stærri heild á þeim vettvangi sem það hefur mesta þýðingu, það er í persónulegu lífi fólks. Maðurinn sem bindur ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir reynir meira á formgerð samfélagsins en hinn sem lædist með veggjum og er því líklegri til að varpa ljósi á raunverulegt gangvirki þess. Einsögufræðingurinn gengur reyndar út frá því að hver maður sé óvenjulegur og þegar betur sé að gáð búi hver einstaklingur yfir eiginleikum sem ekki geti talist dæmigerðir og hegðun sem við vissar aðstæður gangi þvert á öll skynsamleg rök. Það er því eftirsóknarvert í augum einsögufræðingsins að fjalla um þessa þætti sem eru óvenjulegir í fari manna eða leita einfaldlega eftir einstaklingum sem hefur verið skipað á bekk með utangarðsfólki. Einsögufræðingurinn sækist þannig ekki aðeins eftir öllu því sem er órókrétt og sérkennilegt í lífi fólks í því skyni að segja skemmtilega sögu heldur nýtir hann sér það til að varpa ljósi á samfélagið sem hinn útvaldi einstaklingur er hluti af.² Þessi rannsóknartækni hæfir afar vel við úrvinnslu á lífshlaupi manns á borð við Magnús Hj. Magnússon. Hann er í alla staði óvenjulegur maður sem færir skáldinu

1 Halldór Guðmundsson lýsir vel persónu Ólafs Kárasonar og hvernig hann stóð utangátta í samfélagi manna; hvernig hann „tekur ekki þátt í átökum „hinna“.“ Sjá Halldór Guðmundsson, „Ofar hverri kröfu“, bls. 26.

2 Margir sagnfræðingar eiga erfitt með að setta sig við þessa aðferð einsögufræðinga, og eru mjög uppteknir af því að einstaklingarnir séu ekki nægilega dæmigerðir til þess að verðskulda sagnfræðilega umfjöllun. Sjá til dæmis skemmtilegan ritdóm Lofts Guttormssonar í nýjasta hefti tímaritsins *Sögu*: Loftur Guttormsson, [Ritdómur], „Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13. Eftir Sigurð Gylfa Magnússon (Reykjavík, 1997).“ *Saga* 36 (1998), bls. 311-319.

og einsögufræðingnum einstakt tækifæri til að draga upp dauða drætti fortíðarinnar, því skærri birtu mun okkur aldrei takast að varpa á hana þrátt fyrir fögur fyrirheit margra sagnfræðinga.

Þó að aðferðir skáldsins og einsögufræðingsins fari að nokkru saman þá eru þær einnig mjög ólíkar. Smáatriði lífsins, einstakir drættir þess og samhengi, eru lífæð þess sagnfræðings sem nýtir sér aðferðir einsögunnar. Hann veltir fyrir sér hverju broti sem berst upp í hendur hans og reynir að tengja saman oft og tíðum ósamstæða þætti sem hann hefur fyrir framan sig. Lykillinn að þeirri vinnu eru eyðurnar í þekkingu hans, en þær gerir hann að forsendu fyrir allri rannsókninni. En til þess að geta rætt þekkingareyðurnar sem óhjákvæmilega eru til staðar hvert svo sem viðfangsefnið er, beinir einsögufræðingurinn sjónum sínum að heimildum þeim sem hann nýtir og dregur fram kosti þeirra og galla. Á þann hátt gefst honum færi á að leggja á borðið það sem hann veit um fortíðina og glöggva sig á hvar hann verður að yrkja í eyðurnar. Lesandinn verður hluti af rannsókninni og getur sjálfur um það dæmt hver staða hennar í raun er, hvaða sögu sé hægt að segja.

Skáldið á hinn bóginn lætur sér þekkingarbrotin í léttu rúmi liggja, hann stekkur léttilega yfir götin og myndar tengsl við atburði eða einstaklinga þar sem það hentar framvindu verksins. Ef hann styðst við heimildir á sama hátt og Halldór Kiljan Laxness er það aðeins í því skyni að nýta þær við mótnun heildarinnar sem sagan byggir á, án þess að hann þurfi að fylgja í smáatriðum einstökum dráttum þeirra. Heimildirnar verða skáldinu aðeins tæki til að búa til heild sem er aðeins sönn innan síns eigin ramma, en oft með margfalt víðari skírskotun. Grunnrannsókn á heimildunum gefur einsögufræðingnum hins vegar færi á að lesa inn í þær nýja merkingu og fá um leið nýjan skilning á viðfangsefninu, að meðhöndla dagbókina sem texta eða vef atburða og hugsana fólks sem raunverulega var til.

Við lestur hvaða dagbókar sem er finnur lesandinn greinilega fyrir takti hversdagslífs þess sem hana skrifaði og reyndar einnig þeirra sem voru í nánasta umhverfi dagbókarritara. Lesandinn finnur fyrir þessum stöðuga og þunga niði tímans sem markast nær eingöngu af daglegu brauðstriti íslenskrar alþýðu. Davíð Ólafsson sagnfræðingur hefur rannsakað íslenskar dagbækur og sýnt fram á hversu margvíslegar þær eru að gerð og innihaldi, þó sameiginleg einkenni þeirra margra leyni sér ekki.¹ Ég hef bent á í bók minni *Menntun, ást og sorg* að eitt aðaleinkenni hefðbundinnar dagbókar séu reglulegar færslur höfundarins, en þessi stöðugu skrif gera það að verk-

1 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru.“

um að erfitt getur verið fyrir dagbókarhöfundinn að búa til einhverja sérstaka mynd af sjálfum sér.¹ Dagbókin endurspeglar höfundinn eins og hann er í raun og veru á einn eða annan hátt. Nær óhugsandi er að höfundur dagbókar falsi sína eigin sjálfsmynd sem brugðið er upp í dagbókunum, sérstaklega ef hann heldur dagbók árum eða áratugum saman. Dagbækur af þessu tagi og efni þeirra er af þessum sömu sökum alltaf einhvers konar tjáning á viðhorfi mannsins til heimsins og samferðamanna sinna. Þær aga höfundinn og veita honum vissa leiðsögn í lífinu. Hann veit að hugsun hans og gerðir munu rata á síður dagbókarinnar ýmist beint eða óbeint.

Dagbókarformið sjálf getur þó tekið á sig margvíslegar myndir eins og drepíð var á hér að framan. Það er nægilega frjálst til að hver maður geti sveigt það að sinni eigin persónulegu tjáningu og þörf. Þess vegna er ekki spurt um menntun eða stöðu þegar um dagbókarritara er að ræða, þeir þurfa aðeins að kunna að lesa og skrifa. Það sem meira er, þeir sem halda dagbók geta verið ósköp venjulegt fólk þar sem það verður að teljast til sammannlegrar löngunar að halda utan um sitt eigið líf, sérstaklega á síðari öldum þar sem leit mannsins að hagfelldari leið í gegnum lífið virðist vera allt að því stöðug og samfelld. En þessi löngun til að halda utan um vegferð sína nýtist manninum einnig í þeirri sjálfsskoðun sem öllum er nauðsynleg. Dagbókin getur því virkað eins og sálfræðileg meðferð hjá fagmanni. Bestu dagbækurnar geta á stundum svalað sjúklegri löngun margra til sjálfsskoðunar, sjálfskönnunar og afhjúpunar á hugsunarferli sjálfsins eins og Ponsonby lávarður sem ritaði um dagbækur á Englandi á fyrri hluta þessarar aldar, komst að orði.² Fáar dagbækur opinbera þetta allt en þær sem ná til aðeins eins af þessum þáttum verða að teljast ómetanlegar sagnfræðiheimildir. Ástæðan er að dómi Ponsonbys eftirfarandi:

Í dagbókunum er mannlegt eðli, okkar eigið eðli, afhjúpað á þann hátt sem óhugsandi er í öðrum skriflegum heimildum. Megineinkenni hverrar persónu koma í ljós. Við skynjum gleðina, hégómann, vonbrigðin, loftkastalana og óuppfylltar óskir. Við rekumst á stundir sem skapa tilefni fyrir lítið ánægjubros og aðrar sem léttu okkur daglegt líf, drungalegt veður, sljór rakhnífur, ný fót, heimiliserjur, andvökunætur, nagandi tannpína, fall af hestbaki, nýkeypt bók, góð máltíð, sársaukafull gagnrýni, önuget samband,

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 45–68.

2 Arthur Ponsonby, *English Diaries. A Review of English Diaries from the Sixteenth to the Twentieth Century with an Introduction on Diary Writing* (London, 1923), bls. 41. Ég geri Ponsonby nokkur skil í bók minni *Menntun, ást og sorg* svo og öðrum fræðimönnum sem fjallað hafa um þetta efni. Það skal þó tekið fram að þeir eru ótrúlega fáir sem lagt hafa sig fram við að greina og skilja eðli og notkunarmöguleika persónulegra heimilda.

veikindi barna, geðvond hjú. Við þekkjum þetta allt [...] Við uppgötuum þarna veruleika og líf sem listrænn og lærður texti nær ekki að fanga.¹

Lýsing Ponsonbys á ekki við nema lítið brot dagbóka en þar á meðal er dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Að framan hefur verið rætt um ýmis einkenni dagbókar Magnúsar, hvernig hann lýsti lífi sínu og hver voru helstu viðfangsefni hans. Gunnar Kristjánsson sem fjallar um *Heimsíjós* í grein í *Tímariti Máls og menningar* sem ber heitið „Úr heimi Ljósvíkingins“, bendir á að Halldór sé að glíma við spurningarnar: hver er maðurinn og hver er tilgangur tilvistar hans, og í því skyni nýti hann sér dagbækur Magnúsar.² Eins og áður sagði vekur athygli hversu mikið Halldór styðst við sögu Magnúsar og frásögn hans í dagbókinni og bréfum. Persónurnar eru mikið til þær sömu og í grófum dráttum rekur hann lífsferil alþýðuskáldsins. Halldór notfærir sér til hins ýtrasta hinar einstöku frásagnir Magnúsar sem og sérkennileg orð og orðasambönd sem Magnúsi voru töm. Í upphafi þessa inngangs bar ég saman texta Magnúsar og Halldórs Kiljans Laxness í orðræðu beggja í sambandi við „kraftbirtingarhljóm guðdómsins“. Annað dæmi má nefna úr fyrri hluta *Heimsíjós* en þar lætur Halldór Ólaf Kárasen lýsa sjálfum sér sem „krossbera“ á nokkrum stöðum, meðal annars þegar hann talar við Jarprúði hina flogaveiku, sem er eftirmynd Ingibjargar Guðmundsdóttur lagskonu Magnúsar um tíma, með þessum orðum: „Þá erum við bæði drottins krossberar, sagði hann þakklátur.“³ Hér hélt Ólafur að hann hefði fundið sér sálufélaga sem hann gæti notið. Sagan af Ingibjörgu er á svipuðum nótum í dagbók Magnúsar og á þeim tíma sem þau voru undir sama þaki lýsir hann sér sem „drottins krossbera“. Fróðlegt er að hafa í huga að Halldór skapar persónu sem er að áliti Gunnars Kristjánssonar jesú-gervingur, það er tákn hins undirokaða og fyrirlitna mannkyns, svo notuð séu orð Halldórs sjálfs.⁴ Vegna augljósra tengsla Ólafs og Magnúsar er því eðlilegt

1 „In diaries human nature—our own nature—is revealed to us in a way unattainable in any other form of writing. The lineaments of character penetrate freely. We recognise the joys, the little vanities, the disappointments, the exaggerated ambitions, the broken resolutions. We can enter into the trivial pleasures and petty miseries of daily life—the rainy day, the blunt razor, the new suit, the domestic quarrel, the bad night, the twinge of toothache, the fall from a horse, the newly purchased book, the good meal, the over-sharp criticism, the irritating relation, the child’s maladies, the exasperating servant. We know them all [...] We find in them a reality and a life which the more artistic and skilful compositions of fiction cannot reach.“ Arthur Ponsonby, *English Diaries*, bls. 32.

2 Gunnar Kristjánsson, „Úr heimi Ljósvíkingins.“ *Tímarit Máls og menningar* 43:1 (1982), bls. 10.

3 Halldór Laxness, *Heimsíjós* I, bls. 105.

4 Gunnar Kristjánsson, „Úr heimi Ljósvíkingins“, bls. 14–16.

að spyrja: hver var Magnús Hj. Magnússon? Er hægt að greina persónuna, draga fram helstu drætti hennar og rannsaka skapgerðareinkennin með hjálp dagbókarinnar? Þessu er hægt að svara bæði játandi og neitandi.

Ég benti á fyrr í þessari umfjöllun að Magnús hafi endurritað dagbækur sínar og komst að þeirri niðurstöðu að slík endurritun hefði engin áhrif á gildi þeirra; það væri lítil ástæða til að ætla að með endurrituninni hafi hann verið að endurgera persónuleika sinn og skapa falska ímynd sem honum hafi síðan auðnast að halda uppi í aldarfjórðung. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að ef niðurstaðan hefði orðið sú að hann hefði vísvitandi breytt dagbókinni til þess að fegra sjálfsmýnd sína eða hnika til sannleikanum þá væri dagbókin ekki síður mikilvæg heimild. Höfundurinn sjálfur er alltaf viðfangsefnið og sú ímynd sem hver og einn einstaklingur skapar sér meðvitað eða ómeðvitað. Hvernig svo sem þessi ímynd mannsins verður til og hvort sem hún er fölsk eða ósvikin, verður hún ósjálfrátt hluti af manninum sjálfum og því mikilvægur vitnisburður um hann og líf hans.

Úr þéttum texta dagbókarinnar, þar sem orð Magnúsar og hugsanir streyma fram eins og eilíf elfur lífsins, má lesa afstöðu Magnúsar til sinnar eigin myndar. Í þessu sambandi langar mig til að taka nokkur dæmi þar sem Magnús hugleiðir stöðu sína í samfélaginu og dregur þá upp skarpa mynd af sjálfum sér og samferðamönnum sínum. Lesandanum læt ég síðan eftir að dæma um gildi slíkrar lýsingar. Átakaárið 1912 greinir hann meðal annars frá upphlaupi sem gert var gegn manni sem hann hafði mætur á og bætir síðan við: „Slík tilfelli hafa optar en einusinni hitt mig um æfina og getur þess stundum í Dagbókum mínum. Mig langaði í æsku til að reynast góður maður en það er eins og ég hafi haft illt af því, enda má nú heita komið svo að ég geti tekið undir með skáldinu er kvað: „ – alla blíðu úr brjósti mér / búinn níða heimur er.“¹ En þrautir Magnúsar voru margar og hann taldi sig hafa tekið umskiptum í tímans rás: „Slys þau er ég hafði orðið fyrir um æfina, voru orðin mörg, og mörg þung, einkennileg og margbrotin, var því engin furða þó meðfætt lyndislag mitt væri farið að breytast, enda fannst mér, að ég væri ekki orðinn sjálfum mér líkur. Taldi ég víst, að skemmra væri eptir en farið var og hlakkaði ég opt til þeirra skipta.“²

Árið 1906 segir hann frá vinnu sinni: „Var ég í vinnu. Beiddi Skúli kaupmaður Einarsson mig að taka af sér fisk til að þvo fyrir visst verð á hvert hundrað (akkorð). Enn af því Sk. E. var maður talinn ærið síngjarn, en ég afar óklókur í öllum fjársökum, þá var ég næsta tregur til slíks, en sá þó á

1 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. apríl 1912.

2 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. maí 1912.

hinn bóginn, ef eigi færi því ver, að það var mun frjálslegra en að láta aðra stjórná sér sem hverju öðru verkfæri við hvaða draslvinnu sem var, því undirokun var mér djöfullegust af öllu.“¹ Þessi tilvitnun gefur til kynna viðhorf Magnúsar til vinnunnar og sýnir ennfremur tengsl þeirra sem auðinn áttu og hinna sem seldu vinnuafli sitt. Um vinnuna bætti Magnús við síðar meir: „Var ég búinn að fá 3 sár stór á hægri fótinn en kvaldi mig þó til að aka út fiski. – Jeg hef aldrei kunnað að vera sérhlífinn og því hefur farið sem farið hefur.“²

Áður hefur verið minnst á áhuga Magnúsar á bókmenntum og kveðskap. Hann var vakinn og sofinn yfir hverju tækifæri sem gafst til að nálgast efni sem hann taldi einhvers virði. Í desembermánuði 1906 segir svo frá í dagbókinni: „Hvass á vestan með kafaldságöngum. Keypti ég á uppboði Messías Kloppestokks í giltu bandi. Paradísarmissir Miltons og Kvæði Eggerts Ólafssonar, allar fyrir 43 aura. Það voru góð kaup. Var sem fæstir vissu um gildi þessara bóka, því einir 3 menn af vísit 2 til 3 hundruðum, gerðu boð í þær: Kr. H. Jónsson ritstjóri, Bjarni Sigurðsson lausamaður og M.Hj.M.“³ Mótlætið í lífinu neyddi Magnús til að mæta því á einhvern hátt og það gerði hann með taumlausri ást sinni á hinu skrifaða orði. Sú árátta vann honum hylti margra samferðamanna eins og oft kemur fram í dagbók hans. Árið 1907 hitti hann til dæmis ungan mann sem taldist til skálðbræðra hans: „Það sagði Jóhann mér að ég, sem skáldyrðingur, hefði haft áhrif á sig er ég kom til foreldra hans sem gestur að Gili í Bolungarvík haustið 1896 og hefði hann aldrei gleymt mér.“⁴

Magnús hafði mjög afdráttarlausa skoðun á því er varðaði textann og hlutverk hans í samfélaginu; hann tók sjálfan sig mjög alvarlega í því sambandi og lagði áherslu á að hafa það er sannara reyndist. Þetta kemur mjög skýrt fram eftir lát Þórðar P. Grunnvíkings árið 1913:

Fékk ég bréf frá Sólveigu, ekkju Þórðar Grunnvíkings, dags. 31. þ.m. Í bréfi því tekur hún svo til orða: „Ef þú gjerir það svo mér líki, þá skal ég *halda af þér*.“ Setning þessi fannst mér óþörf, því hér meinar Sólveig, að ef ég ætli að rita æfiminningu Þ.P. Grv., þá verði hún að vera svo að *henni* líki. Hvernig þá? Hrósa því sem ekki var hrósvert? Nei, annaðhvort að segja atriðið eins og það er, eða maður veit sannast, eða þegja um það. Og hve nær hafði ég tyllt mér á tá, til að láta hrósa mér? Aldrei. Ekkert var fjarri mér en sjálfshól og skjall. Vona ég að kvæði mín styðji þá sögu mína.

1 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. maí 1906.

2 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 2. júní 1906.

3 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. desember 1906.

4 Lbs 2224 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 24. mars 1907.

Ég hef heldur viljað *vera* en *sýnast*, þótt margt hafi skyggt á í þeim efnum, og eigi síst fátækt. Er og ópt svo, að virðingin flýr þann er mest sækist eftir henni. Sé verk einhvers manns í raun og veru hrósvert, þá mælir það með sér sjálft.¹

Þessi tilvitnun leiðir í ljós hvaða augum Magnús leit sjálfan sig og hvernig hann vildi meðhöndla viðfangsefni sín. Þau voru margvísleg en áttu það sameiginlegt að spegla veruleikann sem hann lifði í og krefjast jafnframt fullkominnar hreinskilni. Hann vildi ekki *sýnast*, hann vildi *vera*!

Mótsagnirnar í lífi Magnúsar eru yfirþyrmandi. Hann er hinn misheppnaði fjölskyldufaðir og þjóðfélagsþegn sem gerir einstaka tilraun til að rétta sinn hlut með dagbókarskrifunum. Þess vegna er hann hvorki jesú-gervingur eins og Ólafur Kárasón né varnarlaus píslarvottur eins og Gunnar M. Magnúss lýsir honum. Hann er fyrst og fremst *gerandi*, maður sem bregst við örlögum sínum. Viðbrögð Magnúsar eru í einhverjum skilningi dæmi um hinar fjölbreyttu leiðir mannsins til að rétta hlut sinn í lífinu og bregðast við aðstæðum sem erfitt er að reikna út eða meta afleiðingarnar af. Þetta eru dæmi um viðbrögð manns sem stendur andspænis ofurefli, óréttlætinu sjálfu. Í þeim felst svarið við spurningunni: hvert er eðli mannsins, en um leið sýna þau að spurningin verður áfram eilífðar ráðgáta. Líf Magnúsar var ein allsherjar vitnaleiðsla þar sem hann sjálfur var ritari réttarins og dómarar hans eru síðari tíma lesendur dagbókarinnar.

1 Lbs 2231 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. nóvember 1913.

II. Sjálfsævisaga

Hér er birt áhugaverð sjálfsævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar sem hann byrjaði að rita á öðrum áratug tuttugustu aldar. Magnús hóf dagbókarskrif sín árið 1893 en þá var hann rétt tæplega tvítugur. Fram að þeim tíma hafði ýmislegt á daga hans drifið eins og dagbók hans sýnir ljóslega en í henni vitnar hann stöðugt í mótunarár sín. Magnús taldi sig eiga harma að hefna frá þessum bernsku- og uppvaxtarárum sínum og má líta á sjálfsævisöguna sem nokkurs konar viðleitni til að láta þá minningu ekki dofna. Hún spannar einkum fyrsta áratug ævi hans, en þangað rekur hann öll þau atvik sem hann telur að hafi haft varanleg áhrif á líf sitt til góðs og ills. Að auki gerir hann að umtalsefni ýmsa siði og venjur sem tengdust daglegu lífi fólks á Vestfjörðum. Ljóst er að Magnús hefur ætlað sér að bæta við æviminningarnar en ekki verið kominn lengra þegar hann féll frá.

Sjálfsævisagan er á margan hátt óvenjuleg þar sem Magnús dregur ekkert undan og hlífir hvorki sjálfum sér né samferðamönnunum. Enda þótt hún sé frekar stutt þá gefur hún ótrúlega góða innsýn í líf fósturbarns og niðursetnings á seinni hluta nítjándu aldar en um ævi og kjör slíkra barna er margt á huldu. Ævisagan er ekki síður vitnisburður um viðhorf almennings til barna í þessari stöðu en þá eins og nú mun skapferli og innræti hinna fullorðnu hafa ráðið miklu hvernig farið var með börn. Á seinni hluta nítjándu aldar komust illmennin upp með níð og yfirgang án þess að yfirvöld réttu hlut fórnarlambanna eins og fram kemur í sögu Magnúsar. En vegna þessara aðstæðna greip Magnús til sinna ráða og eitt af þeim var sjálfsævisagan; hún er ákall til síðari tíma manna að þeir meti líf hans og annarra sem lentu í svipuðum sporum á sanngjarnan hátt og af yfirvegum.

Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar¹

Rituð af sjálfum honum

Byrjuð á Suðureyri í Súgandafirði, 12. janúar 1914

Formáli

Á bók þessa ætla ég að rita æfisögu mína. Hefir ýmislegt á daga mína drifið, og sumt þó þess vert, að það sé athugað; gæti því svo farið að draga mætti dæmi þar af, svo að gagni mætti verða. Þættist ég og vel hafa varið vökustundum mínum yfir öðrum sofandi, ef ritverk mín yrðu einhverjum til geðs, ef ekki til beinnar nytsemdar, þá til dægrastyttingar. Hefi ég jafnan í ritum mínum, viljað gæta þess að *hlið sannleikans væri cfan á*, og vona ég að þess sé gætt, ef dæma skal um það er ég hefi skrifað, en síður tekið tillit til þess hver í hlut á. Að *falsa* sagnir, er fjærri mér.

Vel má og vera, að ég í æfisögu minni nefni ýmsa menn, er einhverjum þætti gaman að fá vitneskju um, og mun ég lýsa þeim eptir föngum. Með von um nokkurt þakklæti *seinni tíðar manna* legg ég því enn á stað í ritstarfa-áttina, erfiðleikum háður á ýmsa vegi, og bið hönd hins alvalda að styrkja mig til starfa.

Suðureyri í Súgandafirði,

12. janúar 1914.

Magnús Hjaltason

Árið 1873 bjuggu að Eyri í Seyðisfirði hjónin: Guðmundur Bárðarson og Sigríður Guðmundsdóttir. Þau áttu Eyri. Guðmundur var mikill á velli, hár og þrekinn og að öllu hinn höfðinglegasti. Hann var sagður kvennakær. Sigríður var og talin góð kona, fríð og vönduð og gat hún sér bezta orð. Hún var systir Egils sterka á Laugabóli í Laugardal. Egill sá átti fjölda barna og var öllum jafn góður. Viðvíkjandi barneign sinni hafði hann sagt: „Mér þykir alltaf svo vænt um blómin.“ Og var þetta þýðlega hugsað. Guðmundi Bárðarsyni þótt illa gjaldast kirkjutollarnir frá Álptfirðingum en þeir fiskuðu þó opt vel á þeim árum, því fékk hann Jón skáld Jónatansson, sem þá átti heima í Súðavíkurbreppi, til að yrkja þessa vísu:

Álptfirðingum er mjög tamt,
inn að gogga býra,
geta þeir ekki goldið samt
guðshúsinu dýra.

1 Lbs 2238 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Kristján Þórðarson (bónda í Hattardal, Magnússonar prests, Þórðarsonar prests, Þorsteinssonar), bræðrunga minn, svaraði fyrir Álptfirðinga, á þessa leið:

En ef skoðað allt er grannt,
öld má frá því skýra,
Seiðfirðingar setja í pant
. stöng óryra.

Guðmundur Bárðarson á Eyri og Sigríður kona hans áttu þessi börn: Jón, er síðar varð kaupmaður og óðalsbóndi í Eyrardal og átti að konu Karítas Benediktsdóttur úr Reykhólasveit, og 2. Guðrúnu, hún giptist Guðmundi Jónssyni úr Arnardal, Guðmundssonar í Aðalvík. Þau áttu börn. Guðrún átti og börn með Magnúsi Einarssyni á Fólafæti. Hún átti og barn með Jóni Magnússyni lausam. á Eyri, það var sveinn og hét Ólafur, fæddur 1893, og því löngu síðar en hér segir frá.

Út frá Eyri í Seiðisfirði, var hjáleiga sú er nefnd var á *Tröðum*. Þar bjuggu nú við fátæki Hjalti Magnússon (albróðir Þórðar í Hattardal) og Friðrikka saumakona Kristjánsdóttir frá Borg í Arnarfirði, sterka Guðmundssonar, og Guðbjargar Markúsdóttur prests frá Álptamýri. Þegar hér var komið höfðu þau Hjalti og Friðrika eignast 3 börn: 1. Magnús, dó í barnæsku, sérlega efnilegur. 2. Vilhelminu Maríu, fædd að Dvergasteini í Álptafirði, 2. Júlí 1871. 3. Halldór, fæddur 1872. Og nú um sumarið 1873, 6. Ágúst, fæddist þeim enn sonur. Hann var vatni ausinn af séra Jóni Bjarnasyni (föður Bjarna skálds og málsnillings frá Vog) og hlaut nafnið Magnús, og er það sá hinn sami er hér ritar nú æfisögu sína. Mun foreldrum mínum hafa þótt ég ekki vera neinn aufúsugestur, því strax og móðir mín fór að hressast, fóru þau að hugsa um að koma mér í burtu. Fór faðir minn á fund bróður síns, Þórðar í Hattardal og beiddi hann aðstoðar. Var Þórður karlmenni mikið og drengur hinn besti. Kona hans var Guðríður Hafliðadóttir frá Borg í Skötufirði, Hafliðarsonar. Hún var kvennskörungur mikill og göfuglynd. Áður hafði Þórður átt Guðrúnu Magnúsdóttur frá Bakka í Langadal, ekkju Arnórs prófasts Jónssonar í Vatnsfirði. Þau skildu 1863.

Um þetta leiti bjuggu að Efríhúsum undir Hesti í Önundarfirði Guðni Vigfússon, smíðs í Breiðadal, Eiríkssonar prests á Stað í Súgandafirði, Vigfússonar, og Margrét Bjarnadóttir, bónda í Innri-Tungu í Önundarfirði, Jónssonar. Guðni var orðlagt góðmenni. Margrét var tvígípt, hafði hún áður átt Kristján Sæmundsson frá Mosvöllum, Guðlaugssonar, og með honum 3 sonu: 1. Sæmund Ebenezer, er síðar varð skipstjóri, 2. Bjarna Hermann er líka varð skipstjóri og 3. Jóhannes er bóndi varð á Hesti. Koma bræður þessir allir við sögu mína og Sæmundur þó minnst, því ég var all ungur er hann druknaði. Með Guðna hafði Margrét eignast eina dóttur og hét hún þremur nöfnum: Kristjana – Vigfúsína – Sigríður.

Þórður föðurbróðir minn reið nú vestur í Önundarfjörð, á fund Guðna og Margrétar og beiddi þau að taka yngsta barn Hjalta, bróður síns, en hann (Þórður) skyldi sjá um meðgjöfina. Var Guðni fús á að verða við bón frænda síns, en Margrét var all treg, en þó varð það, að þau hétu sameiginlega að taka mig. Þeir Þórð-

ur og Guðni voru systra synir; Matthildur móðir Þórðar og Þorkatla móðir Guðna voru systur, dætur séra Ásgeirs prófasts í Holti, Jónssonar. Systkin föður míns og Þórðar í Hattardal, voru þau: Ásgeir hreppstjóri á Kleifum í Súðavíkurbreppi (dó 1878) giptur Rannveigu Ólafsdóttur frá Skjaldfönn; Guðrún í Eyrardal, átti Guðmund ríka Arason og með honum 12 börn; Guðbjörg, átti Örnólf á Skarði í Ögursveit, Ólafsson frá Gilsbrekku í Súgandafirði, Jónssonar. Börn séra Magnúsar (afa míns) og Matthildar Ásgeirsdóttur (ömmu minnar) voru því alls 5.

Nú er að geta þess að Þórður föðurbróðir minn reið norður, sem leið liggur yfir Álptafjarðarheiði, heim til sín og síðan á fund foreldra minna, að Tröðum. Tjáði hann þeim að komið hefði hann mér fyrir í Efrihúsum og skyldi ég færast þangað við fyrstu hentugleika. Leið svo nokkur tími. Þegar ég var rétt 6 vikna, miðvikudaginn 17. September 1873, var farið á stað með mig frá Tröðum, alfarinn frá foreldrunum. En fyrir því að dagur var tekinn að stytast og veður fór heldur versnandi, varð áfanginn ekki lengri en í Hattardal, til föðurbróður míns. Þar dvaldi ég í viku, sjálfsagt „í góðu yfirlæti“ því þá var Matthildur amma mín þar, hjá Þórði syni sínum og hafði henni þótt vænt um nafnið (mitt). Miðvikudaginn 24. September var farið með mig frá Hattardal. Var búið um mig eptir föngum og yzt hafður skinnstakkur. Faðir minn bar mig, en kvennmaður gamall fylgdi. Héldu þau vestur sem leið liggur yfir Álptafjarðarheiði. Þegar upp á heiðina kom, hafði ég farið að gráta töluvert og varð ég ekki huggaður. Tók þá faðir minn það ráð, sem aldrei skyldi verið hafa, að *hlaupa* með mig heim að Efrihúsum, allt hvað af tók, en faðir minn var maður léttfær mjög, og var för sú lengi í minnum höfð. Fylgdarkona föður míns kom ekki að Efrihúsum fyr en löngu seinna. En það er af mér að segja, að ég var með öllu óhuggandi, gekk maður undir mannshönd að fá mig hljóðan, en ekkert dugði. Loks var tekinn hestalaupur (laupur er borið var í með til hesta) því vagga var engin til, látið hey í hann og ég lagður þar í, var mér svo „ruggað“ og þá sofnaði ég. Þegar ég vaknaði, var ég miklu betri, en þó fremur veiklulegur, og nú bættist það við að ég fékk þrjú kýli á hálsinn, er hófust illa og hafði ég átt lengi í því, og bar ég örin síðan alla tíð. Það er hið fyrsta er ég man eptir mér, að ég stóð við rúmstokk í baðstofunni, klæddur í léreftskjól, og mun ég þá hafa verið á 3. ári, eða um 3 ára gamall. Baðstofan var í 3ur stafgólflum og bjórrepti að auki, þó eigi nema í öðrum endanum. Í henni voru 7 rúm, þrjú undir hvorri hlið og eitt undir bjórreptinu. Tvö stafgólfin voru undir skarsúð, eitt undir langböndum og árepti. Á gólfinu niðri var ýmislegt dót, þar á meðal vefstaður er sumir kalla vefstól. Þessu heimilisfólki man ég fyrst eptir: 1. föstru minni; svaf ég fyrir ofan hana – Guðni maður hennar andaðist þegar ég var um tveggja ára, 1875, og var það skaði minn að allra sögn –; 2. Kristjönu, dóttur föstru minnar og Guðna sáluga, 3. Kristínu Vigfúsdóttur, tengdasystur föstru minnar, 4. Jónínu Jóhönnu, dóttur Kristínar; hún var 4 til 6 árum eldri en ég; 5. Guðmundi Bjarnasyni, bróður föstru minnar, hann lá í rúminu, í geðveiki; 6. Brynjólfi Davíðssyni, hann var vinnumaður föstru minnar og talinn ráðsmaður; 7. Eyjólfi niðursetningi, hann dó þegar ég var um 5 ára og var hann hið fyrsta *lík* er ég sá. Kistan var negld aptur með stórum

nöglum og „lína“ (niðristaða) negld undir botninn sem handföng. Kistan var borin út á tún og sunginn sálmurinn: „Allt eins og blómstrið eina“. Þar var hún bundin upp á hest og endar tveir látnir ganga út frá kistunni, sinn frá hvorum enda hennar, í þá enda héldu tveir líkmennirnir, svo kistan ruggaðist síður.

Þegar hér er frá sagt man ég ekki eptir neinum sonum fósturu minnar, þeir hafa víst ekki verið heima, sjálfsagt við sjó.

Fóstra mín var í meðal lagi há á vöxt, holdug og heldur fríð, þybbin í lund og ekki hreinlynd, hraust og óþrifin og hatursmaður allra bókmennta. Kristjana dóttir hennar var lík henni: þybbin í lund og nísk.

Kristín Vigfúsdóttir var ekkja eptir Kristján Jónsson Önfirðing, höfðu þau búið í Neðrihúsum um hríð og eignast 3 börn: 1. Svein, dó ungur, 2. Rannveigu, ólst upp á Þorustöðum hjá Halldóri bónda Guðmundssyni og konu hans Guðrúnu Jónsdóttur föðursystur sinni, og 3. Jónínu er getur hér. Kristín var skritin í lund, talaði mjög eins og hver vildi heyra í þann og þann svipinn, þó hún stundum væri mér heldur hlý þegar enginn heyrdi til, þá var hún á *móti* mér þegar aðrir heyrdu til, og fyllti þá fyllilega þeirra flokk er ömuðu mér. Og eins var Jónína dóttir hennar. Guðmundur bróðir fósturu minnar var mér góður, en skeytti mér svo sem ekkert nema ef enginn var í baðstofunni. Hann hjálpaði mér opt að klæða mig. Hann prjónaði mikið af duggarasokkum og duggaravetlingum.

Brynjólfur Davíðsson var mesti hrani, fól í lund og tilgátuillur, stálhraustur, nýttinn og þrifinn, sumir sögðu hann „raungóðan“ ef hann lét eitthvað af hendi rakna. Hann var hagur vel á tré. – Strax og ég var eitthvað kominn á legg, man ég eptir að farið var að hræða mig með ýmsu móti og leika mig illa á margan hátt. Ég mun hafa verið á 6. ári þegar ég man eptir sonum fósturu minnar heima að vetrarlagi. Þeir stríddu mér og kvöldu mig á ýmsan hátt, Sæmundur þó minnst, enda var hann talinn „laukurinn úr þeim bræðrum“, en Bjarni og Jóhannes voru strax hinir mestu óþokkar og höfðu hið versta orð á sér, var þeim flest illa gefið, en afar hraustir, nenntu þó svo sem ekkert að gera fyrir móður sína, en fyrir sjálfa sig voru þeir trölleflDIR. Gengu þeir yfir höfuð móður sinni og vildu öllu ráða, svifust og einskis þegar því var að skipta, fór tvennt hjá þeim saman: orðbragð og athöfn og hvorugt fagurt. Til dæmis má geta þess um fólsku Jóhannesar, að hann henti fullum aski af heitum graut, ofan yfir móður sína, þegar hún var að ganga ofan stigan; þótti honum grauturinn of heitur. Þetta horfði ég á. Hann efaði og að hún væri móðir sín – „ef þú ert móðir mín“.

Jóhannes byggði sér fjárhús er tók nær 20 kindum, uppi undir stóru holti ofanvert við túnið (í túnjaðrinum), og var holtið síðan nefnt Jóhannesarholt.

Töluvert af silung gekk í Hestá. Synir fósturu minnar fengu dálítið, á þann hátt að þeir skáru holur í fljótsbakkana og seildust svo í silunginn. Net voru engin til. Það var eitt sem þeir bræður hræddu mig með: að þeir köstuðu á mig silung, hálf-lifandi eða dauðum, og sögðu að hann biti mig, en ég varð dauðhræddur og þorði ekki að snerta hann. Svo lugu þeir að mér að þeir ötluðu að láta silung í tréfötugarm sem var á baðstofufugólfinu, svo hann gæti stokkið á mig í myrkrinu og

bitið mig. Því var það að þegar fóstur mín var að skammta í búrinu kvöldmatinn og ég ætlaði ofan til hennar, að ég var sem milli heims og helju er dimmt var orðið. Þegar ég var kominn ofan í stigann, gullu óþökkarnir við: „Passaðu þig nú, nú kemur silungurinn úr spöndunni og bítur þig, varaðu þig, nú er hann að sprikla“. Ég hrökk saman í kuðung og hljóp aftur upp á loft. Kristín Vigfúsdóttir anzaði þá stundum til og sagði: „Þeir eru að skrökva að þér, þér er óhætt að fara“. Ég vissi ekki hverjum ég átti að trúa. Stundum hafði þó löngunin til fóstur minnar yfirhöndina, svo ég hljóp ofan í einhverju ofboði.

Opt lék Jóhannes sér að því að taka mig upp á eyrunum svo og að klípa mig í eyrnasneplana. Einu sinni er hann var að því, sagði fóstur mín við hann: „Vertu ekki að því“. Jóh. svaraði: „Nú, fyrir hverju? Það er gaman að vita hvað hann þolir“. Í þetta sinn varð ég eyðilagður í höfðinu, enda fleirum sinnum búinn að fá slíkar misþyrmingar.

Nálægt þessum tíma varð ég var við að ég var fullur af *andagipt* og hugur minn var þrunginn af ýmislega löguðum *hijómöldum*, en alla þessa fyllingu fannst mér vanta *birtu*. Eptir þetta fór ég að taka eptir *vísu* og lærði ég allt sem ég heyrði af slíku. Við það varð hugur minn nokkuð léttari. Svo fór ég að mæla hendingum og bjó til „heilmiklar runur“ og smærri parta, svo sem:

Lokka í eyrum hefur hún – , um stúlku er Jónína hét Guðmundsdóttir og vinnukona var í Tungu; hún hafði lokka á eyrum. Stúlku þá vildi Jakob Lárus smiður í Tungu, eiga, en „það fór allt út um þúfur“, fyrir því að Þorkatla Bjarnadóttir móðir Jakobs (og systir fóstur minnar) vildi ekki að þau ættust. Jakob var eitthvað hagorður og kvað til Jónínu og eru þar í þessar hendingar:

„Jónína Guðmundsdóttir dýr
dyggðanna vafin blóma skír“.

Þess er áður getið að fóstur mín var engin bókamanneskja, öðru nær. Einu sinni var ég staddur hjá henni úti í skemmu, þar sá ég rifrildi af bók innan um járnarusl í gamalli hniklaskúffu (tilheyrandi rak-grind). Ég spurði fóstur mína hvort ég mætti taka það. Hún svaraði: „Hvað ætlarðu að gera með það, elskan mín? Það hefir enginn gott af því að liggja í bókum“. Ég tók þó bókina og bar hana inn, í barmi mínum og þorði varla að láta sjá hana. Það voru Númerímur Sigurðar Breiðfjörðs.

Á þessum misserum var ég orðinn svo læs að ég var „húslestrarfær“ og var ég látinn lesa kvöldlesturinn. Þá var alsíða í Öfundarfirði að lesa á hverjum sunnudegi í Vídalíns postillu, allt árið, og á kvöldin var líka lesið, nema yfir há-sumarið, í Hugvekjum. Um Sjöviknaföstuna var og lesið á miðvikudögum, í Vigfúsarhugvekjum. Kristjana dóttir fóstur minnar kenndi mér að stafa, í Stafrófskveri, það var í allstóru formi, en eigi veit ég höfund þess, enda titilblaðið rífið burt og kverið allt ræfilslegt, fyrst þegar ég sá það. Þegar ég var búinn að þekkja stafina, var ég látinn „lesa“ í Nýjatestamentinu. Man ég eptir, að þegar ég var að stafa orðið *ajë full*, að ég hélt að átt væri við *ull af sauðfé*, en furðaði að hún skyldi ekki vera nefnd *vorull* eða *haustull*. Svona er barnæskan.

Mikið af bænum og versum ýmiskonar var mér kennt. Þegar ég var að lesa það í rúminu á kvöldin, fyrir ofan fóstru mína, sýndist mér það vera til og frá út um *hagann*, t.d. upp við Stóruétt, fram við Litlurétt, fram á Gjáhrygg, o.sv. frv. og man ég enn (19. Maí 1914) yfir hvaða svæði að mörg versin lágu.

Það var nálægt þessum tíma, að haustlagi, að Bjarni Hermann, sonur fóstru minnar var heima, vorum við tveir einir uppi í baðstofunni, auk „Gunna“ gamla (bróður fóstru minnar) sem lá í rúminu. Bjarni var nýkominn upp og gekk til og frá um loftið, en ég sat á rúmi fóstru minnar, í ytri enda baðstofunnar undir vest-urhlið. Ég hafði tekið bók ofan af hyllu og var að lesa í henni er Bjarni kom upp en þorði ekki að láta hann sjá hana, og stakk ég henni undir lærið í hvert skipti er Bjarni gekk *inneptir* loftinu en las í henni er hann gekk *frameptir* loftinu. Bjarni hafði veður af þessu, kom til mín og skoðaði bókina undir læri mínu. Ég varð laf-hræddur, en Bjarni sagði: „Þú mátt hafa hana“. Slíku svari bjóst ég ekki við og varð ég feginn. Bókin var: Kvæði Bjarna Thórarensens. Töluvert lærði ég í þeim kvæðum, en þau voru allt of þung fyrir mig.

Bjarni sagði mér eitthvað til að þekkja tölustafi, en var fjarska hastur við mig, svo ég skalf sem strá í vindi og fannst sem farg legðist á mig, þegar ég mundi ekki hvað einhver stafurinn hét. Um þennan tíma voru til í Efrihúsum Þjóðsögur Jóns Árnasonar og Íslenzk æfintýri; gagnlas ég þær bækur og þótti afar vænt um þær. Felsenborgarsögur voru líka til, þær las ég líka, en ekki höfðu þær mikil áhrif á mig.

Á þessum misserum man ég eptir þessum búendum inni í firðinum:

Á Hesti: Steinunni Jónsdóttur, ekkju eptir Svein Jónsson. Börn hennar: Guð-mundur Magnús Sveinsson, var „fyrir framan“ hjá móður sinni; 2. Guðrún Sveins-dóttir, gipt Sigurði bónda Jónssyni í Neðrihúsum. Þau áttu börn; 3. Jónína Sveins-dóttir, heima hjá móður sinni, átti seinna Jóhannes, son fóstru minnar. Þegar hér segir frá var móðir Steinunnar á Hesti enn á lífi, Þuríður að nafni, Kolbeinsdóttir, hún hafði alist upp á Næfranesi í Dýrafirði og var nú orðin fjörgömul og lögst í kör; hún hafði verið „mesta manneskja“, var alsagt að hún ynni það á nóttunni sem hún spann á daginn (á halasnældu). Meðan hún var á fótum hafði hún haft þann sið á hverju gamlárskvöldi að ganga með ljós (lýsilampa) þrívægis umhverfis bæ-inn og segja: „Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að skaðalaus“. Þuríður sál. var góð við mig. Hún mun hafa dáið um 1878.

Í Tungu: Þorkötlu Bjarnadóttur, ekkju, alsystur fóstru minnar. Jens hreppstjóri Jóhannesson hafði verið maður hennar. Hann dó um 1875. Hún bjó með börnum sínum og eru þau talin hér eptir aldri: 1. Bjarney, 2. Jakob Lárus, 3. Jens, 4. Hólm-geir, 5. Þorbergur, 6. Þorkell, fæddur 1874, dó 1897. Þorkatla í Tungu var hraust kona og hæglat, slétt á kinn og heldur fríð. Í Tungu bjuggu líka, en höfðu lítið af jörðinni, Guðmundur Auðun Kristjánsson, smiður, og Rannveig Gunnlaugsdóttir (ættuð úr Súðavíkurbreppi og uppalin þar). Þau áttu tvö börn Salóme Herdísí og Soffíu Arnfríði. Rannveig var góð kona og skörungur mikill. Móðir Guðmundar

bónda var Guðfinna Bjarnadóttir, alsystir fóstur minnar. Hún dó á Kjaransstöðum eða Ketilseyri í Dýrafirði, eptir 1896.

Á Hóli: Guðmund Ólafsson og konu hans Ingibjörgu Jónsdóttur, systur Sigurðar í Neðrihúsum. Pau áttu börn. Líka bjuggu á Hóli Kristján Jónsson ættadur úr Tálknafirði, og kona hans (hin fyrri) Ásta Guðmundsdóttir. Pau áttu börn. Ásta var góð kona og hæglát en Kristján maður hennar var rostamenni og voðamaður við vín og þó ekki raunslæmur. Hann var sá fyrsti maður er ég sá ölvaðan, en það munaði líka um það, lét hann sem óður væri, bölvaði með fádæmum, reif upp skarn og kastaði því í hvað sem fyrir var. Er mér það enn (á Hvítasunnudag 1914) í glöggum barnsminni, og hefi ég síðan verið hræddur við flestalla brennivínsmenn. Kristján á Hóli var sá eini maður inn í firðinum sem átti griðung, en sá kostur fylgdi honum (griðunginum) að hann var mannýgur og varð að hafa á honum fót-bönd er farið var með hann á milli bæja. Var ég – og fleiri börn – opt hræddur með „Hólsbola“ og þá kveðin við mig þessi vísa sem mun þó vera gömul:

Láttu hann ekki Hólsbola
heyra til þín,
hann er digur og djarfur
og drekkur barna vín.

Kristján á Hóli var afkomandi Halldóru *ríku* á Felli í Tálknafirði.

Á Vífilsmýrum voru þessir búendur: a. Sveinn Jónsson og Kristín Þórarinsdóttir. Pau áttu börn. Sveinn var hraustmenni ið mesta og dugnaðar maður, einkum byggingarmaður, með afbrigðum, stirður í lund hversdaglega en brjóstgóður og bestí maður við vín. Kristín var ágætis kona, dugleg og góð.

b. Jón Jóhannesson og Guðmundína. Pau áttu börn. Jón bóndi var maður afar hraustur og sláttumaður með afbrigðum.

c. Björn Torfason og Guðbjörg Bjarnadóttir. Björn var hár maður vexti og kalladur Stóri-Björn, hann var geðprúður og þíðlátur. Ekki veit ég hvort þau Guðbjörg voru gipt (af presti), ég hygg ekki. Guðbjörg var ekkja eptir Svendsen umboðsmann („agent“) á Flateyri. Pau Björn og Guðbjörg áttu eina dóttur barna, kvennal mikið, hét hún Guðbjörg og dó um þrítugsaldur í Ytri-Hjarðardal mörgum árum síðar en hér segir frá, faðir hennar var þá dáinn, en móðir hennar var á lífi, í Ytri-Hjarðardal, fram yfir 1884.

Á Bethaníu („Koti“) bjuggu Markús Ólafsson, bróðir Guðmundar bónda Ólafssonar á Hóli og þeirra systkina, og kona hans Guðrún Pálsdóttir. Pau áttu ekki börn, en ólu upp svein þann er Andrés Zoffonías hét. Pegar hann var um 16 ára gamall, átti hann barn við vinnustúlku fósturforeldra sinna, Jónínu Guðmundsdóttur, sem Jakob Lárus í Tungu vildi eiga (sjá 18), var það piltur. Þá var séra Stefán P. Stephensen prófastur í Holti. Skýrði hann barnið þar á Bethaníu og spurði þá Andrés um faðerni þess á þessa leið: „Áttu barnið, Andrés? Andrés pagði – hafði ekki einurð á að svara. Svaraði þá fóstur hans til og mælti: „O, segðu já barn“. Er það síðan haft að orðtaki.

Á Efstabóli bjuggu Gabríel Jónsson, (Guðlaugssonar) og kona hans Soffía Bjarnadóttir, alsystir fóstur minna. Þeirra börn voru: 1. Jón, 2. Kristján, 3. Gabríel, 4. Soffía. Gabríel bóndi var maður nýttinn og kunni vel að búa, en var miðlungi góðgjarn; kona hans var all-gjörvuleg og heldur frjálslýnd. Hún dó nálægt 1880. Gabríel var hreppstjóri, en hvort hann var orðinn það þegar hér segir frá, veit ég óglögg.

Á Kroppstöðum bjuggu Jens Jónsson (Guðlaugssonar) albróðir Gabríels á Efsta-bóli, og kona hans Sigríður ljósmóðir Jónatansdóttir. Þeirra börn voru: 1. Jónatan, síðar bóndi á Efstabóli, 2. Guðfinna, átti síðar séra Björn í Miklabæ í Skagafirði, 3. Jensína, átti síðar frænda sinn Jón Gabríelsson frá Efstabóli, bjuggu þau síðan lengi á Fjalla-Skaga í Dýrafirði og auðguðust þar vel og þar hjá þeim dó Gabríel hreppstjóri (frá Efstabóli), 4. Sigríður, átti Bóas hreppsnefndarmann Guðlaugsson, 5. Ólafur, yngstur sinna systkina, varð verzlunarmaður á Sauðárkrók í Skagafirði.

Jens á Kroppstöðum var maður hæglátur og nýttinn sem bróðir hans (Gabríel), en feimnissvipur mikill var á þeirri ætt og töldu ýmsir hana „falska“ (undirhyggju-fólk). Sigríður ljósmóðir var kvennskörungur mikill, þrekleg og hraust og allmikill drengur og var hún vanalega talin fyrir búinu og kölluð „Sigríður á Kroppstöð-um.“

Á Kirkjubóli í Korpudal var tvíbýli, þar bjuggu: a. Bjarni Guðmundsson og Jósabet Þorleifsdóttir, hinir mestu dugnaðarforkar og vel að sér um margt. Þeirra börn voru: 1. Friðrik, 2. Eyjólfur, 3. Krístrún Guðmunda, 4. Anna, 5. Guðmunda Sveinfríður. Öll voru systkin þessi hraust og mikil fyrir sér.

b. Árni Jónsson og Kristín Suebech. Þau áttu börn, eitt þeirra var Magnús er síðar varð skósmiður, og kaupmaður í Kúvíkum og Ísafirði. Hann var haltur frá barnæsku og opt kallaður „Mangi halti.“ Árni bóndi var ekki vinsæll enda talinn fingralangur, en Kristín kona hans var bráðgáfuð og hagarð, og víst hin eina full-orðins kona inn í Öndarfirðinum, er kunni að *skrifa*, á þeim tíma er hér segir frá. Þau Árni voru fátæk og óþrif voru þar mikil – eins og á „hinn kannann,“ hjá Jósabet og Bjarna, en allt var stálhraust, fólkíð, og ekki veiklun á neinu.

Í bæjarlæknum á Kirkjubóli var veiði mikil (silungur) og heyrði ég í ungðæmi mínu, að hann hefði áður verið lagður á móti kvígildi. Börn Bjarna og Jósabetu veiddu afar mikið í læknum, einkum haust og vor, fengu opt 400 til 6 hundruð á dag, af smábirtungi: eða jafnvel meira. Seildust þau inn undir bakkana og náðu silungnum þann veg í holum, og voru þau opt blaut frá hvirfli til ilja. En þau höfðu nóga mjólk, frjálstræði og gott atlæti, svo þau sakaði ekki hið minnsta, þótt illa væru til fara.

Strax og ég komst á legg, var ég látinn gjöra ýmislegt, og sumt erfitt, svo sem að bera þvott á börum, móti öðrum, ofan í Hestá, og bera vatn í bæinn. Það eyði-lagði mig í taugunum.

Ég mun hafa verið á 7. árinu, þegar þau Jóhannes, sonur fóstur minnar, og Jónína Sveinsdóttir á Hesti trúlofuðust. Eigi var þá orðinn síður þar inni í firðinum að

trúlofast með hringjum. Munu þau Jóhannes og Jónína hafa gipt sig þá um haustið (1880?). Veizlan („hófið“) var haldin á Hesti – tjaldað þar á hlaðinu (flötinni fyrir norðan bæinn) og sáust lengi síðan holurnar eptir tjaldsúlurnar. Fóstra mín fór í veizluna, ég fylgdi henni. Sama haustið byggði Jóhannes sér skemmu á hlaðinu í Efrihúsum og settist þar að með konu sinni. Skömmu síðar varð Jónína léttari og kom hart niður, var vitjað lækni, Þorvaldar Jónssonar á Ísafirði. Hét sá Finnbogi er sendur var, Sveinsson, og var vinnumaður fóstru minnar; sprengdi hann hross það er hann reið, en það var erfðafé, Jónínu sem hann var að sækja læknirinn fyrir. Finnbogi mun hafa verið kominn á miðja leið norður, þegar Jónína gat fætt; fæddi hún sveinbarn, mikið og sjálegt, það hlaut síðan nafnið Steinn, varð frágerðar efnilegt, en dó í barnæsku. Finnbogi sá er að ofan getur, var lengi við Ísafjarðardjúp, stundaði þar sjómennsku og var glaðvær, en óprúður í orðum sem fleiri slíkir. Hann átti barn með Ólafíu er kölluð var „elska“ (á lífi í Bolungarvík 1914) og var það Guðmundur er síðar varð bakari um hríð á Ísafirði, kallaður „ólykt“. – Sumarið sem þau Jóh. og Jónína giptust um haustið, heyjuðu þau í Votahvammum á Hestdal, engjaparti frá Hesti og var ég léður þeim til að „fara með“ (fara á milli). Hross það er þau reiddu á, var gömul hryssa er kölluð var Halta-Stjarna. Hún var óþæg mér og réð ég lítið við hana. Var lengi uppi haft og mér strítt með, sem ég í gremju minni sagði við Stjörnu: „Ég vildi þú værir dauð og komin önnur betri í staðinn“. Upp frá þessu fór ég með heybandið á hverju sumri, á meðan ég var í Efrihúsum, og lengur. Hvergi var siður í Öndarfirði að riða með, og varð ég alltaf að ganga. Og opt varð ég að reka fé og kýr á kvöldin, *eptir* að ég var búinn að fara með á daginn, fleiri ferðir, framan af Hestdal. – Þá voru kýr almennt látnar liggja úti. Ekki var legið úti við heyskap, nema þegar fjærst var verið bæ, svo sem í Framstengi og Hestleiti á Hestdal, og í Engi og Afrétti á Tungudal (frá Tungu). Bundið var heim eptir hendinni, og sem minnst látið safnast fyrir. Opt var farið seint heim á kvöldin – opt orðið koldimmt er á sumarið leið, þegar verið var að láta upp seinustu klyfjarnar langt fram á dal, og svo var eptir að ganga heim, spretta af hestum og tjóðra þá – og láta reiðingana inn í fjárhús. Og all-árla var farið á fætur og vinnan byrjuð á nýja leik. Engin stund var gefin frí. Vinna – vinna – gengdarlaust, það var takmarkið. Um ekkert annað var hugsað. Við þetta vandist ég, var þó þollitill og úthaldslaus og hafði ekki lyst á að éta, síst mikið í einu.

Um þessar mundir andaðist Steinunn á Hesti, ekkja Sveins heitins og móðir Jónínu, konu Jóhannesar í Efrihúsum og þeirra systkina. Var Hestbúinu skipt næsta vor, það gerði séra Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti. Börn Steinunnar og Sveins heitins voru 3, sem áður er getið, Guðmundur Magnús, Guðrún og Jónína – og fengu þau sinn hestinn hvert og sína kúna hvert, svo og nokkrar kindur. – Guðm. Magnús Sveinsson frá Hesti varð tvígiptur, átti fyrst Guðrúnu Bjarnadóttur frá Engidal í Skutulsfirði og með henni 2 dætur: Steinunni Sveinfríði, konu Elíasar Sigmundssonar í Hnífsdal 1914, og Herðísi Guðrúnu, konu Þórarins Elíasar Sigurðssonar á Úlfási í Skutulsfirði 1914 (frá Neðrihúsum undir Hesti í Öndarfirði). Seinna átti Guðmundur Kristínu, dóttur Friðriks Axels, bónda í Keflavík í

Suðureyrarhreppi, Axelssonar og með henni börn. Bjuggu þau á Tannanesi í Önundarfirði, og þar andaðist Guðmundur Magnús, 4. Apríl 1910.

Ég mun ekki hafa verið eldri en sjö ára þegar ég fékk hið fyrsta slys á höfuðið, er ég man eptir. Jónína Kristjánsdóttir, sú er ólst upp hjá föstru minni (sjá 12 og 14 síðu hér að framan) var að sækja hesta út í haga öndverðan vetur, og ég með henni. Hrossin voru þrjú alls. Var farið að hýsa þau. Eitt var bleikur foli, ungur og fjörugur. Ég gekk fast á eptir honum, á undan „Jónu“. Folinn fór á stökk og sló um leið fætinum í höfuð mér, á ennið milli brúnanna. Ég skall á bak aptur ofan í klakann, en blóðbogi stóð úr enni mér. Jóna reisti mig upp, leiddi mig að polli þar nálægt og bar vatn á höfuð mér. Í því bar þar mann að: Jón Gabríelsson á Efstabóli (hreppstjóra, Jónssonar); var hann á leið fram í Tungu, en er hann sá hvernig á stóð, tók hann mig í fang sér og bar mig heim. Var þá farið til yfirsetukonunnar, Sigríðar Jónatansdóttur á Kroppstöðum, hún ráðlagði að hafa við sárið línskaf (þ.e. línrak) og brennivín. Ég var við rúm mikið af vetrinum, og örið hef ég enn í dag, 19. marz 1915.

Nú kom það að ég átti að fara að læra „kristindóminn“. Voru þá foreldrum mínum gerð orð að „skaffa“ mér „kver“. Annað var ekki minnst á. Foreldrar mínir voru þá fluttir á Ísafjörð, leigðu þar í torfkofa í Norðurtanganum og átti Þorsteinssen bakari kofann. Um haustið, þegar ég var 8 ára, 1881, sendi faðir minn mér „kver“ og Biflúsögur. Kverið var Barnalærdómur Helga Hálfðánarsonar. Kristjana, dóttir föstru minnar setti mér fyrir að læra og fyrsta daginn setti hún mér fyrir tvö fremstu boðorðin. Sótti ég fast að læra og var við það öllum stundum sem ég ekki var við vinnu, bæði að sinna um fé og hesta, moka hús o.fl. og stundum var ég látinn tægja ull, á meðan ég var að lesa upp. Aldrei fékk ég að leika mér, hvorki úti né inni. Og strangt eptirlit var haft á mér, að ég ekki liti út af þegar ég var að læra. Í því reyndust mér allir jafnt – nema „Gummi“ minn (sjá 14. síðu). Þegar ég út af leit, kverinu, svaraði ætíð einhver til á þessa leið: „Hann lærir ekki mikið núna, hann Magnús, með augun út í glugga, hann heldur sig náttúrlega kunna of vel“. Ég tók út ósegjanlegar kvalir af að verða að sitja svona eins og drepinn niður, optast nær á rúmbrík; enginn talaði til mín glaðvært orð, en þumbaldaðist hver í sínu sæti, og auk þessa var ég opt svo sára svangur, að ég þoldi ekki við.

Það mun hafa verið þetta haust, 1881, að Kristjana dóttir föstru minnar skrifaði fyrir mig upphafsstafi, á skrifbókarbrot er hún átti frá því veturinn áður en hún kristnaðist, en þá hafði henni verið komið einn vetrartíma í kennslu á Ísafjörð. Ég átti nú að fara að skrifa, eptir þessari forskript Kristjönu, sem varð sú *eina frá hennar hendi sem ég nokkurn tíma fékk*, en Kristjana var þó sú eina sem sagði að ég þyrfti að læra að skrifa. Kristjana skrifaði allvel, léttilega og jafnt. Mig vantaði blek, sem og penna, en „Jana“ gerði mér þá blek úr „hellu“-lit og gaf mér riðgaðan penna er hún fann, eða átti. Um morguntíma, meðan mamma mín og Kristín Vigfúsdóttir voru að mjólka kýrnar, settist ég við að skrifa og sagði „Jana“ mér til með nokkra stafi. En er föstra mín kom inn úr fjósinu og hitt heimilisfólkið upp í baðstofuna, þorði ég ekki að haldast við að skrifa og hætti ég við það, enda látinn fara

annað að starfa. Eitthvað fékkst ég þó seinna við að pára í skrifbókar brotið, en brátt þrutu blöðin og penninn varð ónýtur og var þá um engin vanaleg skriffæri að ræða. En mjög fór ég nú að hugsa um skript og er ég var úti við, skrifaði ég með fingrunum á svellið og gerði svo mikið að því að eldra fólkinu þótti meira en nóg og mælti það við mig á þessa leið: „Þú átt ekki að vera að þessu bölvuðu krassi, sem þú veizt ekki hvað er. Það var einu sinni strákur sem var að svona krassi og skrifaði sig til skrattans“. Eigi lét ég skipast við þetta, og skrifaði ég allt hvað ég mátti, með fingrunum, á skaflana, svellin, rúðurnar í baðstofunni, flotöskjurnar og mjölsáldrið í kvarnarstokknum. Enginn sagði mér til, að skrifa, en mér fór heldur ekkert aptur. Ég mundi hvern skrifstaf þegar ég var búinn að sjá hann einu sinni.

Kristín Jónína hét vinnukona á Hóli, alsystir bóndans þar, Guðmundar Ólafssonar og þeirra systkina, hún var kát í lund, bráðdugleg og hraust, lág vexti og þéttvaxin og allfríð. Brynjólfur ráðsmaður fósturu minnar felldi ástarhug til hennar, og kom hún til veru að Efrihúsum, á reitur Brynjólfs, vorið 1882. Um þessar mundir var vanalegt vinnukonukaup í Önundarfirði 12 krónur. Kristín Ólafsdóttir hafði keypt sér söðul, kostaði hann 60 kr. og var hún í 5 ár að vinna fyrir honum.

Veturinn 1881-'82 var ákaflega harður. Hann var síðan nefndur Harðavor. Þá var svo mikill skortur á vatni að til vandræða horfði. All mikil vatnsföll botnfrusu, svo sem Brjánslækjará á Barðaströnd. Það hafði aldrei komið fyrir svo menn myndu. Þá var svo kalt í baðstofunni í Efrihúsum, að allt fraus sem frosið gat. Mjólkin var færð úr búrinu upp í baðstofu, en hún fraus samt. Um vorið voru vandræði mikil með skepnur. Fóstra mín fékk maísmjöl utan af Flateyri og rúg, handa skepnunum, var svo hross eitt drepíð, enda magurt mjög og aumingjalegt, og kjötið af því soðið og britjað saman við maísmjöl handa kúnum. Fénu var gefið rúg, einn peli hverri kind. Fóstra mín missti enga skepnu og engir þar inn í firðinum sem ég man til.

Brynjólfur og Kristín giptust haustið 1883. Séra Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti gipti þau í Holtskirkju, að afstöðnum þrem lýsingum, sem þá var síður. Veizlan var haldin í Efrihúsum, tjölduð innan skemma og boðið til um 40 manns. Veður var þungbúið um daginn og rigning nokkur er á leið. Mig sárlangaði til kirkjunnar, en við það var ekki komandi. Skál ég nú telja nokkra menn er til boðsins kómu, þó fátt væri af virðingamönnum sem svo eru nefndir. Þar kom hreppstjóri Önfirðinga Gabríel Jónsson, bóndi á Efstabóli, og synir hans: Jón, Kristján og Gabríel. Kristján og Gabríel fengu gott orð, Jón síður. Því hafði Jensína á Kroppstöðum (bróðurdóttir Gabríels hreppstjóra) átt að segja, að hún vildi heldur hann „Kitta“ frænda sinn á hnjánum, en hann „Jónsa“ uppréttan. Það fór þó svo, að hún átti Jón og búnaðist þeim vel. Þjuggu þau að Fjallaskaga lengi síðan, urðu allljáð og eignuðust börn.

Þá kom til veizlunnar Andrés gamli Hákonarson í Innri-Hjarðardal, skáldmæltur, bókbíndari, skrifari mikill og stórfróður. Kona hans var með honum, Kristín Hákonardóttir, ið mesta kvennval, guðhrædd og alúðleg. Andrés var seinni maður hennar. Þau áttu eina dóttur barna, er til fullorðinsára komst, Hákoníu að nafni. Ég

sá Andrés ekki, til að þekkja hann, nema í þetta eina sinn. Hann var breiðvaxinn en orðinn lotinn af elli. Hann dó í Innri-Hjarðardal vorið 1897. Í skáldatali Símónar Dalaskálds (í Búarímum) er þessi vísa um Andrés:

Og hjá virðum vísurnar
vandað Andrés getur,
byggir hirðir haf-sólar
Hól í firði Önundar.

Andrés og Kristín bjuggu nokkra hríð á Innra-Hóli og þar bjó Kristín með fyrra manni sínum, er Páll hét. Um hann er þessi formannsvísa, ort af konu er Anna hét:

Páll á Hóli heldur frá
hafs um bólið víða,
lætur róla mastra má
mót þó gjóli veðrin há.

Sonur Páls og Kristínar var Guðmundur meðhjálpari Pálsson, bóndi á Vöðlum, og dóttir Guðrún Pálsdóttir, kona Markúsar á Bethaníu (Koti), sjá 27. síðu. Bæði þau systkin voru stödd að veizlu þeirri er hér ræðir um. Var Guðmundur frammi-stöðumaður og Guðrún frammistöðukona. Kona Guðm. Pálssonar var Ingileif Ólafsdóttir, systir brúðarinnar (Kristínar) og þeirra systkina, gerðarkona mikil en all skaphörð. Guðm. meðhjálpari var með lægri mönnum á vöxt, búhöldur góður og allvitur. Þau áttu börn. Guðrún Pálsdóttir var fjörkona mikil og vinnukona með afbrigðum. Bróðir Guðmundar og Guðrúnar var Vilhjálmur Bessi Pálsson, var lengi í Hnífsdal og eignaðist fyrir konu Margréti Jónsdóttir, Ólafssonar. Bjuggu þau lengi í Tungu í Skutilsfirði og þar andaðist Vilhjálmur 1915. Margrét var ágæt kona, ljúflát og blíð, en Vilhjálmur var stirður í lund og ekki við alþýðuskap. Þau áttu börn.

Að boðinu voru og nábúarnir: Jóhannes á Hesti og Jónína kona hans, Sigurður í Neðrihúsum og Guðrún kona hans. Jóhannes á Hesti var meðalmaður á vöxt, fólstur á svip, höfuðsmár og nokkuð undirleitur. Kona hans var allhá á vöxt, björt í andliti, allvel viti borin en beitti því illa og fluglæs. Sigurður í Neðrihúsum var fullkominn meðalmaður á vöxt og gildur að því, iðjumaður mikill og verklæginn, en kaldur í lund. Sigurður hafði ófrítt nef; hafði hann kalið á það og var það jafnan að sjá stórbólgið og blátt. Guðrún kona hans var gerðarkona í hvívetna, en nokkuð skapstór. Þeirra börn, talin hér eftir aldri: 1. Bjarni, 2. Sveinn Jón, 3. Guðmundur, 4. Jóna Guðrún, dó í æsku. 5. Þórarinn Elías, 6. og 7. Steinn og Sigríður, tvíburar.

Skömmu eftir brúðkaupið ól Kristín J. Ólafsdóttir barn, það var mey, var hún skýrð nokkru síðar og hlaut nöfnin: Elín Stefanía.

Séra Stefán húsvitjafi á vetrum, sem svo var kallað, þ. e. fór á hvern bæ í sóknunum sínum og lét börn lesa, þó voru sumir bæir sem hann sneiddi hjá, og ekki man ég til að hann kæmi nema einu sinni í þeim erindum, meðan ég var í Efrihúsum,

mun ég þá hafa verið 6 eða 7 ára gamall. Var um hávetur er prófastur kom og frost mikil. Skemma var á hlaðinu suður frá bæjardyrum, er nefnd var Heimriskemma, ekki var vistlegt þar, gólfíð alísa og hálfur gluggi (torfi og druslu var troðið upp í að neðan.) Hingað var prófasti boðið og Jónína (sjá 12) og ég látinn fara þangað til hans og Nýjatestamenti látið fylgja. Borðskrifli var þar á miðju gólfi og sat prófastur þar við á kistu, og Brynjólfur ráðsmaður fósturu minnar á annari kistu á móti. Jónína og ég stóðum. Ég hélt á húfukæpunni í hendinni og skalf í kulda. Prófastur lét nú Jónínu lesa og síðan mig, en óðara en mig varði, sagði hann að ég þyrfti ekki að lesa meira. Sneri hann sér þá að Jónínu, all brúnaþungur og mælti furðu hátt: „Þykir þér nú ekki minnkun að barnið les mikið betur, en þú sem komin ert að fermingu“. Er mér þetta í glöggu minni, því prófasturinn var mikilúðlegur er hann sagði þetta. Að því búnu fór prófastur, því eigi var honum greiði borinn.

Mataræði í Efrihúsum og á bæjunum þar umhverfis, var um þennan tíma sem hér segir: Stöku sinnum kaffi á morgnana. Hádegiskaffi og miðpantaskaffi þekktist ekki. Harðmeti, þorskhöfuð eða steinbítur, til nóns (kl. 3) og flot við. Unglingum var skammtað flotið í spæni, eða framan í skel. Stundum var líka kaka (flatbrauð) og fékk þá fullorðinn karlmaður hálfa köku, kvennmaðurinn fjórða part og unglingurinn fjórða part eða minna. Í morgunskatt var mjólmjólk (mjólk eða mjólkurbland með litlu útakasti). Nónkaffi var opt, en stundum var þó aðeins drukkin blanda (drukkjarblanda). Í kvöldskatt var opt kássa (vatnsgrautur) og súr, og lungabiti og þessháttar niðri í – aldrei blóðmör eða lundabaggi, nema helst um sláturtíma, og þá helst blóðmör („blómur“). Fyrirfólkið (húsbændur) át góðmetið, svo sem súrsaðar bringur, lundastykki, köku og smjör, og optast í laumi, svo undirfólkið vissi varla um það. Stundum á kvöldin var bara súr og mjólk. Karlmanninum var skammtað í fjögramarka aski, kvenmanninum í 3ja marka aski og unglingunum í könum (smáöskum).

Á vetrum var opt spað til nóns á sunnudögum, fékk þá karlmaðurinn 3 bita, kvennm. 2, venjulega, og unglingurinn einn. Stöku sinnum endranær var og gefið spað, svo sem á þrettánda og þegar kúm var haldið til kálfs. Hlökkudu margir til þeirra daga.

Á hátíðum var allmikill matur gefinn (aðal máltíðir ársins), einkum hangikjöt. Á nýárinu var og gefin kaka og smjör, magáll og lundastykki, og eins á sumardaginn fyrsta. Fyrst þegar ég man eptir var karlmönnum gefinn hátíðamaturinn („skamturinn“) í trogum, en kvenmönnum í stórum trédiskum (venjulegum karlmanna-diskum). Jólakerti voru engin og engin skemmtun á annan hátt, farið að sofa þegar búið var að éta, en svo vaknað til að fara í fjósið, og svo farið aptur að sofa.

Einu sinni meðan ég var í Efrihúsum, man ég eptir einu litlu, bláu kerti, er einhver gaf mér, það var aðfangadagskvöld Jóla. Þegar búið var að éta fóru allir að sofa. Ég hafði kveikt á kertinu og lét það standa hjá mér á koddanum. Ég horfði í ljósið og gat ekki sofnað. Allir voru sofnaðir nema ég. Mér dauðleiddist en hafði engin úrræði, enda barn að aldri, 6 eða 7 vetra. Baðstofuljósið hafði verið slöggt þegar fólkíð fór að sofa. Ég bylti mér á ýmsar hliðar, þar sem ég lá, fyrir ofan

fóstru mína. Ég var hræddur. Loksins sofnaði ég – frá logandi kertinu. Þegar ég vaknaði um morguninn, var orðið bjart. Fann ég þá kertið mitt undir mér í rúminu. Það hafði oltið ofan af koddanum. Fékk ég ávítur fyrir að hafa ekki slökkt á kertinu áður en ég fór að sofa, en ekki varð þó mikið veður úr því, og féll svo mál það niður.

Alltaf var sofið í rökkri, optast þangað til sjóstjarnan var komin í hádegisstað, þá var farið ofan, fram í eldhús til að kveikja (á lýsislampa). Vóru tveir lýsislampar hafðir í baðstofunni, sinn í hverjum enda. Svo fóru allir er vetlingi gátu valdið, eitthvað að gjöra, sumir við ullarvinnu, sumir við annað. Karlmennt saumuðu skinnklæði, ófu vaðmál, fléttuðu reipi og gerðu við ýmislegt smávegis er úrhendis hafði farið. Stundum kemdu þeir fyrir kvenfólkið. Unglingar tátu ull, undu af snældu, héldu í við (hespu), sneru hrosshár (á halasnældu) o.fl.

Fyrir og um 1880 var farið að nota steinolú til ljósmatar uppi við (í baðstofum). Til þess var haft glas og var það kallað *týra*. Týran var svo látin liggja í lýsiskolu, á ská, reykti þá opt hroðalega og hefi ég ekki í baðstofu séð meiri reyk, allt varð kolótt af mekki og við þetta var látið sitja.

Vorið 1883 fór piltur sá, sem vinnumaður, til fóstru minnar, er Reinharður hét, Kristjánsson úr Teigsdal í Arnarfirði. Hafði Bjarni skipstjóri, sonur fóstru minnar, útvegað hann. Var piltur sá 18 vetra gamall. Hann var þrekinn mjög, ekki eldri maður, hæglátur fremur og virtist dulur í skapi. Hann var sterkur vel, en þótti þó seinlegur til vinnu. Ég hlakkaði til komu hans – þráði breytinguna. Þessu sagði hann frá úr Arnarfirði, skrímslum og fleiru. Hann var heima um sumarið, við heyannir. Þá var kaupamaður hjá fóstru minni: Kristján Guðmundsson húsmaður í Arnardal, ættaður úr Steingrímsfirði, meðalmaður á hæð, breiðleitur, skeggjaður nokkuð; röskur til starfa og allhirðinn. Kona hans hét Guðrún Daðadóttir, ættuð úr Dalasýslu. Hjón þessi voru síðan allengi í húsmennsku á Eyri í Öndarfirði, og því næst búandi, um allmörg ár, í Bæ í Súgandafirði, brugðu þar búi vorið 1914 og fóru þá í húsmennsku að Suðureyri. Þeirra börn, er til fullorðinsára kómust: Sigurður og Kristjana.

Haustið 1883 kom Bjarni skipstjóri, sonur fóstru minnar, heim og var heima um veturinn. Sýslaði hann um lömbin, eptir að þau voru komin á gjöf, gaf þeim heyið og vatnaði. Þá var siður að gefa lömbum jafnan drukk í vatnið (blöndu) og talið að það gerði þau „góð í beinin“. Um veturinn var alið um 90 fjár, 3 kýr og 3 hestar.

Milli mála lá Bjarni upp í rúmi og las bækur í hljóði – aldrei upphátt. Vissi enginn hvaða bækur það voru, því enginn þorði að snerta á því sem Bjarni átti. Framkoma Bjarna var öll þur og þung, ef hann talaði, var það af þjósti einum og var sem honum líkaði allt illa. Ég óttaðist hann. Hvað hann gat verið kaldur og blíðulaus! Þar var engan yl að finna og það var eins og hann hefði þau áhrif á heimilið að flestir urðu eins.

Reinharður var við róðra um haustið, út á Flateyri. Ég svaf í rúminu hans; beint á móti rúmi Bjarna. Einu sinni sem optar um haustið var ég við lambageymslu út

á Hörðueyrum, í kalsa veðri, votur og illa til fara. Þá fann ég þar hlut, er ég áður hafði hvorki séð né heyrt. Það var *munnharpa*. Hafði hún legið þarna lengi og var hún orðin skemmd, svo aðeins örfáar nótur gáfu hljóð. Ég fór heim með fund þennan um kvöldið, óvenju glaður. Ég gerði allt hvað ég gat til að fá hljóð úr munnhörpunni og líka eptir að ég var háttaður. Bjarna þótti ég „halda vöku“ fyrir sér, seildist yfir til mín og reif af mér munnhörpuna. Ég varð hryggari en frá verði sagt og grét ég óaflátanlega, þangað til ég sofnaði. Ég fann þá fyllilega til, eins og líka opt síðan, hvað það er sárt að vera undirokaður. Ég man ekkert eptir hvað varð um munnhörpuna.

Ég skýt því nú inn í er áður átti að vera sagt. Fóstra mín átti kú þá er Sunna var kölluð af því, að hún fæddist sunnudag. Hún var allmannýg og lét illa er hún var mjólkuð og varð að hepta hana. Það var nú einu sinni um mjaltir, á túsíslætti sumarið 1883, að ég skyldi klóra Sunnu á hálsi meðan hún var mjólkuð, en hún tók þá að „bölva“ og felldi mig þegar undir sig og tróð mig grimmilega. Hafði hún einu sinni staðið með báða framfætur milli herðablaða mér. Ég vissi ógjörla af mér. Jóhannes á Hesti kom á kvíarbólið í þessum svifum. Var nú heitið á hann til hjálpar, um leið og kallað var á sláttumenn fóstru minnar. Jóhannes beitti nú kröptum sínum og fólsku þar sem skyldi og gat hann hrakið Sunnu, svo að ég gat skriðið undan henni með kvölum. Var ég þá svo þjáður, að það var eins og ég væri spenntur járnhespum. Ég vissi varla hvernig ég var og ætlaði aldrei að ná mér – og hef ekki náð mér enn, 29. marz 1916. Litlum tíma síðar datt ég af hestbaki og fékk feikna byltu á brjóstið, svo að mér fannst það ganga inn í hrygg, og gat ég lengi ekki dregið andann. Bæði þessi tilfelli tel ég undirrót til þess að ég gekk í sundur um brjóstið sem síðar varð raun á. Hefur það verið mér þung byrði, og mun ég hér eptir ekki losast við hana fyr en allt í einu.

Frá því ég var á 9. ári og allt til 1896 fannst mér sem Guðsauglit stæði allstaðar opið fyrir mér; var sem ég heyrði *alla* náttúruna taka undir kraptbirtingarhljóð guðdómsins, og ég sjálfur var líka í því raddflóði, að mér fannst. Þó fannst mér mitt *ég* vera svo lítið, í þeim dýrðarljóma. Af því kom þessi vísa:

Pegar sálar-augum á
alheims lít ég búa,
ó, hvað lítill er ég þá
í öllum þessum grúa.

Þess er áður getið að Bjarni skipstjóri, sonur fóstru minnar, var heima í Efrihúsum veturinn 1883-’84. Setti hann mér fyrir að læra, í „Kverinu“, og tvívegis spurði hann mig út úr, en gerði það svo illa og ómannlega, að ég ætlaði að springa af gráti. Einu sinni gaf hann mér upphafsstafi á reikningsspjald, skyldi ég gjöra eptir þeim. Lagði ég allan hug á að gjöra stafina svo vel sem ég mátti, og urðu mínir jafngóðir Bjarna, enda var hægt við að jafnast, því Bjarni var verulega *slæmur skrifari*. Þá mælti Bjarni: „Sko strákinn“. Ég fann einhvern yl í rómnum og þótti mér vænt um. Eptir þetta gerði Bjarni mér aldrei stafi.

Einu sinni sagði B. mér að moka fjárhús, enda þótt það væri Brynjólfs verk. Ég fór þegar. Þegar ég hafði mokað nokkuð, sá ég að Brynjólfur ráðsmaður fóstur minnar, snaraðist inn í dyrin, voru þar engar vífilengjur, hann rauk að mér og sló mig með hnefanum voðalegt höfuðhögg. Féll ég í rot, en er ég vitkaðist, sýndist mér allt umhverfis mig sem grængolandi sjór og mér lá við uppköstum. Ég hljóp svo heim grátandi, en þorði ekki að láta Kristínu konu Brynjólfs heyra til mín, fór ég til fóstur minnar og sagði henni í hljóði hvað að mér gengi. Bjarni spurði þá hvað um væri að vera, og lét fóstur mín hann ráða í það, en ekki hafði hún djörfung til að segja honum það eins og það var, líklega af því að kona Brynjólfs heyrði til. En á Bjarna sást að honum mislíkaði. Brynjólfi hafði þótt Bjarni taka fram fyrir höndur sér og varð þetta um. Höggið tel ég undirrót til höfuðþjána minna.

Reinhardur vinnum. fóstur minnar strauk um veturinn, eptir hátíðarnar, fór á stað í rökkri með púlt sitt, fram að Tungu og beiddi Guðmund Kristjánsson bónda þar og Rannveigu konu hans fyrir það, fór svo áleiðis til Dýrafjarðar og allt vestur í Arnarfjörð, var hann svo á ferðalagi um Vestfirði, að Páskum fram, þá kom hann inn að Tungu að vitja um púltið sitt hjá Guðmundi bónda, en þá var hann stöðvaður að undirlagi Bjarna skipherra. Sótti Bj. hann frameptir um kvöld og daginn eptir var hreppstjóri, Gabríel á Efstabóli, sóttur. Spurði hreppstjóri Reinhard að, hvers vegna hann hefði farið úr vistinni. Þá svaraði Reinhardur: „Ég var svo svangur“. Ég heyrði á þetta. Mun þetta satt hafa verið. Einhvern tíma var Reinhardur um kyrrt, en svo fór hann á burt, alfarinn. Varð hann síðan mikill maður, keypti Kaldá í Önundarfirði og var póstur í mörg ár milli Ísafjarðar og Bíldudals. Hann eignaðist konu þá er Anikka hét, Magnúsdóttir, Jónatanssonar, kvennskörung mikinn. Bjuggu þau lengi á Kaldá og áttu börn.

Fóstur mín brá búi um vorið, 1884, og hafði hún þá búið í Efrihúsum í 23 ár, eða frá 1961.

Foreldrar mínir vildu taka mig frá fóstur minni þetta vor (1884), og lána mig að Kroppstöðum, sem var allmerkur staður, til Jens bónda og Sigríðar ljósmóður, konu hans. En ekki vildi fóstur mín sleppa mér og var það ólán mitt. Fóstur mín fór að Hesti, sem húskona til Jóhannesar sonar síns, og ég með henni. Kristín Vigfúsdóttir fór líka að Hesti, sem vinnukona til Jóhannesar. Jónína dóttir hennar fór sem vinnukona að Innri-Tungu. Gummi minn (bróðir fóstur minnar) fór að Tungu til Porkötlu systur sinnar, fór hann á fætur um vorið og hafði þá legið í 12 ár rúmfastur. Var hann svo daglega á fótum upp frá því, til þess síðasta, en hann andaðist um 1890, á sjötugsaldri. Brynjólfur og Kristín fóru að Mosvöllum, bjuggu þau þar lengi síðan og áttu börn. En að Efrihúsum flutti sig búferlum frá Mosvöllum, Kjartan söðlasmiður Jónsson, með konu sinni Finnborgu Egilsdóttur. Börn þeirra voru: Ingunn, jafngömul mér, og Kristján Magnús Björn, 5 til 6 ára gamall. Finnborg sáluga var ágætis kona, meðalhá á vöxt og andlitsbjört. En hennar naut of stutt við, því hún andaðist einu eða tveimur árum síðar og var öllum harmdaui er þekktu hana. Kjartan var hið mesta afarmenni, stór vexti og fornmannlegur, sterkur og mikilvirkur, þjóðhagi á tré og járn og rausnarmaður. Hann var ágætur konu

sinni, Finnborgu, og tregaði hana mikið. Hjá Kjartani og því fólki, sá ég margt er ég hafði ekki áður séð, svo sem lausarúm, hrossabrest, o.fl.

Áður en ég fer lengra ætla ég að minnst á ýmsa siði, er enn þá tíðkuðust þar inni í firðinum. Ekki mátti bera beisli í bæ þar sem kona var ólétt, þá átti fylgja barnsins („lækurinn“) að vera margvafin um háls þess, svo óheill yrði af. Ekki mátti ólétt kona setja upp pott, þannig að eyrun á pottinum sneru fram, þá átti barnið að vera með fjórum eyrum, eða eyrun á því að verða öflug. Ekki mátti ólétt kona éta selshreifa, sem ekki væri skorið upp í, þá átti barnið að fæðast með óklofið upp í fingur eða tær (samangrónar). Ekki mátti bera rekaviðarkefli (einkum selju) þar inn sem kona var ólétt, þá átti henni að ganga erfitt að fæða. Ef að kona sem nýlega hafði tekið við barni (orðið ólétt) horfði fast á einhvern mann, átti barnið að líkjast þeim manni. Því var og trúað að sá maður væri kvennsamur sem þætti góð skata og sykur og var sá kallaður „mikill upp á heiminn“. Ekki var ung börnum gefin lifur, hákarl eða skata, fyr en þau gátu nefnt þetta hvort um sig, í það minsta fyrsta stafinn í hverju nafni: l, h, eða s. Ekki máttu unglingar veifa snæri eða öðru þvílíku í kring um sig, þá áttu þeir að berja frá sér guðsengla. Ekki máttu unglingar ganga öfugt (leika sér að ganga aptur á bak), þá áttu þeir að vilja móður sína ofan í jörðina. Ekki mátti blístra í húsum inni, þá átti sá að vilja einhvern dauðan.

Siður var að lesa fyrir sér (bænir og vers) á morgnana, um leið og maður klæddi sig, og svo var signt sig (krossað) áður en húfan var sett upp. Þegar komið var út, signdi maður sig líka. Á kvöldin var lesið fyrir sér á sama hátt (um leið og maður klæddi sig úr, eða þegar maður var háttaður), og svo signdi maður sig um leið og maður lagðist út af, eða áður en maður sofnadi. Um leið og börn byrjuðu að éta, var þeim kennt að segja: „Guð blessi mig og matinn minn í Jesú nafni. Amen“. Og þegar þau voru búin að éta, var þeim kennt að segja: „Guði mínum sé lof og dýrð, og eilífar þakkir. Amen“. Ekki máttu unglingar gjöra það að leik sínum að sitja öfugt á hestbaki, þá var sagt að þeir riðu „eins og hann Kolski“. Ef maður klæddi sig í úthverfan sokk átti það að vera vörn við villu. Ef að brettist upp á treyju manns að aptan, um leið og maður fór í hana, átti maður að vera á leið í smjörkaup. Manni skyldi gefa þrjá bita, hundi tvo, ketti einn. Sumir gáfu skepnum meira og betra fóður á hátíðum en endranær. Ef að hundur lá í dyrum svo að hann sneri löppunum fram, átti hann að vera „að bjóða inn“. Sneri hann löppunum inn, átti hann að vera „að bjóða út“. Ef hestar í góðu veðri hömuðu, átti að koma óveður úr þeirri átt er þeir skutu höm í. Ef köttur „reisti gestaspjót“, þ.e. setti aðra apturlöppina svo, að hún stæði beint upp, átti það að boða gestakomu. Ef köttur spjó, átti að koma jarðeigandi, og eins ef næturgagn fór um koll (með einhverju í). Ef melfluga sást fljúga, átti það að boða gestakomu, enda hún nefnd *gestafluga*. Ef þerrirfluga sást og heyrdist suða umhverfis ljós, átti að vita á gott, t.d. ef maður var veikur, á heimilinu, átti honum að batna. Ef músarindill (músabróðir) flaug ofan í bæjar-túðu, átti það að boða hjónaskilnað. Ef maður hreldi ljós að öþörfu, átti maður að fá erfitt andlát. Sá sem getinn var undir beru lopti, átti ekki að geta dáið, nema hann væri borinn undir bert lopt. Ef að brakaði mikið í fingrum manns, voru það

kallaðir *lausabrestir* og átti maður að eiga eins mörg börn í lausaleik, eins og brestirnir voru margir. Ef vogmeri rak, átti það að vita á hjónaskilnað í sveitinni. Ef köttur klóaði upp í stoð eða brík, átti það að vita á illviðri úr þeirri átt sem hann klóaði í.

Sauðarvala var kölluð *spákona* og henni núðið um enni sér með þessum formála: „Segðu mér það spákona mín, hvort það verður gott veður á morgun“. Var þetta gert þrisvar sinnum. Kæmi bungan á völlum upp, átti hún að segja *já*, kæmi holan upp, átti hún að segja *nei*, en kæmi hliðin upp, átti hún að segja: „Ég veit það ekki“.

Ef maður hafði svo liðugan þumalfingur að hann gæti bogsveigt hann upp á við, átti sá að verða, eða vera smiður. Ef hrafn settist á baðstofu og krunkaði, átti einhver í baðstofunni að vera feigur. Smali skyldi gefa hundi sínum úr lúku sér, svo að hann yrði honum fylgisamur. Ef maður var á ferð og flygi hrafn á móti honum, átti það að boða óheppni. Ef hestur rasaði í byrjun ferðar frá bæ, átti að boða óheppni. Ef maður laug upp draumum, átti hann ekki að hafa frið í gröfni. Ef maður datt í gröf í kirkjugarði, átti hann að vera sá næsti er grafinn yrði. Mikil hreyfing norðurljósa átti að vita á vind.

Fjárrétt átti að byggja, í það minsta að lúka við, með *aðfalli*, svo betur rækist inn í hana. Ef kind jarmaði er hún var leidd til slátrunar, átti hún að vera að biðja um líf. Ef auðsætt var að unglingur mundi verða skáld, var það talið „mesta auðnuleysi“. Ef frostrósirnar á rúðunum sneru upp, átti það að vita á gott veður daginn eftir. Ef stjarna hrapaði, átti að vita á dauðsfall manns (en ekki skepnu) í þeirri átt. Grjóthrun úr fjalli í norðurátt, átti að vita á þerrir – í vesturátt: úrfelli. Ef hrífur rákust saman („rifust“) átti að vita á þerrir. Ef hrífa var lögð frá sér svo, að tindarnir vissu upp, átti að boða úrfelli. Ef maður braut orf eða kona hrífu, átti sá eða sú að „brjóta sig úr slægjunum“, þ.e. missa tilkall til að njóta kindar þeirrar, eða kindar, er slátrað yrði (aukageta) er heyannir væru úti. Ef járnsmiður (ormur) skreidd á fötum manns, átti hann að spá manni nýrri rýju (fati). Ef hestar sóttu að húsi framar vanda, átti að vita á illt (veður). Ef hestur velti sér í haga eftir miðjan vetur, áttu allar stórhriðar að vera úti.

Giptir menn skiptu hári sínu í miðju enni, ógiptir í vinstri vanga. Fyrsta lambið sem fæddist á hverju vori, var kallað lambakóngur eða lambadrottning. Öskudagurinn átti að eiga sér 18 bræður (þ.e. jafningja sína að veðurfari, á Föstunni). Ef maður næði í miðhornið á brekkusníglinum, átti sá að geta óskað sér hvers sem hann vildi. Ekki mátti syngja yfir mat, þá átti maður að kveða sult í búið. Ekki mátti kveða á kvíavegg, þá áttu ærnar að verða óspakar. Ef manni beit vel (hnífur), átti sá að vera lyginn. Ef maður datt ofan í með hægri fótinn, átti hann að *ráða sig heima*, á þeim bæ er landið átti. Svo maður klæddi sig ekki úr gæfunni, átti maður að klæða sig fyrst í á hægri, en *úr* á vinstra fæti. Ef maður geiflaði sig á móti spegli, átti *lík* manns að verða eins. Ef maður át óhljóðseyru, átti hann að missa heyrnina. Ef maður át milta, átti hann að verða samvizkuveikur. Ef maður át eyrnarmark af kind (sviðið og soðið), átti hann að verða sauðapjófur. – Málbeinið var ætíð grafið í mold eða stungið í veggjarholu.

Í flestum heystæðum (einkum í fjóshlöðu) var hafður hrosshaus (hausskella). Það átti að varna því að heyið brinni. Ef maður í slægju gekk frá ljá ábrýndum, átti „skrattinn að skíta á eggina“. Ef maður fór inn í hús sem reimt var í, átti hann að skilja húfuna sína eptir á þröskuldinum, þá mundi hann rata út. Ef maður kom einhversstaðar og skildi eitthvað eptir, t.d. vetlinga, átti hann að eiga eptir að koma aptur.

Viður í skip var valinn svo eða prófaður: Smiðurinn tók spítu er hann ætlaði í skipið, tálgaði úr henni 1 eða 3 spæni og brenndi þeim, ef að þá brakaði eða brast mikið í spónunum, notaði hann ekki spítuna í skipið – hafði illa trú á henni, og fóru svona flestir að er þeir vildu reyna við í skip. Ekki mátti ólétt kona ganga undir nýreist hús, þá átti hún ekki að geta fætt nema úti. Ekki mátti bera poka á baki inni í húsi, þar sem ólétt kona var, þá átti barnið að verða kryplingur. Ef yngsti maður á bæ hnerraði yfir mat, átti hann að spá matbjörg á heimilið. Skollapungur sem líka var nefndur *græðisveppur*, var notaður við sár, til þess að það greri, en ef skollapungur rauk í augu manns, átti maður að verða blindur. Ef maður hnerraði yfir einhverju sem maður var að gjöra, átti maður að eiga eptir að gjöra það verk aptur. Hrár hákarl var hafður við ígerð, til að ná út greptri, sömuleiðis súrbrauð og smjör (tuggið saman), þá Maríustakkur, hófblaka og hrafnablaka. Mjólk úr þrílitri kú átti að lækna flestar meinsemdir. Tólgarplástur var hafður ofan yfir sár. Ef hanafjöldur var borin í bæ, átti einhver (maður) að verða borinn dauður út. Ekki mátti kasta dauðri mús í sjóinn, þá átti að koma skipskaðaveður. Hundskinsbleðill (af nýdreppnum hundi) var bundinn framan á háls á lömbum, sem vörn móti dýrbíti. Því man ég eptir. Smári, soðinn saman við sauðasmjör, var notað sem áburður, líka lyfjagrös (Jónsgrös). Tálgaður hesthófur soðinn í vatni, var talinn góður við þvagteppu, svo og músaskítur og skafið gull. Músaskíturinn var seyddur í vatni og drukkíð seyðið, en gullið var tekið inn í mjólk. Skyldi hafa merarhóf fyrir karlmanninn, en hestshóf fyrir kvennmanninn. Eins átti músaskíturinn að vera úr graðri mús fyrir kvennmanninn, en úr blauðri fyrir karlmanninn.

Hanakjöt, dilkakjöt og nýmjólk ágætt karlmanni til að geta getið barn. Ef stúlka át kvikasillfur, átti það að vera óyggjandi meðal til að eiga *ekki* börn. Ef gestur kom þegar barn var að gráta átti sá að eiga eptir að eiga barn, telpu ef það var telpa sem var að gráta, annars svein. Hrökkáll í mýrum átti allt að bíta í sundur nema meyj-arfótinn. Niður mikill í vatni átti að boða vind. Að *reisa skemmu* var það kallað þegar maður féll á sitjandann og bakið og hælarnir kómu niður. Hafgáll var líkur regnbogafæti, en bjartari og stóð beint upp, sást stundum í hafinu, helst að haustlagi og átti það að boða frá 8 til 20 vikna harðindaskorpu og þótti rætast. Snjóbogí var líkur regnboga, nema hann var hvítur og átti að boða mikla snjókomu. Þessi skoðun var enn, 22. október 1916. Til þess að stúlka fengi ást á karlmanni, átti hún að bergja blóð hans. Eins var með karlmanninn. Arfi heitur var notaður við tannkvöl og líka við kýli, til útdráttar.

Kýr lágu úti (að sumarlagi) til 1885, þá var farið að láta þær liggja inni. Pótti með því verða jafnari mjólk. Ætíð var byrjað að slá laugardaginn í 12. viku sumars.

Það var kallað „að bera út“.

Nenni ég nú ekki að skrifa meir – síst að sinni – af trúarhátum og venjum Önfirðinga, því „bókin eigi entist þá í það reginsmíði“. Vík nú snöggvast aptur í tímann. Þegar ég var á 4. árinu, seint á sumri 1876, var mér lofað inn í Álfafjörð, til að sjá föðurmóður (ömmu) mína, Matthildi Ásgeirsdóttur, ekkju eptir séra Magnús prest Þórðarson, var hún hjá syni sínum, Þórði bónda Magnússyni í Hattardal. Fór ég með fóstur minni, ríðandi fyrir framan hana yfir Álfafjarðarheiði og var fylgdarmaður Ólafur Þórðarson, kallaður „elskulangur“, sem var þá um sumarið kaupamaður hjá fóstur minni, í Efrihúsum. Ólafur átti heima í Álfafirði, eða annarstaðar við Ísafjarðardjúp, giptur og átti börn, þá eða síðar. Ég sá ömmu mína, man ég að hún var að þrjóna hvítan sokk. Mjög þótti henni vænt um mig. Vorum við fóstur mín eina nótt í Hattardal og fórum heim daginn eptir. Matthildur amma mín andaðist hjá Þórði syni sínum í Hattardal 1877.

II.

Þess var áður getið (bls. 61.– 62.) að ég fór með fóstur minni frá Efrihúsum að Hesti, sem aldrei skyldi verið hafa, því nú byrjaði hörmungartími fyrir mig, verulega ságrætilegur undirbúningstími undir framtíð mína. Ekki hafði ég enn ort neitt það er vakti eptirtekt, nema 6 vísur um burtför Reinharðar Kristjánssonar (sjá bls. 60. og 61.). Þetta vor (1884) fór sem vinnumaður til Jóhannesar á Hesti Kristján Bergsson úr Arnardal, uppallinn að mestu í Fremri-Arnardal hjá Jóni bónda Sæmundssyni og konu hans, Guðrúnu Jónsdóttur. Hann hafði eignast einn son, Guðmund Elías að nafni, með Guðrúnu Níelsdóttur er varð kona Hálfðáns hreppstjóra Örnólfssonar í Meiri-Hlíð. Drengurinn kom að Hesti – og þess iðraðist hann lengst – en seinna en hér segir frá. Kristján var á Hesti í 2 til 3 ár, en var ekki heima nema á sumrin, reri á veturna norður við Djúp. Hann var maður greindur og snilldar kvæðamaður (raddmaður), gæða skrifari og kátur í lund. Hann var mér allgóður.

Sæmundur Ebenezer sonur fóstur minnar hafði eignast barn með stúlku á Ísafirði, þeirri er Elín hét Eiríksdóttir. Var Elín sú röskleg vel og allgreind; björt í andliti. Mun barnið hafa fæðst um eða eptir dauða föður síns. Það var mey og hét Kristín. Hafði fóstur mín tekið barnið og fór það með okkur að Hesti, um þriggja ára gamalt. Stína – svo var telpan vanalega kölluð – var fædd um vor 27. júní („Sjö sofendur“), hraust og þybbin í lund. Elín móðir hennar fór síðan til Norvegs og giptist þar. – Þau Jóhannes og Jónína húsbændurnir á Hesti áttu nú 2 sonu á lífi: Kristján Steinþór og Sæmund Þorberg; voru þeir báðir miklir fyrir sér og hraustir. Jóhannes bóndi var starfsmaður mikill en sífellt illur og mátti heita að hann hræddi hvern ungling vandalausán er nærri honum kom, svo mikill ótti stóð þeim af honum, tilgátuillur og lyginn en klæmdist aldrei og enginn þar á heimili. Þekktist ekki.

Enn var síður að *vigta út*, þ.e. fá vinnufólki vissan skamt af mat, skreið og feitmeti, til viss tíma. Hέλzt sá síður í Önundarfirði til 1890. Fékk karlmaðurinn 3

steinbíta til viku en kvennmaðurinn einn. Ekki man ég nú, 24. nóvember 1916, hvað karlmaðurinn fékk af feitmeti til viku eða mánaðar, en kvennmaðurinn fékk mörk til viku, af hnoðuðum mör, 26 merkur yfir veturinn. En þegar karlmaðurinn var í útveri (við sjó) átti hann að hafa 5 merkur af smjöri til viku. Svo sagði fóstur mín mér. Spað var soðið á helgum á vetrum, því nú var hangikjöt að leggjast af, 2 bitar fyrir karlmanninn en einn biti fyrir kvennmanninn. Svo var Jóhannes á Hesti sinkur í útvigtinni, enda ómögulegur í öllum útlátum, en vildi þó allt eignast – að hann taldi saman alla sunnudaga vetrarins, lagði þá í vikur og dró svo mörk af feitmeti vinnukonanna fyrir hverja viku þannig lagða. Þetta gerði enginn nema hann. Gerði hann ráð fyrir að spað yrði soðið á sunnudögum. En nú er þess að gæta, að þegar hann var að höggva niður kjötið var hann svo nirfilslegur að hafa ekki nema einn hryggjarlið í bita og skera utan af honum öðrum megin. Þetta horfði ég á. Sjá því allir hvað spaðið hefir verið rausnarlegt. Eptir þessu voru aðrar veitingar Jóhannesar og konu hans, enda ófært talið hjá þeim að vera sökum nísku og ógerðar á annan hátt, og mætti þar margar sögur af segja. Árskauð karlmanna um þessar mundir var 60 kr., kvenna 12 kr.

III. Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar

Umfang dagbókar Magnúsar Hj. Magnússonar er gríðarlegt eins og fram hefur komið og því varð að grípa til þess ráðs að birta aðeins sýnishorn úr henni. Óneitanlega hefði verið freistandi að birta hana alla vegna þess hve óvenjuleg hún er en ekki síður sökum þess hversu mikilvæg náma hún var Halldóri Kiljan Laxness við sköpun *Heimsíjós*s. Sú stefna var tekin að leggja áherslu á nokkur heilleg tímabil úr ævi Magnúsar og birta þau í fullri lengd eða því sem næst. Fyrsta dagbókarárið er birt í heild, en það er gert til að gefa lesandanum tækifæri til að meta á hvern hátt dagbókin þróast á löngum ritunartíma. Þannig á að fást yfirlit yfir hvernig dagbókin leit út í upphafi þegar hún var ómótuð og svo síðar meir þegar Magnús hafði náð fullum tökum á formi hennar. Annað tímabilið sem birtist í heilu lagi er í kringum aldamótin sem var mikill erfiðleikatími í lífi Magnúsar og fylgikonu hans Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur. Þriðja heillega tímabilið segir frá dvöl Magnúsar og fjölskyldu hans í Skálavík sem var sannkallaður hörmungartími og endaði með dómi yfir Magnúsi fyrir að nauðga unglingsstúlku. Fjórða tímabilið sem birtist í heilu lagi, og það síðasta, greinir frá fangelsisvist Magnúsar í Reykjavík, en þar dvaldi hann í eitt ár. Inn á milli eru birtir styttri þættir sem segja frá áhugaverðum atburðum í lífi Magnúsar.

Í dagbókinni er víða kveðskapur eftir Magnús en hann var nánast óstöðvandi á því sviði. Hér verða ekki valin tiltekin kvæði eða vísur sem skara fram úr í list Magnúsar heldur verður einungis birt það skáldskaparkyns sem slæðist með viðkomandi dagbókarfærslum. Kveðskapurinn er afar fjölbreyttur og bregður ágætu ljósi á þetta áhugamál Magnúsar.

Eitt af einkennum dagbókar Magnúsar er hversu opinská hún er hvað tilfinningar varðar. Þetta er vægast sagt fágætur eiginleiki dagbóka og af þeim ástæðum var ráðist í að taka saman allar þær frásagnir í dagbókinni sem snúa beint eða óbeint að tilfinningamálunum, sérstaklega á því tímabili þegar Magnús var ólofaður og var að leita hófanna hjá vestfirskum fljóðum. Margar frásagnir Magnúsar af glímu hans við ástina eru einkar athyglisverðar þar sem þær varpa ljósi á hvernig ungt fólk á seinni hluta

nítjándu aldar bar sig að í tilhugalífinu. Svo skemmtilega vill til að ein af þessum konum sem náði athygli Magnúsar fjallaði um samband þeirra í endurminningum sínum sem út komu á sjöunda áratug þessarar aldar. Hér er um að ræða Kristínu Dahlstedt sem var þekkt kona á sinni tíð og rak meðal annars veitingasölu hér heima og í Kaupmannahöfn. Hafliði Jónsson fyrrverandi garðyrkjustjóri var svo vinsamlegur að leyfa mér að birta kafla úr bókinni sem fjallar um kynni þeirra Magnúsar, en hann heitir „Ég verð ástfangin.”¹

Það er ekki auðvelt viðfangsefni að velja sýnishorn úr svo margbrotnu verki sem dagbók Magnúsar sannarlega er, ákveða hvaða tímabil skuli tekið fram yfir annað og almennt hvernig skuli staðið að heimildaútgáfu sem þessari. Reynt var að hafa að leiðarljósi að lesandinn fengi heillega mynd af vissum tímасkeiðum í lífi Magnúsar og fjölskyldu hans. Þetta er gert meðal annars fyrir þá sagnfræðinga sem hafa hug á að nýta sér dagbókina til rannsókna á tilteknum fyrirbærum í íslensku samfélagi á mótum mikilla breytinga. Almennur lesandi bókarinnar ætti einnig að fá gott yfirlit yfir ævi Magnúsar og tækifæri til að bera frásagnir hans saman við *Heimsíjós* Halldórs Kiljans Laxness, en öll þessi tímabil nýtir Halldór sér á einn eða annan hátt í sínu mikla skáldverki.

1. Dagbók ársins 1893 – Fyrsta dagbókarárið²

Þetta fyrsta heila dagbókarár var ekki burðugt hjá Magnúsi en þó bregður fyrir ágætum sprettum sem flestir koma þegar hann lætur hugann reika aftur til liðins tíma. Magnús byrjar að halda dagbókina eftir að hann komst frá Hesti og hóf málssókn gegn húsbændum sínum fyrrverandi. Fyrsta dagbókarárið ber þess nokkur merki að hryllingur bernskunnar hvílir þungt á herðum hans ásamt bágu líkamlegu atgervi. Hann segir einnig frá almæltum tíðindum, veðurfari og landshögum, rétt eins og góðum dagbókarritara sæmir. Það má segja að Magnús fari hægt af stað í dagbók sinni en sækir síðan í sig veðrið þegar árin líða.

Janúar

1. Sunnudagur. Stillt veður heiðbjart. Nokkuð frost. Í dag kómu: Ágústína Guðmundsdóttir og Albert, sistkin frá Sela-Kirkjubóli. Fóru þau Friðgerður og Sturla, börn Jóhanns húsbónda míns ofan að Veðrará ytri, til að skemmta sér um nýárið.

1 Kristín Jónsdóttir Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*. Hafliði Jónsson frá Eyrum skráði (Reykjavík, 1961).

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Pannig getur sá sem heilsuna hefur farið sem hann langar til, og tekið þátt í gleði lífsins, og notið sannarlegs yndis en ég sem stórþjáður drottins krossberari, verð að vera heima og bera mína miklu heilsuleysis birði, en guð gefi mér þrek til þess, kannske það geti þá orðið öðrum til fyrirmyndar sem neyðin umkringir, ef ég reyni að stríða sem bezt ég get, og ber mig vel. Heilagri hamingjunni sé lof, að ég er þó ekki, og hef ekki verið í rúminu síðan ég kom hingað í Breiðadal, því þó ég geti ekkert farið út af bænum þá get ég þó nú farið ofan, og á ég þann styrkleika að þakka því að ég fluttist hingað því þau Jóhann og Hildur, húsbændurnir hér, hafa verið mér ágætlega góð síðan ég kom hingað frá Hesti, 2. aug. f.á. Og þó þungt sé að verða vera kominn upp á aðra, á *bezta aldri* með miklum hæfileikum, þá er þó sitt hvað að vera hér, og mega bera sinn kross óáreittur, heldur en að vera í þeim stað sem manni er gert allt til kvalar og skapraunar í hverju atviki, til lífs og sálar, eins og mér var gert meðan ég var á Hesti, til að bæta á minn óútsegjanlega mikla heilsuleysis kvala kross, því það sýndist í, smáu og stóru, að því þar, sérstaklega Jónínu húsfreyjunni, væri rétt umhugað að ég sviptist lífinu á kvalafyllsta hátt, því þráfaldlega og *daglega* gerði hún mér til kvalar *sjálf*, og hvatti aðra til að særa mig, en í því var Jóhannes maður hennar aldrei *eins áji,fullegur* þó hann afar vondur maður sé, og fái í hvítetna alstaðar vont orð. Þurftu þau Jóhannes og Jónína ekki að breyta þannig við mig, af því að þau hefðu ekkert fyrir að hafa mig, því þau höfðu 104 kr. með mér, af fæðingarsveit minni, Súðavíkurbreppi, yfir það ár sem ég var beinlínis undir *þeirra* höndum.

2. Mánudagur. Suð austan frostleysa, nokkur vindur. Kómu hingað: Kristján Guðmundsson frá Flateyri, var að fara norður; Guðmundr Einarsson smiður frá Sela-Kirkjubóli og Hjálmar og Guðmundur synir hans, voru að fara norður; Jens Jónsson frá Næfranesi í Dýraf., var á leið norður en gat ekki haldið á sökum þess að honum var illt í fæti, hann gisti. Líka gisti Sturla Sigurðsson frá Hjarðardal ytri, sem var að koma að norðan.

3. Þriðjudagur. Stíllt veður sunnan, frost lítið. Fóru þeir *báðir* heim til sín sem gistu. Kómu: Ásgeir Magnússon frá Ketilseyri, maður Kristjónu Guðnadóttir frænku minnar, og Jón Bjarnason, líka frá Ketilseyri, voru að fara norður; Geirmundur Jónsson frá Veðrárá ytri, vinnumaður. Líka komu þeir að norðan aptur bræðurnir frá Sela-Kirkjubóli. Hj. og Guðmundur. Í dag fór Sturla inn að Tannanesi.

4. Miðvikudagur. Stíllt veður sunnan, lítið frost. Fór Jóhann bóndinn út á Flateyri. Kom Sveinbjörn Kristjánsson (einhenti) frá Eyri, var að fara norður.

5. Fimmtudagur. Stíllt v., útnorðanáttaður. Fóru þeir Jóhann og Sturla út að Sela-Kirkjubóli.

6. Föstudagur. Stíllt veður lítið frost. Kom Jón Jónsson yngri frá Breiðadal neðri, og Guðm. Jónsson frá sama bæ.

7. Laugardagur. Vestan frostleysa, nokkur vindur. Fór Sturla ofan að Breiðadal. Kómu: Þorleifur Jónsson og Guðríður Sveinbjarnardóttir sistir Hildar húsmóður minnar. Gistu bæði.

8. Sunnudagur. Vestan vindur nokkurn vegin heiðbjartur. Lítið frost. Fóru þau Guðr. og Þorl. norður aptur. Kómu: Haraldur, unglingspiltur frá Breiðadal neðri, Grímur Marísson frá Hvammi í Dýrafirði og Gísli Hjálmarss. úr Lambadal; Guðrún Mósesdóttir frá Veðrará ytri og Kristín Sæmundsdóttir frá Hesti, sonardóttir og uppeldisdóttir Margrétar fósturu minnar, móður Jóhannesar á Hesti. Kom líka Albert Guðm.son frá Sela-Kirkjubóli. Fóru þau Friðgerður og Sturla ofan að Veðrará.

9. Mánudagur. Stillt v., heiðbjart. Nokkuð frost. Suðaustan áttaður. Kom Guðm. Jónsson frá Breiðad. neðri. Fór Sturla ofan að Breiðad.

10. Þriðjudagur. Stillt veður vestan, þíkt lopt, lítið frost. Fór Sturla ofan að Breiðadal.

11. Miðvikudagur. Stillt v. framan af deginum og nokkurn vegin heiðbjartur, en vindaði þegar leið á daginn. 2. gr. hiti. Fór Jóh. inn að Tungu til að kaupa feitmeti og Hildur ofan að Breiðadal. Kómu: Guðm. Bjarnason vinnum. frá Hóli í firði; Ásgeir Magnússon frá Ketilseyri, var nótt.

12. Fimmtudagur. Vestan frostleysa, nokkuð hvass, með regnhríðum framan af deginum. Fór, Á. Magnússon norður á Ísafjörð. Þenna dag hægði um kvöldið og frysti lítið eitt.

13. Föstudagur. Stillt veður heiðbjart. 3 gr. kuldi. Kómu: Friðrik Guðmundsson frá Sela-Kirkjubóli og Guðm. Jónsson frá Breiðadal neðri. Fór Sturla út að Sela-Kirkjub.

14. Laugardagur. Útvestan vindur og þíkt lopt, rigndi við kvöldið. 1 gr. hiti. Kómu: Páll Halldórsson og Reinharður Kristjánsson, báðir úr Hnífsdal, fóru út á Flateyri.

15. Sunnudagur. Vestan vindur og regn. Kom Margrét Jónsdóttir frá Breiðadal neðri.

16. Mánudagur. Vestan mikill vindur en lítið regn mestan hluta dagsins og 2 gr. hiti, en um kvöldið með útsinnings kafalds ágöngum.

17. Þriðjudagur. Vestan mikill vindur með jeljum og nokkru frosti, en batnaði þegar leið á daginn. Í nótt að var, var fjarska - vindur og all mikið frost. Kom Guðm. Jónss. frá Breiðadal neðri og festi upp vaðmál sem hann ætlar að fara að vefa hér (fyrir sig sjálfan).

18. Miðvikudagur. Stillt veður nokkuð frost, með jeljum seinni partinn og þó nokkuð dimmur. Kom Guðbjartur Guðmundsson unglingspiltur frá Tannanesi, sonur Guðmundr Ólafssonar sem býr þar nú, sem lengi hefir legið orð á um, að hafi tekið (stolið) margri sauðkind, og það veit ég með rökum að hann hefir gert, því í hitt ið fyrra haust stal hann dilk, mestu skepnu, frá fósturu minni, og skyldi ég ekki segja það á hann ef ég vissi ekki fyrir víst, að hann hefði gert það.

19. Fimmtudagur. Útnorðan mold og mikið frost.

20. Föstudagur. Útnorðan skafmold. 8 gr. kuldi. Nú er hafís kominn langt inn á firði.

21. Laugardagur. Suðvestan vindur, og mikið regn seinni partinn.

22. Sunnudagur. Stillt veður þíkt lopt og vægt frost framan af deginum, síðan

frostleysa, vindur og regn. Fór Sturla út á Flateyri eptir Bola, og Guðm. Jónss. í Breiðadal neðri með honum. Kómu: Kristín Sæmundsdóttir frá Hesti, Guðrún Einarisdóttir og Jensína Jónsdóttir frá Veðrará ytri.

23. Mánudagur. Útnorðan mold með vægu frosti framan af deginum, en birti þegar leið á daginn og herti þá mikið frostið. Fór Jóhann og Sturla út á Flateyri með bolann. Felldi Guðm. vaðmálið.

24. Þriðjudagur. Stillt veður mikið frost heiðbirti þegar leið á daginn.

25. Miðvikudagur. Stillt v. heiðbjart framan af deginum, 9 gr. frost, en seinni partinn gerði suðaustan mold.

26. Fimmtudagur. Heldur stillt veður, þíkt loft um morguninn en heiðbirti þegar leið fram á daginn. Kom Jón búfr. frá Veðrará ytri, og Haraldur Jónss. frá Beiðad.

27. Föstudagur. Stillt v. mikið frost, útnorðan áttaður. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Jón búfr. frá Veðrará ytri og Guðm. Þorsteinss. frá Kroppstöðum. Í gær þ. 26. var *mikið* frost.

28. Laugardagur. Austnorðan mold og gróft frost. Kom. Hjálmar Guðmundss. frá Sela-Kirkjubóli, kom að norðan.

29. Sunnudagur. Norðan mold og fjarska frost, en dró úr því þegar leið á daginn. Kómu: Hjalti Magnússon pabbi minn, sem er nú gjafamaður hjá Janusi próf. í Holti, og Kristján Jónss. bóndi fátækur í Breiðad. n.

30. Mánudagur. Suðaustan mold, mikið hvass en heldur vægt frost.

31. Þriðjudagur. Suðaustan mold, mikið hvass en lítið frost; herti veðrið enn meira um kvöldið.

Febrúar

1. Miðvikudagur. Austan gjóla, heiðbjartur; lítið frost. Kómu: Hjálmar Guðmundsson frá Sela-Kirkjubóli og Eggert Friðriksson frá Hvylft, fóru norður. Kómu líka: Einar Einarss. og Guðmundur, bræður frá Sela-Kirkjubóli, og Jón Jónss. („Gróuson“) frá Breiðadal neðri.

2. Fimmtudagur. Stillt v., þíkt loft og dimmur ofan á vesturfjöllin. Lítið frost. Gerði jel fyrri hluta dagsins og hélt því nokkuð lengi. Hvessti um kvöldið á norðan og herti þá fr. Kómu: Guðm. Jónss. frá Breiðad. neðri Ágústína Guðmundsd. frá Sela-Kirkjubóli; líka kom Eggert Friðrikss. að norðan aptur. Fór Sturla út að Kaldá.

3. Föstudagur. Norðan mold, mikið frost.

4. Laugardagur. Norðan mold og mikið frost fyrri part dagsins, en birti þegar leið fram á daginn. Kómu: Halldór Ólafss. á Ísafirði kom vestan úr Dýrafirði, á leið norður, og Kristj. bókbindari Kristjánsson frændi minn frá Veðrará ytri sem fylgdi Halld. nokkuð á leið norður.

5. Sunnudagur. Hvass nokkuð á suðaustan en hægði um kvöldið. Frostlaust. Fór Sturla ofan að Veðrará og Friðg. ofan að Breiðad.

6. Mánudagur. Suðaustan vindur, frostlaust. Hægði um kvöldið.

7. Þriðjudagur. Stillt veður á útvestan, lítið frost. Fóru þau Hildur og Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Jón Jónss. („Kaldár-Jón“) frá Breiðad. neðri og Haraldur og Þóroddur Davíðsson frá Veðrará innri.

8. Miðvikudagur. Stillt veður, vægt frost, heiðbjartur fyrst um morguninn, varð síðan nokkuð þíkkur til lopts og gerði jel á austan seinni part dagsins; heiðbirti svo aptur. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri, og síðan ofan að Breiðad. með Hildi (móður sinni). Kómu: Geirmundur frá Veðrará ytri, Guðmundur Guðmundsson („snemmbæri“) og Jóhanna Guðmundsdóttir, kærustupör frá Grafargili. Guðm. þessi var áður opinberlega trúlofaður Sólveigu hálsystir Jóhanns húsb. míns, en hún sagði honum upp, þegar hún heyrði að aðrir út í frá kölluðu hann „snemmbæra“. Þau Guðm. og Jóh. gistu.

9. Fimmtudagur. Suðaustan mold lítið frost. Fóru þau Guðm. og Jóhanna ofan að Veðrará, kómu aptur og gistu.

10. Föstudagur. Stillt v., lítið frost, hálfheiðbjartur. Fóru þau Guðm. og Jóh. heim til sín. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Guðjón Arnórsson frá Brekku á Ingjaldssandi, bóndi, en formaður við sjó fyrir norðan, og Bjarni Há. Bjarnason frá Dalshúsum, kómu að norðan.

11. Laugardagur. Stillt veður á austan, lítið frost, þíkt lopt framan af deginum en heiðbirti síðan. Fór Jóhann yfir að Vöðlum og Friðg. og Sturla ofan að Veðrará ytri. Kom Hjalti Magnúss. pabbi minn, frá Holti.

12. Sunnudagur. Heldur stillt veður, lítið frost, austanáttaður. Kómu: Guðj. Arnórss. frá Brekku, B. Há. Bjarnason frá Dalshúsum og Guðjón Bjarnarson frá Kirkjubóli í Valþjófsdal, allir á leið norður. Líka kómu: Sól. Guðmundsson frá Klukkulandi í Dýrafirði, og Sigurðr Jónss. frá Núpi, fóru einnig norður. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri.

13. Mánudagur. Suðaustan mikill vindur, frostlaust. (frostleysa).

14. Þriðjudagur. Suðaustan kafaldsbleyta og nokkur vindur, skafmold síðari hluta dagsins. Lítið frost. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri og Jóhann ofan að Breiðadal, og svo þau Friðg. og Sturla.

15. Miðvikudagur. Mikill vindur á suðaustan og skafmold seinni partinn. Lítið frost. Kómu: Einar Guðmundss. frá Sela-Kirkjubóli og Guðm. Jónss. frá Breiðdal n. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Fór Jóhann út á Flateyri og þaðan norður á Ísafjörð með hvalveiðabátum „Friðþjófur“.

16. Fimmtudagur. Suðaustan vindur, hálfheiðbjartur, lítið frost. Kómu 3 Sunnlendingar, Finnbogi, Elías og Hjörtur, á leið vestur að Framnesi (Höfða) í Dýraf., kómu að norðan.

17. Föstudagur. Suðaustan vindur með kafalds bleytuhjaldri, frostlaust; útnyrtingur um kvöldið. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kom Einar Jónss. bóndi á Görðum; kom að norðan.

18. Laugardagur. Heldur stillt veður á suðaustan. Frostlaust. Heiðbirta seinni partinn. Kom Jóhann húsb. að norðan og með honum Jón Jónss. (litli) í Breiðad. neðri, er fór á sama bát og Jóh. norður.

19. Sunnudagur. Norðan vindur en lítið frost. Fór Jóh. inn að Efrihúsum. Kómu: Albert Guðm.son og Friðrik, bræðr frá Sela-Kirkjubóli, Haraldr frá Breiðad. neðri, Guðbjörg Bjarnardóttir frá Kaldá, Þórun Jónsd., Kristín B. Guðmundsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir allar frá Tannanesi, Hákon Hákonarson frá Ytri húsum í Dýrafirði, var að fylgja nokkuð á leið norður, Ólafi Þorsteinss. úr Alviðru.

20. Mánudagur. Norðan vindur, lítið frost; herti veðrið þegar leið á daginn, og skóf þá mikið. Kom pabbi minn frá Holti. Sókti Sturla bola út á Flateyri og Haraldr. í Breiðad. neðri með honum. Kómu: Finnbogi Sigurðss. frá Illugastöðum í Skálmarfirði, Sunnlendingurinn sem kom hingað 16. þ.m., hagrýðingur, hafði farið norður á Ísafjörð, fór nú út á Sólb. til H. Ellefssens; og Kristján Jónss. frá Breiðad. neðri.

21. Þriðjudagur. Mikil skafmold á norðan, en vægði veðrið þegar leið á daginn; nokkurn vegin heiðbjart. Lítið frost. Kómu: Alb. Guðmundss. frá Sela-Kirkjubóli og Haraldur frá Breiðad.

22. Miðvikudagur. Stíllt v., heiðbjart, nokkuð mikið frost. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Bjarni Bjarnarson frá Þingeyri, kom að norðan. Torfi Bjarnarson bóndi frá Álfadal á Ingjaldssandi, og Bjarni Þorláksson vinnum. frá Hrauni, fóru norður; Björn Zakaríasars. frá Kaldá, og Andrés bróðir hans frá Flateyri, og Jósep Jóhannsson vinnum. frá Hjarðárd. ytri, kómu að norðan.

23. Fimmtudagur. Norðan skafmold með nokkurri dimmu fram til nóns, heiðbirti þá og vægði veðrið.

24. Föstudagur. Útnorðan gola, skóf þegar leið á daginn; mikið frost. Kómu þeir að norðan aptur: Torfi Bjarnarson og B. Þorlákss., líka kom að norðan Guðbjartur Guðbjartarson frá Sæbóli á Ingjaldssandi. Fór Sturla út á Flateyri. Kom Haraldr frá Breiðad. neðri.

25. Laugardagur. Útnorðan og mikið frost en birti samt þegar leið á daginn. Kom Jón Jónss. (litli) frá Breiðad. neðri.

26. Sunnudagur. Norðan mold og mikið frost.

27. Mánudagur. Norðan mold og mikið frost en birti þegar leið á daginn. Kom Jón Jónss. (litli) frá Breiðad. neðri.

28. Þriðjudagur. Heldur stílt veður, mikið frost; heiðbirti síðara hluta dagsins. Norðanáttadur. Fóru þau Friðg. og Sturla ofan að *Veðrará ytri*. Kómu: Atli Davíðsson bóndi, og Guðm. Einarsson, yngri, frá Sela-Kirkjubóli; líka kom „Litli“-Jón frá Breiðad. neðri. (Jón Jónss. litli).

Marz

1. Miðvikudagur. Stíllt veður heiðbjart; mikið frost. Kómu: Albert Guðm.son og Friðrik, bræður frá Sela-Kirkjubóli, fóru norður; Óli Ásmundss. og Eðvarð, bræður frá Ísafirði, fóru út á Flateyri; líka kom Jón Jónss. litli frá Breiðad. neðri og festi upp vaðmál sem hann ætlar að vefa hér. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri.

2. Fimmtudagur. Stíllt veður heiðbjart og mikið frost framan af deginum en

þikknaði upp vestan seinni partinn. Kom Jón búfræðingur frá Veðrará ytri, fór norður og Sturla héðan líka. Kom Janus Jónsson próf. frá Holti í húsvitjan; Kómu þeir að norðan aptur Alb. og Friðr. bræðurnir frá Sela-Kirkjubæ; líka kómu: Kristján Jónss. frá Breiðad. neðri og „Litli“-Jón og Haraldur (bræður).

3. Föstudagur. Suðaustan skafmold framan af deginum en dimmdi með ofankafaldi seinni partinn. Frostlaust. Kómu þeir frá Flateyri aptur, Óli og Eðvarð og með þeim Guðm. Jónss. frá Breiðadal neðri, allir á leið norður, en urðu að snúa til baka sökum óveðurs. Kómu þeir að norðan aptur Jón búfræð. og Sturla og með þeim Björn gullsm. Árnason frá Ísaf., á leið vestur í Dýrafjörð.

4. Laugardagur. Suðaustan vindur, nokkuð frost, þíkt loft. Fóru þeir Jóhann og Sturla yfir að Holti. Kom „Litli“-Jón frá Breiðad. neðri.

5. Sunnudagur. Skafmold á suðaustan, lítið frost. Kom Símon Dalaskáld, og kváðustum við á; þótti honum ég vera skjótkvæður.

6. Mánudagur. Stíllt veður framan af deginum og lítið frost, en gerði mold á suðaustan seinnipart dagsins, og regn mikið um kvöldið. Fór Sturla ofan að Breiðadal. Kom „Litli“-Jón frá Breiðad. neðri, og felldi af vaðmálið sem hann hefir verið að vefa síðan um daginn. Líka kómu: Atli frá Sela-Kirkjubóli og Björn Jónsson fóstursonur hans, jafnaldri minn, til hans kvað ég ljóðabréf veturinn eptir það ég fermdist, á 16. árinu, þrjátíu vísur rúmar, undir hringhendu, afskrípt af því ljóðabréfi á ég ekki, en frumritið gaf ég Guðrún Jónsdóttur fyrverandi vinnukonu hjá Jóhannesi á Hesti.

7. Þriðjudagur. Útsinnings mold mikil framan af deginum en birti og hægði þegar leið á daginn. Nokkuð frost.

8. Miðvikudagur. Kafaldsbleytuhjaldur stíllt framan af deginum, en hvessti seinni partinn og var þá með ágöngum. Lítið frost. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri, og Jóhann ofan að Breiðadal. Kom Guðmundur Engilbertss. frá Litla-Garði í Dýrafirði á leið norður.

9. Fimmtudagur. Norðan mold og mikið frost. Kómu: Jón Friðriksson, Finnur Finnsson, báðir frá Hvyllft, og Guðm. Engilbertss. frá Litla-Garði; kómu allir að norðan.

10. Föstudagur. Stíllt veður heiðbjart fyrst um morguninn, síðan skafmold og þíkkur til lopts. Mikið frost. Fór Jóhann út á Flateyri og Sturla ofan að Veðrará ytri.

11. Laugardagur. Austnorðan mold með vægu frosti framan af deginum, en herti veðrið og frostið þegar á daginn leið. Fór Jóhann yfir að Vöðlum og Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Guðm. Jónss. og „Litli“-Jón (bræður) frá Breiðad. n., og Magnús Sveinsson frá Ísaf., á leið vestur á Bíldudal.

12. Sunnudagur. Stíllt veður og milt frost framan af deginum, en útnorðan mold seinni partinn og herti þá frostið. Kómu: Haraldur frá Breiðad. n.; Páll Guðbjartarson frá Klukklandi í Dýrafirði og Elías Bjarnason frá Kotnúpi, kómu að norðan; Kristján Oddsson „Dýrfjörð“ á Ísafirði, kom vestan úr Dýrafirði, gisti.

13. Mánudagur. Stíllt veður en nokkuð dimmur með ísingskafaldi. Mikið frost. Útnorðanáttaður. Fór Kr. O. Dýrfjörð norður. Fór Jóhann (bóndinn) út að Hóli á

Hvylftarströnd. Kom Sigurgeir Bjarnason frá Ísafirði, á leið út á Flateyri.

14. Þriðjudagur. Norðan mold, mikið frost. Fór Jóhann yfir að Vöðlum eptir moði.

15. Miðvikudagur. Útnorðan mold og mikið fr., en birti seinni part dagsins. Kómu: Sigurg. Bjarnason frá Flateyri aptur á leið norður; Geirmundur frá Veðrará ytri.

16. Fimmtudagur. Stíllt veður en mikið frost; himinþunnur fyrri hluta dagsins en þíkkur til lopts þegar leið á daginn. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Guðm. Guðmundsson („Snemmbæri“) frá Grafargili; Sigurður Jónss. skipstjóri, og Guðjón, báðir úr Haukadal, gistu allir (3).

17. Föstudagur. Útnorðan mold með miklu frosti. Fóru þeir norður sem gistu: Guðm., Sigurður og Guðjón, og Eiríkur Kristjánss. frændi minn frá Veðrará líka. Kómu: Halldór Guðmundsson, vinnumaður á Mosvöllum, og Bjarni Bjarnason („mjói“) frá Þingeyri kómu að norðan.

18. Laugardagur. Suðaustan mold og mikið frost framan af deginum, en hægði og dró úr frostið þegar leið á daginn, og gerði frostleysu um kvöldið. Þessi síðastliðni frostkaflar er það harðasta frost sem komið hefir á þessum vetri.

19. Sunnudagur. Vestan frostleysa meiginhluta dagsins, en gerði jel seinni partinn og frysti um kvöldið og skóf þá. Kom Hjálmar Guðmundsson á Sela-Kirkjubóli, kom að norðan.

20. Mánudagur. Nokkur vindur á útvestan með kafaldságöngum og nokkru frosti en batnaði um kvöldið. Fór Jóhann ofan að Breiðadal. Kómu: Haraldur frá Breiðad. neðri og Guðm. Guðmundss. á Grafargili, að norðan aptur, gisti.

21. Þriðjudagur. Vestan frostleysa. Fór Guðm. heim til sín. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Erlendur Jóhannesarson frá Lambadal í Dýrafirði, kom að norðan; Sólmundur Guðmundsson frá Klukkulandi (í Dýrafirði), kom norðan af Ísafirði, á leið út á Ingjaldssand til að láta vita dauðsfall Guðjóns Arnórssonar bónda á Brekku, sem andaðist í Kálfadal síðastliðna nótt. Féll mikill maður þar sem Guðjón sál. var, hann var á margan máta góður drengur að sögn þeirra er þekkja hann, og hinn vaskasti sjómaður.

22. Miðvikudagur. Útvestan mold með miklu frosti en batnaði undir kvöldið. Fór Jóhann út á hval. Kom Guðm. Jónss. frá Breiðad. nyrðri.

23. Fimmtudagur. Stíllt veður meiginhluta dagsins og heiðbjart, en þíkknaði í loptið undir kvöldið og skóf þá. Frost nokkuð mikið. Fór Jóhann út á hval og Sturla ofan að Breiðadal.

24. Föstudagur. Suðaustan frostleysa. Fór Sturla ofan að Veðrará ytri. Kómu: Tómas Tómasson og Vigfús Sigurðsson báðir úr Æðey, og Kristján Guðmundsson („á koffortinu“) frá Flateyri, kómu allir að norðan á leið út á Flateyri.

25. Laugardagur. Stíllt veður og vægt frost; þíkk lopt. Kómu: Guðm. Guðmundsson frá Kaldá; 2 Arnfirðingar, Jón Pálsson skipstjóri, Mattías Ísleifsson og Kjartan Ólafsson, þessir allir að fara norðar (Arnfirðingarnir til sjós). Líka kom maður að nafni Holm, frá Stað á Reykjanesi, á leið út á Flateyri.

26. Sunnudagur. Vestan frostleysa og *mikill* vindur.

27. Mánudagur. Stillt veður frostlaust; mikil þoka. Fór Hildur ofan að Breiðadal. Kom Jakob Jónss. frá Ísafirði, á ferð út á Flateyri.

28. Þriðjudagur. Bezta veður, frostleysa. Fór Jóhann út á Flateyri. Kom nýr hval-veiðabátur til H. Ellefssens, svo nú hefir hann 5 báta til veiða.

29. Miðvikudagur. Stillt veður framan af deginum, síðan vindur og regn og um kvöldið gerði kafaldsbleytujel á útvestan, en birti aptur. Fóru þeir Jóh. og St. ofan Breiðad. Kom Geirm. frá Veðrará.

30. Fimmtudagur. Stillt veður framan af deginum og nokkuð frost, vindaði svo og þikknaði í loftið á suðaustan; gerði mikið ofankafald um kvöldið en birti aptur. Kómu: Jón Jónss. („Stóri“) frá Breiðadal neðri, sem lengi hefir búið þar; Óli Níels-son úr Arnardal er kominn er hingað sem vinnumaður til Jóhanns húsb. míns, að hálfu. Líka kom Gróa Finnsdóttir, kona Guðm. Jónssonar í Breiðad. neðri.

31. Föstudagur. Stillt veður framan af deginum; mikið ofankafald megin hluta dagsins og snjóþoka. Herti frostið undir kvöldið. Fór Friðgerður ofan að Veðrará ytri. Kom Hjalti Magnússon (pabbi minn) frá Holti.

Apríl

1. Laugardagur. Suðaustan skafmold, dimmur stundum; talsvert frost. Varð hægur um kvöldið. Kómu: Geirm. frá Veðrará ytri, Kristján Kristjánss. (ungl.) frá Breiðad. neðri og Haraldur. Fór Sturla út að Hóli á Hvylftarströnd.

2. Sunnudagur. Heldur stillt veður fyrst um morguninn og nokkuð dimmur með miklu frosti, heiðbirti svo um dagmálin og vægði frostið, var þá allgott veður en dimmdi síðan aptur og hvessti *mjög* þegar leið á daginn og herti þá frostið, svo alltaf var mold. Fóru þau Jóhann, Óli, Friðgerður og Sturla til kirkju.

3. Mánudagur. Stillt veður heiðbjart framan af deginum en þikknaði síðan upp og hvessti mjög. Fór Óli norður á Ísafjörð til Árna Jónssonar, er hann hefir áformað að fá vinnu hjá í sumar. Fór Jóhann ofan að Breiðad. Kómu: Björn Jónss. frá Sela-Kirkjubóli, maður sunnan af Breiðafirði Kristján að nafni úr Hergilsey, fór út á Flateyri; 3 Dýrfirðingar, Jóhannes Jónsson bóndi frá Birnustöðum, og Jens bróðir hans frá sama bæ, og Jóhannes Guðmundsson frá Skaga (Fjallaskaga); Jóhannes Jónss. gisti hér, en hinir fóru ofan að Veðrará. Penna dag var frost vægt, og síðast um kvöldið gerði frostleysu.

4. Þriðjudagur. Vestan frostleysa. Fór Jóhann ofan að Veðrará ytri og sókti Geirmund og Guðrínu konu hans og Guðríði dóttir þeirra sem komin eru hér öll til veru, Geirm. og Guðr. sem vinnuhjú. Hjón þessi bjuggu áður á Kirkjubóli í Korpudal, en þau gátu ekki haldist þar við vegna fátæktar og varð sveitarnefndin að taka þau þar upp; voru þá börn þeirra sett á sveitina, öll nema eitt (Guðríður). Segja allir að Geirm. hafi búnast svona illa, af því að hann hafi verið svo *latur* að vinna fyrir sjálfan sig, en að vinna hjá öðrum er hann *gott* hjú, þrifinn og mjög duglegur. Í dag fóru þeir norður sem kómu í gærkvöld, Jóh. sem gisti hér og þeir sem með

honum voru. Kómu: Ágústína Guðm.dóttir og Ólafur, sistkin frá Sela-Kirkjubóli.

5. Miðvikudagur. Kafaldsbleyta meginhluta dagsins en hæglátt. Fór Geirmundur ofan að Veðr., og Sturla út að Hóli á Hvylltarströnd. Kómu: Kristján Guðmundss. og Guðjón Bjarnarson, báðir frá Kirkjubóli í Valþj.d.; voru á leið norður; kómu líka: Kristj. Kristjánsson, Sveinn Árnason úr Vigur og Jens Guðmundsson búfræð. á Flateyri, kómu að norðan.

6. Fimmtudagur. All-mikill vindur á vestan framan af deginum og frost svo skafmold var; heiðbirta fyrri partinn en þikkur til lopts seinni partinn. Fór Jóh. út á Flateyri. Þess skal getið, að Kristján Kristjánsson sem kom í gær, (þ. 5.) á heima í Þúfum í Vatnsfirði.

7. Föstudagur. Vestan frostleysa, mikill vindur; gerði kafaldsjel um kvöldið. Kom Gróa Finnsd. frá Breiðad.

8. Laugardagur. Vestan vindur framan af deginum, hægði svo og síðan dimmur mjög með ofankafaldi. Fór að hvessa aptur um kvöldið. Fór Hildur og Geirm. ofan að Veðrará ytri.

9. Sunnudagur. Vestan skafmold framan af d. og nokkuð frost en batnaði þegar leið á daginn.

10. Mánudagur. Stillt veður, heiðbjart framan af deginum og nokkuð frost, en vindaði þegar á daginn leið og þikknaði í loptið. Fór Jóhann inn að Tannanesi og yfir að Vöðlum. Kómu Magnús Hannesson á Ísafirði, kom utan af Flateyri, á leið norður Jón Jónss. („Kaldár“-Jón) frá Breiðad. neðri.

11. Þriðjudagur. Vestan frostleysa; fjarska mikið veður mikinn hluta dagsins, og regn. Fóru þeir Jóhann og Geirm. norður á Ísafjörð og kómu samdægurs aptur. Kom maður að nafni Ísleifur, norðan úr Strandasýslu, á leið vestur í Dýrafj.

12. Miðvikudagur. Vestan frostleysa. Froststinningur um morguninn. Reidði Geirmundur nokkuð af verdótinu þeirra Jóhanns, ofan í Breiðadalsbót.

13. Fimmtudagur: Vestan frostleysa. Kómu: Júlíana Halldórsd. frá Hóli á Hvylltarströnd; – stúlka þessi býr til hesta, barna-leikföng, og gerir það *ágætlega*, svo margir, nær og fjær, panta hjá henni slíka hluti, kostar hvert dýr jafnaðarlega hjá henni 1 krónu, og er það ekki dýrt; Guðm. Ólafsson frá Tannanesi.

14. Föstudagur. Heldur stillt veður fyrst um morguninn, síðan mold. Mikið frost. Kómu: Jensína Jónsd. frá Veðrará ytri, Sólun Guðmundss. frá Lambadal í Dýraf., kom utan af Flateyri á leið norður; Kristj. Oddss. Dýrfjörð, kom líka utan af Flateyri á leið norður, en treysti sér ekki til halda á, sökum þess að hann var mjög slappur því hann hefir verið veikur í 3 vikur vestur á Pingeyri. Gisti.

15. Laugardagur. Stillt veður og mikið frost framan af deginum, en dró þikkni í loptið seinni partinn og vægði frostið. Fór Kr. O. Dýrfjörð norður. Fóru þeir Jóhann og Geirm. í verið, út á Kálfeyri. Kom Brynjólfur Jónsson, smali frá Veðrará ytri.

16. Sunnudagur. Stillt veður og þikkt lopt. Mjög mikið frost. Kómu að norðan: Óli heimilismaður hér og Torfi Bjarnarson frá Álfadal á Ingjaldssandi og maður

með honum, Júlíus að nafni norðan frá Arngerðareyri. Óli fór samdægurs norður aptur. Fóru þær Friðg., Guðrún og Guðríður ofan að Breiðadal og Guðríður síðan ofan að Veðrará.

17. Mánudagur. Stíllt veður fyrri part dagsins, síðan vindur á suðaustan, kafaldsbleyta þegar leið á daginn, en birti hana aptur. Þíkt lopt allan daginn. Fóru þau Hildur og Sturla ofan að Veðrará. Kómu þeir að utan aptur Torfi og Júl., á leið norður. Kom Guðjón Bjarnarson á Kirkjub. í Valþjd., kom að norðan.

18. Þriðjudagur. Frostleysa. Orðið mjög autt. Kómu: H. Magnússon pabbi minn frá Holti, á leið til Ísafjarðar, og Finnb. Sigurðss. á Illugastöðum í Skálmarfirði, kom utan af Sólbakka því hann er í vinnu hjá Ellefssen, var að fara norður með bréf.

19. Miðvikudagur. Hæglátt veður með eljum, frysti dálítið um kvöldið. Kom Finnbogi Sigurðss. að norðan aptur.

20. Fimmtudagur. Vestan mold framan af deginum með litlu frosti, en regnhríð seinni partinn. Fóru þær Friðg. Guðrún og Guðríður ofan að Veðrará, og St. út að Görðum. Kómu: Ólafur Jensson frá Veðrará innri, unglingur sem á að staðfestast í vor, og var hann að láta Sturlu vita af; Jónína Jónsd. frá Breiðad. n.

21. Föstudagur. Vestan vindur með eljum framan af deginum, síðan mikið regn en batnaði þegar leið á daginn. Sólskin að öðru hverju seinni partinn en dró mikla þoku í loptið um kvöldið. Fór Sturla yfir að Holti til yfirheyrzlu.

22. Laugardagur. Vestan frostleysa, mikill vindur og regn. Fór St. út að Sela-Kirkjub. Kómu þeir Jóhann og Geirm. heim.

23. Sunnudagur. Vestan frostleysa, bálhvass, en hægði um kvöldið. Kómu: Guðbjörg Bjarnardóttir frá Kaldá, Guðm. Ólafss. frá Tannanesi, Hjalti pabbi minn, að norðan aptur, Hagalín Þorkelsson bóndi á Vöðlum. Pabbi og Hagalín gistu báðir.

24. Mánudagur. Útvestan vindur með eljum. Fóru þeir út: Jóh. og Geirm. og Guðmundur Sturluson faðir Jóhanns (blindur) og Hagalín er gisti líka, því hann er háseti hjá Jóhanni. Guðm. gamli, faðir Jóh., hefir verið alla sína æfi mesti sjógarpur, og er því yndi hans að vera við sjóinn meðan hann af sér veit; hann er búinn að vera 8 ár blindur. Kom Jón Þórðarson („prestslamb“) húsm. frá Vöðlum, fylgdist með Jóhanni út. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu, fylgdist með pabba mínum.

25. Þriðjudagur. Stíllt veður framan af deginum síðan vindur á suðaustan. Froststirningur um morguninn og aptur um kvöldið. Kómu: Kjartan Ólafss. frá Arnarnesi í Dýrafirði, á leið norður, Guðrún Guðmundsdóttir frá Breiðad. n.

26. Miðvikudagur. Suðaustan vindur; frost framan af deginum. Fór Guðríður ofan að Veðrará ytri.

27. Fimmtudagur. Suðaustan frostleysa. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu, og Hildur ofan að Breiðadal. Kom Kjartan Ólafsson að norðan aptur.

28. Föstudagur. Hæglátt með all-miklu ofankafaldi. Norðanáttadur. Frost. Fóru þau Sturla og Guðríður ofan að Breiðadal.

29. Laugardagur. Heldur stíllt veður, en mikið ofan kafald og mjög dimmur; frost framan af deginum og svo um kvöldið, því þá tók að hvesa meira. Kómu:

Jóhannes Arason á Ísafirði, var að fara vestur að Framnesi; Jens Jónss. frá Næfranesi í Dýrafirði og með honum Pálmi Einarsson og Jóhannes Jóhannesson, báðir úr Arnardal, voru að sækja fé vestur að Næfranesi, því ofan nefndur Jens, er að flytja sig þaðan búferlum og norður í Arnardal. Líka kom Kristján Kristjánss. (ungl.) frá Breiðad. neðri. Kómu þeir Jóh. og Geirmundr heim og fór St. ofan í Breiðadalsbót.

30. Sunnudagur. Mold framan af deginum og frost, en birti og hægði undir kvöldið. Útnorðanáttadur. Gerð jel um það leyti sem verið var að hátta og vindaði þá. Fór J. og G. út og Guðríður ofan í Breiðadalsbót.

Majus

1. Mánudagur. Norðan vindur með jeljum framan af deginum. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu. Kómu: Ingibjörg Guðm.dóttir frá Breiðadal neðri. Pálmi og Jóhannes að vestan aptur með féð, gistu.

2. Þriðjudagur. Suðaustan vindur, lítið frost fyrst um morguninn; sólskin allan daginn en heiðbirti ekki vel fyr en leið á daginn. Fóru þeir norður sem gistu með féð, og Hildur og Friðgerður fóru líka norður, fylgdust með Pálma og Jóhannesi, því þær eru að fara með landskuldarær norður í Súðavík, því Hjalti bóndi Sveinson í Súðavík á þessa jörð: Breiðadal fremri í Önundarfirði. Fór Guðríður ofan að Veðrará ytri. Kom Jensína Jónsd. (vinnukona) frá Veðrará ytri.

3. Miðvikudagur. Suðaustan vindur; heiðbirta fyrri part dagsins en dró svo korg í loftið. Frost framan af deginum.

4. Fimmtudagur. Gott veður, suðvestanáttadur. Frostlaust. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu. Kom Magnús Guðlaugsson frá Breiðad. neðri. Kómu þær að norðan aptur Hildur og Friðg. og fór Friðg. samdægurs inn að Tannanesi.

5. Föstudagur. Gott veður; vestan sláttur framan af deginum. Fór Sturla út á Flateyri. Kómu: Margrét Jónsdóttir, í Tungu í Skutulsfirði, Anna Sigurðardóttir frá Úlfsá (nýbýli), Þóra Jensdóttir frá Hafrafelli og Ólóf Jónsd. frá Sæbóli á Ingjaldssandi; þær Margrét, Anna og Þóra, voru að sækja fé út á Ingjaldssand en Ólóf var að fara til veru niður í Tungu í Skutulsf.; gistu allar. Kom Gróa Finnsd. frá Breiðad. n.

6. Laugardagur. Stíllt veður framan af deginum síðan vindur og regn. Fóru þær norður sem gistu. Kómu þeir Jóh. og Geirm. heim. Fóru St. og Guðríður ofan í Breiðadalsbót, (til sjávarins).

7. Sunnudagur. Vestan vindur og mikið regn meginhluta dagsins. Fóru þeir Jóh. og G. út og Sturla og Guðríður ofan í Breiðadalsbót.

8. Mánudagur. Vestan vindur með skúrum og sólskini á víxl. Kómu: Gunnjóna Jónsdóttir kona frá Veðrará ytri, Gróa Finnsd. frá Breiðad. n., Guðm. hreppstjóri Eiríksson frá Þorfinnsstöðum og með honum Elínborg Jacobsdóttir, er verið hefir við barnakennslu á Flateyri í vetur, voru þau á leið norður og fekk Guðm. geymda hér hesta. Kom líka Ólafur Guðm.son frá Sela-Kirkjubóli.

9. Þriðjudagur. Mikill vindur og nokkuð regn. Kom Loptur Hákonarson frá

Laugalandi í Reykhólasveit, kom vestan úr Dýraf. kom þangað með strandferðaskipinu „Thyra“, en gat einhvern orsakar vegna ekki farið með því norður til Ísafj., gisti. Kom Björn Jónss. á Sela-Kirkjubóli, kom að norðan, tók með sér úteptir hestana sem Guðm. Eiríkss. átti hér í geymslu. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrslu.

10. Miðvikudagur. Vestan vindur með litlu regni framan af deginum, en stórar skúrir (skafaldsbleyta) síðara part dagsins. Fór Loptur norður. Kómu: Guðj. Bjarnarson á Kirkjubóli í Valþj.d., kom utan af Kálfeyri á leið norður; Sólbjört Jónsd. frá Breiðad. n., kona Kristjáns Jónssonar; Rósinkranz Rósinkranzson bóndi frá Tröð í Bjarnadal, hann hefir verið til sjós á nótabát frá Ísafirði en er nú hættur.

11. Fimmtudagur. Moldkafald úr hafi frostlaust. Í nótt, kl. 2, kom Guðj. Bjarnarson að norðan aptur og var hér sem eptir var af nóttina og fór svo út á Kálfeyri. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu. Kómu: Margrét Jónsd. frá Breiðad. neðri, og Margrét Jónsdóttir kona Einars á Görðum.

12. Föstudagur. Gott veður, frost fyrri hluta dagsins. Fóru þær Guðrún og Friðgerður út að Sela-Kirkjubóli.

13. Laugardagur. Vindur á austnorðan, og mikið frost fyrri part dagsins. Sól skein alltaf. Kom Sigríður Sigurðardóttir frá Veðrará ytri. Kómu þeir Jóh. Geirm. og Guðm. faðir Jóh. heim, Sturla og Guðr. fóru til sjóarins, ofan í Br.d.bót.

14. Sunnudagur. Austnorðan vindur. Mikið frost framan af deginum. Sólskin alltaf. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu og þaðan út á Flateyri; kom sama daginn aptur. Fóru þeir Jóh. Geirm. og Guðm. faðir J. út, Guðríður reiddi þá ofan í Breiðadalsbót; svo fór hún ofan að Veðrará ytri.

15. Mánudagur. Lítill vindur á vestan með talsverðu regni. Fór St. ofan að Veðrará innri; Guðríður ofan að Breiðadal, og Guðrún ofan að Veðrará ytri. Kómu: Sigríður Guðmundsdóttir, telpa frá Breiðad. neðri. Kristján Kristjánsson frændi minn, smiður á Ísafirði, var að fara heim til sín, hefir verið vestur á Bíldudal að smíða síðan í vetur hjá Pétri kaupmanni frænda mínum, hafði hross meðferðis, en gat ekki sökum ófærðar komið því nema upp undir heiðina (Breiðadalsh.) varð því að snúa með það ofan aptur; beiddi hér fyrir það og hélt svo á norður aptur.

16. Þriðjudagur. Vindur á vestan með dálitlu regni. Pikkt lopt. Fóru þær Friðg. og Guðrún ofan að Veðrará, ytri, og Sturla norður á Ísafjörð fylgdist með Ólafi Jenssyni á Veðrará innri. Kómu: Guðrún Guðmundsdóttir frá Breiðad. neðri og Kristján Kristjánsson (yngri). St. og Ól. kómu samdægurs að norðan aptur.

17. Miðvikudagur. Stíllt veður og regnúði allan daginn. Vestanáttaður.

18. Fimmtudagur. Hæglátt veður en regn svo sem allan daginn. Suðaustanáttaður. Fór St. yfir að Holti til yfirheyrzlu. Kómu: Einar Einarsson frá Eyrardal í Álptafirði, var að sækja stúlku yfir að Holti, er fer til hans sem vinnukona, Jónínu Guðmundsdóttir, og son hennar Friðrik S. Andréss. Jónína og Andrés fylgdust með Einari norður, sama daginn og hann kom að norðan (í dag, 18, maí). Líka kómu: Ólafur Guðm.son frá Sela-Kirkjubóli og Sigríður telpa frá Breiðadal neðri. Fór Friðgerður, Sturla og jeg ofan að Breiðadal. Er nú þetta í fyrsta sinni sem ég hefi

komid út að bæ síðan ég færðist hingað í Breiðadal, 2. aug. f. á. (1892); hefir mér fundist það sárt að verða alltaf að vera innan hinna sömu húsveggja, en heilsan hefir ekki leyft mér annað.

19. Föstudagur. Stíllt veður. Fjarska-mikil þoka framan af deginum en birti þegar leið á daginn. Utanvindur seinni partinn. Kom Eiríkur Finnsson á Kirkjubóli í Valþjófsdal, kom utan af Flateyri, því hann er í vinnu hjá J. Th. Hall., var að fara norður en fekk hér hest geymdan á meðan, því færð er ekki orðin svo góð, að það megi fara með hest yfir heiðina. Þetta kvöld var fyrst rekið í kvína, því síðastliðna nótt lá féð fyrst hér úti.

20. Laugardagur. Suðaustan vindur og þikkur til lopts allan daginn. Þoka fram-
an af deginum. Í nótt kl. 1 kom E. Finnsson að norðan aptur. Kómu: Jensína Jónsd. frá Veðrará ytri; Jónína Jónsd. frá Breiðad. neðri. Kom Óli heim; kom vestan úr Dýrafirði, því „kúttirinn“ „Kalli“ sem hann er fyrir rúmri viku kominn á til sjós, liggur þar inni, á Haukadalsbót. Kómu þeir Jóhann Geirm. og Guðmundur heim. Fór Guðríður ofan að Veðrará og St. ofan í Breiðadalsbót.

21. Sunnudagur. Hvítasunnudagur. Gott veður. Staðfestist Sturla. Til kirkju fóru (auk Sturlu), Jóhann, Hildur, Friðg. og Guðríður.

22. Mánudagur. Stíllt veður framan af deginum fór síðan að vinda utan en hægði um kvöldið aptur. Þíkt lopt allan daginn. Fór Óli vestur aptur. Friðg. og St. reiddu hann vestur á Gemlufallsheiði; síðan fóru þau (Friðg. og Sturla) út að Hóli (á Hvylftarströnd), og Guðríður með þeim; síðan fór Guðríður ofan að Veðrará ytri. Fóru þeir Jóh. Geirm. og Guðm. út. Kómu: Torfi Bjarnarson frá Álfadal, kom að heiman frá sér á leið norður; Jacob Jónsson á Ísafirði, á leið út á Flateyri; Sigurður Sigurðss. frá Dalsh. í Valþj.dal, var á leið norður en gat ekki haldið á sökum þess að hann er bilaður í fæti, því nefndur Sigurður fótbrotnaði í vinnu á Ísafirði eptir páska-
ana í vor (datt ofan af fiskistakk og kom á börur með fótlegginn). Sig. gisti.

23. Þriðjudagur. Stíllt veður þíkt lopt. Fór Sigurður norður. Fór Guðríður ofan
að Veðrará. Kom Ingibjörg Guðmundsdóttir í Breiðadal neðri, kom að norðan.

24. Miðvikudagur. Gott veður. Fór Friðg. ofan að Veðrará ytri. Kómu: Sigr. Jónsd. frá Sela-Kirkjubóli; Jónína Jónsd. frá Breiðadal. Helgi Tómasarson á Víf-
ilsmýrum utan af Flateyri því hann er í vinnu hjá J. Th. Hall; var að fara norður.

25. Fimmtudagur. Vestan vindur og allnokkur rigning. Kómu: Magnús Gíslason í Krók á Ísafirði og Þórður Oddleifsson frá Hvoli í Húnavatnssýslu, voru að sækja kú út að Görðum; Líka kom Guðrún Guðmundsdóttir frá Breiðadal.

26. Föstudagur. Vestan vindur. Sólskin alltaf þangað til um nón, dró þá þikkni í loptið. Hægði um kvöldið. Fóru þau Friðg. St. og Guðríður út að Sela-Kirkjub. og Hildur ofan að Breiðadal. Kom Guðrún Guðmundsdóttir frá Breiðadal neðri.

27. Laugardagur: Stíllt veður og þíkt lopt. Fóru þau Friðgerður og St. út á Flat-
eyri. Kómu þeir Jóhann og Geirm. heim og fór Guðríður ofan í Breiðadalsbót. Kom Sturla Sigurðsson úr Arnardal á leið út að Hjarðardal ytri.

28. Sunnudagur: Utanvindur en hægði um kvöldið. Sólskin alltaf. Kom Hjalti, pabbi minn, frá Hvylft, því nú er hann þar til veru og hefir áformað að vera þar í

vinnu í sumar. Kom Sturla Sigurðss. að utan aptur og hélt á norður. Kom Guðm. Þorsteinsson frá Ísafirði á leið út á Flateyri. Kom Jón Jónss. (Gróuson) frá Breiðadal neðri. Fór ég ofan að Breiðadal, og þær Hildur Friðg. og Guðrún líka.

29. Mánudagur. Stíllt veður fyrst framan af deginum, síðan utan vindur. Heiðbirta. Kómu: Eir. Finnss. á Flateyri á leið norður á Ísafjörð, fekk geymdan hest á meðan. Guðm. Þorsteinss. frá Flateyri aptur á leið heim, (til Ísafj.). Fór ég ofan að Veðrará og Friðg. ofan að Breiðad.

30. Þriðjudagur. Stíllt veður fyrst um morguninn svo vindur vestan; nokkuð þíkt lopt. Í nótt, kl. 1, kom Eir. Finnss. að norðan aptur og stúlka með honum, Guðbjörg Tómasardóttir að nafni er fer til veru á Flateyri. Kómu líka: Kristín B. Guðmundsd. frá Tannanesi og Jónína Jónsd. frá Breiðad. Fór Hildur ofan að Breiðadal og Friðg. ofan að Veðrará.

31. Miðvikudagur. Vestan vindur með frassaskúrum stundum. Þíkt lopt og þoka ofan á fjöllin. Fóru þær Guðrún og Guðríður ofan að Breiðadal.

Júní

1. Fimmtudagur. Stíllt veður framan af deginum og þoka, suðvestan nokkur vindur þegar leið á daginn. Sólskin seinni partinn. Fór ég, Friðg. og Guðríður ofan að Breiðadal, og Hildur ofan að Veðrará.

2. Föstudagur. Suðaustan vindur, heiðbirta. Kómu: Jónína Jónsd. og Guðrún Guðmundsd., báðar frá Breiðadal neðri. Fór Guðríður ofan að Breiðadal.

3. Laugardagur. Suðaustan vindur framan af deginum, hægði síðan. Heiðbirta. Kómu þeir Jóhann, Geirm. og Guðm. faðir Jóh. heim, síðan fór Geirm. ofan að Veðrará ytri. Fór Guðr. ofan í Breiðadalshótt. Kom Sturla heim líka en fylgdist ekki með þabba sínum, því hann var í vinnu hjá Torfa, og hefir verið þessa viku síðan á þriðjudag.

4. Sunnudagur. Gott veður. Fóru þeir Jóhann Geirm. og Guðmundur út, og St. líka, í vinnu á Flateyri. Fór ég og Guðríður ofan að Breiðadal. Kómu: Guðfinna Zakaríasardóttir á Kaldá og Augústína Guðm.dóttir á Sela-Kirkjubóli, kómu að norðan. Kom Guðm. Þorsteinss. á Ísaf., kom utan af Flateyri á leið norður.

5. Mánudagur. Stíllt veður þangað til um miðaptansbilið, tók þá að vinda sunnan en hægði síðar um kvöldið. Þíkt lopt seinni partinn. Gerði skúr um kvöldið síðast. Fór Guðr. ofan að Breiðad. Kom Guðrún Guðm.d. frá Breiðadal neðri.

6. Þriðjudagur. Stíllt veður. Gerði skúr fyrst um morguninn, glæddi svo til að sólskin var þangað til um aflíðandi hádegis (var þó ekki vel heiðbjartur) dró þá mikið þíkt í loptið. Gerði aptur stóra skúr eftir nónið, var svo næstum því þur eptir það. Fóru þær Hildur og Friðg. ofan að Breiðadal. Kómu: Guðrún Guðm. dóttir frá Breiðadal; Guðrún Mósesdóttir (móðir Kristjáns bókbindara frænda míns) frá Veðrará ytri, vinnukona, mesta vinnumanneskja; líka Ingibjörg Guðm. dóttir frá Breiðadal neðri.

7. Miðvikudagur. Stíllt veður, og þíkt lopt. Setti inn mikla þoku síðara hluta

dagsins með nokkrum frassa úr henni, en birti þokuna aptur og þornaði þá. Fór ég út að *Hvylft* að finna þabba minn, og gisti.

8. Fimmtudagur. Utan vindur (hafv.) þangað til um nónn, fór þá að hægja og glæddi þá til svo sól skein frá því og þangað til hún gekk. Fram til nóns var mikil þoka. Kómu: Helgi Tómasarson á Vífilsmýrum, hann er í vinnu hjá J. Th. Hall, var á leið norður til Ísafjarðar með hesta, og Eir. Finnsson. Hestana áttu þeir að færa fólki sem fór frá Flateyri norður með „Thýra“. Líka kómu: Jóhannes Arason á Ísa-firði á leið út á Flateyri; Guðbjört Guðbjartardóttir og Valgerður, systur, báðar til heimilis á Flateyri, og Sigríður Ólafsdóttir líka til heimilis á Flateyri; kómu allar að norðan. Kom ég frá Hvylft aptur; þar orkti ég um allt fólkið meira og minna, og gaf Sveinbjörn, faðir húsfreyjunnar, mér 2 *kr.*, og varð ég hjartansfeginn, því fyrir þær gat eg þó keypt mér bók.

9. Föstudagur. Still veður þar til aflíðanda nóni, fór þá að vinda inn. Þíkk lopt allan daginn, og smáskúrir um miðjan daginn. Fór ég og Friðg. ofan að Veðrará ytri. Kom Brynj. Jónss. smalinn frá Veðrará ytri.

10. Laugardagur. Suðvestan vindur og regn mest allan daginn. Kom Ingibj. Guðm.d. frá Breiðadal neðri. Kómu þeir Jóhann Geirm. og Guðm. heim og St. með þeim. Fór Guðríður ofan að Br.dal.

11. Sunnudagur. Hafvestan vindur og þíkk lopt, sól sá aðeins stundum. Úrfelli lítið. Fór Sturla ofan að Breiðadal, og síðan út að Hóli á Hvylftarströnd með hest til járnunar, því nú ætlar hann ekki á Flateyri aptur. Fóru þeir Jóh. Geirm. og Guðm. út. Fóru þær Friðgerður og Guðríður ofan að Veðrará ytri. Kom Guðbjörg Bjarnardóttir frá Kaldá.

12. Mánudagur. Vestan vindur og regn. Fóru þau Friðg. St. og Guðrún út á Flateyri. Kom Helgi Sölvason frá Tungu í Skutulsfirði, var að sækja hingað (að Breiðad.) hest, er Jens Jónsson sem var á Næfranesi, nú í Arnardal, hefir átt hér geymdan síðan í vor, að þeir Pálmi og Jóhannes sóktu féð hans vestur, 29. apríl.

13. Þriðjudagur. Vestan vindur með skúrum stórum, meginhluta dagsins. Sól skein að öðru hverju, en þó var ekki heiðbirta. Fór ég og St. ofan að Breiðad. Kom Eir. Kristjánsson á Veðrará ytri, frændi minn, var að fara í grenjaleit, og fekk Sturlu með sér. Síðan fór St. ásamt Eiríki, út á Flateyri í vinnu til Torfa. Eiríkur hefir verið í vinnu á Ísaf. í vor, við verzlun L. A. Snorrasonar, en er nú hættur þar, og fer til Torfa, því hann geldur betra kaup.

14. Miðvikudagur. Suðvestan mikill vindur með allmikilli rigningu af og til. Kómu: Gunnjóna Jónsd. frá Veðrará ytri, og Bjarney Bjarnadóttir frá Efstabóli, var að koma að norðan. Fór Guðríður ofan að Veðrará ytri, er lánuð þangað um tíma.

15. Fimmtudagur. Suðvestan vindur framan af deginum, en gekk í haf eptir hádegið og setti þá inn þoku; gekk til suðurs aptur síðara hluta dagsins og tók þá að hvessa meir (um miðjan daginn var heldur hægur) og eyddi þá þokunni; sól skein framan af deginum og svo síðara hluta dagsins, en ekki um miðjan daginn, því þá dró svo mikið þíkkni í loftið, enda gerði þá dálitla skúr. Fór Friðg. ofan að Veðrará

ytri. Kom Jóh. Arason á Ísaf., var að fara út á Flateyri og með honum Norðmaður af Sólbakka, er fór norður á Ísafjörð til lækninga en fylgdist með Jóh. vestur.

16. Föstudagur. Suðvestan vindur og sólskin framan af deginum, en gekk síðan í haf og setti inn þoku. Með skúrum seinni partinn. Kómu: Jóh. Arason að utan aptur, hélt á norður. Halldór Hjaltason, bróðir minn, frá Ísafirði, var að fara með bréf yfir að Tröð. Ólöf Ólafsdóttir á Eyri, og Ragnheiður Jensd. (dóttir hennar) og Jóna Tómasdóttir vinnukona hjá J. Th. Hall; voru allar að fara norður. Líka kom Mikkalína Jensd. vinnukona frá Mosvöllum, á leið norður á Ísafjörð, fekk geymdan hest á meðan; hún kom samdægurs aptur.

17. Laugardagur. Vestan vindur, með skúrum framan af deginum. Sól skein stundum seinni partinn. Kómu þeir Jóhann Geirm. og Guðm. heim og Sturla með þeim. Kom Helga Ólafsdóttir („stutt“) á Flateyri, Friðgerður reiddi hana fram undir heiði, á leið til Ísafj.; svo fór Friðg. ofan að Br.dal.

18. Sunnudagur. Vestan vindur og regn. Fóru þeir Jóhann út, og fór ég með þeim ofan að Breiðadal. Kom Haraldur frá Breiðadal. Kom Guðríður (Geirmundsdóttir) frá Veðrará frameptir til fundar. Fóru þau Friðg. og St. og Guðrún í grenja-leit, en fundu ekkert.

19. Mánudagur. Vestan vindur, og sólskin að öðru hverju. Í nótt, kl.12, kom Jóhanna Guðmundsdóttir á Grafargili, og fór út eptir aptur í dag. Kómu líka: Haraldur, Ingibjörg og Kristján, öll frá Breiðadal neðri; líka: Guðrún Mósesdóttir, Halldóra Sigmundsdóttir og Jensína Jónsdóttir, allar frá Veðrará ytri; voru á leið fram á dal til að rífa ling, og fengu Sturlu með sér.

20. Þriðjudagur. Hafvindur mikill. Heiðbirta. Fór Hildur og ég ofan að Breiðadal. Kom Magnús Gíslason í Krók á Ísafirði, á leið út á Ingjaldssand. Var fært frá.

21. Miðvikudagur. Stillt veður framan af deginum, hvessti svo utan, en gekk til suðausturs þegar leið á daginn. Kómu: Guðríður frá Veðrará ytri til fundar, Magnús Gíslason að utan aptur, hélt á norður; og Sólbjört Jónsd. frá Breiðadal neðri, hálfsystir Ingibjargar Guðmundsdóttir á sama bæ.

22. Fimmtudagur. Stillt veður framan af deginum, svo utanvindur en hægði um kvöldið. Fór ég ofan að Breiðadal. Kom Ingibjörg Guðmundsd. frá Breiðadal. Kom Jóh. heim með flutning úr verinu, en fór úteptir strax til baka aptur, Geirm. kom snöggvást fram eptir. Kom líka Þóroddur Einarss. frá Ísafirði og maður með honum; kómu utan af Flateyri.

23. Föstudagur. Stillt veður framan af deginum, svo utan vindur. Hægði um kvöldið. Fór ég ofan að Breiðadal. Kom Halldór Magnússon úr Bolungarvík, var á leið út á Flateyri.

24. Laugardagur. Stillt veður framan af deginum svo vindur á austan. Heiðbirta. Friðg. ofan að Veðrará ytri. Kom Kr. Kristjánss. frá Breiðad. n. Komu þeir Jóh. Geirm. og Guðm. heim.

25. Sunnudagur. Suðaustan gola, heiðbirta. Fóru þeir Jóh. út, og fór Friðg. ofan að Breiðadal. Kómu: Jón Jónss. (Gróuson) frá Breiðad. og Ólöf Guðmd. frá Tannanesi.

26. Mánudagur. Gott veður. Fór Friðg. inn í fjörð, og átti ég að fara með henni, en það varð ekki samt, þótt ég hefði ærna löngun til að finna fóstur mína, Margréti Bjarnadóttir móðir Jóh. á Hesti (bónda). Jeg hefi átt að mörgu leyti gott síðan ég færðist í Breiðadal, en ég er nú farinn að sjá samt, síðan ég fór að komast á kreik, að ég er sem *efjál*s maður, en *ekki fjál*s. Kom: Jón Tómasson, vinnumaður á Hesti, nú í vinnu hjá Árna kaupm. Sveinssyni á Ísaf.; var á leið út á Flateyri.

27. Þriðjudagur. Austnordan vindur og þíkt loft framan af deginum, en glæddi til fyrir nónið, svo sól skein frá því og þangað til hún gekk undir. Kómu: Kristín B. Guðmundsdóttir, Ólöf og Halldóra, systur frá Tannanesi, voru að reka lömb fram á Laugdal. Sigurður Gíslason frá Ísafirði, á leið út á Flateyri. (Sig. þessi er dálítið hagorður). Líka kom Ingibjörg Guðmundsd. frá Breiðadal neðri; hún gisti.

28. Miðvikudagur. Austnordan vindur og þíkt loft. Mikið regn framan af deginum. Í nótt, að var, snjóaði nokkuð ofan á fjöll. Fór Ingibj. heim til sín. Kom Sig. Gíslason að utan aptur og hélt á norður. Kómu líka: Jón búfr. Guðmundsson bóndi frá Kroppestöðum (áður á Veðrará), Guðmunda Bjarnadóttir vinnuk. hjá honum og Sigríður Sigurðardóttir; voru að reka lömb fram á Veðraárdal. Kom Jóhann heim með flutning úr verinu, en fór strax til baka aptur; Geirm. kom snöggvast fram eptir. Fór Friðg. ofan að Breiðadal.

29. Fimmtudagur. Norðan vindur meginhluta dagsins, og sólskin þangað til um nón; Tók að rigna kl. að ganga til 7 um kvöldið, en þornaði aptur. Kom Jóh. alkominn heim úr verinu. Hagalín og Guðm. hásetar Jóh., kómu hingað frameptir, síðan fluttu þeir Jóhann Geirmundur, og Hagalín með þeim Guðm. inn að Tannanesi, en Hagal. kom hingað út eptir aptur og gisti, af því Jóh. hafði ekki tíma til að flytja hann heim. Kom Jacob Jónss. á Ísafirði, var að reiða út á Flateyri skáldið H. S. Blöndal. Fór Sturla út á Flateyri og Guðrún ofan að Veðrará ytri.

30. Föstudagur. Austnordan vindur framan af deginum, en gekk síðan til suðurs og rigndi þá mikið. Sól skein fyrri hluta dagsins. Fluttu þeir Jóh. og Geirm. Hagalín yfir, svo fóru þeir að flytja heim frá sjónum og eg að fara með hestana. Ó, hve sælt er að vera þó orðinn þetta hressari að geta farið á milli bæja; guði sé lof, að ég er þó orðinn þetta. Kómu: Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Breiðadal; Hjalti, pabbi minn; frá Hvylft, á leið norður; Sig. Gíslason frá Ísaf., á leið út á Sólbakka. Voru lömbin rekin „á fjall“.

Júlí

1. Laugardagur. Suðvestan vindur framan af deginum með skúrum, en hægði svo og þornaði um það kl. var 7 um kvöldið; um daginn setti líka inn mjög mikla þoku og súld, en birti hana líka um kvöldið. Fór Jóhann út á Flateyri. Kom pabbi minn að norðan aptur. Kom Sig. Gíslason að utan aptur; við Sigurður kváðumst dálítið á, og fór karlinn í „kúpuna“. Pabbi hlýddi á og hafði skemmtun að; hann (pabbi) er líka hagorður, og tekst á stundum vel að kveða.

2. Sunnudagur. Suðvestan vindur framan af deginum, og rigndi nokkuð þegar

leið á daginn, og frá kl. 7 um kvöldið var *mikil rigning*. Fór ég, Jóhann, Hildur og St. ofan að Breiðadal og Friðg. út að Sela-Kirkjubóli. Kom: Jónatan Magnússon frá Veðrará innri, uppeldissonur hjónanna þar, (húsbændanna) Sigríðar yfirsetu-konu frænku sinnar, og Jens Jónssonar.

3. Mánudagur. Hafvindur og þíkt lopt, og gerði skúr um miðjan daginn, ekki samt mikla. Var skorið í mógröfum. Kómu: Ingimar Bjarnason unglingsmaður frá Efstabóli og Ingibj. Guðm.dóttir frá Breiðadal.

4. Þriðjudagur: Stillt veður fyrst framan af deginum en svo utan vindur; gerði mikla rigning þegar leið á daginn og setti inn mikla þoku en þornaði og birti um kvöldið. Fór ég og St. ofan að Breiðadal. Kom Guðrún Jónsdóttir vinnuk. frá Veðrará innri. Var skorið líka í gröfum.

5. Miðvikudagur: Stillt veður og þíkt lopt. Tók að rigna með skúrum um hádegis en þornaði fyrir nónið; um kvöldið gerði samt skúr. Fór Jóh. ofan að Breiðadal. Var byrjað að slá. Kómu: Sveinbjörn Helgason, kaupamaður frá Veðrará ytri; Jens Jónss. bóndi frá Veðrará innri; Janus próf. Jónss. í Holti, var að fylgja á leið norður Lárusi H. Bjarnasyni, sýslumanni, er setið hefir við skjalasöfn sín í Holti síðan um daginn; Ingibjörg Guðm.dóttir og Kr. Kristjánss. (eldri) frá Breiðad.

6. Fimmtudagur. Stillt veður og þíkt lopt. Setti inn mikla þoku um hádegis og rigndi þá, en þornaði kl. að ganga 3. Fór Guðrún norður að Hafrafelli, og St. ofan að Veðrará. Kómu: Jón Jónss. (Kaldár Jón) frá Breiðadal neðri, var við hlöðu, að byggja, með Jóhanni; Jens, bóndinn frá Veðrará innri, og Jacob Jónss. frá Ísaf., var að fara með bréf út á Flateyri. Guðrún kom samdægurs að norðan aptur.

7. Föstudagur. Stillt veður og þíkt lopt. Lítið sem ekkert úrfelli. Fór Geirmundur í ruðningu á Tannaneshlíð; hálf dagsverkið vann hann fyrir Jóh. húsb., en hálf fyrir Ebenezer á Flateyri. Kom: Ingibjörg Guðm.dóttir frá Breiðadal neðri og sonur hennar Danjel, og Brynjólfur smalinn frá Veðrará ytri.

8. Laugardagur. Gott veður. Kom Kaldár-Jón frá Breiðadal og var við hlöðuna með Jóhanni. Líka kom Jón Gróuson frá Breiðadal neðri. Fór Jóhann ofan að Br. dal.

9. Sunnudagur. Stillt veður heiðbjart. Fór ég ofan að Breiðadal, Guðrún ofan að Veðrará, og Jóh. ofan að Breiðadal. Fór Geirm. yfir að Holti og er áformað að hann verði þar í vinnu þessa viku. Kómu: Guðm. Jónss. frá Görðum (áður í Breiðadal), hann fór að búa þar í vor. Líka kómu: Ólöf Guðmundsdóttir og Halldóra systur frá Tannanesi, voru þær að sækja hingað vankaðan hrút sem faðir þeirra átti hér.

10. Mánudagur. Gott veður. Skar Jóhann í gröfum fyrir ekkjuna Margréti Jónsd. í Breiðadal neðri. Kom Ingibjörg frá Breiðadal og sonur hennar Danjel. Fór Guðríður ofan að Breiðadal; hún kom alkomin frá Veðrará í gær. Kómu líka: Einar Einarsson og Magnús Jónsson, báðir frá Hlíð í Álptafirði, voru að sækja kistu er Jónína átti hér síðan í vor (18. maí) er hún fór úr Holti.

11. Þriðjudagur. Gott veður en nokkur þoka. Í nótt kl. 2, kómu að norðan: Guðríður Sveinbjarnardóttir úr Arnardal (systir Hildar húsmóður minnar) og Ríkey

Bjarnad. frá Hjöllum í Skötufirði. Guðríður er ráðin í vinnu hjá J. Th. Hall, og verður við heyannir í neðri Breiðadal, því Hall hefir þar af jörð; en Ríkey kom til að leita sér atvinnu. Guðr. fór strax ofan eptir í morgun til að raka, því maður sá sem farinn er að slá fyrir Hall í Breiðadal (Jóhannes Guðmundsson úr Súganda-firði) er búinn að slá 1 dag. Hér verð ég að geta þess: að þau Magnús Guðlaugss. og Guðrún Guðmundsdóttir, sögðu lausum hundruðum þeim sem þau hafa búið á í Breiðadal neðri nokkur undanfarandi ár; gátu þau ekki haft þau lengur, því Magnús er að verða alblindur, en Jóh. húsbóndi minn tekur hundruðin, nfl. 5 hundruði, á móti J. Gróusyni, því Magnús og Jón höfðu þau báðir, 2 1/2 hundrað hver, og ætla þeir Jóhann og Jón að hafa þau eins. Magnús og Guðrún færðust að Veðrará innri. Jóhann fór ofan eptir til að slá í morgun, og var Ríkey við rakstur hjá honum, og verður hún hér í nótt. Kom Jónína Jónsd. frá Breiðad. neðri.

12. Miðvikudagur. Gott veður en allmikil þoka; dró þikkni í loftið seinni partinn. Fór Ríkey út á Flateyri, í vinnu hjá J. Th. Hall. Fór Jóhann ofan að Breiðadal að slá og Friðg. að raka. Kómu: Ingibj. Guðm.dóttir frá Breiðadal og Jensína Jónsd. frá Veðrará.

13. Fimmtudagur. Stíllt veður og þíkt loft. Kómu: Björn Pálsson, kaupm. frá Ísafirði, á leið út á Flateyri; Rannveig Oddsdóttir frá Hafrafelli, á leið út á Flateyri, og Eir. Kristj. son frá Veðrará ytri.

14. Föstudagur. Stíllt veður, en gróf rigning framan af deginum og með skúrum seinni partinn, en var þur um miðjan daginn. Fóru þau Jóh. Hildur og St. út á Flateyri á bát. Kom Ingibj. frá Breiðad. og smalin (Brynj.) frá Veðrará.

15. Laugardagur. Suðaustan vindur með skúrum; þíkkur til lopts. Kom Guðríð. Sveinbjarnard. fram eptir til fundar.

16. Sunnudagur. Austan vindur. Sólskin um miðjan daginn. Kómu: Guðríð. Sveinbjarnardóttir, Hjalti Magnússon pabbi minn frá Hvylft; Guðm. Guðm. son og Jóhanna frá Grafargili; Þóroddur Einarsson frá Ísafirði á leið út á Sólbakka, Guðm. Þorsteinsson frá Ísaf., kom utan af Flateyri; Kristín Sæmundsd. frá Hesti sonardóttir og uppeldisdóttir fóstur minnar. Kom G. frá Holti aptur.

17. Mánudagur. Hafnorðan vindur og heiðbirta. Komu: Guðm. Ólafsson á Tannanesi, og Halldór Halldórss. frá Hóli á Hvylftarströnd, (bóndi); voru þeir að hjálpa Jóhanni við hlöðuna. Fóru þær Guðrún og Friðg. ofan að Breiðadal til að sýsla um hey, og Geirm., eptir nónið, líka.

18. Þriðjudagur. Stíllt veður framan af deginum, en svo vindur á hafnorðan. Þíkt loft var, þangað til undir nónið, glæddi þá til svo sól skein frá því og þangað til hún gekk undir. Sagaði Geirm. tré í sundur niður í Breiðadalsbót, svo hægra yrði að reida þau fram eptir, og fór svo að reida þau.

19. Miðvikudagur. Gott veður. Fóru 5 manns ofan í Breiðad. til að hirða um hey þar.

20. Fimmtudagur. Austnorðan vindur; heiðb. Fór Geirm. út á Flateyri. Kom Ingibj. Guðm.d. frá Breiðadal.

21. Föstudagur. Austnorðan vindur fyrri hluta dagsins og heiðbirta en þikknaði í loptið eptir hádegðið, en rigndi ekki.

22. Laugardagur. Stillt veður framan af deginum, svo utan vindur en hægði um kvöldið. Heiðbirta. Kom Guðm. Þorsteinss. á Ísaf., var að koma utan af Flateyri. Kom líka Brynj., smalinn frá Veðrará ytri.

23. Sunnudagur. Gott veður. Gerði skúr um miðjan daginn. Fór ég út að Hvyllft. Kómu: Guðrún Guðbjartardóttir á Flateyri, og Guðríð. Sveinbjarnard., hún gisti.

24. Mánudagur. Gott veður. G. Sveinbjarnard. ofan eptir aptur. Kom Guðm. Einarss. smiður frá Sela-Kirkjubóli, smíðaði hann sperrurnar í hlöðuna og reisti hana, fyrir Jóhann. Fór Sturla ofan að Veðrará innri. Kom Óli Nelsson heim; „kútt-erinn“ „Lilja“, sem hann er á núna liggur inni á Flateyri. Óli gisti.

25. Þriðjudagur. Gott veður. Fór Óli úteptir aptur. Kómu 2 Færeyingar, voru að fara norður í Ísafj.; eru þeir af skipi er liggur inni á Flateyri núna; annar þessara manna hefir farið yfir Breiðadalsheiði fyrir 12 árum.

26. Miðvikudagur. Gott veður; rak inn allmikla þoku þegar leið á daginn og sló henni síðan upp á loptið. Þikknaði í loptið þegar leið undir kvöldið. Kom Haraldur frá Breiðad. neðri; var í slætti hjá Jóh.

27. Fimmtudagur. Vestan vindur; mjög hvass um miðjan daginn. Þikkt lopt. Kom Davíð Jónsson unglingspiltur frá Tungu í Skutulsfirði, ætlaði með bréf út á Flateyri, en fekk hér mann fyrir sig; ég fór með þau út eptir.

28. Föstudagur. Stillt veður. Þikkt lopt þangað til um nónn, tók þá að gleðja til, og heiðbirti undir kvöldið. Fór Friðg. inn að Tannanesi. Kom Ingibjörg Guðmundsd. frá Breiðadal neðri. Jeg er fyllilega kominn að raun um það að Ingibjörg þessi er búin að fá mikla ást á mér, og þykir mér það leiðinlegt þar sem hún (Ingibj.) er eins frekleg í svolleidis sökum eins og hún nær og hefir fengið orð fyrir að vera. Ingibjörg hefir verið mér ágætlega góð síðan ég kynntist henni hér í Breiðadal, og virði ég hana mikið fyrir það og vildi feginn geta rétt henni hjálparhönd ef hún þyrfti þess með, og finndi mig, meira að segja, skyldugan til þess. Það er að mínu áliti fögur dyggð, að vera þeim góður sem eiga sannarlega bágt, og hefir Ingibj. stundað vel þá dyggð, hvað mig áhrærir.

29. Laugardagur. Gott veður. Þoka framan af deginum, en henni sló upp á loptið, um það kl. var 11, og heiðbirti svo.

30. Sunnudagur. Gott veður. Fór Jóh. ofan að Breiðad. og ég og Guðríður ofan að Veðrará. Kómu þau að norðan aptur. F. St. og G. Kómu: Magnús Gíslason á Ísaf. kom vestan frá Gimlufalli, á leið heim til sín; Guðrún Mósesdóttir frá Veðrará ytri.

31. Mánudagur. Stillt veður þikkt lopt. Fór Jóh. ofan að Breiðad. að slá, en Geirmundur byrjaði að slá hér á engjum. Fór St. inn að Tannanesi.

Ágúst

1. Þriðjudagur. Stillt veður þíkt lopt, með regnfrassa framan af deginum. Fór Jóh. út á Flateyri. Kom Ingibjörg frá Breiðadal neðri.

2. Miðvikudagur. Stillt veður framan af deginum, svo blástur á norðan; þíkt lopt þar til um nófn, glæddi þá til svo sól skein frá því og til sólarlags. Kom Jón Geirmundsson, frá Grafargili, nú í vinnu hjá H. Ellefssen á Sólbakka; var að fara inn að Veðrará með hest, en kom hingað um leið, því hann er sonur Geirm. og Guðrúnar.

3. Fimmtudagur. Vindur á norðan, þíknir í loptinu framan af deginum en tók að glæða til um hádegis og heiðbirti síðan. Fór St. út að Kaldá. Kómu: Ástríður Zakaríasardóttir á Ísaf., var að fara í vinnu á Flateyri; 2 menn úr Eyjafirði, Stefán Stefánsson og Páll Gíslason, voru að fara út á Flateyri, spurðu hér til vegar.

4. Föstudagur. Norðan vindur, heiðbirta. Kom G. Sveinbjarnardóttir frá Breiðadal. Fór ég ofan að Veðrará ytri.

5. Laugardagur. Gott veður. Var ég að binda með Geirmundi úr Breiðadalssengjum (neðri Breiðadalss-) fram til hádegis, svo var ég niður frá að hirða um heyið, þangað til eftir nófn að var farið að bera það upp.

6. Sunnudagur. Gott veður. Hafvestanáttaður. Fór ég, Friðg. og St. ofan að Veðrará ytri. Kómu: Ingibj. Guðm.d. frá Breiðad. og Guð. Sveinbjarnardóttir líka; Guðm. Ólafsson frá Tannanesi; Guðm. Guðm.son frá Grafargili; Ríkey Bjarnadóttir, nú frá Flateyri, var að fara norður í Tungu í Skutulsfirði, eftir dóti (fötum), sem hún skyldi þar eftir er hún kom vestur; með Ríkey fylgdist vestur aptur Valgerður Jóhannsdóttir frá Úlfsá, fyrri kona Jóns hreppstjóra Halldórssonar á Kirkjubóli í Skutulsfirði, hins mikla kvennamanns; hún (Valg.) var á leið út á Flateyri.

7. Mánudagur. Vestan vindur; sól skein þangað til um miðaptan, þá dró mikið þíknir í loptið. Kom Brynj. smalinn frá Veðrará ytri. Var Guðríður lánud ofan að Veðrará ytri, til að fara með.

8. Þriðjudagur. Stillt veður. Þíkt lopt framan af deginum, en tók að gleðja til undir hádegis, og var síðan sólskin, en ekki þó vel heiðbjartur. Fór St. út á Flateyri. Kom Valg. Jóhannsdóttir frá Flateyri aptur, gisti.

9. Miðvikudagur. Vestan vindur með skúrum og þíkt lopt. Í nótt kom Guðm. Guðm.son á Grafargili, verður hann hér um tíma, til að heyja fyrir 2 kindum sem hann á hér. Fór Valgerður norður, Friðg. reiddi hana norður á heiði. Kómu: Hólmfríður Símonardóttir á Ísafirði og Anna Guðmundsdóttir á Flateyri, Hólmfr. fekk héðan fylgd norður, reiddi Friðg. hana norður að Tungu. Guðm. Guðmundsson verður hér á nóttunni, þann tíma sem hann verður að heyja hér.

10. Fimmtudagur. Gott veður. Þíkt lopt framan af deginum, en glæddi til um hádegis og heiðbirti síðan. Var ég alltaf að binda með Geirmundi fram á engjum, en gerði það allt yfir megn fram, sem hver ætti að geta getið nærri, sem veit hvað ég tek út í höfðinu og brjóstinu, enda var ég orðinn frá um kvöldið. Kom Ingibjörg Guðmundsd. frá Breiðadal neðri og rakaði eftir G. Guðm.syni.

11. Föstudagur. Austan vindur. Heiðbirta. Kom Ingibj. frá Breiðadal og rakaði

aptur fyrir Guðm. Kómu: Halldóra Sigm.dóttir frá Veðrará ytri, og Jónína Jónsd. frá Breiðad. neðri. Fór St. út að Sela-Kirkjubóli til að fá lánaðan hest, því nú er áformað að Jóhann fari með mig á morgun inn í Súðavíkurrepp, alfara héðan, en að hvaða bæ veit ég ekki, ég skrifa það þegar ég þangað kem. Yfir það rúma ár, sem ég hefi dvalið hér í Breiðadal fremri í Öfundarfirði, hefi ég kveðið (orkt) afar mikið, og ætla ég nú að geta þess helzta. a. Til Ástríðar á Hóli í firði 1 ljóðabréf; b. til Kristjönu á Kjaransstöðum, frænku minnar, 2 ljóðabr., c. til Pabba míns 4 ljóðabr.; d. fyrir Pabba, 2 ljóðabr.; e. til Halldóru í Efrihúsum 1 ljóðabr.; f. til Janusar próf. í Holti 1 ljóðabr. g. til Bjarnar á Selakirkjubóli 1 ljóðabr.; h. fyrir Guðmund vinnumann á Hóli í firði, 1 ljóðabr.; 1 til fósturu minnar, 1 ljóðabr.; Bændarímu yfir Mosvallahrepp, yfir 60 erindi; 3 *rímur*, út af fyrri parti sögunnar af *Ambálesi Kongi*; *Prákáfsjåtning* (rímu) rúm 40 erindi; *Sláttumannsbrag*, 27 erindi; *Kvæði*, til Halldórs bróður míns, kvæði til Eiríks á Veðrará, frænda míns, og kvæði fyrir Pabba, til Guðrúnar á Þórustöðum. Kvæði um Hvylft, og 1 *andlegt kvæði*; *Sannleika*, 51 erendi; 2 ljóðabr. til Ingibjargar í Breiðadal, og 1 ljóðabréf til Kristínar Vigfúsdóttir frænku minnar; 1 ljóðabr. til ekkjunnar Ingibjargar Eiríksdóttir á Veðrará ytri. Auk þessa hef ég kveðið ógrynni af ýmsum öðrum kveðlingum.

12. Laugardagur. Eyrardal, við Álptajjörð. Hingað er ég nú kominn fyrir dálitlri stundu; Jóhann fór með mig hingað í Eyrardal, af því hreppstjórinn, Bjarni Jónsson í Tröð, er ekki heima (hann er til sjós), en bóndinn hér í Eyrardal, Jón Guðmundsson, er í sveitarnefndinni. Ekki veit ég hvort ég verð hér lengur en í nótt; það getur verið að Jón fari með mig á morgun til oddvitans, Ásgeirs Ásgeirssonar á Svarthamri.

Penna dag, (12. august 1893) var tíðarfar (veðurlag) hér í Álptafirði þannig: Stíllt veður framan af deginum svo utan vindur, ekki þó mikill, sem hægði aptur undir kvöldið. Heiðbirta, en fyrir vestan var í morgun mikill vindur framan, sagður austnórðan.

13. Sunnudagur. Gott veður. Jeg hef nú talað dálítið við Jón, og eptir því sem ég komst næst hjá honum, mun það verða, að ég dvelji hér í Eyrardal, fyrir það fyrsta til haustsins. Hamingjan hjálpi mér! hver getur nú ímyndað sér hvað mig tekur það sárt að verða að vera bundinn þessum ófrelshlekkjum, með öðrum orðum: að verða að vera kominn svona á vald mannanna, en þetta skapar heilsuleysið allt, eða réttara sagt *mennirnir*, því *allt mitt* heilsuleysi stafar svo áreiðanlega af *bölvæðri*, rangri meðferð á mér í æskunni.

14. Mánudagur. Gott veður. Jeg hef nú hugsað mér, að hætta að skrifa allar gestakomur og svoleiðis, enda lízt mér svo á hér í Eyrardal, að ég muni ekki hafa mikið frísprok til að skrifa, nema þá á sunnudögum.

15. Þriðjudagur. Gott veður. Fjarska mikil þoka fyrri hluta dagsins, en eyddi henni þegar leið á daginn.

16. Miðvikudagur. Utan vindur; norðlægur síðari hluta dagsins. Ekki vel heiðbjartur.

17. Fimmtudagur. Austnorðan vindur. Þíkkur til lopts þar til um hádegi, glæddi þá til svo sól fór að skína og skein nokkuð lengi, en síðan dró fyrir hana aptur. Gerði dálitla skúr um kvöldið.

18. Föstudagur. Austnorðan vindur og þíkk lopt. Sér ekki í Snæfjallaströndina fyrir skófi.

19. Laugardagur. Austnorðan vindur og þíkk lopt. Þur mátti heita þangað til um kvöldið, tók þá að rigna.

20. Sunnudagur. Útnorðan vindur og þíkk lopt. Rignði seinni partinn. Síðastliðna nótt, snjóaði nokkuð ofan á fjöllin. Fór ég inn að Hlíð, ætlaði að finna Jón Bjarnarson (skottul.), og tala við hann um minn mikla heilsuleysis kross, sérstaklega hvort hann gæti nokkuð ráðlagt mér við þeim yfirgnæfanlegu höfuðþjáningum er ég þjáist svo mikið af. Jón var á leið af stað yfir fjörð að sýsla um hey, og hafði því ekki tíma til að tala við mig, en sagðist skyldi gera það þegar hann gæti. Jeg fékk góðar viðtökur.

21. Mánudagur. Austnorðan vindur með talsverðri rigningu. Í nótt að var, snjóaði ofan á fjöllin nokkuð langt.

22. Þriðjudagur. Útnorðan vindur. Sól skein stundum, helzt seinni partinn.

23. Miðvikudagur. Útnorðan vindur framan af deginum, en hægði síðan, þíkk lopt.

24. Fimmtudagur. Stíllt veður. Þíkk lopt framan af deginum en glæddi svo til, og skein sól frá því og þangað til hún gekk undir.

25. Föstudagur. Hæglátt veður. Tók að rigna um kvöldið, kl. að ganga 7, en þornaði aptur.

26. Laugardagur. Stíllt veður, þíkk lopt. Regn stundum en lítið.

27. Sunnudagur. Suðvestan vindur. Þíkk lopt framan af deginum, síðan sólskin. Fór ég inn að Hlíð, fékk góðar viðt. og orkti ég þar vísur um fólkið, og þótti því vænt um.

28. Mánudagur. Stíllt veður. Þíkk lopt þar til um nón, sólskin eptir það.

29. Þriðjudagur. Stíllt veður. Með skúrum framan af deginum, líka gerði skúr um kvöldið, en þornaði aptur.

30. Miðvikudagur. Stíllt veður. Heiðbirta þar til nokkuð eptir nónið, þíkknaði þá upp.

31. Fimmtudagur. Stíllt v. framan af deginum svo vestan vindur með skúrum en sól skein þó um miðjan daginn.

September

1. Föstudagur. Stíllt veður framan af deginum, svo vestan vindur. Þíkk lopt.

2. Laugardagur. Hæglátt veður, en mikil rigning alltaf, og kafi (sorti). Útnorðan áttaður fyrri part dagsins, en svo norðaustan.

3. Sunnudagur. Stíllt veður en mikið regn. Fór eg upp að Saurum.

4. Mánudagur. Norðaustan vindur. Sól skein frá því fyrir hádegi og þangað til um nón.

5. Þriðjudagur. Norðaustan vindur. Sólskin frá því fyrir dagmál og þangað til undir sólarlag.

6. Miðvikudagur. Norðaustan vindur. Sól skein nokkurn hluta dagsins.

7. Fimmtudagur. Bezta veður.

8. Föstudagur. Gott veður.

9. Laugardagur. Bezta veður.

10. Sunnudagur. Stíllt veður. Dálítið regn framan af deginum. Fór ég ofan í Tröð.

11. Mánudagur. Stíllt veður, en mikil rigning lengstum. Fór ég út á Ísafjörð til að standa fyrir *rétti* og skal ég í stuttu máli skýra frá ástæðum. Jeg klagði fyrir hreppsnefndinni í Súðavíkurhreppi meðferðinni á mér hjá Jóhannesi á Hesti, og ritaði ég upp allan viðurgjörning á mér meðan ég dvaldi undir höndum Jóh. og Jónínu á Hesti, vóru það 24 arkir sem eg skrifaði, og sýndi ég svo „Viðurværis-skrána“ hreppsnefnd framfærsluhrepps míns, nfl. Súðavíkurhrepps, en hún bar aptur undir sýslumann, L. H. Bjarnason. Kvað sýslumaður bera saman, það sem ég var búinn að skrifa, og það sem ég talaði við hann eptir því sem hann spurði mig. Björn Jónsson frá Svarthamri, fór með mér út eptir, og komumst við heim aptur um kvöldið.

12. Þriðjudagur. Stíllt veður; sól skein frá því fyrir hádegi og þangað til um nónn, gerði þá mikla rigningu.

13. Miðvikudagur. Suðvestan vindur en þó ekki mikill. Regn að öðru hverju.

14. Fimmtudagur. Austan vindur mjög hvass, og herti veðrið eptir því sem leið á daginn.

15. Föstudagur. Austnorðan vindur; hægri seinni partinn.

16. Laugardagur. Hafvindur, úrfellislaus þangað til um nónið, gerði þá mikla grubbu og setti inn þoku, en þornaði aptur.

17. Sunnudagur. Stíllt veður, þoka og þíkt lopt, vindaði dálítið seinni partinn. Fór ég út að Lægri-Saurum.

18. Mánudagur. Norðan mold mest allan daginn, birti til um kvöldið og frysti þá. Í nótt að var, snjóaði til sjóar, en tók upp aptur í morgun upp fyrir bæina. Framan af deginum, var 2 gráður (stig) hiti á Rem., en þegar leið á daginn, 1/2 gr.

19. Þriðjudagur. Norðan vindur með eljum. Sól skein um miðjan daginn. Frost dálítið.

20. Miðvikudagur. Stíllt veður heiðbjart. Norðvestan-áttaður. 2 gr. frost eptir það sólin varð afbjarga, enda var þá skæla.

21. Fimmtudagur. Stíllt veður, heiðbjart, þar til eptir hádegið dró þá hulu í loptið. Áður en sólin kom upp voru 2 stig frost, en eptir það hún gekk undir veit ég ekki hversu mikið var, því ég hafði þá ekki tíma til að gá að því.

22. Föstudagur. Dálítill vindur á vestan, sól skein frá því fyrir dagmál og þangað til hún gekk undir, en ekki samt skært, því hula var í loptinu, en þó minni eptir því sem leið á daginn.

23. Laugardagur. Stíllt veður. Heiðbirta þangað til kl. að ganga 11, tók þá að

draga þikkni í loptið, en fór að rigna um nónið, og var svo regn að öðru hverju, en ekki mikið.

24. Sunnudagur. Stillt veður en ekki heiðbjart. Norðvestanáttapur. Fór ég út að Saurum.

25. Mánudagur. Bezta veður. 1 st. frost, áður en sólin kom upp.

26. Þriðjudagur. Gott veður, þikknaði til lopts þegar leið á daginn.

27. Miðvikudagur. Gott veður, sól skein svo sem alltaf þangað til eptir nó.

28. Fimmtudagur. Gott veður, þikknaði í loptið þegar leið á daginn og tók þá að vinda á austnorðan.

29. Föstudagur. Austan vindur fyrri hluta dagsins og regn að öðru hverju en ekki þó mikið, og gekk síðan til norðurs og jók þá meira vindinn. Þíkt lopt allan daginn og þoka nokkur.

30. Laugardagur. Vindur á útnorðan með kafaldshjaldri, og snjóaði heim eptir dölunum. Um háð. var 2 st. hiti (á R.).

Október

1. Sunnudagur. Norðan mold framan af deginum, en gekk svo til suðausturs, og gerði hreggviður (regn) um kvöldið. Um morguninn var 1 gr. fr. Fór ég upp að Saurum.

2. Mánudagur. Mjög hvass á norðan og sást ekki í Snæfjallaströndina fyrir kófi.

3. Þriðjudagur. Hæglátur með kafaldsmiglingi um morguninn en hvessti brátt á austnorðan með kafaldsbleytu en birti aptur eptir nokkra stund. Frysti um kvöldið (dálítið).

4. Miðvikudagur. Stormur mikill á norðan þó ekki frost. Kóf mikið fyrir Ströndinni. Gerði jel um það kl. var 5, en birti það aptur. Fór eg ofan í Tröð, var sendr.

5. Fimmtudagur. Vindur á norðan með jeljum. Um háð. 1/2 st. hiti.

6. Föstudagur. Mold, á norðan, um morguninn; en birti allvel þegar leið á daginn. Mikill snjór að sjá á Snæfjallaströndinni.

7. Laugardagur. Gott veður. Frost um morguninn, var 2 1/2 st., en um kvöldið 4 st.

8. Sunnudagur. Gott veður. Norðvestanáttapur.

9. Mánudagur. Stillt veður, með kafaldsmiglingi framan af deginum en birti svo.

10. Þriðjudagur. Austan vindur, og nokkuð frost um morguninn.

11. Miðvikudagur. Vindur á norðan og allmikið frost. Rak á jel um það kl. var 1, en birti svo aptur.

12. Fimmtudagur. Vindur á norðan þangað til seinni part dagsins, þá austan. Sólskin um miðjan daginn.

13. Föstudagur. Með jeljum meginhluta dagsins. Nokkuð mikið frost um morguninn.

14. Laugardagur. Gott veður. Lítið frost. Fór ég ofan í Tröð, var sendur, og fekk

ég um leið lánaða Snorra-Eddu hjá Guðmundi Hjaltasyni, þá mætu bók sem ég hefi lengi þráð að sjá.

15. Sunnudagur. Gott veður. Fór ég ofan í Tröð og talaði við Bjarna hreppstjórann, fékk ég þar góðar viðtökur.

16. Mánudagur. Gott v., 1 gr. frost um morguninn á R.

17. Þriðjudagur. Mjög mikil rigning en hægr.

18. Miðvikudagur. Mikil rigning og þoka megnið af deginum; snjóaði til fjallanna.

19. Fimmtudagur. Stillt veður en rigndi seinni partinn.

20. Föstudagur. Mjög mikil rigning meginhluta dagsins: Snjóaði í byggð síðast um kvöldið.

21. Laugardagur. Með jeljum. Haldin hreppskilin hér í hreppi (Súðavíkurhr.). Jón ætlar að hafa mig framvegis, og þótti mér vænt um það í öðru, þó ég sé hér fjarskalega ófrjáls, og hafi *cfar vandan* aðbúnað, en mat hef ég all-góðan, og nægan, en það þykir mér *sárast*, að Jón ætlar að hafa mig með *sömu meðgjöf* sem áður hefir verið gefið með mér í þau 2 ár sem ég hef verið á sveit, nfl. 104 krónum; eins og ég hefi unnið síðan ég kom hingað í Eyrardal; slík *rangindi* dattu mér ekki í hug.

22. Sunnudagur. Vindur á norðvestan; heiðbirta. Nokkuð mikið frost.

23. Mánudagur. Stormur á vestan með mikilli rigningu.

24. Þriðjudagur. Með stórum jeljum þangað til um miðmunda. Lítið frost um daginn, en herti það við kvöldið.

25. Miðvikudagur. Ofankafald framan af deginum, þangað til kl. 10, birti þá, og skein sól frá því og þangað til hún gekk undir, um nón. 2 st. frost um morguninn, en herti það um kvöldið. Norvestan.

26. Fimmtudagur. Gott veður, lítið frost.

27. Föstudagur. Stillt veður, með jeljum; norvestanáttaður. Lítið frost. Fór ég ofan í Súðavík, sendur.

28. Laugardagur. Mikil mold á útnorðan, lítið frost eða ekkert.

29. Sunnudagur. Gott veður. Útnorðanáttaður, 6 st. frost á Sels.

30. Mánudagur. Gott veður, unz um kvöldið kl. að ganga til 7, að rigndi.

31. Þriðjudagur. Mikil mold á norvestan; lítið frost.

Nóvember

1. Miðvikudagur. Hæglátur með jeljum. Lítið frost um daginn, en herti það um kvöldið, enda fór þá að hvesa á austnorðan.

2. Fimmtudagur. Gott veður. 5 st. frost á S.

3. Föstudagur. Gott veður. 3 st. frost um morguninn (á S.) en 8 st. frost þegar fór að dimma.

4. Laugardagur. Norvestan vindur, heiðbirta. 2 1/2 st. frost fyrri part dagsins.

5. Sunnudagur. Gott veður, en mikið frost. Fór ég ofan í Tröð og skilaði Snorra-

Eddu. Fekk ég beztu viðtökur hjá frænku minni, Sigríði Þórðardóttir konu Guðmundar Hjaltasonar; ég fæ annars *beztu viðtökur* hvar sem eg kem hér.

6. Mánudagur. Gott veður, frostlaust.

7. Þriðjudagur. Bezta veður.

8. Miðvikudagur. Bezta v., en rigndi dálítið seinni partinn.

9. Fimmtudagur. Bezta veður. Gerði eina skúr um daginn en þornaði fljótt aptur.

10. Föstudagur. Vestan mikill vindur, 9 st. hiti á S.

11. Laugardagur. Vestan vindur mikill og regn; herti veðrið enn meira um kvöldið kl. á 8. tímanum. Orðið alautt hinum megin við fjörðinn.

12. Sunnudagur. Norðvestan vindur með kafaldsbleytu. Í dag fór ég ofan í skólahús, og fann barnakennarann (Friðrik Guðjónsson).

13. Mánudagur. Gott veður. Heiðbirti þegar leið á daginn og frysti þá, 3 st. á S.

14. Þriðjudagur. Ofankafald en hæglátt. 3 st. frost á S. Í dag fór Jón húsbóndinn inn að Svarthamri á niðurjöfnunarfund.

15. Miðvikudagur. Gott veður framan af deginum en gerði síðan norðan mold. Um morguninn var 6 st. frost (á S.), kl. 11, 3 stig, en herti það aptur þegar leið á daginn.

16. Fimmtudagur. Norðaustan vindur. 9 st. fr. á S.

17. Föstudagur. Stillt veður og himinþunnur framan af deginum, þikknaði svo í loptið og dimmdi með kafald (ofank.) en birti eptir nokkra stund, en um kvöldið þá orðið var dimmt gerði aptur ofankafald. Framan af deginum var 9 st. frost (á S.) en eptir það þikknið dró í loptið, var það aðeins 5 st.

18. Laugardagur. Gott veður. 5 st. frost á S. Kom Jón af niðurjöfnunarfundinum.

19. Sunnudagur. Frostleysa, mikil rigning þegar leið á daginn. 6 st. hiti á Sels.

20. Mánudagur. Frostleysa. Rigndi mjög mikið seinni partinn. 8 st. hiti á Sels.

21. Þriðjudagur. Mold, vestan framan af deginum en gekk svo til norðurs. 1 1/2 st. hiti um morguninn en 8 st. frost um kvöldið.

22. Miðvikudagur. Gott veður, tók að hvessa á vestan um það kl. var 6. 7 st. frost um morguninn, en 8 st. *hiti* um kvöldið.

23. Fimmtudagur. Vestan frostleysa. 7 st. hiti á S. Orðið blóðautt hinum megin fjarðarins og næstum eins hérna megin.

24. Föstudagur. Norvestan mold framan af deginum, en hæðdi síðan 5 st. frost á Selsíusm. Fjarska-stór hafísspilda kom inn á Djúpið í morgun, og hefir í dag þakist fjörðurinn með hafís inn að Langeyri.

25. Laugardagur. Stillt veður fyrri part dagsins en síðan gjóla á austan. 9 st. frost framan af deginum en hefir víst hert það seinni partinn. Nú er fjörðurinn al-þakinn með hafís svo sem inn í botn; í dag varð með naumindum komist í gegnum hann, á bát frá Langeyri og yfir fjörðinn.

26. Sunnudagur. Gott veður þangað til kl. 3, dimmdi þá með ofankafaldi, en síðast um kvöldið gerði slag, hafvestan. 10 st. frost á Sels. framan af deginum. Í

dag hefir ísinn dreyfst svo, að komast má á bát héðan (frá Eyrardal) og yfir að Kambsnesi, í björtu veðri.

27. Mánudagur. Gott veður fram til hádegis, svo með ofankafaldi, en hæglátt. 3 st. frost á S. Í dag hefir ísinn dreyfst enn meira.

28. Þriðjudagur. Norðaustan mold. 11 st. frost á Sels.

29. Miðvikudagur. Útnorðan mold. 11 st. frost á Sels.

30. Fimmtudagur. Gott veður; heiðbirta framan af deginum en dró svo þikkni í loptið. 21 st. frost framan af deginum, en lækkaði það síðan um 7 stig.

Desember

1. Föstudagur. Stillt veður, með ofankafaldi mikinn hluta dagsins. 8 st. frost á S. framan af deginum, en vægara eptir það kafaldið kom.

Þetta haust hafa menn hér í Álftafirði misst mikið af skepnum sínum, en þó hefir enginn misst eins stórkostlegt eins og Jón húsbóndi minn, hann er nú búinn að missa 2 kýr, hverja annari vænni, og svo *jjölda jjár*. Stafar þessi skepnudauði allur af því, að fjenaðurinn nær í gamlar hval-þjósar í fjörunni, sem það jetur af, og er það þá innan lítils tíma dautt. Magnús Guðmundsson frændi minn, fátækur barna-maður á Saurum hefir líka misst einu kúna sem hann átti, en almenningur, hefir misst megnið af sauðfénaði sínum.

2. Laugardagur. Stillt veður með kafaldsmiglingi. 2 st. frost á Sels.

3. Sunnudagur. Suðaustan mold framan af deginum og síðan með jeljum. 5 st. frost á S., en vægði í það þegar leið á daginn því þá dró þikkni í loptið.

4. Mánudagur. Frostleysa á vestan.

5. Þriðjudagur. Með jeljum, en mold var fyrst um morguninn. 6 st. frost á Sels.

6. Miðvikudagur. Mikil mold, norvestan fyrst um morguninn en svo austan. 10. st. frost á Sels.

7. Fimmtudagur. Austan gjóla og heiðb. 12. st. fr. á S.

8. Föstudagur. Norðan garður. 15 st. frost á S.

9. Laugardagur. Norðan mold framan af deginum en birti svo. 15. st. frost á Sels.m.

10. Sunnudagur. Norðan mold með ágöngum, ekki þó hvass. 16. st. frost á Selsm.

11. Mánudagur. Norðan mold; vægari fyrri part dagsins, en versnaði svo *ákraft* seinni partinn. 16. st. frost á Sels.m.

12. Þriðjudagur. Stillt veður kafaldslaust. 10. st. frost. á Sels.

13. Miðvikudagur. Stillt veður með ofankafaldi. 7 st. frost á Sels.

14. Fimmtudagur. Stillt veður, þíkt lopt. 5 st. fr.

15. Föstudagur. Hæglátt veður, gerði kafaldsjel um kvöldið. 3. st. frost framan af deginum, en ekkert seinni partinn.

16. Laugardagur. Stillt veður en gerði kafald um kvöldið. 6 st. frost á S.

17. Sunnudagur. Stíllt veður. 4 st. frost um morguninn en vægði það síðan.
18. Mánudagur. Norðan mold, fjarskalegt stormveður. 6 st. frost á Sels.
19. Þriðjudagur. Norðan mold en ekki eins fjarska-mikil og í gær. 10. st. frost.
20. Miðvikudagur. Norðan mold, verri þegar leið á daginn. Vægt frost.
21. Fimmtudagur. Gott veður meginhluta dagsins, gerði mold um kvöldið. 6 st. frost á S.
22. Föstudagur. Norðan mold og versnaði eptir því sem leið á daginn. 3 st. frost á Sels.
23. Laugardagur. Gott veður. Austnorðanáttaður fyrri partinn, en suðaustan seinni partinn. 3 st. frost framan af deginum (á Sels.).
24. Sunnudagur. Stíllt veður frostlaust. Kafaldsbleyta fyrst um morguninn. Heiðbirta í rökkrinu; og nú er yndælt veður, *á jólanóttina*, ljómandi tunglskin. Jeg er að skemmta mér við að skrifa af því ljós er nú lifandi.
25. Mánudagur. *Jóladagurinn*. Stíllt veður, gerði 2 jel um daginn, gott veður að öðru leyti.
26. Þriðjudagur. Líðileg kafalds bleyta framan af deginum, en þá hæglátur en hvessti um hádegisð mjög fljótlega fjarska-mikið, og *herti* veðrið eptir því sem leið á daginn svo það var *ógnarlegt* sem gekk á. 3 st. hiti á Sels.m.
27. Miðvikudagur. Með útsinnings moldjeljum. 1 st. frost á Sels. Þess skal getið, að í storminum í gær (26.) tók upp bát í Súðavík og braut allmikið, og í Tröð, brotnuðu 9 rúður, en slys urðu ekki.
28. Fimmtudagur. Frostleysa unz í rökkrinu að gerði kafaldsbleytu og snjóaði yfir („gerði hvítt“). Í dag hefir mér verið *óskup illt* í höfðinu, og er reyndar einlægt *alveg frá* í því, ég hef hér svo fjarska vandan aðbúnað, og tekur þó yfir *allt*, hvernig ég verð að vera til fótanna, ég fæ ekkert á fæturnar og verð að ganga rétt á sokkunum, og eru þeir þó orðnir gagngata, sem von er til, því þannig hefir það verið síðan ég kom hingað; hér á ofan verð ég að fara ofan í sokkalarfana, sem bleytan lekur úr, dag eptir dag, og er þó einlægt látinn vera úti, standa yfir fé, moka hús, bera hey, og ýmislegt til; hásinarnar á mér standa berar út úr sokkunum, og mér finnst opt og einatt, eins og mér atli að líða í brjóst. Sú sem á að heita þjónusta mín (Friðgerður Þórðardóttir) er mér *afleit* sem hugsast getur og sýslar ekkert um mig, ekki svo að hún festi á mig hnapp, enda er hún mesta drægslí sjálf.
29. Föstudagur. Með hafvestan jeljum og mjög hvass. Svo sem ekkert frost. Í dag hef ég legið í rúminu, ég tek þær þjáningar út í höfðinu, og er það engin furða eins og ég hef orðið að fara hér með mig síðan ég kom hingað.
- Jeg atla að geta þess, að í gær (þ. 28.) var ég sendur inn í Langeyri til að moka hús (fjárhús), og datt ég þá á leiðinni inn eptir, og „kenndi“ svo mikið í höfðinu, samt mokaði ég húsin, með mestu þrautum, og þegar ég kom út eptir aptur klæddi ég mig úr sokkunum og fór upp í rúmið mitt, en þegar ég var nýlega komin upp, kemur kall, að eigi að fara inn á Hlíðar-hjalla að leyta að fé sem vantí og var eg látinn fara líka, fór ég í sömu sokkana aptur, og lýsi ég ekki eins og var, fyrir nein-um, hvernig mér varð, þegar ég varð að vaða krapelginn undir kné, til og frá um

Eyrardalsengjarnar, inn í Langeyri, og upp í hjalla, og var ég og sá sem með mér var að þessu langt fram á vöku.

30. Laugardagur. Gott veður heiðbjart. Lítið sem ekkert frost. Var *ég* lítið skárrí.

31. Sunnudagur. Gott veður. Heiðbirta framan af deginum en þikknaði í loptið seinni partinn, og vindaði þá á suðvestan. 5 st. frost. Ég heldur hressari. Þannig endar nú þetta ár, þrautum hlaðið á flesta vegi mér til handa, en hver veit nema guð greiði nú úr fyrir mér, áður en langt um líður, og við það hugga ég mig, að guð sleppi ekki sinni miklu föðurlegu hendi af mér, fyr en þá, að hann blessar mig. Jeg fel þér góði guð, framtíð mína!

Eyrardal við Álptafjörð, á gamlaárskvöld
1893.
Magnús Hjaltason

2. Tilhugalífið á árunum 1896-1899¹

Magnús var viðkvæmur og óruggur með sjálfan sig framan af ævinni. Prengingar bernskuáranna settu mark sitt á sálarlíf hans og telja má víst að hann hafi sóst eftir að komast í náð tilfinningalegt samband við samferðamenn sína, konur og karla, af þeim sökum. Í það minnsta einkennist tilhugalíf hans af ákafri þrá eftir félagsskap sem oft og tíðum gerir hann svolítið broslegan, nokkuð sem Halldór Kiljan Laxness notfærði sér til hins ýtrasta í *Heimsíjósí*. Magnúsi var þó jafnan dauðans alvara, en hann átti erfitt með að athafna sig vegna fátæktar og heilsuleysis. Það var ekki gæfulegt fyrir ungan mann að hafa sveitarskuld á bakinu þegar hann hélt út í lífið enda kom í ljós að hún átti eftir að reynast honum fjötur um fót.

Svipmyndir þær sem birtar eru hér úr tilhugalífi Magnúsar koma flestar úr dagbók hans og eru frekar sundurlausar. Þeim er ætlað að varpa ljósi á þetta tiltekna efni og ekkert annað og teygja sig yfir fjögurra ára tímabil. Einnig er hér að finna fyrrnefndan kafla úr endurminningum Kristínar Dahlstedt sem fjallar um náin kynni þeirra Magnúsar; Hafliði Jónsson skráði.

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Apríl

2. Fimmtudagur. Skýrdagur. Regn mikið fram undir hádegi en síðan með skúrum. Logn framan af deginum en svo gjóla á vestan. Fór ég inn að Dröngum og sótti þangað bækur er ég hafði lánað Kristínu, stúlku gáfaðri mjög um tvítugt, dóttur húsbændanna. Þjuggu þá að Dröngum Jón Zakaríasarson og Ingibjörg. Þau bjuggu áður um fjölda ára í Botni í Mýrahreppi, áttu þar börn mörg og lifðu við fátæki mikið; en er börnin voru allstálpuð orðin, fóru þau byggðum í Pingeyrarhreppinn, og leið þeim þar engu betur, en á meðan börnin voru ung og gátu ekkert hjálpað. Dætur Jóns voru hégómagjarnar og héldu sér mjög til skarts, og lenti fyrirhöfn þeirra þar í. Þó var ein þeirra er jafnframt hafði margt góðra kosta, var það Kristín er ég lánaði bækurnar. Og nú var það er ég var staddur á Dröngum, að Kristín kallaði á mig í einrúm og afhenti mér þar bréf frá sjálfri sér er hún hafði ritað samdægurs. Var bréf það innilega gott og lýsti ást Kristínar til mín. Jeg undraðist að fá bréf þetta, en varð nú sem snortinn rafmagni, og fékk ég óstöðvandi ást til stúlkunnar, þó gat ég lítið talað við hana enda var hún öll á glóðum, og þaut í burt að svípstundu.

3. Föstudagur. Föstudagurinn langi. Stórhrið á vestan; snjóaði um kvöldið og frysti.

4. Laugardagur. Laugardagurinn fyrir Páska. Heiðríkt veður um morguninn með gjólu á austnordan, en þykknaði síðan í loptið og hægði. Hart frost framan af deginum en vægara síðan.

5. Sunnudagur. Páskadagur. Gott veður stillt. Þykkt lopt með kafaldshjaldri seinni hluta dagsins. Vægt frost. Fór ég til Mýrakirkju. Prestinum, sr. Þórði Ólafssyni á Gerðhömrum sagðist frjállega og ágætlega. Eptir messuna átti ég tal við hreppsnefnd Mýrahrepps. Þá var hreppstjóri í Mýrahreppi Friðrik trésmiður Bjarnason bóndi á Mýrum. Hann tjáði mér frá að sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hefði veitt mér meðmæli sín til að ég gæti notið styrks af fé því er alþing 1895 veitti til umgangskennslu. Varð ég nú að senda skýrslu um barnakennsluna suður til Landshöfðingja ásamt vottorði frá presti og hreppsnefnd; en af því ég átti heima langt frá pósthöðinni, Mýrum eða Pingeyri, beiddi ég hreppstjóran að skrifa fyrir mig skýrsluna, en hún átti að vera komin til Landshöfðingja fyrir 1. júní. Ekki kvaðst hreppsnefndin geta sagt mér „að sinni“ hvort ég mundi verða barnakennari í Mýrahreppi framvegis, með því hún ekki vissi hvaða bændur mundu taka mig. Sr. Þórður sagði að svo framt að nokkur sveitarkennari yrði tekinn, þá yrði það ég.

6. Mánudagur. Moldbylur framan af deginum, betri seinni hlutan. Vægt frost. Suðaustanátt. Kom Ingibjartur Jónsson á Dröngum; hann færði mér bréf frá systur sinni Kristínu. Hafði ég á föstudaginn langa skrifað henni bönorðsbréf, og fékk nú það svar frá henni að hún ekki gæti tekið mér „að svo stöddu“.¹

1 Sjá svarbréf Magnúsar sama dag, 6. apríl 1896, sem birt er hér aftast í bókinni.

7. Þriðjudagur. Með jelljum á suðaustan. Nokkuð frost. Orti ég kvæði, 5 vers, fyrir Rósamundu Greipisdóttur á Næfranesi, til vinstúlku hennar. (Það var prentað í Munaðarleysingjanum 1896, á Ísafirði).

Maí

9. þ.m. (maí '96) fékk ég bréf frá Kristínu á Dröngum í Dýraf. Svar upp á það ritaði ég daginn eftir, sama daginn og ég orti kvæðið til Jóns „skósmíðs“. Það hljóðar svo:

Ísafirði á „Hótel Ísafjörð“, 10. maí 1896.

Kæra Kristín!

Hafið þér þakkir fyrir bréf yðar af 7. þ.m., er ég meðtók í gær með skilum, því það kom með gufuskipinu „Láru“. Jeg hefi nú svo sem engan tíma til að skrifa yður, því miður, en ég get ekki látið hjá líða að svara yður upp á bréf yðar, því mér virðist þess *stór þörf*. Nokkur kafli bréfs yðar ber það með sér að þér hafið ritað það í *reiði* yðar, en ég get ekki skilið í vegna hvers. En fyrst ég vík að innihaldi bréfa þeirra er okkar hafa farið á milli, þá verð ég að minnast nokkuð gjörri á það. Og skal ég þá fyrst segja yður hvað það var sem ekki síst kom mér til að hneigja huga minn til yðar, og það *vóru merki leyndrar vináttu* er lýstu sér svo vel í yðar góða bréfi er þér skrifuð mér þá er ég var staddur á Dröngum. Get ég ómögulega metið það öðruvísi þó þér viljið ekki kannast við það. En svo beiddi ég yðar af því ég var, og er eingum kvennmanni háður; eða haldið þér að ég hefði beðið yðar hefði ég átt aðra kærustu?(!). En það er satt að barn hef ég átt, en stúlka sú er ég átti það með gerði sig ómerkilega með hér ósögðu er snerti sjálfan mig persónulega, og fyrir þá skuld kvongaðist ég henni ekki, því ég hafði hugsað mér að eiga ærlega stúlku en ekki óærlega. Barnið sem ég átti með stúlkunni er dáið, en var gáfulegur og efnilegur piltur.

Mér datt sannast að segja ekkert í hug að segja yður frá þessu í bréfum mínum til yðar, því þess var engin þörf, sem þér sjálf getið skilið. Get ég því ekki neitað því að mér þykir bréf yðar nokkuð *svæsíð*, svo sem menn að orði komast, þó það líka hafi mikið gott í för með sér. Því þó yður væri á móti skapi efni bréfa minna, þá gátuð þér verið svolítið viðfeldnari í orðum í bréfi yðar seinasta heldur en þér eruð; og það er sannarlega ekki rétt gert af yður að tala í bréfi yðar svo sem þér gjörðið.

Þér skuluð nú ekki halda að ég sé reiður yfir yður, nei, því það er ég ekki; og vildi ég óska að þér væruð nú ekki reiðari við mig, en ég er yfir yður; því ég óska yður gæfulegrar framtíðar og vil finnast yðar góður kunningi. Mér þætti vænt um, ef þér vilduð gjöra svo vel og rita mér fáeinar línur, til að láta mig vita hvort þér fáið þetta bréf, því mér er mikið gefið um að það komist til yðar, og þó meir gefið um að – þér lesið það áður en þér brennið því, því eftir yðar bréfi að dæma eiga öll bréf mín til yðar vísa vistina, nfl. eldinn! Að endingu kveð ég yður vel og óska yður heilla, og ráðið þér nú sjálf hvernig þér virðið þetta bréf, en afskrípt af því

ætla ég að taka eins og af fleiri mínum bréfum sem að nokkru eru merkileg. Ef þér skrifið mér, megið þér skrifa mig hér á Ísafirði, á Hótel Ísafjörð.

Með vinsemd og virðingu.
Magnús Hj. Magnússon

1897

Apríl

13. Þriðjudagur. Suðvestan gjóla. Hélt ég frá Gemlufalli. Kom að Mosvöllum og fékk þar léðan hest með reiðing, flutti síðan þaðan kistu og *púlt* er ég átti þar í geymslu hjá Gils bónda Bjarnasyni. Reiddi það norður yfir Vað og út fyrir Hópið að norðanverðu. Þorði ég ekki að reiða það lengra fyrir því að drengur sá er reiddi mig var ungur og óvanur að ríða vatn, en flóð nokkuð var komið. Jeg hélt svo á út að Nedri-Breiðadal með það sem ég bar að vestan, á 5. fjörð. Jeg gisti í Breiðadal um nóttina á vegum Ingibjargar lausakonu Guðmundsdóttur er ég hafði í hug að taka til mín um vorið, og flytja hana með mér að Brekku á Ingjaldssandi. Ingibjörgu vildi ég taka að mér sem manneskju er hafði verið mér hlýleg mjög í heilsuleysis og ófrelsis vandræðum mínum í Fremri-Breiðadal árið 1892-'93. Vildi ég því rétta henni hjálparhönd en það átti ég hægra með væri ég þar sem ég yrði. Hún hafði verið mest æfinnar heilsulaus og var nú komin á fimmtugsaldur, 42 ára, áleit ég því að það félli í góðan stað ef ég framvegis gæti rétti henni hjálparhönd og launað henni þar með sem hún áður var mér alúðleg. Það var þó meira en hlýleg orð er Ingibjörg vildi fá af minni hendi, vildi hún fá mig sem *eiginmann*, en það hafði mér ekki dottið í hug. Sem kærustu gat ég ekki elskað hana. Hún var manneskja ófríð mjög og auk þess eyðilögð af hryllilegum veikleika, slagaveiki.

19. Mánudagur. Norðvestan gjóla, gekk meira í norðrið er leið á daginn og frysti um kvöldið. Flutti ég Ingibjörgu Guðmundsdóttur alfara frá Breiðadal út á Flateyri. Þar fann ég menn af Ingjaldssandi og fékk ég far með þeim úteptir. Gat þó ekkert fengið að flytja af fórum þeim er ég var með nema einn rúmfatnað (Ingibjargar) ásamt mér og stúlkunni. Við Sandinn var allmikil bára. Jeg fór um kvöldið fram að Brekku ásamt Ingibjörgu. Vorum við því komin þangað er við höfðum áformað að dvelja næsta ár. Jeg fékk rúm hjá Rakel fyrir Ingibjörgu til að sofa í, því Ingibjörg lánaði mér sitt.

Júlí

8. Fimmtudagur. Kæla á suðaustan og soralegt lopt. Fór ég fram á Skógarbrekku og Ingibjörg er hjá mér var til að rífa lyng. Fékk ég leyfi þar til á Hálsi og hest til að bera lyngið heim. Um kvöldið eptir að við kómum heim, varð Ingibjörg eyðilögð af slagaveiki, sinni gömlu hryllilegu veiki. Jeg skilaði hestinum um kvöldið og borgaði lánið.

25. Sunnudagur. Gott veður. Fór ég til Sæbólskirkju. Presturinn, sr. Þórður Ólafsson á Gerðahömrum talaði við mig einslega, áminningarorð til mín: Kvaðst hafa heyrt að ég sængaði saman við Ingibjörgu er hjá mér var. Kvað hann það geta „rýrt álit“ mitt þar sem ég hlyti „göfugan lofstýr hjá öllum“ og væri „auk þess barnakennari“, og sagðist „af hreinni elsku“ til mín biðja mig að gjöra það ekki framvegis. Það var að vísu satt að ég hafði um hálfsmánaðartíma sængað saman við Ingibjörgu, frá því við fluttum úr hærri bænum á Brekku niður í neðri bæinn, þangað til ég fór ferðina að Mýrum 16. mánaðarins. Jeg varðist þó svo lengi að sofa hjá Ingibjörgu sem ég gat.

Ingibjörg vann að útiverkum hjá Rakel á Brekku um vorið og svaf þá í hærri bænum. En er ég kom heim á helgum svaf ég í rúmi Ingibjargar, en hún þá í öðru rúmi. Er mér minnisstætt hvernig hún lét þá að vilja komast í rúm til mín. Var það eitt sinn að hún klagði mig í áheyrn alls heimilisfólksins á Brekku og kvað mig vera „líðilegan“ að vilja ekki lofa sér að sofa hjá mér og njóta blíðu minnar, sem væri sitt „mesta yndi“. Var mér órótt innanbrjóstis er Í. var að tala þetta, mænandi upp á mig við rekkjustokkinn er ég var að afklæða mig. Hryllti mig ærið við að sofa hjá Ingibjörgu, sökum hennar voðalegu veiki, slagaveikinnar. Auk þess var hún ófríð ákaflega, andfúl og leiðinleg, og var það merkilegt, að mér fannst hún aldrei leiðinlegri en þegar hún hló. Í stað þess að aðrir menn verða þá engilfagrir ásýndum, sýndist mér Ingibjörg verða *ajćfullega* ljót.

Mikla sálarpraut og bölvun getur ástarfrekja og girnd eins kvennmanns gert að verkum. Seinni hluta þessa dags (25. júlí) bjó ég rúm handa mér, vildi ég framvegis njóta ánægju þeirrar að sofa einn.

Pennan dag réðist ég til róðra hjá Oddi bónda Gíslasyni á Sæbóli. Átti ég að róa við annan mann, Odd Guðmundsson frá Mýrum (í Dýraf), sem var nú vinnumaður hjá nafna sínum á Sæbóli. Guðjón Sigm. son hætti við róðra og fór inn á Flateyri að byggja sér íveruhús „í félagi við Jens“ búfræðing Guðmundsson verzlunarmann á Flateyri.

September

3. Föstudagur. Hægur vindur á vestan með skúrum stundum. Ingibjörg fárveik. Jeg var þó að slá fyrir mig en hætti í fyrra lagi og fór niður að Brekku að vitja Ingibjargar.

4. Laugardagur. Bezta veður. Var ég að slá og raka fyrir mig. Hafði ég nú fengið 11 – ellefu – hesta alls, og hætti ég þar með að heyja. Jeg keypti hestinn á 20 aura. – Ingibjörg hressari.

14. Þriðjudagur. Hvass á vestan með talsverðri rigningu. Um morg. fór ég yfir að Álfadal og skrifaði þar bréf áriðandi fyrir Jóhannes bónda. Síðan fór ég fram að Hálsi, ætlaði að breiða heyið mitt en hætti við því þá tók að rigna. Hlód ég upp sem rokið var af heyinu.

Fékk ég bréf frá Kristínu á Dröngum í Dýrafirði, var það gott bréf og innilegt. Vakti það ást mína á ný til Kristínar.

15. Miðvikudagur. Stórhrið um morguninn, en birti um miðjan daginn, tók að rigna aptur undir kvöldið. Fór ég vestur að Þingeyri á fund Kristínar frá Dröngum. Stundaði hún fiskvinnu á Þingeyri um sumarið en hafði nú farið heim til sín, inn að Dröngum og gat ég ekki náð fundi hennar um kvöldið. Jeg gisti á Þingeyri um nóttina.

16. Fimmtudagur. Ofankafald allan daginn. Hafði gert alsnjóa til sjóar um nóttina. Um morguninn kom Kristín á Dröngum úteptir og náði ég þá fundi hennar. Var nú auðfundið, að hún bar tryggð til mín. Kom hún sjálfviljug í faðm minn og beiddi mig að kveða vísu um ást okkar; jeg kvað 3 vísur. Jeg kvaddi síðan vinu mína innilega og hélt svo af stað. Keypti flutning yfir að Gemlufalli og hélt út á Sand. Þetta var nú í fyrsta sinni sem ég gat talað munnlega við Kristínu eptir að ég fékk ást á henni, og varð nú sálarbyrði mín langtum léttari. Sumar þetta (1897) hafði verið mér þungt í skauti, ég sýndi þó þolgæði sem mér var mögulegt, en það dugði ekki. Hin líðilega heiptar- og heimskunorn Ingibjörg Guðmundsdóttir er hjá mér var, sem ógæfan hafði leitt í samveru við mig, hafði farið svo með mig, að ég ekki var orðinn sjálfum mér líkur. Hennar djöfullegu getgátur um mig, hennar ljótu og röngu dómar um aðra, höfðu riðið mér að fullu. Hafði ég þó opt með sáru sinni beðið Ingibjörgu að hafa ekki slíkt í frammí, en það hafði enga vog. Hún var þó aldrei verri en ef hún heyrði mig tala þægilega við kvennmann, hvort heldur giptan eða ógiptan, lét hún þá sem óð væri. Var ljótur orðrómur kominn á framferði Ingibjargar á Ingjaldssandi, ekki sízt gagnvart mér.

Nóvember

17. Miðvikudagur. Vindur á útnorðan með kafaldsbleytu, og snjóaði til fjalla.

Varð ferð frá Næfranesi inn að Dröngum og fór ég með til að finna vinstúlku mína, Kristínu dóttur Jóns og Ingibjargar á Dröngum. Tók hún allvel á móti mér, en vaknaðan fann ég efa hjá henni um að verða unnusta mín. Meðal annars mælti hún: „Það er ekki nóg í lífinu að elskast, það þarf mikið fleira til að geta lifað.“ Samt tjáði hún mér að ég mætti reiða mig á trúfesti sína mér til handa.

Kvað ég þessa formannsvísu um Bjarna Kristjánsson á Næfranesi:

Bjarni fríður, fremda snar
fús á prýði manndygðar
fleytir tíðum flóða mar
fram um víðis ekrurnar.

Og um kvöldið kvað ég þessa stöku:

Opt ég beiti sálarsjón
sorgum háður ströngum
yfir storð og öldu frón
inn að bænum Dröngum.

28. Sunnudagur. Hæglátt veður frostmilt.

Fór ég út að Höfða og beiddi Berg hvalfangara um vinnu næsta sumar en fékk hana ekki. Kvað Berg mig ekki hafa heilsu til að ganga í þá vinnu sem þar væri, og hefði ég ekki þolað hana sumarið 1895.

Jeg kom til Sighvatar Gr. Borgfirðings og tók hjá honum ættartölu mína er hann rakti fyrir mig, en ekki gat ég borgað honum hana í það sinn. Mest særði mig að ég var svo fátækur að geta ekki hjálpað Kristínu vinstúlku minni á Dröngum um 5 krónur sem hún beiddi mig um 17. mánaðarins.

Desember

17. Föstudagur. Bezta veður. Frostvægt. Fór ég út á Þingeyri fyrir Gíslínu konu Erlendar. Engan hlut gat ég fengið handa sjálfum mér. Jeg hefði viljað getað fengið eitthvað til að færa Ingibjörgu er hjá mér var, því áformað hafði ég að fara norður á Sand um jólin, en þótti leiðinlegt að fara eins og ég stóð.

18. Laugardagur. Vestan frostleysa. Hvasst.

19. Sunnudagur. Sama veður. Ekki eins hvass sem hinn fyrra dag.

20. Mánudagur. Bezta veður, suðvestan blíðviðri. Pennan dag kl. 3 e. hd. var lesið upp í Erlendar bæ á Næfranesi *Útbyggingarskjal* fyrir Gíslínu konu Erlendar; áttu þau að verða burt af jörðinni með búslóð sína í fardögum 1898. Sá er las upp skjalið var Sighvatur stefnuvottur fræðimaður á Höfða, í áheyrn jarðareigandans Guðm. bónda Þórarinssonar á Næfranesi (í yzta bæ). Vottar vóru: Kristj. Sigurðsson, bóndi í Næfranesi og Magnús Hj. Magnússon.

Fór ég inn að Innri-Lambadal og fékk hjá Kr. bónda Kristjánssyni 10  af mör, er ég ætlaði að láta Ingibjörgu er hjá mér var, hafa.

1898

Janúar

6. Fimmtudagur. Vindur á suðaustan. Hélt ég frá Næfranesi og að Innri-Lambadal til Kr. bónda Kristjánssonar, er ég var ráðinn hjá í 7 – sjö – vikur til að kenna. Þar byrjaði ég að rita skrár yfir send og móttækin bréf í byrjun janúar 1896.

Jeg fékk þennan dag (6. jan. 1898) uppsagnarbréf frá Kristínu á Dröngum. Það féll mér afar þungt. Móðir hennar, Ingibjörg, var orsök þess að hún sagði mér upp; taldi úr á allar lundir að hún ætti mig. Féll Kristínu það ekki síður þungt en mér, og hét hún því að giptast engum fyrst hún fengi ekki að eiga mig.¹

Apríl

1. Hæglátt veður með miklu ofankafaldi meginhluta dagsins.

Um morguninn orti ég eptirfarandi kvæði til Kristínar Jónsdóttur, ungfrúar á

1 Sjá svarbréf Magnúsar frá 22. janúar 1898 sem birt er hér aftast í bókinni.

Dröngum í Dýrafirði. Hafði hún skrifað mér og beðið mig að kveða eitthvað fyrir sig til minningar um mig.

1. Sú eina stund sem undi ég þér við síðu,
mér aldrei gleymist, hjartans elskan mín,
meðan sólin bítir geislum blíðu,
bára stynur, nokkur stjarna skín.
Þú ert æðsta unun sálar minnar
yndisríka hjartaprúða mey,
og mun ég ávallt minnast tryggðar þinnar,
meðan hjartað bifast, uns ég dey.
2. Forlögin þó flyttu oss í sundur,
fremdum búna göfga meylla-val,
ókomnar um æfi minnar stundir
ástir mínar þér ég geyma skal.
Þú ef yrðir þrautir sárar bera,
og þyrnum vafin gengir raunastig
ó hve feginn ég það vildi gera,
ef að með því gæti eg frelsað þig.
3. Vertu sæl þig ljúfur drottinn leiði,
og laufgi vegi þína farsæld með,
sönn hamingja angri þínu eyði,
óskum þessum með ég kveð.
Magnús Hjalta son þér sendir kvæði,
saknaðs ama háður marga stund,
en þó glaður ef þér hlotnast næði
ánægja í vöku og sætum blund.

Síðan fór ég niður að sjó (Sæbóli) með Guðbjarti Jónssyni ráðsmanni Rakelar og dró fram eptir hval með honum.

Guðbjartur hafði nú beðið mig, ef ég mögulega gæti, að koma Ingibjörgu er hjá mér var, burtu af heimilinu (Brekku) sem fyrst. Kvaðst ekki vilja hafa hana eina viku á sínu heimili eptir að ég færi að heiman.

Ingibjörg var búin að koma sér út af húsi hjá öllum á Ingjaldssandi, að menn vildu hún færi sem fyrst á burt. Hafði Ingibj. spilt þannig fyrir sjálfri sér með vondum, svívirðilegum orðaburði millum manna, er fólgin var í ljótum getgátum og dylgjum, og dæmalausum ósönnum óhróðri er hún hafði borið út um mig. Var fólk búið að fá á henni hinn *mesta óþokka*.

7. Fimmtudagur. Skírdagur. Sama veður en frostmildara. Messaði sr. Þórður Ólafsson (frá Gerðhömrum) á Sæbóli, og prófaði um leið börn þau á Ingjaldssandi er kennt hafði verið um veturinn.

Ingibjörg Guðmundsdóttir á Brekku ófær af slagaveikinni, fékk hvert lagið á fætur öðru, hafði þó fyrir löngu *sagt mér* að sér væri *bötnuð þau*.

9. Laugardagur. Frostlaus vindur á austnorðan.

Lauk ég við að skrifa töflur yfir kveðskap minn frá því ég fór að yrkja (á 11. ári), til ársloka 1897, vóru það 874 ljóðagerðir (númer) að ótöldum vísum í tveim skáldsögum er ég hafði fengist við að rita. Skáldsögur þær nefndi ég *Múlafólkið og Landnám úteyjanna*. Aptan við kveðskapartöflurnar reit ég eptirmála 4 blaðsíður.

Jeg reit og bréf til Guðmundar Á. Eiríkssonar hreppstjóra á Þorfinnsstöðum í Önundarfirði. Það hljóðar svo:

„Heiðraði hr. hreppstjóri! Eins og yður er kunnugt tók ég stúlkuna Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Breiðadal á mína vegu síðastliðið vor, 1897; því eins og ég hafði sagt henni, vildi ég gjarnan rétta henni styrktarhönd í þakkarskyni fyrir að hún var mér alúðleg þá ég var veikur í Fremri-Breiðadal forðum. En þar sem nefnd Ingibjörg vill ekkert af mér þiggja nema að ég *gíptist* henni, þá get ég ekkert við gjört annað en stutt að því að hún komist aptur á sína sveit; því það læt ég *aldrei* á mig ganga, að ég gíptist Ingibjörgu hversu mikið sem hún þykkir það við mig, og hvernig sem hún leggur út breytni mína sér til handa. Mér hefði virzt að Ingibjörg hefði mátt vera full-ánægð fyrst ég vildi taka hana á mína vegu og sjá fyrir henni, þótt hún hefði ekki verið að kvelja mig mér þvernauðugt, til að gíptast sér, stórþjáðri manneskju af hryllilegasta veikleika og sem komin er á elliár. Ingibj. sagði mér í fyrra vor, að sér væri algjörlega bötnuð slagaveikin, en sannleikurinn er sá, að hún er eyðilögð af slagaveikinni enn.

Af ofangreindu vona ég að velvirt sveitarnefnd Mosvallahrepps og að þér sem hreppstjóri í nefndum hreppi, sjáið, að ég get ekki annað gjört, en að sjá til að Ingibjörg komist aptur í sína sveit, þar sem hún heldur ekki getur fellt sig við að fara þangað sem henni bjóðast góð kjör.

Með virðingu

Magnús H. Magnússon.“

12. Þriðjudagur. Bezta veður. Flutti ég Ingibjörgu Guðmundsdóttur alfara af Ingjaldssandi inn á Flateyri og var hún þar með alfarin af mínum vegum. Til þess að skilja ekki við Ingibjörgu eins og hundur þá gaf ég henni vasa – úr mitt.

Jeg lofaði guð af heilum hug fyrir að ég var nú laus við þessa stórlyndu og frekjulegu kvennsnipt. Er eg var skilinn við hana, kvað ég vísu þessa:

Jeg nú hefi fengið frelsi,
finn ég hjartað glatt,
afar-þröngu þrældóms-helsi
þessi drós mig batt.

Ágúst

31. Mánudagur. Kaldur á norðan og krapalegur, og svo var mánuður þessi mest-allur. Í honum öndverðum kómu aðeins 2 þerrirdagar og náðu þá bændur á Ingjaldssandi inn mestum töðum sínum hröktum og skemmdum, en enn vóru engja hey öll úti þau er slegin vóru. Tíðarfarið var svo vont að undrum sætti, tíð áttaskipti á hverjum degi með geysihviðum, eða þá stormur er öllu ætlaði um koll að bylta. Ótíð slíka mundi enginn. Kuldi var grimmilegur og frostharka mikil á nóttum.

„Af langviðrum og lagaleysi mun land vort eyðast“.

Í þ.m. kvað ég vísur þessar undir bréf til ungfrúar Kr. Jónsdóttur á Dröngum í Dýrafirði:

Um þessar mundir fékk ég boð frá Kristjáni bónda Kristjánssyni í Lambadal að yrkja bæði fyrir hann til Fr. R. Wendel verzlunarstjóra á Þingeyri, en af vissum ástæðum Kr. fékk ég aptur boð frá honum að hætta við kvæðið. Var ég þá búinn með eitt vers af kvæðinu og hljóðar það þannig.

1. Um mig vefjast ama ský
enga miskun sýna,
fyrst þú hefir hert á ný
harmastrengi mína.

2. Hvað sem líður meinum mín
meður stríði kræfu,
guð þig skrýði, lauka lín,
lífs um tíð með gæfu.

Hver er sá í helgum mennta heimi
er hrósar ekki göfgvi mæringis lund,
sem að aldrei sonnum heiðri gleymir
en sífellt helgar dáðum lífsins stund.
En það er von að þjóðhöfðingjan prýsi,
er þegnum aldrei sýnir styggð né tál;
og guðlegs máttar gæzku bezt það lýsir,
hin góða, fagra mannvalanna sál.

September

13. Þriðjudagur. Stíllt veður. Pykkt lopt og rigning um miðjan daginn. Byrjaði ég að afskrifa Gestsrímur Bárðarsonar, var og við ýms önnur störf. Kvað ég vísur þessar að bón, um Ólafíu Árnýju Tómasdóttur, 2ja ára gamalt barn á Gemlufelli.

1. Búin friði falda grund
fetar brautir sóma,
Ólafía ljúf í lund
laufguð ungdómsblóma.

2. Andlits fögur reflarós
raunir lætur dvína;
gegn um hýru hvarmaljós
hjarta gæðin skína.

3. Uni sífellt gullhlaðs-gná
góða breytni viður.
Hennar leiðum lífsins á
lánið brosi og friður.

Spillti nú enginn fyrir mér hvað sem ég ritaði svo sem Ingibjörg er hjá mér var gerði þrálega er ég hafði skráð eitthvað er var móti hennar vilja, t.d. dreifði hún bleki yfir 100. blaðsíðuna í Dagbók minni fyrir árið 1893, þar sem ég vék að því að hún væri „búin að fá mikla ást á mér“.

Vegna Ingibjargar varð ég sumarið 1897 að brenna hátt á annað hundrað af sendibréfum frá ýmsum vinum mínum og kunningjum; því þegar hún komst að þeim, las hún þau og flutti efni þeirra víðsvegar.

Október

1. Laugardagur. Gott veður. Um morguninn kvað ég mansöng til Kristínar á Dröngum í Dýrafirði 10 erindi. Er mansöngur sá nú 4. mansöngur í rímum af Ambálesi kongi. Svo fór ég og fleiri með fjárreksturinn á Flateyri. Rak ég 3 kindur fyrir Gvend á Villingadal og 1 fyrir sjálfan mig, er ég varð að láta á Flateyri. Jeg fór heim um nóttina.

27. Fimmtudagur. Gott veður. Austnordan kæla. Um morguninn beiddi ég munnlega mér til eiginkonu frænku minnar Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur á Langhól. Hún var rúmlega tvítug að aldri, ágætlega fríð, ljúfleg í viðmóti og hjartagóð. Síðan hélt ég frá Langhól. Keypti flutning á Suðureyri yfir að Nordureyri, fór svo að Gelti og gisti þar við góðan beina að Guðm. bónda Ásgrímssonar.

28. Föstudagur. Gott veður. Fór ég frá Gelti til Keflavíkur. Áður en ég fór frá Gelti um morguninn beiddi Guðmundur Ásgrímsson mig að taka dreng af sér til kennslu á meðan ég dveldi í Keflavík, og hét ég honum því. Drengurinn hét Magnús Helgason, 11 ára gamall, bróðursonur Guðrúnar Ólafsdóttur konu Guðm. Ásgrímssonar á Gelti. En móðir Magnúsar Sigurlína Guðmundsdóttir, er seinna varð kona Halldórs Ólafssonar húsmanns á Góustöðum í Skutulsfirði. Guðm. Ásgrímsson beiddi mig og að vera hjá sér á Gelti um hálfsmánaðartíma, til að kenna, eptir að ég færi úr Keflavík. Þegar ég kom í Keflavík, var ágætlega tekið á móti mér. Húsbændurnir þar Pálmi og Sesselja, fögnuðu mér sem ég væri sonur þeirra. Þau höfðu nú búið í Keflavík í 13 ár, kómu þangað vorið 1885, úr Bolungarvík. Höfðu þau einatt búið vel enda dugleg bæði og Pálmi smiður hinn bezt, lagmaður til allra verka og langsýnn. Hefir enginn búið jafn lengi í Keflavík sem Pálmi, og allir hröklast þaðan í burt í mesta vesaldómi; og þótt þeir hafi átt nokkur efni er þeir fluttu þangað. En enginn þeirra átti bát, en það er mesta bjargræðis-mein fyrir þann er býr í Keflavík.

Keflavík ber í það ýtrasta 80 fjár og 1 hross, en þá enga kú. Þess færri skepnur sem eru þar, þess betri eru þær. „Rétt tvö höfuð á hverri kind“. Pálmi og Sesselja

áttu 3 börn: Jón 20 ára að aldri, Ólöfu 13 ára og Guðmund 10 ára. Vinnukona í Keflavík, hjá Pálma, var Guðný Sigríður Magnúsdóttir, forkur við alla útivinnu einkanlega ferðalög. Vílaði hún ekki fyrir sér að fara illar torfærur, og þurfti þess með í Keflavík.

Pennan dag, 28. okt. 1898, sást *hafgállinn* í Keflavík. Hann er til að sjá sem regnbogi, en stendur alveg beinn. Er gömul sögn að hann eigi að boða harðindi: 6, 8, 12 eða 18 vikna skorpu.

Um kvöldið flutti ég ræðu þá er ég samdi 7. mánaðarins. Hún hljóðar svo:

Bæn

Elskuríki himneski faðir: Leyfðu oss að ákalla þitt guðdómlega, heilaga nafn. Leyfðu oss eilífi vinur, að tilbiðja þig, og gefðu oss þann fullkomlegleika að geta treyst þér í anda og sannleika, og með stöðugri viðleitni að kjósa þig til föruneysis um þessa tálfullu og neyðarríku lífsbraut. Leyfðu oss ávallt, óbrigðuli hjálpari, að hafa þig í faðmi vorum, í trú og elsku, í anda og sannleika, og láttu oss sjá það að traustið og elskan til þín er undirrót til sannrar gæfu og farsældar. – Amen.

Með þessum bænarorðum ætla ég að flytja fram nokkur orð, við hinar ungu manneskjur er ætla að verða undir minni umsjón um líftinn tíma.

Kæru börn! Eptir ráði ykkar góðu foreldra, er ég hingað kominn til að leiðbeina ykkur í þeim fræðum sem hvílir á herðum allra þeirra sem kristnir vilja verða, að *nema*. Og þetta starf mitt vil ég vinna eptir þeim hæfileika og eptir þeirri náð sem okkar algóði faðir hefir mér veitta. Og vil ég með alúð biðja hinn sama eilífa leiðtoga, að gefa mér það að ég sjái nú gleðilegan árangur verka minna. Og guð gefi að þær stundir sem ég dvel hér verði til að efla frið og gleði í sálum allra þeirra er verða í samveru minni. En sú er þó heitust ósk mín, að þær hjá ykkur, elskulegu börn, vekji sannan áhuga til að nema það sem ykkur má að gagni verða.

Það er eitt atriði sem ég vil biðja ykkur að stunda á, góðu og kæru börn, sem er: að þið verðið gegn og hlýðin, og leitist við, eptir þeim hæfileikum sem guð hefir gefið ykkur, að hafa eitthvert verulegt gagn af því sem ég styrki ykkur í þeim greinum sem þið eigið að læra. En enginn tekur sig meiri en hann er, ég ætlast því ekki til að þið leggið meira fram en þið eruð manneskjur til. Góðu börn! Munið eptir að vera siðprúð og eptirtektarsöm, og bera virðingu fyrir þeim sem kennir ykkur, eða á yfir ykkur að segja, hver sem það svo er, hvort hann er skyldur eða vandalaus. Reynið að mennta ykkur sem bezt í öllu fögru og góðu. Takið aldrei þá skökku skoðun að virða manninn eptir stöðunni sem hann er í, eða eptir fótunum sem hann er klæddur í, heldur eigið þið að virða manninn eptir því *hvernig* hann stendur í stöðu sinni, hver svo sem staðan er. Guði eru allir menn jafn kærir sem gæta stöðu sinnar rétt. Honum er ekkert kærari biskupinn en verzlunarmaðurinn ef hvor þeirra gjörir verk sitt eptir beztu meðvitund. Og honum er ekkert kærari barnakennarinn en fjárskömmtunarmaðurinn, ef báðir gjöra eptir því sem þeim

virðist bezt, samkvæmt samvizku þeirra og skynsemi. Þannig er maðurinn ekkert virðingarverðari fyrir það, í hvaða stöðu hann er, heldur er hann þess virðingarverðari sem hann betur gætir skyldu sinnar í þeirri stöðu sem hann er í.

Samt sem áður eigum vér að virða alla menn, unga og gamla, volaða sem völduga; og það er sú réttasta kurteisi að vera jafn – alúðlegur, kurteis og hreinskilinn, við hvern sem í hluta á. Munið því góðu börn að vera ljúf og góð við alla sem þið umgangist; það er hin lofsverðasta breytni. Dragið aldrei neinn á tálar, endið ætíð sem þið lofið, hversu lítið sem í það er varið. Verið þið líka vinir skepnanna; sýnið þeim alúð og nærgætni.

Já góðu börn, stundið ætíð á gott og fagurt. Okkar himneski faðir veri ávallt vinur ykkar. Þess óskar ykkar einlægur Magnús.

Nóvember

30. Einatt var afar vond tíð, sífelldir mold byljir og umhleypingar svo engan dag var gott, en optast frost vægt. Geysi-snjór.

17. þ.m. (nóv.'98) fékk ég bréf frá frænku minni, Guðrúnu Önnu Magnúsdóttur á Langhól í Súgandafirði, í bréfi því játti hún mér eiginorði. „Það er vandi að velja sér víf í standi þrifa, en ólánsfjandi ef illa fer, í því bandi að lifa.“

Desember

23. Föstudagur. Með jelljum. Lítið sem ekkert frost. Var ég um kyrrt á Langhól í góðu yfirlæti. Talaði ég við Vigdísu móðursystur mína og móður unnustu minnar, viðvíkjandi ástamálum mínum og dóttur hennar. Var á henni að heyra að hún væri ánægð með hlutskipti það er dóttur hennar hlotnaðist.

28. Miðvikudagur. Allgott veður frosthart. Hélt ég frá Gelti til Keflavíkur og fékk góðar viðtökur. Jól þessi voru hin yndislegustu er ég hafði lifað frá því ég til mín mundi, var ánægja sú fólgin í samverunni við unnustu mína, enda þótt hún heimsk væri og ekki hirðin að sjá, þá var hún fögur sýnum og gengur það í augu margra. Og víst var það girnd en ekki einlæg ást er réði þar hlutfalli mínu. Mæltu flestir að ég tæki niður fyrir mig.

1899

Janúar

24. Þriðjudagur. Vestan frostleysa, nokkuð hvass. Fór ég alfara frá Gelti, var mér fylgt inn á Norðureyri og þaðan fluttur yfir á Suðureyrarmalir, fór ég svo út að Langhól til unnustu minnar Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur, og frændfólks míns, og var þar um nóttina.

25. Miðvikudagur. Sama veður, var ég um kyrrt á Langhól.

26. Fimmtudagur. Gott veður. Fór ég frá Langhól, áleiðis til Ísafjarðar til að kaupa trúlofunarhringi handa mér og unnustu minni. Jeg hélt að Botni, og gisti þar um nóttina að Jóhannesar Hannessonar hreppstjóra.

30. Mánudagur. Með moldjelmum á vestan. Um morguninn trúlofaðist ég opinberlega unnustu minni, Guðrínu Önnu Magnúsdóttur á Langhól. Síðan hélt ég frá Langhól, áleiðis til Keflavíkur til að kveðja þar. Jeg keypti flutning á Suðureyri, en gisti á Gelti við góðan beina, því flæði var, svo ekki var hægt að ganga fyrir Göltinn. Guðmundur bóndinn á Gelti, er maður gróinn að efnum, og hefir það lengi legið í landi að Göltur hafi verið ríkisheimili, og ófriðar heimili. Guðmundur Ásgrímsson er þó stillingarmaður mikill, en kona hans ærin svarri.

Ég Gelti eitt sinn var,
um sem kveykjast ræður,
Ófriður og Auður þar,
eru *svarnir bræður*.

Ég verð ástfangin¹

Á þessum árum stunduðu Norðmenn hvalveiðar frá Framnesi og höfðu bændur við Dýrafjörð af þeim veiðum nokkur hlunnindi. Fyrir stöðinni réði Lárus Berg, norskur maður. Hann var vel látinn og ekki hvað sízt fyrir það, að hann gaf bændum ávallt hvalkjöt, eins og hver vildi, af fyrsta hvalnum, sem veiddist að vorinu. Notuðu menn sér þetta óspart, enda var oft þröngt í búi um kjötmat, þegar fyrsti hvalurinn kom á land. Vertíð byrjaði í maí og stóð út ágúst og fram í september, ef vel veiddist og tíð var góð.

Ingibjartur bróðir minn fékk oft vinnu í Framnesi og þeir bræðurnir gerðu sér oft ferð þangað úteptir, þegar þeir vissu von hvalabátanna með hvali. Hins vegar fengum við systurnar ekki að skreppa þangað til að skoða hvalina. Það þótti ekki viðeigandi, að stúlkur væru að arka þangað eins og strákar.

Oft komu starfsmenn í Framnesi inn að Dröngum um helgar. Vóru þeir þá í skemmtireisu um sveitina. Fáir þessara manna eru mér minnisstæðir. Þó er einn þeirra mér sífellt í huga, enda hafði hann örlagarík áhrif á allt mitt líf.

Það var einn sunnudag um mitt sumar, að heim að Dröngum gekk ungur og friður piltur, bjartur yfirlitum, fagureygður, vel vaxinn og hinn snyrtilegasti í klæðaburði. Hann var í flestu ólíkur öðrum piltum. Hann hét Magnús Hjaltason, og ég kannaðist við nafn hans. Hann var þá þegar orðinn þekktur hagrörðingur.

Magnús ræddi við foreldra mína og bauðst til að veita Sakaríasi, Bjarna og Guðmundi tilsögn í skrift og reikningi og bóklegum fræðum á komandi vetri.

1 Kristín Jónsdóttir Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*. Hafliði Jónsson frá Eyrum skráði (Reykjavík, 1961).

Hafði hann þá þegar ráðið sig við kennslu í Lambadal strax þegar lokið væri vinnu í Framnesi. Pabbi var ekki fráhverfur því, að Magnús yrði hjá okkur um tíma, eftir að hann hefði lokið kennslu í Lambadal, en mamma taldi nægan tíma til að ræða um slíkt, þegar þar að kæmi. Þótti henni Guðmundur hélzt til ungur, en Sakarías nýfermdur og því væri það hélzt Bjarni, sem þörf hefði fyrir leiðbeiningar. Hins vegar taldi hún sjálfsagt að við eldri börnin nytum að einhverju gagns af því, ef til kæmi, að fá kennara að heimilinu. Magnús taldi engin vandkvæði á slíku.

Þegar hér var komið umræðum um málið, bað mamma mig að bera gestinum kaffi, og er ég hafði lokið því höfðu verið teknar upp samræður allt annars eðlis. Magnús var mjög ræðinn og virtist einkar laginn á að finna umræðuefni, er fólk hefði áhuga á. Um það var hann öllum öðrum mönnum ólíkur, að hann gerði sér far um að ná til allra, er viðstaddir voru, jafnt hinna yngri sem eldri, og fá alla til að taka þátt í samræðum.

Ég hlustaði á hann öðru vísi en ég hafði fyrr hlýtt á tal gesta, sem komið höfðu að Dröngum. Hann var gjörólíkur öllum þeim mönnum, sem ég hafði séð. Allt látbragð hans var frjálsmannlegt, festa í framsögn hans og skoðunum, einhver sérstæð ólga eða einurð, og vottaði sjaldan fyrir undanlátssemi, þótt hreyft væri andmælum gegn orðum hans. Hann hafði mikla unun af því, að mér fannst, þegar fólk hlustaði með andakt á frásagnir hans. Hann hafði víða farið og það vakti hjá mér furðu, hversu margt fólk hann virtist þekkja af persónulegum kynnum.

Augu hans voru skær og dálítið stingandi. Það var ekki hægt að horfa í þau, án þess að roðna. Hann virtist horfa meira á mig en aðra. Kannski fannst mér þetta. En ég fann til notalegrar kenndar, sem var öllum tilfinningum sætari, er ég hef fundið um mína daga, og ég trúí því nú orðið, að slíkt eigi sér ekki stað nema eitt sinn í lífi hvers manns. Allt mitt líf hef ég leitað sömu kennda, en aldrei fundið þær í nálægð nokkurs manns annars en Magnúsar Hjaltasonar.

Eftir að hann hafði kvatt, hélt ég áfram að heyra rödd hans í eyrum mínum. Um nóttina vakti ég lengi og hugsaði um sjálfa mig og þennan undarlega fallega pilt, sem ég hefði í fyrsta sinn séð þennan dag. Mér var ljóst, að ég þráði hann.

Næstu daga hélt ég áfram að hugsa um hann og mig dreymdi hann um nætur. Mig langaði til að tala um hann við einhvern, en þó fékk ég mig aldrei til að nefna nafn hans við nokkurn mann. Hins vegar hlustaði ég vel eftir hverju orði, sem sagt var um Magnús Hjaltason. Skoðanir fólks voru nokkuð ólíkar um hann. Flestir töldu hann skarpgáfaðan, aðrir sögðu hann uppskafning, sem reyndi að komast undan ærlegri vinnu. Ég fékk að vita, að hann hafði verið sveitarómagi og staðið í kærum og þrasi við náð skyldfólk sitt, vegna illrar meðferðar, er hann taldi sig hafa hlotið í fóstri hjá því. Fleiri drógu taum Magnúsar í því máli, en vildu þó meina, að hann væri allósanngjarn í dómum sínum um fólk.

Ég fékk margt um hann að heyra og þurfti ekki margs um hann að spyrja, en ósjálfrátt tók ég málstað hans, þegar mér fannst á hann hallað með getsökum. Mér var ómögulegt að aðhyllast þá skoðun, að hann væri auðnuleysingi og að hann yrði aldrei annað en ráðleysingi. Slíkar spár gerðu mér gramt í geði og ég snérist til

varnar. Fann það, að ég þoldi engum að tala niðrandi um hann í minni áheyrn. Þessi viðkvæmni mín gagnvart öllu tali um Magnús fór ekki framhjá heimilisfólkinu, og varð til þess eins að örva hvers konar blaður um hann.

Það sem eftir var sumars hugsaði ég mikið um Magnús, vegna þeirra undarlegu kennda, sem hann hafði vakið hjá mér, en ég fékk ekkert tækifæri til að skreppa út að Höfða, og hann kom ekki öðru sinni að Dröngum.

Þetta haust varð ég 19 ára og hafði ekki áður orðið skotin í nokkrum pilti.

Haustið var illviðrasamt og eftir að ég frétti, að Magnús væri farinn að kenna börnunum í Lambadal, brann ég af löngun til að komast þangað, til þess að hitta hann og kynnast honum, en tíð hamlaði ferðum mínum og var komið fram yfir jól, þegar ég loks fékk tækifæri.

Það fór fljótt vel á með okkur Magnúsi. Hann lánaði mér bækur til lestrar og fylgdi mér inn á Lambadalshlíð, þegar ég hélt heimleiðis. Hann var hátíðlegur í tali og þénaði mig. Viðræður okkar snérust mest um hin duldu öfl í náttúrunni, ægimátt vindanna, lífskraft sólarinnar o.s.frv. Um þessi efni hafði ég lítið hugsað áður, en aftur á móti virtist mér Magnús hafa hugsað margt. Hann talaði af brennandi áhuga og ég var góður hlustandi.

„Við þurfum að hittast oft, Kristín, við höfum áreiðanlega mörg sameiginleg áhugamál,“ sagði hann, er við kvöddumst með handabandi.

Tvisvar eða þrisvar kom Magnús Hjaltason heim að Dröngum þennan vetur og ég fylgdi honum inn fyrir Hvilftúrnar. Hann þuldi mér ósköpin öll af ljóðum og sagði mér margt um ókunnar sveitir suður á landi, þar sem hann hafði farið um sumarið áður. Ég naut þessara stunda, en var þó ekki ánægð. Mér fannst Magnús ekki sýna mér þann áhuga, sem ég óskaði eftir. Ég var alltaf að vona að hann snéri sér að mér, tæki mig í fadminn og kyssti mig. En ekkert slíkt gerði hann. Ég ákvað að ganga hreint til verks og segja honum með hálfkveðnum orðum, hver væri hugur minn til hans.

Næst þegar hann kom að Dröngum fylgdi ég honum ekki á leið, heldur kvaddi hann í bæjardyrnum og stakk að honum smábrefi, sem ég bað hann að lesa, þegar hann væri orðinn einn. Að svo mæltu stökk ég frá honum, enda var ég hálfhrædd við þetta uppátæki, og óviss um hver áhrif það myndi hafa. Á miðanum stóðu þessar fáu setningar: „Mig dreymir um þig jafnt í vöku sem svefni, því þú ert svo undarlegur, en þó fallegur piltur.“

Nokkrum dögum síðar barst mér bref frá honum. Og ég varð fyrir sárum vonbrigðum. Bréfmiðinn minn hafði haft önnur og meiri áhrif en ég ætlaðist til. Þetta var bónorðsbref. Mér fannst það einum of snemmt að samþykkja það sem næsta áfanga í sambandi okkar. Þann sama dag settist ég niður og skrifaði honum langt bref, þar sem ég sagði honum afdráttarlaust, að ég vildi fá að kynnast honum betur, áður en ég héti honum nokkru. Um þetta hafði ég mörg orð og bent honum á, að ég vildi ekki ganga út í neina óvissu. Hann hefði ekki sýnt mér nein merki þess áður, að honum litist vel á mig, og að ég teldi, að ég hefði með bréfmiðanum vakið hjá honum eftirtekt á mér, sem hann hefði ekki sjálfur átt frumkvæði að.

Ingibjartur fór fyrir mig með bréfið daginn eftir og kom með svar við því um kvöldið. Magnús lýsti þar fögnuði sínum yfir því, hversu skynsamlega ég hefði tekið á málinu. Sagðist hann vera á förum til Ísafjarðar, kennslutímanum væri lokið í Lambadal, og hann ætti von í atvinnu fyrir norðan, „en ég kem svo fljótt sem mér verður mögulegt að Dröngum og þá ræðum við þetta nánar,“ sagði hann meðal annars í bréfinu.

Heima á Dröngum vissu nú allir um samband það, sem orðið var á milli okkar Magnúsar. Þótti mömmu lítið til þessa ráðhags koma, en aðrir á heimilinu létu það afskiptalaust, nema Ingibjartur, hann sagði við mig: „Þú átt að giftast þeim manni, sem þú elskar Stína mín. Allt annað skiptir þig engu.“ Mér þótti vænt um orð hans, enda vorum við samrýmd systkini.

Mamma hafði gert Sigurlinna í Botni orð að finna sig. Hann var frændi Magnúsar og vissi flest um fortíð hans. Þegar hann kom, hagaði mamma því svo, að við sátum tvær inni með Sigurlinna og fékk hann að vita um allt það, sem farið hafði á milli okkar Magnúsar. Sagðist móðir mín treysta því, að hann ráðlegði mér það eitt í þessu máli, sem hann teldi að mér væri fyrir beztu.

Dómur Sigurlinna var efnislega þessi:

Magnús er gæðadrengur, hugsar gott og vill öllum vel, en hann mun óhraustur og að eðlisfari hefur hann andúð á líkamlegri vinnu. Það má vel vera, að honum vegni vel, ef hann fær stjórnsama konu, því hann er ístöðulítill og óforsjáll, hefur ekki þá hagsýni, sem nauðsynleg er hverjum heimilisföður. Þið munuð í flestu ólík, Stína litla.

Hann rakti sögu foreldra Magnúsar, sem aldrei höfðu komið upp úr baslinu og voru fyrir mörgum árum orðin viðskila hvort við annað. Magnús hafði aldrei hjá þeim verið, heldur alizt upp hjá frændfólki í Öndarfirði. Síðustu árin hafði hann verið upp á meðgjöf frá fæðingarsveit sinni. Að lokum sagði Sigurlinni, að Magnús þætti nokkuð upp á kvenhöndina og ætti barn með konu suður á Barðaströnd.

Þetta kom mér mjög á óvart og ég þoldi ekki meira. Með tár í augum hljóp ég á dyr.

Nóttina eftir svaf ég ekki dúr. En sat uppi og skrifaði bréf til Magnúsar Hjaltasonar. Engin orð, sem ég þekkti, voru nægilega sterk til að lýsa fyrirlitningu minni á honum. Þetta var langt bréf og fullt af hatri. Ég þóttist eiga heimtingu á að njóta fullkomins trúnaðar þess manns, er ég hafði fórnað ást minni, áður en hann léti sér til hugar koma að biðja mín.

Um morguninn, þegar mamma fór ofan, var olían búin af lampanum og ég hafði lokið við bréfið. Þó sat ég enn og beið dagsbirtunnar. Ég hafði grátið mikið og grátur minn braust út að nýju, er mamma tók mig í fadn sér eins og lítið barn. Hún klappaði mér og talaði við mig af móðurlegri hlýju. Ég sýndi henni bréfið. Henni þótti það vel samið, og hún lofaði að koma því áleiðis. Svo sat hún hjá mér, meðan ég sofnaði í rúminu mínu. Síðla dags vaknaði ég. Það fyrsta sem ég mundi var bréfið. En mamma hafði sent Ingibjart með það strax um morguninn, er ég var sofnuð. Hann var ókominn úr þeirri ferð. Næstu fimm daga reis ég ekki úr rekkju.

Nokkru síðar fékk ég bréf frá Magnúsi, sem þá var til húsa á Hótel Ísafirði. Það var langt bréf og að mörgu leyti undarlegt. Hann segist ekki fá skilið reiði mína, barnið sé dáið og stúlkan sé óærleg og hafi slúðrað um hann að tilhæfulausu. Hann segist hafa beðið mín vegna þess, að hann hafi ekki verið neinum kvenmanni háður. Hann bað mig að svara bréfinu, en ég dró það nokkuð. Vildi fara að ráðum minna nánustu og hugsa vandalega um, hvað rétt væri fyrir mig að gera.

Það var farið að vora, komið fram í maí. Ég tók þá ákvörðun að fara að heiman til Ísafjarðar. Réð mig þar í vist til frú Helgu og Ólafs bókhaldara á Norðurtanga. Hugðist ég fá þar gott tækifæri til að hitta Magnús. En það var öðru nær. Þegar ég kom til Ísafjarðar, frétti ég að hann væri farinn vestur á Ingjaldssand. Hafði ég ekki frekara samband við hann það sumar og frétti þó, að hann væri þar við sjóróðra.

Þetta sumar var eitt hið leiðinlegasta tímabil, sem ég hafði átt, og ég sá mikið eftir því að hafa haldið þangað norður, og þó mest fyrir það að hafa ráðið mig til ársins. Þótti mér Ísafjörður leiðinlegur staður, og enga eignaðist ég þar kunningja, enda fékk ég fáar tómstundir frá húsverkunum. Þennan tíma fékk ég sannarlega að reyna, hvað það getur verið að vinna hjá vandalausum. Þraukaði ég þó, þar til vist-ráðningartími minn var úti 14. maí 1897. Þann dag fagnaði ég fengnu frelsi og lagði upp daginn eftir með árskaupið mitt svo til óskert. Voru það 50 krónur. Einhverju hafði ég þó eytt af því. Ég fór ein mín liðs yfir Breiðdalsheiði og hreppti slæmt veður, gisti í Tröð í Önundarfirði, en komst heim að Dröngum næsta dag. Var ég talsvert þjökkuð eftir ferðalagið.

Þegar kom fram í júlímánuð bauðst mér vinna við fiskverkun á Þingeyri hjá Gramsverzlun. Þar var mikið líf og fjör og undi ég þar vel, eignaðist margar vinstúlkur og komst upp á lag með að skemmta mér með ungu fólki. Á þeim árum voru nokkrir danskir kúttarar gerðir út frá Þingeyri. Voru áhafnir þeirra að langmestu leyti danskir, og flest ungir menn.

Oft voru haldnir dansleikir, þegar mörg skip voru inni samtímis, einkum undir lokin. Lærði ég að stíga sporið og þótti mér nokkuð mikið til þessa gleðskapar koma. Á Ísafirði hafði ég eignast danska skó og rauðan silkikjól með hvítum kraga. Þótti ég vel klædd og ekki síður en aðrar stúlkur.

Það urðu mikil umskipti á fjörinu, sem ríkt hafði á Þingeyri, þegar dönsku kúttararnir héldu heim um mánaðamótin ágúst-september. Grétu margar stúlkur á þeirri kveðjustund, en þó urðu nokkrar til þess að fylgja þeim dönsku utan. Ég hefði engan að gráta, en þó þótti mér deyfð færast yfir plássíð, eftir að þeir dönsku voru farnir. Magnús Hjaltason var mér ekki liðinn úr minni, en þó hafði ég ekki hitt hann eða haft samband við hann síðan mér barst bréfið hans frá Ísafirði. Meðan ég var í Norðurtangavistinni hafði ég frétt af honum á Mýrum og í Næfranesi, og nú vissi ég, að hann var um kyrrt á Ingjaldssandi. Ég hafði oft skrifað bréf, er ég hugðist senda honum, en þegar á átti að herða lét ég þau aldrei frá mér fara. Nú skrifaði ég honum, sagði frá því, sem á daga mína hafði drifið frá því er við höfðum síðast haft samband okkar á milli, og bað hann að heilsa upp á mig, ef hann væri á ferð á Þingeyri. Bréfið sendi ég með stúlku, sem unnið hafði með mér um

sumarið, en var nú að hverfa heim. Hún var frá Ingjaldssandi. Magnús brá skjótt við og gerði sér þegar ferð til Þingeyrar til að hitta mig. Daginn sem hann kom, hafði ég farið heim að Dröngum, vegna þess að veður var svo óhagstætt til vinnu við umstöflun á fiski úti við, að ekki þótti viðlit að halda okkur að verki. Hafði Magnús dvalizt næturlangt á Þingeyri, er ég kom aftur að heiman. Lágu skilaboð til mín frá honum, hvar hann væri að hitta, og fór ég þegar í stað til fundar við hann.

Óþarft er að skýra nánar frá samfundum okkar. Það nægir að segja það eitt, að þessi dagur var mér mjög ánægjulegur, og þegar ég kvaddi Magnús um kvöldið gat ég ekki lengur efazt um það, að hann væri sá, er ég mundi ávallt elska.

Næstu vikurnar fóru mörg bréf á milli okkar og voru öll innileg. Fékk ég frá honum margar fallegar vísur í hverju bréfi.

Pennan vetur var Magnús í Næfranesi við kennslu og hittumst við af og til. Áttum við margar stundir saman og ræddum um framtíðina. Bar okkur margt á milli, þegar við ræddum væntanlegt hjónaband okkar. Vildi ég að hann leitaði eftir föstum samastað og fengi viðunanlega atvinnu, er skapaði okkur afkomuöryggi. Á slíku taldi Magnús mörg vandkvæði, en vildi meina, að ást okkar væri fyrir öllu, og ekki væri ástæða til að kvíða komandi dögum. Við værum bæði ung og vildum komast áfram í lífinu. Okkur yrðu allir vegir færir, ef við ættum sterka ást og sameiginlegan vilja.

Í nóvember var ég búin að gera það upp við mig, að ég skyldi heyja lífsbaráttuna við hlið Magnúsar. Bað ég hann þá að fara og kaupa trúlofunarhringina, svo að við gætum verið saman eins og kærustupar, án þess að samband okkar yrði til efni til frekara slúðurs í sveitinni. Magnús vildi biða með það til vorsins, sagðist ekki hafa möguleika á að útvega peninga fyrir einbaugum. Þá bauðst ég til að leggja út fé fyrir mínum hring, ef hann kærði sig um. Nei, hann vildi ekki að það yrði um sig sagt, að hann hefði látið kærustu sína kaupa trúlofunarhringina. Í þetta sinn skildum við af minni kærleika en venjulega.

Skömmu síðar fór Magnús út á Ingjaldssand og frétti ég ekki af honum fyrr en milli jóla og nýárs. Barst mér þá til eyrna, að hann væri tekinn saman við fullorðna konu úr Önundarfirði. Ég sagði honum frá þessum fréttum í bréfi og fullvissaði hann um, að ég tryði ekki slíkum kjaftasögum um hann. Það urðu mér, eins og geta má nærri, mikil vonbrigði, er ég fékk svarbréf frá honum, þar sem hann segist hafa „tekið á sitt framfæri vegna gamalla loforda konu, er verið hefði sér góð, þegar hann hefði verið sem mestur vesalingur rúmliggjandi í Breiðdal“. Við þetta bréf Magnúsar kólnaði mjög ást mín til hans, og þótti mér nú sýnt, að móðir mín hefði gert sér réttar hugmyndir um hann.

Nokkrum dögum síðar skrifaði ég Magnúsi mitt síðasta bréf. Þar sagði ég sambandi okkar slitið. Þótti mér það með ólíkindum, að maður, er ekki ætti fyrir trúlofunarhringum, gæti treyst sér til að sjá þurfaling farborða, og allra sízt, þar sem hann virtist eiga fullt í fangi með að sjá sjálfum sér farborða.

Þetta var í ársbyrjun 1898.

Magnús hélt þó áfram að skrifa mér og senda mér ástríkar vísur og ljóð. Kann ég margt af því enn, enda hef ég öll þessi ár, sem liðin eru, haft vísur hans yfir, þegar mér hefur orðið hugsað til baka. Eitt ljóðabréf hans hljóðaði svo:

Ljúf armbanda Sunna svinn,
sveipuð dyggðum mætum,
hjá þér unir andi minn
oft um dimmar nætur.

Pegar sólin hjúpast hlý
hafsins köldu dýnum,
ég þá lifi alsæll í
armalögum þínum.

Ég þá finn, að ég er frjáls,
og á ei sorgir stríða,
ef þú mér leggur hönd um háls,
hjartanlega blíða.

Ánægður ég uni þér hjá,
yndisgeislar loga.
Friðar sunna svífur á
sálar himinboga.

Man ég göfugt meylla val
meður dyggða skrúði,
meðan dögga á sævarsal
Sigdís vökvar brúði.

Man ég bezta baugagná,
blítt sem dáðir metur,
meðan nokkur alda á
Ægi risið getur.

Man ég þig af ljúfri lund,
lilja hrannar bríma,
meðan nokkuð gras á grund
grær á maítíma.

Vertu sæl og síblessuð,
á sonnum gæfu vegi,
meðan sjálfur Guð er Guð
gleymi ég þér eigi.

Við þig leiki hagsæld há,
heiður, gleði og friður.
Mynda gáði mæðarskrá
Magnús Hjalta niður.

Man ég blítt þín ástarorð
og ama löngum blíða,
meðan sólin sendir storð
sína geisla fríða.

Um alla þína ævileið
á auðnu gakktu skeiðið,
og alla laus við angursneyð,
þess ég af hjarta beiði.

3. Erfiðleikar aldamótaáranna 1899-1900¹

Eftir að Magnús og Guðrún Anna Magnúsdóttir, fylgikona hans um átján ára skeið, hófu sambúð stóðu þau frá fyrsta degi frammi fyrir margvíslegum erfiðleikum sem oft og tíðum virtust nær óyfistíganlegir. Viðskipti þeirra og hins veraldlega valds voru oft afar nóturleg. Byggðalögin voru varin með kjafti og klóm gegn ásókn fátæks fólks. Magnús var réttlaus maður þar sem hann skuldaði heimasveit sinni sveitarstyrk að upphæð kr. 347, sem lagður var með honum í æsku. Þessi styrkur fylgdi honum eins og skugginn og gerði honum illmögulegt að festa nokkurs staðar rætur. Upphafið á búskap þeirra Guðrúnar Önnu var því allt annað en gæfulegt og þetta ástand átti vafalítið þátt í því hversu sambúðin var löngum stíð.

1899

Marz

31. Föstudagurinn langi. Sviðrandi grimdarmoldbilur á austnordan og niðdimmur; fram undir hádegi var þó stormurinn ekki eins afskaplegur sem síðar. Um morguninn fór ég frá Kirkjubóli niður í Árnes, og hitti þar Svein húsmann Eyjólfsson, sem var þá í vinnu á Sólbakka, en hafði komið heim til sín (í Árnes) kvöldið áður, vildi Sveinn nú komast aftur yfir fjörðinn til að geta unnið á laugardaginn, en taldi, sem var, ófært að fara á skipi vildum við samt ekki með öllu láta ófreistað að komast yfir fjörðinn á skipi, og fór ég heim að Kirkjubóli aptur og hitti að máli Bernharð Jónsson bónda, sjómann, sem hafði komið heim til sín kvöldið áður, en ráðið staðfastlega að fara til skips aptur þennan dag. Fékk ég ágætar viðtökur að Bernharðar, en ófært með öllu kvað hann þá að komast á skipi yfir Önundarfjörð. Áður en ég fór af stað frá Kirkjubóli aptur, gaf Kristján gamli Jónsson (sjá síðu 14. hér að framan) mér rímur af *Konráði Keisarasyni*, kveðnar af *Andrésí Hákonar-syni*, sem dó í Hjarðardal innri í Önundarfirði vorið 1897; getur hans í Dagbók minni frá þeim tíma. Andrés heit. kvað rímurnar fyrir Kristján, því þeir voru kunningjar góðir og héldu jafnan vináttu. Eru rímurnar ritaðar með *eiginhendi höfundarins*, en ekki getur hann (höfundur rímnanna) nafns síns á titilblaðinu en ritar óþekktanlegt orð í staðinn, enda var Andrés sál. sérvitur sagður, og er hæfa í því, á hverju sem hann hefur byggt þá skoðun sína. Hélt ég svo til Árness aptur og síðan af stað með Sveini gangandi inn á ís. Það sem ég bar, skildi ég eptir í Valþjófs-

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

dal. Hef ég aldrei verið á ferð í jafn vondu veðri. Var heppni að við höfðum engin slys af að fara á ísinn, sem við munum hafa gengið undan svo nefndu Arnarbæli, en að norðan kómum við undir Veðrará innri og vissum við ekkert af hvar við vorum á ísum fyr en við kómum þar undir *túnbrekkuna*. Á Holtsoddanum viltustum við, en gátum rétt okkur þegar við rákum okkur á Holtsbæinn. Sveinn hélt að Sólbakka en ég gisti á Hvylft að Sveins Rósinkranssonar skipstjóra og bónda við góðan beina. Bar öllum saman um, að bilur þessi hefði verið einhver hinn *allra versti*, að furðaði menn stórlega að við Sveinn höfðum komist lífs. Öldungurinn Sveinbjörn Magnússon faðir húsfreyu Sigríðar, konu Sveins á Hvylft, skrifar Dagbækur, og hefur gert það um mörg ár; veit ég ekki af öðrum í Önuðarfirði sem stundar þann nýtilega starfa.

Apríl

1. Laugardagur. Moldgarður á austnordan, en birti heldur eptir því sem leið á daginn. Fór ég frá Hvylft, út á Flateyri eptir pokanum mínum úr Valþjófsdal. Var kaldlegt að ganga til og frá um Flateyraroddan, því engum varð að vegi að bjóða mér undir húspak. Göfuglyndi Flateyringa við vegfarendur, kostar þá ekki marga peninga. Jeg hélt frá Flateyri aptur og inn að Hóli og var þar um nóttina að Halldórs Halldórssonar bónda við góðan beina. Er Halldór orðinn maður gamall, kona hans heitir Guðrún, hafa þau átt 16 börn, og eru 7 af þeim lifandi; þau fóru að búa á Hóli vorið 1861, að því er Halldór sagði mér sjálfur.

2. Sunnudagur. Páskadagur. Með moldjeljum á suðaustan. Um morguninn keypti ég á Hóli uppdrátt af skógarhríslu eptir Guðjón son Halldórs bónda, 16 ára gamlan, mér þykir hríslan vel dregin og hefur þó drengurinn aldrei séð skóg. Kl. hálftólf fór ég frá Hóli og fékk ég fylgd þaðan upp á heiði (Grímdals-), var færð afar-vond ekkert hægt að komast nema á *þrúgum*, en ég bar þungt. Kom ég að Botni til Jóhannesar hreppstjóra og talaði við hann, því ég réðist hjá honum til róðra þetta vor, 1899, þegar ég fór úr Súgandafirði vestur 4. febrúar, sama dag og ég vistfesti hjá honum unnustu mína. Bauð Jóh. mér að vera um nóttina í Botni en ég vildi ekki og hélt á úteptir, skildi eptir poka minn á Laugum og kom að Langhól, til unnustu minnar undir háttatíma.

3. Mánudagur. Gott veður, tvíátta austan-vestan. Var ég um kyrrt á Langhól. Í dag kl. 6 e. háð. dó *Friðrik Verner* fyrv. bóndi á Kvíanesi, var hann fyrir skömmu kominn til stjúpsonar síns Jóhannesar Hannessonar hreppstj. í Botni, því hann (Friðrik) átti fyrir fyrri konu Guðrínu Sigurðardóttur, móður Jóhannesar, en ekkju Hannesar prests Arnórssonar; Friðrik sál. var góðum gáfum búinn til sálar og lífs. Nú hættir Vigdís móðursystir mín að búa í vor, og byggir hún eignarjörð sína Langhól, sem hún hefir búið á í 20 ár, Guðmundi bónda Sigurðssyni á Laugum, og hefur hún byggt honum hana um 8 ár, og má það óheppilegt kalla, þar sem öll börn hennar máttu heita fullorðin, Guðbjörg Lovísa, yngst af þremur, 14 ára gömul, unnusta mín Guðrún Anna 23 og Jón Guðmundur 20 ára. Verður Vigdís í húsmennsku á Langhól næsta ár og Jón sonur hennar hjá henni sem vinnumaður, en

Guðbjörg fer sem vinnukona til Guðmundar Sigurðssonar eptir það hann er fluttur að Langhól.

4. Þriðjudagur. Krapamold á norðan. Fór ég frá Langhól og inn á Suðureyrarmalir, fékk þar húsrúm hjá Jóhannesi Albertss. húseignarmanni, af því Jóhannes hreppstjórinn var ekki kominn til vers. Hörmulegt ástand í öllum Suðureyrarhreppi sökum heyleysis. Er ég nú kominn í þá sveit sem ég ætla að vera í og á lögheimili í (Keflavík).

5. Miðvikudagur. Moldbilur á norðan framan af deginum en hægði síðan með geysilegu ofankafaldi. Fór ég af Mölunum og út að Gelti áleiðis til Keflavíkur heimilis míns en gisti á Gelti um nóttina við góðan beina.

6. Fimmtudagur. Sviðrandi mold á norðan um morguninn en hægði síðan og gerði ofankafald, en rak á aptur sviðrandi bil. Um morguninn skrifaði ég árfíðandi bréf fyrir Guðmund Ásgrímsson, til Þorvaldar prófasts Jónssonar á Ísafirði. Síðan, þegar hægði, fór ég til Keflavíkur norður.

7. Föstudagur. Sviðrandi moldbilur á norðan. Var ég um kyrrt í Keflavík, og var að kenna. Kristján Sigurðsson, vinnumaður á Norðureyri sat líka um kyrrt í Keflavík; þótti ekki ráðlegt að sleppa honum daginn áður, 6. apr. sökum snjóhlaupa er kynnu að vera undir Geltinum, en hann fór til Keflavíkur 5. apríl, var hann að bera verfærur sínar sem hann ætlaði að koma til Skálavíkur, fjörur, en svo yfir Skálavíkurheiði til Bolungarvíkur þangað sem hann rær í vor; hagar hann þannig flutningi þessum sökum þess að allsendis er nú talið ófært að komast yfir heiðar vegna ófærðar og illviðra.

8. Laugardagur. Norðan harka en fjallabjart. Kómu í Keflavík: Guðm. Ásgrímsson á Gelti, Jón sonur hans og Guðm. Sigurðsson með 5 – fimm – gemlinga, sem Pálmi bóndi í Keflavík tekur af honum, en getur þó ekki, því hann sjálfur (Pálmi) er kominn í mikla heyþröng. Allir í Súgandafirði í dauðansneyð með skepnur sínar sökum heyleysis, og horfir til hinna mestu vandræða. Líka kómu: Pálmi Guðmundsson húsm. og formaður á Breiðabóli í Skálavík fyrrum bóndi á Brekku á Ingjaldssandi, bjó þar síðast 1896-97, og með honum Páll Árnason lausam. í Skálavík; vóru þeir að sækja Jón Pálmason í Keflavík, sem rær hjá P. Guðmundssyni í vor, í Skálavík.

9. Sunnudagur. All-gott veður fram á hádegi hvessti þá á norðan með kafaldi. Frost hart. Var ég um kyrrt í Keflavík, og var að skrifa, og las upp all-mikið af kvæðum eptir mig fyrir Pálma bóndann. Líka las ég þar ýtarlega að nýu „Úranía“, III. bindi úr *Bókasafni alþýðu eptir Camille (Cammille) Flammarión* frakkneskan rithöfund, þýtt af Birni Bjarnarsyni frá Viðfirði. Úranía líkar mér snilldarlega vel. Það er satt „að ódauðlegleikahugmyndin hefir jafnan átt sér friðhelgan bústað í djúpi mannlegrar meðvitundar.“

10. Mánudagur. Gjóstur á norðan með kafaldi. Var ég í Keflavík, að kenna, og vildi Pálmi að ég færi ekki til Súgandafjarðar „að svo stöddu“, kvað Jóhannes hreppst. mundi ekki verða kominn til vers.

11. Þriðjudagur. Stillt veður. Þíkk lopt um morguninn, en heiðbirti síðan og

gerði fagurt veður. Fór ég frá Keflavík til Súgandafjarðar, fékk flutning á Norðureyri. Þegar ég kom að Suðureyri mætti ég bréfi frá unnustu minni, sem færði mér þá fregn að hún hefði legið veik í 3 daga, fór ég þá út að Langhól og var þar um nóttina. Unnusta mín var á góðum batavegi.

12. Miðvikudagur. Bezta veður. Þæfði ég vaðmál fyrir Vigdísi móðursystur mína með G. unnustu minni, en fór síðan inn á Malir, gekk um leið í Keravík og tók þar kistil og brók sem ég átti von á frá Flateyri með Guðmundi bónda Jónssyni frá Görðum í Önundarfirði, þá formanni í Keravík. Jóhannes í Botni ekki kominn til vers enn. Jeg svaf hjá Jóh. Albertssyni.

13. Fimmtudagur. Hvass á norðan með talsverðu kafaldi. Jeg um kyrrt á Mölunum, en fór heim að Suðureyri og fekk bækur til að lesa hjá Þórði húsm. Þórðarsyni, hann er skilg. bróðir Guðrúnar yfirsetukonu, konu Kristjáns Albertssonar bónda og sveitarkaupmanns á Suðureyri; hann (Þórður) er gáfaður maður liðlega tvítugur að aldri, en giptur orðinn, kona hans heitir Sigríður Einarsdóttir. Á Suðureyri eru 2 búendur: Kr. Albertsson sýslunefndarmaður og sveitarkaupmaður, og Þorbjörn Gizursson, gamall maður, kona hans er Sesselía Magnúsdóttir hins ríka í Tungu í Bolungarvík. Þorbjörn er gáfaður mjög og vandaður í allri framkomu, en talinn sérvitur. Þessir eru formenn á Suðureyrarmölum vorið 1899: Jóh. Hannesson í Botni, hreppstjóri, Guðm. Sigurðss. á Laugum, sem flytur að Langhól og Jón Einarsson á Suðureyri, giptur Kristínu, dóttur Kr. Albertssonar, eptir fyrri konu hans sem Kristín hét Guðmundsdóttir frá Suðureyri í Súgandafirði. Með Guðr. seinni konunni, er Kr. Albertsson búinn að eiga 10 börn. Jeg var að lesa sögur og kveða Hálfðánarrímur mínar í húsi Jóh. Albertssonar, svo afritaði ég fyrir Maríu dóttur hans *Jólavers 1898*, eptir mig. Jóh. Albertsson er bróðir Kristjáns á Suðureyri, hefur hann búið 16 ár á Norðureyri en brá þar búi og flutti á Suðureyrarmalir vorið 1898, kona hans er Sigríður Jónsdóttir, ættuð úr Önundarfirði, þau eiga 3 börn á lífi: Örnólf, Maríu, og Albert Finn, hann er 14 ára gamall og yngstur. Hjónin eru hnígin að aldri.

14. Föstudagur. Stillt veður heiðbjart, grímt frost. Kominn hafís. Um morguninn kvað ég formannavísur, 8 erindi um formenn á Suðureyrarmölum vorið 1899. Síðan fór ég inn í Botn til að tala við Jóhannes tilvonandi formann minn, en þegar ég kom inn á ísinn fram undan Kvíanesi, mætti ég Jóhannesi, var hann á leið að sækja hval út undir Lauga, þangað sem lagnaðarísinn náði, sneri ég þá við og fór með Jóh. eptir hvalnum. Jóhannes hafði farið vestur að Sólbakka 12. apríl, við þriðja mann, á göngu, Valdimar Þorvaldssyni í Selárdal og Jared Hafliðasyni á Gilsbrekku, fluttu þeir hvalinn norður á róðrabát sem Kristj. Albertsson á Suðureyri átti vestur á Flateyri, og kómu norður næturtíma; vissu fáir um ferð þeirra, og þótti ferðin góð, því ærinn fengu þeir hval. Er nú hart á millum manna, og þó verst heyleysi og eldivíðarleysi, snjór er svo mikill að engin man þvílíkan um þennan tíma. Jeg var í Botni um nóttina.

15. Laugardagur. Sama veður, en gekk til suðausturs seinni hluta dagsins. Var ég um kyrt í Botni. Hlýddi ég yfir og spurði út úr „kveri“ og Biflúsögum, Guðjón

Bjarnason, bróðurson Guðrúnar Ólafsdóttur konu Jóh. Hannessonar hreppstjóra. Nú eru sumir farnir að skera kindur sínar og margir á leið til vegna heyleysis.

16. Sunnudagur. Stíllt veður, þíkt loft og frostvægt. Var ég í Botni. Í Botni eru 2 búendur: Jóh. Hanness. hreppstjóri, og Sveinbjörn Pálsson. Heimilisfólk hjá Jóhannesi og konu hans, er; dætur þeirra Sigríður Híramína, og Hansína Guðrún Stefanía Kristín (4 nöfn); Guðjón Bjarnason; Pálína Ólafía Sveinbjarnardóttir, vinnukona að hálfu; Jóna Benónía Guðmundsdóttir, 9 ára gömul, tökubarn, og Þorgils Guðmundsson gamall maður, aumingi, á sveit.

17. Mánudagur. Ofankafald framan af deginum og dimmur á norðan með allmiklu frosti. Sótti ég hval út á skör með Sigríði Híramínu Pálinu og Guðjóni, spurði Guðjón útúr og fl.

18. Þriðjudagur. Gott veður heiðbjart. Eptir skattinn um morguninn, fór ég og Guðjón út að Suðureyri og sóttum bát sem Jóh. Hanness. átti („Gísla“), rerum honum inn að skör, síðan fórum við út á Suðureyrarmalir til vers. Jóhannes átti sexræðing, er hann nefndi í höfuðið á sér, „Jóhannes“, en vantaði á hann einn manninn af því Jared á Gilsbrekku sveik; um kvöldið, eptir að við kómum úteptir, fór ég því út í Keravík fyrir Jóh. formanninn, til að vita um mann sem Guðmundur frá Görðum ætlaði að lána Jóhannesi til Hvítasunnu; Guðm. gat ekki misst manninn, því einn háseti hans var ekki kominn til vers (Jón Jónss. bóndi á Vífilsmýrum).

19. Miðvikudagur. Gott veður. Fórum á sjó, fiskuðum 90, í fyrsta sinni. Hásetar hjá Jóh. Hannessyni eru þessir: Sveinbjörn Pálsson bóndi í Botni, sem flytur búferlum að Laugum, Einar Jónsson vinnumaður á Suðureyri, hjá Kr. Albertssyni, Bjarni Þórðarson lausamaður á Suðureyri, ljúfmenni, bróðir Jóhanns í Selárdal, Magnús Hj. Magnússon og Jón Jónsson frá Breiðadal, bróðir Guðmundar á Görðum. Einar Jónsson á Suðureyri er stakasta prúðmenni í hvívetna og greindur vel, *Kristín* hét kona hans, bjó hann með henni á Bakka í Skálavík um mörg ár; á hann 2 börn á lífi: Jón, formann á Suðureyri, og Sigríði konu Þórðar Þórðarsonar á Suðureyri. Hann (Einar) hefur ritað Dagbók síðan 1882.

20. Fimmtudagur. Sumardagur fyrsti. Austnorðan mold og fjarska frost, eflaust það grimmast á vetrinum. Fórum við Jóhannes hreppstj. heim, börðum á bát inn í Þorleifsvík (fyrir innan Laugar) og gengum svo þaðan á ís inn í Botn og bárum í soð.

21. Föstudagur. Hvass á austnorðan um morguninn með 11 stiga frosti, en hægði og þíkknaði í loptið þegar leið á daginn. Dróum inneptir sem við fluttum dagin áður, fórum svo út aptur um kvöldið.

22. Laugardagur. Stormur á norðan með grimdarfrosti og kafaldsríki. Sótti ég og Jóh. hreppstjóri, Guðrúnu Önnu unnustu mína að Langhól, fórum svo inn í Botn. Er þá unnusta mín komin þangað sem áformað er, að hún verði þetta ár.

23. Sunnudagur. Norðan moldbilur og grimmdarfrost.

24. Mánudagur. Öskrandi moldbilur á norðan með frosti. Var ég við fjárgjafir í Botni, og svo að spyrja Guðjón út úr. Nú er lítt orðið mögulegt að komast í peningshús í Botni, snjórinn er svo mikill að dregið er af hverjum húsmæni, og verð-

ur að ganga inn um heygarða, og hlöðubjóra til að sinna skepnum. Heyvandræði hjá *almenningi* hér í sveit og horfir til fellis. Alstaðar út á sveitinni þar sem næst til sjóar, eru söl sótt á hólma og sker og þari krakaður upp með orfum og hrífum. Jóhannes hreppstj. í Botni ritar skrár í sérstakar bækur reglulegar mjög, yfir allt sem hann kaupir og fær að láni í þarfir heimilis síns, eru fáir sem hirða um að skrifa slíkt, en sem flestir ættu að gjöra. Margar slíkar skrár sá ég hjá Jóh. í dag (24. apr. '99).

25. Þriðjudagur. Dimmur með frosti framan af deginum en birti síðan. Jeg dauð-veikur – lá í rúminu – nærri farinn. Um morguninn eptir að komið var á fætur á Kvíanesi, heyrðust mikil hróp á Gilsbrekku, og var farið frá Kvíanesi til að vita hvað væri, en það var *Eltzabet* kona Jareðs Jónss. bónda á Gilsbrekku, hafði hann skilið hana eina eptir heima með 2 ung börn sem þau áttu, án þess að biðja nokkurn að styrkja hana að nokkru, og var farinn í burt fyrir *háfum mánuði* norður í Bolungarvík. Konan var *allsendis ljargarlaus* heima, og komst ekki út úr bænum sökum snjós er fyrir dyrunum var til að ná heytuggu fyrir kúna. Hvalinn sem Jareð var með að fá á Sólbakka, hafði hann skilið eptir út á ísskör, og gerði því Elízabet Jóh. hreppstjóránur boð í þetta sinn, að hafa einhver ráð með að hjálpa sér að ná af hvalnum sér til lífsbjargar, léði Jóhannes strax 3 stúlkur og sleða til að nálgast hvalinn, og fóru Guðrún unnusta mín, Sigríður Híramína og Pálína Sveinbj.d. Elízabet var og gefið talsvert frá Botni henni og börnunum til lífsviðurhalds.

26. Miðvikudagur. Gott veður. Kl. að ganga til 5 um morguninn fórum við sjómennirnir af stað úr Botni gangandi út á ísskör og þaðan á bát út á Malir og síðan á sjó, 4 á 6-ræðingnum, ég sá fjórði, fór ég það með miklum þjáningum því svo var ég veikur. Hvenær ætlar þú himneski lífgjafi, að bæta mér upp mínar heilsuleysisþjáningar. Við fiskuðum 26.

27. Fimmtudagur. Hvass á austnorðan með grimmdarfrosti sem er á hverjum degi. Gaf ekki á sjó. Fór ég út að Pverá fyrir formanninn (Jóh. hreppstj.) og fann Jens Arnbjarnarson smið.

28. Föstudagur. Austnorðan gjóstur og frost. Fórum á sjó, fiskuðum 8, má heita fisklaus sjór því þannig er afli hjá öllum í Suðureyrarhreppi (Súgandafirði). Jeg að hressast. Dó *Friðbert* gamli í *Hraunakoti*; hann var ágætur gáfumaður, en ekki skáld þó Sighvatur á Höfða segi það, og eru honum því *ranglega* eignuð „ljóðmæli“ (eptirmæli, erfiljóð) eptir Magnús sál. á Gemlufelli sem prentuð eru í *Minningu Magnúsar og Guðrúnar*, því „ljóðmæli“ þau eru eptir *Sigurlína Kristjánsson* í Dýrafirði, kunningja minn; sagði Friðbert sál. mér sjálfur, að sér þætti leiðinlegt að vera nafnbundinn við það sem hann ætti ekki orð í, en sagði mér jafnframt, að Ingimundur sál. Teitsson, er kostaði ávikið rit á prent hefði beðið sig fyrirgefningar á því tilgripi, sem stafaði af því, að Sigurlíni vildi ekki láta sitt nafn sjást undir ljóðunum á prenti.

29. Laugardagur. Norvestan mold meginhluta dagsins. Fórum heim.

30. Sunnudagur. Gott veður á norvestan. Réðist ég vinnumaður að hálfu hjá

Jóhannesi hreppstj. í Botni, þetta ár, en frá þeim tíma er unnusta mín kom í Botn 22. þ.m. og til jafnlengdar 1900. Fórum út.

Maí

1. Mánudagur. Frostlaust veður á norvestan með talsverðu úrfelli. Fór Jóh. og ég gangandi heim í Botn til að moka frá húsum sem öll voru vegna snjósins sem lagði þau í kaf.

2. Þriðjudagur. Sama veður. Kl. 2 um nóttina fórum við Jóh. út á Malir, héldum að væri sjóveður, sem þá ekki var. Flutti ég yfir fjörð Sigmundínu í Hraunakoti, ekkju Friðberts sál., beiddi hún mig að kveða fyrir sig Eptirmæli eptir mann sinn, en það hafði ég hugsað mér áður.

3. Miðvikudagur. Sama v. Fórum á sjó, fiskuðum 40.

4. Fimmtudagur. Vestan vindur með skúrum stundum; lagði all-þungan að um kvöldið. Fórum á sjó, fiskuðum um 120 (stórt h.), og að auki stóra spröku sem Jóhannes dró. Lá vindur beint ofan af landi og varð að róa neðan úr svo kölluðum Eldingum og alla leið í vörina; sjór (alda) var þó lítil.

5. Föstudagur. Stormur á suðvestan með hríð um morguninn. Fór ég fyrir Jóhannes inn í Botn, eptir það búið var að gera til aflann frá því daginn áður, bar eg þungt inn eptir, hélt svo út á Malir aptur. Beiddi Jóhannes mig að vera líkmann að Friðrik sál. Verner, er andaðist 3. apríl.

6. Laugardagur. Grimmdarstormur á suðvestan. Voru jarðsettir: Friðrik sál. frá Kvíanesi og Friðbert sál. frá Hraunakoti. Sóknarpresturinn Janus próf. Jónsson í Holti, flutti ræður eptir þá báða, og sagðist heldur vel. Að Friðrik Verner voru þessir líkmenn:

Jóhannes hreppstjóri í Botni,
Jóhannes Guðmundss. bóndi, Kvíanesi,
Guðm. Sigurðss. bóndi, Laugum,
Sveinbjörn Pálss. bóndi, Botni,
Pétur Sveinbjarnarson, Botni, og
Magnús Hj. Magnússon, Botni.

Að Friðbert sál. voru þessir líkmenn:

Valdimar Porvaldsson, Selárdal,
Kristján Porvaldsson, Selárdal,
Guðm. Guðmundsson, Suðureyri,
Guðm. Jónss. bóndi, Vatnadal,
Þórður Jónss. húsmaður, Vatnadal, og
Friðgeir Guðmundsson, Vatnadal.

Allir sem voru líkmenn að Fr. sál. Verner, gáfu ekkjunni líkmannskaupið. Þegar við kómum inn á Malirnar um kvöldið, fórum við Jóh. og hásetar hans, að búa að róðrarskipi okkar, vorum svo í verbúð okkar um nóttina.

7. Sunnudagur. All-hvass á suðvestan um morguninn en hægði svo og var bezta veður um daginn, en kl. 5 um kvöldið tók að hvesa aptur. Messaði Janus prófastur á Stað. Jóh. hreppstj. fór til kirkju en síðan beiddi hann mig að koma með sér inn í Botn á bát inn að ís; fengum við *liðlegustu* baráttu, kómumst á bátnum inn fyrir Hlíðarhús (beitarhús á Kvíaneshlíð, tekin niður fyrir fáum árum) þangað var lagnaðarísinn orðin leystur, svo gengum við og bárum inn í Botn en fórum næstum strax af stað aptur, og urðum við að róa úteptir alla leið og setja bátinn tveir á Mölunum um hálfjör, og var komið á nótt langt þegar við kómum í búðina. Um þessa helgi ætlaði ég ekkert heim, og var ég því búinn að skrifa unnustu minni.

8. Mánudagur. Gott veður. Fórum á sjó, fiskuðum 70, vorum fjórir á sexræðingnum, því Jón í Breiðadal var fyrir vestan; hann fór heim til sín um helgina.

9. Þriðjudagur. Gott veður, en svartabik af þoku. Fórum á sjó, fiskuðum 70.

10. Miðvikudagur: Sama veður. Var ekki farið á sjó. Við ruddum vörina, fórum svo heim um kvöldið, kómumst á bát inn í Sand, það er á Kvíaneshlíð. Þegar við vorum að ganga inneptir fyrir utan Kvíanes, fundum við rekin trjábrott nokkur úr brúnni af Botnsá, er Jóhannes Hannesson hafði sett á hana fyrir nokkrum árum og kostað all-miklu til, en snjóflóð höfðu brotið hana um veturinn en áin flutt brotin til sjávar þegar leysa tók; dróum við trébrott þau sem rekin voru undan sjó, fórum snöggvast heim í Botn, og sóttum svo bátinn út í Sand, og stjokuðum honum inn á fjörð í gegnum ísinn, og urðum við opt að setja hann yfir jakana, fundum við mestallt úr brúnni, sem við vorum að leita, fluttum það út fyrir Kvíanes, fórum svo með bátinn aptur út í Sand, fórum svo heim, var þá komið á nótt.

11. Fimmtudagur. Uppstigningardagur. Bezta veður. Er nú einlæg vestanátt og ágæt tíð upp á landið, þó er grófur snjór enn þá inn til dala. Fórum út (á bát).

12. Föstudagur. Hægur með kolabiki af þoku um morguninn, en eptir dagmálin varð *bálhvass* á austnordan. Fórum á sjó, fiskuðum 40, fengum baráttu frá Hólnum, norðan til við Sauðanesið.

13. Laugardagur. All-hvass á norðan með frosti um nóttina. Um morguninn strax fórum við heim því ekki gaf á sjó, síðan fór Jóh. hreppstjórinn, kona hans (Guðr. Ólafsdóttir) og ég inn á Ísafjörð. Jeg gisti á gestgjafahúsinu um nóttina hjá *Sölva* gestgjafa *Þorsteinssyni* frænda mínum, og keypti 25 aura rúm. Rúmið var gott. Jeg beiddi móður mína, Friðriku Kristjánsdóttur saumakonunni, að lofa mér að vera, en hún sagðist ekki geta það. Jeg er ekki uppallinn hjá móður minni enda hefur hún litla móðurlega alúð mér sýnt, og er það sárt.

14. Sunnudagur. Bezta veður, en grimmt frost um nóttina. Fórum af Ísafirði, bar ég 5 fjórðunga fyrir Jóhannes; kómum við kl. 10 1/2 (hálfellefu) um kvöldið að Botni, höfðum við Jóh. þar að eins fataskipti, og fórum svo strax út á Malir á bát.

15. Mánudagur. Gott veður; vestanáttaður framan af deginum, en gekk svo til norðurs. Fórum á sjó, fiskuðum 70 af einberum steinbít.

16. Þriðjudagur. Gott veður norðan. Mikið frost um nóttina. Fórum á sjó, fisk-uðum 170 (tírað hundrað og sjötíu).

17. Miðvikudagur. Garður á austnorðan og kaldur. Gaf ekki á sjó. Vorum við að setja upp hjalla og flytja til steinbít. Kómu úr Botni út á Malir: unnusta mín G. A. Magnúsdóttir og Rósinkranza Sveinbjarnardóttir, bónda Pálssonar í Botni. Fylgdi ég unnustu minni til baka inn að Laugum.

18. Fimmtudagur. Stormur á norðan með talsverðu kafaldi. Um morguninn fór ég út að Langhól var svo við skriptir fyrir mig.

19. Föstudagur. Sama veðurlag. Um morguninn börðum við heim, fór ég svo út fyrir Kvíanes að sækja brúarviðinn með Jóhannesi húsbónda mínum. Kom auka-pósturinn, *Tómas Eiríksson* frændi minn, að Botni. Bréfhirðingastaður var settur í Botni haustið 1892.

20. Laugardagur. Vindur á suðaustan, með kafaldi eptir nónn, er varði til miðs aptans, þá gerði regn. Fyrri hluta dagsins var ég að rífa lyng og hrís (skóg) á gröndum í Norðurhlíðinni austur og móts við bæinn Botn, en seinni hluta dagsins var ég að hlýða yfir í Biflúsögum og „Kveri“ Guðjóni litla Bjarnasyni. Hann og öll þau börn sem staðfestast eiga í vor í Súgandafirði, eru kvödd af Janusi prófasti Jónssyni að koma til yfirheirslu að *Holti* 22. þ.m. og dvelja þar í viku sem vandi er til, en áformað er að ferma þau á Trínitatishátíð, á Stað.

21. Sunnudagur. Vestan þýðviðri, bezta veður (Hvítasunna). Var ég allan daginn við skriptir.

22. Mánudagur. Bezta veður, blíðviðri, og leysti snjó mikið, enda var á miklu að taka, má þó heita að ekki sé komið upp nema hæstu túnblettir. Fór Guðjón vestur í Holt, til yfirheirslunnar, og börn önnur héðan úr firðinum, er fermast eiga í vor. Fór ég út að Gilsbrekku á bát, með Jóh. húsbónda mínum. Frétti ég lát *pabba míns, Hjalta Magnússonar, á Fjarðarhorni í Seyðisfirði*, hann var í vinnu á Dvergasteini í Álptafirði hjá Herlufssen hvalfangara, og dó þar eptir litlar þjáningar, fyrir skömmu síðan. Pabbi minn var ljúfmenni mikið, vandaður í orðum og gjörðum, skáldorður og tókst opt vel að yrkja, kvað þó mest á síðari árum og hafði gott af. Hann skrifaði vel og ritaði jafnan fjölda af sendibréfum til ýmsra, lærðra og leikra. Fremur var hann örgeðja, og lét tilfinningar sínar opt fljótt í ljósi. Hann var lítill maður vexti, bráðlipur til gangs; laglegur til verka og vann mikið, enda ósérhlífinn; prýðilega þrifinn og hirðinn með allt sem hann hafði undir höndum. Hann dó rétt 60 ára.

23. Þriðjudagur. Sama veður. Nú skal þess getið, að um morguninn fekk hreppstjórinn í Suðureyrarhreppi, Jóhannes Hanness. í Botni, bréf frá Hannesi Hafstein sýslumanni Ísafjarðarsýslu, með Kristjáni Albertssyni sýslunefndarmanni á Suðureyri, og hljóðaði það (bréfið) svo:

Ísafirði, 21/5. 1899.

„Með því að grunur leikur á því að veikur sjómaður frá skipinu „Gunnar“ sem fyrir nokkru síðan var lagður upp á Gelti undir nafninu Jón Jónsson, og sem nú kvað vera dáinn, hafi réttu lagi heitið *Stefán Valdason*, og verið sá sami er í síðastliðnum febrúarmánuði var dæmdur í betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals gagnvart landsbankanum, en strauk frá Straumfirði, þá skal ég hér með skora á yður herra hreppstjóri, fyrir mína hönd að skoða líkið og senda föt hans hingað. Eptir lýsingu sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu, var Stefán Valdason 35 ára, meðalmaður á hæð eða tæplega það, grannur, með skoljarpt hár, fremur dapur eða raunalegur á svip, stiltur og hæglátur í viðmóti, hafði áður skegg um munn og vanga, ljósleitt eða gulleitt en haft líklega rakað það af sér um miðjan f. m. Þegar hann fór um Dalasýslu á vesturleið hingað, var hann í móleitum (köflóttum) buxum og vesti og í dökkum jakka en hafði í fórum sínum annan jakka, samlitan buxunum og vestinu; otur skinnshúfu hafði hann á höfði. Sé fregnin um, að háseti sá sem lagður var upp á Gelti, sé dáinn, sönn, þá á samt að vera hægt að sjá, bæði á líkinu og fötunum, hvort framangreind lýsing passar, og þyrfti ég að fá skýrslu um það sem fyrst og fötin send *ef* lýsingin passar. Annars, ef lýsingin getur *ekki* átt við þann mann sem um er að ræða, þá þarf ég ekki að fá fötin hingað. En ef maður þessi skyldi vera lifandi og í apturbata, þá fel ég yður hér með þjónustusamlega, að sjá um að hann komist ekki burtu, og færa hann á minn fund þegar er heilsa hans leyfir.

H. Hafstein

Til Hreppstjóra Suðureyrarhrepps, Botni.“

Er bréfið hér skrifað eptir *eiginhandarriti sýslumanns sjáfs*, er hreppstjórinn lánaði mér. Þegar Jóhannes (hreppstjórinn) hafði lesið framanritað bréf, bjó hann sig hið skjótasta af stað og ég með honum, fórum við á bát út að Norðureyri, en þaðan gangandi út að Gelti, síðan skoðaði hreppstjórinn með tveimur vottum, Guðmundi Ásgrímssyni bónda á Gelti, og Magnúsi Hj. Magnússyni frá Botni, föt og lík hins látna „Jóns Jónssonar“ (*Stefáns Valdasonar*); að lokinni gjörð þeirri skrifaði hreppstjóri Sýslumanni bréf svo hljóðandi:

„Hér með tilkynnist yður herra sýslumaður Ísafjarðarsýslu, að eptir áskorun yðar í bréfi dagsettu 21. þ.m. sem ég meðtók í morgun, hefi ég í dag í undirskrifaðra votta viðurvist, skoðað lík og föt Jóns Jónssonar sem sig svo nefndi, og sem var lagður á land, veikur, hér á Gelti fyrir 14 dögum síðan. Fyrst vóru skoðuð fötin og vóru þau samkvæm lýsingunni í bréfi yðar. En nú skal þess getið að sá látni lét hér á Gelti skrifa 2 bréf sama dag og hann andaðist, en bréfin fyrir hann skrifaði Halldór Guðmundsson vinnumaður hjá Guðrúnu Sigurðardóttur í Bæ, en til róðra á Gelti, og opnaði ég þau (bréfin) í votta viðurvist, þá stóð á fæti beggja bréfanna: *Stefán Valdason*, sem þér sjálfir getið séð, því ég sendi yður bæði bréfin, en undir eiðstilboð var ekkert í þeim lesið nema nafnið St. Valdason. Hér næst var skoðað

líkið sjálft og var það að álitinu mínu og vottanna samkvæmt lýsingunni í bréfi yðar. Þess skal getið að líkkistan var ekki burtu flutt frá Gelti og ekki búið að negla aptur kistuna, og fór því skoðunin að öllu leyti hér fram á Gelti.

Staddir á Gelti, 23. maí 1899.

Jóhannes Hannesson
hreppstjóri.

Vottar: Magnús Hj. Magnússon
Guðmundur Ásgrímsson.“

Við Jóhannes fórum inn á Malir aptur um kvöldið, og vorum þar um nóttina því við ötluðum á sjó daginn eptir.

24. Miðvikudagur. Suðvestan vindur um morgunin en hægði síðan og rigndi með köflum. Fórum við ekki á sjó. Um morguninn ritaði hreppstjórinn bréfið frá sýslumanni inn í bréfabók Suðureyrarhrepps og svo skýrslu okkar um skoðunargjörð á fötum og líki St. heit. Valdasonar, og las ég honum fyrir, síðan vorum við að hlaða varnarvegg.

25. Fimmtudagur. Þoka með kafaldi úr hafi, kuldalegt veður. Um morguninn fór ég með Jóhannesi á bát inn í Botn fór svo Jóh. gangandi á Ísafjörð, með skjölin til sýslumanns, viðvíkjandi Stefáni sál. Valdasyri. Samferða Jóhannesi í Ísafjörð, urðu Guðm. Ásgrímss. bóndi á Gelti og sonur Guðmundar Jón Hálfðán ekki tvítugur að aldri; hann (Jón) er trúlofaður, ekki þó opinberlega, kærasta hans er Arnfríður Guðmundsdóttir hreppsnefndarmanns á Suðureyri. Eptir það ég kom inn eptir, fór ég að leita að kindum sem höfðu vantað dagin áður, út á Gilsbrekkudal og fór ég fram að svo kallaðri Magnúsarurð. Jeg kom að Gilsbrekku til Elizabetar Hafliðadóttur, konu Jareds Jóns Hafliðasonar, og fekk góðan greiða. Elíza er prýðilega gáfuð og getur sér gott orð, og er því sárt að vita að hún skildi komast í höndur slíks manns er hún á. Eptir að ég kom heim aptur, fór ég að rífa hrís og lyng, hjálpaði til að láta inn (fé og hesta) um kvöldið og fl. Jóhannes kom samdægurs að innan (af Ísaf.).

26. Föstudagur. Gott veður. Kómu þeir Guðm. Ásgrímss. og Jón sonur hans að innan aptur, og fórum við þá á bát út á Malir. Var ég við ýmisleg störf um daginn.

27. Laugardagur. Geysilegt slagveður með köflum, á suðvestan. Kom unnusta mín, G.Á. Magnúsdóttir innan frá Botni, en síðan fór ég með henni út að Langhól og gistum við bæði þar um nóttina. Kvað ég 8 vísur fyrir Nafna minn Helgason á Gelti; til mömmu hans.

28. Sunnudagur. Trínítatis. Moldbilur um nóttina og snjóaði til sjóar en birti um morguninn með upprás sólar, og gerði bezta veður. Um morguninn (fyrir messu) var Stefán Valdason greptraður í Staðargarði, voru líkmenn að honum:

Guðm. Ásgrímss. Gelti

Jón Guðmundss. –

Markús Guðmundss. formaður, frá Læk í Valþjófsdal

Einar Hákonarson Norðureyri
Kristján Guðm.s. Kvíanesi, og
Guðm. Guðm.son, meðhjálpari á Þverá.

Fermdi Janus prófastur börnin á Stað, var þeim raðað eptir því sem þau vóru að sér, þannig:

Kristján Albert Kristjánsson, Suðureyri
Ólafur Kristján Valdimar Kárasen, Suðureyri
Guðjón Bjarnason, Botni, og
Albert Finnur Jóhannesarson, Suðureyri
Aðalheiður Guðmundsdóttir, Vatnadal
Guðbjörg Lovísa Magnúsdóttir, Langhól, og
Rósinkranza Sveinbjarnardóttir, Botni.

Réðist til róðra til Jóh. Hannessonar: Guðmundur Júlíus Pálsson, er fór, þetta var vinnumaður að Vatnadal til Herdísar Þórðardóttur, ekkju Maríasar sál. Þórðarsonar, er drukknadi 28. febrúar 1898. Jón Jónsson í Breiðadal fór frá Jóhannesi um Hvítasunnuhelgina, því ekki var hann lánaður lengur.

29. Mánudagur. Vindur á norðan. Fórum á sjó fiskuðum 100 (tíutú). Fyrsti róður Guðm. Júlíusar. Kom Pálmi í Keflavík í kaupstað að Suðureyri, sagði hann mér að móðir sín hefði þennan dag (29. maí 1899) gefið 3 – þrjú hundruð – eign hennar í jörðinni Norðureyri í Suðureyrarhreppi, bóndanum Guðm. Ásgrímssyni á Gelti, í þakkarskini fyrir hún dveldi hjá honum (Guðmundi) í ellihrumleika sínum. Beiddi Pálmi mig að rita svo löglegt væri, þessa gjöf móður sinnar, sem var með samþykki hans (Pálma), og gerði ég það. Móðir Pálma heitir Sigurborg Bergsdóttir, og er fast að því orðin *tíræð* (100 ára) að aldri, og er þó svo ern enn, að hún fer ofan, tekur upp rúm og fl. Hún var *ólétt* þegar hún var *fermd*, og hefur þó enzt þetta, gamla konan; hefir hún verið væn kona og vel látin.

30. Þriðjudagur. Suðaustan vindur með mikilli rigningu. Fór ég út að Langhól og reiddi ofan í Áros 2 kistur sem Guðrún unnusta mín átti.

31. Miðvikudagur. Stíllt veður um nóttina en hvesti svo á austnordan mjög. Fórum á sjó, fiskuðum 60. Var andóf erfitt fram úr máta en ég vesall framar venju, fengum harða baráttu af Galtarvíkinni í land.

Júní

1. Fimmtudagur. Suðaustan vindur. Fórum á sjó, fiskuðum 30. Kom unnusta mín inn á Hlaðsnes, síðan fór ég út í Dal fyrir Jóhannes. Flutti Guðmundur Sigurðsson búslóð sína frá Laugum að Langhól, lenti hann í Stöðinni (veiðistöð til forna), hjálpaði ég honum að bera upp, fór svo með hásetum hans á skipinu („Áslaug“) inn á Malir, en G. varð sjálfur út frá til að reiða heim.

2. Föstudagur. Gott veður austan um morguninn en hvessti síðan mjög. Fórum

á sjó, fiskuðum 80, fengum hvasst í land en gátum siglt með framseglinu. Síðan slörkuðum við 5 á 6-ræðing inn í Botn, höfðum mikið á, stór tré í brúna á Botnsá, og fl. Veður var hið *versta* inn á firðinum og var ákaflega harðsótt, kvaðst Jóhannes ekki hafa svo erfiða heimferð á Súgandafirði.

3. Laugardagur. Grimmilegt kafaldsbleytuslag og stormur á norðan. Samt fórum við út. Eptir kl. 6 síðdegis var haldið uppboð á eptirlátnum fjármunum Stefáns Valdasonar, og uppboð á munum eptir Elínu Sigmundsdóttir sveitarþurfaling er andaðist í Hraunakoti s.l. vetur; bauð ég upp en hreppstjórinn skrifaði.

4. Sunnudagur. Hvasst á austnorðan. Gengum við Jóh. heim. Strax eptir að ég kom inn eptir fór ég yfir í norðari hlíð að rífa skóg, og var við það þangað til kl. að ganga til 5, þá fórum við úteptir aptur; riðum við hestum frá Suðureyri sem vóru inn í Botni, vóru þeir vormagrir og kvað ég 2 vísur um.

5. Mánudagur. Hvasst á austnorðan. Gaf ekki á sjó. Vórum við ýmiskonar störf á landi, ég tjargaði bát („Gísla“) fyrir húsbóndann, var svo með að skipta steinbít þeim af afla okkar sem harður var orðinn, var komið til hlutar (af hörðum steinbít) 59. Þmislegt gerði ég fleira.

6. Þriðjudagur. Hvasst nokkuð á vestan með þoku og rigningu framan af deginum en birti svo og gerði gott veður. Gaf ekki á sjó. Jeg var að stokka upp lóðir en Jóh. hreppstjórinn fór út í Vatnadal að skrifa upp fjármuni Friðberts sál. Guðmundssonar í Hraunakoti. Um morguninn var *sólmirkvi*.

7. Miðvikudagur. Bezta veður. Hafði Jóhannes skipaskipti; fékk bát lánaðan hjá Kr. Albertssyni, þann er lá á firðinum við kúfisksplóginn („Sýldina“), en í þess stað lánaði hann aptur skipið sitt („Jóhannes“). Í dag fór Einar frá Jóhannesi því Kr. Albertsson þóttist þurfa hans með, en hann (Einar) var lánaður Jóhannesi á þann máta að Kristján mætti taka hann þegar hann þyrfti. Við fórum á sjó 4 á Kristjánsbátnum, fiskuðum 50. Vóru fyrst lagðar lóðir í fjörðin á þessu vori.

8. Fimmtudagur. Hvasst á suðaustan. Við fórum ekki á sjó en hinir af Mölunum fóru og fengu harðdrægt, fiskuðu hæst 220 (tölfr.). Skrifaði ég fyrir Jóh. hreppstjórann gjaldseðlana viðvíkjandi uppboði St. Valdasonar. Endaði ég að hreinskrifa kvæði eptir mig í bók þá er ég tók að halda áfram með að rita í fimtudaginn 23. marz, þ.á. Einnig hreinskrifaði ég nokkrar vísur í vasabókinni minni er ég kvað á Ísafirði sumarið 1896. Síðast um kvöldið gerði slagveður.

9. Föstudagur. Ofsa-stormur og rok á vestan. Gengum við Jóh. heim í Botn og fórum svo yfir í norðari hlíð að byggja upp stekkjarkví. Guðr. unnusta mín hefir legið veik þessa viku og hefir yfir höfuð verið mjög veik síðan hún færðist í Botn 22. apríl þ.á. og er það sárt svo heilsuveikur sem ég sjálfur er. 6. þ.m. fóru kýr *fyrst* úr fjósi í Botni, og sama dag var birjað að vinna þar á túni, var það ekki hægt fyrri sökum snjós.

10. Laugardagur. All-gott veður. Snemma um morguninn fórum við Jóh. út á Malir; síðan var farið á sjó, og fiskuðum við 50, fórum svo heim (inn í Botn) um kvöldið.

11. Sunnudagur. Stillt veður en þíkt lopt og þoka. Fór Jóh. hreppstjórinn út að

Gilsbrekku til að taka þar út jörðina. Fráfarandi Jareð Jón Hafliðason, viðtakandi Pétur Pétursson sem um mörg ár hefir verið húsmaður í Klúku. Síðari hluta dagsins hjálpaði ég Jóhannesi að setja upp brúna á Botnsá, sem í Botni er og kölluð Langá. Um kvöldið síðast fórum við gangandi út á Malir. Um þessar mundir eru 5 – fimm – kvenmenn *vitskertir* í Bolungarvík, sem eru þessar:

1. Elízabet Brynjólfsdóttir, hefir verið vitskert um mörg ár.
2. Elín Árnadóttir, um tvítugt.
3. Guðrún Bárðardóttir, ekkja.
4. Guðrún Hávarðardóttir, ung kona.
5. Guðmundína Guðmundsdóttir um þrítugt, ógipt.

Veit ég ekki dæmi til að í einni sveit séu 5 manneskjur vitskertar.

12. Mánudagur. Hæglátur fyrst um morguninn en hvessti svo mjög á vestan. Fórum við fyrst í fjörðinn, plægðum kúfisk og beittum 10 lóðir, fiskuðum 50. Um kvöldið haldinn fundur á Suðureyri af hreppstjóra Suðureyrarhrepps, Jóh. Hannessyni, á þeim fundi voru kosnir á þingmálafund: Jóh. hreppstjórinn og Eiríkur Egilss. bóndi á Stað.

13. Þriðjudagur. Hæglátur um morguninn en hvessti svo mjög á vestan með talsverðu úri. Við rerum aptur í fjörðin, fiskuðum 30. Jeg sárþjáður í höfðinu, enda eflist stórum höfuðþjáning mín við að róa þungan róður, eins brjóstveikindi mín; af öllum verkum fellur mér því erfiðast að sækja sjó, og er líka að öllu óhneigður fyrir hann. Kom aukapósturinn í Botn (F.G.) þrem dögum á eptir áætlun.

14. Miðvikudagur. All-hvass á vestan með mikilli rigningu. Fórum á sjó, fiskuðum 80. Út á hafi hittum við þilbátinn „Bolla“ frá Ísafirði, Ólafur Guðbjartur Jónsson? skipstjórinn bauð okkur um borð, og veitti okkur bezta greiða.

15. Fimmtudagur. Stormur á vestan. Gaf engum á sjó. Tók Jóh. hreppstj. út jörðina Langhól. Ofanálag varð á annað hundrað krónur, enda mega hús þar öll heita, *niður fallin*, svo skuldasúpa Vigdísar frænku minnar stafar alls ekki af kostnaði sem hún eða hennar hafa lagt í húsabyggingar. Jeg fór inn í Botn fyrir Jóh. hús. minn og bar í soðið, unnusta mín fylgdist með mér úteptir áleiðis til Ísafjarðar með gufuskipinu „Skálholt“; hún hélt út að Langhól til móður sinnar, og fylgdi ég henni út á Brimnes, svo eptir að Jóh. hreppstjórinn kom frá úttektinni á Langhól, vakti ég með honum fram á miðnætti til að afrita ýms skjöl til sýslumannsins (H. Hafsteins).

16. Föstudagur. All-hvass á vestan með all-mikilli rigningu. Fór ég inn í Botn á bát með Jóhannesi. Með okkur inneptir var Helga Pétursdóttir frá Gelti, sem fór vinnukona að Gilsbrekku til Péturs bróður síns, með dóttur sína Guðr. Oddnýu. Unnusta mín beið á Suðureyri um dagin og fl. sem voru að bíða eptir „Skálholt“, er átti að koma sunnan þennan dag. „Skálholt“ kom síðast um kvöldið, þegar fólk var að háttu var þá strax brugðið við og flutt út um borð fólk sem tók sér far frá Súgandafirði til Ísafjarðar, þar á meðal var unnusta mín og fór ég líka út um borð.

Þar (um borð) hitti ég Sighv. Gr. Borgfirðing, fræðimann á Höfða í Dýrafirði, og talaði hann við mig marga viðvíkjandi skáldskap sínum og ættfræði. Beiddi hann mig að láta sig fá skriflegt hver börn Friðbert sál. í Hraunakoti átti með konum sínum hverri fyrir sig og gera sér góða grein fyrir, hét ég honum því.

17. Laugardagur. Hvass á vestan með rigningu að öðru hverju. Gaf ekki á sjó. Fór Jóh. og ég heim. Á bátnum með okkur inneptir voru: Virðingar og úttektarmaður Þorbjörn Gizursson á Suðureyri og Kr. Albertsson sveitar kaupmaður og sýslunefndarmaður á Suðureyri, voru svo tekin út í Botni 3 hndr. Þau í jörðu er Sveinbjörn Pálsson fór frá þetta vor, en viðtakandi er Kristján Albertsson sem ætla að hafa þau til slæгна. Eptir að ég kom inneptir ritaði ég vorhreppskilaseðilinn fyrir hreppstjórnann.

18. Sunnudagur. Hæglátt veður með mikilli rigningu meginhluta dagsins. Afritaði ég fyrir Jóh. hreppstjórnann fundargjörð frá 20. febrúar 1897 upp úr fundarbók Suðureyrarhrepps. Rak ég á burtu hross frá Suðureyri sem ávalt sækja inneptir og standa hér (í Botni) í túni og engjum um nætur og daga. Kom það gangandi af Ísafirði aptur, Botnsheiði, sem ferðaðist með „Skálholt“, þar á meðal Guðrún Anna, unnusta mín; hitt var: ekkja Herdís Þórðardóttir húsfreyja í Vatnadal, Guðm. Júlíus Pálsson vinnumaður í Vatnadal, Ástríður Halldórsdóttir vinnukona í Vatnadal, og Þórun Magnúsdóttir vinnukona á Suðureyri. Kom Eiríkur Egilsson bóndi á Stað áleiðis til Ísafjarðar ásamt Jóhannesi Hannessyni hreppstjóra Suðureyrarhrepps á þingmálafund sem haldast á Ísafirði á morgun, 19. júní.

19. Mánudagur. Stillt veður vestan með all-mikilli rigningu. Kl. að ganga til 1 um nóttina fór ég út á Malir, gangandi. Fóru allir á sjó nema hásetar Jóh. Hannessonar sökum þess að Guðm. Júlíus vantaði, en í staðinn Jóh. ætlaði á sjóinn Einar gamli Jónss. á Suðureyri er reri framan af vorinu hjá Jóhannesi. Jeg fór út að Langhól, þar hjálpaði ég Arínu konu Guðmundar Sigurðssonar til að taka frá (lömb undan ám).

20. Þriðjudagur. Stillt veður fyrst um morguninn en svo gjóstur á norðan, gekk síðan til suðurs þegar leið á daginn og hvessti meir. Fórum á sjó, fiskuðum 90. Einar fór í staðinn Jóhannesar. Kom Jóh. af Ísafirði, frá þingmálafundinum, sem haldinn var í gær (19.).

21. Miðvikudagur. All-hvass á austnordan með mikilli þoku og all-miklu úri. Fórum á sjó, fiskuðum 70. Jeg var einn í andófi og var ég rétt orðinn uppgefinn; ég þjáist svo í brjóstinu af að andæfa svo þungt og því verra verð ég úti ef alda er mikil, því þá verður hristingurinn svo mikill. Það er þungt að verða að vinna sára-heilsuveikur, því svo lítur stundum út fyrir, að yfirmenn hugsi ekki ætíð um að setja heilsulausan þjón sinn í það vinnusæti sem honum betur liði. Og fyrir hinn heilsuveika getur ekkert verið verra en að vera viljugur og orðalaus, sá sem þannig er skapi farin mun optast verða fyrir mestu vinnunni og verstu.

22. Fimmtudagur. Logn á fjörðinn fyrst um morguninn og heiðbirt en þikknaði svo í loptið og varð all-hvass á austnordan; fyrir utan núpa var þó nokkuð hvasst strax um morguninn. Fórum á sjó, fiskuðum 130 (tíraðtt).

23. Föstudagur. Þyngslagarður á austnorðan en gekk til suðurs þegar leið á daginn, og rigndi um kvöldið. Fórum á sjó, fiskuðum 20. Eptir sjóferð börðum við Jóh. heim í Botn, kómum við í Selárdal þar tók ég pappírsbók sem Kristján Þorvaldsson batt fyrir mig, borgaði eg honum bandið um leið, í þá bók hreinskrifa eg dagskrift ruddu 14 manns, og vóru það þessir:

Eiríkr Egilss. bóndi á Stað
Guðm. Jónss. – í Vatnadal
Friðgeir Guðmsson, Vatnadal
Þórðr Jónss. húsm., Vatnadal
Guðm. Sigurðss. bóndi á Langhól
Sigurður Jónsson – – –
Halldór Guðmundss. (Jóhannessonar) vinnumaður í Bæ.
Jón Magnússon vinnumaður á Langhól.
Jón Þorbjarnarson vinnum. Suðureyri
Jón Einarss. húsm. Suðureyri.
Sveinbj. Pálss. bóndi Laugum.
Pétur (yngri) Pétursson (Klúku) Gilsbrekku.
Eiríkr Bjarnarson kaupamaður á Stað og
M. Hj. Magnússon í Botni

Um kvöldið gerði fúlveður.

27. Þriðjudagur. Fúlveður úr hafi. Plægðum kúfisk, fórum 4 drætti, fengum 200 tíræð.

28. Miðvikudagur. Gott veður austan. Fórum á sjóinn kl. 2 um nóttina og kómum í land kl. nokkuð gengin til 7 um kvöldið, fiskuðum 210.

29. Fimmtudagur. Fagurt og stillt veður um morguninn en varð bállhvass með sólinni, á austan, gekk meira inn í þegar leið á daginn (til suðurs) og rigndi. Fórum á sjó, fiskuðum 40.

30. Föstudagur. Fjarskaleg rigning allan daginn, unz um kvöldið að birti, og hvessti þá mjög á norðan. Grimmdarsjór. Gaf engum á sjó. Jóh. húsb. minn og ég öfluðum inn á Suðureyrar hlíð að ryðja hreppsveg, en snerum aptur á Suðureyri, því svo mátti heita að engum manni væri fært út úr húsi. Var ég svo að færa inn í Dagbók mína (hreinskrifa) síðara hluta dagsins.

Júlí

1. Laugardagur. Hvass á norðan. Gaf engum á sjó. Um morguninn börðum við Jóh. heim í Botn svo fór ég yfir í hlíð að binda heim lyng, var ég svo með að baða fráfarulömbin, sem reka átti til fjalls daginn eptir, síðan fór ég yfir í hlíð um kvöldið, og Guðjón, og rifum þar birðar kimbil af hrísi, kvað ég þá vísu þessa í gamni við Guðjón:

Guðjón reynir – glaður – stáls,
glatar meinum trega,
forðum stein við hundsins háls,
hengdi' 'ann einarðlega.

Guðj. var með mér þegar ég drekkti Surt.

2. Sunnudagur. Hvass á norðan. Fórum út. Lentum í Selárdal eptir valmenninu Jóhanni Þórðarsyni ráðsmanni ekkjunnar Sigríðar húsfreyu Friðbertsdóttur í Selárdal og Valdimar Þorvaldssyni syni Sigríðar sem líka er valmenni, fóru þeir á uppboð eptirlátnra fjármuna Friðberts sál. frá Hraunakoti, er haldið var af hreppstj. Suðureyrarhrepps, Jóh. Hannessyni kl. 6 síðdegis, í Vatnadal.

3. Mánudagur. Hvass á suðaustan. Vorum við að skipta steinbít.

4. Þriðjudagur. All-hvass á suðaustan. Fórum á sjó, fiskuðum 60.

5. Miðvikudagur. Bezta veður. Fórum á sjó, fisk. 100 (tír.).

6. Fimmtudagur. Stillt veður með nokkurri rigningu. Fórum á sjó, fiskuðum 80.

7. Föstudagur. Vindur á vestan með all-mikilli rigningu. Fyrst um morguninn fórum við Jóh. um borð í „Skálholt“ og sóttum Guðmund Jónsson lausamann frá Gili í Bolungarvík, er hann kaupamaður á hverju sumri hjá Jóhannesi í Botni, upp í meðgjöf Jónu Benóníu, sem er dóttir Guðmundar. Skálholt var áleiðis til Reykjavíkur. Fórum við síðan á sjó, fiskuðum 120.

8. Laugardagur. Vestan vindur með lítilli rigningu. Skiptum við steinbít sem eptir var, og beinum, varð til hlutar af steinbít: hundrað (tólfrætt) og 60 C: 180 (tírrætt hundrað og áttatíu), svo fluttum við Guðmund Júlíus með hlut hans út í Árórs, var þá vertíð lokið, en síðan fórum við á bát inn í Botn; lögðum Sveinbjörn af á leiðinni, á Laugum, með hlut hans. Beiddi ég Sveinbjörn að koma með mér á bát vestur á Sand (Ingjaldssand) sem fyrst að veður leyfði, til að sækja kistur 2 sem ég átti þar eptir með ýmsum munum í, bókum, fötum og fl., bauð ég honum að borga honum ferðina fyrirfram í hverju sem hann vildi, vildi hann ekki þiggja það, en hét að fara með mér ferðina. Jóhannes Hannesson húsb. minn lofaði mér um vorið að styrkja mig til að nálgast hirzlur mínar að vestan og hét jafnvel að sækja þær með mér sjálfur, en aldrei framkvæmdi hann það. Þegar komið var fast að vertíðarlokum minntist ég á við hann, að ég þyrfti nauðsynlega að nálgast hirzlurnar að vestan, eyddi hann þá tali því mjög, og veitti mér enga ásja. Eptir að ég kom inneptir, hélt ég upp fótum á hestum Jóhannesar Dúlsífal og Skjóna, meðan Guðmundur Jónss. kaupamaðurinn járnaði þá, og ýmisl. gerði ég fleira.

9. Sunnudagur. Stormur á norðan um morguninn, en gekk svo inn í og til vesturs með grimdarslagi og þá veðrið enn meira. Var ég með að búa að bát („Gísla“), rak hesta fram á dal og fl. Las ég og í bókum, sögu *Espólíns fróða* sem ég sjálfur átti, er gott mál á henni sem flestöllu eptir *Gísla Konráðsson*, enda ritaði hann, að sögn allra sem vit hafa á, nauðalíkt máli Espólíns, sem skrifaði Íslenzkt mál manna bezt á sínum tíma, og var þar að auki hinn mesti sagnafræðingur, verður því minning hans í heiðri höfð, meðan nokkur skilur Íslenzkt mál. Espólínssögu keypti ég

frá Þingeyri, þegar ég var að kenna á Mýrum 1897. Þennan dag las ég líka Vígkæns sögu kúahirðis og Villifers sögu frækna, þegar ég var að lesa hana, féll mér í hug þessi vísa:

Græddu bjarma gróins sands,
Gínars bjarma vinir,
Svo til Bjarma sigldu lands
Sjóar bjarma hlynir.

Nú á ný tek ég upp á sið þeim sem ég forðum hafði, að rita allar gestakomur; er það fróðlegt og getur verið *gagnlegt*, og jafnvel *naudsynlegt* að gjöra það. Jafnframt rita ég þegar einhver fer út af heimilinu.

10. Mánudagur. Hæglátur á vestan með litlu úri en þoka á fjöllum og þikkt lopt. Var ég með að rífa hrís og lyng og reiða það heim. Fór Jóhannes húsbóndinn út að Suðureyri. Kom Jóhannes Guðmundsson bóndi á Kvíanesi til að biðja um mósukurð í Botni sem hann fekk, og fór hann að stinga ofan af. Líka flutti sig inneptir fólk Þorbjarnar á Suðureyri til að skera mó í Botni: Jón Þorbjarnarson, Elín Þorbjarnardóttir, Sigríður Þorbj.d. og Ólafur K. V. Kárasón.

11. Þriðjudagur. Norvestan krapí. Um morguninn var ég við skriptir fyrir húsbóndann, svo skar ég á sem volkaðist, eru þá aðeins eptir 15 ær í kví, reyndar urðu 5 ær geldar sem hafa átti í kví, en fátt er það samt, þar sem búið er á 15 hundruðum, jafngóðum sem Botn er. 3 – þrennt – á Jóhannes í fjósi. Skar fólk Þorbjarnar aptur í gröfum en fór úteptir (heim til sín) um kvöldið. Skar Jóhannes á Kvíanesi í gröfunum. Kom fólk Kr. Albertssonar til að skera mó. Kom Ólöf Sveinbjarnard. unglingsstúlka á Laugum.

12. Miðvikudagur. Vindur á vestan. Skar fólk Jóh. Hannessonar í gröfum. Þar á meðal G. unnusta mín og ég; var gröfin orðin 9 álna há. Guðrún mín var á bakk-anum að taka hnausana frá, valt frá henni hnaus stór niður í gröfina, á *hæfuð mér*, og hnég ég niður; varð ég *eyðilagður* í höfðinu; má geta nærri hversu sárt að unnustu minni féll að horfa á mig slasast þannig. Fór Jóh. húsb. á Ísafjörð. Um náttmálin hætti fólk Kr. Albertssonar að skera, og fór heim til um kvöldið.

13. Fimmtudagur. Bezta veður, vestanáttaður framan af deginum en norðan seinni hlutan. Var fólk Jóh. Hannessonar í gröfum, þar á meðal ég og Guðr. unnusta mín. Þingaði sýslumaður Hannes Hafstein í Suðureyrarhreppi, á Suðureyri. Fór Jóh. húsb. á þingið. Kómu: Magnús Helgason Thorberg, sýsluskrifari og Leó Eyjólfsson söðlasmiður, báðir frá Ísafirði, áleiðis að Suðureyri, en sýslumaður kom frá Ísafirði til Suðureyrar á gufubátnum „Ásgeir litli“. Á þingið var kvödd stúlkan Halldóra Geirmundsdóttir í Keflavík, er flutt hafði verið um vorið (1899) á sveit sína (fæðingarhrepp) Suðureyrarhrepp frá Hanhóli í Hólshreppi. Stúlka þessi hafði alið barn um veturinn, 1899, er hlaut í skírninni nafnið Jón Guðni, og hafði hún kennt barnið Álfí Magnússyni sjódrukknuðum manni, sem andaðist sumarið 1898. Eptir að nefnd Halldóra var komin á fæðingarhrepp sinn, vildi hreppsnefndin í Suðureyrarhreppi, reyna að leiða í ljós, hver væri hinn rétti faðir

að barni hennar (Halldóru), því að ærinn grunur lék á að Álfur gæti ekki barnið átt, og sannaðist það með vottorðum frá allmörgum í Bolungarvík, var ekki í Bolungarvík eða neinstaðar á vegum Halldóru, um þann tíma sem barnið kom undir. Yfirheyrði nú sýslumaður Halldóru á þinginu en hún bar stöðugt fram að Álfur ætti barnið, þangað til að sýslumaður sýndi henni áminnst vottorð úr Bolungarvík, þá féllst henni hugur, og kvað þá vera sannan föður að barni sínu, fyrverandi hús-bónda sinn Jón bónda Tyrfingsson á Hanhóli. Að loknu þingi bauð sýslumaður upp og seldi hæstbjóðendum, að undangengnu fjárnámi, eptirnefnda jarðarhluta, Steindórs Sigurðssonar í Botni: 6 hundruð í jörðinni Botni í Suðureyrarhreppi, álnir í jörðinni Norðureyri í Suðureyrarhreppi, álnir í jörðinni Gelti í Suðureyrarhreppi, og 115 álnir í jörðinni Bæ í Suðureyrarhreppi. Kristján Sigurðsson vinnumaður á Norðureyri keypti nefnd hundruð í Botni, Guðm. bóndi Ásgrímsson á Gelti, keypti nefndar álnir í Norðureyri og í Gelti, og Guðm. bóndi Sigurðsson á Langhól, keypti nefndar álnir í Bæ. Steindór Sigurðsson á Langhól, sem átti framanskraða jarðarhluta, hafði búið í Botni um 6-7 ár, fyrst ógíptur, en síðan sem gíptur, var hann duglegur og samhaldssamur og gekk mjög upp að fénaði, áður en hann gíptist, en síðan fekk hann Maríu Maríasardóttur úr Súgandafirði, breyttust þá svo skapsmunir hans, að hann sinnti ekki búsyslan, eða neinu að ráði sér í hag, gekk þá allt af honum og varð hann örsnauður á stuttum tíma, lagðist síðan í ferðalög um nærliggjandi héröð, og fór opt fjallasýn og óvegi, og gisti tíðast um nætur í útihúsum, engum gerði hann mein, en var undarlegur í svörum og þó opt ekki óskýr. Vorið 1898, keypti hann (réttara: fekk lánaðan) bát í Bolungarvík, fór hann einn á honum fyrir núpa til Súgandafjarðar, og lenti á páskadagsmorguninn á Suðureyri, reri hann síðan einn á bátnum um vorið, og tók kost handa sér út í reikning sinn hjá Árna verzlunarfulltrúa Jónssyni á Ísafirði, og ýmiskonar fleira, er til bátsins þurfti. Kom hann sjaldan í land nema *2var í viku*, og var þá um nætur í hlöðu á Suðureyri. Út af þessu einkennisbraski Steindórs, orti ég kvæði: *Gaman og alvara, saga*, 11. maí '98, fyrir Jóhannes í Botni. Bátinn missti Steindór í veðri eptir vertíðarlokin, og brotnaði hann í spón. Hefur Steindór síðan haldið áfram ferðalögum sínum þangað til nú, eptir vertíðarlokin 1899, að hann fyrir fáum dögum kom í Botn og fór síðan vestur að Kroppstöðum í Önundarfirði og réði sig þar í vinnu hjá Jóni búfræðing Guðmundssyni. María kona Steindórs sem jafnan hélt til í Botni, frá því að Steindór yfirgaf heimili sitt, fór og vestur að Hóli í Önundarfirði fyrir nokkrum dögum og réði sig þar í vinnu. Steindór hefur því verið hinn þriðji búandi í Botni um undanfarin 6-7 ár, þangað til nú 1899, þótt ég hafi ekki getið hans (sem bónda) 16. apríl þ.á., þegar eg skrifaði hina bændurnar í Botni, Jóh. og Sveinbjörn. – Sýslumaður þinglas og skjal það, er ég skrifaði fyrir Pálma í Keflavík, 29. maí þ.á.

14. Föstudagur. Bezti þerrir á norðan. Var birjað að slá, var birjað niðri við hjallinn, á svo nefndum Yztaparti. Kom Jóh. af þinginu. Jeg var að slá fram á skatt, en síðan kom Sveinbjörn á Laugum, og Rósinkranza dóttir hans, og lánaði þá Jóhannes Sveinbirni mig í grafir og stúlkur 2, Sigríði dóttir sína og Pálínu (dóttir Sveinbjarna). Líka kómu: Guðrún Einarsdóttir, vinnukona á Kvíanesi, ekkja Frið-

riks sál. Verners, og Guðmundur sonur hennar 6 ára gamall, og Helga Pétursdóttir vinnukona á Gilsbrekku.

15. Laugardagur. Bezta veður, þerrir. Lánaði Jóh. mig Sveinbirni aptur í grafir, og stúlkur sömu. Fór Guðjón út að Gilsbrekku.

16. Sunnudagur. Sama veður: Kom Pétur á Gilsbrekku, bóndinn. Fór Jóh. hús-bóndinn og Sigr. dóttir hans út að Kvíanesi, en svo síðara hluta dagsins, fór Jóh. (húsb.), Guðrún kona hans, Pálína, og Magnús Hj. Magnússon ríðandi út að Suð-ureyri til að sækja sexræðinginn. Guðjón reiddi okkur út á Hlaðsnes. Fermdum við skipið með áti og fl. og rerum honum svo inn í Botn, kómum heim kl. 11 1/2 (hálf tólf), síðan vöktum við Jóh. við að bera af.

17. Mánudagur. Sama veður. Var ég að slá og ýmisfl. fl. Vóru hirtir 13 – þrettán – hestar af töðu í fyrsta sinni. Eptir kl. 7 um kv. fór Jóh. húsb. með mér á „Gísla“ út að Laugum, var það með mestu nauðung að ég fekk hann til þess, því ekki vildi hann lána mér Guðjón eða neitt annað af fólki sínu sem kunni að róa, en sagði að ég mætti fá G. unnustu mína, en hún kunni ekki að róa. Heimsótti ég Sveinbjörn til þess að hann færi með mér vestur eptir hirzlunum, samkvæmt lofordi hans, en hann kvaðst þá vera veikur og ekki geta það, að því sinni, en lofaði mér að senda til mín inn að Botni þegar heilsa hans leyfði og veður liti vel út til að fara vestur. Fór ég við svo búíð heim. Jóh. húsb. minn hafði nú beðið mig að vera hjá sér í 3 vikur fyrst, og lofaði ég honum því.

18. Þriðjudagur. Bezta veður en þíkt lopt. Kom Rósinkranza á Laugum.

19. Miðvikudagur. Gott veður en nokkuð úr. Kómu: Guðfinna kona Péturs bónda á Gilsbrekku, Helga vinnuk., Guðr. Oddný dóttir hennar, G. Einarsdóttir á Kvíanesi og Guðmundur litli sonur hennar.

20. Fimmtudagur. Gott veður, þurt fram til nóns en rigndi síðan. Kom Rósinkr. á Laugum og Guðm. litli Friðrikss. á Kvíanesi. Vorum að slá Fjóstungu. Hirtir 2 hestar.

21. Föstudagur. Hvass á vestan með allmiklu úrf., rok út á firðinum innundir Gilsbrekku, gekk til norvesturs um kvöldið og hægði þá, en hætti ekki að rigna fyr en undir nón. Kláruðum Fjósatungu og slóum Hálfa hundraðið og Skeggið að miklu leyti. Fór Jóhannes út að Suðureyri. Kom fólk Kristj. Albertssonar til að slá: Þórður Þórðarson, húsm. á Suðureyri, nú kaupamaður hjá Kristjáni, Örnólfur Jóhannesson vinnumaður, Kristján Albert, og Amalía Geirsdóttir vinnukona.

22. Laugardagur. Þur vindur á suðvestan fram á skatt, en rigndi síðan. Kláruð-um Skeggið og fórum á Fremra túnið. Kómu: Jóhannes bóndi á Kvíanesi; Jóhann Þórðarson, ráðsmaður í Selárdal og Guðmundur Þorvaldsson, sonur Sigríðar ekkj-unnar, 11 ára gamall, áleiðis til Ísafjarðar með kú til sölu; Þórður Kristjánss. (Albertssonar), hann kom með hross til fólks pabba síns.

23. Sunnudagur. Stíllt veður með rigningu af og til. Fór Jóh. húsb. og Guðr. kona hans til kirkju út að Stað. Kómu: Jóhann í Selárdal og Guðm. litli af Ísaf. aptur, Jóhann slasaðist á leiðinni inn yfir, hrossið sem hann reið, en leiddi yfir skafl, datt fram á hann niður í huldu, og meiddist hann mjög í fæti. Líka kómu

Guðrún Jónsdóttir kona Jóhannesar á Kvíanesi, og Albertína dóttir hennar. Fór Guðjón, Hansína og Jóna út að Kvíanesi. Var ég allan daginn við skrifannir.

24. Mánudagur. Stillt veður með mikilli rigningu. Slóum á Fremra túninu og mikið utangarðs og það sem ekki hefur verið slegið í þau 13 ár sem Jóh. er búinn að búa í Botni. Fór Pálína út að Kvíanesi.

25. Þriðjudagur. Stillt veður þoka og þíkt lopt, lítil rigning innfirðis, en mikið regn út á sveitinni fyrri hluta dagsins. Slóum Árdalinn allan, kláruðum hann, slóum síðan á Fremratúninu. Fór Jóh. og Sigríður Híramína dóttir hans út að Suðureyri, Sigríður áleiðis til Ísafj. með „Skálholt“, en Jóhannes kom inneptir aptur. Kom Guðmundr Bjarnason frumbýlingur í Hjarðardal ytri í Önundarfirði, kom hann utan frá Suðureyri áleiðis til Ísafjarðar, var að reyna að fá keyptan hest. Hann gisti.

26. Miðvikudagur. Gott veður á vestan; þerrir lítill, þó var breitt nokkuð eptir nónn og rakað upp um kvöldið. Slóum á Fremratúni. Fór Jóh. húsb. inn á Ísafj. með hest til Sigr. dóttur sinnar, Guðmundur sem gisti, fylgdist með honum. Kom Guðrún Einarisd. á Kvíanesi. Um kvöldið kl. að ganga til 12, kom Jóh. af Ísaf. aptur en Sigr. ekki, „Skálholt“ ekki komið til Ísafjarðar.

27. Fimmtudagur. Góður þerrir á vestan. Farið á fætur kl. að ganga til 5, til að hirða um lausa heyið. Kom „Skálholt“ á Súgandafjörð, áleiðis norður, stóð lítið við. Kómu: Kristján Guðmundsson lausamaður á Kvíanesi áleiðis heim til sín af Ísaf. fór norður með „Skálholt“, og Ólöf Sveinbjarnard. á Laugum. Síðast um kvöldið fór Jóh. Hanness. á sjó, því hann kom með skeppu af feskri sýld af Ísafirði, hásetar vóru: P. bóndi á Gilsbr. og Pétur sonur hans, Sveinbj. á Laugum og M. Hj. Magnússon. Vóru hirtir 7 hestar.

28. Föstudagur. Stillt veður en fjarskalegt úrfelli og bik af þoku. Vórum við á sjónum um nóttina og fram á hádegi, lentum á Suðureyri kl. 12, fiskuðum 4 1/2 hundrað tölfrætt, 3 skötur og allmargar smálour. Þorskin og ýsuna seldum við á Suðureyri og varð til hlutar 9 kr. og 50 aurar. Fórum inneptir um kvöldið, lentum í Botni kl. að ganga til 11. Var Jóh. svo drukkinn að ófært var að eiga við hann. Kómu í Botni: Jón H. Guðmundsson á Gelti og kærasta hans Arnfríður Guðmundsd. á Suðureyri áleiðis heim til sín. Fór Guðjón inn á Ísafj. með hest til S. Híramínu og kom hún með Guðj. til baka. Fór Guðr. unnusta mín út að Gilsbr.

29. Laugardagur. Hæglátt veður á útnorðan eða norvestan, kuldlegt mjög með mikilli þoku, þíkt lopt. Um morguninn var ég að gera til sem við kómunum með heim til soðs, síðan fór ég að slá, og var túnið klárað fyrir nónn. Eptir nónið slóum við Guðjón veituna fyrir neðan. Yzta partinn, kláruðum hana kl. að ganga til 7, þá fór ég að gera að lóðum, og síðast um kvöldið kl. að ganga til 11, fór ég að rifja hey. Kómu: Guðrún Sveinbjarnard. á Kirkjubóli í Skutulsfirði, áleiðis að Laugum að finna foreldra sína, Rósinkr. á Laugum, og síðast um kv. kom pósturinn, Tómas Eiríksson á Ísafirði, fylgdi rétt áætlun, gisti.

30. Sunnudagur. Stilt veður, þíkt lopt; gerði góðan þerrir seinni hluta dagsins. Fór pósturinn. Fór Guðm. Jónss. kaupamaður út að Kvíanesi. Kómu: Jóh. bóndi á Kvíanesi og Albertína litla dóttir hans, og Guðfinna Pétursdóttir, kona Péturs

bónða á Gilsbr. Fór ég (um miðdaptan) vestur á Flateyri; gisti við góðan beina, í svo nefndum Hrútakofa á Flateyri hjá Jóni Eiríkssyni vinnupilti frá Brekku á Ingjalds-sandi sem var þetta sumar í kaupstaðarvinnu á Flateyri; Jón er bezt *drengur*, vand-aður í *hvívetna*, ættaður sunnan af Álptanesi, sunnan Rvík.

31. Mánudagur. Stíllt veður en mikil rigning. Jeg ætlaði af Flateyri út á Sand, en gat ekki með *nokkru móti* fengið flutning yfir fjörðinn. Í þetta sinn var sýslu-maður Hannes Hafstein á Flateyri, kom hann ríðandi af Ísaf. um morguninn, var hann í skuldakröfumálum fyrir Sparisjóðinn á Þingeyri við Kristján Guðmundsson verzlunarmann á Flateyri (fingval.) og Eirík Finnsson fyrverandi utanbúðarmann á Flateyri, en nú sjómann á sama stað. Hélt ég heim í Botn, sem leið liggur yfir Grímdalsheiði. Kómu í Botni: Guðfinna á Gilsbrekku, Jóhannes á Kvíanesi, Guðr. Einarsd. á Kvíanesi, Kristín Guðbrandsdóttir sama stað, móðir Jóh. bóndans, Rós-inkranza á Laugum og Ólöf systir hennar, var allt að hlaða upp eldivið. Fór Jóh. húsb. minn út að Kvíanesi.

Ágúst

1. Þriðjudagur. Grimmdar slagveður með stormi á norðan um nóttina en hægði með morgninum, hélt rigningunni fram undir dagmáli, birti þá og gerði bezta þerr-ir. Fór ég að slá fyrir sjálfan mig, þó enga ætti ég kindina, því ekkert stóð heima af því sem Jóhannes húsb. minn var búinn að heita mér; að hann skildi láta mig hafa vinnu að mínum parti. Hann lánaði mér slæur, á svo kallaðri Jónseyri, norðan til við ósana. Kómu: Jón Guðmundss. snikkari í Árnesi og Þórður Sigurðss. í Breiðdal-neðri í Öndarfirði kómu þeir til að vinna að vegargjörð á Botnsdal, birjuðu að leggja veg yfir Breiðumýrar. Þeir verða um nætur í Botni. Líka kom Þórður Kristjánss. (Albertssonar) drengur á Suðureyri með hross til fólks þabba síns.

2. Miðvikudagur. Bezti þerrir. Var ég að slá fyrir mig fram á skatt. Þegar var verið að enda við að borða fekk Guðrún unnusta mín *yfirlið*, svo hjálpa varð henni upp í rúm og var ég hjá henni til hádegis, í þeim svifum kom Kristján á Kvíanesi og beiddi mig að hjálpa sér til að koma saman heyi, og gerði ég það með því að unnusta mín leyfði mér að fara, því heldur var hún þá hressari, jeg hjálpaði Kr. til kvölds og borgaði hann mér 1 krónu fyrir, en ég setti ekki upp nema 80 aura. Í Botni voru hirtir 27 hestar. Kom Þórunn Magnúsdóttir á Suðureyri til liðs við fólk Kr. Albertssonar húsb. síns.

3. Fimmtudagur. Bezti þerrir. Sló ég fyrir mig fram á skatt en fór síðan að raka, og var ég búinn með ljána á nóni. Síðan hafði ég verkabýtti við húsbóndan, rakaði upp með honum og hirti en hann aptur á móti lofaði mér að reida heim heytugguna mína morgunin eptir, og hætti ég hér með slá mér, því nú beiddi Jón snikkari mig fyrir hvern mun að fara til sín í vinnu (vegargjörðina) og hefur hann lofað mér 16 kr. í kaup um vikuna en sjálfur verður maður að kosta sig að öllu. Kom Guðm. Þorvaldss. í Selárdal. Voru hirtir 17 hestar þar af 9 af Skegginu; var þar með klár-að að hirða af heimatúninu, eru þá af því í allt 67 hestar.

4. Föstudagur. Gott veður, allg. þerrir. Birjaði ég að vinna að vegargjörðinni hjá J. snikkara. Kómu: Sveinbj. á Laugum, Helga á Gilsbr., Elín og Sigríður Þorbjarnardætur á Suðureyri, þær voru að hlaða eldivið, gistu.

5. Laugardagur. Gott veður en svartabik af þoku. Hættum að vinna (að vegargjörðinni) kl. 7, af því laugardagskvöld var, en hin kvöldin er hætt vinnu kl. 7 1/2. Á morgnana er birjað að vinna kl. 6, hálf stund er höfð til skatts hálf st. til hádegis, en heil kl.st. til nóns. Jón og Þórður gengu heim til sín um kvöldið, vestur í Ön.fj. Hirtir 6 hestar. Kom Kr. Albertsson á Suðureyri áleiðis til Ísafjarðar.

6. Sunnudagur. Sama veður. Kómu: P. bóndi á Gilsbr. og Kr. Albertss. af Ísaf. aptur. Fór Jóh. húsb. og Guðjón út að Laugum og Guðm. Jónss. kaupam. út að Stað. Jón og Þórður kómu um kvöldið að vestan aptur.

7. Mánudagur. Gott veður vestan. Var ég við vegarvinnuna, eptir vinnu fór ég út að Gilsbrekku fyrir Jón snikkara að biðja um mann í vegarvinnu en hann fékkst ekki, Pétur vildi ljá son sinn. Kom Guðríður Eiríksd. í Bæ áleiðis til Ísafjarðar, móðir Guðna sál. Egilssonar í Bæ, er andaðist (drukknaði) 28. febr. 1898. G. unnusta mín mikið veik af yfirliðum.

8. Þriðjudagur. Stíllt veður, blíða logn með þoku og mikilli rigningu meginhluta dagsins. Guðrún mín heldur hressari. Var ég við vegarvinnuna og Jóh. Hannesson. Kómu. Guðmundína Jónsd. kona Sveinbjarnar á Laugum og Ólöf dóttir þeirra, María Jóhannesardóttir á Suðureyri, Albert bróðir hennar og Guðríður gamla í Bæ af Ísafirði aptur. Þess skal getið að Jóh. Albertsson á Suðureyri hefur nú Klúku til slæгна, birjaði hann að slá þar í gær (7. ág.), og gistir að Kvíanesi.

9. Miðvikudagur. Blíða logn og þíkt lopt með nokkurri þoku, rigndi mikið eptir nón. Voru hinir sömu við veginn og að auki Pétur yngri á Gilsbrekku sem kom um morguninn að fá sér vinnu við vegargjörðina, þótt Pétur faðir hans vildi ekki lána hann þegar hann var *bedinn*!! Við kláruðum vegin yfir Breiðumýrar var hann 59 faðma langur, *fyrsti* vegarspotti sem lagður hefur verið á Botnsdal með launum úr sýslusjóði. Síðan færðum við okkur heim fyrir Selhrygg og birjuðum þar að leggja veg. Kómu: Jóhannes Guðm.son á Kvíanesi. Jeg svaf um nóttina úti í hlöðu hjá Pétri honum til skemmtunar.

10. Fimmtudagur. Slag um nóttina og gróf rigning allan daginn. Hinir sömu við veginn.

11. Föstudagur. Gott veður á vestan með litlu úri; þerrir flæsa stundum. Var ég við veginn. Nyr í veginum var Kristj. Guðm.son á Kvíanesi. Jóh. Hannesson fór fyrir hluta dagsins út að Suðureyri en frá því eptir hádegi var hann við vegargjörðina, var hann þá „kendur“ mjög og lét sem fífl væri. Eptir vinnu fóru þeir Jón snikkari og Þórður upp undir Hafradal og með þeim P. yngri frá Gilsbrekku, til að skoða *surtarbrand* sem er þar á árbakkanum hinum heimri, hefur talsvert verið tekið þar til eldiviðar í Botni, og síðast í fyrra haust 1898, en er orðið mjög vont að vinna hann. Kom Guðfinna kona Péturs bónda á Gilsbrekku.

12. Laugardagur. Nokkuð hvass á vestan með úri út á sveitinni framan af deginum. Mikill sjór (brim) útfirðis, þerrir all-góður. Allir hinir sömu við veginn. Fóru

þeir Jón og Þórður til surtarbrandsins og náðu miklu af honum, bezta surtarbrandi viðarkendum.

13. Sunnudagur. Stillt veður um morguninn, en svo stinningsvindur á vestan sem hægði þó aptur allmikil þoka. Fór ég út að Gilsbr. Kómu: P. bóndi á Gilsbr., Helga á Gilsbr., Margrét Þorlína Guðnadóttir, dóttir Helgu á Gilsbrekku vinnukona á Suðureyri, Jóh. á Kvíanesi, Guðr. Einarsd. og Guðm. sonur hennar s.st. Líka kómu til að fá sér vinnu við vegargjörðina Valdimar og Kristján Þorvaldssynir úr Selárdal; svaf ég hjá þeim úti í hlöðu.

14. Mánudagur. Hæglátt veður austnordan, þíkt lopt og þoka. Við veginn auk Jóns og Þórðar, voru: Valdimar, Kristján og M. Hj. Magnússon. Jeg fekk áfall á höfuðið af völdum. Kr. í Selárdal, en honum varð það óvart. Batt Jóh. húsb. heim af Jónseyri sem hann hafði látið slá þar og svo heytugguna *mína*, „Betra er seint en aldrei“ segja menn. Fór Guðbj. út að Laugum.

15. Þriðjudagur. Hæglátt veður um morguninn, hvessti síðan nokkuð á austnordan og var kaldur mjög. Hinir sömu við veginn. Kláruðum við vegarhlutan fyrir heiman Selhrygg 67 faðma langan og færðum okkur heim fyrir Þverá. Valdim. og Kr. fóru heim til sín um kvöldið. Jeg lánaði Kristjáni Espóllíns sögu fróða, hafði hann ekki heyrt hana. Hann (Kristj. Þorvaldsson) er *skarpgáfaður*, þó er hann ekki skáld. Kómu: Jón Einarss. á Suðureyri til að slá sér nokkra daga, fekk slæur í Botni; og Helga á Gilsbrekku.

16. Miðvikudagur. Gjóstur á austnordan, gekk þó heldur inn í þegar leið fram á daginn; þíkt lopt, en þó var þerrir góður. Unnu þeir að vegargjörðinni Jón, Þórður og Magnús, birjuðum við Þverá að heimanverðu og kláruðum 12 faðma, þar með var vegargjörðinni *lokið*, því nú voru uppunnir peningar þeir er sýslusjóður Vestur-Ísafjardarsýslu veitti til vegargjörðar í Botnsdal. Eptir vinnu taldi verkstjórinn Jón Guðmundsson frá Árnosi mér út verklaun mín, 32 kr. og 40 aura, galt hann mér því 3 *krónur* hvern dag, 18 kr. um vikuna; kvað hann mig „fyllilega eiga það“ fyrir iðni mína, en ég setti ekki upp nema 16 kr. (um vikuna). Pennan dag hættum við vinnu kl. að ganga til 6, og fórum þá að flytja okkur heim, en síðan bar ég einn til sjóar, fóru Jóns og Þórðar. Fór Jóh. húsb. inn á Ísafjörð, fekk ég með honum frá sýslumanni (H. Hafstein) 1 kr. 25 aura sem vitnisgjald fyrir að ég var vottur við rannsókn á líki og fötum Stefáns sál. Valdasonar. Kom Albert Jóhannesarson á Suðureyri. Vóru hirtir 15 hestar af töðu og þar með kláraðist hún inn; hafa fengist af töðu í allt, 106 – eitt hundrað og sex – hestar. Líka voru hirtir 18 hestar af starheyi í fyrsta sinni.

17. Fimmtudagur. Indælt veður, bezti þerrir. Um morguninn kl. 4 fór ég á fætur og hjálpaði til að komast af stað heim til sín Jóni snikkara og Þórði Sigurðssyni. Síðan fór ég inn á Ísafj. gangandi. Hjá móður minni var gestkomandi Ingibjörg Jónsdóttir húsfreyja í Reykjavík, kona Guðmundar skipstjóra Kristjánssonar móðurbróður míns, hafði hún komið með „Skálholt“ vestur til Ísafjardar og beið næstu skipsferðar suður aptur. Pakkaði hún mér hlýlega fyrir það er ég sendi henni frá Framnesi sumarið 1895, sem var smjör og ull. Jeg keypti nær skeppu af sýld fyrir

hreppstjórann og kom inn að Tungu kl. að ganga til 5 (um kvöldið) þar dvaldi ég þangað til sól var gengin af, hélt svo sem leið liggur yfir Botnsheiði og kom heim kl. 11 1/2. Kómu í Botni: Pétur Sveinbjarnarson, og Margrét Guðnad. á Suðureyri til liðs við fólk Kr. Albertssonar húsbónda síns. P. er vinnumaður að hálfu hjá Kristjáni en að hinum hálfpartinum hjá föður sínum Sv.b. Pálss. á Laugum. Stittingsvindur á norðvestan, og gerði skúr undir miðaptaninn. Fór Jóna og Hansína út að Gilsbrekku. Eptir nónið bjó húsbóndinn sig af stað áleiðis vestur á Sólbakka til að sækja hval beiddi hann mig að koma með sér til liðs, og réðist ég upp á kaup 1,75 – eina kr. og 75 aura – , og mat, líka fóru: Jóhannes á Kvían. og Pétur yngri á Gilsbr.; var sýldin höfð með er ég kom með af Ísafirði, og 12 lóðir og stúfur, beittum við á floti upp úr stokkum. Þegar kom út úr firðinum snerist Jóh. Hannessyni hugur og *hætti* hann við að fara vestur, nema í róður, og vórum við úti um nóttina, og fiskuðum 200 (stór) og 30, og að auki 3 lóur og 4 skötur.

19. Laugardagur. Blíðvirðri framan af deginum en svo all-hvass á norðvestan. hægði þó aptur um kvöldið. Kl. um 2 um nóttina lentum við á Suðureyri, gerðum þar að aflanum og seldum þorskin og ýsuna, varð til hlutar með stúf 6 kr. 35 aurar, en Jóh. húsb. lét *mig engan hlut hafa!* kvað mig ráðinn í hvalferð með því kaupi sem áður er getið, og það borgaði hann mér í innskript og 25 aura auki. Kastaði margur steini á þetta ódrenglyndisbragð Jóhannesar, en það er við að búast að þar sem skjall og klyngjandi fagurgali jafnan er í hásæti, sé eitthvað óhreint á aðra hlið, en fátækur er Jóhannes þó hann níðist á umburðarlyndi mínu. Jeg krafðist að fá hlut úr stúfnum og fekk ég hann, enda heirðu þá fleiri til. Steinbítur sá er ég átti á Mölunum og ætlaði að hafa með þegar Sveinbjörn á Laugum, eptir loforði sínu, færi með mér vestur á Sand var orðinn að mestu leyti gjörsamlega *eyðilagður*, hafði stormur sett hjallinn niður, en skepnur síðan gengið á átið og troðið það undir; var *sárt* að sjá slíkt, þar sem ég ætlaði að borga með því skuldir mínar, og koma með því fram sem drenglyndur maður, en stóð nú í *auðn*; hafði ég þetta af því að Sveinbjörn í Laugum hafði *svikist* um að fara með mér vestur eða gjöra mér nokkur orð þar um, var ég þó búinn að bjóða honum að borga honum ferðina *fyrirfram*, annað hvort með steinbít eða í innskript eða þá með vinnu og jafnvel í peningum, en það vildi hann ekkert þiggja, en lofaði þó að fara með mér vestur. Steinbíturfríldin tók ég með inneptir, lentum við í Botni um hádegi. Fór Guðm. Jónss. kaupamaður norður í Hnífsdal og sótti um leið meðöl fyrir Sigríði Híramínu sem búin er að liggja veik nær viku í grimmilegri tannþínu. Fór Guðjón út að Suðureyri. Kómu: Sigr. Þorbjarnard. og Gísli Þórðarson 11 ára gamall, smali, á Suðureyri, áleiðis til Ísafjarðar. Eptir að ég kom heim, fór ég að hvía steinbíturdráttunum mínum, og síðan að gjöra að lóðum.

20. Sunnudagur. Stillt veður á vestan með all-mikilli rigningu. Var ég við skrifannir. Skrifaði ég bréf Magnúsi Ásgeirssyni frænda mínum, nýum aukalækni á Pingeyri, höfðum við einu sinni sést í æsku þegar ég var á 7. árinu, þá kom Magnús með Bjarna bróður sínum frá Kleifum í Seyðisfirði, vestur að Efrihúsum í Önundarfirði, eptir hesti, Gamla-Rauð, er strokið hafði úr Seyðisfirði vestur þang-

að sem hann var uppalinn. Rauður fór *Hestsskarð* vestur, því smalar frá Efrihúsum og Hesti mættu honum á Leitishvarfinu þegar hann var að koma. Jeg var látinn fara fram á Hestsdal með M. og B. frændum mínum til að sækja Rauð, þótti mér það skemtun mikil, og gerði ég vísu um, sem nú er gleymd. Jeg sendi frænda mínum (Magnúsi) mynd af mér, innan í bréfinu. Kómu: Jóhannes á Kvíanesi, til að gera að sínum hlut úr lóðunum, sem brúkaðar voru í róðurinn, og Kristján Halldórsson bóndi á Vöðlum í Önundarfirði, kom hann utan frá Norðureyri með hest sem hann keypti þar af Þorleifi bónda Sigurðssyni, og hélt áleiðis heim til sín. Fór ég til Jóhannesar aptur.

21. Mánudagur. All-góður þerrir á vestan, þó kom skúr eptir hádegisd. Var Guðmundur, Guðjón og Magnús að slá í Hornpörtunum. Voru hirtir 7 hesta. Kómu: Pósturinn Tómas Eiríksson; með honum kom frá sýslumanni stefna gegn Halldóru Geirmundsdóttur í Keflavík, ásamt bréfi til hreppstjórans, þar sem sýslum. biður hann í að koma Halldóru á sinn fund, og Sigr. Þorbjarnard. og Gísli litli af Ísafirði aptur. Fór Jóh. húsb. út að Suðureyri.

22. Þriðjudagur. Stilt veður en all-mikil rigning fram yfir hádegisd, gekk þá út í og þornaði, en heiðbirti síðast um kvöldið. Var slegið í Hornpörtunum. Jóh. sló nokkuð af deginum og Guðmundur var heima til hádegis að smíða drag undir sexræðinginn og fl.

23. Miðvikudagur. Indælt veður um nóttina heiðbirta og tunglskin en síðan allhvass á suðvestan með slagi um miðhluta dagsins. Nokkurn hluta dagsins var ég að binda með Jóhannesi en svo var ég að slá. Fór Jóh. út að Kvíanesi. Kom Kristján á Kvíanesi.

24. Fimmtudagur. Stilt veður, en rigndi gróft frá nóni. Fór ég gangandi norður í Keflavík og sótti H. Geirmundsdóttur, náðum við heim í Botn um kvöldið. Þar sem ég kom við á leiðinni, fekk ég alstaðar beztu viðtökur. Fór Guðjón út að Suðureyri.

25. Föstudagur. All-hvass á suðaustan með grimdarslagi fram á skatt síðan góður þerrir, þó var ekki breitt því jörðin var blaut. Voru þeir Guðm. Guðj. og M. H. M. að slá Reiðlá. Kom Guðm. Jónsson bóndi í Vatnadal annar stefnuvotturinn í Suðureyrarhreppi, en Jóh. hreppstjórinn er annar, og lásu þeir upp stefnu frá sýslumanni, á hendur stúlkunni Halldóru Geirmundsdóttur frá Keflavík, er dvaldi þennan dag um kyrrt í Botni.

26. Laugardagur. Stilt veður, þurt þangað til um nón tók þá að ýra, setti síðan all-mikla þoku yfir og rigndi mjög. Fór ég fyrir hreppstjóran með H. Geirmundsdóttur inn á Ísafjörð til sýslumannsins. Var réttur settur, og var ég inni. Skipaður var verjandi fyrir hina kærðu, verzlunarstjóri Jón Laxdal á Ísafirði, en réttarvottar voru: lögregluþjónn Björn Árnason og sýsluskrifari Magnús Helgason Thorberg. Halldóra mátti fara með mér vestur til baka, og náðum við heim í Botn um kvöldið. Kómu í Botni: Guðni Jónasson á Ísafirði, maður Helgu á Gilsbr., áleiðis út að Suðureyri til að finna Margrétu dóttur sína, Rósinkr. á Laugum og Gróa Jóhannesardóttir vinnukona í Holti, móðir Jónu litlu Benónýu. Fór Guðr. unnusta mín út að

Langhól til að finna móður sína, og færði henni treyuefni sem kostaði 4 krónur.

27. Sunnudagur. Bezta veður, heiðbjart fagurt, dró þó þikkni í loftið um kvöldið með vindkælu á suðaustan. Fór H. Geirmundsd. heim til sín. Gróa frá Holti dvaldi um kyrrt. Kómu: P. bóndi á Gilsbrekku, Guðni Jónasson frá Suðureyri aptur og Margrét Þorlína dóttir hans, Guðni fór frá Botni út að Gilsbr. til að finna Helgu konu sína og Guðrúnu Oddnýu dóttur sína, en hélt síðan innfyfir. Líka kómu: Sveinbj. á Laugum og Guðmundína Jónsdóttir kona hans, áleiðis til Skutulsfjarðar, hún að finna þar skyldfólk sitt, foreldra: Jón Halldórsson hreppstjóra á Kirkjubóli, og Rannveigu Ólafsdóttur móður sína og konu Jóns. Og svo kómu: Helga á Gilsbr. og Guðr. Oddný dóttir hennar, og Gróa Sigurðardóttir vinnukona á Gelti, búin *góðum kostum*, áleiðis heim til sín af Ísafirði. Kom Guðr. unnusta mín frá Langhól aptur. Mamma hennar lofaði henni að gefa henni kind um haustið.

28. Mánudagur. Gjóla á norðaustan, með talsverðu úri eptir skattinn, sólskinslaust, en glæddi þó heldur til seinni hlutann. Fyrst um morguninn voru breiddir 40 hesta, en voru rakaðir upp aptur þegar ýra tók, en breiddir síðan á *ný* eptir hádegðið. Nokkurn hluta dagsins var Jóh. húsb. að rista og ég að halda í, ristum nær 90 torfum, síðan akaði ég í hjólbörum 58 af þeim fram á holt og síðast um kvöldið fram í mirkur, var ég að reiða torf heim að fremsthúsheyinu. Fór Gróa Jóhannesardóttir heim til sín, vestur að Holti. Kom Kr. á Kvíanesi og beiddi um Guðjón til að fara með heyband fyrir sig ofan af Kvíanesdal og var honum lánaður hann. Kómu þau Sveinbj. og Guðmundína á Laugum úr Skutulsfirði aptur. Kom María Maríasardóttir kona Steindórs Sigurðssonar úr kaupavinnunni úr Öndarfirði. Guðrún mín var fram á engjum að raka, unz um miðaptanin að hún varð svo veik að tvennt varð að hjálpa henni heim. Hvergi hef ég verið sumartíma, síðan ég fór frá Hesti í Öndarfirði, sem jafn *laklegar veitingar* hafa verið sem hér í Botni, eru þær svo aumar að ekki heitir fært að vera við þær. Auðvitað eru lítil efni til, en Guðrún kona Jóhannesar (húsmóðirin) er svo *ónotalæg* við hjú sín að furðu gegnir, en Jóh. húsb. fær ekkert að segja, því opt er það sem hann vill gjöra hjúum sínum betra í mat.

29. Þriðjudagur. Bezti þerrir. María kona Steindórs í vinnu hjá Jóhannesi. Var borið upp Fremsthúsheyið, 80 – áttatíu – hestar. Guðrún mín sárveik heima, og ég sjálfur óskup vondur í brjóstinu og svo í höfðinu, auk þess slæmur af verknum undir síðunni, síðan að *Dúlsfal* ánýaði hann, þegar ég lét járna hann á Ísafirði 26. þ.m. er ég fór inn yfir með H. Geirmundsdóttur.

30. Miðvikudagur. Blíðviðri á útnorðan, en mjög mikil þoka svo sól fekk ekki að skína að jafnaði, var þerrir því lítill. G. mín lá dauðveik í rúminu, ég ætlaði að sækja handa henni meðöl, en hún vildi það ekki að svo stöddu. Jeg var við slátt til nóns en síðan að binda með Jóh., bundum 30 hesta. Fór Jóh. út að Kvíanesi. Kom Rósinkranz á Laugum.

31. Fimmtudagur. Sama blíðviðrið og þokan. Guðr. mín mikið hressari, en þó fór ég inn á Ísafj. og keypti handa henni meðöl. Kom Kristján Sigurðsson á Norðureyri áleiðis heim til sín, af Ísafirði.

September

1. Föstudagur. Sama blíðviðrið og þokan, en ýrði þó seinni hluta dagsins. Um morguninn eptir að ég kom á fætur sótti ég fram að Þverá borð, er Jóh. lánaði þangað til að aka eptir þegar vegurinn var gerður. Síðan slátraði ég veturgamalli kind, gimbur, sem átti að vera: *töðugjöld og slæur*, svo sló ég til miðmunda þá fór ég að binda og fram í mirkur. Guðr. mín hressari, og var hún að raka. Kom Steindór Sigurðss. úr kaupavinnunni úr Önundarfirði. Fór María kona Steindórs út á sveit, kom samd. aptur. Hætti fólk Kr. Albertssonar að heya í Botni.

2. Laugardagur. Stíllt veður og gróf þoka. Þurr um morguninn en gerði síðan stóreflis-rigningu, gekk út í (til hafs) um kvöldið, og stytta þá upp. Fór ég vestur að Sólbakka fyrir Jóh. hreppstj. húsbónda minn, og átti að skera hval en hann var þá engin til. Jeg fór ofan á Flateyri og borgaði Bergi kaupmanni Rósinkranssyni 3 kr. í peningum upp í sem eg skuldaði honum en fékk jafnframt hjá honum lánaðar 7 – sjö – krónur í innskript til Guðmundar í Mosdal upp í brókina sem ég fékk hjá honum um vorið, 30. marz, er hann (Bergur) gerði fúslega. Síðan fór ég gangandi inn í Breiðdal og fékk ég þar góðar viðtökur hjá Þórði Sigurðssyni sem var við vegargjörðina á Botnsdal, síðan fékk ég hest hjá Jóni Jónssyni bónda í Breiðadal neðri, manni Friðgerðar Jóhannsdóttur frá Breiðadal fremri, og reið á Ystavað (undan Veðrará ytri) yfir að Holti. Var prófasturinn Janus Jónsson hinn þægilegasti; beiddi ég hann að lýsa með mér til hjónabands, en hann kvaðst ekki mega gjöra það, fyr en hann væri búinn að fá skriflegt frá hreppsnefnd framfærzluhrepps míns (Súðavíkurhrepps) að galdið væri fé það er ég hlaut að þiggja af sveit minni á heilsuleysis-hörmunga-árum mínum. Jeg galt Jóni 1 kr. fyrir hestslánið. Hélt ég síðan gangandi frá Breiðadal til baka og heim til mín, að Botni. Fór Jóh. húsbóndinn, kona hans Guðrún Ólafsdóttir og Hansína dóttir þeirra, ríðandi norður að Seljabrekkunaustum í Skutulsfirði. Guðmundur Jónsson kaupamaðurinn fylgdist með þeim, *alfara* úr vinnunni, og þar með var *hætt* að slá. Guðmundur er dugnaðarmaður mikill, hreinskilinn og réttorður, og kunni ég vel við hann. Hann hefur átt 2 dætur óskilgetnar með Gróu Jóhannesardóttur sem nú er vinnukona í Holti hjá Sr. Janusi. Kómu: Sveinbj. á Laugum og Pétur bóndi á Gilsbrekku.

3. Sunnudagur. Bezta veður, heiðbirta og sólskin. Jeg óskup slappur, fór þó út að Kvíanesi og skrifaði talsvert. Á Kvíanesi ætlaði ég að fá mann til að fara með mér vestur á Sand eptir hirzlunum mínum en fékk hann ekki. Kómu: Guðrún Einarisdóttir á Kvíanesi og Gummi sonur hennar, og Sveinbj. á Laugum. Kómu þau úr Skutulsf. aptur, Jóhannes, Guðrún og Hansína.

4. Mánudagur. Suðvestan vindkæla og þíkt lopt. Var ég hjá Jóh. húsbóndanum í staðin fyrir daginn sem ég sótti meðölin fyrir G. unnustu mína, en fór til mín um þessa helgi. Vóru breiddir 40 hestar og hirtir í hæsthúsgarðinn. Fór Guðbj. út að Kvíanesi.

5. Þriðjudagur. Nokkur vindur á norðan með regnkrapaskúrum. Um morguninn hjálpaði ég Jóh. til að gjöra við hæsthúsheyð og fl. svo kláraði ég að skrifa upp Ungamannskvæðið, er ég reit upp fyrir Gróu Sigurðardóttir á Gelti. Síðan fór ég

norður í Keflavík á fund Pálma bónda míns góða og trúlynda vinar, og gisti að hans um nóttina.

6. Miðvikudagur. Góður þerrir á vestan. Var ég um kyrrt í Keflavík við heyvinnu hjá Pálma.

7. Fimmtudagur. Mikil rigning með köflum. Var ég við slátt hjá Pálma.

8. Föstudagur. Slagveður með köflum en þur á millum. Um morguninn kvað ég 1 söngvers um Jón Guðna, barn Halldóru Geirmundsdóttur, og er það svo hljóðandi:

Þú góði og fríði Guðni Jón,
þig gæfan blessuð leiði,
þinn heiður vaxi um flóð og frón
á fjörs ókomnu skeiði.

En hann sem var um eilíf ár
og allar tíðir lifir,
þig komast láti frítt við fár
og frið þig breiði yfir.

En síðan fór ég frá Keflavík áleiðis heim til mín, og fylgdi Jón Pálmason mér vestur á fjörur. Jeg hélt að Selárdal og gisti þar við góðan beina að Sigríðar Friðbertsdóttur.

9. Laugardagur. Yndælt veður. Hélt ég frá Selárdal og heim í Botn. Kom ég við á Gilsbrekku, var þá Pétur bóndi búinn að heya og hættur, sagði hann mér að hann hefði fengið í hlöðu 85 hesta og í heygarð 45 hesta, er því ærin munur á heyfeng P. við heyfeng Jareds Jóns Hafliðasonar. Nú hefur Jared verið í sumar kaupamaður hjá Hálfadáni Örnólfssyni óðalsbónda í Meiri-Hlíð, og hefur þótt *prýðisduglegur*, enda er maðurinn hinn hraustasti. Í fyrradag, 7. sept., fór Jóh. húsb. út að Suðureyri. Í gær, 8., fór Guðjón með fjallskilaseðilinn út að Gilsbrekku, og þá kom fólk Þorbjarnar á Suðureyri til að reiða eldiviðin til sjóar: Jón, Ólafur, Elín og Sigríður, og gisti það í Botni um nóttina. Þá kom og Kristján Maríasarson vinnum. í Vatnadal, áleiðis heim til sín, var til sjós á Ísafirði um sumarið á einum af þilbátum Árna vezlunarfulltrúa Jónssonar á þorskfiskirí, og dró 5000 – fimm þúsund –. Í dag, 9. september, fór fólk Þorbjarnar, og fólk Kr. Albertssonar, sem var við heyvinnuna, en sem verið hefur fyrirfarandi daga að reiða ofan og flytja eldivið, og bera á völl.

10. Sunnudagur. Vindur á vestan og þíkt lopt, setti yfir grófa þoku eptir nónið, með úri. Fór Sigríður Híramína út að Selárdal. Kómu: Pósturinn Tómas Eiríksson á Ísafirði, 1 degi á eptir áætlun, Jóhann í Selárdal, Vernharður Einarsson búfræðingur og barnakennari og Helgi búfræðingr bróðir hans, báðir frá Hvítanesi, höfðu þeir ferðast út að Suðureyri um nóttina, en voru nú áleiðis heim til sín. Vernharður hefur verið barnakennari á Suðureyri kafla úr 2 vetrum hjá Kr. Albertssyni.

11. Mánudagur. Vindur á vestan með grófri rigningu og þoku um morgunin, en þornaði síðan og birti svo að þoku tók af fjöllum, en rigndi þó aptur talsvert þegar leið á daginn. Göngudagur (réttadagur) í Súgandafirði og víðar. Fór ég vestur á Ingjaldssand til að vita um hirzlur mínar sem ég átti þar, því alveg var ég þá hættur að vona nokkurs liðs af Jóh. húsb. mínum, til að nálgast þær því jafnan eyddi hann því máli sem hann gat og *úrtaldi* Sveinbj. á Laugum að fara með mér vestur

þegar hann heyrði að ég minntist á vesturferðina við hann. Jeg fór Grímdalsheiði til Önundarfjarðar, fór út á Flateyri og atlaði að kaupa þar flutning yfir fjörðinn en fekk hvorki menn né bát, gekk ég þá inn að Selabóli og ætlaði að kaupa þar flutning þótt jafnan sé hann seldur þar *núðingslega dýrt*, en heldur ekki fekk eg mig fluttan þar, átti engin að vera til að róa á annað borðið yfir til baka, sem var lygi, því fólk var heima er alvanið var að róa. Sá er ég beiddi um flutninginn var: Guðmundur Einarsson skipasmiður og hans fólk. Fór ég þá inn í Breiðadal, þar fekk ég *strax* flutning hjá Þórði Sigurðssyni og Jóni Jónssyni, og vildu þeir enga borgun þiggja. Hélt ég svo tafarlaust á, gekk yfir fjall úr Mosdal, og að Brekku, fekk ég *beztu* viðtökur hjá fyrverandi húsmóður minni, Rakel Sigurðardóttur, sem er *merkis-kvenndi*, og gisti ég þar.

12. Þriðjudagur. Stíllt veður en hellifár af rigningu allan daginn. Um morguninn fekk eg hest hjá Rakel og reiddi hirzlurnar mínar niður að sjó, ætlaði Oddur bóndi Gíslason á Sæbóli, á skipi inn á Flateyri en varð ekki af sökum rigningarinnar. Þegar ég var að fara ofan eptir með dót mitt, mætti ég á Álfadalsholtunum: Guðmundi Br. Guðmundssyni kaupmanni á Ísafirði, og Boga Thórarinsson. Var Guðm. að finna skyldfólk sitt á Sæbóli en Bogi var aðeins með honum sér til skemtunar. Jeg borgaði G. Br. 2,70 – 2 kr. og 70 aura – sem ég skuldaði honum, þakkaði hann skilsemi þá alúðlega. Jeg gisti aptur á Brekku.

13. Miðvikudagur. Sama rigningin framan af deginum en þornaði síðan. Var ég á Brekku í góðu yfirlæti hjá Rakel og hennar fólki, en fór þó fram í Hraun og fekk þar góðan beina að Eiríks bónda Sigmundssonar. Kona hans er Sigríður Jónsdóttir, myndarkona mesta ættuð af Ingjaldssandi, eiga þau 3 börn, hið elzta (Jensína) komið að fermingu. Jeg gisti enn á Brekku.

14. Fimmtudagur. Vindkæla á norvestan með jellaleiðingum fram til dala, og hafði gert grátt í rót til fjalla um nóttina, í fyrsta sinni á sumrinu, enda var sumarið yfir höfuð hið hlýasta, þó rigningasamt væri, var því grasspretta í bezta lagi. Fara átti af Sandinum á Flateyri, en varð ekki af því haldið var að rigna mundi, því flytja átti (Oddur á Sæbóli) þurra töðu. Fór ég þá gangandi af stað áleiðis heim til mín, og bar fötin sem ég átti í hirzlunum, Dagbækur og fl. Komst ég yfir Önundarfjörð með mönnum úr Valþjófsdal, form. Eyjólfur bóndi Jónss. á Kirkjubóli; var hann að flytja vorfisk sinn í kaupstaðinn, og bar ég með þeim fiskistakkinn ofan. Á Flateyri fann ég Þorberg bókbindara Jensson, tók ég hjá honum bækur, er hann hafði bundið fyrir mig, og borgaði ég honum bandið 1 kr. og 10 aura. Hélt ég svo heim til mín að Botni. Kómu í Botni: Guðný Jónsdóttir, vinnukona á Kaldá og Ágústína Guðmundsdóttir á Selabóli, voru þær á leið til Bolungarvíkur að sækja lömb, sem heimtust þar úr Önundarfirði. Líka kom Sveinbj. á Laugum og R. dóttir hans til að reida ofan eldivið. Kom Jóh. húsb. minn, og Guðjón, af Ísafirði, höfðu þeir farið inn yfir daginn áður með 10 fjár, sem Jóh. (hreppstj.) lét til ýmsra norður þar.

15. Föstudagur. Gott veður suðaustan, all-góður þerrir. Lá ég veikur í rúminu, en skrifaði þó talsvert fyrir Jóhannes. Kómu: Ólöf Sveinbjarnard. á Laugum, Gizur Þorvaldsson í Selárdal, Kristján á Kvíanesi og Guðr. Einarsd. til að reida eldivið

ofan að sjónum, Guðný og Ágústína úr Bolungarvík aptur áleiðis heim til sín með lömbin, Kristján Hólm Þórðarson snikkari í Vatnadal og Kristján Maríasarson í Vatnadal, kómu innan af Ísafirði áleiðis heim til sín, Gróa Sigurðardóttir á Gelti, var að koma utan úr Bæ, áleiðis heim til sín, hún gisti. Guðm. Ásgrímsson, bóndi á Gelti sker jafnan mó í Bæ og var í gær og í dag verið að reiða hann til sjóar.

16. Laugardagur. Vestan vindur með grófri rigningu stundum. Um morguninn fór ég út að Kvíanesi fyrir Jóh. húsbóndann, en síðan fór ég út að Suðureyri fyrir mig, og lánaði Jóhannes mér hest, þó með ærinni tregðu, þótt það væri í fyrsta sinni sem ég beiddi hann um hestlán! Á Mölunum kom ég í hús Guðm. oddvita Guðmundssonar og Ingibjargar Friðbertsdóttur, Guðmundssonar í Hraunakoti, spurði ég Ingibjörgu, hvað faðir hennar (Friðbert) hefði átt af börnum með konum sínum og voru þau þessi:

I. með fyrri konunni, talin eptir aldri:

1. fæddist andvana.
2. Ingibjörg sem þegar er getið.
3. Stefanía, kona Guðm. stefnuvotts Jónssonar í Vatnadal.
4. Sigríður í Selárdal.
5. Guðmundur, dó ungur.
6. Jórun, dó ung.
7. Kristín, kona Pálma Bjarna, sonar bónda í Skálavík.

II. með seinni konunni:

1. Kristjana, hún er elzt, 15 ára.
2. Friðbjörn, dó í æsku.
3. Guðmundur, dó ungur.
4. Friðbert.
5. Guðmunda.
6. Jóhannes.
7. Halldóra, dó í æsku.

Fyrri kona Friðberts sál. hét Arnfríður, hin seinni heitir Sigmundína. Var Jóh. húsb. og Guðjón að reiða heim eldivið.

17. Sunnudagur. Bezta veður framan af deginum en gerði síðan krapahrið á norðan. Fór Jóh. húsb. G. kona hans og Hansína dóttir þeirra út í Selárdal. Kómu: Rósinkranza, Ólöf og Sesselja, Sveinbjarnardætur á Laugum, Guðm. Sigurðss. bóndi á Langhól. Guðm. Júlíus Pálsson bústjóri í Vatnadal, og kærasta hans Herdís Þórðardóttir ekkja Maríasar sál. Þórðarsonar er druknaði 28. febrúar 1898. Þau Guðmundur trúlofuðust opinberlega sunnudaginn 16. júlí þ.á. Jeg var við ritannir allan daginn.

18. Mánudagur. Hellifár af rigningu allan daginn. Fór ég til Jóhannesar. Var ég með húsbóndanum og Guðjóni að ná surtarbrandi, til eldneytis, fengum talsvert, en erfitt var að ná honum þótt við hefðum góð verkfæri, enda er hann að mestu

þrotinn. Kómu: Ólafur Bergsson vinnumaður í Hnífsdal, áleiðis heim til sín utan frá Norðureyri með 3 kindur er hann keypti; Margrét Guðnad. á Suðureyri, áleiðis heim til sín innan úr Skutulsfirði, og Guðni Jónasson á Ísafirði, faðir Margrétar, er fylgdi henni (dóttur sinni) vestur í Botn.

19. Þriðjudagur. Kafaldsbleytuslag í byggðinni, en moldbilur til fjallanna, og hafði snjóað ofan fyrir alla kletta um nóttina með frosti. Var ég og Guðj. að leita að fé út á Gilsbrekkudal, og um allar norðari hvylftirnar, en fundum ekki. Kómu kýrnar á gjöf.

20. Miðvikudagur. Með moldjelljum á norðan og frosti til fjallanna. Hafði snjóað um nóttina næstum til sjávar. Mikill snjór fram til dala, í kné og klof. Var Jóh. hús-bóndinn, Guðjón og M. Hj. M. að ganga að geldfénu en fundu ekki allt. Kómu: Jón Ebenezersson aflamaðurinn mikli úr Bolungarvík, Guðmundur bóndi Örnólfsson á Geirastöðum, Bárður Jónsson unglingspiltur frá Mýrdal, Jóna Jónsdóttir vinnukona á Ísafirði áleiðis heim til sín, hafði verið að finna móður sína, Guðrúnu ekkju Sturludóttur á Stað; með henni var að reiða hana Danjel Eiríksson unglingur á Stað; kómust þau fram undir Aurbrekku, en urðu að snúa þar til baka sökum ófærðar, drengurinn hélt út að Stað, en Jóna gisti í Botni, og Guðmundr Örnólfsson.

21. Fimmtudagur. Þur vindur á norðan með miklu frosti. Fór Guðm. Örnólfss. heim til sín. Jeg fylgdi Jónu Jónsdóttur norður á Tungudal, ofan fyrir Pverá, þangað sem snjór var lagður, var færð hin versta. Fór Guðj. út að Gilsbr. og Kvíanesi. Kómu: Guðmundur Jónss. og Teódór Guðmundsson, unglingsdrengir frá Tungu í Skutulsf., vóru að sækja fé í Botn; Magnús Jónsson húsm. á Ísafirði, aukapóstur af Ísaf. í Bolungarvík, áleiðis út í Vatnadal með bréf til Kristjáns snikkara Þórðarsonar; Þórun Einarisdóttir vinnukona á Hvylft og Magnús Sveinss. unglingur frá sama bæ; Örnólfur á Suðureyri og Pétur Sveinbjarnarson til að reiða á völl og rista torf, fóru þeir heim aftur um kvöldið. Eptir að ég var búinn að fylgja Jónu, fór ég að sinna um hey; var borið upp Hæsthúsheyið, eru í því 74. hestar, en tími var ekki til að þekja.

22. Föstudagur. Stormur á norðan með grófu frosti. Fyrst um morguninn þakti ég heyið með Jóhannesi, síðan fór ég með Guðj. að leita að 2 hrútum sem væntuðu, gengum Vestari Hvylftirnar, norðari hlíðina og út á Gjarðir, síðast fór ég út að Gilsbrekku en fundum ekki. Reidði Jóh. heim sem eptir var í engjum, 10 hesta. Kómu: Jón Tómasson húsmáður á Úlfsá í Skutulsf., Sveinbj. á Laugum, Guðmundína kona hans og Pétur sonur þeirra. Pennan dag vóru kafaldságangar frá því fyrir miðaptan.

23. Laugardagur. Hæglátt veður með moldarágöngum fram til miðdegis, allm. frost. Fylgdi ég Maríu konu Steindórs Sigurðssonar norður að Tungu var hún áleiðis norður að Seljabrekkunaustum til dvalar um veturinn; hafði hún verið í Botni um haustið frá því hún kom úr vinnunni í Öndarfirði. Jeg bar færur Maríu, nær 6 fjórðungum. Færð var hin *níðslegasta*. Jeg er alltaf veikur af verknum undir síðunni, og í dag eyðilagður í höfðinu sem leiðir af því að ég er einlægt í votum sokkum frá morgni til kvölds, þar sem ég á enga skinnsokka.

24. Sunnudagur. Stíllt veður norvestan. Fór allt úr Botni til kirkju, nema M. Hj. Magnússon, unnusta hans, og Þorgils gamli. Eg gaf kúnum, smalaði, og fleira sem þurfti að gera. Kómu: Þorleifur bóndi Sigurðsson á Norðureyri og vinnumaður hans Kristján Sigurðsson, kómu þeir innan af Ísafirði. Gaf unnusta mín þeim kaffi með brauði. Þorleifur beiddi mig að vera hjá sér, í það minnsta hálfan veturinn, til að kenna, hét ég honum að vera hjá honum svo lengi sem ástæður mínar leyfðu.

25. Mánudagur. Bezta veður ungz um miðaptan að tók að leiða jel inn af núpum, og var síðan með jelum. Mikið frost. Tók upp snjóinn í norðari hlíðinni upp að klettum. Til miðs aptans var ég að reiða eldivið og kláraði hann, en síðan fór ég að hlaða upp með hæsthúsheyinu með Jóhannesi. Kómu: Pétur yngri á Gilsbr., áleiðis á Ísafjörð að sækja meðöl fyrir föður sinn (P. bónda) er datt og kenndi mikið til í brjóstinu; Jens Þórðarson vinnumaður á Hanhóli í Bolungarvík, og Kristján Þorvaldss. í Selárdal. Fann Guðbj. hrútana sem vöntuðu, höfðu þeir komið sjálfir ofan úr Grensfjallinu, fyrir innan Gilsbrekku.

26. Þriðjudagur. Gjóstur með jelum á norðan og sama frosti. Kláruðum að hlaða upp með hæsthúsheyinu, gerðum svo upp með Fremsthúsheyinu, vórum búnrir að því kl. 1, þá fór Jóh. heim, en ég fór að moka öll fjárhúsin, fjögur, og hesthúsið, mátti heita að hrossataðið í því væri upp í miðja vegg frá því um vorið!! Jóhannes svaf frá því kl. að ganga 2, þangað til hún var nokkuð gengin 5, bjó sig þá af stað inn á Ísafjörð, og lét Guðj. reiða sig fram á Aurbrekku, þangað sem hægt var að koma hestum fyrir snjó. Kom Kr. Sigurðsson á Norðureyri, að sækja lömb sem Þorleifur húsbóndi hans heimti í Botni, og annað sem G. Ásgrímss. á Galti átti.

27. Miðvikudagur. Norðanmold en birti þó og hægði síðara hluta dagsins. Var Guðrún húsfreyja, Sigríður, Guðjón og M. Hj. Magnússon, að bera heim surtarbrand, viktudum við pokana eptir því sem við bárum, bar Guðrún 6 fj. S. rúma 5, Guðj. 6, M. 7-8. Kom Kr. Albert Kristjánss. á Suðureyri og P. Sveinbjarnarson, til að sækja fé sem var í Botni frá Suðureyri. Um kvöldið eptir háttatíma kom Jóh. húsb. af Ísafirði, og kom hann með frá sýslum. H. Hafstein *dóminn* gegn H. Geirm. dóttir.

28. Fimmtudagur. Gott veður heiðbjart en grimmdarfrost. Jeg var að bera ofan surtarbrandinn, hjálpaði til að smala og ýmisl. fleira. Fór Jóh. húsb. og Guðjón út að Kvíanesi og Sigríður út að Suðureyri. Kómu: P. yngri á Gilsbr. Helga á Gilsbr., Guðrún ekkja Sigurðardóttir húsfreyja í Bæ, Jón og Guðbjörg Magnúsarbörn á Langhól, systkin G. unnustu minnar, Sigmundína Sigmundsd. ekkja í Vatnadal, Friðgeir Guðmundsson og Kristján Maríasarson í Vatnadal, Ólafur Kárasen á Suðureyri, og Jón Þórarinnsson lausamaður á Stað; fólk þetta rak 50 fjár, áleiðis til Ísafjarðar, og gisti allt í Botni um nóttina, nema Kristján Friðgeir og Ólafur, sem gistu á Kvíanesi.

29. Föstudagur. Vestan þýðviðri, og tók mikið upp snjóinn í norðari hlíðinni. Fór það inn yfir sem gisti með féð, og Guðjón í Botni líka, með veturgamla kind á Ísafj. fyrir pabba sinn (Jóh. Hannesson). Fór Jóh. húsbóndinn ríðandi út að Suðureyri, áleiðis til Keflavíkur að birta Halldóru dóminn, en sökum þess að stefnuvott-

urinn Guðm. Jónss. í Vatnadal var á sjó og gat því ekki verið með Jóhannesi, varð hann (Jóh.) að hætta við ferðina, þótt hann væri búinn að kynna Guðm. bréflega skyldustarf hans. Kómu: Jóhannes Jónss. vinnumaður á Meiri-Bakka í Skálavík 20 ára gamall, var að sækja kindur sem heimtust í Botni, ég var látinn fylgja honum út að Gilsbrekku; Guðm. litli Þorvaldss. í Selárdal, og pósturinn, T. Eiríkss., 2 dögum á eptir áætlun. Um morguninn í mirkri, fór ég að leita að hestum, svo að smala og leita að ám er vöntuðu kvöldið áður, síðan fór ég 4 ferðir eptir surtarbrandi. Eptir nónið setti ég saman föngin á túninu (10 h.), smalaði svo, einnig lét ég í fyrir kýrnar og hef gert það síðan farið var að gefa þeim 19. þ.m. Pósturinn gisti. Nú (um kvöldið) er ég sárveikur, finnst mér sem ég sé logandi sár innvortis, úr kviðarholi og upp í háls.

30. Laugardagur. Þur vindkæla á suðvestan framan af deginum, en síðan með regnbleytuskúrum og tók upp snjóinn í norðari hlíðunum. Um morguninn smalaði ég ánum og ýmisk. fleira, síðan fór ég að smala geldfénu, svo var ég sendur út að Kvíanesi og fl. Fór pósturinn. Fór Jóh. til Keflavíkur að birta H. dóminn, kom heim aptur síðast um kvöldið. Kom það af Ísaf. sem fór með féð. Jeg eyðilagður í brjóstinu þó ég sé á fótum.

Október

1. Sunnudagur. Með krapaskúrum á vestan, en gekk til norðurs um kvöldið. Um þessar mundir var orðið altalað um sveitina, að Pétur á Gilsbrekku ætlaði að hætta að búa um vorið 1900. Gilsbrekka er kirkjujörð frá Hóli í Bolungarvík. Fór ég því norður til Bolungarvíkur og að Hóli til óðalsbónda Árna Árnasonar sem á 12 hundruð í Hóli, og beiddi hann ef satt reyndist að Pétur hætti að búa, að byggja mér jörðina Gilsbrekku í fardögum 1900; hét hann mér jörðinni ef P. færi. – Jeg fór ofan á Malir (Bolungarvíkur) fyrir Jóh. húsbónda minn, með bréf til Jóns Hafliðasonar, áður bónda á Gilsbr.; efni bréfsins var að Jóhannes krafði Jón um skuld. – Jeg hélt fram að Hanhóli um kvöldið og gisti þar við gæðabeina að Jóns Tyrfringssonar bónda og konu hans Ingibjargar Bjarnadóttur, kvennskörungs mikils.

2. Mánudagur. Gjóstur á norðan með grimmdarfrosti. Um morguninn afritaði ég upp úr vasabók minni, Jólavers 1898, eptir mig, fyrir Ingibjörgu konu Jóns, en síðan hélt ég sem leið liggur yfir Gilsbr.heiði, heim til mín að Botni. Á leiðinni vestur rétti ég við vörðubrot á all-mörgum stöðum. Kómu í Botni: Helga Pétursdóttir frá Gilsbrekku, *alfara* úr vistinni frá Pétri bróður sínum með Gunnu dóttur sína, og fór til sveitar sinnar, á Ísafjörð. Höfðu þau systkinin rifist grimmilega, og skildu ósátt. Líka kom G. Einarsd. á Kvíanesi, fylgdi hún Helgu; Jóhann í Selárdal og Guðmundur Guðmundss. vinnum. í Vatnadal áleiðis heim til sín frá Hellu í Steingrímsfirði, hafði hann verið þar í kaupavinnu um sumarið, fyrir 12 kr. á viku.

3. Þriðjudagur. Hvass á norðan með frosti. Var ég heima við ýmislegt. Fór Jóh. húsb. og Guðjón vestur á Flateyri. Kómu: Kristján á Kvíanesi og Guðm. Guðmundsson í Vatnadal áleiðis til röðra norður í Hnífsdal.

4. Miðvikudagur. Hvass á norðvestan, heldur vægara frost en daginn áður. Kom Jóh. og Guðjón að vestan. Ég var heima, lengstum við skrifannir, en bjó þó að heyum fyrir Jóhannes. Kómu: Guðríður Eiríksdóttir í Bæ, Sveinbj. á Laugum, og Kristján á Kvíanesi, skar hann 2 hrúta fyrir Jóhannes, og er það skurðarféð *allt* sem hann (Jóh. húsb. minn) á til að þessu sinni, þó ól hann *17 hrúta* um veturinn (1898-'99), hefur hann látið þá til ýmsra upp í skuldir. Jóhannes kann ekki að slátra kind, og ekki að raka gæru, verður hann jafnan að fá annan mann til þess, en gærum kvað hann á hverju hausti hafa komið *út af heimilinu* til að raka þær!!

5. Fimmtudagur. Besta veður vestanátt. Var ég að rífa hrís, í því skyni ef ég þyrfti að brúka eldivið um veturinn. Kom Jóh. inn því sem hann átti eptir úti af heyi, 10 hestum, er þá heyverkun lokið í Botni að þessu sinni. Segir Jóhannes að nú hafi hann í þriðja sinni heyað bezt, síðan hann kom í Botn. Hefur hann fengið af starheyi 226 hesta. Kómu: Jóhannes á Kvíanesi, P. bóndi á Gilsbæ., Sveinbj. á Laugum og Jón Pálmason í Keflavík, minn ástúðlegi góði vinur, færði hann mér tilbúinn nýan göngustaf, hrútskinn sem ég hafði beðið hann að selja mér í skinn-sokka, seldi hann mér það aðeins á 50 aura, sem vanalega er selt á 1.50. Líka færði hann mér 2 nýa Bollabora. Veitti unnusta mín honum greiða sem við höfðum fengið á, fylgdi ég honum síðan út fyrir Höfn, fyrir utan Selárdal.

6. Föstudagur. Bezta veður á norvestan. Var ég við ýmislegt.

7. Laugardagur. Vindur á vestan. Hélt Jóh. húsbóndi minn hreppskilin á Suður-eyri. Fór ég inn á Ísafjörð. Jeg fór inn á prentsmiðju „Þjóðv. unga“, og tók þar „Þjóðviljann“ í Súgandafjörðinn. Þegar ég stóð þar og beið eptir meðan skrifað var utan á blaðið, kemur maður inn, horfði á mig fastlega, unz hann breiddi við mér faðminn og heilsaði mér innilega. Rak mig í rogastans að hitta þann mann, því það var minn elskulegi vinur, *Sigurtjörn Sveinsson*, fyrverandi skósmiður í Reykjavík, en nú lautenant Hjálpræðishersins á Ísafirði. Hafði hann komið til Ísafjarðar í ágústm. um sumarið. Höfðum við stóra gleði af að hittast, og beiddi vinur minn mig innilega að vera hjá sér um nóttina, og gerði ég það. Hafði hann húsnæði leigt á „Hótel Ísafjörð“, og hélt þar samkomu um kvöldið, var ég á henni, en svaf síðan hjá honum um nóttina. Töluðum við margt um skáldskap og fl. Marga yndæla sálma hefur Sigurbjörn ort, og eru nokkrir þeirra prentaði í „Herópinu“. Sigurbirni kynntist ég fyrst haustið 1894 í Reykjavík, féll mér hann strax unaðslega í geð, því við höfum svo líka sál.

8. Sunnudagur. Slagveðurs stórhriðar um morguninn sem urðu að vatni í byggð, en snjóaði til fjallanna. Þegar ég vaknaði um morguninn skrifaði ég upp fyrir Sigurbjörn *Jólavers 1898* eptir mig, en síðan hélt ég af stað, racleiðis heim til mín að Botni. Pennan dag var hriðarlaust þegar leið á daginn.

9. Mánudagur. Vindur á norðan með kafaldshrotum. Var ég með Jóh. húsbóndanum út á Kvíanesi, að gera við *íveruhús* sem hann á þar, og hefur átt, síðan áður en hann fór í Botn; var rokinn inn í það annar gaflinn og hlóðum við hann upp, og mokuðum út moldinni. –

Kómu: Pétur bóndi á Gilsbrekku og Jón Stefán Guðmundsson, unglingspiltur í

Vatnadal, var hann að reiða bróðir sinn, Friðgeir Guðmundsson, áleiðis til útróðra norður í Hnífsdal.

10. Þriðjudagur. Hæglátur á norðan með mjög miklu ofankafaldi fram á skatt, birti þá um stund en gerði síðan sortamold og alsnjóaði til sjóar. Kom Kr. Albertsson á Suðureyri til að taka út (virða, meta) nýa veginn á Botnsdal með Jóhannesi Hannessyni, að skipun sýslumanns (H. Hafsteins). Líka kómu: Sveinbj. á Laugum, Pétur sonur hans, og Björn Jónsson jafnaldri minn lausamaður á Tannanesi í Önundarfirði, áleiðis til útróðra í Bolungarvík; hann gisti. – Reiddi ég á völinn fyrir Jóhannes (húsb.), og Sigríður og Guðjón með mér á vígsl.

11. Miðvikudagur. Norðanmold með frosti. Fylgdi ég Birni norður á Gilsbrekkuheiði.

12. Fimmtudagur. Sortamold á norðan með grófu frosti. Fór ég út að Langhól og fann Vigdís móður unnustu minnar. Í úteptirleiðinni kom ég við á Kvíanesi og réði til mín fyrir vinnukonu Guðrúnu Einarsdóttir, með Guðmundi litla syni hennar. Var húsað féð.

13. Föstudagur. Stíllt veður heiðbjart en grimmdarfrost framan af deginum, en þikknaði svo og vindaði. Fór Jóh. og Guðrún (húsbændurnir) út að Suðureyri og voru nótt. Um morguninn hjálpaði ég Guðjóni til að láta út féð og skilja úr lömbin, sem nú voru tekin *á gjöf*. Síðan fór ég vestur á Flateyri til að vita hvort hirzlurnar mínar væru komnar þangað af Sandinum, en ferðin var til ónýtis að því leyti að hirzlurnar voru ekki komnar. Jeg fann B. kaupmann Rósinkransson, og spurði hann að hvort nokkuð væri komið inn í reikning minn hjá honum frá Guðmundi Sigmundssyni á Villingadal, sem ég átti hjá 21.17 – tuttugu og eina krónu og 17 aura – og sem ég tvívegis var búinn að skrifa honum um að reyna til að borga mér eitthvað af í innskrift hjá Berg. en sem hann hafði enn þá ekki gert. Jeg hafði hugsað mér þegar ég fékk til láns hjá B. 2. september þ.á. 7 kr. í innskrift til Guðmundar í Mosdal, að reyna til að vera búinn að borga honum þær fyrir lok þ.m. (október), fór ég því nú í þetta sinn til Kristjáns Torfasonar, verzlunarstjóra og póstafgreiðslumanns á Flateyri, og beiddi hann að lána mér um nokkurn tíma (svo sem mánuð) 7 kr. í peningum, vildi hann fúslega gera það, en hafði þá ekki til utan *franska* peninga sem ekki gengu meðal Íslendinga, enda var hann nýskeð búinn að senda með pósti mikið af peningum; þótti honum *leitt* að geta ekki orðið við bón minni. Gat ég nú ekki goldið Bergi, en beiddi hann um líðun, sem eg fékk. Jeg hélt inn að *Hóli* um kvöldið og gisti þar um nóttina. Þar las ég í fyrsta sinni, Rímur af Arnljóti Upplendingakappa, eptir Sr. Snorra á Húsafelli, voru þær lánaðar þangað af stúlkunni Hákoníu Andrésdóttir í Hjarðardal, hafði hún fengið þær eptir föður sinn, Andrés Hákonarson í Hjarðardal, ásamt ýmsum fleiri bókum.

14. Laugardagur. Kafaldsbleytumold framan af deginum, er breittist síðan í regnhrið svo tók að leysa. Með birtu um morguninn fór ég frá Hóli og kom í Botn kl. 10, var síðan við skrifannir. Kl. 8 *um kvöldið* kómu þau Jóh. og Guðrún frá Suðureyri. „Dvelst þeim sem vinina finna“!

15. Sunnudagur. Blíðviðri á vestan fram til nóns, var eptir það með jelljum á

norvestan. Fór ég til Jóhannesar. Kómu: Jóhannes á Kvíanesi og Guðrún Einarsdóttir.

16. Mánudagur. Bezta veður, stillt bjart og fagurt fram undir nón en hvessti síðan all-mikið á austnorðan. Hart frost. Vorum að byggja upp skemmugaflinn og kálgarðinn. Kom Vigdís Kristjánsdóttir á Langhól móðir G. unnustu minnar, færði hún henni *innan úr* einni kind og 1 súrbrauð, en *ekki* kind lifandi, sem hún var þó búin að *lefa* henni! Vigdís hefur breitt ódrenglega mjög við dóttur sína, Guðrúnu unnustu mína, síðan Magnús maður hennar (Vigdísar) druknaði því jafnan hafði hann tekið málstað dóttur sinnar. Jafnþung orð og óviturleg sem ég hefi heyrt Vigdís tala við Guðrúnu dóttur sína, hef eg ekki heyrt nokkra aðra móður tala við barn sitt að ósekju. Mátti og kalla að Guðrúnu minni væri skilað „*nöturlega af móður*, þegar hún fluttist að Botni, eða kom til mín, þar sem hún átti ekki til eina nál, skeið eða hníf eða önnur nauðsynlegustu áhöld, bókakins var ekki að tala um, því bækur voru ekki til á Langhól utan „Jónsbók“, Kvöldhugvekjur, Flokkabókin, og sálmaðbókarrifriðli, og seldi Vigdís þær allar!! Hefur hún aldrei verið fyrir bók-nám, enda eru börn hennar *með öllu óupplýst*, líka óhneigð til bókfræði nema hélzt Guðbjörg. Pykir mér sárast að vita unnustu mína svo fáfróða sem hún er, eins góða *hjártakosti* og hún hefur til að bera; mun hún vera fremst systkina sinna í því efni, fær líka bezta orð. Vigdís gaf Guðrúnu í rúm: undirsæng, laklega mjög, lérepts-rekkjuvoð, og kodda lítinn. Vigdís gisti.

17. Þriðjudagur. All-hvass á suðvestan með nokkru úri, hægði þó heldur þegar leið á daginn. Fór Vigdís. Fór ég inn á Ísafjörð fyrir Jóhannes og Guðjón með mér, með leigurnar af Botni til Tómasar aukapósts Eiríkssonar og konu hans Málfríðar Guðmundsdóttur, sem eiga 9 hundruð af þeim hluta jarðarinnar er Jóhannes býr á. Við kómunum samdægurs heim aptur. Kómu: Pétur yngri á Gilsbrekku, og pósturinn Tómas Eiríkss. er gisti. Með Pétri fekk ég bréf frá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, þannig hljóðandi:

„Langhóli 14 október 1899

Herra Magnús Hj. Magnússon

brefi þínu 6 október sem kom til mín svara jeg á þá leið að jeg og her hrepps-búar svara þér svo að þeir síeu mótfallir að þú takir hjer jörð i Súgandafírdí nema þú giftist enn ef þú vílt giftast þá máttu vera enn ef þu giftíst ekki þá erum við því mótfallir að þú sjert hjer í hrepnum því okkur þíkir ó tagtegt að folk búi saman ó gift og vitum ekki hafa það svo og teifum það ekki neýnum, því við meigum það ekki og vertu nú svo sem best kvaddur af mjer Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson“

Utanáskript:

Herra Magnús Hj. Magnússon

að Bótní

við Súgaundafjörð.“

Öllum rithætti á bréfi hreppsnefndarinnar, er hér *nákvæmlega* fylgt. Jeg hafði skrifað Guðmundi Sigurðssyni á Langhól til „prívat“-bréf, og beðið hann í því að vera mér heldur innanhandar með að ég fengi að setjast að á Gilsbrekku, og gerði ég það af því að Guðm. Sigurðsson *sjáfur* ráðlagði mér að biðja um jörðina Gilsbrekku, til ábúðar, þegar hann kom í Botn 17. f.m. – Áminnst bréf mitt hafði Guðmundur með sér á hreppsskilin, og svaraði mér síðan upp á það fram-
anrituðu bréfi!!

18. Miðvikudagur. Suðaustan krapí og leysti mjög í byggðina. Héldum áfram að byggja upp kálgarðinn. Fór pósturinn.

19. Fimmtudagur. Stíllt veður heiðbjart framan af deginum, en hvessti all-mik-
ið á austnorðan seinni hlutan. Um morguninn fór ég út að Kvíanesi og fekk hjálp til að hvolfva upp sexæringnum, fórum síðan 4 á honum út á Malir og þaðan jafn-
harðan út í fjörð til að plóga kúfisk, fórum 9 drætti og fengum 2 1/2 hundrað. Við
gistum á Suðureyri um nóttina, Jóh. Hannesson (formaðurinn) hjá Guðm. oddvita
Guðmundssyni (í „Rómaborg“), Kristján á Kvíanesi hjá Halldóru Þórðardóttir
ekku „í Babilon“, P. yngri á Gilsbr. hjá Þorbirni, og M. Hj. Magnússon hjá Kr.
Albertssyni.

20. Föstudagur. Með jellum á norvestan. Fóru engir á sjó. Jóhannes og ég fórum
út í Dal eptir ýmsu rusli sem Jóh. átti þar, var afar-vont að koma því niður Stöðina,
þangað sem við lentum, en síðan mátti heppni mikla kalla, að við kómunst slysa-
laust fram sökum brims. Við gistum aptur á Suðureyri.

21. Laugardagur. Hægur *fyrst* um morguninn en hvessti síðan brátt með *cfsa-*
roki á suðvestan, og leysti talsvert. Fóru allir á sjó, og kómust með *naudung* til
lands sökum ofviðris, en stormurinn stóð svo að ekkert var hægt að sigla. Fiskuðu
allir vel, við 200 tíræð. Veðurútlit um morguninn var *voðalegt*, var því auðsætt að
vont veður mundi gjöra, en það lítur svo út að þeir menn hér í Súgandafirði og
víðar, sem stunda sjó árið um kring, hafi ekki fremur vit á veðri en menn ímynda
sér hundar hafi. Við gistum á Suðureyri um nóttina.

22. Sunnudagur. Moldgarður á norðan með frosti. Börðum við heim. Eptir að
ég kom inneptir fór ég að bera upp úr bátnum og spirða upp soðmatinn, og bera
ýmislegt heim að bæ, en Jóh. húsbóndi fór strax út að Kvíanesi því þar var þá
Guðr. kona hans sem hafði verið sótt um nóttina til Guðrúnar Jónsdóttur konu
Jóhannesar á Kvíanesi, er þjáðist af *jóðsótt*. Um nóttina var og sótt út að Suður-
eyri, yfirsetukonan Guðrún Þórðard. kona Kr. Albertssonar. Sigr. Híramína fór og
út að Kvíanesi. Konan fæddi meybarn en gekk heldur erfitt.

23. Mánudagur. Sama veður en þó miklu meira frost. Fór Jóh. út að Suðureyri.
Jeg gaf í fjósinu og lét í fyrir kýrnar, var og mikin hluta dagsins við skrifannir fyr-
ir hreppstjóran, og lét Hansínu og Jónu stafa. Síðan, eptir að Jóh. kom inn eptir
aptur, fór ég með honum að grafa fjörumaðk og taka krækling og sækja smiðjumó,
sem fæst mitt á millum Jónseyjar og Forvoðanna.

24. Þriðjudagur. All-hvass á norðan með grimmu frosti, og var skafmold en of-
ankafald ekki. Fór Jóh. vestur á Flateyri; sendi ég með honum til Bergs kaupm.

Rósinkranzsonar 3 kr. í peningum, og var það alt sem ég átti til af peningum. Detta mér í hug vísur tvær sem ég kvað haustið 1896, sem eru þannig:

Vond nú berast bönd að mér,
brestur skilding hagan,
skuldugur ég orðin er,
er það verri sagan.
Þegar komið þannig er,

þankin vart er glaður,
eg vil síst um æfi hér,
ófrjáls vera maður.

Ég gaf í fjósinu, lét telpurnar stafa og gaf lömbunum.

25. Miðvikudagur. Gott veður suðaustan, frostvægt. Kom Jóh. að vestan. Fór S. Híramína og Guðj. inn á Ísafj. Um morguninn eptir að ég var búin að gefa í fjósinu sótti ég lamb út að Kvíanesi sem heimtist þar, lét telpurnar stafa, hengdi upp þvætti, var sendur út að Laugum og fl. Kómu: P. yngri á Gilsbrekku og Steindór Sigurðsson í Botni, innan af Ísafirði, beiddi hann að lofa sér að vera, og ætlaði Jóhannes húsb. að gera það, en Guðrún kona hans tók það með öllu af, fór hann (Steindór) því af stað, í niðamirkri, út að Kvíanesi, og fekk að vera þar um nóttina. Ekki vildi Guðrún í Botni heldur gjöra honum neitt gott. Fekk ég bréf frá Jóni Pálmasyni í Keflavík, í því bréfi skilaði hann við mig frá pabba sínum að gefa sér upp loforð mitt að kenna hjá honum um veturinn, þar sem hann gæti ómögulega tekið mig sökum plássleysis.

26. Fimmtudagur. Dimmviðrismold á norðan með ágöngum. Jeg gaf í fjósinu um morguninn, en eptir skattin sendi Jóh. mig inn yfir heiði, til að vitja Sigríðar dóttur sinnar og Guðjóns, fór ég að Tungu og beið þar eptir þeim í 3 kl.stundir. Þar fekk ég góðan beina að Vilhjálms Pálssonar bónda þar og konu hans Margrétar Jónsdóttur sem lá þá á barnssæng, hafði hún alið piltbarn mánudagin 23. þ.m. kl. 9 um morguninn. Sigr. Guðbj. og ég héldum heim að Botni um kvöldið, kómum seint og fengum veður vont, og vonda færð.

27. Föstudagur. Mold á austnorðan. Fór ég út að Gilsbrekku fyrir hreppstjóran og svo út að Kvíanesi sótti þangað um leið gimburveturg. er Jóh. lét mig fá upp í kaupið og hlaut ég að slátra henni. Kom Jóhann í Selárdal með 3 lömb er Jóh. húsb. minn tók af honum til eldis. Skrifaði hreppsnefnd Suðureyrarhrepps til bréf þannig hljóðandi:

Sem svar upp á bréf það er ég meðtók frá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps 17. þ.m. læt ég nefndina vita, að ég er ekki vel samþykkur grundvallaratriðum hennar í því efni að ég megi ekki setjast að hér í sveitinni, enda veit ég mig ekkert brot hafa á samvizkunni gagnvart hinni heiðruðu hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Hitt er satt, ég er fátækur, og einstæðingur hér að því leyti, að það er engin sem styður málstað minn. Er það það sem hreppsnefndin byggir málstað sinn á gegn mér? Jeg

ætla að leita mér leiðbeiningar hjá einhverjum sem er lögfróðari heldur en mér virðist að hreppsnefndin í Suðureyrarhreppi sé. Jeg óska skriflegs svars til baka.

Botni, 27. október 1899.

Magnús Hj. Magnússon.

Til hreppsnefndar Suðureyrarhrepps.

28. Laugardagur. Moldarik á austnorðan en skafmold ekki mikil, en frost mikið sem daglega er. Fór Jóh. út að Suðureyri og var nótt! Jeg gaf í fjósinu lét telpurnar stafa, mokaði fjárhúsin og fl. Allir í Botni meira og minna veikir, enda gengur þyngslakvefpest.

29. Sunnudagur. Moldbilur á norðan með ofsastormi síðari hluta dagsins og grimdarfrosti; framan af deginum var þó þolanlegt veður, því þá var nokkurn veginn fjallabjart. Kom Jóh. frá Suðureyri aptur. Kom Guðfinna á Gilsbrekku; beiddi hún Jóh. húsb. um fylgd, en hann vísaði henni á mig, og fylgdi ég henni út að Gilsbr., fekk ég þar bezta greiða, kom í Botn aptur í mirkri. Þegar ég kom inn í dyrnar, var Jóhannes kominn þar, og biður mig í svipan að fara fram í fjárhús og bera fyrir sig heim kind sem var að deya, var það gimbur veturg. hin vænsta og gekk mér erfitt að bera hana heim sökum ófærðarinnar, síðan slátraði ég henni. Sauð Guðr. mín innan úr gimbrinni okkar.

30. Mánudagur. Hæglátur með miklu ofankafaldi framan af deginum, en gerði síðan sviðrandi bil. Fór ég og Guðj. út að Suðureyri.

31. Þriðjudagur. Hægt veður á norðan en grimmt frost. Hafði bætt á grófum snjó um nóttina. Rakaði eg gæruna mína og saltaði niður skrokkinn en svo gerði ég ýmislegt fyrir Jóhannes. Kom Kr. á Kvíanesi, skar hann 2 mjólkurær fyrir Jóh. húsbónda minn. Líka komu: Kr. Albert Kristjánsson, Örnólfur Jóhannesson og Þórður Kristjánsson með 17 lömb frá Kristjáni Albertssyni Suðureyri, sem hann setti á hey sitt í Botni.

Nóvember

1. Miðvikudagur. Allraheilagramessa. Skafmold á norðan með miklu frosti. Var eg allan daginn við skrifannir fyrir Jóhannes.

2. Fimmtudagur. Sviðrandi sortabilur um morguninn en fór heldur dagbatnandi. Skrifaði ég uppboðsseðil fyrir Jóhannes. Kom Halldór Guðmundsson vinnumaður hjá Guðrúnu Sigurðardóttur í Bæ, var hann að sækja tryppi er gekk í Botni um sumarið. Halldór er prýðilega gáfaður og vandaður, fagurlega hugsandi meður. Ritar hann all-mikið, og hélzt Dagbækur, en hefur nú í hug að breita þeim á *árbækur*. Hann er og skáldorður. Jeg fylgdi Halldóri með tryppið út á Sel (á Suðureyrarhlíð).

3. Föstudagur. Norðanmold með heiptarfrosti. Afmælisdagur G. unnustu minnar. Kom: P. bóndi á Gilsbrekku. Bauð Jóh. hreppstjórinn upp óskilalamb, mark á því var: biti framan hægra og gagnbitað vinstra. Síðan fór hann á bát út á Malir með Jóhannesi á Kvíanesi, og kom aptur um vökulok, einn á bátnum inn í Botn frá

Kvíanesi. Var hann með bátinn hlaðinn af ýmsu rusli (verbúðarfansi); þar á meðal var koddinn sem hann svaf á um vorið, orðinn miglaður og blautur!! Jeg var farinn að klæða mig úr um kvöldið þegar Jóh. kom heim, fór þó niður að sjó og hjálpaði honum til að bera upp, með Sigríði og Guðjóni, og setja bátinn upp að hjalli og hvolfra honum þar. Um daginn gegndi ég og öllum útiverkum fyrir Jóhannes, þótt ég sjálfur ætti tíman. – Frumritaði ég *Afleiðsluskrá* fyrir bækur mínar, *sem gilda skal eptir mig dáinn*, er hún svo hljóðandi:

Afleiðsluskjal fyrir bækur mínar, sem gilda skal eptir mig dáinn.

Rit mín öll skrifuð í bundnu og óbundnu máli gef ég, eptir minn dag, bókasafni Íslands í Reykjavík; skulu þau upp frá því vera þess eiginleg eign. Meina ég hér rit þau sem ég er höfundur að.

Einnig gef ég því rit þau er ég á og eignast kann sem aðrir en ég eru höfundar að, en sem ég hef skrifað upp, eða skrifa síðar upp. Prentaðar bækur sem ég á eða eignast kann eptir aðra en mig, skulu börn mín eignast ef einhver verða, annars skulu þau gefast umkomuminnsta en gáfuðum unglingi í þeirri sveit sem ég dey í.

Botni í Súgandafirði
3. nóvember 1899.
Magnús Hj. Magnússon
Þetta skal gilda
Magnús Hj. Magnússon.

4. Laugardagur. Stíllt veður norðan, en hvessti þó við kvöldið. Grimmt frost. Fór ég inn á Ísafjörð. Afhenti ég sýslumanni frá sjálfum mér bréf til bæjarnefndarinnar á Ísafirði, í því bréfi beiddi ég um leyfi til að mega setjast að í bænum sem húsmáður. Svaraði sýslumaður (H. Hafstein) mér, að til þess að geta fengið *húsmannsleyfi*, þyrfti ég að giptast fyrst. Jeg hélt að Botni samdægurs. Færð var vond, en eg gekk á þrúgum, og það létti. Á pósthúsinu á Ísafirði tók ég öll blöð og bréf sem fara áttu í Súgandafjörð. Nú var ég hættur að hugsa um að flytja mig að Gilsbrekku.

5. Sunnudagur. Öskrandi moldbilur á norðan, ofsahvass. Samdi ég *ávarp* til *barna*, ræðustúf, þegar ég var að því í bezta gengi, rétti Jóh. húsbóndi minn mér bréf, sá ég strax á utanáskriptinni að það var frá Sýslumanni H. Hafstein. Las ég síðan bréfið, aðalskriptin innan í, var frá Benidikt oddvita Oddssyni í Hjarðardal í Dýrafirði; biður hann sýslumann að „hlutast til um“ að tekið verði hjá mér fjárnámi (lög taki) ógreitt útsvar til Mýrahrepps, að upphæð 4.00 – fjórar krónur –. Upp á bréf þetta ritaði ég sýslumanni svo hljóðandi bréf:

Háttvirtu hr. sýslumaður Ísafjarðarsýslu. Hér með sendi ég yður peninga að upphæð kr. 4,00 – fjórar krónur –, sem þér hafið, eptir beiðni B. Oddssonar í Hjarðardal skipað húsbónda mínum hreppstjóra Jóh. Hannessyni, að taka hjá mér lög taki. Jeg fekk aldrei útsvarseðil frá hreppsnefnd Mýrahrepps haustið 1898, og hef ekki

fengið enn, og veit því ekkert um hvað nefndin hefur lagt mér á herðar að gjalda til sveitarinnar árið 1898. Þykir mér leiðinlegt, að hreppsnefnd Mýrahrepps skuli hafa farið þannig huldu höfði gagnvart mér í þessu efni án þess að gjöra mér nokkurn fyrirvara. Óska ég því að þér hr. sýslumaður, vilduð vera svo góður og láta mig ná rétti mínum í þessu efni.

Virðingarfyllst,
Botni, 6. nóvember 1899.
Magnús Hj. Magnússon.

Jeg dagsetti bréfið 6. nóv.br. þótt ég skrifaði það daginn áður (sunnudaginn). Finnst mér nú ekki síst, að Benidikt í Hjarðardal eigi með réttu vísu þá er ég kvað um hann haustið 1897 þegar hann hafði gjört mér margt til miska í viðskiptum okkar, enda er hann *afar slægur* maður og hinn viðsjálasti í öllum fjársökum. Vísan er svo:

Búskap stundar – birta skal –
Benidikt í Hjarðardal,
auðþekkt grey í garpa flokk,
grútarsál í ljótum skrokk.

6. Mánudagur. Stíllt veður þíkt lopt, mikið fr. Fór ég að heiman, frá Botni, til að kenna á Norðureyri. Kom ég við í Selárdal og fékk góðar viðtökur, þar fékk ég lánaðar 3 kr. og 25 aura í peningum. Á Norðureyri fékk ég beztu viðtökur. Á Norðureyri er þetta fólk: Húsbændurnir, Þórleifur Sigurðsson og kona hans Gunnjóna G. Einarsdóttir, börn þeirra: Guðni Jón 12 ára, Þórlaug Valdís 8 ára, og Sigurður 6 ára gamall. Guðbjörg Sigurðardóttir (systir bóndans) vinnukona og barn hennar Guðmundur Bjarnason 1 árs, og Kristján Sigurðss. vinnumaður, rær út í Bolungarvík. Barnsfaðir Guðbjargar heitir Bjarni Jónatansson, lausamaður á Ísafirði, ættaður úr Snæfellsnessýslu, 24 ára gamall, blíðlyndur og þunglyndur, skáldyrðingur góður, og er búinn að kveða mikið mjög.

7. Þriðjudagur. Heiðbjart stíllt veður um morguninn en varð síðan all-hvass á suðaustan. Heiptarfrost. Birjaði ég að kenna. Fór Þórleifur á sjó með Guðm. Ásgrímssyni á Gelti, fiskuðu 50.

8. Miðvikudagur. Gjóla á norðan framan af deginum en hægði seinni hlutan. Mikið frost.

9. Fimmtudagur. Hæglátur dimmur með ofankafaldi um morguninn, en hvessti síðan mjög. Grimmt frost. Fór Þórl. út að Gelti og plógaði með G. Ásgr.syni, fengu 380 (kúf.) í 9 dráttum.

10. Föstudagur. All-hvass á suðaustan framan af deginum, en hægði síðan og dimmdi með kafaldsbleytu en birti þó aptur. Lítið sem ekkert fr. Fór Þórleifur út að Gelti og á sjó, fiskuðu 1 1/2 hundrað tólfrætt. Kom Magnús Helgason á Gelti.

11. Laugardagur. Vestanmold og lítið frost, norvestan framan af deginum en svo á þvervestan. Kom Jóhann í Selárdal.

12. Sunnudagur. Sviðrandi sortabilur á norðan (útn.) með nokkru frosti. Var ég við skrifannir.

13. Mánudagur. Moldgarður með ágöngum á hafvestan, lítið frost. Komin grimmilegur snjór. Tók Þórleifur lömbin á gjöf. Rak í Norðureyrarbótinni all-mikið af viðarrusli. Kómu: Kristján Þórvaldss. í Selárdal og Guðmundur Sigurðss. á Gelti.

14. Þriðjudagur. Hvass á hafvestan en úrfellislaust, ofsastormur um nóttina.

15. Miðvikudagur. *Voðastormur* með hríð á þvervestan. Brotnaði nefbjörgin á gleraugunum mínum; er ég því eyðilagður með að horfa í bækur, sökum höfuðþrauta minna, en þó *mest* vegna þyngsla þeirra og opt ógnarkvala, er sí og æ halda sér í hægri auganu á mér, síðan ég hlaut það voða-tilfelli í það, er þrælmennið Guðmundur jafnaldri minn Sigurðsson í Neðrihúsum af strákaskap sínum, sló mig í það með hnefanum, vorið 1889, það sama vor sem ég missti *algjörlega* heilsustyrk æskuára minna.

16. Fimmtudagur. Sömu aftökin af veðrinu, en gengin til hafvesturs með frosti. Rok svo mikið að undrum sætti brimgirðing yfir allan fjörðinn landanna á milli. Kvað ég ljóðabréf til Kristjáns gamla Jónssonar á Kirkjuból í Valþj.dal, 41 erindi.

17. Föstudagur. Mjög hvass á útvestan með allm. úrfelli, og leysti mikið. Kom Guðm. Sigurðss. á Langhól, áleiðis til Bolungarvíkur til að standa yfir gröf bróður síns, Alberts sál. Sigurðssonar, bónda í Bolungarvík er andaðist að heimili sínu Ytri-Búðum 31. f.m. á hádegi kl. 12.

18. Laugardagur. Stíllt veður, hafvestanáttapur um morguninn með grófri þoku og dimmu, en gekk upp í norðrið undir hádegið með allmiklu ofankafaldi. Jeg var að kenna fram á háð. en fór síðan inn í Botn til að finna unnustu mína. Daginn áður (17.) kom pósturinn í Botn 5 d. á *eptir áætlun*.

19. Sunnudagur. Stíllt veður austnorðan. Nú tjáði ég Jóhannesi Hannessyni frá, að ég atlaði að taka G. unnustu mína á *mína* vegu frá nýári, eða frá þeim tíma sem hún yrði léttari. Var mér orðið sárt í sinni af að heyra þá sífeldu klögun í Jóhannesi og Guðrúnu um hvað Guðrún mín væri þeim til birðar, og hafa þau ekki enn goldið henni eina krónu í kaup. Þó er Guðrún mín all-rösk við útivinnu, og ljúflyndari manneskju getur ekki, því síðan ég kom saman við hana, hefi ég ekki enn séð hana bregða geði. Eptir lestur fór ég af stað aptur til Norðureyrar. Jeg beiddi Jóh. Hannesson að skila frá mér við Guðr. Einarsdóttur að gjöra svo vel og taka aptur orð sín um vistarráðið.

20. Mánudagur. Stíllt veður á norvestan, frostvægt.

21. Þriðjudagur. Sama veður. Kom Einar Hákonarson húsm. á Arnarnesi í Dýraf. faðir Gunnjónu konu Þórleifs, atlaði hann að dvelja á Norðureyri um nokkurn tíma.

22. Miðvikudagur. Norðanmold, mjög mikið frost.

23. Fimmtudagur. Vindur á suðaustan með hríð scinni hlutan.

24. Föstudagur. Stíllt veður norvestan og mikið frost. Fór Þórleifur og Einar yfir að Suðureyri, í kaupstað. Kómu: Jóh. Hannesson í Botni og Bjarni Þórðarson á

Suðureyri. Jóhannes beiddi Þórleif um mig til Keflavíkur eptir Halldóru Geirmundsdóttir. Hafði hann (Jóhannes) fengið bréf frá sýslumanni með póstinum 17. þ.m. hvar í sýslum. biður hreppstjórann að koma Halldóru „sem fyrst“ á sinn fund til að úttaka hina ídæmdu 5 daga vatns og brauðs hegningu. Þórleifur lánaði mig með því móti ég yrði hjá honum aptur jafnlengi af hluta Jóhannesar.

25. Laugardagur. Um nóttina var stillt veður en þíkt lopt og dimmur í hafið og frost hart. Fór ég þá af stað til Keflavíkur og kom þangað 1 1/2 – einni og hálfri – kl.stund fyrir dag, og var fólk allt í svefni. Með deginum setti á grimasta moldbil á norðan með grófu frosti og varð ég að vera um kyrrt í Keflavík. Þótti þar óvæntur gestur kominn, og var ég þar í góðu gengi.

26. Sunnudagur. Norðan mold með grófu frosti, en bjartari en hinn fyrri dag. En ekki þótti Pálma bónda ráðlegt að sleppa mér undir Göltinn vegna hlaupa (snjóflóða).

27. Mánudagur. All-hvass á austnorðan og grimmt frost. Fór ég frá Keflavík og Halldóra með mér og Guðný Magnúsdóttir vinnukona í Keflavík er Pálmi og Sesselía lánuðu Halldóru til Ísafjarðar, henni til ánægju, þangað til hún væri komin til sýslumannsins. Við höldum að Norðureyri, og síðan flutti Þórleifur og ég þær (H. og G.) yfir að Suðureyri, því betra og óhættara var að ganga inn með firðinum á sunnanverðu. Jeg var við skrifannir um vökuna, og lesa sögu.

28. Þriðjudagur. Hvass á suðaustan framan af deginum, en gekk síðan til norðurs með moldbil og grófu frosti. Kómu þær Halldóra og Guðný til baka þótti hreppstjóranum (Jóh. Hannessyni) ókleyft fyrir þær að fara yfir heiði sökum ófærðar. Var ég að kenna.

29. Miðvikudagur. Mold á norðan með miklu frosti. Gerði Gunnjóna kona Þórleifs við gleraugun mín til bráðabyrgðar.

30. Fimmtudagur. Hæglátt veður frostlítið á suðaustan framan af deginum, en gekk síðan til norðurs og gerði mold um kvöldið. Þórleifur bóndinn mjög vesall af taki fyrir brjóstinu sem hann er vangæfur af. Þórleifur er duglegur maður lipur mjög og skyti góður, er hann búinn að drepa 116 refi, og skjóta all-marga seli. Þórleifur býr á hálfri Norðureyri, þremur hundruðum, en Guðm. Ásgrímss. á Gelti, sem á næstum alla jörðina, hefur hinn hlutan til slæгна. Þórl. elur nú 57 fjár, kú og kvígu og 1 hross.

Desember

1. Föstudagur. Stillt veður norvestan, frostvægt. Kom Jóhann í Selárdal. Kvað ég 5 vísur til Guðbjargar Sigurðardóttir á Norðureyri.

2. Laugardagur. Gróft ofankafald og þoka. Kom: Jón Guðmundss. á Gelti. Jeg var að koma fram til kl. 2, þá fór ég inn í Botn og kom þar í mirkri.

3. Sunnudagur. Bezta veður norvestan. Fór ég með Guðrúnu unnustu mína frá Botni (alfara) og út í *Bæ* til *Guðrúnar* húsfreyu *Sigurðardóttur*; hafði ég skrifað henni 21. f.m. (nóvember) og beðið hana að taka Guðrúnu mína af mér um þann tíma sem hún yrði léttari; gerði ég það mest vegna *neyðarkjara* þeirra sem hún

(Guðrún unnusta mín) átti að búa við í Botni. Ekki er Jóh. Hannesson búinn að gjalda Guðrúnu minni *eina krónu* af kaupum hennar, á hún því hjá honum *allt* kaup sitt, 20 krónur, er hann lofaði að gjalda henni. Hafa ærin brígslyrði gengið hjá Jóhannesi Hannessyni um að Guðrún mín hafi verið sér *ómagi*! Þó gekk hún á engjar og sinnti öðrum verkum sem aðrar vinnukonur Jóhannesar, og er líka frísk við útivinnu. Jóh. Hannesson flutti Guðrúnu mína með mér á bát út á Suðureyrarmalir; þaðan og út í Bæ fekk ég með mér til að bera fóður G. minnar, unglingspilt Helga Sigurðsson. Guðrún Sigurðardóttir tók vel á móti unnustu minni, ég fekk og bezta greiða og Helgi. Í mirkri fóður við frá Bæ aptur og inn á Malir og gisti ég um nóttina hjá móður Helga Halldóru Þórðardóttur í „Babílon“, systur Jóhanns í Selárdal. Tók ég af henni til afskríptar Líkræðu eptir mann hennar, Sigurð sál. Sigurðsson frá Gilsbrekku, bróður Þórleifs á Norðureyri. Hann drukknaði af sama skipi og Bjarni frá Minni-Hlíð 28. febrúar 1898. Ræðan var samin af Sr. Janusi í Holti.

4. Mánudagur. Heiðbjart veður, en gjóstur mikill á norðan og heiptarfrost. Um morguninn fór ég heim að Suðureyri og fann Kr. Albertsson, tók síðan út hjá honum ýmislegt handa Guðrúnu minni. Síðan fluttu mig yfir að Norðureyri Helgi Sigurðss. og Bjarni Þórðarson. Kom Jón Pálmason í Keflavík áleiðis að Suðureyri (í kaupstað) og flutti Þórleifur og Einar Hákonarson hann yfir á Malir til Norðureyrar aptur. Með Jóni sendi Guðrún Ólafsdóttir húsfreyja á Gelti, mér, til að afskrifa fyrir sig: „*Sú rjett skikkaða stundastitting*“ gamalt kvæði, 43 vers.

5. Þriðjudagur. Bezta veður suðaustan, frostlaust. Kvað ég 6 vísur (afmælisvísur) til Jóns Pálmasonar í Keflavík. Fóru Þórl. út að Gelti og á sjó með Guðm. Ásgrímssyni, fiskuðu 90.

6. Miðvikudagur. Bezta veður, blíðviðri frostlaust. Kom Kristján Þórvaldss. í Selárdal til að rekja, lagði upp 30 álnir. Fóru Þórleifur á sjó með G. Á., fiskuðu 100 (tíutíu).

7. Fimmtudagur. Vestan frostleysa og leysti talsvert.

8. Föstudagur. Með dimmum jeljum á vestan. Kom Kristj. í Selárd. fekk lánaða rakgrind, og bar hann hana inn í Selárdal.

9. Laugardagur. Hæglátt veður á vestan með kafaldsbleytu í rökkrinu. Kom Eiríkur bóndi Egilsson á Stað, áleiðis norður í Bolungarvík og inn á Ísafjörð.

10. Sunnudagur. Fyrst um morguninn var gott veður vestan en gekk síðan í haf og til norðurs og fristi. Allhvass. Var ég við skrifannir. Kómu: Jón Pálmason í Keflavík og Jón Guðmundss. á Gelti áleiðis heim til sín af Ísafirði.

11. Mánudagur. Líðilegt kafaldsbleytuslag á suðaustan, ofsahvass.

12. Þriðjudagur. Moldbilur um morguninn en síðan með jeljum á vestan. Allhart frost. Kom Jón á Gelti, skilaði við mig frá Guðm. Ásgrímssyni föður sínum, að skrifa fyrir hann áriðandi bréf um næstu helgi.

13. Miðvikudagur. Vindur á suðaustan, hreint og kalt veður, launfrost. Fóru Einar út að Gelti, var nótt.

14. Fimmtudagur. Gott veður heiðbjart, vægt frost. Kom Einar frá Gelti aptur.

15. Föstudagur. Vindur á suðaustan, talsvert frost. Fór Þórleifur út að Gelti, og á sjó fiskuðu 70.

16. Laugardagur. Útnorðan kafaldsbleyta en hæglátt. Kómu: Jóh. Hannesson og Guðjón í Botni, eptir hvalbrák, sem Gunnjóna kona Þórleifs gaf Jóhannesi til að brúka saman við mör. Fór Þórleifur með G. Á. á sjó, fiskuðu 110. Fór Einar Hákonarson og Magnús Hj. Magnússon norður í Keflavík eptir 10 pt. af steinolfu er Pálmi seldi Þórleifi. Var Ófæran vond, höfðum við með okkur færi, og sigum. Um kvöldið kom að Norðureyri Ólafur Bergsson vinnum. í Hnífsdal, hann gisti.

17. Sunnudagur. All-hvass á hafvestan, frostlaust. Fór Ólafur heim til sín. Fór ég út að Gelti og skrifaði bréf fyrir Guðm. Ásgrímss. til sýslumanns H. Hafsteins (á Ísafirði). Guðbjörg Sigurðard. systir Þórleifs, fór líka út að Gelti. Um vökuna (kvöldið) var ég við skrifannir. Guðm. Ásgrímsson gaf mér 25 aura fyrir bréfskriptina og fyrirhöfnina.

18. Mánudagur. Vindur á vestan, all-hvass. Bar „Húfa“, kýr Þórleifs; hafði hún yfir 9 daga.

19. Þriðjudagur. Með moldjeljum á suðvestan.

20. Miðvikudagur. Sama veðurlag.

21. Fimmtudagur. Krapahríð á vestan, ofsahvass síðara hluta dagsins. Fór Þórleifur og Einar yfir að Suðureyri. Kómu: Sigríður Þorbjarnardóttir á Suðureyri, áleiðis út að Gelti; Jóhann í Selárdal, með honum sendi ég 3.25 aura í peningum sem ég tók til láns í Selárdal 6. f.m. og hét að verða búinn að borga fyrir jól, og Gvendur Sigurðsson á Gelti. Hann er bróðir Steindórs Sigurðssonar í Botni, og Kristjáns Sigurðssonar vinnumanns á Norðureyri, illa kynntur aumingi.

Orti ég vers þetta:

Árið 1898, 7. júlí, kvað ég og vísu um fátækt mína, er hún svo:

Fremur er stór mín fátækt hér,
finnst mér að vanti margt,
á mér að skíni, engin sér,
auðlegðar glis né skart.

Styttist mín óðum leiðin lífs,
að langþreyðri dauðastund,
ó hvað ég þrái úr ama kífs,
alsælan gleðifund.

Fæddur ég í fátækt var,
í fátækt lífi;
sál og hold þá samvist kveður,
í sælla heimi lán mig gleður.

22. Föstudagur. Vestan vindur með jeljum. Kómu: Sigríður Þorbjarnard. frá Gelti aptur, Guðný Magnúsdóttir vinnuk. í Keflavík, og Jón H. Guðmundss. á Gelti. Þórleifur flutti Sigríði og Guðnýu yfir að Suðureyri, og varð að fara inn fyrir hólma sökum sjós. Guðný kom með Þórl. aptur til baka. Hún (Guðný) stundar *sjómennsku ár eptir ár, vetur vor og sumar*, er það nú einsdæmi á Vestfjörðum;

hefur hún verið hjá Pálma í Keflavík 10 til 12 ár, og jafnan róið til fiskjar þegar gefið hefur. Er hún ákaflega hneigð fyrir sjó, og öll karlmannaverk yfir höfuð. Tvö haust og tvær *vetrarvertíðir* hefur hún róið hjá Guðmundi Ásgrímssyni á Gelti. Hún er 30 ára að aldri, eða 31 árs.

23. Laugardagur. Vindur á hafvestan fram á hádegi, en síðan á austnordan með jeljum. Frostvægt. Fór ég frá Norðureyri og út í Bæ til unnustu minnar. Þorleifr og Einar fluttu mig yfir að Suðureyri. Á Suðureyri átti ég inni við verzlunina rúmar 5 kr., og tók ég þar út 20  af Rúg og fl. sem ég lagði Guðrúnu minni til. Á Suðureyri hitti ég Halldór Guðmundss. vinnumann Guðrúnar Sigurðardóttur í Bæ, fylgist ég með honum út eptir og bar margt á góma. Var afmælisdagur hans þennan dag, og var hann þá 27 – tuttugu og sjö – ára gamall, kvað ég til hans söngvísu eina og er hún svo:

Jeg óska vin, að farsæld gæfa og gleði,
þér geti árið nýja fært í skaut,
og verði þér á hólmi og ránarbeði,
svo blítt að sigrist það vér köllum þraut.

Í friði blómgist atgjörvi þíns anda,
svo ánægja þér brosi ljúf og hlý,
en lífs að þrotum hljóttu baldur branda,
samt betri stöðu guða sölum í.

Í Bæ fekk ég góðar viðtökur. Unnusta mín var hress eptir hætti. Um kvöldið kom þangað Jónas Egilsson vinnumaðr á Kirkjubóli í Valþjófsdal, en vetrarmaður á Stað, hjá Eiríki bónda Egilssyni bróður sínum. Jónas ætlaði heim til sín um jólin, hefði honum gefið; jeg beiddi hann að spyrja Jón Guðmundsson (fingralausa) á Flateyri að, hvort hirzlurnar mínar af Sandinum væru komnar á Flateyri; en þegar ég beiddi Jónas þessa, mundi hann eptir að Jón hefði beðið hann að skila við mig, að hirzlurnar væru komnar á Flateyri, en Jónas hafði algjörlega gleymt því.

24. Sunnudagur. Aftaka norðan bilur með frosti um nóttina og hélzt næstum sama veðrið um daginn. Var ég um kyrrt í Bæ. Kvað ég vísur um börn og fl.

25. Mánudagur. *Jóladagur*. Hæglátur á austnordan unz um kvöldið að gerði bil. All-m. frost. Jeg vakti alla nóttina við að kveða og spila, en um morguninn fór ég niður í Árósi, og gegndi þar roska fénu með Halldóri. Jeg kvað ferskeytta vísu um bilinn dagin áður, svo hljóðandi:

Fjalls úr sölum friður braust,
feikna ærðist veður,
Karl Hræsvelgur kvað við raust,
kyngi hríðar meður.

Og Halldór kvað 2 stefjavers:

Hátt upp úr hafi,
um hrímkaldan vetur,
geystist hrímþussi
grár fyrir járnum;
æsti hann Rán
með æði sínu
og gnúði frosið láð,
grimmúðgum nöglum.

Vælti Hafgýgja
voðalega
en harðgjör Hræsvelgur
hrannir skóf.
Drundu við fjöll
og drundi við himin
var-at Hrímnis orð,
helju bundið.

Pegar Halldór Guðmundsson hafði ort stef þessi, kvað ég um hann vísu þessa:

Halldór strjalar hróðri frá
hörpu *Orpheusar*,
göfug sála honum hjá,
hrindir táli og rauna þrá.

Um kvöldið fór ég og unnusta mín ofan að Langhól til Vigdísar móður unnustu minnar, og fengum við beztu viðtökur. Guðm. Sigurðsson á Langhól og Arína Þórðardóttir kona hans, buðu mér og góðar veitingar. Um þessar mundir fréttist í Súgandafirði, að cand. teol. Magnús Runólfur Jónsson sem nú er á Flateyri, á vegum foreldra sinna, síðan í vor 1899, að hann flæktist enn þá heim, frá Kaupmannahöfn, hefði skrifað Biskupi, Hallgr. Sveinssyni í Rvík, og beðið hann um veitingu fyrir Stað í Súgandafirði, sem á síðasta þingi (1899) var gerður að sérstöku prestakalli og tjáð jafnframt biskupi frá, að hann hefði, með leyfi sr. Janusar í Holti, stigið eitt sinn í stólinn í Dalskirkju (Kirkjubólaskirkju í Valþjófsdal) og haldið þar ræðu sem mörgum hefði líkað vel; en með næsta pósti fær sr. Janus bréf frá biskupi, hvar í hann ávítar prófast *harðlega* fyrir að leyfa slíkum *ósæmdarsegg* sem Magnúsi Runólfi að síga í stól í kirkju, sem ætti beinlínis *ekki* að fá leyfi til að halda ræðu *utanstóls*, hvað þá heldur *í stól*.

26. Þriðjudagur. Gjóla á útnorðan, frostvægt. Fór ég úr Bæ og til Norðureyrar. Kr. Albertss. lánaði mér bát, en Helgi Sigurðss. og Jóhannes Albertsson fluttu mig. Gróa Sigurðard. á Gelti (systir Þórleifs á Norðureyri) og Þórun Magnúsdóttir á Suðureyri, voru með í flutningunum. Þórun fór yfir aptur.

27. Miðvikudagur. Bezta veður en mikið frost. Fór Þórleifur og Einar á fjörð, en fengu ekkert.

28. Fimmtudagur. Gott fyrst um morguninn, en hvessti síðan all-mikið á norðan með moldarkólgu. All-mikið frost. Fór Þórleifur út að Gelti, og á sjó, fiskuðu 80. Kr. Sigurðsson vinnumaður Þórleifs, kom heim (að Norðureyri) á Þórláksmessu, og fór aptur í gær.

29. Föstudagur. Norðan bilur. Heljarfrost. Mesta frost sem af er vetrinum.

30. Laugardagur. Sami bilurinn og frostið. Skrifaði ég Jóh. Hannessyni í Botni,

og beiddi hann um uppgjöf á þeim tíma sem ég ætti eptir að vera hjá honum í vist-inni, því ærinn kvíða bar ég fyrir að fara heim í Botn til veru, vegna leiðinda þar og vondra veitinga. Dagurinn í dag er 2. dagurinn sem roska féð á Norðureyri hefur staðið inni í vetur.

31. Sunnudagur. Sami bilurinn. Kvað ég 1 söngvísu sem ég ætlaði að gefa Þór-laugu litlu Þórleifsdóttur á Norðureyri á 9. afmælisdegi hennar, sem var daginn eptir (1. janúar 1900). Hljóðar hún svo:

Pitt árið nýa yngismeyan fríða,
í arm þér beri gnóttir farsældar,
sakleysis þig blómstrin björtu prýða,
í blóma reit sem ljóma æskunnar.

Æ vertu barn um lífs ókomnar leiðir,
svo ljúf og blíð og frí við styggð og tál,
og trúðu því að guð á himnum greiðir,
þá götu þína og blessar þína sál.

Í rökkriinu kom Guðm. Sigurðss. á Gelti og skilaði frá Guðm. Ásgr.syni húsbónda sínum, við Þórleif, Einar og M. Hj. Magnússon að koma *heim til sín* um kvöldið. Þórl. þáði ekki boðið en Einar og M. Hj. M. fóru með Gvendi út eptir, að Gelti, og voru þar um nóttina við góðar veitingar. María Helga dóttir bóndans, beiddi mig að kveða fyrir sig vísu neðan undir bréf til Þórunnar Magnúsd. á Suðureyri, mælti ég hana af munni fram. Í janúar 1899, hafði ég kveðið fyrir hana slíkar vísur til hinnar sömu.

Þannig er þetta ár á enda; leið mér vel á því þangað til ég kom undir hendur Jóhannesar Hannessonar í Botni, tók mér þá að líða miður og *illa*. Mig vantaði nær allt er honum (Jóhannesi) bar að láta mig hafa til vers, og veitingar heima hjá hon-um sára laklegar. Reyndar er Jóhannes jafnan með þægilegustu mönnum á að hitta, en þegar að er gáð, leynir sér ekki að hann er slægur mjög. Talar hann ávalt glymj-andi fagurgala, og hrósar þeim sem hann á tal við, úr hófi öllu, og segir vart nokk-urn tíma *hreint* meiningu sína; fær hann því laklegt orð meðal sveitunga sinna sökum óhreinskilni. Óhætt má telja Jóh. með liprari gáfumönnum, þótt undirferli og slægð sitji hjá honum jafnan í fyrirrúmi, en í þá snöru hefur engin fallið *dýpra* en sjálfur ég. Það er haft eptir göfug- og mikilmenninu Guðna sál. Egilssyni í Bæ (manni Guðrúnar Sigurðardóttur) er drukknaði 28. febrúar 1898, um Jóh. Hannes-son: „Út úr honum (þ. e. Jóhannesi) sér *engin*“. Jóhannes er lítill maður vexti („kubbi“) en skjótur í hreifingum, með allstór og soraleg augu, mikið enni, og heldur kengbogð nef, drykkjumaður grófur, og brúkar daglega jöfnum höndum og ber því á sér, neftóbak og rullu.

Já þannig er þetta ár á enda. Lof og dýrð sé þér guðdómlegi faðir, fyrir allt gott sem yfir mig hefur liðið. Opt hef ég beðið þig, himneski vinur, á þessu ári og

endranær, að veita mínu mædda hjarta svölun og blessun, og aldrei farið óbæn-
heyrdur frá brjósti þinnar miskunar. Heilagi faðir og frelsari, líttu enn á ný á fátækt
mína, og bættu kjör mín og minna, eins og þú sérð haga bezt.

Óþrjótandi ást þér frá,
yfir mig lát drjúpa;
ég vil feginn flatur á
fótskör þína krjúpa.
Til þess finn ég þrjózkur þræll

þyrnum lasta sprottinn,
hversu maður sá er *sæll*,
sem þig elskar drottinn.

Lítið hef ég kveðið í Botni. 27. september (þ.á.), kvað ég: *Í einrúmi*, er það
svo:

Pagnarbönd
þanka minna,
góði Guð,
gerðu að leysa;
láttu öflug orð
í unaðs skrauti
falla af munni mín
mönnum til gleði.

Láttu nú sannast
ljúfur Drottinn,
að þú átt ríki
í mér sjálfum;
guðleg þín návist
gleðji mína
sálu særða
og sælu veiti.

Gamlaárskvöld 1899.
Magnús Hj. Magnússon.

1900

Janúar

1. Mánudagur. Bilur á austnordan. Um morguninn fórum við Einar inneptir, að Norðureyri, frá Gelti; var ég síðan við skrifannir.
2. Þriðjudagur. Suðaustan kaldí, frostlaust. Fór Þórleifur, Einar og Guðbjörg á sker eptir sólum, því sá er siður hér (á Norðureyri) að gefa kúm jafnan sól með heyinu. Kom Kristján Þórvaldss. í Selárdal.
3. Miðvikudagur. Bezta veður, en gerði þó jel í rökkrunu á vestan. Þórleifur seg-
ist ætla að fá mig til að kenna hjá sér um tíma lengur, ef ég fengi mig eptirgefinn
hjá Jóh. Hannessyni húsbónda mínum.
4. Fimmtudagur. Vestan frostleysa en leysti þó lítið sem ekkert.
5. Föstudagur. Heiðbjart og stillt veður um morguninn, en varð síðan nokkuð
hvass á suðaustan. Frostlítið. Fór Þórleifur út að Gelti og á sjó. Einar fór líka út að
Gelti. Kl. 8 um kvöldið komu 3 menn að Norðureyri: Jón Magnússon frændi minn
á Langhól, Ólafur Kárasen á Suðureyrarmölum, með boð frá Guðrúnu unnustu
minni til mín; hafði hún kennt jóðsóttar kl. 10 um morguninn, en barnið var ekki
fætt þegar hér var komið. Bjó eg mig í skyndi, og fór yfir með piltunum, var ég þá

afar-vondur af köldu, en hún hvarf frá mér þegar ég fór að róa. Kom ég kl. 8 1/2 – hálf níu – í Bæ, og var þá barnið, sem var meybarn, fætt fyrir 1 1/2 – hálfum öðrum – kl. tíma, og leið hvorutveggja (móðurinni og barninu) vel.

6. Laugardagur. Vestan slúð um morguninn, en birti síðan og var gott veður. Var litla dóttir mín vigtuð, og var hún 13 merkur að þyngd. Fór ég inn að Suðureyri í kaupskap.

7. Sunnudagur. Gott veður vestan, talsv. frost. Gjóla seinni hluta dagsins og var þá kaldur. Messaði Sr. Janus á Stað og vígði kirkjugarðinn nýja, sem verið hefur í smíðum (úr tré einu) um 2 undanfarandi ár. Í nýja garðinum jarðsöng prófasturinn Guðlaugu Sigmundsdóttir gamlan kvennmann úr Selárdal, móður Guðrúnar Einarisdóttur konu Geirmundar, er getur í Dagbókum frá því ég var í Öfundarfirði. Jeg fór til kirkju, varð ég eyðilagður í höfðinu af að vera berhöfðaður úti meðan prófasturinn las kirkjugarðsræðuna. Ræða sú var mjög hjartnæm og viðkunnanleg. Um kvöldið skrifaði ég bréf fyrir Vigdísí móðursystur mína, til Kristjáns bróður hennar hreppstjóra í Stapadal, ætlar nú Vigdís að flytja þangað vestur á næsta vori, með Jón son sinn og Guðbjörgu dóttur sína, sem bæði fara sem hjú í Stapadal til Kr. frænda síns.

8. Mánudagur. Gott veður austan, talsvert frost. Fór ég úr Bæ og til Norðureyrar, hóaði um flutning, fór kvöldið út að Gelti, og afhenti Guðm. Ásgrímssyni 1.25, sem ég var beðinn fyrir til hans, og lofaði að afh. honum sjálfur.

9. Þriðjudagur. Bezta veður en nokkuð frosthart. Fór ég norður til Bolungarvíkur. Gráróu, áleiðis til Ísafjarðar. Færð bezta. Jeg gisti hjá Jóni Ebenezerssyni og konu hans Elízabet Árnadóttur, við ágætan beina. Um vökuna var ég að kveða Hálfánarrímur mínar, Hattbrag og fl. Börn J. Ebenezerssonar, María, Rannveig, Árni og Þórun, vóru nú gengin í fjelagið „Hörpu“, er stofnað var í Bolungarvík 5. febrúar 1899, og beiddu þau mig að kveða fyrir sig „vísur“ til að syngja á afmælisdegi þess (5. febr.) og hét ég þeim því.

10. Mánudagur. Kafaldslaust fyrst um morguninn, en gerði síðan gróft ofankafald. Jeg beiddi Elízabet konu J.E. að lána mér 10 kr. í peningum, og gerði hún það með orðinu, en ég lofaði að borga henni það aptur fyrir lok júlímánaðar þ. á. Nú hélt ég úr Bolungarvík og inn á Ísafjörð, til að útvega mér húsnæði upp á næsta ár, beiddi ég (um húsnæði) í 6 stöðum en gat ekki fengið það, alstaðar var eitthvað í vegi. Jeg var um nóttina hjá L. Lautenant, vini mínum; var eg einn í herbergi hans um kvöldið því hann var annarstaðar að kenna piltum að spila á „víólín“. Í einrúminu beiddi ég heitt og innilega til míns himneska skapara um hjálp í bágjindakjörum mínum, að ég þyrfti ekki að fara svo heim að ég gæti ekki glatt unnustu með því að ég væri búinn að fá handa okkur húsnæði. „Ó, herra guð, náðaðu mig nú, svo ég geti treyst þér“. Hjá Sigurbirni veittist mér sú ánægja að sjá „Jóla Herópið“ úr mánaðarblaði Hjalpræðishersins; í því blaði vóru prentuð *Jólavers 1898*, eptir mig, er nú nefndust, ásamt öðrum andlegum kveðskap í blaðinu: *Söngvar*.

Um þessar mundir eru 2 menn í fangahúsinu á Ísafirði: Bárður búfræðingur Guðmundsson frá Hesteyri, hafði hann hent ólán það að kveykja *sjáfur*, viljandi,

upp í nýbyggðu timburhúsi er hann átti, gerði hann það í peningavandræðum miklum, en húsið var váttryggt gegn eldsvoða. Hinn maðurinn í fangahúsinu var Guðmundur Sigurðsson, unglingspiltur frá Rafnseyri í Arnarfirði, en ættaður af Ingjaldssandi, systursonur Pálma Guðmundssonar, sem fluttist frá Brekku (á Ingjaldss.) vorið 1897. Pilturinn var sektaður fyrir ófrómleika.

11. Fimmtudagur. Með rigningu af og til; mesta hálka að ganga. Fekk ég leigt húsnæði hjá Pjetri M. Bjarnason, viðarkaupmanni á Ísafirði. Um kvöldið fór ég inn í Tungu, og gisti ég þar um nóttina við góðan beina hjá Sigurði Jónssyni og Sólveigu Guðmundsdóttur frænku minni.

12. Föstudagur. Norvestan moldarrik um morguninn með talsverðu frosti, en birti síðan og var gott veður. Þiknaði í loptið suðaustan síðari hluta dagsins. Fór eg vestur Botnsheiði, kom í Botn og fékk mig eptirgefinn hjá Jóhannesi, hélt svo á út í Bæ. Unnusta mín fór á fætur um morguninn, og var vel hress og dóttir mín líka.

13. Laugardagur. Frostleysa, regn og vindur. Var ég í Bæ.

14. Sunnudagur. Moldarrik á norðan, talsv. frost. Jeg ætlaði inn að Norðureyri, en unnusta mín var svo slöpp, og fór ég því ekkert.

15. Mánudagur. Vindur á austnorðan, kaldur. Um morg. fór ég ofan að Langhól, kallaði þá Guðm. Sigurðsson mig á eintal – þó ekki eintal, því *Ibsen* (!) sonur hans heyrdi á – , og sagði mér að *Einar Hákonarson* á Norðureyri, hefði sagt hreppsnefndinni að ég væri í vináttu við Guðbjörgu á Norðureyri, og að hann (Einar) hefði heyrt mig eitt sinn *fara í rúm* til Guðbjargar í vetur. Tíðindi þessi þóttu mér ekki góð, en talaði þó ekki um, því óljóst var mér hvort rétt væri hermt eptir Einari, og aldrei hafði ég heyrt þetta af Einari, er var þó á sama bæ (Norðureyri) sem ég. – Fór eg svo inn að Norðureyri; Jón H. Guðmundss. á Gelti; sem var að finna kærustu sína (Arnfríði) inn á Malir (í Rómaborg) flutti mig yfir fjörðinn, var Þorbjörn gamli Gizurss. á Suðureyri með í flutningnum hann fór inn að Selárdal. Eptir að ég kom að Norðureyri, var ég að kenna.

16. Þriðjudagur. Vindkæla á suðvestan, frostlaust. Kom Þorbjörn frá Selárdal aptur, Þorb. og E. fluttu hann, með þeim aptur frá Suðureyri kom Pálmi í Keflavík, hafði hann farið út í Bæ með Ólöfu dóttir sinni, er hann kom þangað í læri til Halldórs Guðm. sonar, hjá Guðrúnar Sigurðardóttur sem G. unnusta mín er hjá; Einar fylgdi P. út að Gelti og var þar um nóttina.

17. Miðvikudagur. Hæglátt veður norðan, talsv. frost. Kvað ég kvæði til að syngjast á 1. afmælisdag fjelagsins „Hörpu“ í Bolungarvík, fyrir börn Jóns Ebenzerssonar, aflamannsins mikla á Grundum í Bolungarvík, kvæðið hljóðar svo:

Vér stöndum hér og hefjum mál og hjörtu,
til Hagsældar sem frægð oss hefur léð,
og nálgast enn í blómaskrauti björtu,
svo blessun faðmar sveins og meyar geð.
Í þeirra sálum ágætt þróast yndi,

sem efla satt og rétt með drengskapsþor;
og goðin upp á glæstum Ólympstindi,
með gleðibrosi líta blítt til vor.

Vér óskum hlýtt þér Harpa fjelag kæra,
að heill þín vaxi bæði ár og síð,
þinn sóma hefji hamingjan in skæra,
en hagsæld faðmar saman fjelags lýð.
Já glæddu bezt í geði ungra manna,
allt gott og rétt og mæran karlmansdug,
og framkoma þín sífellt mun þá sanna,
að sæmd þú annt í göfgum frelsishug.

Og heill sé þeim er fjelög stofna fögur,
því farsæld þróast eindrægninni með,
og garpa þeirra geta lengi sögur,
sem göfugt ráð til heilla fengu séð.
Vor kæra Harpa lifðu vel og lengi,
þér lukkugiðja hjástod veiti sín;
á fiðlu brags vér stöðvum hróðrar strengi
sem stöndum hér við áraskipti þín.

18. Fimmtudagur. Hæglátt framan af deginum, en síðan gjóstur á norðan. Grimmt fr.

19. Föstudagur. Porradagur 1. Mold um dægramótin, en kafaldslaus og hæglátur um dagin, gerði aptur mold í rökkrinu. Útnorðanáttað. Frostlaust. Sá er síður, hér á Norðureyri sem víða á Vestfjörðum að húsfreyur halda upp á fyrsta dag Porra og gefa þá spað, og nú er farið að tíðkast mjög að gefa líka pönnukökur með kaffinu.

20. Laugardagur. Gjóstur á vestan, kaldur. Fór Þórleifur og Einar yfir að Suðureyri. Kómu að Norðureyri allir hreppsnefndarmenn Suðureyrarhrepps: Guðm. Guðmundsson (oddv.); voru þeir með hinum óskynsamasta ofsa og arragangi, við mig og Guðbjörgu vinnukonu á Norðureyri, sögðu að E. Hákonarson á Norðureyri væri *mörgum sinnum* búinn að hvetja hvern þeirra til að skipa *Þórleifi* að reka mig út frá Norðureyri. Lagði ég niður fyrir hreppsnefndinni hversu undra-óskynsamlegt og fljótfærnislegt það væri, að hlaupa þannig upp, þó þeir heyrdðu einhvern segja eitthvað sem miður væri, um lítt þekktan mann, án þess að vita nokkur *sönn rök* að máli sínu, en Einar hafði *rækt* mig við nefndina með efni því er getur í Dagbók þessari 15. þ.m. Hreppsnefndin fór af stað aptur *jafnfróð* og hún kom, því ekkert sannaðist af sök á mig né Guðbjörgu sem von var ekki til. Síður hefði hinn víðkunni skapvargur Einar Hákonarson átt að breyta þannig gagnvart mér, því það var einmitt ég sem hjálpaði honum til að koma konu hans veikri (Valdísi Þórleifs-

dóttur) fyrir á Arnarnesi í Dýraf., í fyrravetur (1899), þar sem búið var að reka Einar margsinnis út, að eins vegna hans, því kona hans er gæðakvenndi, og hefur verið dugnaðarmanneskja mesta. E. er líka duglegur, en hefur alla tíð þótt hinn mesti friðarspillir á heimili. Líka kómu að Norðureyri: Kristján vinnumaður á Norðureyri, frá róðrum í Bolungarvík, og með honum Kristján Jónss. bóndi á Miðdal; þeir voru nótt.

21. Sunnudagur. Hæglátt og kafaldslaust fyrst um morguninn, en gerði svo mold á útvestan. Fóru þeir nafnarnir til baka, norður, og sendi ég með þeim afmælskvæðið „Hörpu“. Jeg var við skrifannir með sára samvizku yfir ranglátri breytni og misskilningi mannanna.

22. Mánudagur. Með moldjeljum. Stundir þær sem líða nú yfir mig daglega, eru með daufustu stundum æfi minnar.

23. Þriðjudagur. Kafaldsljúk og garri. Kom Jón Guðm.son á Gelti, Einar flutti hann yfir að Suðureyri og til Norðureyrar aptur. Jón kom með boð frá Guðm. í Rómaborg (tilvonandi tengdaföður sínum), til Þórleifs; að reka mig út! Á hversu hátt stig, kemst mannvonskan?

24. Miðvikudagur. Moldbilur á norðan. Jeg óskup vondur í höfðinu, auk þess að kenna, bar ég mig þó að rita unnustu minni langt bréf, á 8. síðu. Kýr Þórleifs (Húfa) hefur verið veik síðastl. viku, og mjög þungt haldin, en á vanda til þess á hverjum vetri. Var hún í 10 merkum mjólkur, en féll ofan í rúmar 2 merkur, en er nú aptur komin í 7 m.

25. Fimmtudagur. Pálmessa. All-hvass á útvestan um morg., með kafaldsdimb- ingi, en gekk síðan til suðausturs, og varð mjög hvass, með mold í rökkkrinu.

26. Föstudagur. Suðaustan út, mjög hvass, talsv. frost. Kom Jens smiður Arnbjarnarson á Þverá, og Gvendur Sigurðss. á Gelti; kómu þeir á „skegtu“ er Jens átti, utan frá Gelti, því Jens hafði verið að smíða að bát fyrir Guðm. Ásgrímsson, en ötl- uðu nú inn að Suðureyri, en sökum þess að hvasst var lentu þeir á Norðureyri unz að hægði. Þæfði ég vaðmál fyrir Gunnjónu konu Þórleifs, og hef ég hvergi séð höfð- inglegri veitingar við þann starfa, enda er Gunnjóna hin mesta rausnarkona í mat.

27. Laugardagur. Sviðrandi bilur á norðan. Kvaðst nú Þórleifr hafa áformað að hafa mig ekki lengur, þótt ekki væri með öllu útrunnin tími sá, er hann hefði ætlað að hafa mig, en hann sagðist ekki þora því, því ærnu illu með framtíðinni, hótaði hreppsnefndin sér ef hann hefði mig lengur. Bar Þórleifur og kona hans sárt angur út af að verða koma þannig fram gagnvart mér. Sagði ég nú upp kennslunni. Þór- leifur gaf mér vitnisburð, og er hann svo hljóðandi:

„Um þann tíma sem herra Magnús Hjaltason hefur dvalið hér á Norðureyri, hefur hann verið friðsemdarmaður mesti í sínum framgangi, og ávallt komið fram til góðs ef eitthvað hefur á orðið misjafnt; og einstaklega nákvæmur við að kenna börnum, ástundunarsamur, og í einu orði sagt mesta þrúðmenni í sínum fram- gangi.“

„Norðureyri, 27. janúar 1900
Þórleifur Sigurðsson.“

28. Sunnudagur. Stíllt veður, þíkkí lopt. Kómu að Norðureyri: Gróa Sigurðard. á Gelti, Guðný Magnúsdóttir og Halldóra Geirmundsdóttir í Keflavík. Fór ég al-fara frá Norðureyri. Þorleifur og Einar fluttu mig, Guðný og Halldóra vóru með í flutningnum, ferðuðust þær út í Bæ, og var Halldóra þar um nóttina. Jeg hélt líka út í Bæ; mátti fyllilega sjá á unnustu minni að miður heppileg áhrif hafði orðróm-ur sá haft á hana er *Einar Hákonarson* hafði borið um mig, og lýsti sér þar gáfna-leysi og upplýsingarleysi frænku minnar (svo kalla ég unnustu mína), að hún skyldi láta slíkt, meðan hún vissi engin sönn rök, verða að fótakefli ástar sinnar til mín. Jeg var í Bæ um nóttina.

29. Mánudagur. Hvass á suðvestan framan af deginum en hægði síðan. Mikil rígníng. Var ég um kyrrt í Bæ.

30. Þriðjudagur. Kafaldsdímbingur nokkuð dímmur, loqn. Fór ég vestur á Flat-eyri, Klofníngsheiði, til að víta um hírlunár mínar. Þegar ég kom á Klofníngs-heiðarbrúnina á vestanverðu, kvað ég vísu þessa:

Amaskeyti óhagstæð,
erja' á svefna kofan,
það er mikil helvísk hæð,
hér að fara ofan.

Í hírlunum var ekkert orðið skemmt; losaði ég algjörlega aðra kistuna og gaf hana síðan Jóni Guðmundssyni fingralaus. Tók ég tvíhólfað púlt er ég átti (það kostaði nýtt 7 kr.) í kistunni, fullt með skríf, og fleira, og bar það í veg fyrir mig upp að Eyri, en fór síðan áleiðis inn að *Veðrará*, með bréf fyrir Vigdísi frænku mína á Langhól. Jeg gísti um nóttina á Kaldá, við góðan beina að Reinharðar og Aníkkú. Magnús Jónatanss. faðír húsfreyunnar (Aníkkú) sem er nú hjá dóttur sinni hefur verið vel gefinn maður til lífs og sálar og mjög góður *skáldyrðíngur*.

Áríð 1858 var Magnús vinnumaður hjá Þorsteini Þorsteínnssyni (Th. Thorsteínnsen) frænda mínum, kaupmanni á Þíngeyri (föður Davíðs Schevíngs læknis); þá var M. á sínu 18. aldursári, og það var það ár (1858) að Thorsteínnsen hreppti hrakníng mikínn í hákarlalegu um veturínn (um þrettánda), var M. Jónatansson þar með; um hrakníng þann kvað hann (Magnús) síðan rímu 151 eríndi, stykluhenda, hana sá ég nú á Kaldá. Um þessar mundir er Steíndór Sigurðss. frá Botni í Súg-andafírði, mjög á ferð um Önúndarfjörð, hefur hann nú keypt 3 planka á Flateyri, og er búínn að draga þá fram á *Kaldárdal*, kveðst hann atla að fara að byggja sér „hús“ í Hafradal, er líggur upp af Botni (í Súgandaf.), en trén hyggur hann að draga yfir fjallíð sem er millí Hafradals og Kaldárdals.

31. Miðvíkudagur. Blíða loqn og bjart veður unz um kvöldíð (í rökkrínu) að tók að vínda á norðan. Nokkuð frost. Fór ég ínn að *Veðrará* og út að Eyri aptur, og gísti þar við ágætán beina að Guðmundar Ólafs Jónssonar og Sigríðar, dóttur Sighvatar á Hófða; hjón þau eíga hús á Eyri og búa í því.

Febrúar

1. Fimmtudagur. Stíllt veður fagurt. Fór ég norður. Á heiðinni mætti ég 2 Önfirðingum. Hjálsmari smið Guðmundssyni á Selakirkjubóli og Hannibal Hálf-dánarsyni vinnumanni á sama bæ, báru þeir steinbít er þeir höfðu keypt í Súganda-firði. Jeg var í Bæ um nóttina.

2. Föstudagur. Kindilmessa. Líkt veður, meira í hafinu og þoka nokkur. Jeg var í Bæ en fór þó inn að Suðureyri og særði út úr Kr. Albertssyni til láns 24 ⚔ af Bankabyggi og 2 ⚔ af Kaffi, kvað hann mig jafnan hafa verið áreiðanlegan með að borga, en þó hafði hann um að lána mér þetta. Það er þungt fyrir tilfinningaríka sál að þiggja sem þannig er úti látið.

3. Laugardagur. Sama veður. Fór ég úr Bæ, áleiðis til Ísafjarðar; þegar ég gekk um Malírnar var Guðmundur í Rómaborg úti, en er hann sá mig fór hann inn. „Veit hundur hvað jetið hefur“. Þess skal getið, að um morguninn (í Bæ) fekk ég bréf frá Jóh. Hannessyni í Botni, þar sem hann segir mér í, að hann taki mig ekki á heimili sitt sökum þess að ég hafi verið búinn að biðja sig *skriflega* um eptirgjöf, og hann að veita mér hana. En ég hafði skrifað Jóh. 26. janúar, og beðið hann að lofa mér að vera til páska, eða þangað til að ég færi á Ísafjörð (til veru), en hann reyndist mér í bágjindum mínum, svo sem að ofan er sagt. „Þess er getið sem gert er“. Jeg var í Botni um nóttina. Jóhannes var ekki heima, út á Suðureyri.

4. Sunnudagur. Líkt veður en þó all-ábirgdarlegur, og kaldur. Fór ég frá Botni og að Grænagarði norður, og var þar um nóttina hjá fátækum kvennmanni Jónínu Kristófersdóttur, er var ein heima með ung börn, en faðir barna hennar Sigurlaugur Kristjánsson, var farinn til róðra út í Bolungarvík. Um Kvöldið kvað ég upp rýmur og ýms kvæði eptir mig, 5 vísur kvað ég þar, er sú síðasta þannig:

Gæfu, frið og yndis-arð
innilega eg beiði,
yfir bæinn Grænagarð,
guð frá himnum breiði.

5. Mánudagur. Sama veður. Fór ég út á Ísafj., hitti ég strax vin minn, Sigurbjörn Lautenant, og fór að skrifa undir prent *Daglega hugsun um Guð* eptir mig, er S. beiddi mig um í „Herópið“, en ærið mikið breytti ég henni nú, og sleppti úr tveimur versum. Og svo skrifaði ég líka undir prent í „Herópið“ eptir mig *Vers*, síðan 1897, er Sigurbjörn vildi nú að ég nefndi *Vitnisburð*. Eptir miðjan daginn fór ég til Pjeturs M. Bjarnasons viðarkaupmanns á Ísaf., og fekk skriflegan hjá honum leigusamning á herbergi því sem hann ætlaði að leigja mér til 1 árs, frá 1. apríl um vorið 1900, til jafnlengdar 1901, fyrir 54 krónur, og borga 1/4 leigunnar fyrirfram. Um kvöldið fór ég með S. vini mínum upp í Hjaltahús, til Gísla trésmíðs Jónssonar, og fengum við þar bezta greiða. Kona Gísla heitir Margrét, ættuð að norðan.

6. Þriðjudagur. Norðan moldargarri á norðan, hvass, heiptarfrost. Kom gufuskipið „Lára“ frá Rvík á Ísafjörð. Jeg var um kyrt á Ísafirði. Í gær, 5., fór ég til St.

ritstjóra Runólfssonar, og beiddi hann að auglýsa fyrir mig í „Hauk“, Einar Hákonarson á Norðureyri helberan *ósannindamann*, að óhróðri þeim er hann hafði borið á mig í Súgandafirði, og vildi Stefán *fúslega* gjöra það.

7. Miðvikudagur. Mold með ágöngum en ekki eins hvass og daginn áður. Var ég við uppskipun á vörum úr „Láru“ hjá Árna kaupm. Sveinssyni, og hafði í kaup 25 aura fyrir kl. stundina.

8. Fimmtudagur. Moldbilur á útnorðan, 5 st. frost. Um morguninn var ég í vinnu, en síðan var ég að ýmsu fyrir Sigurbj. vin minn.

9. Föstudagur. Heiðbjart og stillt veður, nokkuð fr. Fór ég vestur. Þess skal getið að meðan ég dvaldi á Ísafirði, hafði ég allan mat hjá S. Lautenant, og svaf hjá honum á hverri nóttu, og þá hann enga borgun fyrir. Norðanvert við Skipabrekku, mætti ég 5 Súgfirðingum áleiðis til Ísafjarðar, þar á meðal var Jón Magnússon frændi minn á Langhól, sagði hann mér að *barnið mitt lægi í andlátinu*; tjáði frændi minn mér fregn þessa ærið hvassgeistlega, en slíkt getur haft óheppileg áhrif á menn, og *rangt* gert að herma slíkar fréttir með ósköpum. Jeg hélt út í Bæ um kvöldið, en bar þó þungt. Barnið mitt var lifandi, en sára aumt, var það heima-skýrt kvöldið áður (8. febr.) og nefnt sem það átti að heita: *Magdalena Símonía*; Halldór vinnumaður Guðrúnar Sigurðardóttur skýrði barnið.

10. Laugardagur. Stillt og bjart veður, mikið frost. Dó barnið mitt, um morguninn kl. 6. Fór ég yfir að Þverá og beiddi Jens smið að láta mig fá líkkistustokk um barnið, og hét hann því.

11. Sunnudagur. Stillt veður með ofankafaldi um morguninn. Var ég á Bæ.

Voðaslys: Kristján Pjetur sonur Guðríðar Kristjánsdóttur í Bæ, ekkju Jóns sál. Guðmundssonar, er druknaði 28. febrúar 1898, datt á kassahorn, og sprengdi sundur á sér ennið og varð ægilegt sár, var það líkast sári því er ég hreppti þegar ég var á 6. eða 7. ári, af þeirri orsök að hestur sló mig í ennið, svo ég fjell á bak aptur í klaka; man ég gjörla eptir því, að ferðamaður sem gekk þar um er slysið varð, tók mig í fang sér og bar mig heim, það var Jón Gabríelsson sem nú býr á Skaga í Dýrafirði, en ég átti heima í Efrihúsum.

12. Mánudagur. Bilur á norðann og mikið frost.

13. Þriðjudagur. Sami bilurinn og þó verri. Fór ég yfir að Þverá og sókti líkkistuna, kostaði hún 3 kr., sem ég borgaði strax. Jeg kistulagði barnið um kv.

14. Miðvikudagur. Mold á norðan, skárri seinni hlutan. Flutt lík barnsins míns á kirkjuna það gjörði ég, Veturliði Híram Guðnason, sonur Guðr. Sigurðardóttur í Bæ og Halldór vinnumaður, síðan fór ég inn að Suðureyri, og sótti þangað fatapoka sem ég átti þar geymdan. Um kvöldið gaf unnusta mín öllum á heimilinu kaffi og „Súkklaðe“. Um vökuna skrifaði ég bréf fyrir Vigd. móðursystur mína.

15. Fimmtudagur. Sama veður. Var ég að kemba fyrir G. Sigurðard.

16. Föstudagur: Sama veðurlag. Jeg að kemba og kveða rímur af *Úlfari Sterka*. Gaf ég Halldóri Guðmundssyni *Kvæði Eggerts Ólafssonar*, mundi ég fáum öðrum hafa gefið, svo miklar mætur hafði ég á bókinni.

17. Laugardagur. Sama veðurlag.

18. Sunnudagur. Sama veður.

19. Mánudagur. Bæril. veður fyrst um morgunin en gerði síðan mold að vanda. Fór ég, unnusta mín, og Ólöf Pálmadóttir inn í Botn. Færð var vond og því illt yfirferðar. Unnusta mín fór til fundar, en ég beiddi Jóhannes að hjálpa mér um 6 kr. í peningum til útfararkostnaðar barnsins míns, en ekki þóttist hann geta það, og fekk ég ekkert liðsinni hjá honum, átti ég þó hjá Jóh. 26 krónur, allt kaup Guðrúnar minnar og 6 kr. að auki, og fl. sem ég tók ekki til greina. Ólöf fór inn eptir að eins að gamni sínu til að skoða sig um í Botni, þar sem áformað er að hún flytji að með pabba sínum P. Lárentsúsarsyni næsta vor; ætlar nú gamli maðurinn að fara byggðum úr Keflavík eptir 14 ára dvöl þar. Við vorum í Botni um nóttina við laklegan beina.

20. Þriðjudagur. Sama moldin með heiptargrimd af fr. Um morguninn rofaði til næstu fjalla fór ég þá af stað úr Botni áleiðis til Öfundarfj. að Holti; til að kynna próf. Janusi lát barnsins míns; lagði ég af stað mjög sökum þess að Botnsfólk ítaldi mig að fara, því ærið margir þóttu því gestirnir, en undir stóð að ég færi fastandi af stað, en fekk um síðir flautir með sveillköldum vatnsgrautarspón í, var það kuldalegt og fara svo út í bil. Mjög fór nú bilurinn vaxandi; en Kvíanesdalur var harður mjög og gekk hálfseigt að komast neðan, en eptir að kom fram undir Mjósundabrekku var ófærð grimmileg, hélt ég þó á, og gat hitt vörðu sem stendur gegnt Nónhorni; syrti nú svo mikið að ekkert eygði, og tók veðrið að koma úr öllum áttum en áður var það á eptir mig. Hélt ég enn á því kunnugur mátti ég heita, og gekk þar til að ég var komin í brekku háa, og tók að verða hart, en svo var brekkan há að ekki gat það heiðin verið, og vissi ég nú ekkert hvar ég var, en ekkert sá fyrir moldarsortanum; mun ég hafa staðið kyrr á aðra kl.stund en gat ekkert séð til vegar, og sneri ég þá ofan, gekk síðan nokkuð til og frá, en hélt síðan heim á leið til bæjar í Botn, varð unnusta mín mér fegin.

21. Miðvikudagur. Bærilegt veður, varð koldimmur um miðjan daginn, en birti þó aptur. Fórum við úr Botni og út í Bæ, fekk ég lánaðar 3 kr. hjá Kr. Guðmundssyni á Kvíanesi og 2 kr. hjá Kr. Albert á Suðureyri, til útfararkostnaðarins.

22. Fimmtudagur. Bálhvass um morguninn en hægði síðan en þó með gjóstri seinni hlutan. Fór ég vestur Klofningsheiði, fylgdist með mér Veturliði Híram sonur Guðr. Sigurðard. í Bæ, við fórum „horn“ vestur, þar var ófærðar-minna. Jeg náði í Holt að Veðrará ytri aptur og gisti þar að Jónatans bónda Magnússonar bróður Anikku á Kaldá, en Veturl. fór ekki nema að Selakirkjubóli, og gisti á Kaldá.

23. Föstudagur. Skafmold um morguninn en gerði síðan moldbil. Fórum við V. norður, en fengum veður vont, og verst meðan við fórum yfir sjálfa heiðina, mátti ekki tæpara standa að við kæmumst rétta leið. Veturliði hafði þungt að bera (hákarl) og bar ég fyrir hann megin hluta leiðarinnar. Á Kvyllfarströndinni mættum við manni sem var að koma utan af Flateyri Halldóri Ólafssyni vinnum. á Bessa-stöðum við Mýrar í Dýraf., er hann á 20. (19 ára) árinu upp alinn í Patreksfirði, kom til Dýrafj. síðastl. haust (1899); hafði ég gaman af að spyrja hann fréttu úr Patreksf. af ýmsum þar mér kunnugum. Þegar við Veturliði kómum heimanvert í

svo nefnda Jökulteiga, hljóp snjóflóð, en okkur tókst að hlaupa undan því. Margar vísur stakar orti ég heim Sunddal, er þetta ein:

Lyndisblíði geiragrér,
gjarn á mæra síði,
hákarlpoka á herðar þér,
hengdu Veturliði.

Og þetta er önnur um hund sem með okkur var og V. kvað góðan fjárhund vera:

„Díli“ valin dugnað ber,
dörva-hjalar-lundur,
opt um dali og fjöllin fer,
finnur smalahundur.

Í Bæ vænti engin eptir okkur.

24. Laugardagur. Vindur á sunnan suðvestan með litlu regni, gott veður. Var ég í Bæ.

25. Sunnudagur. Bezta veður, en snjópoka, einkum um morguninn. Var ég í Bæ. G. unnusta mín ferðaðist fram í Vatnadali, fór eptir skattin og kom ekki fyr en í rökkri.

26. Mánudagur. Bezta veður um morgunin, en lagði síðan all-mikinn gjóst að úr vesturhafi. Fór ég til Keflavíkur norður því skrifað hafði ég Pálma Lárentzíus-arsyni, og beðið hann að lofa mér að dvelja hjá sér um tíma, en hann (P.) hafði skrifað strax um hæl, og sagt mig „*hjartanlega velkomin*“, og allt hans heimafólk. En af því prófastur, Janus í Holti, þóttist ekki geta komið til Súgandafjarðar til að jarðsyngja barnið mitt, um þessa helgi, fór ég til Keflavíkur, því síður vildi ég liggja á heimili Guðrúnar í Bæ, fátækrar ekkju, þótt nokkuð hefði ég lagt þar til. Jeg hóaði til manna frá Suðureyri, sem voru á firði í æðarfuglaskoti, um flutning, og sóttu þeir mig fúslega. Jeg fekk besta greiða á Norðureyri, og eins á Gelti, en í Keflavík fögnuðu allir komu minni. Um vökuna var ég að lesa Rób. Krúsóe, er ég átti sjálfur.

27. Þriðjudagur. Vestan regnbleytuskúrir, en fremur hægl. Var ég með að stinga út hús fyrir Pálma. Svo var ég að kveða, og lesa sögur.

28. Miðvikudagur. Vestan góðviðri, bezta veður, og er talsvert orðið leyst. Í dag er Öskudagur, á hann að gamalli sögn, að „eiga sér átján bræður“, sér líka daga. Jeg var að kemba og fleira.

Marz

1. Fimmtudagur. Sama góðviðrið.

2. Föstudagur. Sama góðv. og leysir óðum. Var ég að hlýða Guðm. litla Pálma-syni yfir og fl.

3. Laugardagur. Sama góðviðrið. Fóru úr Keflavík, vestur í Súgandafjörð: Guð-

ný Magnúsd., Guðmundur Pálmason og Magnús Hj. Magnússon. Við hóuðum yfir að Suðureyri um flutning, og vorum sótt þaðan, héldum svo út í Bæ.

4. Sunnudagur. Indælasta veður, og gangfærið eptir því, ágætt. Messaði sr. Janus á Stað, og jarðsöng barnið mitt. Líkmenn voru: Jón Magnússon (frændi minn) á Langhól, H. Guðmundsson, vinnumaður Guðr. Sigurðardóttur í Bæ, og Halldór Guðmundss. vinnumaður Guðríðar Kristjánsdóttur í Bæ; voru þeir að eins í 2 kl.stundir að taka gröfina, því klaki var svo sem enginn. Eptir máltíð í Bæ, fór ég og G. unnusta mín, ásamt Guðnýu og Gumma litla úr Keflavík, með Guðm. Ásgrímssyni á Gelti, yfir fjörðinn, og hjéldum síðan rakleitt á norður; var hiti mikill um daginn, og því ofanfall úr Geltinum, og þegar við kómum í svo nefndan Bustarurðar-bás, datt all-mikið af grjóti, og kom steinn einn all-stór, á hægri fótinn á mér, og slasaðist ég svo að bágt var um að komast norður, en þetta var á miðri leið, þó var tekið af mér sem ég bar. Var Guðsmildi, að við öll biðum ekki stórslys, eða bana af tilfelli þessu. Unnusta mín varð ákaflega hrædd sem von var til. Hún gisti í Keflavík um nóttina.

5. Mánudagur. Sama góðviðrið, en þó norvestan gjóstur síðari hluta dagsins. Fylgdi ég unnustu minni vestur að Gelti, og vorum þar um nóttina. Fannst flak (síða) af útlenzku skipi fyrir innan Hólmana í Súgandafirði, það fundu Suðureyringar.

6. Þriðjudagur. Vestan blíðviðri. Flutti G. Ásgrímss. Jón sonur hans og ég G. unnustu mína yfir í Stöð, og svo Vigdísí Karfelsdóttur vinnukonu Guðríðar í Bæ, er komið hafði í kynnisferð að Gelti. Jeg (M.) fór í flutningnum yfir aptur, og var á Gelti um nóttina. Um vökuna skrifaði ég bréf fyrir Guðrúnu konu Guðmundar, til Magnúsar aukalæknis Ásgeirssonar á Þingeyri.

7. Miðvikudagur. Sama veður. Jeg fór til Keflavíkur með morgunfjörinni. Eptir að ég kom norður fór ég með fleirum fram undir „Hraun“ á Sunddal, og dró þaðan heim eldivið (mó), svo fór ég að afskrifa rímur mínar af Hálfadáni Barkarsyni, fyrir J. Jónss. húsmann á Breiðabóli, er ég kvað þær fyrir. Um vökuna var ég að kemba, og lesa Eyrbyggju, er ég átti sjálfur, og segja var ég fleiri sögur.

8. Fimmtudagur. Mjög hvass með dimmum moldjeljum á vestan. Var ég að skrifa Hálfánarrímurnar, þæfði sokka og fl. Fór Jón sonur Pálma norður í Skálavík, sagði þær fréttir að Guðrún Sigmundsdóttir kona Pálma Guðmundssonar á Breiðabóli (frá Brekku á Ingjaldssandi) lægi fárveik. Einnig frétti hann að fiskur mundi verða í háu verði næsta sumar giskað á, að skpd. verði á 80 kr.

9. Föstudagur. Gjóstur á vestan með kafaldi um kvöldið. Fór Halldóra Geirmundsdóttir vestur að Gelti, sá hún *Einar Hákonarson* á Gelti, og þótti henni hann láta mikið, datt mér þá í hug vísa þessi:

Stundar erki-fólsku fans,
friðar æsir bana,
undir merki andskotans,
Einar sæmdarvana.

10. Laugardagur. Með vestan bleytuágöngum um morguninn, en æsti veðrið um dagmálin, kl. 9, og gerði storm með mold og roki, birti þó þegar leið á daginn og frysti þá. Guðný og ég ötluðum norður í Skálavík, Bakkaskarð, en kómunumst ekki nema framanvert á Einarsbrekku fremri, var þá komið óstjórnandi veður, og snerum við þar til baka.

11. Sunnudagur. Moldbilur með frosti á norvestan. Eptir lesturinn samdi ég í óbundnu máli: *Lítill andleg hugsun, með bæn*; hún (bænin) er þannig:

Almáttugi kærleikans faðir, eilífi hjálpari, skapari og viðhaldari alls lífs og fegurðar! Lýstu upp huga minn með ljósi þíns guðlega sannleiksorðs. Vertu öllum sem á þig vona, óbrigðull vinur í stríðu og blíðu, allar stundir, í lífi og dauða. Heyrðu bæn mína ástríki hjartans huggari, í Jesú nafni, amen.

12. Mánudagur. Gott veður, en grimmdarfrost. Mikill hafís kominn. Um morgunin kvað ég Erfiljóð eptir föður minn sál: Hjalta Magnússon, og eru þau svo:

Allra líf enda tekur,
óðfluga tíðin fer,
sá sem að harmur hrekur,
huggist; hvíld nálæg er.
Blundurinn banakífsins,
ber sál í dýrðarstað,
loknu að starfi lífsins,
lögmaál er drottins það.

Trú, von, og athöfn alla,
engu vantrausti háð,
byggði þín sálin snjalla,
sannleika kongs á náð.
Hvernig sem hretin nauða,
hömluðu velsældar,
frægd þá í dapran dauða,
dádörökk þín sálin bar.

Faðir minn fús á prýði,
frelsuð þín önd er nú,
miklu úr mæðustríði,
mjög sem við barðist þú.
Hörmungar hættusamar,
heimsins og tálbrögð flá,
sál þinni ekki ama,
eilífum verum hjá.

Mörg var þér listin lagin,
ljúfmenni um æfistund,
landverk og eins við æginn,
iðjaði viljamund.
Hreinvirkni og hegðan þína,
heiðursverð dæmin góð,
hélzt sem þinn hug lét krýna,
hefur í minnum þjóð.

Ljóðhörpur ljúfa strengi,
lékst á með auðmjúkt geð,
guðhrætt og göfugt mengi,
gleðja bezt þvílíkt réð.
Börnunum varstu blíður,
beindir þeim rétta leið;
saknar þín lengi lýður,
ljómar þín minning heið.

Fyrirsögn fyrir Erfiljóðunum hef ég þessa:

Hjalta Magnússon, skáldyrðingur og barnakennari.

Lag við er: Allt eins og blómstrið eina.

Svo fór ég og Guðný Magnúsdóttir vinnuk. Pálma, norður í Skálavík, áleiðis til Bolungarvíkur, fórum við *Kamb*, það er utanvert (norðanvert) við *Bakkaskarðið*, kletta-hryggur, en optast nær auður, en bratt er þar, og getur verið hættulegt. Fylgdi Jón Pálmason okkur, og hafði band á okkur ofan. Jeg fór að færa Jóni á Breiðabóli Hálf-dánarrímur mínar, og seldi ég honum þær á 3 krónur, en ekki þóttist hann geta borgað mér þá einn eyrir, en lofaði mér innskrípt um vorið. Ekki átti ég erindi neitt inn til Bolungarvíkur, en fór það með Guðnýu. Á Skálavíkurheiði er varða, er nefnist „Hærri-Kross“. Á vörðu þá hafði faðir minn sál. eitt sinn heitið, og látið smíða kross úr tré og setja fastan ofan í vörðuna, og stendur á krossinum með venjulegum skurð-arstöfum: *Hærri Kross. Upp Hækkaður Ár 1892 af H.M. M.J.* Það er:

Hjalta Magnússyni, og Magnúsi Jónssyni bónda á Breiðabóli, er hlóð vörðuna fyrir föður minn. Jeg gisti um nóttina hjá Pjetri Oddssyni hreppstjóra í Tröð (í Bolungarvík), kona hans er Guðný Bjarnadóttir, ættuð úr Dalasýslu. Jeg hafði góða nótt. Guðný gisti í Meiri-Hlíð hjá oddvita Hálfadáni Örnólfssyni.

13. Þriðjudagur. Allra-fyrst um morg. var sama veðrið sem daginn áður, en kl. 6 1/2 – hálf sjö – koldimmdi með líðilegasta norvestan kafaldsbleytuslagi, og hvessti mjög. Héldum við Guðný sömu leið til Keflavíkur, bjóst engin við að við mundum koma í því veðurlagi.

14. Miðvikudagur. Stinningsvindur á vestan framan af deginum, en gekk síðan til norðurs með grimmdarfrosti og gerði mestu hálfu að ganga. Var ég að kempa.

15. Fimmtudagur. Norðangarður grimmdarharður. Heiptarfrost. Um morguninn áður en fólkíð vaknaði, skrifaði ég upp *Lítill andleg hugsun* og *Erfljóð* föður míns sál. hvorttveggja eptir mig, og gaf Jóni Pálmassyni það. Svo var ég að kempa. Var ég nú mjög vondur í fætinum er ég slasaðist í 4. þ.m.

16. Föstudagur. *Gvendurdagur*. Stillt veður en fjarska frost, uns um miðaptaninn, að koldimmdi með kafald. Þæfði ég vaðmál með Guðnýu og fl. Sökum höfuð-þjáninga minna, er ég svo þegar ég er að þæfa, að styðja verð ég mig þegar ég rétti mig upp, svo svimar mig; þannig er ég daglega, en ég er orðinn svo vanin þessu; nú næsta vor, eru liðin *II ár*, síðan ég algjörlega missti heilsuna, það var vorið 1889, ég var þá í vinnu á Flateyri, frá fóstru minni Margrétu Bjarnadóttur á Hesti, sem var þá sem húsmanneskja hjá syni sínum, þorparanum Jóhannesi Kristjánssyni. Á Flateyri var ég hörmulega gerður út af fóstru minni, til matar og fatar. Þá var vinnumaður á Flateyri Guðmundur Jónsson kallaður „*spritt*“, var hann í fiski-vinnu, og bárum við eitt sinn saman börur með fiski á upp í stakk, í eitt skiptið var ég ekki eins fljótt búinn að snúa mér við sem Guðm., ríkti hann þá hart til börun-um svo kjálki þeirra small með geisi ferð á vanga mér, og féll ég í rot, síðan hef ég *aldrei* lifað heilbrigðan dag, hef eg þjáðst mest af höfuðkvölunum. Þetta sama vor

nokkrum tíma á undan, var þegar Gvendur í Neðrihúsum sló mig í augað. Ó, Guð, hjálpaðu mér, og græddu mín angurssár.

17. Laugardagur. Stíllt veður en fjarska frost. Var ég að kemba, lét Gumma lesa, malaði og fl.

18. Sunnudagur. Stíllt veður, þíkt lopt. Fjarska frost. All-mikið af hafís ofan undan Keflav. Um morg. kvað ég *Eptirmæli* eptir Guðna sál. í Bæ, mann Guðrúnar Sigurðardóttur og undir hennar nafni, hafði ég heyrt á henni að mikið langaði hana til að fá kveðið eptir hann. Guðni sál. var hið mesta mikilmenni, ljúfmenni og drenglyndur, og er því áreiðanlega satt sem í ljóðunum stendur um kosti hans. Fór Guðný vestur að Gelti, og sendi ég með henni Eptirmælin til Guðrúnar í Bæ. Fekk ég bréf frá Friðriki barnakennara Guðjónssyni í Tröð í Álfafirði, oddvita Súðavík-urhrepps; hafði ég skrifað honum, og beðið hreppsnefnd Súðavíkurhrepps á ný, um leyfi til að mega giptast, gegn því að ég borgaði 40 kr. árlega af sveitarskuld minni, uns hún væri alborguð, en ekki var hreppsnefnd Súðavíkurhrepps fús á að gjöra það.

19. Mánudagur. Stílltur suðaustan út en sama heiptin af frostinu. Fórum við Jón Pálmason vestur í Bæ og sóttum Ólöfu Pálmad. því nú var kennari hennar Halldór Guðm.son vinnum. G. Sigurðardóttur kominn til sjós. Unnusta mín var hress, en sagðist þó vera farin að finna til leiðinlegrar veiki (þvagteppu); veiki þá segist hafa fengið á 8. ári, og verið þá mjög illa haldin um tíma. Kom í Keflavík „Gvendur“ Sigurðss. á Gelti með boð til H. Geirmundsdóttur, fór hún með honum vestur, áleiðis á Ísafjörð til sýslumanns H. Hafsteins, til að taka út sína ídæmdu 5 daga vatns- og brauðs hegningu.

20. Þriðjudagur. All-hvass á suðvestan en úrf. laust. Var ég að kenna börnunum og birjaði að skrifa upp fyrir sjálfan mig rímur af Indriði Ilbreiða eptir S. Breiðfj. Líka birjaði ég að skrifa upp á ný, rímur mínar af H. Barkarsyni, fyrir vin minn Jón Pálmason.

21. Miðvikudagur. Þýðvindur hægur vestan uns um miðaptaninn að gekk til norvesturs og koldimmdi þá með grófu ofankafaldi. Birjað að lesa í björtu í Keflavík.

22. Fimmtudagur. Stíllt veður norvestan, frost. Fóru þau Jón og Guðný vestur að Gelti til róðurs. Heldur fer nú að verða líflegra að sjá í Keflavík, þar sem mastravalirnir eru farnir að fljúga um hafið, sumir vængjaðir (seglskipin) og sumir vængjalausir (gufuskipin). Jeg var að kenna, og svo að skrifa upp rímurnar í frítímum mínum.

23. Föstudagur. All-hvass á vestan og leysti snjóinn er gerði um kvöldið 21. þ.m. Kláraði ég Indriðarímurnar. Kómu þau Jón og G. að vestan Guðm. Ásgr.son hafði fiskað 50.

24. Laugardagur. Indælasta veður, heiðríkt og stíllt, talsvert frost. Er nú hálf-autt og því beit nóg fyrir fjenað. Jeg við sama.

25. Sunnudagur. Sama blíðviðrið, þó var vindr á vestan síðari hluta dagsins. Kláraði ég Hálfðánarrímurnar fyrir Jón minn, hepti þær og kvað vísu aptan við þær:

Garpur sá sem gæfan há,
gerir prýða og sæmdin rík,
rímur þessar eiga á
ungur Jón í Keflavík.

J. gaf mér 1 kr. í peningum fyrir afritið.

26. Mánudagur. All-hvass á vestan uns um kvöldið að gekk til norðurs, dimmdi þá og gerði ofankafald en birti þó síðast um kvöldið. Fór ég alfarinn úr Keflavík. Jón fylgdi mér vestur að Suðureyri, og börnin Ólöf og Guðm. vestur á fjörur.

27. Þriðjudagur. Heiðbjart og stillt veður, en kafaldsfjúk um kvöldið. Mikið frost. Var ég í Bæ og þæfði vaðmál fyrir G. Sigurðard. og skrifaði bréf um kvöldið fyrir Vigdís á Langhól. Guðmundr Jónss. bóndi á Görðum í Önundarfirði, flutti sig til vers í dag í Keravík í Súgandaf. Með honum fréttist lát Pjeturs bónda Magnússonar á Hálsi á Ingjaldssandi, hafði hann andast snögglega úr heilabólgu. Þannig er hann þá leystur úr andstreymi veraldar þessarar, og er nú eflaust sælli. Guð friði sálu hans.

28. Miðvikudagur. Austnorðan mold, dimmur mjög, en heldur hæglátt. Fór ég inn á Ísafjörð að bera mig. Jeg skildi bagga minn eptir í Tungu, en hélt þó á út á Tanga. Jeg ætlaði að fá lánaðar 13 kr. í peningum, en gat ekki fengið þær. Jeg var um nóttina hjá Sölva gestgjafa. Í næsta rúmi við mig, svaf *mállaus* maður, Björn Guðmundsson að nafni, frá Stað í Grunnavík, fylgdarmaður sr. Kjartans Kjartanssonar. Var hann hinn þægilegasti, og sýndi mér Vasabók sína; er hann sjálfur hafði all-mörg orð skrifuð í. Hann mun vera um þrítugt og lítur vel út.

29. Fimmtudagur. Heiðbjart og stillt veður, mikið frost. Var ég að reyna til á Ísaf. að fá lánaðar áðurnefndar 13 kr., beiddi ég alla sem ég vissi að höfðu einhver peningarád, kaupmenn, handverksmenn og ýmsa fleiri, en alstaðar var „Prándur í götu“, svo ekki gat það gengið. Féll mér þetta svo þungt að ég örvinglaðist, því krónur þessar ætlaði ég að brúka upp í fyrirfram-húsaleiguna til P. M. Bjarnasons; en sá nú engin ráð til að enda þau orð mín. Datt mér þá í hug að fyrirfara sjálfum mér, og í því skyni fór ég til *Þorvaldar læknis*, og pantaði hjá honum *svefnmeðöl*, fór síðan með fyrirskriptin (resept) í Lyfjabúðina og keypti þar svefnmeðöl fyrir 2 kr. *sem ég átti til í eigu minni*. Gekk síðan skyndilega til Benónýs skósmiðs, tók af mér tösku mína ásamt vasaklukku, sem ég var búinn að láta gera við fyrir Kr. Albertsson á Suðureyri, því sýnt var mér um að hver fengi sem hann hjá mér átti. Hélt svo rակleitt niður fyrir „Dokkuna“ lagðist niður í flæðarmáli því aðfall var, og ætlaði að láta flæða yfir mig en taka jafnframt inn svefnmeðölin; saup nú á flöskunni sem sterkara var í og sveif mér þá mjög. Jeg mun hafa legið um 2 kl.stundir í fjörunni, en þegar tók að renna undir fætur mér var mér farið að kólna, og kominn í mig skjálfti, var ég þó vel búinn að klæðum, vonaðist þó eptir að verða liðið lík um næsta sólarlag. En þá datt mér í hug, að reyna á ný að biðja B. skósmið um peningalán og stóð því upp og gekk þangað, atvikaðist síðan svo að ég hætti við hið voðalega áform mitt; fór ég þá inn að Hafrafelli og beiddi Guðmund bónda

Oddsson sem var efnamaður, að láta mig fá 13 kr. í innskipt til P., þegar hann vissi hver maðurinn var, vildi hann ekki gjöra það, sagði að hann (Pjetur) mundi heimta út peninga, sem kaupmenn væru ófúsir að láta. Jeg gisti á Hafrafelli um nóttina við beina ágætan.

30. Föstudagur. Heiðríkt veður með norðaustan kælu, grimmt frost. Um morguninn fór ég aptur út á Tanga, og fékk nú loksins lánaðar optnefndar 13 kr. hjá Petrínu verzlunarkonu Bárðardóttur. Von er þó mér sé vel við kvennfólkið. Það reynist mér opt vel. Varð mér nú léttara um hjarta og hélt af stað vestur og út í Bæ.

31. Laugardagur. Frostleysa og leysti mikið, blítt veður. Fór ég fram í Vatnadal með vöggu, um leið ætlaði ég að selja bók til að fá aura fyrir, en kom henni ekki út. Jeg þæfði sokka fyrir G. Sigurðard. og fleira.

4. Dauðinn og prófasturinn – Atburðir í kringum áramótin 1902-1903¹

Eitt af því sem setti svip sinn á líf Magnúsar og Guðrúnar upp úr aldamótunum var hin eilífa barátta við barnadauðann. Ár eftir ár barði hann að dyrum og engu er líkara en að þessir hvítvoðungar hafi aldrei átt sér nokkra von um líf, fátæktin og eymdin var svo mikil. Í allri þessari sorg þurftu Magnús og Guðrún að glíma við samferðamennina sem margir hverjir voru þeirrar skoðunar að þau ættu sér engan þegn rétt. Fátæktin skipaði þeim á bekk með hinum úthrópuðu og liðsinntu kirkjunnar menn þeim lítt í þrengingunum. Í þessum kafla segir af vonbrigðum Magnúsar og hrópandi óréttlæti þeirra sem betur máttu sín gagnvart lítilmagnanum. Val þessa sýnis-horns tekur mið af dauða dóttur Guðrúnar og Magnúsar og viðbrögðum samferðamanna þeirra við atburðinum. Rétt er að minna lesendur á samsvarendi kafla í *Heimsljósi* Halldórs Kiljans Laxness.

1902

Nóvember

1. Laugardagur. Voðabylur um nóttina og snjóaði ákaflega en hægði og birti með deginum. Eptir hádegið tók að dimma á suðvestan. Eptir hádegið tók að dimma á suðvestan með nokkru kafaldi.

Um morg. ritaði ég upp vísur þær er ég orti 20. sept. að því búnu fór ég út á Ísafjörð og gerði þar ýmislegt. Kómu: Guðm. Jónsson lm á Kirkjubóli í Valþjófs-

1 Lbs 221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

dal, Valdimar Jóhannsson unglingspiltur frá Eyri í Önf. og Finnb. Bæringsson lm á Ísafirði; hann beiddi mig að rita fyrir sig 9 kvæði, 26 blöð, upp úr Ljóðmælum Gríms Thomsens (Kh. 1895). Borgaði hann mér 1 kr. fyrir, var það af neyð minni að ég þáði það því að skrifa jafnmikið var ekki svo lítið verk en ég átti ekki þetta „fri“ sem samtíðarmenn mínir vilja hafa og hafa.

2. Sunnudagur. Sortabylur á norðvestan mátti heita allan daginn, mesta drífa og skafkafald, kominn geysi snjór. Um nóttina kom Þórður Þórðarson frændi minn skáld og bóndi á Krossnesi í Strandasýslu, kom hann norðan með gufuskipinu „Skálholt“ til að finna mig og unnustu mína, og sat hann nú um kyrrt hjá okkur, en var slappur mjög og var því ekki eins mikil skemmtun sem ella.

3. Mánudagur. Gjóstur á norðan, þykkt lopt kafaldslaust. Allhart frost. Var Þórður frændi minn um kyrrt. Gerði ég ýmislegt. Varð ég að sinna um matar tilbúning, því ekki vildi Helga gjöra það.

4. Þriðjudagur. Hvass á norðan með grimmdarfrosti. Um morguninn í rúmi mínu heyrði ég hrafn krunka, þá kvað ég vísu þessa:

Stormur skakar lá og lund
lækkar happa gróði,
úti' á klaka greiptri grund
gellur borginmóði.

P. frændi minn um kyrrt.

5. Miðvikudagur. Hörkubylur á norðan með miklu frosti. Fórum við frændurnir út á Ísafjörð. Jeg fékk ýmislegt lánað hjá Jóni Laxdal en Þórður keypti á bókhlöðu Þorvaldar Jónssonar sem var sú eina á Ísafirði, Útilegumannasögur (Rvík 1902) úrval úr Þjóðsögum og æfintýrum Jóns Árnasonar og gaf hann mér bókina er kostaði 1 kr. 40 aura. Um morguninn dreymdi Þórð frændi minn að hann kvæði (orti) vísu þessa:

Mál að rísa úr rekkju er
runnum góins leðju.
Skinfaxi því skreyta fer
Skilfings fagra beðju.

Sjálfur kvað ég vísu þessa er ég vaknaði um morguninn og vissi hvernig veðrið var:

Geystur hljóðar Hræsvelgur
Herjans fljóðið gagntekur,
fimbulmóði magnaður
miklast þjóðum nauðgeigur.

Kom Ari Jónsson húsm. á Stakkanesi, fyrir hann reit ég bréf upp á illa goldna landskuld til Jóns Auðuns Jónssonar bónda á Garðstöðum við Ísafjarðardjúp. Átti Ari 3 hundruð í jörðu þar innra og hafði Jón Auðunn lofað honum að taka á móti afgjaldinu en enn ekki staðið skil á því og vóru komin svo 3 ár.

6. Fimmtudagur. Sami bylurinn mátti heita aðeins bjartari inn til fjarða. Fór ég með Þórði frænda mínum út í Hnífsdal, fengum lítinn greiða þar og kvað ég þá vísu þessa:

Misjafnt skipt er manna geð
með fjárgáfum slyngum;
sjaldan rausnar list var léð
leiðum Hnífsdælingum.

7. Föstudagur. Sama veður. Gerði ég ýmislegt. Þórður um kyrrt.

8. Laugardagur. Ofsa- og sorta bylur á norðan og grimmt frost. Þórður ætlaði að leggja af stað heim til sín, en varð að vera kyrr sökum óveðursins. Byrjaði að skrifa fyrir Finnboga Bæringsson úr Ljóðabók Gr. Thomsens.

9. Sunnudagur. Sami bylurinn mátti heita aðeins bjartari inn til fjarða. Þórður frændi minn var nú óvægur nema leggja upp heim til sín og fór hann af stað, gáfum við unnusta mín honum upp á 29 kr. auk 10 króna og 75 aura er við áttum hjá honum frá því vorið 1900; síðan fylgdi ég honum í kring um Skutulsfjörð út að Seljabrekkunaustum en hann ætlaði þaðan á fund frændfólks síns í Álptafirði og reyna að komast þaðan yfir Djúpið.

10. Mánudagur. Hæglátt veður með sorta-ágöngum fram á hádegi, gekk þá til suðausturs og birti svo að sá norður í Snæfjallaströnd, en dimmdi aptur um kvöldið. Gerði ég ýmislegt. Kómu Björn og Gísli, ungir menn úr Breiðafjarðardölum áleiðis til róðra í Bolungarvík.

Guðbjörg Ólafsdóttir hjá Kristjáni Jóhanni Jóhannssyni í Krók á Ísafirði ól barn (mey) þennan dag og lýsti föður Árna Jakobsson í Ögri (son Þuríðar ríku); hittist svo á, að hann (Árni) var einmitt staddur á Ísafirði þennan dag að bíða eptir gufuskippinu „Vestu“ er von var á norðan og sem kom norðan þennan dag fyrir hádegi. Húsbóndi Guðbjargar Kr. Jóhann Jóhannsson formaður í Krók á Ísafirði er tekið hafði stúlkuna um haustið upp á gustuk, fór á fund Árna og tjáði honum frá barnsburði Guðbjargar, en Árni kvaðst ekki eiga barnið og sagðist mundi þræta; en Kristján Jóhann sagðist hafa séð á Árna að hann ætti barnið því skolfið hefði hann „eins og hrísla“.

Nokkrum tíma áður hafði stúlka á Garðstöðum kennt Árna þessum barn en hann gekkst illa við því og þótti öllum honum illa farast. Árni ætlaði með „Vestu“ til Reykjavíkur.

11. Þriðjudagur. Gott veður norðaustan. Byrjaði ég að róa með Sigurlaugi Kristjánssyni húsm. í Frönskubúð á Ísafirði. Höfðum 14 lóðir og fiskuðum í hlut: 2 kr. í fiski og 20 ýsur. Hásetar Sigurlaugs, auk mín, voru: Híerónýmus Híerónýmusarson frá Stað í Grindavík og Guðm. Kr. Jónatansson vm. Sigurlaugs.

12. Miðvikudagur. Gott veður unz um hádegið að mjög tók að hvesa á suðaustan og gerði síðan ofsarok með stórhrið um kvöldið. Fórum á sjó, fiskuðum í hlut: 1 kr. í fiski og 28 ýsur.

13. Fimmtudagur. Allhvass á vestan með moldjeljum. Um nóttina kl. 2, vaknaði

ég og fór þá úteptir til formanns míns, en af sjóferð varð þó ekki því Sigurl. treysti ekki Guðm. Jónatanssyni er var afarónýtur og tilfinningalaus fyrir öllu er betur má fara í verklegum efnum.

Flutti ég heim til mín kol, blautan fisk og fl., fór svo úteptir um kvöldið kl. 8 og gisti í Frönskubúð, en er ég var nýsofnaður, kl. að ganga til 10, vaknaði ég við brunalúður bæjarins (Ísafjarðar). Var þá kviknað í húsi Einars Bjarnasonar snikkara, lék loginn brátt um allt húsið og varð að einu eldhafi. Fólkið sumt í húsinu var sofnað og bjargaðist það með naumindum. Ég fór á fætur og gekk í slökkviliðið og starfaði við vatnsburð fram undir morgun. Við hús það er brann voru slökkvítíraunir allar árangurslausar og gekk allur tíminn til að verja hús Sigurðar verkstjóra Guðmundssonar er næst var eldinum og tókst það furðanlega vel. Ekki þorði þó sýslumaður, Hannes Hafstein, annað en láta bera úr því allt sem hægt var, og skipaði hann að brjóta glugga og kasta þar út húsbúnaði öllum, en við það misstu sumir næstum aleigu sína því allt brotnaði sem brotnað gat; þeir sem bjuggu í húsi Sig. Guðmundssonar urðu því, þó ótrúlegt sé, fyrir mestum þeim skaða er bruninn gerði, því þeir fengu ekkert bætt. En hinum, er voru í húsi Einars snikkara gafst geysi mikið, og húsið ásamt innanhúsmunum var vátryggt.

14. Föstudagur. Allgott veður unz í rökkrinu að gerði voðalegan ofviðris-sorta-byl á suðaustan. Var það mesta stórviður er ég mundi. Ísfirðingar fóru engir á sjó, voru allir meira og minna laraðir eptir nóttina. Jeg gekk heim um morguninn en svo strax um hæl úteptir og gerði ýmislegt fyrir formanninn.

Kom Engilráð Helgadóttir vetrarkona í Tungu, hún varð að gista sökum óveðursins.

15. Laugardagur. Voða-veðrið sem gerði kvöldið áður hélzt alla nóttina af sömu átt, þangað til undir morguninn að gekk til vesturs og hægði lítið og hélzt það veður um daginn með moldar-ágöngum.

Síðari hluta næturinnar tók á sjó út þinghús Eyrarhrepps er stóð á Hauganesi í Hafrafellslandi; rak það út á Torfnes og liðaðist þar í sundur. Páll oddviti Jónsson á Kirkjubóli gekk á reka og fór ég með honum til liðs. Hjá oddvitanum tók og hjall er ekkert stóð eptir af; ýmsar urðu og fleiri skemmdir: reykháfar fuku, þök af húsum og heyjum, rúður brotnuðu og fl. og fl. Kómu: Páll oddviti Jónsson á Kirkjubóli, Kristmundur Loptsson húsm. s.st. og Sigurður bóndi Jónsson (bróðir Páls oddvita) í Tungu.

16. Sunnudagur. Gott veður, vestan sláttur, en hvessti þó meira þegar leið á daginn.

Kom Jónína Jósepsdóttir vinnukona hjá Kristjáni Jóhanni Jóhannssyni í Krók á Ísafirði.

Kvað ég Ljóðabréf, 40 erindi ferskeytt, til Ingibjargar Jónsdóttur unglingsstúlku á Ísafirði. Hún er prýðis-greind og skáldorð. Hafði ég heitið henni að kveða til hennar ef eitthvað rættist úr bággjindum mínum um haustið. Ljóðabréfið hljóðar þannig:

1. Hjúpar dagur hnatta göng
hagsæld tekur glæða,
skal því heitinn semja söng
sólu ljúfri klæða.
2. Þú sem átt af gáfum gnótt
grundin sörfra fróma,
græddu dag og dimma nótt
dýran heillablóma.
3. Geðs um strindi gleðin blíð
gildum hrindi ama,
þar sem yndi' og farsæld fríð
feril mynda sama.
4. Hvar um stiginn heim þú sézt
hreifa limum fríðum
unun hlýja eigðu mest
í skáldmælum blíðum.
5. Láni tálma þrautir þrátt,
þjóðar frelsi drífur,
en skálda andinn harla hátt
heims of raunir svífur.
6. Eru skáld til auðnu sljó,
ýmsir votta mega,
veittist flestum þetta þó
þanka fjörga' að eiga.
7. Skáldagáfan há og hrein
heillum blómgast sonnum,
hún er guðleg gipta ein
gefin jarðar mönnum.
8. Eru ljóðin andans brauð
sem öllum granda pínum,
betri getur enginn auð
átt í fórum sínum.
9. Þekkjast margir þó um storð
þollar röðuls boða,
sem að göfug óðar orð
undir fótum troða.
10. Þankablinduð þessi drótt
þægðir fús að brjála,
þekkir eigi gæða gnótt
góðra skáldamála.
11. Búksorgina meta meir
meiðar foldar lima
gagníð síður þekkinga þeir
þýð sem kvæðin vinna.
12. Þessi víða þjóðin stríð
þennan æfir vana:
löngum níða ljóðin fríð
líka höfundana.
13. Öld er heimsk til æru rýr
en vill tjást í metum,
langt um verri' en villidýr,
vér það sannað getum.
14. Má það kalla synda sið
sem að heiðri spyrnir,
festa allan andan við
auð og lasta girni.
15. Hatur finnur hyggjan snjöll
hjá heimskum seggja grúa;
betra er að flúa' á fjöll
en fíflinu hjá að búa.
16. Binda sig við heimska hrund
hyggnum illa sæmir
vers það seinna lýsir lund
og lofsæld burtu flæmir.

17. Það er *girnd* sem garpi hjá
glópska vekur kæti,
heilög *ástin* hræðist þá
hennar frekjulæti.
18. Ástin glæsta heims um hlað
hróður náir græða,
hún er komin ofanað
eins og gáfan kvæða.
19. Í hennar návist hver einn má
hressast trega seldur,
hún er eilíf eins og sá
er öllu lífi veldur.
20. Það veraldar veldishjól
vekur mest ágæti,
í öllum skepnum undir sól
á hún líka sæti.
21. Þar hún fer um fold og lá
finnur hún ótal vegi;
tignar sæti svönnum hjá
sýnist hún að eigi.
22. Þjóð forsjál það myndar mál
mennta þakin blóma
að ástarbál í brúðar sál
beztan hafi ljóma.
23. Er því rétt hjá ungri mey
sem á þann kærleiksfuna,
sjá svo til að ástin ei
olli girndar bruna.
24. Geti' hún ei við svoddan séð
sóma má það eyða,
og hennar seinna græta geð
um götu þrauta breiða.
25. Stundi vífin fremd og frið,
fargi raunum þungum;
allan elska sóma sið
sæmir fljóðum ungum.
26. Héðan hvarflar hugur frá,
hlíðin lófa steina
í fréttaskyni þér skal þá
þetta aðeins greina.
27. Gleðistundir gáfust mér
geðs í hryggju láði,
er ég seint í október
eignast dóttur náði.
28. Skýrn var búin henni hér,
hörðum fjarri trega
nafn Matthildar blómlegt ber
barnið elskulega.
29. Augun bláu henni hjá
hrinda raunum mínum;
linda gnáin ljós á brá
lík er pabba sínum.
30. Greindarleg með glaðvært þel
gleði vekur muna,
lokkaprúð og vaxin vel
vefjan ósa funa.
31. Um það geta einnig má
óðar hér í svörum
Ísfirðingum að eg hjá
afla sinni förum.
32. Út um mýri öldunnar
auðnan misjafnt veitir,
sá er stýrir súða mar
Sigurlaugur heitir.

33. Ötull hann um hnísu rann
hreysti stundar glæsta,
vel ég kann við þegninn þann
þýðlundaðan næsta.

34. Nú er fallin fréttin öll
fæ ég hugarnæði,
handar mjalla hýra þöll
hérna lyktar kvæði.

35. Góð í lund og gáfna há
grundin ljóma móðu.
Misstu sjónar aldrei á
öllu fögru' og góðu.

36. Meðan finnur marinn slóð
og mjöllin vinnur skína
skal ég tvinna grundin góð
geyma minning þína.

37. Fagran gakktu friðarstig,
frí við þrautir kífsins
leiði góða gæfan þig
gegn um hretin lífsins.

38. Hrundin kæra handa þér,
hér í góðu næði
nú um miðjan nóvember
nam ég semja kvæði.

39. Svo ég ártal set í skrár
selju Rínar vita:
hundruð nítján og tvö ár
ýtar horskir rita.

40. Grói væn þér virðing hjá
veigastétt í næði.
Magnús Grænararði á
gerði þetta kvæði.

Ingibjörg er ættuð úr Húnaþingi.

17. Mánudagur. Gjóstur á vestan og þykkt lopt. Fórum á sjó, fengum í hlut 1 kr. í fiski og 5 ýsur. Ferðaðist G. unnusta mín út á Ísafjörð og voru þá liðnar 3 vikur frá því hún ól barnið.

18. Þriðjudagur. Vestan blíðviðri. Fórum með saltflutning út í Hnífsdal; var illt og sleipt að bera upp saltið og rasaði ég með saltpoka á bakinu og kenndi til ákaflega.

19. Miðvikudagur. Allmikill vindur suðaustan út um morguninn, en síðan bezta veður. Heiðbirti þegar leið á daginn og frysti. Fórum á sjó, fengum í hlut 1 kr. í fiski og 12 ýsur.

20. Fimmtudagur. Blíðviðri. Fórum ekki á sjó. Sigurl. formaðurinn varð blindölvaður kvöldið fyrir og gat því ekki farið. Gerði ég ýmislegt. Kom Guðm. Jústsson hm. á Ísafirði og Engilráð Helgadóttir vetrarkona í Tungu.

21. Föstudagur. Sama veður. Fórum á sjó, fengum í hlut 60 aura í fiski og 5 ýsur.

22. Laugardagur. Hvass á suðaustan. Fórum ekki á sjó. Hreinskrifaði ég ljóða-bréfið til Ingibjargar, er ég orti 16. mánaðarins, og færði henni það. Kom Elín Guðm.d.vk. á Stakkanesi.

23. Sunnudagur. Allhvass á suðaustan lítið úr. Þykkt lopt.

24. Mánudagur. Blíðviðri á suðaustan. Þykkt lopt. Fórum á sjó fengum í hlut 88 aura og 20 ýsur. Í stað Gvendar Jónatanssonar var nú Gísli Jónsson frá Skálanesi, vm. á Ísafirði, farinn að róa hjá Sigurlaugi. Gísli er maður hygginn, fróður og hag-orður og kváðum við marga vísu saman. Bátur sá er við rérum, var lekur mjög og hafði Gísli kveðið um, en síðan kvað ég um Gísla vísu þessa:

Árar hlumma gildur greipar
á græðismeri um þorska bý,
Gísli minn er sálu sveipar
Sökkvabekkjjar fegurð í.

25. Þriðjudagur. Sama yndælis blíðviðrið. Fórum ekki á sjó. Gerði ég ýmislegt.

26. Miðvikudagur. Hvass á norðaustan og loptsútlit hið ísbyggilegasta. Fórum á sjó, höfðum 18 lóðir. Sjór var ákaflegur og hálf-fyllti í Djúpinu hjá okkur 3var sinnum. Urðum að hella olíu í sjóinn þegar lent var. Fengum í hlut 1-25 a. í fiski og 4 ýsur. Eptir að við kómum í land gerði ofviður með allmikilli hríð og hélzt veður það um nóttina. Jeg keypti mann til að gjöra að lóðunum (þeim er mér bar að „gera að“) svo ég gæti strax farið heim til mín enda var unnusta mín orðin dauðhrædd um mig.

27. Fimmtudagur. Ofviðrið sama hélzt allan daginn og herti þó enn meira með kvöldinu; var líkast sem baðstofukofan á Grænagarði mundi taka að veggjum þá og þá og var ég úti um kvöldið til að búa að sem hægt var. Veðrið hélzt alla nóttina og var ekki svefnsamt.

28. Föstudagur. Enn þá hélzt sama ofviðrið en jafnaði storminn þegar leið á daginn. Ekkert úr. Orðið sem alautt í byggð. Bátur sá er ég réri á lamaðist um nóttina.

29. Laugardagur. Ágætis blíðviðri. Gerði ég ýmislegt.

Kvað ég vísu þessa:

Marglát stríð í heimi hér
heillum fríðum spyrna,
logn og blíða opt þó er
eptir hríðir firna.

30. Sunnudagur. Sama ágætisveðrið. Var ég við skrifannir. Lauk ég við að skrifa fyrir Finnþoga Bæringsson. Kómu: 4 Súgfirðingar, Jón formaður Einarsson húsm. á Suðureyri, Örnólfur Jóhannesson húsm. s.st., Pétur Sveinbjarnarson vm. s.st., Kristján stýrimaður Maríasarson hm. á Pverá. Björg ekkja Ólafsdóttir vk. í Tungu í Skutilsfirði og Guðbjörg Ólafía Magnúsdóttir (fyrrum námsmey mín) unglíngur í Tungu (dóttir Bjargar), hún beiddi mig að lána sér bækur. Nú var snjólaust í byggð sem sumardag og mátti ríða fram að heiðum.

Desember

1. Mánudagur. Stormur á austnordan. Um morguninn reit ég grein er ég nefndi: *Nú er öldin önnur*. Fyrri hluta dagsins fór ég inn í Tungu með bækur er ég lánaði

Guðbjörgu litlu Ólafíu; fékk ég þar góðan beina. Síðan fór ég út á Ísafjörð til Jakobs skósmiðs Jakobssonar, og sótti son hans er hann lánaði mér Guðbrand Ólaf að nafni 10 ára gamlan; átti hann að vera barnfóstra hjá unnustu minni en ég kenndi honum. Jeg hafði með mér út á Ísafjörð grein þá er ég reit um morguninn og beiddi Kr. H. Jónsson ritstjóra „Vestra“ að taka hana í blaðið og játti hann því fúslega, en ekki hef ég enn séð hana á prenti, á Hvítasunnuhátíð 1903.

2. Þriðjudagur. Bálhvass um nóttina og morguninn, hægði svo. Fórum ekki á sjó. Var ég að kenna „Olla“ og Magnínu. Olli var illa læs en skrifaði sæmilega; gat talið til hundraðs og skrifað tölur til 20.

Nú mátti rífa hrís og lyng sem sumardag; bændur rifu upp grjót og byggðu vegg.

3. Miðvikudagur. Gott veður, suðaustan kæla. Fórum á sjó, fengum í hl. 1 krónu.

4. Fimmtudagur. Stormur á suðaustan, lítið úr, allbjart lopt. Svo var autt orðið að víst hefði mátt taka fjallagrös, hrís og lyng mátti taka sem sumardag. Jeg fór út á Ísafjörð um nóttina, var ekki hvasst mjög er ég fór að heiman en brátt hvessti mikið og varð ekki af sjóferð.

5. Föstudagur. Stórhrið (kafaldsbleyta) á norðvestan um nóttina og afar ljótt útlit og varð ekki af sjóferð. Úrfellið hélzt fram á hádegisd, birti þá nokkuð til og gerði síðan voðalegt rok er hélzt um nóttina. Vóru húsin sem í veifu, og reif á svipstundu þakið af baðstofunni; var hún hálf undir rapti og sá því alstaðar út. Var sem öllu ætlaði að svipta. Jeg var úti meginhluta næturinnar til að varna því að húsin tækju að veggjum.

6. Laugardagur. Aftaka-stormurinn er gerði kvöldið fyrir hélzt um nóttina en hægði þó með morgninum og var bezta veður um daginn. Stormurinn um nóttina var svo mikill að elztu menn í Skutilsfirði mundu ekki þvílíkan. Varla var nokkur bær í Skutilsfirði er fólk varð ekki að flúa úr baðstofu og hafast við á gólfi niðri. Af flestum húsum rauf þak, reykháfar fuku og fl. og fl. Maður slasaðist í Hnífsdal Sigurður Sveinsson ráðsmaður í Búð. Kastaði bylur honum af húsi ofan og gekk úr liði önnur mjöðmin. Var Davíð Scheving héraðslæknir strax sóttur, svæfði hann Sigurð og kippti svo í liðinn.

Kom Guðm. Sigurðsson hreppsnefndarmaður og bóndi á Langhól í Súgandafirði, áleiðis út á Ísafjörð. Skarlatssótt gekk á Langhól í Súgandafirði, láu í henni systkin unnustu minnar Jón og Guðbjörg, hættulega mjög, var Guðm. Sig. að sækja meðöl fyrir þau.

7. Sunnudagur. Bezta veður, stillt og heiðríkt. Hart frost. Gerði ég ýmislegt. Um kvöldið fór ég út á Ísafjörð eptir sjóbrók er ég átti; mátti hún ónýt heita og reyndi ég til að gjöra við hana. Kómu: Ingibjörg Ólafsdóttir (móðir „Olla“ er hjá mér var) kona Jakobs „skósmiðs“ á Ísafirði; Margrét Rakel Sesselía Jakobsdóttir systir „Olla“ (unglingur); Elízabet Jakobsdóttir kona Þorsteins „formanns“ Þorsteinssonar á Ísaf. og Elín Guðmundsdóttir vk. á Stakkanesi.

8. Mánudagur. Gjóstur á útnorðan um morguninn með hrið allmikilli (kafalds-

bleytu), gekk svo til suðurs og gerði rok. Sigurlaugur fór ekki á sjó sökum beitu-leysis. Um morguninn fór ég inn í Tungu og fékk þar lánaðar skinnklæðanalar. Kómu: Elín Guðm.d. vk. á Stakkanesi (hjá Halldóru ekkju móður sinni) og 3 Súg-firðingar: Kristján Guðmundsson lausamaður í Bæ; Veturliði Híram Guðnason fyrirvinna í Bæ, hjá móður sinni Guðrúnu ekkju Sigurðardóttur, og Kristján Guðmundsson (á „koffortinu“) bóndi í Bæ.

Fórst sexæringur úr Hnífsdal og drukknuðu þar 6 menn, er vóru: Halldór Ágúst formaður, húsmadur á Ísafirði, lætur eptir sig ekkju og 2 börn (annað ófætt); Jón og Kristján Elíasarsynir tengdabráður formannsins, Ólafur Guðmundsson (með-hjálpara Pálssonar) úr Önundarfirði; Kristján Bjarnason ungur maður á Ísafirði og Guðm. Björnsson úr Rvík. Vóru þeir skipverjar allir ógíptir nema Halldór formaðurinn og ungir og frískir menn. Halldór Ágúst var Halldórsson, ættaður úr Skutilsfirði og all-efnilegur maður.

Bréf það er ég skrifaði 11. október fyrir Nikulás Guðmundsson Húnvetning, hljóðar svo:

„Heiðraður sýslumaður Ísafjarðarsýslu, hr. Hannes Hafstein á Ísafirði! Af mínum þröngu ástæðum í heilsulegu og peningalegu tilliti, get ég nú ekki án þess verið að fara héðan á braut til átt Haga minna. Það hefir nokkuð lengi dregist hjá yður að klára mál mitt og er ég af því í hinum mestu vandræðum. Svo sem ýmsum hér er ég hefi unnið hjá er kunnugt, er ég sára „heilsulaus“ og þrotinn að burðum, og sé ég því mér ekki fært að lifa hér. Jeg veit vel að þér útveguð mér kost um 5 vikna tíma; en þar sem hagur manns þess er ég fékk kostinn hjá, breyttist svo að hann ekki gat látið mig fá hann lengur, og þér ekkert hirtuð um hvernig mér þá leið; þá hlýt ég nú að láta yður sjálfan reka yður á: að það var ómannúðlega gert af yður að sleppa mér sem bjargarlausri kind á gadd. Af góðvild þess er síðan hefur látið mig fá kost, skulda ég nú 20 krónur og fyndist mér ekki nema rétt að þér sjálfur borguð þær í stað ónákvæmni yðar mér til handa, því það lá í augum uppi, að þér yrðuð að sjá mér farborða meðan ég dveldi hér, þar sem ég var svo vesæll að ég ekki gat bjargað mér, og gat ég um það við yður. Þér sögðuð við mig í sumar að mínar fyrri syndir gerðu það að mál mitt dragist nú svo lengi, en *sú* er hugsun mín að einhverntíma sjáist *bókaðar* jafnmargar syndir drýgðar af yður sjálfum. Við bíðum og sjáum hvað setur. Af því ég þykist vita að þér séuð í önnum og það miklum þá vil ég ekki tala við yður og skrifa yður því. Jeg vona, eptir því sem fram er komið, að mál mitt dragist svo hjá yður, að ég verði aptur kominn á Ísafjörð um það leyti það klárast; en verði ég þá svo illa staddur sem nú, þá kannske þér viljið hjálpa mér um tvær krónurnar sem ég beiddi yður um í nauðþröng minni í sumar, en sem þér ekki vilduð hjálpa mér um.

Virðingarfyllt.

Nikulás Guðmundsson, frá Blönduós“.

Nikulás hafði seinni hluta vetursins 1902 dvalið á Blönduósi og hafði sýslumaður (H.H.) því skrifað hann frá Blönduós og gerði ég því eins.

9. Þriðjudagur. Rok á sunnan en ekki mikið úr. Gerði ég ýmislegt. 12 skip er réru úr Bolungarvík hleyptu í Skálavík. Nokkrir Ísfirðar sem réru kómust með nauðung til lands.

10. Miðvikudagur. Hvass á sunnan með allmiklu úrfelli. Gerði ég ýmislegt. Kómu: Jóhann Þórðarson ráðsmaður í Selárdal og Jón Hálfðán Guðmundsson bóndi á Galti.

11. Fimmtudagur. Stormur á sunnan með hríð mikilli einkum framan af deginum. Fór ég inn að Hafrafelli með böggul og bréf er ég var beðinn fyrir til Gróu Sigurðardóttur vinnukonu þar – og fram að Góust. með bréf er ég var beðinn fyrir til Sigurlínu konu Halldórs. Eptir að ég kom að innan fór ég að búa að því er veðrið hafði rífið. Enn um vökuna var ég að kenna börnunum svo sem ég var vanur og að skrifa þegar ég hafði eitthvað frí. Enn daglega varð ég opt að vera með litlu dóttur mína og missti ég tíma við það frá öðru er ég þurfti að gjöra.

12. Föstudagur. Hellirigning allan daginn en ekki mjög hvasst. Gerði ég ýmislegt.

13. Laugardagur. Ofsastormur á suðaustan um morguninn, hægði síðan en var þó allhvasst. Gerði ég ýmislegt.

Vísur þær er ég orti um fluguna 5. október, hljóða þannig eptir frumritinu sem ég hefi nú fundið í skjölum mínum (á Trinitatis hátíð 1903):

1. Litla flugu lít ég nú
leika í glugga háum;
opt í geisla sólar sú
sveiflar vængjum smáum.

2. Hún mér virðist leiðinleg
langar hana að vega,
njóta lífsins eins og eg
á þó vissulega.

3. Ónei fluga, ekki par
ertni þér skal sýna,
í geislabrotum glóeyar
gleði eigðu þína.

4. Ég þó hrindist styggða stig

strengdur lindum kífsins,
er mér synd að særa þig
sæld við yndis „lífsins“.

5. Þó ég kanni þrauta það
þægð sem lætur dvína,
skal ég banna börnum að
brjóta vængi þína.

6. Beðið get ég blítt með þel
böls við kylju þráa
að þér jafnan vegni vel
vængja dýrið smáa.

14. Sunnudagur. Hvass á suðaustan um morguninn en hægði síðan og var gott og bjart veður. Um nóttina hafði gert grátt í rót með froststyrningi, en áður var autt sem sumardag, aðeins skafl í einstaka gili. Daginn áður, 13., höfðu nokkrir Ísfirðingar róið. Sigurvin Hansson formaður á Ísafirði fékk þá stærðar *gransel* á lóðir.

Kómu: Skúli Einarsson skósmiður á Ísaf., Jakob Jakobsson skósm., s.st.; Guðbrandur Guðbrandsson skósmíðalærisveinn s.st.; Guðm. Guðbjartarson, bakari s.st.

og Engilráð Helgadóttir vetrarkona í Tungu, fyrir hana skrifaði ég bréf og gaf henni til þess.

15. Mánudagur. Dimmviðris kafald framan af deginum og hæglaft en birti svo með gjólu á vestan. Fór Sigurl. og hásetar hans á kúfisksfjör. Kom Guðm. Jústsson hm. á Ísafirði.

16. Þriðjudagur. Sortamold um nóttina en birti með deginum. Kominn talsverður snjór. Jeg fór út á Ísafjörð um nóttina, ætlaði á sjó, en af sjóferð varð ekki sökum dimmu. Gerði ég svo ýmislegt. Meðal annars fór ég inn í Tungu og sótti 1 tn. af mó er ég keypti þar. Lauk ég við að endurrita og auka Dagbók mína um árið 1896.

17. Miðvikudagur. Mold um nóttina og fram á hálfbirtu um morguninn, síðan gott veður. Fóru engir á sjó. Særði ég út 2 ⚔ af Sykri og 1 H af Eldfærum hjá Magnúsi verzlunarstjóra Ólafssyni, var nú ærið bágð að fá til að lifa á. Skuld mín við verzlun Skúla Thoroddsen var orðin 200 krónur, en ég get engan beðið. Mesta byrði fyrir mig var þó ef menn höfðu úlfúð og umtölur með því litla er ég neyddist til að biðja þá um. Kom Kristmundur Friðriksson húsm. á Ísafirði áleiðis heim til sín vestan frá Veðrará, bar með Árna Sigurðssyni pósti seinustu póstferð hans til Bíldudals, en þá skyldi Reynharður Kristjánsson bóndi á Kaldá í Öndurafirði taka við.

Byrjaði ég að endurrita og auka Dagbók mín um árið 1897.

Fréttir. 27. október drukknaði í fjarðarósnum í Seyðisfirði eystra Einar Björn Bjarnason póstur milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða. Hann var maður á bezta reki og vel gefinn.

Dæmdir sauðapjófar. Héraðsdómur var uppkveðinn í Norður Múlasýslu 24. september í máli réttvísinnar gegn sauðapjófunum í Vopnafirði er uppvísir urðu veturinn fyrir (1901 til 1902) og voru 4 dæmdir til betrunarhúsvinnu: Júlíus Þorsteinsson í 15 mánuði, Jónas Jónsson og Davíð Ólafsson í 12 mánuði hvor, og Jón E. Jónasson í 8 mánuði; en Björg Davíðsdóttir móðir Jónasar og Herdís Benidiktisdóttir kona Davíðs, til vatns og brauðs viðurværis, önnur í 8 daga en hin í 5 d.

18. Fimmtudagur. Með sorta-moldjeljum á norðvestan, 2 st. frost. Litla dóttir mín (Matthildur) var veik og fór ég að leita henni lækninga hjá D. Scheving og fékk lánuð meðul fyrir hana; átti ég bágð með að biðja um þau *lánuð* því ég skuldaði undir allt að tveim kr. Ærið bágð átti ég nú uppdráttar. Á fyrri árum grét ég ekki þó sorg og hörmungar hlæðust um mig en nú tárfeildi ég í auðnuleysi mínu í hljóði, en Sorg og Neyð ristur djúpar rúnir í andlit mér.

19. Föstudagur. Vonzkuveður, með kafaldsbleytuágöngum á norðvestan. Dóttir mín dauðveik, óhuggandi fyrir kvölum. Svo þrýsti fátæktin að mér að ég fór til Petrínu verzlunarkonu Bárðardóttur – fornu greiðakonu minnar – og beiddi hana að lána mér 15 kr. í innskript til að kaupa fyrir matvöru, en nú sagðist hún ekki geta hjálpað og fór ég svo búinn heim; var mér þungt innanbrjósts því bjargarlaus mátti ég heita heima. Særði ég 3 pt. af olíu og 1 Brauðmiða út í reikning minn við verzlun Sk. Thoroddsen; beið unnusta mín og „Olli“ svöng heima þangað til ég

kom með það. Jeg var nú eyðilagður af þjáningum í höfðinu og bættist þar við að dóttir mín var óhuggandi fyrir kvölum og var þá nokkuð þröngt um hönd.

Kvað ég vísu þessa:

Illu liggur mjög á mér
mjókkar heillavegur,
reiðingurinn á mér er
ekki þægilegur.

20. Laugardagur. Kafaldsbleytuslúð mest-allan daginn (þur um morguninn) en stillt. Fór ég út á Ísafj. og beiddi Sigurð Kristjánsson úrsmið að lána mér 15 kr. en fékk afsvor.

Kvað ég vísu þessa undir bréf fyrir stúlku:

Hjá þér búi farsæld fríð
fargi hugarpínun,
ánægjunnar blómstur blíð
bliki á vegum þínum!

Og við stúlku (Guðríði Oddgeirsdóttur úr Arnarfirði) er hafði hent að eiga barn með giptum manni og hafði raunir þar af, kvað ég vísu þessa:

Í þó gistir angurs þín,
ofnis hrauna lína,
af þér hristu heillin mín
hlekki rauna þína.

21. Sunnudagur. Stormur um nóttina á suðvestan og leysti snjó allan í byggð. Um daginn var og allhvasst en herti veðrið með kvöldinu. Rigning talsverð síðari hluta dagsins. Dóttir mín einatt sárveik, varð móðir hennar og ég af og til að róa uppi með hana á nóttunni. Var þó búið að reyna til að hjálpa henni sem hægt var, bæði með ráðum læknis og yfirsetukonu.

22. Mánudagur. Sortamold á norðvestan með ágöngum. Um morguninn vitjaði ég læknis (D. Sch.) fyrir dóttur mína er var dauðveik en hann kvað ekki þörf á að láta hana hafa meðöl, sagði að brjóstamjólkin gerði hana góða. Síðan fór ég á uppboð er Pétur M. Bjarnason kaupmaður lét halda hjá sér á ýmsum verzlunarvörum; borgunarfrestur til 1. júlí. Jeg keypti upp á 11 kr. Þegar ég kom heim um kvöldið var dóttir mín sárþjád og öllu verri en hún hafði nokkur tíma áður verið; var sárt að verða að róa með hana eirðarlausu af kvölum nótt eptir nótt, eina barnið – hjartans yndið sem ég og unnusta mín áttum. Kl. að ganga 12 um nóttina fór ég út á Ísafjörð og sótti lækni D. Scheving, kom hann fúslega inn eptir; fór hann höndum um litlu frænku sína og vildi innilega leita henni hæðar en það stóðaði hana ekki. Var hún eirðarlaus af kvölum. Lét lækni D. mig hafa meðöl fyrir hana en lét jafnframt í ljósi að sótt þessi mundi verða hennar síðasta. Jeg fylgdi lækni-

um síðan úteptir. Var vont veður um nóttina, blindöskubylur svo ekkert sá. Jeg og unnusta mín vöktum síðan með barnið. Þjáningar þess linuðu ekki hið minnsta.

23. Þriðjudagur. Sortabylur á norðvestan. Dóttir mín þjáðist af sama takinu svíunarlaust þangað til um kvöldið kl. 11, féll hún þá í dá með köflum og var það fögnuður við það sem áður var.

Kómu: Finnbogi Bæringsson hm. á Ísafirði – hann beiddi mig að yfirfara verzlunarreikninga fyrir sig, Bjarni Sigurðsson hm. s.st. og Guðm. Kárasen hm. í Tungu.

24. Miðvikudagur. Sami bylurinn unz um kvöldið að heldur linaði. Dóttir mín þjáðist ákaflega en hljóðaði minna. Eptir að Guðni, Helga og Magnína fóru að sofa, vakti Guðrún unnusta mín og ég yfir okkar elskaða, sárþjáða barni.

25. Fimmtudagur. Jóladagur. Stíllt veður heiðríkt, allhart frost. Um nóttina kl. 4 andaðist hjartkæra dóttir mín og unnustu minnar. Var það nokkuð þungt.

Á jóladagskvöldið fór ég út á Ísafjörð og útvegaði líkkistustokk um dóttur mína.

26. Föstudagur. Moldbylur á norðan með miklu frosti. Ákaflega kalt.

27. Laugardagur. Hörkumoldbylur á norðan með grimmdarfrosti. Napur kuldi úti og inni. Fór ég út á Ísafjörð og fékk lánaðar hjá Jóni formanni Magnússyni 5 kr. í peningum. Jeg beiddi Jóhannes Pétursson kaupmann og Magnús Ólafsson verzlunarstjóra að lána mér nokkrar krónur en hvorugur þeirra vildi gjöra það.

28. Sunnudagur. Sorta-hörkubylur á norðan og grimmt frost. Mikil var heimskan í hyski því er var á mínum vegum: Helga stóð fast á því að hún ætti „fuglakvæði“ eptir Valdimar Briem, en það voru reyndar Barnasálmar hans !! „Múrkarl“ sagði hún jafnan er hún hefði átt að segja maurakarل og svona var hvert eptir öðru.

29. Mánudagur. Sami grimmdar-bylurinn. Sótti ég líkkistustokkinn úteptir, kostaði hann 4 kr. og 50 aura hjá Þorláki Magnússyni snikkara.

30. Þriðjudagur. Slarkfært veður með sveit fram, en sami kuldabruninn, 11 stiga frost. Fór ég inn í Tungu og fékk hjá Vilhjálmi Bessa Pálssyni bónda þar, lánaðar 10 kr. í peningum. Kómu: Þorleifur Jónsson formaður á Hafrafelli og Engilbert Kristján Arason, ungur maður (vinnumaður) á Stakkanesi.

31. Miðvikudagur. Sama veður og frost. Fór ég út á Ísafjörð. Var bágð að fá nokkuð til að lifa á.

Svo endaði þetta ár, hlaðið leiðindum, armæðu, þrautum og neyð mér til handa.

Grænagarði við Skutilsfjörð,
á gamlárskvöld 1902.
Magnús Hj. Magnússon.

Kveðskapur Magnúsar Hj. Magnússonar 1902

1. Við tækifæri, 1 erindi.

2. Til Magnínu Jínu Rósamundu Guðmundsdóttur ekkju á Ísafirði, Hugfró, 5 vers.

3. Kisa, 1 er.
4. Bindindisvísa, 1 er.
5. Vestfirðingaskrýmslið („Vestri“), 1 er.
6. 7 rímur út af Þorskfirðinga- eða Gullþórissögu, seinni hlutanum, til samans 494 er., (5. r. 77 er., 6. r. 71 er., 7. r. 33 er., 8. r. 102 er., 9. r. 61 er., 10. r. 90 er., og 11. ríma 60 erindi). Þorskfirðingarímur 11 tals., eru allar til samans 755 erindi.
7. „Vestri“, 1 er.
8. Hafísinn, 1 er.
9. Voðabylur, 1 er.
10. Gáta, 1 vers.
11. † Konkordía Vegmey Eiríksdóttir, 4 vers.
12. † Gestur Njáll Magnússon, 3 vers.
13. Við tækifæri, 1 er.
14. Um Kristján Jóhann Jóhannsson, formann í Krók á Ísafirði, 4 erindi.
15. Um Kristján Sveinsson bónda frá Hamri í Hörðudal, 1 er.
16. Um Kára Sólmundarson hagrörðing og fræðimann frá Seljalandi í Hörðudal, 1 er.
17. Vísa, 1 er.
18. Við tækifæri, 1 er.
19. Kveðið við Jósep Sveinsson „skálda“, 1 er.
20. Staka, 1 er.
21. Um Odd Oddsson Breiðfirðing (vinnum. í Tröð í Álfafirði), 1 er.
22. Um Eðvarð Ásmundsson úrsmið, 1 er.
23. Um Gvend Jónatansson í Ísaf., 1 er.
24. Kveðið við Kára Sólmundarson, 1 er.
25. † Jónína Margrét Jónsdóttir Strandféld, 9 vers.
26. Um Kristján Jóhann í Krók, 1 er.
27. Um Sunnlending, 1 er.
28. Kveðið við Sæm. Jochumss. hagrörðing á Ísaf., 1 er.
29. Um Guðjón Elías Sæmundsson (barn), 2 er.
30. Um mann á götu, 1 er.
31. Um stúlku á ferð, 1 er.
32. Undir bréf til Porst. Erl., 1 vers.
33. Kveðið aptan á mynd fyrir Stein Jónsson hagrörðing, hm. á Ísafirði, 1 er.
34. Um Kristján Jóhann í Krók, 1 er.
35. Um Gvend Jónatansson á ferð, 1 er.
36. Kveðið við Jósep „skálda“ 1 er.
37. Um Ingvar Pétursson blikksmið, 1 er.
38. Um Hákon Breiðfjörð Jónsson, 1 er.
39. Um Jón formann Jónsson, 1 er.
40. Kveðið á Ísafirði 4. ágúst, 40 erindi.

41. † Guðbjörg Sigurðardóttir, 5 vers.
42. Sammæli, 1 vers.
43. Um kvennvarg, 1 er.
44. Flugan, 6 er.
45. Ljóðabréf til ungfrúar Ingibjargar Jónsdóttur Húnvetnings á Ísafirði, 40 erindi.
46. Kveðið við dóttur mína, 1 er.

Seinni hluti kveðskaparskráarfrumritsins er tapaður, en frumrit sjálfra kvæðanna á ég til og eru sum þeirra innfærð í Dagbókina hér fyrir framan.

Grænagarði við Skutulsfjörð,
á gamlárskvöld 1902.
Magnús Hj. Magnússon.

Magnús Hj. Magnússon – Send bréf 1902

1. Til Jóns Laxdal verzlunarstjóra á Ísafirði, skrifað 14. janúar, sent sama dag.
2. – Pálma Lárentzíusarsonar bónda í Botni í Súgandafirði, skr. 29. jan., s. s. dag.
3. – Móðursystur minnar, Vigdísar Kristjánsd., á Langhól í Súgandafirði, skr. 29. jan.s. s. d.
4. – Þórðar skálds Þórðarsonar, bónda á Krossnesi í Norðfirði í Strandasýslu, skr. 30. jan. látið á pósthúsið á Ísaf. s. dag.
5. – Pálma í Botni (sjá nr. 2.), vísur hreinskrifaðar 4. febr., s. s. m.
6. – Kr. hreppstjóra Kristjánssonar móðurbróður míns, bónda í Stapadal í Arnarfirði, skr. 11. febr., s. s. d.
7. – Magnínu Jínu Rósamundu Guðm.d. ekkju á Ísafirði, kvæði er ég nefndi Hugfró, ort 12. febr. afhent s. d.
8. – Málfríðar Jónsdóttur húsfreyju í Tungu (konu Guðm. Kárasonar), skr. 21. febr., s.s.d.
9. – Guðm. Pálmasonar unglingspilts í Botni í Súgandafirði, skr. 22. febr., s. s. d.
10. – Þórðar frænda míns á Krossnesi (nr. 4), skr. 25. febr., látið í pósthúsið á Ísaf. s. dag.
11. – Rósmundar Finnssonar lausamanns á Berjadalsá á Snæfj.strönd, skr. 17. marz, s.s.d.
12. – Jóns Pálmasonar vinnumanns í Botni í Súgandafirði, skr. 18. marz, s. s. d.

Seinni hluti skráar þessarar er tapaður.

Grænagarði við Skutulsfjörð
á gamlárskvöld 1902.
Magnús Hj. Magnússon.

Magnús Hj. Magnússon – Meðtekin bréf og blöð 1902

1. Frá Prentsmiðju Vestfirðinga: 9. nr. af I. árg. „Vestra“, dags. á Ísafirði 31. desember 1901 meðtekið 4. janúar 1902.
2. – Einari hreppstjóra Jónssyni á Yzta-Skála undir Eyjafjöllum, dags. 5. desmbr. 1901, meðtekið 20. janúar 1902.
3. – Prentsm. Vestfirðinga, 10. nr. af I. árgangi „Vestra“, dags. á Ísaf. 17. jan., meðt. 5.dag.
4. – Prentsmiðju „Þjóðviljans“ 49. – 50., 51, og 52. (seinasta) nr. af 15. árgangi „Þjóðviljans“, dags. á Bessastöðum 16. desember 1901, 21. desbr. 1901 og 28. desbr. 1901, meðtekin 20. jan. 1902.
5. – Skúla Thoroddsen ritskjóra á Bessastöðum dags. 24. desbr. 1901, meðt. 25. jan. 1902.
6. – Bergi kaupmanni Rósinkranzsyni á Flateyri dags. 20. janúar 1901, meðtekið 28. janúar 1902; hafði allan þann tíma legið hjá Jóhannesi hreppstjóra Hannessyni í Botni í Súgandafirði.
7. – Prentsm. Vestfirðinga 12. nr. af I. árgangi „Vestra“,dags. á Ísaf. 25. jan., meðt. 27.s.m.
8. – Prentsmiðju „Arnfirðings“ 5. og 6. blað af I. ári „Arnfirðings“, dags. á Bíldudal 30. des. 1901 og 11. janúar 1902, meðt. 29. janúar 1902.
9. – Prentsmiðju „Þjóðv.“ 1. – 2., 3. og 4. – 5. nr. af 16. árg. „Þjóðviljans“, dags. á Bessastöðum 11. janúar, 21. jan. og 28. janúar; meðt. 5. febrúar.
10. – Prentsmiðju Vestfirðinga 13. nr. af I. árg. „Vestra“, dags. á Ísafirði 1. febr., meðt. s.d.
11. – Prentsmiðju Vestfirðinga 14. nr. af I. árg. „Vestra“, dags. á Ísafirði 8. febr., meðt. s.d.
12. – Sigurbirni Sveinssyni, kapteini í Hjálpræðishernum á Ísafirði, gjöf: 3. nr. VII. árgangs. „Herópsins“, dags. í Rvík í janúar 1902, meðtekið 10. febr.
13. – Prentsmiðju Arnfirðings: 3 númer af I., ári „Arnfirðings“: 7., 8. og 9.; dags. á Bíldudal 22. janúar, 31. jan., og 13. febrúar, meðt. 22. febr.
14. – Prentsmiðju Vestfirðinga: 15. og 16. nr. af I. ári „Vestra“, dags. á Ísaf. 15. og 21. febr., meðt. 22. febr.
15. – Prentsmiðju Vestfirðinga 17. nr. af I. ári „Vestra“, dags. á Ísafirði 1. marz, meðt. 3. s.m.
16. – Prentsmiðju Þjóðviljans: 3 númer af 16. árg. „Þjóðviljans“: 6. – 7. og 8.; dags. á Bessastöðum 10. febr. og 18. febr., meðt. í marz.
17. – Prentsm. Vestfirðinga 18. nr. af I. ári „Vestra“ dags. á Ísafirði 8. marz, meðt. 9. s. m.
18. – Prentsmiðju „Arnfirðinga“: 10. blað af I. ári „Arnfirðings“, dags. á Bíldudal 25. febr., meðtekið 11. marz.
19. – Prentsmiðju Vestfirðinga 19. nr. af I. árgangi „Vestra“, dags. á Ísaf. 15. marz, meðt. 18. s. m.

20. – Prentsmiðju „Þjóðviljans“: 9. og 10. nr. af 16. árg. „Þjóðviljans“, dags. á Bessastöðum 1. og 11. marz, meðt. 21. s. m.

Seinni hluti skráarinnar er tapaður, eins og af hinum tveimur skrám er ritaðar eru hér fyrir framan. Vóru frumritin á lausum blöðum er öll hafa glatast eða þau liggja í skjölum mínum þar sem ég nú ekki finn þau.

Grænagarði við Skutilsfjörð,
á gamlárskvöld 1902.
Magnús Hj. Magnússon.

1903

Janúar

1. Fimmtudagur. Moldgarður á norðan, aftakabylur þegar leið á daginn. Grimmt frost. Jeg lá í rúminu allan daginn, mest sökum leiðinda. Jeg gat við engan talað, því þó Guðni gamli væri stundum þægilegur var hann bæði ófróður og skildi ekki þó margtalað væri um sama hlutinn sem við kom bókmenntum. Gekk því árið leiðinlega í garð.

2. Föstudagur. Voða-sortabylur á norðan og frost eptir því.

3. Laugardagur. Aftakabylur, hét engri skepnu útfarandi.

4. Sunnudagur. Allgott veður. Grillti norður í Bjarna-Núp. Fór ég og unnusta mín út á Ísafjörð og fengum þar lánuð föt til að vera í við jarðarför dóttur okkar. Ötludum við að leggja hana í gróf með tvíburum úr Arnardal er fæddust um haustið og dóu fyrir Jólin og óskýrð; veiktust þau börnin skjótlega og var ekki hægt að ná til prests, að því er sagt var. Tvíburana áttu Guðmundur Gestsson smiður í Arnardal og unnusta hans Jóna Benidiktsdóttir af Ísafirði, væn kona og drenglynd en unnusti hennar var óreiðumaður og ölkær ákaflega. Sem grafarmann fékk ég hinn valinkunna líkmann Magnús Gíslason í Krók á Ísafirði.

5. Mánudagur. Gjóstur á norðan heiðríki og afar kalt. Um morguninn kómu Arndælingar og með líkin tvíburanna, inn á Ísafjörð og tóku þeir gröfina og Magnús í Krók, en hann (M.) sendi Benóný son sinn inn að Grænagarði til að láta mig og unnustu mína vita. Fórum við þá úteptir og með lík dóttur okkar, var þá gröfin búin. Aðstandendur hinna dáu vildu að jarðsungið yrði um hádegðið, en prófasturinn Þorvaldur Jónsson á Ísafirði, þóttist verða að vera á bæjarstjórnarfund (kjörf.) og jarðsetti ekki þótt búíð væri að taka gröfina og aðvara hann áður en hann fór á fundinn. Mátti það einsdæmi kalla að prófastur vanrækti svo embætti sitt. Vóru ýmsir dómar. Gizkuðu sumir á að prófastur gengi svo á svig við lögin af því aðstandendur hinna dáu sem grafa átti, vóru fátækir, aðrir gizkuðu á að prófastur gerði það í hefndarskyni við Guðm. smið Gestsson, fyrir það að ekki hefði hann verið sóttur til að skýra börn hans, og kölluðu sumir það fara að líkingum, og sitt sagði hver.

Að loknum fundi, en þó áður en bæjarnefndarmenn og oddviti þeirra Hannes sýslumaður Hafstein fóru út farnir, fór ég inn í þinghúsið og Guðm. Gestsson. Spurði ég prófast að fyrir hverja sök að hann ekki hefði viljað jarðsetja barn mitt, en hann kvaðst ekki hafa mátt fara því hann hefði verið ritari á fundinum. Jeg svaraði: Þér hafið nú illa brennimerkt yður, séra Þorvaldur, með því að vilja ekki jarðsyngja börnin og get ég fullvissað yður um að það verður yður til ósæmdar lengur en í dag. Þá reiddist sýslumaður H. Hafstein og grenjaði svo söng í húsinu „Hvað segir maðurinn?“ Jeg svaraði: Jeg segi sama og ég hefi sagt, að það verður ósæmd Þorvaldar lengur en í dag að hann ekki vildi jarðsetja börnin; þagnaði ég svo og fór út.

Guðm. Gestsson ætlaði eitthvað að tala meðan við vorum báðir inni, en prófastur bríxlaði honum um að hann hefði látið börn sín deyja óskýrð og hefði hann ekkert að segja. Allir sem á þetta minntust og sanngirni unnu, lögðu prófasti það út til hinnar mestu vanvirðu.

6. Þriðjudagur. Sama veður og frost. Var elskaða dóttir mín og unnustu minnar jarðsungen – og börn Guðm. Gestssonar.

Var Jens Færeyingur húsmáður á Torfunesi við Ísafjörð kvaddur af Birni Árnasyni lögregluþjóni á Ísafirði til að fara í fangahúsið á Ísafirði að taka þar út 20 daga hegningu upp á vatn og brauð er hann (Jens) var dæmdur í, fyrir innbrots-þjófnað er hann framdi í Hæstakaupstaðnum á Ísafirði vorið 1902.

7. Miðvikudagur. Sama veður, 10 stig frost. Geysi-mikið sjófrost. Fór ég á sjó, fengum í hlut 4 kr. í fiski og 10 ýsur.

8. Fimmtudagur. Hvass á norðan og grimmt frost. Fórum á sjó, fiskuðum 1 kr. í fiski og 3 ýsur í hlut. Fyrri hluta dagsins gerði hviðu allmikla og reif upp sjó mikinn. Brotnaði ofan af hjá Sigurlaugi (formanni mínum), stelling og masturshespa fór, gátum bundið það upp aptur en hafa varð seglið á höndum í land. Brimsúgur var mikill við landið og fyllti hjá mörgum þó ekki hjá Sigurlaugi. Kvað ég vísu þessa:

Kári rjálur þungur þrátt
þrunginn táli' og skaða,
nú óþjálur nöldra hátt
nornir ála staða.

9. Föstudagur. Hvassviður og ljótt útlit um morguninn hægði síðan og var þá gott veður. Fóru fáir á sjó. Var verið að bæta það er bilaði hjá okkur daginn fyrir.

Dró ég á sleða út á Ísafjörð nokkuð af fórum Helgu er hjá mér var; um vökuna var ég að gjöra við brók og fl.

Pollinn lagði þessa dagana og var hann genginn þennan dag (9.) frá Grænagarði á Ísafjörð en ekki var hann nema einhöggur.

10. Laugardagur. Gjóstur á austan. Sama frostgrimmindin. Fórum á sjó, fengum í hlut 86 aura. Svo tók ég mér um megn að róa fram um nóttina að blóð gekk upp í munn mér. Fór Helga Jónsdóttir alfara frá Grænagarði og þeirri stundu varð ég fegnastur; fór hún sem fanggæzla út í Bolungarvík.

11. Sunnudagur. Gott veður norðvestan. Vægara frost einkum seinni hluta dagsins.

12. Mánudagur. Hvass á vestan um nóttina en bezta veður um daginn; rigndi í rökkrunu og um vökuna. 2 st. hiti á R. Fóru engir á sjó. Var ég þjádur af verkjarkvöl og bólgu í vinstra armi og gat ég ekkert gert með hendinni. Var ég að kenna „Olla“ og fór út á Ísafjörð og borgaði gjaldkyra Ísafjarðarkaupstaðar 1.80 – eina kr. og áttatíu auru – sem legkaup fyrir Matthildi sál. dóttur mína.

Kom Sigurður Jónatansson húsm. í Neðrihúsum í Öndarfirði, fyrir hann reit ég bréf til Guðm. Á. Eiríkssonar hreppstjóra á Þorfinnsstöðum. Hann gisti.

13. Þriðjudagur. Hvass á sunnan með allmikilli hríf. Jeg var eins í hendinni og ekki betri, var að kenna „Olla“. Kómu: Magnús Gíslason húsm. í Krók á Ísafirði, Lárus Gunnlaugsson ungur maður á Ísafirði, og Rósmundur bóndi Jónsson í Tungu.

Fréttir: 18. september um haustið (1902) andaðist að heimili sínu Lægsta-Hvammi í Dýrafirði, merkis-öldungurinn Kristján Jónsson á 89. aldursári. Hann var maður duglegur, gáfaður að náttúru og fróður um margt. Kona hans var Siguríður Símonardóttir frá Dynjanda í Arnarfirði. Þau áttu 6 börn og kómust 4 af þeim til fullorðinsára og er eitt af þeim Símonía kona Jóns skipstj. Pálssonar í Hnífsdal.

22. septembr. að kvöldi dags, andaðist að Ármúla í Nauteyrarhreppi Bjarni bóndi Gíslason sonur Gísla sál. dbr.manns Bjarnasonar. Ekkja hans er Guðrún Jónsdóttir söðlasmiðs Sigurðssonar. Áttu þau hjón 7 börn sem öll eru fullorðin og sum gipt. Bjarni heitinn var maður vel að sér og var hann í mörg ár hreppstjóri.

6. október lézt að Minni-Hattardal Einar Jóhannesson, 65 ára að aldri. Kona hans var Rannveig Gunnlaugsdóttir úr Álptafirði (dó 1881). Áttu þau hjón 9 börn og náðu 6 af þeim fullorðinsárum, búa 5 af þeim til og frá í Súðavíkurbreppi en eitt er Guðlaug hét dó árið 1893. Einar sál. þótti á yngri árum góður formaður og var að ýmsu vel gefinn.

Á Arnarnesinu var um sumarið (1902) byggt *vitahús*, og var vitavörður kosinn Gestur bóndi Guðmundsson í Arnardal. Sumarið 1902 var eitt hið blíðasta og bezta þurkasumar á Suðurlandi, er menn mundu.

Sjúkrahús „Jóseps-systra“ á Landakotstúni í Rvík, var vígt 16. október (1902). Þjófnaðar-árásir voru í Rvík um haustið afarmiklar; var á suma menn ráðist út á víðavangi og sluppu þeir úr höndum óvinanna með nauðung.

Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum í Eyjafirði (bróðir sr. Sigurðar í Vigur) hafði samið jurtafræði Íslands og nefndi hana *Flóru Íslands*. Hún var prentuð í Kaupm.höfn 1901. Jeg segi bókina góða og hrósa henni. Nýyrðin eru flest ágæt. Orðið *fræni*, í staðinn fyrir ör, kann ég ekki við. Hafi höfundurinn þökk og heiður fyrir bókina.

Í október andaðist að Meðaldal í Dýrafirði Guðný ekkja Halldórsdóttir er um langan tíma hafði búið þar. Maður hennar var Benóný Daðason.

14. október andaðist að Grænhól á Álptanesi Margrét ekkja Þórðardóttir, 75 ára

að aldri. Maður hennar var Guðm. Magnússon. Þjuggu þau hjón 20 ár í Litlabæ á Álptanesi og 3 ár í Mólshúsum. Með manni sínum átti Margrét sál. 4 börn og eru 2 þeirra á lífi: Einar húsm. á Grænhól og Þorbjörg, ógipt í Rvík.

31. okt. lézt að Brekku á Álptanesi Jón bóndi Einarsson um sextugt. Hann var maður vandaður og vel látinn. Jón sál. giptist aldrei en átti 1 son, Einar að nafni sem nú er í Rvík.

24. okt. fannst örendur í flæðarmáli fyrir utan Járngerðarstaði í Grindavík Jón Gunnlaugsson vitavörður á Reykjanesi. Jón sál. var merkur maður fæddur í Aðal-reykjadal í Þingeyjarsýslu 13. apríl 1838. Ekkja Jóns er Sigurveig Jóhannesardóttir. Þau áttu ekki börn.

Bráðkvaddur varð í Rvík 22. október Guðmundur Þorvarðarson giptur maður í Rvík.

Norska skáldið Björnstérne Björnsson var sjötugur 8. desember og streymdu þá til hans úr ýmsum áttum fögur kvæði og heillaóskir. Þar á meðal orti Þorsteinn Erlingsson kvæði til hans er var 8 vers. Bjarni kennari Jónsson frá Vogu sendi honum og kvæði.

Við manntal er fór fram í októbermánuði taldist vera í Rvík 7371 maður og voru þó ýmsir ókomnir heim er leitað höfðu sér atvinnu í öðrum landsfjórðungum.

14. Miðvikudagur. Hvass með hríð á suðvestan. Fór ég út á Ísafjörð að leita mér læknishjálpar við kvöl þeirri er ég hafði í vinstri handleggnum. Keypti áburð fyrir 35 aura. Kvað læknirinn að kvölin væri af áreynslu við róðra. Jeg var síðan að kenna „Olla“.

15. Fimmtudagur. Sama veður. Fyrri hluta dagsins var ég að kenna „Olla“, en síðan fór ég unnusta mín og „Olli“ – og Sigurður Jónatansson frá Neðrihúsum, út á Ísafjörð. Mér hafði nú dottið í hug að flytja frá Grænagarði af söknuð eptir dóttur mína, og var það nú þennan dag að ég beiddi um húsnæði á Ísafirði, leitaði ég fyrir í allmörgum stöðum en alstaðar voru leigjendur, og fór ég svo búinn heim um kvöldið. Þegar við fórum inneptir, í myrkri um kvöldið, fundum við Sigurð Jónatansson skammt fyrir inan Stakkanes, lá hann þar sofandi í skafli og hafði legið svo í 3 kl.stundir; lá hann sem dauður með brennivínsflösku við hlið sér. Jeg reisti aumingja þennan á fætur og bjargaði honum heim til mín. Var hann gegnvotur frá toppi til táar.

16. Föstudagur. Blíðviðri með smáskúrum sem vordag. Var Sig. Jónatansson um kyrrt. Gerði ég ýmislegt. Kvað ég vísu þessa:

Kvennfólkið og kaupmennirnir
klækjum valda,
þrælapörin þúsundfalda.

17. Laugardagur. Ofviðri með hríð á suðvestan – gekk til norðvesturs síðari hluta dagsins og hægði þá og var síðan með jeljum. Sigurður Jónatansson var um kyrrt. Gerði ég ýmislegt. Byrjaði ég að kveða rímur af Fjalla-Eyvindi.

18. Sunnudagur. Gott veður norðan, heiðrikt og nokkuð frost. Fór Sigurður Jón-

atansson áleiðis norður að Stað í Aðalvík. Kómu: Einar Jochumsson fyrrum hreppstjóri, bróðir Matthíasar skálds og þeirra bræðra, og Elín Guðm.d. vk. á Stakkanesi.

19. Mánudagur. Bezta veður, logn og heiðríki og allhart frost. Fór Reynharður á Kaldá fyrstu póstferð sína frá Ísafirði til Bíldudals – og Þorleifur Jónsson á Ísafirði („Leifi Sæunnar“) fyrstu póstferð sína að Stað í Aðalvík. Lauk ég við fyrstu rímu af sögu Fjalla-Eyvindar, er hún 37 erindi að meðtöldum mansöng.

20. Þriðjudagur. Suðvestan rok, unz um kvöldið að gekk til norðurs og hægði. Gerði ég ýmislegt fór meðal annars út á Ísafjörð og leitaðist við að fá húsnæði með vorinu en það gekk ekki. Jeg kom að Stakkanesi og lánaði þar bók (Vígglundar sögu og Ketilríðar). Þá beiddi Halldóra Jóhannesardóttir ekkja, mig að taka Magnús son sinn í læri, hét ég henni því, því margsinnis átti Halldóra það skilið, fyrir liðvikni hennar til handa mér og unnustu minni, enda þótt ég þættist ekki mega missa af tíma þeim er ég átti frían frá sjóferðum, fyrir því að ærið hafði ég til að skrifa og svo að ég ekki sá út úr því auk þess sem ég kenndi „Olla“. Kómu: Björn Ólsen, verzlunarmaður á Ísafirði; hann beiddi mig að kveða fram rímur á opinberri skemmtisamkomu er hann þá innanskamms ætlaði að halda, treysti ég mér ekki til þess sökum þrekleysis. Jeg varð eyðilagður í brjóstinu, höfðinu og kroppnum yfir höfuð ef ég kvað fáum mínútum lengur enda hafði ég mikið við það fengist en heilsuleysi mitt yfirgnæfanlegt.

21. Miðvikudagur. Með jelljum á suðvestan, vægt frost. Byrjaði Magnús Sigurður Guðmundsson á Stakkanesi að ganga í læri til mín og var ég að kenna honum og „Olla“. Kómu: Sturla Guðmundur Jóhannsson húsmáður í Fremri-Breiðadal, Páll oddviti Jónsson á Kirkjubóli í Skutilsfirði, Margrét Jónsdóttir vinnukona á Stakkanesi og Guðfinna Magnúsdóttir kona Guðm. Sveinssonar húsmanns á Kirkjubóli (í Skutilsf.), hún kom seint um kvöldið og fylgdi ég henni inn að Hafrafelli.

22. Fimmtudagur. Með moldjelljum á norðvestan, talsvert frost. Var ég að kenna. Kómu 5 Súgfirðingar: Kristján Guðmundsson bóndi í Bæ, Lúðvik Emil Jónsson vm. s.st. Friðbert Guðmundsson stýrimaður, vm. á Suðureyri; Sveinbjörn Pálsson, bóndi á Laugum og Helgi Sigurðsson vinnumaður hjá Þorvarði presti Brynjólfs-syni á Stað.

23. Föstudagur. Fyrsti dagur Þorra. Með moldjelljum á norðvestan unz í rökkriu að gerði moldbyl á austnorðan. Var ég að kenna þangað til í rökkriu að ég fór út á Ísafjörð og sótti 1/2 skpd. af kolum er ég fékk við verzlun Skúla Thoroddsen.

24. Laugardagur. Ofsa moldbylur á austnorðan. Kom Jóhannes Guðmundsson vinnumaður á Stakkanesi, beiddi að lána sér bækur. Lauk ég við að auka og endurrita Dagbók mína um árið 1897 og byrjaði að auka og endurrita Dagbók mína um árið 1898.

Jóhannes Guðmundsson á Stakkanesi sem getur hér að ofan, trúlofaðist opinberlega um haustið, ungfrú Kristínu Benidiktsd. á Ísafirði, efnilegri stúlku.

Á annan dag jóla trúlofuðust opinberlega í Súgandafirði: Friðrik smiður Guð-

mundsson lausamaður á Stað (frá Sela Kirkjubóli í Öndarfirði) og ungfrú Guðbjörg Guðmundsdóttir í Fremri-Vatnadal, dótturdóttur Friðberts í Hraunakoti.

25. Sunnudagur. Pálmessa. Með logndrífujeljum. Var ég vesall mjög.

Giptust á Ísafirði: Sigurvin Hansson formaður og Margrét ekkja Magnúsdóttur, systir Jóns Magnússonar formanns á Ísafirði.

26. Mánudagur. Mold á norðvestan. Var ég að kenna Magnúsi og Ólafi. Kvað ég (um morguninn) erfiljóð, 14 vers, eptir Rannveigu Ólafsdóttur frá Kirkjubóli í Skutilsfirði er andaðist sumarið 1901, konu Jóns Halldórssonar hreppstjóra. Orti ég þau fyrir Pál Jónsson oddvita á Kirkjubóli og undir hans nafni.

Erfiljóðin hljóða þannig.

- | | |
|--|--|
| 1. Einatt sannast
um aldur daga:
flýtur afleiðing
af orsök hverri;
það sem Eva
og Adam brutu,
ollir angri
á vörum dögum. | bjargvættur allra
er bágð áttu,
elskuleg manni
og eiginbörnum. |
| 2. Skæður var dómur
skapa nornar,
þegar Rannveigu
réði krefja
brátt að ganga
of brú Gjallar,
skörung kvenna
í Skutilsfirði. | 5. Man ég um árdag
æfi minnar,
leiddi móðir ljúf
lítinn mög,
klappaði á kinn
kundi sínum,
veglegt fljóð
og varp svo orðum: |
| 3. Drenglynt atgjörvi
í augum glóði
mærrar konu
og mildi fögur;
hetjulegt enni,
og höfðingssvipur
var á vöngum
vífi besta. | 6. „Ungur ertu arfi
og ærinn vegur,
mun því ógenginn
æfi þinnar,
vil ég vísa leið
vænu barni,
það þér getur
að gagni komið. |
| 4. Ráðholl hún reyndist
rekka hverjum,
úrræða góð
í öllum þrautum, | 7. Vertu orðvar
og aðgætinn.
Flas og slys
eru förunautar.
Góð og gild rök
fyrir gjörðum öllum
eigðu ætíð
ef auðið verður. |

- | | |
|--|--|
| <p>8. Einn er kraptur
sá öllu ræður,
helgur andi
er heim uppfyllir,
efldur lífsmagni allra gæða,
takmarka án
á allar síður.</p> <p>9. Dýrlegt alheimsafl
ógrípandi,
<i>guð</i> er nefnt
meðal gumna sona;
undir valdi hans
allt er heitið
halir og dýr
um heim gjörvallan.</p> <p>10. Geislabrot glögg
af guðs almætti
endurskína í
öllum hlutum,
ljóma þó bezt
í breytni góðri,
er því heiður hár
hana að stunda.</p> <p>11. Vertu hefnir hýr
hreingeðjaður,
vænn og ráðsnjall
í vanda öllum.
Sú er hugprýðin</p> | <p>hetjudómur,
að reynast bezt
þegar raunir geysa.</p> <p>12. Nem nú orð þau
og eptir breyttu,
sem að ég, sonur
sagt þér hefi.
Breiði blómkranz
á brautu þína
hamingja sönn
hvern um tíma.“</p> <p>13. Lét svo móðir mild
máli lokið.
Breyttust tímar
og brautir lengdust.
Sá ég einatt –
og sé það enn,
satt var allt það
er sagði móðir.</p> <p>14. Harður varstu Dauði
að hrífa brott
móður mína
svo megingóða.
Ristir söknuður
rúnir djúpar
enni mitt á –
og ýmsra fleiri.</p> |
|--|--|

27. Þriðjudagur. Hæglátt kafaldslaust um morguninn, en síðan mold á norðan. All-hart frost. Var ég að kenna. Hreinskrifaði ég eptirmælin er ég kvað daginn fyrir. – Nýlega beit Jón Snorri Árnason snikkari á Ísafirði, húsmanninn Valdimar Eggertsson á Ísafirði, svo dýrlega í hendi, að lækni telur sem víst að taka verði af honum tvær fingur. Hann beit og Valdimar Örnólfsson bókhaldara nokkuð í augabrun. Er merkilegt um þakka þennan, að hann aldrei skuli vera settur í fangahús þó hann vinni hvert skammarverkið á fætur öðru; og ekki þegar hann næstum var búinn að myrða Björn Árnason lögregluþjón.

Aðrar fréttir: Séra Ólafur Magnússon á Sandfelli kosinn prestur í Arnarbælis-prestakalli í Árnessýslu.

Tala gjaldenda þeirra í Garðahreppi er útsvar greiddu til sveitar haustið 1902, var alls 204, og upphæð aukaútsvara 4900 kr. Hæsta útsvar 225 kr. (Flygenring kaupm.), lægsta 2 krónur.

30. desember (1902) vildi það slys til í Engey í Gullbringusýslu, að vinnumaður þar er Torfi hét, datt niður af heystakk í hlöðu og rotaðist með því að hlöðugólf-
ið var úr steinsteipu. – Sæmdir riddarakrossum voru þeir Björn M. Ólsen rektor, Jón A. Hjaltalín skólastjóri og sr. Þórhallur Bjarnason forstöðumaður Prestaskólans.

„Landvörn“ nefndist nýtt blað er byrjaði að koma út í Rvík 3. þ.m., gefið út af félagi í Rvík; ábyrgðarm. Einar Gunnarsson heimspekingi. 21. desember 1902, druknaði í Pykkvabæjarósnum í Rangárvallasýslu vinnumaður Páll Kristjánsson í Borgartúni.

Árslaun vitavardarins á Reykjanesi eru 1200 kr. Piltur slasaðist í Hringsdal í Arnarfirði skömmu fyrir jólin á þann hátt að hann var að hlaða byssu og hljóp skotið í hönd honum svo taka varð af tvær fingur. – Þá varð maður úti á Rafnseyrarheiði, rétt fyrir jólin, Sigurður frá Karlsstöðum í Arnarfirði; hann var á heimleið frá Þingeyri með tveim mönnum öðrum, en félagar hans skildu við hann á Rafnseyrardal, héldu sjálfir til byggða og sögðu ekki til hans. Nokkrum dægum (fjór-
um?) seinna, var farið að leita að manninum, fannst hann þá fram á Rafnseyrardal með litlu lífsmarki og andaðist áður en komið var með hann til byggða. Sagt var að þeir félagar hefðu allir verið ölvaðir og hefðu „skilið í fússi“.

23. desember andaðist í Rvík Sigurður Þorláksson póststofufjónn, á bezta reki, milli tvítugs og þrítugs, bróðir Brynjólfs Þorlákssonar söngkennara og þeirra systkina. 26. desembr. andaðist á Landakots-sjúkrahúsinu í Rvík húsfreyja Sigriður Sigvaldadóttir yfirsetukona í Seltjarnarneshreppi.

Maður nokkur í Rvík Guðjón Guðmundsson að nafni, meðgekk fyrir lögreglu-
rétti í Rvík 2. þ.m. (Janúar 1903) að hann væri valdur að húsbruna þeim er varð hjá Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni 27. september 1902. Þótti strax grunsamt að bruni sá mundi af mannavöldum og hét Ásgeir kaupm. hverjum þeim manni 3 hundruð krónum er komið gæti upp um þann er sekur væri. Nefndur Guðjón hafði fyrir skömmu glograð fram úr sér heima hjá sér, að hann hefði farið ölvaður inn í vörugeymsluhús Ásgeirs kaupmanns Sigurðssonar, það er brann, og haft þar hjá sér brennivínsflösku fulla, síðan hefði hann farið að reykja vindil en svo ekki vit-
að um sig fyrri en hann heyrði í brunalúðrunum um nóttina. Þegar húsbóndi hins seka heyrði sögu þessa fór hann með þælinn til Ásgeirs kaupmanns og krafðist verðlauna þeirra er heitið hafði verið.

6. janúar andaðist í Rvík Þorbjörg Sveinsdóttir yfirsetukona, nálega hálf-átræð, systir Benidíkts sál. Sveinssonar alþingismanns. Hún var kona mikilhæf en giptist aldrei. – Í desembermánuði druknaði drengur í bæjarlæknum að Borgum í Pistilfirði. – 8. des. fauk hjallur og bátur í Barðvík á Hornströndum og brotnaði. Síðast í desember lágu tvö vinnuhjú, karlmaður og kvennmaður frá Bakka í Vatnsdal í Húnavatnssýslu, *úti 3 sólarhringa*. Karlmaðurinn komst loks til bæjar, að Jörfa í

Víðidal að morgni 30. desember, og skömmu síðar fannst kvennmaðurinn, þar sem hann vísaði til. Var stúlkan svo illa leikin að talið var hæpið að hún héldi lífi, en karlmaðurinn var svo að ekki var álitíð að hjá yrði komist að taka af honum báða fætur. Það fylgir og sögu þessari að faðir vinnumannsins hafi fyrir 17 árum legið úti og misst þá báða fætur af kali. Hann var enn á lífi og átti heima á Söndum í Miðfirði, og var sonur hans að fara í kynnisför til hans.

3. desember 1902 andaðist að heimili sínu, Sveinseyri í Dýrafirði ekkjan Þorbjörg Ólafsdóttir 80 ára að aldri, fædd 16. ágúst 1822. Árið 1845 giptist hún sr. Jóni Hákonarsyni presti að Söndum í Dýrafirði; bjuggu þau hjón lengstum að Sveinseyri og eignuðust alls 9 börn, þar af eru 7 á lífi sem eru: Sigurður Jónsson skipstjóri í Haukadal, Ólafur Jónsson bóndi á Sveinseyri, Sturla F. Jónsson skipstjóri á Ísafirði, Þórdís Jónsdóttir gipt Eggert bónda Andréssyni á Skálará, Ástríður Jónsdóttir gipt Magnúsi skáldi Jochumssyni fyrrum kaupmanni á Ísafirði og Elínborg Jónsdóttir í Haukadal. Í s.m. andaðist á Akurkeyri Sigurgeir Sigurðsson fyrrum bóndi á Öngulstöðum, vænn maður og vel látinn. 31. s.m. andaðist á Sauðárkrók í hárri elli ekkjan Jóhanna Hallsdóttir, ekkja Jóns prófasts Hallssonar í Glaumbæ þess ágæta gáfumanns og mannvinar.

Þá lézt og Jón bóndi Jónsson á Narfeyri í Snæfellsnessýslu gildur bóndi og greindr. 9. þ.m. (Janúar) andaðist á sjúkrahúsinu í Landakoti ungfrú Guðný Þorvaldsdóttir prests Björnssonar á Melstað, Húnav.sýslu. 16. janúar, að morgni, andaðist að Stafholtsey í Borgarfj.sýslu Páll Jakob Blöndal, fyrrum héraðslæknir, fæddur að Hvammi í Vatnsdal 27. desembr. 1840, gáfumaður góður og ljúfmenni.

„Ingólfur“ nefndist nýtt blað er byrjaði að koma út í Rvík um áramótin. Útgefandi Halldór Þórðarson prentsmiðjuráðsmaður, en ritstjóri cand.mag. Bjarni Jónsson skólakennari.

Tveir menn í Rvík riðust svo gapalega á, 18. þ.m. (Janúar 1903), að hesturinn er annar þeirra reið og sem var eign Björns Þorlákssonar á Álafossi hálsbrotnaði, en hestur hins, eign Magnúsar steinhöggvara Guðnasonar í Rvík skemmdist í bógnum og rifbrotnaði.

Maður í Reykjavík er Vindheima-Björn er nefndur, réðist á stúlkur tvær er voru að koma úr laugum seint um kvöld 18. þ.m. (Janúar), reif af þeim fötin og meiddi aðra þeirra í andliti. Hann var seinna nokkru tekinn fastur og settur í varðhald, játaði að hafa atlað að taka stúlkurnar með valdi.

Aðfaranóttina 11. janúar andaðist að Miðhúsum í Rosmhverfanesshreppi dugnaðarbóndinn Magnús Þórarinnsson, hafði hann þá búið þar í 34 ár. Ekkja hans var Guðrún Einarsdóttir og lifði hún mann sinn ásamt 10 börnum en alls varð þeim hjónum 15 barna auðið.

Útsvar Skúla Thoroddsen á Bessastöðum haustið 1902, var 310 krónur.

28. Miðvikudagur. Hæglátt veður norðvestan. Allhart frost. Fór ég inn að Kirkjubóli með erfiljóðin eftir Rannveigu sál. móður Páls oddvita. Páll var ekki heima og gat ég ekki fengið borgunina fyrir eptirmælin strax, sem ég setti 2 kr. og 50 a. Kvað ég 2. rímu Fjalla-Eyvindarsögu, 62 er.

29. Fimmtudagur. Stíllt veður og þykkt loft um morguninn, gerði svo voðalegan sortabyll á norðvestan, en birti ögn aptur um kvöldið. Var ég að kenna. Kómu: Páll oddviti Jónss. á Kirkjubóli – hann borgaði mér eptirmælin er ég orti eptir móður hans; Hallbera Jónsdóttir kona Páls; Jón Bjarnason bóndi á Kirkjubæ, Theódór Guðmundsson unglingspiltur á Stakkanesi og Engilráð Helgadóttir lk. á Torfunesi.

30. Föstudagur. Hæglátt veður um morguninn en svo moldbylur á norðan. Mjög hart frost. Var ég að kenna. Eptir kennslutíma fór ég út á Ísafjörð og keypti 1 skeppu af jarðeplum.

31. Laugardagur. Grimmdarbylur á norðan með grófu frosti.

Febrúar

1. Sunnudagur. Sami bylurinn um morguninn en fór heldur dagbatnandi. Fór ég út á Ísafjörð og sótti byrði mína af kolum er ég átti þar geymd.

2. Mánudagur. Kindilmessu. Gott veður. Loftþunnt um morguninn, norðanátt, gekk svo til suðvesturs og þykknaði meir í loptið. Var ég að kenna. Nokkrir Ísfirðingar fóru á sjó en fiskuðu lítið sem ekkert. Nú var ærið hart í búi hjá mörgum er hjuggu við sjó í kring um Djúp, afli var sem enginn og verzlunarlán þurru, svo Ísfirðingar sumir voru nærri hor en merg.

3. Þriðjudagur. Stinningsvindur á suðvestan. Var ég að kenna. Kómu: Sigurgeir Bjarnason húsm. á Fagrahvammi, Guðm. Guðhjartsson bakari á Ísafirði og Guðm. Kristj. Jónatansson vm. á Ísafirði.

Í Janúarmánuði myndaðist slarkarafélag á Ísafirði, hélt það sig úti á hverju kvöldi eptir að farið var að dimma og réðust þeir félagar á kvennfólk og nauðguðu því; höfðu sumir þeirra vopn, axir og hnífa og hræddu svo fólk. Þeir höfðu grímur. Að lokum komst upp hvaða piltar þetta voru og kom þá til orða að taka þá fasta, þrættu þá sumir fyrir svívirðing sína en aðrir meðgengu og beiddu fyrirgefningar. Seggir þessir voru:

Ebenezer Guðmundsson skipstjóri,
Jón Benidíkts Jónsson stúdent,
Guðjón Jónsson fyrrum afgreiðslumaður í brauðgerðarhúsi Á. Ásgeirssonar,
Árni Jónsson, vetrarmaður hjá Finni Þórðarsyni brauðgerðarmanni,
Jón Snorri Árnason snikkari og
Jón Einarsson seglasaumari.

4. Miðvikudagur. Hæglátt veður með sortajeljum á vestan. Kom gufuskipið Lára miðsvetrarferð sína til Ísafjarðar. Daginn áður, 3. febrúar, slasaðist í veiðistöðinni Kálfadal maður úr Álptafirði Björn Jónsson að nafni, sonur Jóns skálds Jónatanssonar, það atvikaðist á þann hátt að stórt tré datt á hálsinn á honum svo brotnuðu tveir liðir og taldi lækni óvíst að hægt yrði að lækna hann. Kómu: Bergur Rósinn

kranzson, kaupmaður á Flateyri og bróðir hans Páll Rósinkranzson, bóndi á Kirkjubóli í Korpudal.

5. Fimmtudagur. Sama veður. Fór ég út í Hnífsdal til að reyna til að fá húsnaði, en fékk það ekki. Ekki mundi ég nokkurn tíma frá því ég var á yngri árum, að ég hefði verið svo illa klæddur sem ég var í þessari ferð; ég var í sokkaræflum sínum frá hverjum, en mér vildi til að ég var í snjósokkagörmum utan yfir, hefði annars sést í bera fætuna, og eptir því voru önnur klæði mín.

Magnús litli á Stakkanesi kom um morguninn og kenndi ég honum fram til hádegis, þangað til ég fór út eptir. Um kvöldið, kl. 7, kom Samson skáld Eyjólfsson, fyrrum kaupmaður á Ísafirði, áleiðis inn að Hafrafelli og fylgdi ég honum inn að Hafrafellstúni; ekkert kvaðst hann geta borgað mér fyrir það. Þegar ég kom aptur heim til mín, vesall og þreyttur, húðskammaði unnusta mín mig, var það vandi hennar ef ég fylgdi einhverjum og þá ekki sízt ef það var kvennmaður.

6. Föstudagur. Hæglátt veður með sorta jeljum framan af deginum, skellti svo á geysi byl á útnorðan. Kom Reinharður Kristjánsson póstur að heiman frá sér (frá Kaldá) til að sækja póstin til Ísafjarðar sem enn var þó ekki kominn sunnan alllangt á eptir áætlun.

7. Laugardagur. Moldbylur á útnorðan, bjartari seinni hlutan. Fór ég út á Ísafjörð. Þar talaði ég mikið við Áslaugu Gísladóttur (skálds Jónssonar) hússtýru unga hjá Magnúsi Benónýssyni ekkjumanni og húseignarmanni á Ísafirði. Hún var skáld liðugt og orti fagurt. Sagði hún mér allmikið af kvæðum eptir sig og þótti mér hin mesta unun að heyra. Jeg kvað um hana vísu þessa:

Hjá þér sjóar loga lín
ljómar sálarprýði,
yndi þróa, eyða þín
andans frjóu blómin þín.

Kom Jakob Jakobsson skósmiður á Ísaf. Hann var alinn upp í Reykhólasveit. Hann sagði mér að árið 1876 hefði ær á Reykhólum átt 4 lömb, voru 2 þeirra á stærð við vanalega tvílembinga en hin minni. Þau voru öll dauð er þau fæddust.

8. Sunnudagur. Stillt veður heiðríkt, 10 stiga frost. Var ég eyðilagður af kvöl í bakinu, átti hún víst sem fleiri kvillar mínir, rót sína að rekja til æsku kjara minna og skal þar til nefna þetta:

Þegar fóstura mín, Margrét ekkja Bjarnadóttir brá búi í Efrihúsum (í Öfundarfirði) eptir 23 ára búskap þar, færðist hún sem húskona að Hesti til sonar síns eptir fyrri mann Jóhannesar Kristjánssonar sem var þá fyrir nokkrum árum farinn að búa þar og átti fyrir konu Jónínu Sveinsdóttur frá Hesti. Þegar foreldrar mínir, Hjalti Magnússon (prests Þórðarsonar í Ögurþingum) og Friðrika saumakona Kristjánsdóttir, húshjón á Ísafirði, vissu að fóstura mín ætlaði að bregða búi, vildu þau að ég færi frá henni og öfluðu þá að ljá mig merkishjónum einum fyrir létta-dreng, en fóstura mín vildi ekki sleppa mér, þar af kom bölvun mín öll. Jeg var 10 ára að aldri þegar ég færðist frá Efrihúsum ofan að Hesti. Fóstura mín átti kindur

nokkrar sér á hluta, vanalega 15 til 20 tals, og hafði hún þær á húsi er hún fékk að láta standa uppi á Efrihúsa túni og gekk ég þangað þrisvar á dag hverju sem viðræði, til að gegna kindunum þegar þær voru við hús og hey. Jeg var þá velvirkur og reglusamur og trúverðugur í háttum svo sanngjarnir menn töluðu um hvað ég væri „fullorðinslegur“. Jeg var sterktrúaður og nokkuð einkennilega; t.d. í stórviðrum, sortabyljum og gaddhörku, stóð ég löngum tímum saman berhöfðaður við dyr og glugga á fjárhúsi fósturu minnar og signdi það (krossaði) hátt og lágt, og trúði ég þá að Guð mundi vernda það frá öllum háska.

Á Hesti leið ég afar illt á andlegan og líkamlegan máta. Fóstra mín var vond við mig, húsbandurnir öllu verri og aðrir á heimilinu voru þar eptir. Mér var þrælað út sem „húðarklár“, og fékk aldrei „frí“, mátti aldrei leika mér; byggði ég mér smáhús sem börnum er títt var því á ýmsa vegi spillt fyrir mér og ég atyrtur fyrir það. Jeg var óttaglögur, síhræddur og kjarklaus þegar ég var heima en djarfur og frjálsslegur þegar ég var heiman. Jeg var lítill vexti og horlegur og afar mjóbeinóttur. Jeg var klæðfár „svo einnig heiðins manns hjarta aumkaði sig þar yfir“; hét ei að ég gæti farið út úr baðstofu fyrir fataleysi. Jeg var skjótur í öllum hreifingum og fljóthuga, fór ég opt óðslega og fékk voðalegar byltur á höfuðið og af þeim lá ég stundum margar vikur í senn, ber líka á þessari stund þeirra órækar menjar – stór þjáníngar í höfðinu. Jeg var kátur og vildi að allir væru kátir. Á ferðalagi var ég af sanngjörnum kallaður „þeytisþjald“ og „klakaklár“. Jeg var afar viljugur og áhugamikill og vann mér allt (á verklegan máta) um megn fram. Jafnan þegar mér var skipað verk fór ég til þess án þess að athuga hvort mér væri það fært eða ekki, og kepptist síðan við að gjöra það þó mér væri það ómögulegt.

Það var eitt sinn um vetrartíma að fóstura mín beiddi son sinn Jóhannes bónda á Hesti, að fara fyrir sig „heim“ á Efrihúsatún og hjálpa mér til að láta tré undir heygard sinn, vildi Jóh. ekki fara en hundaðist þó fram eptir, og er þangað kom, fórum við að eiga við garðinn. Voru þar tré tvö 9 álna löng er fóstura mín átti, hafði hún fyrir þolsakir lengi brúkað þau við heygarda, sem festa tré á haustum en fyrir undirlægju á vetrum. Í þetta sinn skipaði Jóhannes mér að fara inn í heygardinn og setja bakið undir trén og spenna þau upp þegar hann ræki þau inn af veggheðslunni, svo þau gengi betur upp á „stálið“ (heystakkinn); hljóp ég strax inn og gerði sem mér var sagt; setti ég bakið undir tréð, studdi höndum á kné og neytti svo allrar orku til að reyna að lypta trénu hærra, en þá brast í baki mér og engdist ég saman svo höfuðið fór fast að knjánum og gat ég ekkert orð mælt. Jóhannes kallaði inn og spurði hvort ég ekki gæti „lypt betur en þetta“, en er ég gat engu svarað varð hann grimmur og grenjaði inn til mín: hvort ég ekki vildi anza sér, en ég gat enn engu svarað; kom Jóh. þá sjálfur inn og ekki fagur sýnum, og var þá fyrst að ég gat talað í lágum hljóðum, en ekki þorði ég að segja Jóhannesi frá af hverju ég væri svo, enda spurði hann mig ekki um það. Þegar ég kom heim, sagði ég fósturu minni frá vandræði mínu, en henni varð ekki annað að orði en þetta: „Það get ég ekki að gert, hræið mitt“.

Það var öðru sinni, næsta vor eptir hrakfall mitt sem getur hér að framan, að

Jóhannes sagði mér að sækja annað stóra tréð fóstru minnar fram að fjárhúsi hennar, ætlaði hann að hafa það í trönuþót (sperrur undir hjallás). Átti ég að bera tréð ofan að Hesti, en harðlega var mér bannað að draga það svo það lýði ekki grasið því þetta var um vertíðarlök. Þá var ég á 13 ári. Jeg fór að reyna að bera tréð en fékk þá sömu kvölina í bakið sem um veturinn; bar ég tréð á að gizka 20-30 faðma og varð svo að yfirgefa það og fékk ég ekki móðurlegar viðtökur þegar ég kom heim. Af þessu sem nú hefi ég sagt hygg ég að bakraun mín sé komin.

9. Mánudagur. Dimmur með kafaldi um morguninn en síðan allgott veður. Jeg fór út á Ísafjörð um nóttina, til sjóferðar, en af því veður leit illa út, varð ekki af sjóferðinni og fór ég þá heim aftur. Kómu: Skúli Einarsson skósmiður á Ísafirði, Jón Helgason skósmíðalærisveinn hjá Skúla, Þingeyingur að ætt; Guðm. Bjarni Árnason húseignarmaður og form. á Ísafirði og Guðm. Justsson hm. á Ísafirði.

10. Þriðjudagur. Allgott veður á landi en hörkulegt. Var ég að kenna Magnúsi og Ólafi. Eptir kennslutíma fór ég inn að Hafrafelli og fékk þar lánaða Grettissögu. – Um morguninn var 6 stiga frost.

11. Miðvikudagur. Moldbylur, heldur bjartari seinni hluta dagsins og gekk þá til vesturáttar.

12. Fimmtudagur. Stíllt veður, heldur þýtt. Þykkt lopt. Var ég að kenna, en eptir kennslutíma fór ég og unnusta mín inn að Fagrahvammi við Tungu, áttum við heimboð þar að Sigurgeirs Bjarnasonar og konu hans Ólínu Ólafsdóttur. Sigurg. var gáfumaður mikill, skynsemin mikil og glögg og minnið gott; hann var og maður lögfróður vel og klókur, framgjarn og djarfur á fyrri árum og hafði þá opt komist í klandur er varðaði við lög en jafnan komist úr öllu þess konar án þess að verða sekur. Sigurgeir var og verkmaður góður og hagsýnn, en eptir að hann fékk heilsuleysi sitt hið mikla sem hann nú bjó að, var hann að ýmsu kjarkminni og linari í söknum sem eðlilegt var, og var þó ærinn hugur hans á andlegan og líkamlegan máta.

13. Föstudagur. Gott veður á landi. Niðadimm snjóþoka um nóttina og fram á morgun og fóru engir á sjó. Var ég að kenna. Fór ég inn að Tungu og keypti 1 fjórðung af súr.

14. Laugardagur. Sama veður. Var ég allan daginn út á Ísafirði og gerði ýmislegt.

15. Sunnudagur. Stíllt veður all-hlýtt. Var ég sárvesall í brjóstinu og þóldi ég ekki að skrifa. Kómu: Hrefna Sigurgeirsdóttir unglingur á Fagrahvammi, Sigurður Sigurðsson húsm. á Ísafirði (úr Mýrahreppi í Dýrafirði), Georg Englendingur húsm. á Ísafirði og Jón Pálmason vinnumaður í Botni í Súgandafirði áleiðis út á Ísafjörð að sækja meðöl fyrir dreng er brenndist mjög á fæti, Hlöðver son Sigurðar „skurðs“ Jóhannssonar á Gilsbrekku, 4 ára gamlan. Jón gisti.

16. Mánudagur. Hæglátt veður frostlið með ofankafaldi framan af deginum. Um morguninn fór ég með Jóni Pálmasynti út á Ísafjörð og hjálpaði honum til að fá meðölin fyrir Hlöðver litla og fl, en síðan var ég að kenna.

17. Þriðjudagur. Stórhrið (rigning) um morguninn en þornaði svo og var síðan bezta veður. Var ég að kenna. Lauk ég við að safna kviðlingum eptir ýmsa í bók

þá er ég byrjaði að rita 19. ágúst f.á. (1902); eru kvæði í henni eptir 45 höfunda og skal ég nefna þá. Jeg set kross við þá sem eru dánir.

1. Lýður Jónsson á Skipaskaga. †
2. Bólu-Hjálmar †
3. Kristján Jóhann Jóhannsson, formaðr í Krók á Ísafirði.
4. Lúðvík Björnsson Blöndal. †
5. Sólveig Sigurðardóttir, Firði í Múlasveit.
6. Katrín ekkja Árnadóttir, Ísafirði.
7. Steinn Jónsson Skagfirðingur.
8. Gunnar Bjarnason (kvæða G.). †
9. Kristján Lúðvík Gíslason, Arnardal.
10. Sigmundur Guðmundsson, Skáldsstöðum í Reykhólasveit.
11. Ólafur Kristjánsson, Fæti í Súðavíkurbhreppi.
12. Baldvin Jónsson „skáldi“. †
13. Hólmfríður Kr. Sigurðardóttir.
14. Jóhannes Jóhannesson bóndi á Kleifum á Skaga norður.
15. Gísli Jónsson „skáldi“ við Ísafj.djúp.
16. Gróa Guðmundsdóttir (móðir Gísla skálda). †
17. Brynjólfur Þorsteinsson við Berjadalsá á Snæfjallaströnd.
18. Jósep Sveinsson Ísafirði.
19. Karitas Hafliða. kennslukona Ísafirði.
20. Jóhanna Guðmd. kennslukona Ísaf.
21. Sesselía Hjaltadóttir við Ísafj.djúp. †
22. Nikulás Guðmundsson Húnvetningur.
23. Jón Árnason Víðimýri. †
24. Jón Eiríksson snikkari í Rvík. †
25. Guðmundur Nikulás „skáldi“ Rvík. †
26. Hrólfur Jónsson í Kambakoti á Skagastr. †
27. Þjófa–Nikulás (sonur Guðmundar skálda í Rvík). †
28. Sigurður Breiðfjörð. †
29. Hans Natansson. †
30. Sumarliði Jónsson Barðstrendingur. †
31. Jón Austmann. †
32. Þórður Þórðarson bóndi á Krossnesi, Strandas.
33. Samson Samsonarson snikkari á Þingeyri.
34. Jakob í Tungumúla á Barðaströnd.
35. Stefán Aþanázíusarson á Uppsölum í Barðastrandhreppi (bróðir Jakobs í Tungumúla). †
36. Loptur Hákonarson á Laugalandi í Reykhólasveit.
37. Einar Jónsson Harastöðum. †
38. Jónas Jónasson í Hróarsdal.

39. Sigurður bróðir Jónasar í Hróarsdal.
40. Sigtryggur oddviti á Framnesi í Skagafirði.
41. Hallþór Guðmundsson barnakennari á Stað í Súgandafirði.
42. Hinriksen, kaupm. í Rvík. †
43. Rögnvaldur Jónsson úr Hergilsey. †
44. Brandur Sumarliðason húsmaður í Reykhólasveit. †
45. Áslaug Gísladóttir (skálds Jónssonar) hússtýra á Ísafirði.

18. Miðvikudagur. Þýtt veður (norðvestan?) lítið úr. Var ég að kenna. Eptir kennslutíma hljóp ég út að Stakkanesi og lét Halldóru ekkjuna vita að ég hefði í hug að ferðast daginn eptir og þyrfti því Magnús sonur hennar þá ekki að koma inneptir til lærdóms. Unnusta mín varð bálreið af því ég fór úteptir án þess *hún* væri með! Var aumlegt heimili hjá mér. Guðni talaði ekki orð, eyðilagður af því að Helga var nú alfarin, en Guðrún mín foxill með lygafull brigslyrði mér til handa. Jeg var orðinn svo ólíkur sjálfum mér að ég ekki þekkti mig – eyðilagður á sál og lífi –, og kross þann lagði unnusta mín á mig; ljót saga en sönn.

Kómu: Guðm. Kárasen, húsm. í Tungu, sonur hans Sigurður að nafni, og Lárus Gunnlaugsson, vm. á Ísafirði áleiðis heim til sín vestan úr Önundarfirði.

19. Fimmtudagur. Ofviðri um nóttina en hægði með deginum og var þá gott veður um tíma, en brátt gekk til norðurs og koldimmdi á utanverðu með nokkru kafaldi, gekk þá aptur til suðvesturs og gerði niðamyrkurs kafald. Loptvogirnar stóðu svo illa að þær vóru 2ur stigum neðar en þær stóðu einusinni árið 1883. Vóru nú margir menn hræddir ef veðurlag færi eptir því er loptvogirnar boðuðu. Var ég að kenna. Kom Sig. Sigurðsson (Dýrfirðingur) húsm. á Ísafirði, til að biðja um Grænagarð ef ég flyttist þaðan.

20. Föstudagur. Hæglátt veður unz seinni hluta dagsins að gekk í norðrið, tók þá að hvessa með kafaldi, var síðan moldbylur til kl. 10 um kv. framan af deginum var vestanátt.

Fór ég inn í Tungu og fékk leyfi hjá Sigurði bónda Jónssyni að mega fá leigt annað herbergi það á Ísafirði, í svo nefndum Eðvarðsbæ, er hann sjálfur var búinn að fá leigt, en sem hafði nú breytst svo að hann eigi fór þangað. Jeg fór svo strax út á Ísafjörð og tjáði Eðvarði Ásmundssyni, eiganda húss þess er Sigurður ætlaði í, að ég hefði leyfi Sigurðar til að fá leigt herbergi og snerist Eðvarð vel undir það.

21. Laugardagur. Hæglátt veður, moldviðri mikið að sjá norður í fyrri hluta dagsins en eyddi því þegar leið á daginn. Hart frost. Fór ég og Guðrún unnusta mín út á Ísafjörð, ötluðum að fá þar eitthvað í búið til að lifa á, en fengum *ekkert* og fórum synjandi heim og vorum sem *ljargarlaus* heima. Kómunum aldrei fyrr synjandi heim að Grænagarði.

Lauk ég við að auka og endurrita dagbók mína um árið 1898.

22. Sunnudagur. Gott veður norðvestan. Skrifaði ég upp fyrir Ástríði ekkju Zakaríasardóttur á Ísafirði:

- a. † Hólmfríður Böðvarsdóttir Blöndal (1855), grafskript 3 vers og erfiljóð 8 vers, ort af manni hinnar látnu Þorláki St. Blöndal sýslumanni.
- b. † Guðmundur Jónasson (1862, 28 ára), 6 vers undir nafni ekkjunnar Katrínar Jónsdóttur; ókunnur höfundur.
- c. Draumur Einars Helgasonar á Laugabóli í Laugardal, dáinn 1854.

Síðan hljóp ég inn í Tungu og fann Sigurð bónda, sagði hann mér að upp á sína ábyrgð mætti ég fá annað herbergi það er hann ætlaði að fá leigt í Eðvarðsbæ svo nefndum á Ísafirði, eptir 1. apríl næstkomandi.

23. Mánudagur. Hæglátt veður um morguninn en smellti svo á sortabyl á aust-norðan með ofsa stormi en birti aptur og gerði bezta veður. Enn um kvöldið smellti bylnum á aptur. Fór ég út á Ísafjörð og seldi Sigurði Sigurðssyni (Dýrfirðingi) húsmanni á Ísafirði, hús mín á Grænagarði í Eyrarhreppi, ritaði ég afsalsbréf í hendur Sigurði, en hann lofaði, og lagði við drenglyndi sitt að hann skyldi borga mér 30 kr. – þrjátíu krónur – í peningum næsta dag (24. febr.) en sem þá væri eptir óborgað af verði húsanna (70 krónur) skyldi hann borga mér með innskript í viðskiptareikning minn við verzlun Skúla Thoroddsen á Ísafirði, og átti sú skuldarlúkning hans að fara fram í júlímánuði um sumarið.

Tók ég af Ástríði Zakaríasardóttur á Ísafirði til að afrita: „Þáttur af Stývarði ráðgjafa og Gný fátækum bónda“ í 6 kaþítulum. Sagan var í handriti, vel skrifuðu; hafði Ástríður fengið hana lánaða.

24. Þriðjudagur. Gjóstur á norðan kafaldslaus um morguninn, en hvessti svo meira með kafaldsbleytu mold, var þá blindsorti í norðri og kl. 8 um kvöldið var kominn augalaus bylur á norðan með allmiklu frosti.

Snemmindis um morguninn kom kaupandi Grænagarðs, Sigurður Sigurðsson húsm. á Ísafirði, inn að Grænagarði. Hélt ég nú að hann væri að koma með peningana eptir lofordi sínu og hlakkaði ég til því ég var í nauð sökum bjargarskorts og peningaleysis, en erindi Sigurðar var á þessa leið: Hann (Sigurður) var í félagi við annan mann að kaupa Grænagarð, sá lofaði að borga strax í hendur Sigurðar 30 krónur, en svo þegar kaupin voru gerð sveik maður sá öll loford sín svo Sigurður stóð eptir í vandræðum, en maður sá er sveik var Georg Englendingur húsm. á Ísafirði. Þegar ég nú heyrði kringumstæður Sigurðar gat ég eigi verið að áfella hann. Það mátti kalla glappaskot Sigurðar við kaup þessi að hann ekki lét mig vita um að annar maður var með í kaupunum.

Byrjaði ég að afrita söguþáttinn fyrir Ástríði. Gerði ég það meira af vilja en mætti, því með öllu var ég nú annars hugar sökum vandræða minna.

25. Miðvikudagur. Öskudagur. Ægilegur sortabylur á norðan með miklu frosti. Lauk ég við að afskrifa söguþáttinn af Stývarði ráðgjafa og Gný bónda. Kvað ég vísu þessa:

Happatíðin hverful er,
hatar blíðu raunakífið;

svengd með stríðum hreggjum hér
held ég níði úr mér lífið.

26. Fimmtudagur. Logn og fagurviðri. Um morguninn skrifaði ég auglýsingu, um að Grænigarður fengist keyptur, fór síðan út á Ísafjörð. Halldór Guðfinnsson húsm. á Ísafirði, beiddi mig að kveða fyrir sig til móður sinnar Kristínar Bjarnadóttur á Krossi á Skarðsströnd; hét ég því.

27. Föstudagur. Hæglátt framan af deginum en svo gjóstur á norðvestan. Sólskin en svo gjóstur á norðvestan. Sólskin framan af deginum. Var ég að kenna. Kómu: Engilráð Helgadóttir lk. á Ísafirði og Theódór Guðmundsson unglingspiltur á Stakkanesi.

28. Laugardagur. Hæglátt veður framan af deginum, en hvessti síðan allmikið á útnorðan. Var ég að kenna. Kom Kristján Steinþór Jóhannesarson, vm. á Hesti í Önundarfirði, áleiðis út á Ísafjörð.

5. Örlagaveturinn 1909-1910¹

Magnús var ráðinn kennari í Skálavík veturinn 1909-1910 og sinnti hann því verki með stakri prýði þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður. Þetta sýnishorn er merkilegt fyrir margra hluta sakir en það bregður meðal annars ljósi á aðstöðu kennara sem voru að vinna eftir nýjum fræðslulögum í upphafi tuttugustu aldar. Vetur þessi var einhver sá harðasti í manna minnum og kom það niður á fjölskyldu Magnúsar og kennslu barnanna. Viðmót Skálavíkurbúa var allt að því fjandsamlegt í garð kennslunnar og í kjölfar hennar voru örlög Magnúsar ráðin. Það er engin furða að Magnús hafi árið 1912 vitnað í ummæli séra Jóns Torfasonar sem lét eftirfarandi orð falla í bréfi frá 1707 um fólkið í Skálavík: „Þar með hefir þetta fólk eitt það lakasta verið í mannatölu, bæði til vitsmuna og veru.“ Magnús bætir því síðan við að engu sé líkara en að þeim hafi „síðan árlega, farið aptur í allri manndáð, þá var eigi von að þeir reyndust mér betur þegar ég var kennari þeirra, 1909-1910.“

Á síðari hluta ársins 1910 dró heldur betur til tíðinda. Magnús var sakaður um að hafa nauðgað fjórtán ára gamalli stúlku og af þeim sökum tekinn til yfirheyrslu hjá sýslumanninum, Magnúsi Torfasyni. Í sýnishorni þessu segir frá aðdraganda málsins, atburðinum sjálfum og niðurstöðu þessa örlagaríka atburðar.

1 *Lbs* 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Ágúst

26. Fimmtudagur. Mikil rigning. Frá því ég fékk aðgang sem undirkennari við barnaskóla Hólshrepps 15. þ.m., stóð skólanefndin einatt á mér að verða kennari í Skálavík, var ákveðið að hafa skóla þar næsta vetur og hafði nefndin í því skyni fengið lánaðan eyðibæ á Minnibakka, hjá Halldóri bónda Benediktssyni. Því var að skólanefndin beiddi mig að fara út eptir þennan dag, til að athuga bæinn, hvort sæmilegur væri hann sem kennsluhús og til íbúðar.

Kristján skólanefndarmaður Halldórsson léði mér hest. Á Skálavíkurheiði hitti ég tvo menn við grasatekju (Skálvíkinga) og var spán-nýtt að sjá slíkt, þó sá ég það í æsku (undir Hesti) en þá var það að leggjast niður – því miður.

27. Föstudagur. Mikil rigning; birti þó um miðjan daginn og vindaði þá á suðvestan, en rigndi aptur og öllu meir en áður. Skrifaði ég upp Hákonarvísurnar og gaf þær Jensi Jónssyni húsmanni í Bolungarvík. Skrifaði og töluvert fyrir Jónínu í Bogabúð.

28. Laugardagur. Gott veður. Góður þerrir er á daginn leið. Ég í vinnu.

29. Sunnudagur. Þykkt lopt með kafaldsleiðingum og vindaði töluvert er á daginn leið.

Jóhannes Pálsson hét ekkjumaður í Bolungarvík, kallaður „Pyssill“, slímalegur í vexti, þykkleitur og bláleitur. Hann var formaður. Um hann datt mér í hug þessi vísa:

Ró þó missi Ránar jóð
römm og flyssi' að vanda,
Jói Pyssill fram á flóð
fleytir hryssu banda.

Höfuðdagur; er hann að fornu fari talinn merkisdagur upp á haustið.

30. Mánudagur. Þerrir góður. Var ég í vinnu.

31. Þriðjudagur. Daufur þerrir fyrri hluta dagsins, styrmdi svo og rigndi nokkuð. Ég í vinnu.

Las ég (handrit) *Reglugjörð fyrir barnaskóla Hólshrepps í Norður Ísajjarðarsýslu*, í 25 greinum, staðfesta af stjórnarráði Íslands 10. marz 1909. – Þegar Gvendarbrunnur þraut þann 10. þ.m. kvað ég vísu þessa:

Lindin hefir lokað munn,
lífs er breytinn kraptur,
frá þeim góða Gvendarbrunn
ganga hlýt ég aptur.

September

1. Miðvikudagur. Þerrir lítið. Rígndi er á daginn leið. Ég í vinnu.

2. Fimmtudagur. Með skúrum, sólfar á milli. Ég í vinnu.

3. Föstudagur. Norðan þeljandi, kalt. Gerði ég að veiðarfærum, fékk í soð fyrir. Eitthvert versta verk er ég gerði var „að gera að lóðum“, varð ég logsár innvortis og útvortis, frá sulli þeim er ég bar í brjóstinu, fyrir ofan þind, sem aldrei náðist. Var sem ég tæki á eitri að handfara járn með gómunum.

Nýlega andaðist að heimili sínu á Ísafirði húsfrú Guðrún Ísleifsdóttir, kona Magnúsar Örnólfssonar skipherra, góð kona og göfuglynd. Þau áttu börn.

4. Laugardagur. Þerrir. Ég í vinnu. Magdalena Jónsdóttir, sterka, (Bárar-Jóns) að Arnórstöðum á Barðaströnd († 1908) hét kona í Bolungarvík, hún var áður gipt og var sá maður hennar dæinn, en nú var hún trúlofuð Jóhannesi nokkrum Húnvetningi. Magdalena var í sömu vinnu og ég og bar nú á móti Helga Oddssyni (sjá 14. síðu að framan). Þótti henni hann linur að bera og mælti: „Almáttugur! Ó; hvað þú ert linur“. Þá kvað ég söngvísu þessa:

„Almáttugur“, ó, hvað þú ert linur,
ekki get ég felld mig vel við þig,
„Jóa“ næst sem varst minn hjartans vinur,
voðalega henda slysin mig.
Þó raun sé þung, ég óttast skal þó eigi,
því ungur þú víst seinna lifnar við
fram á þroskans fullkomnunarvegi,
sú fagra von mitt kætir hugarsvið.

5. Sunnudagur. Gott veður. Ég vaknaði um nóttina kl. að ganga til 1 og fór að skrifa við týruljós. Var eðli mitt að rísa árla upp og sjaldan seinna en kl. 4, en ef ég sofnaði aptur, svaf ég fast og vaknaði þá ekki fyrri en kl. um 7.

Kvað ég vísu þessa um brunn nokkurn er vatn var tekið úr fyrir utan Gvendarbrunn:

Meðan bára sést á sæ
og sólarfegurð lifir,
blessun Drottins búi æ,
brunni þessum yfir.

6. Mánudagur. Góður þerrir. Ég í vinnu. Verzlun Péturs og Odds í Bol.vík tapar 18 þúsundum þetta ár (á fiskikaupum) og 70 þúsundir átti hún útistandandi, og 5 þús. tapaði hún árið fyrir. Slíkar fréttir voru víða og var engin von að kaupmenn væru fúsir á að lána.

7. Þriðjudagur. Gott veður, þerrir. Héla um morguninn. Ég í v.

8. Miðvikudagur. Stormur á suðvestan. Ofsa-sandrok. Nú var Grundarhóll og

Grundirnar út að Hólsá alþakið orðið sandi og ósláandi; þetta var annað sumarið frá því Grundarhólstúnið fór alveg í eyði.

9. Fimmtudagur. Hvass á norðvestan og töluvert úr. Lauk ég við að afskrifa Draugsrímu Sig. Breiðfjörðs; bjó til kassa til að geyma í og enn gerði ég fleira. Smiður var ég síst af öllu.

10. Föstudagur. Hvass á suðvestan með hríð síðari hlutan. Fór ég út í Stigahlíð eptir surtarbrandi út að Snjólfsgjá, var það hættuför því ofanfall var mikið. Þessir voru nú skáldyrðingar í Bolungarvík:

Jóhann Bárðarson, trésmiður,
Gísli Jónsson, sjómaður,
Loptur Gunnarsson, skólanefndarmaður,
Þórður Þ. Grunnvíkingur, bókbindari,
Guðbjartur Ólafsson, húsm. (fyrrum sjómaður),
Magnús Hj. Magnússon, daglaunamaður, og
Ríkey Jónsdóttir, húskona (kona E. Félðsteds).

11. Laugardagur. Rigning hæglát. Sólfar milli skúra, þó snjóaði til fjalla. Farið að leggja síman milli Bolungarvíkur og Hnífsdals (yfir Hnífsdalsheiði).

Skólanefndarfundur um kvöldið, í húsi Jóhanns Bárðarsonar. Talaði ég þar. Útgert til fulls að ég yrði kennari í Skálavík, fyrir kr. 11,50 í kaup á viku. Guðrún mín skyldi hirða kennsluherbergin og ég borga 6 kr. að auki, í húsaleigu.

Þessir voru í skólanefndinni:

Jóhann Bárðarson trésmiður,
Erlendur Þorkelsson sjómaður,
Jón Guðmundsson formaður,
Kristján Halldórsson formaður og
Loptur Gunnarsson.

12. Sunnudagur. Gjóstur á landnorðan og allmikil hríð.

13. Mánudagur. Rok á suðvestan. Var ég að búa mig undir Skálavíkurveruna.

14. Þriðjudagur. Með stórum skulfum. Fór ég gangandi út í Skálavík, fékk þar lánaða 3 hesta; fór með þá inn í Bolungarvík um kvöldið.

15. Miðvikudagur. Þyngsla-lognrigning fram til nóns, svo ofsarok og hríð að því skapi. Fór ég með 3 hesta með klyfjum (fóru mínar) út að Minnibakka; heim um kvöldið.

16. Fimmtudagur. Ofsahvass á norðan; hafði snjóað ofan í hlíðar um nóttina. Gerði ég ýmislegt. Eptir nónið afskrifaði ég Formannavísur Jóns Hjaltasonar á Ármúla († 1884), ortar 1877, 60 tals.

17. Föstudagur. Gjóstur á austnorðan. Kalt. Færðum okkur að Minnibakka, yfir Skálavíkurheiði. Höfðum konu með til fylgdar, Guðrúnu Jónasdóttur ekkju í Bolungarvík (móðir Ágústss krypplings) og tvo hesta.

18. Laugardagur. Kalsa hregg og um morguninn snjóaði enn meira til fjallanna. Gerði ég ýmislegt, fór fram á dal að leita að pokum er týndust í flutningnum o.fl. Í baðstofunni hjá okkur var kalt mjög því engin var eldavél og ekki eldhús er hægt væri að nota; hafði húsbóndinn Halldór Benediktsson leigt skólanefndinni bæinn fyrir 30 krónur nema eldhúsið, notaði það sjálfur fyrir mó. En skólanefndin ætlaði að setja ofn í kennsluherbergin og kamínu uppi, en það var hvortveggja, að tíðin var stíð enda skólanefndin ekki hröð að sér að gjöra við bæinn sem þurfti.

19. Sunnudagur. Gott veður, fagurviðri. Var ég að reyna að fá eldavél. Þessir voru nú bændur í Skálavík.

a. Á Minnibakka:

1. Halldór Benediktsson, kona hans var Ingibjörg Björnsdóttir úr Strandasýslu. H. Ben. var upprunninn úr Skálavík.
2. Benedikt Bjarnason, Skálvíkingur (faðir Halldórs); kona hans var Elín Þorláksdóttir úr Skálavík.
3. Jón Magnússon; kona hans: Guðmundína Benediktsdóttir úr Skálav.

b. Á Breiðabóli:

1. Sigurður Guðmundsson, Skálvíkingur; kona hans: Jóhanna Hálfðánardóttir frá Meirihlíð.
2. Bjarni Þorsteinsson, ekkjumaður.
3. Guðmundur Þorgilsson innan úr Djúpi; kona hans: Sigurlaug Hjaltadóttir.
4. Jón Jónsson gamli, Bolvíkingur, ekkjumaður.
5. Ari Pétursson; kona hans: Lovísa Sigfúsdóttir.

c. Í Minnahrauni: Jón Guðmundsson úr Strandasýslu. Seinni kona hans: Sigrún Guðmundsdóttir úr Strandasýslu.

d. Í Meirahrauni: Sigurður Sigurðsson Ísfirðingur. Kona hans: Rósa Snæbjörnsdóttir úr Strandasýslu.

e. Á Kroppestöðum: Einar Jóhannesson. Kona hans: Ragnhildur Bjarnadóttir.

f. Á Meiribakka:

1. Pálmi Bjarnason, Skálvíkingur. Kona hans: Kristín Friðbertsdóttir úr Súgandafirði.
2. Hafliði Rósinkransson, Ísfirðingur (innan úr Djúpi). Þriðja kona hans: Margrét Kristmannsdóttir úr Steingrímsfirði.
3. Sigurður Pétursson. Kona hans: Friðrikka Elíasdóttir.
4. Pálmi Guðmundsson af Ingjaldssandi. Kona hans: Guðrún Sigmundsdóttir frá Hrauni á Ingjaldssandi.

20. Mánudagur. Kuldagjóstr á suðvestan; nokkur hríð. – Dauðans-kuldi í baðstofunni (á Minnibakka). Hreinskrifaði ég: *Rímur Sig. Breiðjörðs – m. m.*, er ég frumreit á Stakkanesi í Skutilsfirði 30. Apríl 1904. Fjallskiladagur í Hólshreppi.

21. Þriðjudagur. Stormur um morguninn, svo hæglátt.

22. Miðvikudagur. Bezta veður. Fór ég inn í Bolungarvík. Vörulaust mátti þar

heita og varla mögulegt að fá lán. Vinur minn Oddur kaupm. gaf mér 5 ⚔ af íslenzku smjöri og 5 ⚔ af nýju sauðakjöti. Bar ég þungt úteptir, rör og fl.

23. Fimmtudagur. Fagur og blíðviðri. Keypti ég 1 tn. af mó hjá Jóni bónda Magnússyni, fyrir vana verð í Skálavík, 75 aura. Reit ég skólasetningarauglýsing. Um kvöldið er sólin var að síga í hafið orti ég þetta vers:

Ó, þú gullið góða
glóey fagurtjóða!
Hversu fríð þín ásýnd er;
Guðs úr dýrðar djúpi
dýrstum blómgud hjúpi
sannan fríð þú færir mér.

24. Föstudagur. Blíðviðri. Þoka er á daginn leið. Skrifaði ég tvö bréf, var annað þeirra til Kr. H. Jónss. „Vestra“-ritstjóra. Með því sendi ég honum kvæði mitt *Fósturlandið*.

25. Laugardagur. Sama veður. Ferðaðist ég inn í Bol.vík.

26. Sunnudagur. Allhvasst á norðvestan. – Nú voru farnir að tíðkast *hárskeravélar*, er fengust í verzlunarbúðum og kostuðu kr. 3.50.

27. Mánudagur. Logn og fagurviðri um morguninn svo hvasst með nokkru úri, á vestan. Ofviðri um kvöldið.

28. Þriðjudagur. Norðangol. Fór ég um Skálavíkina til að vita um hvaða lær-dómsbækur að börn þau ættu er ganga skyldu til mín til „náms“ um veturinn.

29. Fagurvirðri og stilling. Lá nú næstum illa á mér sökum bjargarskorts. Þótti mér vont að verða að fara að kenna þar sem ég hafði enga matbjörg til framfærslu mér og mínum, því ekki þóttust Skálvíkingar geta hjálpað mér um neitt. Um kvöldið orti ég 27 erindi, að meðtöldum mansöng, framan við Ajaxarrímur þær er um getur í Dagb. minni haustið 1903.

30. Fimmtudagur. Hvasst og kalt á austan. Gerði ég ýmislegt.

Október

1. Föstudagur. Stormur með kafaldsbleytu, og hafði snjóað til sjóar um nóttina. Setti ég skólan með ræðustúf er hljóðar svo:

Fram, fram fylking! segir í kvæði einu. Þessi orð finnast mér að vel eigi við þegar að ræða er um umdóminn, ungu mennina og ungu stúlkurnar sem eigið lífsleiðina að mestu ófarna, en sem lífið blasir þó við með öllum sínum vonbjörtu hillungum. Æskan er ör og fjörg og tekur fagnandi á móti öllu er hefir gleðjandi áhrif, og meðan slík sæla varir, er útsýnið andans bjart, vegirnir flestir taldir færir. Og er vel meðan slíkur himin má njóta birtu sinnar.

En opt má nóg við hafa. Æskan er eins og ég sagði, full af fjöri og gætir sín lítt og er því nauðsyn á leiðarvísi. Þessi leiðarvísir, er sem betur er, líka við hendina;

það eru fastákveðnar reglur og umvöndun foreldra, kennara og annara er um börnin eiga að annast. Þessum leiðarvísi er nauðsynlegt að börnin gefi gætur að, annars er hætt við að bagi geti orðið, að slys eigi sér stað. Unglingunum ríður því á að venja sig á að vera athugul, að taka vel eftir því sem í kringum þá er og gjöra sér grein fyrir því. „Aðgætnin er ágæt vörn, ofdirfðin er skaðagjörn“, sagði merkis-skáldið Jón Hjaltalín († 1835).

Í hinu fræga kvæði Hávamálum, stendur: „Þagalt og hugalt skyldi þjóðans barn“ o.s.v.frv. Fornmennirnir voru svo menntaðir að þeirrar tíðar sið, að þeir sáu, og sáu vel, hvað ágætur kostur það er að vera athugull, hvað affarasælt það er að taka vel eftir og færa sér glöggskygnina vel í nyt. En ekki má athuginin vera svo að hún útrými gleðinni, sómsamlegri gleði. Alls ekki. Enda á andlegt þrek sér þar bestan stað sem glaðværdin er með. En glaðværd sú – öruggasta glaðværdin – byggist á trú, og hetjudómurinn er fólgin í þrekaun, þolgæði og góðri trú, en ekki í æðrum og ofsa. Að taka vel og karlmannlega því sem að höndum ber, er það rétta. Kætast ekki um of þó vel gangi og sýna stöðuglyndi í mannraunum.

Það er sagt um Egil Skallagrímsson þegar hann fann lík Böðvars sonar síns, þess sonarins er hann elskaði mest, að brynhosurnar hafi rifnað af fótum hans, en ekki æðraðist hann og ekki grét hann. En innvortis hefir hann víst fundið til þar sem klæði hans rifnuðu sem að ofan segir. En svona var karlmennska hans mikil, svona var þrek hans og ró, að hann fékkst eigi hið minnsta um þó sorgin gengi svona nærri honum. Fyr má nú vera hetjudómur og vel má heita þó ekki sé svo og fyr er gilt en valið. En slíkar hetjur sem Egill láta eftir sig ómetanlegan fjársjóð *gæfuga minningu um aldur og æfi*.

Þess vildi ég óska, börn mín góð, að þið næðuð sem mestu manngildi, og því getið þið náð, ef þið sýnið kostgæfni til að stunda hið góða og fagra, ef þið leitist við og sætið hverju tækifæri að breyta svo að ykkur verði jafnan getið að góðu. Berið þið virðingu fyrir Guði og góðum mönnum, berið þið virðingu hverju góðu málefni og styðjið það eftir kröptum. Berið þið virðingu fyrir foreldrunum, fyrir kennara ykkar og í raun og veru öllum sem þið eigið saman við að búa, því þó mennirnir séu misjafnir, þá eru þeir meðbræður okkar sem þurfa hluttekningar eins og við, og allir þurfa hjálpar með, fyr eða síðar. Farið einnig vel með skepnurnar, þjakið þeim ekki um of og síst að óþörfu.

Með þessum orðum óska ég ykkur öllum gleðilegrar og góðrar framtíðar, með von um að þið reynið að taka ykkur sem bezt fram í öllu góðu og siðsamlegu, og að þið stuðlið að, eftir því sem þið getið, að samvinna okkar verði sem heillavænlegust og okkur til sóma.

Óskar ykkar einlægur
Magnús.

Hreinskrifaði ég Ajaxarrímurnar.

Ekki hafði ég ástæður til að lofa heimilisfrið minn, öðru nær – – –

2. Laugardagur. Norðanbylur. Var ég að kenna. Börnin voru 12, þessi:

1. Guðmundur Ebenezer Benediktsson á Minnibakka.
2. Gunnar Halldórsson, Minnibakka.
3. Hafliði Jóhann Jónsson, Meiribakka.
4. Guðjón Sigurðss. –
5. Kristinn Pálmason, –
6. Sigmundur Pálmason, –
7. Olgeirína Jóhanna Bjarnadóttir –
8. Ágústína Guðjóna Gísladóttir, Breiðabóli.
9. Kristján Guðmundsson, –
10. Þorgils Guðmundsson, –
11. Pétur Einarsson, Kroppstöðum, og
12. Jón Jens Sumarliðason, Minnibakka.

3. Sunnudagur. Sami bylurinn og stormurinn enn meiri. Kafaldslaus er á daginn leið.

4. Mánudagur. Bylur á suðaustan. Frostvægt. Kenna.

5. Þriðjudagur. Ofviðri á norðan með stórhrið og frosti. Gátum ekki sofið um nóttina. Kuldi framúrskarandi í baðstofunni og á hinn bóginn matarskortur. Óglæsilegt líf.

6. Miðvikudagur. Ægileg kafaldsbleytuhrið á útnorðan. Kenna. Eptir kennslu fór ég yfir að Meiribakka og fékk þar lánuð borð til að þilja fyrir í baðstofunni. Illt yfirferðar, kafhlaup.

7. Fimmtudagur. Norðangarður. Kenna.

8. Föstudagur. All hvass á norðvestan með nokkru kafaldi.

9. Laugardagur. Blindbylur á norðvestan. Var ég að kenna og eins daginn fyrir. Börnin kómu hvernig sem viðraði.

10. Sunnudagur. Voðastormur með kafaldsbleytu á norðvestan. Skálvíkingar hýstu ekki hesta sína, en létu þá hrekjast í kringum húsin nótt eptir nótt.

11. Mánudagur. Hvass á austnorðan, fjallbjart um morguninn og hriðarlaust, en ljótt loptslag og mikið brim. Ég að kenna. Kvað ég stöku þessa

Veit mér nú þann auðnu yl
sem orkar þú að bjóða
heilög brúin himins til,
hjärtans trúin góða.

12. Þriðjudagur. Blindbylur. Veðurofsinn að því skapi. Kenna.

13. Miðvikudagur. Blindbylur. Ég að kenna. – Sonur minn Hjörtur Aðalsteinn var sífellt veikur frá því við fluttum í Skálavík, og nú var að sjá sem hann væri í andlátinu, því svo þjáðist hann mikið, en áður var hann frágerðar barn að þroska og skyni svo ungur sem hann var.

14. Fimmtudagur. Blind þreifandi bylur óstjórnandi veður. Kom 1 drengur og kenndi ég honum. Barnið (Hjörtur) dauðveikt.

15. Föstudagur. Ögn bjartara en ofsa hvasst. Ég að kenna.
16. Sama veður. Hreppskilaping Hólshrepps haldið að Barnaskólahúsinu í Bol. vík.
Var ég að kenna.
17. Sunnudagur. Allgott veður, skýjað lopt en kalt. Fór ég á fund Jóns bónda Guðmundssonar í Minnahrauni. Hann var skynugur vel og var nú orðinn gamall, sjötugur. Eigi kvaðst hann muna slíkan byl sem þann er nú hafði gengið.
18. Mánudagur. Stíllt veður, þykkt lopt. Ég að kenna. Gufuskipið Flóra fékk svo mikinn hrakning í byl þessum að hún átti skammt til Grænlands, og komst hún við illan leik, brotin, til Patreksfjarðar. Fjöldi farþega var með skipinu, þar á meðal kvennfólk og var sumt af því svo hrætt að það fékk ekki sjóveiki.
19. Þriðjudagur. Gjóstur á austnordan. Kalt. Ég að kenna. Mér sárlá á að fara inn í Bolungarvík hefði einhverja björg þar verið að fá, en nú var þar alveg vöru- laust og ómögulegt að koma skipi fram, hafði sjór verið svo mikill í Bolungarvík að slíkt brim hafði ekki komið í 60 ár, að því er gamlir menn þar sögðu frá.
20. Miðvikudagur. Stormur á austnordan með kafaldsbleytu. Sortadimmt. Fór ég inn í Bol. vík, fékk hjálp hjá skólanefndinni; bar 5 fj.; kom kl. 8 heim um kvöld- ið, í versta veðri, þjakaður og holdvotur frá hvirfli til ilja. Versta færð. Barnið (Hjörtur) sárveikt.
21. Fimmtudagur. Bjart veður til nóns, dimmdi þá með kafaldsbleytu. Var ég að kenna.
22. Föstudagur. Síðasti dagur sumars: Hæglátt veður, þykkt lopt og ýrði fjúki stundum. Nú var ég búinn að rita Dagbók í 17 ár. Ég að kenna.
23. Laugardagur. Fyrsti dagur vetrar. Gott veður, bjart og all hart frost. Kenna.
24. Sunnudagur. Frostbylur á norðaustan. Orti ég Landvættavísur, 4 tals., aptan á myndir af landvættum Íslands, er ég átti. Mynd þá fékk ég af útlenzkum kaffi- bæti, undir Eyjafjöllum veturinn 1894-95. (Sjá 1. maí 1910).
25. Mánudagur. Stíllt veður, kafaldslaust. Ég að kenna.
26. Þriðjudagur. Gott veður, logn og ládeyða. Kenna. Aðalsímastöð í Bolung- arvík var sett í verzlunarskrifstofu þeirra Péturs og Odds.
27. Miðvikudagur. Stíllt veður heiðbjart. Kenna. Hjörtur minn dögum saman í andlátinu, en gat þó ekki skilist við.
28. Fimmtudagur. Heiðbirta og frostharka. Ég að kenna. Andaðist sonur minn, Hjörtur Aðalsteinn.
29. Föstudagur. Logn um morg., svo kafaldsbleyta á norðv.
30. Laugardagur. Hæglátt með fjúki á útnordan. Ég að kenna og eins daginn fyrir.
31. Sunnudagur. Með jelljum á austnordan. Fór ég inn í Vík og pantaði líkistu um Hjört sál., hjá frænda mínum Jóhanni trésmið Bárðarsyni. Þórður P. Grunnvík- ingur hafði nýlega ort rímur er hann nefndi *Austurtrogrímu*, 31 erindi; var hún ágæt að mestu.

Nóvember

1. Mánudagur. Gott veður. Var ég að kenna. Nú voru sumir Skálvíkingar farnir að hýsa hesta sína, en ekki fór þá betur hjá smámenninu Halldóri Benediktssyni á Minnibakka, því hann gleymdi hesti sínum inni í tvo sólarhringa! og var skepnan nær dauða en lífi er til hennar var komið.

2. Þriðjudagur. Gott veður frostlaust. Ég að kenna. Sást logi í hafinu, sem skip væri að brenna.

3. Miðvikudagur. Sortabyllur á norðaustan. Kenna.

4. Fimmtudagur. Gott veður, þykkt lopt.

5. Föstudagur. Kafald, heldur hæglaft. Ég að kenna. Kom P. P. Grunnvíkingur með kistuna um Hjört minn sál., hafði ég lagt svo fyrir er ég fór inneptir 31. f.m. Kistan var þrýðis-falleg og kostaði 7 kr. Líkmenn fékk ég: Þórð Grunnvíking og Einar bónda Jóhannesson á Kropstöðum.

6. Laugardagur. Gott veður, unz um kvöldið að gerði kafaldsbleytu. Fórum með líkið til greptrunar. Ég og Guðrún mín fylgðum syni okkar til grafar. Presturinn sr. Þorvaldur Jónsson á Ísafirði var kominn í Bolungarvík; hafði ég látið síma til hans. Fékk ég peninga, tuttugu kr. hjá skólanefndinni og gat ég borgað útfararkostnaðinn nema líkkistuna, er formaður skólanefndarinnar Jóh. Bárðarson, bauð að líða mig um, og var vel gert.

Gistum við í Bolungarvík um nóttina, ég í Bogabúð hjá Jónínu ekkju Sæmunds-dóttur og hafði ágæta nótt, en Guðrún mín hjá Þórði Grunnvíkingi.

7. Sunnudagur. Stormur með hríð á norðvestan. Fórum heim. Slæm færð, en ég bar þungt.

8. Mánudagur. Stinningsvindur. Frostlaust. Dimmdi um kvöldið með kafaldi. Um haustið beit köttur stúlku á Ísafirði, hljóp blóðeitur í sárið og síðan drep og varð stúlkan banvæn. Fyrir skömmu stakk og kona í Bolungarvík sig á nál í lærið og taldi lækni að orðið gæti það dauðamein. Ég að kenna.

9. Þriðjudagur. Hvass með jeljum á norðan. Kenna.

10. Miðvikudagur. Gott veður, þykkt lopt og nokkuð frost. Ég að kenna.

11. Fimmtudagur. Stinningsvindur á austnordan, kalt. Ég að kenna. Var ég í vandræðum miklum með eldivið, því ófáanlegir voru Skálvíkingar til að láta mér nokkuð í té, þó fyrir fulla borgun væri; höfðu þeir hinn mesta ýmugust á mér, kváðu það óbærilegan kostnað fyrir sveitina að halda kennara út í Skálavík og myndi það koma fram í útsvörumum, sem væri því mér að kenna. Hefðu börn áður komist í kristinna manna tölu þó slíku hefði ekki verið tilkostað o.s.v.frv.! En Skálvíkingar gættu nú þess ekki að þeir sjálfir um vorið (1909) þegar Jón Þórarinnsson fræðslumálastjóri var á ferðinni, hefðu skrifað skólanefnd Hólshrepps og *beðið* hana að sjá um að barnaskóli yrði í Skálavík næsta vetur; kváðu óbærilegt að kosta börn sín á skóla inn í Bolungarvík. Nú voru þeir andvígir þessari skoðun sinni. En sú samkvæmni! Annars voru Skálvíkingar undarlega sérgæðingslegir og afar menntunarsnauðir.

12. Föstudagur. Lognkafald um morguninn, birti svo og hvessti. Ég að kenna.

13. Laugardagur. Hæglátt, heiðbjart og frosthart. Kenna.

14. Sunnudagur. Hæglátt; frosthart fyrri hluta dagsins, þykknaði svo með kafaldi.

15. Mánudagur. Þykkt lopt með nokkru kafaldi. Ég að kenna. Halldór Benediktsson, bóndinn á Minnibakka sá er lofað hafði skólanefnd Hólshrepps að leggja til nægan eldivið og ljósmat handa barnaskólanum í Skálavík, fyrir umsamið verð, 30 krónur, hafði nú fyrirboðið mér að hafa eld uppi í skólastofunni eptir kl. 3 að deginum og eins að kveikja ekki ljós eptir þann tíma, kvaðst ekki hafa „samið upp á slíkt“, gætandi ekki að þá þurfti ég gjarnan mest á ljósi og hita að halda, eptir að börnin voru farin, við að færa í bækur skólans o.fl. Vildi ég þó ekki brjóta á móti banni Halldórs og notaði jafnan ljós og hita frá sjálfum mér eptir téðan tíma, en sagði Halldóri þó um leið að búast mætti hann við ég kvartaði um of lítið tillag hans til skólans við skólanefnd Hólshrepps og mætti hann því búast við áminningum frá henni.

Halldór hafði nú, til að komast eptir hvort ég notaði lampan sinn, tekið upp á því að liggja á stofugluggunum kvöld eptir kvöld og sýndi þar því smásálarskap sinn sem hann var alræmdur fyrir.

16. Þriðjudagur. Frostleysa; úrfelli um morguninn. Ég að kenna. Árla um morguninn orti ég eptirmæli, 6 vers, fyrir Rósu Snæbjörnsdóttur húsfreyju í Meirahrauni, eptir bróðurdóttur hennar Róselíu Kristmundsdóttur frá Þjóðólfstungu. Eptirmælin hljóða svo:

- | | |
|---|---|
| 1. Nú er lokuð bráin blíða
brostið hjartað ástar þýða,
ljósbjört fölnuð lokka blóm;
dáin vanga rósín rjóða,
Róselía barnið góða
hnigin er und Heljar dóm. | 4. Því ég veit hann gott eitt gefur
gjörvalt lífið kærleik vefur,
sönn hans tign og elska er;
sorgin mun því mér til bóta
mitt ei lengur er að njóta
en hann ljúfur lánar hér. |
| 2. Blóma þann er barn má prýða
barstu meýjan yndis fríða,
atgjörvi í augum skein.
Eptirlát og væn mér varstu
víst í því af öðrum barstu;
glóði vonar-glóey hrein. | 5. Þar sem allar sorgir svía
sértu blessuð Róselía
eilífum í engla krans;
ljósvakans í háum höllum
himneskum á blómsturvöllum,
faðmi sveipuð frelsarans. |
| 3. Sá ég fyr og sé það betur
svalkaldan um lífsins vetur,
minst þá varir mæðan sker;
þó er allt í herrans hendi,
honum fús ég þakkir sendi
fyrir það sem orðið er. | 6. Þegar úti er neyðarnjóla
nöprum hér í reynsluskóla
fæ ég víst að finna þig;
eins og fyr með engum trega
elsku barnið hjartanlega
koma muntu' og kyssa mig. |

17. Miðvikudagur. Hæglátt með bleytujeljum um morguninn svo með stormi á norðvestan. Kenna.

18. Fimmtudagur. Sortabylur. Ég að kenna. Um kvöldið lauk ég við safn það *Kvæði og kviðlinga eptir ýmsa*, sem ég byrjaði að rita í Hnífsdal 19. júlí f.á.; er bókin 186 blaðsíður og í henni kvæði eptir 42 höfunda.

19. Föstudagur. Dimmt veður frostlaust um morguninn, birti svo og frysti. Kenna.

20. Laugardagur. Hafvestan hríð (regn) og þoka. Ég að kenna.

21. Sunnudagur. Besta veður frostlaust.

22. Mánudagur. Besta veður, frostleysa. Orðið vel autt. Kenna.

23. Þriðjudagur. Sama veður. Ég að kenna.

24. Miðvikudagur. Frostleysa; blóðautt í byggð. Ég að kenna. Eptir kennslutíma (um kvöldið) sótti ég mér blautan mó fram í Breiðabólsengjar, er Ketill Magnússon lausam. í Skálavík átti og hafði leyft mér að nota „fyrir borgun“.

25. Fimmtudagur. Bezta veður. Frostleysa. Ég að kenna.

26. Föstudagur. Sama góðviðrið. Frysti er á daginn leið. Kenna.

27. Laugardagur. Gott veður, jel um morguninn, svo heiðríki og frost. Ég að kenna. Kvað ég vísu þessa við Hafliða Jónsson námssvein minn:

Hjá þér ljómar „Liði“ minn
ljúfur andans sjóður,
vertu líka varfærinn
vandaður og góður.

† Jón frá Ljótunnarst. Sjá 19. n.m.

28. Sunnudagur. Blindbýlur um morguninn, betri seinni hlutan. Kómu: Hafliði vinnumaður Bjarnason á Breiðabóli, Bergljót Bjarnadóttir vinnukona sama staðar og ýmis af námsbörnum mínum, til að sjá ritverk mín.

29. Mánudagur. Voðastormur og hríð-ofanviðri um nóttina. Ögn hægri síðari hluta dagsins. Var ég að kenna, því einatt kómu börnin þó ekki sviðraði út úr dyrum, og sýndust því Skálvíkingar vilja nota kennsluna þó þeir á hinn bóginn hefðu ýmugust á öllum skólalærdómi.

30. Þriðjudagur. Bleytubylur á suðaustan með ágöngum. Var ég að kenna. Nú var ég rétt orðinn bjargarlaus, mátti ég sjálfur ekki fara frá kennslunni, eða réttara sagt, taldi mig ekki hafa fullan rétt til þess, en hafði á hinn bóginn engan til að senda.

Desember

1. Miðvikudagur. Bylur á austnorðan. Kenna.

2. Fimmtudagur. Bylur á austnorðan; rofaði til fjalla stöku sinnum. Fékk ég Hafliða Bjarnason á Breiðabóli til að fara fyrir mig inn í Bol.vík. Ég að kenna.

3. Föstudagur. Sama veður. Kom Hafliði að innan með vörur til mín upp á kr. 22.00. Var ég að kenna.

4. Laugardagur. Sortabylur á austnorðan. Ég að kenna. Um kvöldið skrifaði ég bréf til Hólmsfríðar Kr. Sigurðardóttur, skálds á Bíldudal.

5. Sunnudagur. Voðabylur og frostið eptir því. Heimilislíf mitt erfitt. Frumreit ég: *Ókennilegt og Ástjarnarsteinn*.

6. Mánudagur. Sami aftakabylurinn. Sex af námsveinum mínum kómu og kenndi ég þeim. Frumreit ég: *Guðmundur Ólafsson Önfirðingur*.

7. Þriðjudagur. Veður fjallabjart, en þykkt lopt og mikið frost. Var ég að kenna.

8. Miðvikudagur. Aftakabylur til kl. 2 (e. hd.), hægði þá skyndilega; dimmdi með kafaldi kl. 4 og hvessti þá á hafvestan. Strax og hægði kómu börnin og kenndi ég þeim fram á kvöld.

9. Fimmtudagur. Sortabylur og frost. Ég að kenna. Kom Ingibjörg Björnsdóttir kona Halldórs Benediktssonar heim til mín til að tala um við mig að ég mætti ekki láta drengina vera úti í frímínútunum í „þessu veðri“ skólastofan yrði þá svo köld og væri sér og Halldóri sínum ómögulegt að leggja eldivið til „upp á þann máta“ !

10. Föstudagur. Sortabylur á norðvestan, mikið frost. Kenna.

11. Laugardagur. Sortakafald hæglátt. Ég að kenna. Nokkrir Bolvíkingar fóru á sjó þennan dag, þar á meðal Þorsteinn Eyfirðingur, tengdasonur Benedikts á Minnibakka. Hjá honum voru hásetar með öðrum: Kristján Sigurðsson húsm. í Bolungarvík (áður í Heimabæ í Hnífsdal) og Þorgeir Þorgeirsson í Bolungarvík. Í landtökunni tókst svo til að Kr. Sigurðsson féll útbyrðis, kastaði Þorgeir Þorgeirsson sér þá til sunda og bjargaði Kr. þannig og var það karlmannlega og drengilega gert. Fékk ég bréf frá Einari hreppstjóra Bæringssyni á Dynjanda í Grunnavíkurlhreppi og innlagðir 5 kr. í peningum er hann kvaðst skenkja mér í þakkarskyni fyrir ljóð þau eptir mig er hann hefði heyrt. Lýsti slíkt ekki litlu veglyndi af óviðkomandi manni.

12. Sunnudagur. Stórviðrisbylur á suðaustan fyrri hluta dagsins birti svo og hægði, gekk til útvesturs.

13. Mánudagur. Frostleysa. Ég að kenna.

14. Þriðjudagur. Frostleysa. Var ég sárvesall en var þó að kenna. Um kvöldið skrifaði ég bréf fyrir Guðm. bónda Þorgilsson á Breiðabóli til Halldórs hreppstjóra Gunnarssonar í Innri-Skálavík.

15. Miðvikudagur. Með bleytugeljum á útvestan. Ég að kenna.

16. Fimmtudagur. Gott veður, heiðríki og frost. Var ég að kenna. Um kvöldið eptir að börnin fóru sótti ég mó fram í grafir (fram fyrir Kroppstæði), einn míns liðs, á sleða.

17. Föstudagur. Sama veður, unz seint um kvöldið að gerði á suðaustan. Ég að kenna.

18. Laugardagur. Gott veður frosthart. Ágætt gangfæri. Fór ég inn í Bolungarvík. Fékk 30 kr. skrifaðar frá Hólshreppi í viðskiptareikning minn við verzlun Péturs og Odds; þær fóru upp í skuld.

19. Sunnudagur. Sama veður. Var ég og Guðrún mín, ásamt Einari Skarphéðni syni okkar boðinn af yfirkennara Hólshrepps, Páli Sigurðssyni, á skemmtun er nefndur kennari ætlaði að gangast fyrir að halda í Bolungarvík um jólin, fyrir börn skólans þar. En það sagði yfirkennarinn mér, að eptir á mætti hann til að „halda ball“, þar sem inngangur og fl. væri selt, til að fá kostnaðinn borgaðan.

Svona var höfðingskapur nútíðarinnar, þó drengilegar undantekningar ættu sér stað. En fornmennt, þeir buðu til sín fjölda manna, veittu þeim með mestu rausn og leystu þá síðan á braut með gjöfum. Nú er öldin önnur.

Svo sem sjá má á dagbók þessari 27. f.m. (nóvbr.), á laugardagskvöldið í Jólaföstuinngang, andaðist þá í Bolungarvík Jón kaupmaður Jónsson, frá Ljótunnarstöðum í Strandasýslu, búsettur í Bolungarvík. Varð það á þann hátt að hann var ölvaður mjög á laugardagskvöldið og lenti þá í slagsmáli við Björn nokkurn Halldórsson frá Hamri á Langadalsströnd og Jens nokkurn Jónsson („Botnlausar“) frá Geirseyri í Patreksfirði, og unnu þeir félagar, Björn og Jens, svo á Jóni að hann andaðist um nóttina; slóu hann út úr húsdýrum svo hann féll á hnakkann og stóð hann ekki upp frammar. Jón sál. var ógiptur en bjó með konu þeirri er Sigríður hét og átti með henni 2 börn er lifðu föður sinn, Jón Norðkvist og Marínó, átti hann barn með Guðrúnu Elínu Jóhannesardóttur er síðar varð kona Andrésar Helgasonar frá Höfða í Dýrafirði, er barn það á lífi í Bolungarvík og heitir Margrét. Jón sál. hafði verið atorkumaður og var orðinn fjáður vel.

20. Mánudagur. Gott veður frosthart. Var ég að kenna.

Orti ég í bréfkort til Odds kaupmanns í Bolungarvík.

1. Með þökkum fyrir allt og allt,
ég óska af hjarta vinur kær
þér ljómi jafnan lánið snjallt
og líf þitt krýni friðar blær.
2. Þér brosi unaðs – eygló hrein
og ekki síst um þessi jól,
það legg ég á: að missi mein
þín manndóms-fagra hringasól.

Um þessar mundir stóð svo á að frú Odds kaupmanns, Jósefína Bjarnadóttir, lá í brjóstmeini, eptir barnsburð, tók ég því svo til orða í síðara versinu.

21. Þriðjudagur. Hörkugarður á austnorðan. Afar hart frost. Var ég að kenna.

22. Miðvikudagur. Ég að kenna. Gaf Jólafríð um kv.

23. Fimmtudagur. Þorláksmessa. Voðabylur, frostið að því skapi. Ég þurfti nauðsynlega að fara inn í Vík en nú var það enginn vegur vegna ótíðarinnar. Afmæli sonar míns, Einars Skarphéðins; var hann nú 6 ára.

24. Föstudagur. Sami bylurinn. Ekkert gat ég fengið í hátíðaskyni; enginn þóttist geta selt fyrir peninga – hvað þá heldur lánað – 3 ⚡ af hveiti, því síður meira.

Verst þótti mér eldiviðarleysið. Eins þótti mér illt, barnsins vegna, að vera sykurlaus, þar sem mjólkurleysið var á hinn bóginn. Hafði ég aldrei verið í jafn leiðinlegu félagi sem á meðal Skálvíkinga. –

21 stiga frost var daglega.

Orti ég 2 vers í „Poosbók“ fyrir Kristján Guðmundsson námsvein minn, en hann fékk það fyrir hálsystur sína Salóme Gísladóttur í Bolungarvík, en hún ætlaði að gefa það vinstúlku sinni. Kvæðið hljóðar svo:

1. Baugagná blóma há
búin eðallyndi,
lögum þú ljúf og trú
lífgar hjartans yndi,
svo hjá þér sæld og fér
sál mín fær í skyndi
Líkt og blóm í léttum sunnanvindi.
2. Hagsæld blíð hverja tíð,
hjartans strengi þína
snerti æ, unaðsblæ
ávalt láti hlýna,
vors sem stund vermir lund
vonarljós þá skína.
Höndin Guðs þér hjástöð veiti sína.

25. Laugardagur. Sortabyllur með frosthörku. Djúpfenni. Skemmtun – ef skemmtun skyldi kalla – héldu nokkrir Skálvíkingar í kennslustofunni á Minnibakka þetta kvöld. Vóru þar forsprakkar: Magnús Helgason vinnumaður á Minnibakka, fyrrum námsveinn minn á Gelti í Súgandafirði; Hafliði Bjarnason, vinnumaður á Breiðabóli og Kristján Árnason vetrarmaður á Minnibakka, frá Sæbóli á Ingjaldssandi. Buðu þeir félagar öllum ungum stúlkum í Skálavík svo og nokkrum karlmönnum – sínum líkum – og veittu þeim súkkulaði o.fl. er þeir keyptu matreiðslu á hjá Halldóri „grút“ Benediktssyni á Minnibakka. „Skemmtun“ þessi stóð alla nóttina, engan veginn fögur né siðsamleg.

Voru þessi jól með hinum leiðinlegustu er ég hafði lifað.

26. Sunnudagur. Augalaus byllur, frostharkan að því skapi. Ólifandi fyrir kulda og varð ég að neyðast til í því veðri og ófærð sem þá var að fara upp í hús Benedikts gamla Bjarnasonar (eiganda Minnibakka) og biðja hann að selja mér, þó ekki væri nema hálfan poka af mó. Fékk úrlausn.

27. Mánudagur. Frostharka, en hæglátt.

28. Þriðjudagur. Gjóstur á útnorðan, voða frost. Gaf mér 1 tunnu af bezta mó, Pálmi bóndi Bjarnason á Meiribakka, sótti ég hana yfir og fékk beztu viðtök-ur.

29. Miðvikudagur. Stormur með sortabyl um morguninn, bleytti svo og var síðan regn með skúrum. Var ég sárvesall, með lakasta móti í brjóstinu.

30. Fimmtudagur. Gott veður, þýða. Um morguninn lagðist á Skálavík Færeyiskt fiskiveiðaskip, gufuskip; fór það grunnt mjög og blés í ákafa. Skálvíkingar, 6 að tölu, fóru um borð, var þar fremstur Jón bóndi Magnússon; dvöldu þeir hjá Færeyingunum fram í rökkur og voru konur orðnar all hræddar. Þegar vel var hálf-dimmt orðið kómu þeir í land og skipstjórinn með þeim er Kristófer hét, 35 ára að aldri. Hafði hann fyrir 18 árum, þegar hann var 17 ára, dvalið vortíma í Skálavík, við róðra með samlöndum sínum (Færeyingum) og lágu þeir við í fjárhúsi á Minnibakka, hafði þá Benedikt Bjarnason og kona hans Elín Þorláksdóttir, sem þá voru farin að búa á Minnibakka, hlynnt mjög að þeim og veitt þeim ýmsar nauðsynjar svo fullur vinskapur varð. Nú var Kristófer, sem þá var 17 ára drengur, orðinn skipstjóri og hafði hann nú strengt þess heit að halda nýárið hjá þessum fornu vinum sínum, með því hann átti afmælið þennan dag (30. Des.). Var því gleði mikil um borð og sátu Skálvíkingarnir þar í mesta yfirlæti og voru síðan leystir út með gjöfum. Einnig skenkti skipstjórinn þeim Elínu og Benedikt allmiklu svo sem 1 tunnu af jarðeplum, fullri eplakörfu, 400  af ferskum þorski, ölföngum, nuðum (ávöxtum), hveitibrauðum og ýmsu fleiru. Var slíkt drengmannlega gert og óvíst að margir hefðu gert slíkt, þó að góðu hefðu mætt. –

– „Guð á margan gimstein þann, sem glóir í mannsorpinu“ kvað Bólu-Hjálmar.

31. Föstudagur. Með sorta jeljum á útvestan.

Lauk ég við *Grímu*, bók er ég hafði skrifað í ýmislegt í óbundnu; byrjaði ég hana í Keflavík í Suðureyrarhreppi haustið 1898 og hafði hún því staðið yfir í 11 ár, en ekki er að neita því að töluvert hafði ég skrifað og ort á því tímabili. Gríma er 372 blaðsíður í 4 blaðabroti stóru.

Þægindi mikil voru það í Skálavík, að á öllum eldri bæjum voru brunnar (lækir) inni, var gengið í þá úr eldhúsi. Á sömu bæjum var og innangengt í fjós og svo fjóshlöðu og hefði slíkt einhversstaðar verið talinn hægðarauki. Á Minnibakka hafði nú heilbrigðisnefnd bannað að neyta vatns úr inni-læknum af því fjósið stóð nærri og var því hlýtt; þar af kom að taka varð þar vatn úti, á sléttum velli, og var það óþægilegt, ekki síst í þeim snjó sem nú var. Eitt timburhús til íbúðar var byggt orðið í Skálavík, það átti Halldór Benediktsson á Minnibakka; byggt 1908.

Kornyrkja var hafin á Akureyri síðastliðið sumar og heppnaðist vel. Var slíkt nýtt á landi hér, þó var kornyrkja stunduoð í fornöld, í Fljótshlíð og víðar.

Síðastliðið haust andaðist Guðrún Ólafsdóttir kona Jóhannesar hreppstjóra Hannessonar á Suðureyri í Súgandafirði. Bjuggu þau hjón lengi áður að Botni í Súgandafirði, en jafnan var heimili þeirra draslsamt enda hreppstjórinn enginn búhöldur, þótti honum „góður sopinn“ og fór margt í ólestri. Þó skipti um til batnaðar er eldri dóttir þeirra hjóna, Sigríður Híramína, stálpaðist, því snemma var hún atgjörviskona til lífs og sálar og fór að öllu vel. Guðrún sáluga var engin rausnar-kona og síst við hjú sín; en þrekkona var hún og bar heilsubilun sína vel og söng-kona með afbrigðum. Guðrún sál. átti 2 dætur með manni sínum, Jóhannesi hrepp-

stjóra, er önnur þeirra áðurnefnd Sigríður, gipt Kristjáni Albert verzlunarstjóra á Suðureyri í Súgandafirði; hin heitir fjórum nöfnum: Hansína Guðrún Stefanía Kristín, heimasæta hjá föður sínum á Suðureyri.

Minnibakka í Ytri-Skálavík
á Gamlárskvöld 1909
Magnús Hj. Magnússon.

1910

Janúar

1. Laugardagur. Nýársdagur. Með jelljum á norðvestan. Sóttum við (ég, Guðrún mín og sonur okkar Einar Skarphéðinn) heimboð í Minna-Hraun, að Jóns bónda Guðmundssonar og seinni konu hans, Sigrúnar Guðmundsdóttur. Jón var nú sjö-tugur að aldri, en kona hans (Sigrún) 40 ára, var Jón þrítugur er hún fæddist. Jón bjó áður 15 ár í Bjarnanesi á Hornströndum, tók það í eyði. Þar var hann í harðind-unum miklu um 1882. Og þar var Jón er Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur ferðaðist um Hornstrandir. Kom Thoroddsen að Bjarnanesi, til Jóns, og fylgdi Jón honum síðan um Strandirnar og gaf honum upplýsingar. Síðar sendi Þorvaldur Jóni 2 hefti af Andvara og „besta bréf með“, og var þar í (Andvara) ferðasaga Þorvald-ar um Hornstrandir. Jón átti ekki barna með fyrri konu sinni. Hún var ekkja og átti börn eptir fyrri manninn. En með seinni konunni hafði Jón nú átt 6 börn og nú var hún komin að falli.

2. Sunnudagur. Sama veður.

3. Mánudagur. Gott veður stillt, heiðríki og frosthart. Raðaði ég börnunum. Hafliði Jónsson lækkaði um eitt stig (varð númer 2 en var áður nr. 1), og varð hann svo reiður af því, að slík ókvæðisorð, sem hann lét úti, hafði ég aldrei heyrt frá barni á hans aldri, og hefði ég mikið viljað gefa til að hann aldrei – sem og flest þau börn er hjá mér nú voru – hefði undir mínar hendur komið. Mátti hann með sanni heita voðalegt ofsamenni og í þetta sinn féll hann fyrir skort á tilhlýðilegri hegðun. – Um kvöldið sótti ég mó fram í grafir.

4. Þriðjudagur. Frostleysa. Ég að kenna.

5. Miðvikudagur. Gott veður á útvestan. Þykknaði í loptið um kvöldið. Ég að kenna.

6. Fimmtudagur. Prettándi. Kenndi ég til hádegis, gaf börnunum þá frí „á gömlu jólunum“. – Óminnilegur afli í Súgandafirði um haustið til jóla; formaður sá er aflalægstur var, saltaði úr 85 tunnum til jóla.

7. Föstudagur. Með ágöngum á vestan. Ég að kenna.

8. Laugardagur. Hæglátt með kafaldsmyglingi. Ég að kenna. Beiddi Hafliði Rósenkranzson bóndi á Meiribakka mig að skrifa fyrir sig til séra Þorvaldar á Ísa-firði, þess efnis að biðja hann að útvega hjá biskupi leyfi til að dóttursonur sinn og fóstursonur (Hafliði, sjá 3. þ.m.) fengi framgang til staðfestingar næsta vor.

9. Sunnudagur. Gott veður til kl. 2 e. hd., gerði þá byl. Sóttum við (Guðrún mín, Sk. sonur okkar og ég) heimboð að Meirahrauni, að Sigurðar bónda Sigurðssonar og konu hans, Rósu Snæbjörnsdóttur. Fengum við bylinn heim um kvöldið og varð ég að bera son minn, en Guðrúnu minni þótti það tefja ferðina, því jafnan var hún afar lífhrædd ef eitthvað var að, og sagði í bræði sinni: „Það reynist og sannast að Skarphéðinn verður ógæfumaður eins og karlfjandinn sem hann heitir eptir, sem allir taka til“ (Skarph. Njálsson). Eptir litla stund ansaði sonur minn í einfeldni sinni og mælti: „Ég hef það allt af þessu nafni“. Er hér sýnishorn af hvernig að fara má með barnssálina. – Hafliði Jónsson námsveinn minn, sá er að framan og ofan getur, er sonur Jóns og Elísabetar er áður bjuggu að Gilsbrekku í Súgandafirði (nú í Bolungarvík) og getur þeirra hjóna í Dagbók minni vorið 1899.

10. Mánudagur. Stíllt veður heiðríkt til kl. 2 e. hd., gerði þá ofsabyl. Mikið frost. Ég að kenna.

11. Þriðjudagur. Sortabylur – Nýtt tungl. kl. 10.51 m. f.m. (Þorratungl). Var ég að kenna. Um kvöldið skrifaði ég bréf og vottorð fyrir Hafliða Rósenkranzson á Meiribakka (sjá 8. þ.m.).

Fjórir piltar í Skálavík höfðu slarkfélag með sér, þannig, að þeir voru úti jafnan á nóttum til kl. 2 eða lengur; blýstruðu þeir sig saman (gerðu sér blýstrur úr tvinna-keflum) og voru svo á vakki milli þessara bæja: Breiðabóls, Meiribakka og Minnibakka, hræddu kvennfólk og gerðu ýmsar brellur. Félagar þessir voru: Pétur Sigurðsson á Meiribakka, Hafliði Bjarnason á Breiðabóli, Kristján Árnason og Magnús Helgason, báðir á Minnibakka. Félagsskapur þessi byrjaði í Nóvember um haustið og hélzt enn við. Það var því orðinn stórbæjarbragur í Skálavík!!

12. Miðvikudagur. Bjart veður hæglátt. Var ég að kenna.

13. Fimmtudagur. Suðvestan hvass nokkuð með kafaldsdimmu. Ég að kenna.

14. Föstudagur. Sortabylur. Kenna. – Nýlega kom voðamál fyrir í Bolungarvík. Jón smiður Bjarnason sló Halldór Hávarðarson svo fyrir brjóstið að hann féll á hnakkann og í óvit, sagði svo þegar hann var búinn og Halldór lá þannig: „Hirði þið nú hann Dóra Hávarðar, hann liggur hérna við dyrnar“. Báðir voru óólvaðir en lentu í orðakasti er lyktaði með því er að ofan segir. Var símað strax eptir lækni til Ísafjarðar. Sýslumaður Magnús Torfason var um þessar mundir út í Bolungarvík að gjöra í máli milli skólanefndar Hólshrepps og fyrverandi barnakennara í Bolungarvík, Sigurðar Jónssonar frá Álfrólum. Vildi sýslum. nú prófa Jón Bjarnason smið, en hann fannst þá ekki fyr en seint um síðir. Var hann sektaður um 250 krónur, ef H. Háv. batnaði, annars sæta þyngri hegningu.

Halldór Hávarðarson raknaði ekki við fyrri en um nóttina og mátti þá varla mæla, kvað lækni að óvist væri að hann lifði og bannaði að hreifa hann í 3 sólarhringa. – Mátti segja að all herskátt væri nú í Bolungarvík.

15. Laugardagur. Bylur um morguninn, birti svo og gerði gott veður. Lá ég sárveikur.

Sjö menn búnir að sverja í málinu milli skólanefndar Hólshrepps og Sigurðar kennara; sóru fjórir með nefndinni, 3 með Sigurði. – Ungmennablað er nefndist

„Bolvíkingur“ (skrifað) byrjaði um þessar mundir að koma út í Bolungarvík og var það lesið upp á fundum. Í ritnefnd vóru: Oddur Guðmundsson kaupmaður, Jóhann Scheving kennari og Jens Níelsson kennari.

Oddur kaupm. skrifaði mér þennan dag og beiddi mig að senda eitthvað í Ungmennabl. Um kvöldið orti ég: *Til sólarinnar*, 12 erindi. Þau hljóða svo:

- | | |
|---|---|
| 1. Kom þú dýrðar drottning skær,
dreifðu þungum trega,
glóey fagra, glóey kær,
glóey elskulega. | 7. Alskínandi eygló trú
allra sál þú gleður,
sjálfan dauðan sigrar þú
sælu þinni meður. |
| 2. Engin sorg svo afarstríð
amar hugarvegi,
að ei við þín brosin blíð
bætast ekki megi. | 8. Jurta líf um lönd og sjá
laust við Heljar sporin
allt því dauðans ímynd frá
endurrís á vorin. |
| 3. Þitt himneska blóma bál
böls því myrkur hrekur,
leiðir gegn um líf og sál
ljós sem dáðir vekur. | 9. Lifnar von um lyndisveg
lífs við blómgun ríka,
eptir dauðan einnig ég
endurvakni líka. |
| 4. Ljósför þína um láð og fjörð
lítum næsta glæsta,
flytur yl um alla jörð
eins því smæsta og stærsta. | 10. Frá því nokkuð vissum vér
um virða trúarslynga,
nafn þitt heilagt, eygló, er
innstu tilfinninga. |
| 5. Alstaðar þinn unaðshjúp
ertu fús að sýna;
ofan í græðis geigvænt djúp
geisla sendir þína. | 11. Nú þó brá þín heilla há
hagsæld gjöri sýna,
máske ég fái seinna að sjá
sælu meiri þína. |
| 6. Dýrin finna sælu sjöð,
sanna vottar berir.
Hver vill inna áhrif góð
er eygló hjá þeim gerir? | 12. Þegar dvínar þessi raust
er þanka lýsir mínum
er ég hólpinn efalaust
í ylgeislunum þínum. |

16. Sunnudagur. Sortabylur á suðaustan. Ég heldur hressari. Skrifaði ég 2 bréf; var annað þeirra til O. kaupmanns í Bolungarvík, með því sendi ég honum vísur þær, til sólarinnar, er ég orti kvöldið fyrir.

17. Mánudagur. Dimmviðrisbýlur á suðaustan um morg., svo aftakabýlur á aust-norðan. Ég að kenna. Halldór Benediktsson lagði nú engan eldivið til skólans og

versnaði mér nú stórum vesöldin, og á hinn bóginn töluðu börnin um að ég léti ekki leggja til nógan eldivið. Var hvorttveggja að Halldór tímdu af engu að sjá en ég á hinn veginn ómögulegur til að standa í stimabraki og ófriði.

18. Þriðjudagur. Bylur. Nú var fönn komin svo mikil að ekki hafði meira verið. Ég að kenna.

19. Miðvikudagur. Stíllt veður heiðbjart. Mikið frost. Kenna. Um kvöldið sótti ég mér 1 tn. af mó, fram í Minnahraun, veittist mér það afar erfitt, með því ókleyft var að komast um jörðina fyrir fönn.

20. Fimmtudagur. Gott veður heiðríkt, mikið frost. Kenna. Um kvöldið sótti ég 2 poka af mó fram í grafir.

21. Föstudagur. Byrjargol nokkuð á norðan og afar kalt. Ég að kenna. Um kvöldið skrifaði ég vísur mínar *Til sólarinnar*, fyrir Sigurð Viggó Pálmason unglingspilt á Meiri-Bakka.

22. Laugardagur. Stinningsgjóla á suðaustan. Mikið frost fyrri hluta dagsins. Ég að kenna.

23. Sunnudagur. Gott veður. Nú kómu ýmsir aðstandendur barna þeirra er ég kenndi og töluðu stórum á mig fyrir það að ég léti ekki börnin „lesa guðsorð í lestrarátímunum“! Sannast var að ég lét börnin lesa í ýmsum bókum: fræðibókum, sögu-bókum og kvæðabókum, en lét þau lesa hverja bók á milli spjalda; taldi ég þau verða læsari á slíku en að stappa sífellt í sömu bókinni. En það gátu ekki Skálvfkíngar skilið. Hafði ég aldrei sætt átölum fyrir slíkt. Var ég eyðilagður af leiðindum. Um kvöldið afreit ég: *Blindur maður drepur Ljarnkýr* og *Sigurður Breiðkjörð*; skyldi það fara í Ungmennablaðið „Bolvíking“. Hvorttveggja safnað af mér.

24. Mánudagur. Blindviðris þoka, með kafaldsýringi. Logn. Fór ég inn í Bolungarvík; heim samdægurs. Nú voru vísur mínar *Til sólarinnar* komnar í Ungmennablaðið.

25. Þriðjudagur. Stíllt veður með kafaldsýringi. Pálsmessu. Var ég að kenna.

26. Miðvikudagur. Líkt veður; kafald meira síðari hlutan. Ég að kenna.

27. Fimmtudagur. Gjóstur á austan með skafrenningi. Kenna. Einar Skarph. minn sárveikur. Sigurður Viggó á Meiribakka kom og gaf honum *skíði*. Enginn í Skálavík sýndi mér og okkur slíka alúð sem þeir er engin áttu hjá mér, og var það all merkilegt.

28. Föstudagur. Blindbylur á norðaustan. Ég að kenna. Héðinn minn dauðveikur. Eptir kennslu um kvöldið fór ég yfir að Meiribakka og keypti þar pela af mjólk, síðan fram að Breiðabóli og beiddi Bjarna bónda Þorsteinsson að selja mér 1 tn. af mó. Hann svaraði: „Nei, nei, nei; djöfull þá flöguna ég læt. Þeir sem geta ekki haft að sér hér á haustin, þeir verða að drepast þar sem þeir eru komnir. Nei djöfull þá flöguna að ég læt“. Góð úrlausn af manni er átti fullt hús eldiviðar!

29. Laugardagur. Austnorðan gjóstur fyrri hluta dagsins, svo á norðvestan. Kenndi ég til kl. 2, raðaði svo – lofaði að gjöra það ekki í Skálav. aptur. – Sonur minn eins, dauðveikur.

30. Sunnudagur. Hörkugjóstur á austnorðan. Grimmt frost.

31. Mánudagur. Gott veður á norðvestan. Frost nokkuð um morguninn. Ég að kenna. Nú kómu ýmsir er börn áttu hjá mér og ávítuðu mig fyrir að börnum þeirra færi ekki fram, eptir vitnisburðabókum þeirra að dæma. Hafði ég engan frið á mér og sum barnanna – vóru skömmuð úti á víða vangi. Öll breytni mín sem kennara var færð mér til verri vegar.

Einstakir Skálvíkingar. – Um kvöldið sótti ég tunnu af mó er Sigurður bóndi Guðm.son á Breiðabóli lét mig fá.

Snjór kominn svo mikill í Skálavík að sum hús vóru næstum sokkin og neyzluvatn víða á þrotum.

Febrúar

1. Þriðjudagur. Bylur á austnorðan. Var ég að kenna.

2. Miðvikudagur. Kindilmessu. Ofsa-blindbylur á norðaustan, þó kómu börnin flest og var ég að kenna. Sonur minn dauðveikur. – Nú var ég gjör-þrotinn að mat-björg en til engra var að flía (í Skálavík) og ekkert hægt að komast fyrir snjó.

„Ef heiðbirta og sólskin sést
á sjálfa Kindilmessu o.sv.frv.“ kváðu gömlu mennirnir. Nú hefði þeim mátt vel líka.

3. Fimmtudagur. Sami bylurinn. Ég að kenna.

4. Föstudagur. Blindbylur. Kenna. – Skrifaði ég bréf fyrir Guðmund Þorgilsson á Breiðabóli til Jóns Guðmundssonar í Þorpum.

5. Laugardagur. Sami bylurinn. Um morguninn skrifaði ég bréf til Magnúsar sýslumanns Torfasonar á Ísafirði, fyrir Guðm. Þorgilsson á Breiðabóli, viðvíkjandi 4 lömbum er Guðmundur átti, en sem höfðu verið seld í Súgandafirði um haustið.

6. Sunnudagur. Bylur, en rofaði til fjalla. Var ég nú alveg eldiviðarlaus og neyddist ég því til að fara fram á Hraun, þó ókleyft væri fyrir fönn. Fór engin svo á milli húsa í Skálavík, að hann væri ekki á skíðum eða þrúgum. Ég gat ekki verið að biðja um skíði og fór ég því lausum fótum fram eptir. Sigurður og Rósa í Meira-hrauni *gáfu* mér mér tunnu af mó og 1/2 fjórðung af bezta súr og lánuðu mér sleða undir það heim. Tók ég mér svo um megn að koma þessu heim til mín, í ófærðinni, að ég varð *eyðilagður* í brjóstinu.

Kom heim til mín Albert Steinn Sigurðsson, 9 ára gamall drengur á Breiðabóli, sonur Sigurðar bónda Guðmundssonar og Jóhönnu Hálfðánardóttur. Hann færði Guðrúnu minni mjólkurflösku frá móður sinni. Þær þekktust frá æsku, í Súgandafirði.

7. Mánudagur. Sama veður. Ég að kenna.

8. Þriðjudagur. Hæglátt veður heiðbjart. Ég að kenna.

9. Miðvikudagur. Öskudagur. Aftakabylur, en kl. 6 um morguninn sá til fjalla og var þá nokkuð veðurlægra, en þó allhvasst. Lagði ég þá af stað inn í Bolungarvík, til að sækja mér matbjörg, komst við illan leik fram á heiði og sneri þar aptur, var mér þá ekki stætt lengur fyrir stormi (ofviðri) og ekki sá faðmslengd fyrir

bylnum. Auk þess var ég yfirfallinn af höfuðsvima. Slíkan byl hafði ég fengið en aldrei verri. Þegar ég kom heim, var Guðrún mín úr bænum, með barnið nýstaðið upp úr legu, og vissi ég ekkert hvert þau hefði farið. Fór ég um hæl fram að Breiðabóli en fann þau ekki þar. Þá fór ég út í Benediktshús og varð ég að gera þrjár atrennur til að finna það, svo var bylurinn svartur. Þangað hafði G. mín flúið með barnið, vegna hræðslu.

10. Fimmtudagur. Hvass á austan, skafmold. Var ég að kenna.

11. Föstudagur. Hörkuveður með skafmold fyrri hlutan, svo blindbylur á út-norðan. Fór ég og Ágústína námsmey mín inn í Bolungarvík. Fórum heim sam-dægurs; fengum slæmt. Ég bar 6 fjórðunga, „Gústa“ 1 fj. (fyrir mömmu sína).

12. Laugardagur. Bylur mátti heita, sá þó optast til fjalla. Kenna.

13. Sunnudagur. Sortakafald fram á hádegi, heiðbirti þá, en þykknaði í loptið um kvöldið.

14. Mánudagur. Blindöskubylur á austnorðan með stormi miklum og sjóar-gangi. Ég að kenna.

15. Þriðjudagur. Sami bylurinn. Kómu 3 börnin og kenndi ég þeim.

16. Miðvikudagur. Aftakabylur. Kómu tveir drengir og kenndi ég þeim í 3 stundir. Flest útihús – og sumir bæirnir – í Skálavík kaffærð af fönn og vandræði með neyzluvatn.

17. Fimmtudagur. Sami ókjarabylurinn, þó kómu 3 drengir og var ég að kenna þeim, þó Halldór Benediktsson vildi engan eldivið leggja til, sendi ég til hans, en hann kvaðst „ekki leggja til í svona byl“!!

Við (Guðrún mín) vorum og eldiviðarlaus og tók Guðrún mín hefilspónadýnu úr rúmi okkar til að geta eldað dálítið af graut.

18. Föstudagur. Sami voðabylurinn. Kómu tveir drengir og var ég að kenna þeim. Halldór lagði þó engan eldivið til skólans, kvað „ekki barnaveður að koma í slíku veðri“, og var það raunar satt, en flest átti að nota til að spara.

Pennan dag varð *slys voðalegt í Hnífsdal*: Kl. tæplega 9 (8,45 mín.) f. hd. féll afskaplegt snjóflóð úr svonefndu Búðargili, upp af Búðarbænum í Hnífsdal, sem stendur norðanvert við Hnífsdalsvíkina. Fjallið þar upp af heitir Búðarhryna og er afar bratt.

Nítján manns, fullorðnir og börn, biðu bana þá samstundis, en 12 manns meiddust. Snjóflóðið tók yfir um 160 faðma breitt svæði, gjöreyddi Búðarbænum, fólkið er í bænum var bjargaðist með naumindum og margt af því meitt, þar á meðal ekkjan Sigríður Össursdóttir er meiddist á höfði og handleggjum; Ásgeir Halldórsson sonur hennar meiddist mikið í annari öxlinni, losnaði viðbeinið við brjóstið, en hann var bilaður mjög (skakkur) undir.

Sigurður Sveinsson, bróðir Guðmundar Sveinssonar kaupmanns í Hnífsdal, og þeirra systkina, tæplega 60 ára að aldri, ógiptur, (átti eina dóttur á lífi, Helgu, konu Ingimundar Jónssonar í Hnífsdal) var nýgenginn út úr bænum, var að fylgja þremur börnum í skólann: a. Guðbjörgu Lárusdóttur, húseiganda Auðunssonar í Hnífsdal, um 10 ára gamalli; b. Sigurði Sigfússyni, húsm. Þórðarsonar í Hnífsdal og c.

Daníel Jósefssyni, bónda Jóhannssonar, frá Vífilsmýrum í Önundarfirði er dvaldi aðeins vetrarlangt í Hnífsdal. Þau fórust öll í snjóflóðinu.

Lárus Auðunsson í Hnífsdal, faðir Guðbjargar litlu er að framan getur, var að sækja mjólk út með sjó, hann fórst einnig. Hann var nær fertugu og lætur eptir sig ekkju, Rannveigu Sigurðardóttur systur Einars Sigurðssonar formanns á Ísafirði († 1901) og þeirra systkina – og eina dóttur Kristínu að nafni, 14 ára.

Verbúð Helgu ekkju Jóakimsdóttur í Heimabæ („Toppi“) er stóð inn og niður af Búðarbænum og áfast bátabyrgi og saltskúr, gjöreyddust. Í verbúðinni voru 6 manns, fjórir hásetar Páls Pálssonar, fanggæzla og dóttir hennar. Þaðan björguðust:

a. Einar Magnússon frá Patreksfirði, ógiptur, rúmlega tvítugur; tók snjóflóðið hann fram á sjó og vaknaði hann þar við eptir nokkra stund og komst sjálfur til lands; hann hruflaðist í andliti. Kvaðst hann ekkert hafa af sér vitað fyr en í sjónum og datt þá í hug að þeir hefðu verið að koma af sjó.

b. Jón Steindórsson frá Dalshúsum í Valþjófsdal, ókvæntur um tvítugt; hann var hálf sofandi er snjóflóðið dundi yfir; var hann grafinn upp úr snjónum fram við flæðarmál, meiddur mjög á höfði og handleggsbrotinn.

Hitt fólkið sem í búðinni var, tók snjóflóðið alveg fram í sjó og létust þar:

- a. Lárus Sigurðsson (formanns Jónassonar) frá Ísafirði, um tvítugt;
- b. Ingimundur Benjamínsson frá Patreksfirði, hálfprítugur og ógiptur;
- c. Margrét Bárðardóttir (fædd 1860) ekkja frá Látrum í Mjóafirði, kona prýðis skýr, og dóttir hennar Elísabet Guðmundsdóttir, 7 ára.

Næsta búð fyrir innan („Hraunsbúð“) eign þeirra bræðra Valdemars kaupmanns í Heimabæ og Kjartans í Hrauni, Þorvarðssonar, fórst einnig gjörsamlega. Búðinni var skipt í þrennt og bjuggu þar 3 fjölskyldur, alls 14 manns, þar af fórust 10 manns: Þorlákur Þorsteinsson og kona hans María Gísladóttir, þau voru af Snæfjallaströnd, um 35 ára gömul; börn þeirra tvö: Rannveig 6 ára og Guðrún 4 ára; ennfr. fósturdóttir þeirra hjóna Sólveig Gísladóttir, 10 ára; Magnús Samúelsson og kona hans Sigríður Magnúsdóttir, bæði um sextugt og Ólafur sonur þeirra um tvítugt; Tómas Kristjánsson, Dýrfirðingur, rúml. sextugur, og dóttir hans Sveinbjörg Kristjana 8 ára, fundust örend undir rústunum í búðinni. Það sem bjargaðist af þessum 14 manns var:

Jósefína Jósefsdóttir kona Tómasar Kristjánss. og sonur hennar eptir fyrri mann (Ólaf Sigmundsson í Bolungarvík) Vigfús Árni Ólafsson, 17 ára, voru bæði grafin lifandi upp úr búðarrústunum, stórmeidd á andliti og víðar. Ennfr. var bjargað barni þeirra hjóna (Tómasar og Jósefínu) Bjarna Guðbjarti 3ja ára gömlum, tókst móðurinni að vernda hann því nær óskemmdan við brjóst sér. Elísabet Magnúsdóttir (Samúelssonar) náðist lifandi fram í sjó.

Við skelfingartilfelli þetta biðu ýmsir mikið efnatjón, en einna mest Sigríður ekkja Össursdóttir í Búð og Hálfð. Hálfðánarson í Búð. Þar eyðilagðist nálega allt: íbúðarhús þeirra, innanstokksmunir og matbjörg; fjós er stóð ofanvert við bæinn,

eðilagðist algerlega ofan af þrem kúm og einu geldneyti; varð skepnunum bjargað með naumindum. Fjárhúshlaða var þar uppi á túninu og fór algerlega ofan af henni. Fjárhús er stóð við hlöðuna stóðst þó ósköpin, því hlöðuveggirnir tóku úr. Ennfremur fórst skúr er áfastur var við Búðarbúðina og tveir hjallar. Timburskúr er var þar rétt fyrir utan, skekkist, og snjóflóðið fór inn um dyrnar á búð Hálfðánar Hálfðánarsonar, alveg upp í stiga. Maður úr Búðarbænum var rétt sloppinn upp stigann þegar það skall inn á eptir honum. Skipabyrgi með þrem bátum í fórst alveg og bátarnir með. Byrgið átti Helga ekkja Jóakimsdóttir. Þá fórst og hjallur, geymsluhús og saltskúr er Páll formaður Pálsson átti; fiskistakkur hans var þó að mestu eptir. Tveir timburhjallar er þeir bræður áttu Jóakim Pálsson og Halldór Pálsson, fórust og með öllu er í þeim var.

Það hafði verið all-ægilegt og hörmulegt að litast um er snjóflóðið var riðið af: búðirnar hálfar í sjónum og brakið með allri fjörunni, en sum líkin þar innan um föst á nöglum eða flækt í veiðarfærum.

Hundrað (tíurætt) Ísfirðinga fóru úteptir strax og tíðindin spurðust, þar á meðal sýslumaður (M.T.) og tveir læknar; hafði sýslumaður gengið vel fram og ýmsir fylgt honum.

Íbúar Hnífsdals voru um 300 og varð því nokkuð skarð fyrir skildi. – Magnús Torfason sýslum. og Karl Olgeirsson verzlunarstjóri gengust fyrir samskotum handa hinum slösuðu og var það heiðarlega gert.

Opt hefir hlaupið úr Búðarhyrnunni – og víðar í Hnífsdal – og gert бага, t.d. tekið af fjárhús og brotið túngarða, hvorttveggja í minnum þeirra manna er nú lifðu. Árið 1673 tók Búð alveg af, þá var hún hjáleiga frá Heimabæ (Neðri-Hnífsdal); fólk bjargaðist þó. Upphaflega var Búð verbúð frá Heimabæ og þaðan er nafnið komið.

All merkilegt má það heita og skal þess getið, að blindur maður í Búð, Halldór Halldórsson að nafni, 84 ára gamall, svaf meðan snjóflóðið dundi yfir, og var óskaddaður og málhress er komið var niður að honum í snjónum; kvaðst karl eigi fyrri vitað hafa en snjór hefði komið í munn sér.

Tilfelli þetta er hið mesta er komið hefir í Hnífsdal svo sögur fari af og verður að líkindum minnisstætt þeim er við það voru riðnir.

19. Laugardagur. Sami bylurinn, rofaði aðeins fram í sjóinn. Var ég að kenna. Halldór Benediktsson lagði til skólans 10 móflögur!!

20. Sunnudagur. Voðabylur. Fór ég yfir að Meiribakka og beiddi Hafliða bónda Rósenkranzson að selja mér lítið eitt af mó, en fékk óðara afsvar; en hann átti *fullt hús* af mó er hann var engu farinn að eyða af. Því næst fór ég á annan bæ (til Benedikts Bjarnasonar) og beiddi að selja mér 1 eldspítustokk, en fékk einnig óðara *nei*.

Það er sagt að Fjalla-Eyvindur hafi mælt að hann ætti ekki svo argan óvin, að hann vildi vísa honum á vesturöræfi Íslands. Líkt gæti ég sagt um Skálvíkinga, ætti ég varla svo illan óvin, að ég vildi honum svo illt, að hann dveldi vetrarlangt hjá Skálvíkingum, þeim er nú voru þar. Var þessu fyrir mér spáð áður en ég fór úr

Bolungarvík til Skálavíkur, og sjálfan dreyndi mig fyrir því: myrkur, eld og dána menn – fyrir veiki og dauða, ófriði og leiðindum.

Nýlega ól Sigrún í Minnahrauni barn og sat Jón gamli maður hennar sjálfur yfir henni og náði fylgjunni. Óveður var afskaplegt og hánótt, og náðist í enga hjálp.

Vigfús Árni Ólafsson er náðist lifandi úr snjóflóðinu í Hnífsdal 18. þ.m., lifði skamma stund og dó með harmkvælum – hafði meiddast voðalega fyrir brjóstinu m.m.

21. Mánudagur. Sami ókjarabylurinn. Börnin kómu en H. Ben. lagði engan eldivið til, og lét ég þau því fara.

22. Hæglætis kafald fyrri hlutan, bylur er á leið. Börnin kómu öll, en Halldór Benediktsson lagði engan eldivið til og sagði ég nú skólanum upp unz ég hefði fundið skólanefndina.

Ég hafði skrifað hjá mér það sem H. Ben. lagði til skólans frá því kennslan byrjaði, og set ég það hér:

1. *Fyrir jól.*

1. Einn poki af mó, lauslega látið í, og 1 kolastykki, 10 til 12 ☹
2. Einn poki af mó og 1 kassi af kolum, milli hálfis og fulls. Kassi þessi hafði upphaflega tekið 50 ☹, en nú var brotið ofan af honum og tók hann því sýnu minna.
3. Einn poki af mó (sami).
4. Kolakassinn (sami); 4 stykki lauslega látin í hann.
5. Kolakassinn milli hálfis og fulls.
6. Kolakassinn milli hálfis og fulls.
7. Sex flögur af mó (daginn fyrir Þorláksmessu).

II. *Eftir jól.*

1. Einn poki af mó og kolakassinn (sami).
 2. Einn poki af mó og kolakassinn.
 3. Einn poki af mó og kolakassinn.
 4. Einn poki af mó og kolakassinn.
 5. Einn poki af mó og kolakassinn.
 6. Einn poki af mó og kolakassinn.
- Febrúar 19. 10 – tíu – flögur af mó.

Fjórar flöskur af olíu til uppkveikju og 2 flöskur til ljósmatar (á tvo lampar).

Getur nú máské einhverjum gefist kostur á að sjá, hvað höfðinglega að Halldór Benediktsson lagði til gegn áreiðanlegri borgun.

23. Miðvikudagur. Sá til fjalla um morguninn, en þó var hörkuveður; gerði svo blindbyl.

Um morguninn fór ég með bækur mínar yfir að Meiribakka, kom þeim í geymslu hjá Pálma Bjarnasyni. En síðan fór ég, og Guðrún mín, og sonur okkar

fram í Hraun, kom þeim þar í dvöl meðan ég færi inn í Bolungarvík til að vita hvað verða ætti um framhald skólans í Skálavík.

24. Fimmtudagur. Blindbylur. Fór ég ofan að Minnibakka eptir matbjörg, því ekki kunni ég við að lifa á öðrum meðan ég hafði eitthvað sjálfur.

25. Föstudagur. Blindbylur.

26. Laugardagur. Ögn bjartari. Fór ég inn í Bolungarvík. Á fundi er haldinn var um kvöldið, gerði ég grein fyrir hvers vegna ég hafði sagt upp skólanum. Formaður skólaneftdarinnar minntist röggssamlega á: að Skálvíkingar væru ekki þess verðir að fá að hafa kennara og ætti að muna þeim það síðar, og væri alls eigi vert að skólinn héldi þar áfram nú. Aptur vildi hreppsnefndin að skólanum yrði haldið áfram, ef Halldór Benediktsson fengist til að gjöra skil; skyldi senda mann með bréf til hans og Halldór þá að játa eða neita fyrir sendimanni hvort hann vildi gjöra „bragarbót“ eða ekki.

Vóru jarðsett á Ísafirði 18 lík þeirra er bana biðu við snjóflóðið mikla í Hnífsdal 18. þ.m., vóru þau öll látin í *eina grífu*; í hinni nýju viðbót kirkjugarðsins, því hann var stækkaður um sumarið (1909) og var þetta hin *fyrsta* gröf í þeim reit, og vígði presturinn Þorvaldur Jónsson „stækkunina“ um leið. Gröfin var 6 x 18 áln. að stærð. Enn vóru ófundin lík tveggja barna er fórust í snjóflóðinu.

27. Sunnudagur. Hæglátt með ofankafaldi fram á nónn, birti þá með ofsa skýjafari. Fór ég til Skálavíkur, viltist út í Breiðabólshjall, en komst á rétta leið.

28. Mánudagur. Voða-aftakabylur og urðum við að vera kyr í Hrauni, en ötluðum ofan að Minnibakka..

Marz

1. Þriðjudagur. Blindbylur; stormurinn ekki eins voðalegur en ekkert sást. Um kvöldið kl. 9 hljóp snjóflóð á Breiðaból, gjörtók af *tvo bæi* en sá þriðji (þurrabúðarhús) fór því nær í kaf og brotnuðu sperrurnar; var í því kona með fjögur börn, Hallbera Jónasdóttir; bjargaðist það úr húsinu við illan leik. Hafði konan verið ein heima með börnin um veturinn, því maður hennar Gísli Jósefsson, bróðir Sigurðar ríka á Sandeyri, réri inn í Bolungarvík. Gegndi konan skepnum úti við og bar neyzluvatn langa leið og var það hraustlega gert. Snjóflóðið tók yfir um 1000 faðma breitt svæði.

2. Miðvikudagur. Sami bylurinn. Buðust til að fara inn í Bolungarvík, upp á líf og dauða, þeir Hafliði Bjarnason unglingsmaður (vinnum.) á Breiðabóli og Kristján Árnason Dýrfirðingur, vetrarmaður á Minnibakka (ungur maður), til að fá menn til að moka upp snjóflóðið. Bæir þeir er fórust vóru: bær Sigurðar bónda Guðmundssonar er stóð hæst undir fjallinu, og bær Ara Péturssonar er stóð suður og fram af hinum. Í heimili hjá Sigurði vóru alls 7 manns: bóndinn (Sigurður), Jóhanna Hálfðánardóttir kona hans, og 5 börn þeirra. Í bæ Ara var að eins tvennt: bóndinn (Ari) og Lovísa Sigfúsdóttir kona hans.

3. Fimmtudagur. Sortabylur af og til; heldur hæglátt. Fóru 30 Bolvíkingar út í Skálavík, til að moka í snjóflóðinu, auk þeirra mokuðu ýmsir Skálvíkingar.

Í bæjarrústum Sigurðar fundust *lifandi*: húsfreyjan Jóhanna og 4 börn þeirra hjóna, eitt um 8 vikna gamalt. Vóru þau öll ómeidd með öllu; vóru í skonsu milli rúmgafls og skáps í bæjartóptinni og höfðu lifað þannig í svarta myrkri og bjargarlaus í fullar *jörutíu kl.stundir*, þangað til þeim varð bjargað.

Á þriðjudagskvöldið þegar vábresturinn heyrðist, hafði Sigurður bóndinn farið út; ætlaði að gæta hvað um væri að vera, en komst ekki nema í anddyrið og fannst hann þar örendur. Drengur á 5. ári, Hermann að nafni, var að sofna í rúmi móti móður sinni, og andaðist hann þar; heyrði móðir hans og systkini andlátsstunur hans, en gátu ekki komist til hans (súðin og veggurinn brotin inn og full af snjó). Í hörmungafangelsi þessu skýrði móðirin (Jóhanna) unga barnið, nefndi það eptir manni sínum (sem hún taldi víst að hefði dáið) og syni (er dó í rúminu á móti henni):

Sigríði Herdís

Ari og Lovísa fundust bæði örend í bæjarrústum sínum, en *köttur* þeirra var lifandi.

Snjóflóðið var afar breitt, sem að framan getur, fórst og all mikið af skepnum og skal þeirra getið:

Kýr Sigurðar sál. og Jóhönnu fannst lifandi í fjósinu, en svo þjökuð og meidd að hún gat ekki staðið upp og var hún skotin samstundis. Annað af skepnum Sig. sál. náðist lifandi, nema tók er lá á hvolpum, hún var dauð og hvolparnir líka.

Jón bóndi Magnússon á Minnibakka missti hlöðu og fjárhús með 16 kindum. Ketill Magnússon lausamaður (bróðir Jóns Magn.), missti hlöðukofa og fjárhús með 8 kindum. Jón gamli Jónsson á Breiðabóli, bóndi, missti 12 fjár og hest. Af kindum Ara sál. Péturssonar (nálægt 20) fundust 3 gemlingar, tveir dauðir, einn lifandi.

Frá Breiðabóli og Minnibakka var nú fólk allt flúið (nær 40) yfir að Meiribakka og þeir sem kýr áttu fluttu þær með sér. Yfirvofandi hætta var mikil því geysimiklar hengjur vóru eptir í Breiðabólshjallinu, alla leið framan frá heiði og út til sjóar.

Skólanefndin tilkynnti mér nú persónulega (Kristján Halldórsson) að hætta kennslunni vegna yfirvofandi hættu, enda þorði nú ekkert barn að sækja skólann.

4. Föstudagur. Stinningshvass á landnorðan. Sótti ég og Guðrún mín nokkuð af dóti okkar ofan að Minnibakka og dróum það fram í Hraun. Lík þeirra fjöggra er fórust í snjóflóðinu höfðu nú öll verið flutt í kennslustofuna á Minnibakka. Lovísa sál. hafði meiddst voðalega á höfði, annað eyrað flakandi frá m.m.

5. Laugardagur. Hörkubylur og stormur með frosti.

6. Sunnudagur. Sama veður – rofaði til um hádaginn.

7. Mánudagur. Hörku – frostbylur.

8. Þriðjudagur. Blindbylur og gaddharka.

9. Miðvikudagur. Sami ókjarabylurinn.

10. Fimmtudagur. Sami bylurinn fyrri hlutan, birti er á leið. Fékk ég pilt með mér, Kristján Sigurðsson í Meirahrauni, eptir fórum mínum að Minnibakka.

11. Föstudagur. Hvass á norðvestan með ágöngum, regnbleyta um kvöldið. – Líkin á Minnibakka músétast! og var sent til hreppstjórans, að hann léti færa kisturnar úteptir sem fyrst, því þær voru allar smíðaðar inn í Bolungarvík.

12. Laugardagur. Hvass á vestan, lítið úr. Sótt líkin til Skálavíkur á tveimur mót-
orum, jarðsungin sama dag að Hóli og fóru þau öll í sömu gróf. Voru 16 líkmenn. Fór ég gangandi inn í Bolungarvík.

Vilhjelmína systir mín í Hnífsdal hafði um veturinn verið dæmd í 14 daga fangelsi, upp á vatn og brauð, fyrir ósæmilega framkomu eða heimtufrekju við Guðmund póstmeistara Bergsson. umboðsmann félags þess er hús þeirra hjóna (Björns Helga og Vilhjelmínu) var í ábyrgð hjá er það brann 2. júlí f.á. Tvennir verða tímarnir. Þetta hefði systir mín ekki einhverntíma haldið.

Nýlega höfðu snjóflóð hlaupið í þessum stöðum: Á Seljabrekkunaustum, tók þar fjárhús og drap 8 kindur. Á Karldáreyri (Utanvert við Seljabrekkunaust) tók þar íveruhús mannaust og margt fl. Á Norðureyri í Súgandafirði, en tók *ekki* bæinn. Á Gelti í Súgandafirði, braut naust og tvo báta, hjá Guðm. Br. Guðmundssyni.

13. Sunnudagur. Með ágöngum á útvestan. Fór ég út eptir.

14. Mánudagur. Sá til fjalla um morguninn, gerði svo blindbyl með afskaplegri fannfelgju. *Flúði* allt fólkið úr Meirahrauni nema við og kerling ein er var þar vinnukona, Sigríður Jónsdóttir. Var hengja komin svo mikil í fjallið yfir bænum að búast mátti við tjóni ef hún hlypi. Ég hafði í fáa staði að fara, og vildi ég helst hýrast kyr.

Sigurður og það flúði yfir í Minnahraun. Á Kroppstöðum var og mesta hætta orðin að vera. Enginn bær í Skálavík *óhultur* fyrir hlaupum nema Meiribakki.

15. Þriðjudagur. Blindbylur. Lauk ég við að færa inn í skólabókina – átti eptir 1 mánuð.

16. Miðvikudagur. Gvendardagur. Sami bylurinn; birti um kvöldið. – Sigurður bóndinn kom heim til að gegna skepnunum en fór svo jafnharðan yfir að Minnahrauni.

17. Fimmtudagur. Stillt, heiðbjart á norðvestan og var slíkt nýtt. – Ódæma snjór.

18. Föstudagur. Hvass á vestan og sé nokkuð snjórinn, var þó bleytubylur um miðjan daginn. Fór ég inn í Bolungarvík – heim aptur um kvöldið. – „Lára“ hafði strandað þann 15. norður á Skagaströnd. Menn björguðust.

19. Laugardagur. Ofviðri á útvestan með haglhrið. Skrifaði ég fyrir Jón gamla í Minnahrauni til hreppsnefndar Hólshrepps, um sveitarlán. Var hann í opnum dauða af bjargarleysi. Skrifaði ég *sólarvtsur* mínar fyrir Rósu Snæbjörnsdóttur.

20. Sunnudagur. Pálmasunnudagur. Bylur á norðvestan.

21. Mánudagur. Góuþræll. Hvass á útvestan með skafaldri. Sótti ég bókaskáp minn ofan að Meiribakka, dró svo kistu með ýmsu dóti í fram á heiði.

22. Þriðjudagur. Ofviðri með kafaldi um nóttina, hægði og birti með morgninum; regnbleyta er á daginn leið.

Flutti ég mig alfara úr Skálavík (frá Meira-Hrauni) inn í Bolungarvík, að húsmannslóðinu Hvammi í Traðar landi. Þar bjó Oddur vefari Guðmundsson; átti hann húsið að kallað var. Kona hans var Halldóra Bjarnadóttir (bónda Þorsteinsonar á Breiðabóli) úr Ytri-Skálavík. Þau áttu 5 börn:

Pétur Janus,
Guðmund,
Sigríði,
Pálínu og
Jón Hallfreð.

Vóru þau hjón við fátæki mikið.

23. Miðvikudagur. Ofsabylur á norðvestan, birti heldur er á leið en stormurinn hélst.

Gerði ég ýmislegt og sótti einn kistuna út á heiði. Færð hin versta.

24. Fimmtudagur. Skýrdagur. Þýðviðri á vestan; ýrði kafaldsbleytu síðari hlutan.

25. Föstudagur. Föstudagur langi. Stormur og allm. hríð. Fór ég út að Meira-hrauni og sótti af fótum mínum sem ég gat staðið undir.

26. Laugardagur. Blindsortabylur. Keypti ég rúmgrind af Þorkeli snikkara Guðmundssyni, bar hana fram í Hvamm og var kominn í vanda að rata – vegna bylsins –, og er þó ekki langt á milli.

27. Sunnudagur. Páskadagur. Hörkuveður á útnorðan; hart frost.

28. Mánudagur. Blindbylur á suðaustan fyrri hlutan, svo regnhríð, síðan ofsa-stormur á útvestan. Héðinn minn veikur, brá líka við kuldan í svo stóru herbergi sem við vorum í, en ómögulegt að fá eldivið.

29. Þriðjudagur. Blindbylur fyrri hlutan, rofaði svo til. Kvað ég vísu þessa við þá Gísla Bjarnason bátasmið og Guðmund Guðjónsson smið – var að fá hjá þeim hefilsþæni.

Margur bráður bylur er
böls í gráði hreggja,
örbyrgð háður eg því fer
á ykkar náðir beggja.

30. Miðvikudagur. Blindbylur á norðan og hart frost.

31. Fimmtudagur. Gjóstur á vestan, frostlaust en þó ekki hlýtt. Var ég að reyna að fá eldivið o.fl. – ómögulegt.

Apríl

1. Föstudagur. Gott veður. Var eg eyðilagður af höfuðkvöl og tannkvöl. – Nýlega flutti sig að húsmannslóðinu Fremri-Hvammi: Páll Haraldsson smiður með konu og 2 börn. Þau áttu heima niðri við sjóinn; voru börnin dregin frameptir í kassa, því ókleyft var um jörðina fyrir fönn.

2. Laugardagur. Hæglátt með þoku. Fór ég út í Skálavík og dró þaðan nokkuð af fórum mínum.

3. Sunnudagur. Gott veður, þykkt lopt.

4. Mánudagur. Bezta veður. Næstum alskýjað. – Gerði ég ýmislegt.

5. Þriðjudagur. Logn og þykkt lopt. Þoka um miðjan daginn. Fór ég út í Skálavík og dró þaðan af fórum mínum.

6. Miðvikudagur. Logn og þykkt lopt. Fiskafli ágætur í Bolungarvík og var þess víst þörf.

7. Fimmtudagur. Sama veður. Var ég sárvesall – framar vanda. Orti ég kvæði, 6 vers, til ekkjunnar Jóhönnu Hálfðánardóttur, er lifði af í snjóflóðinu á Breiðabóli í öndverðum f.m. Hún ætlaði nú til veru inn í Hnífsdal. Kvæðið hljóðar svo:

1. Að lokum dags þá og er úti hríð
og innan stundar komin hvíldartíð,
voðahvellur – hræðsla – dauði – hryggð,
hjartans svífur gegnum innstu byggð.
2. Hvílfkt sorgar-djúp og dauðans neyð!
Um dægra þriggja og fjöggra stunda skeið,
í sárri kvöl þú sazt með fjögur jóð,
er sal þinn huldi snæhraunsdyngju flóð.
3. Og eptir þetta örlög þrungna stríð
þú enn þá varst svo hógvær, ljúf og blíð,
eins og hetja hugarprúð og stillt
sem hefði ekkert friði þínum spilt.
4. Preklund hrein er þrautir stærstu hrjá,
þúsundfaldan heiður skilinn á.
Hvaðan kemur kraptur þessi og dáð?
Konungs dýrðar það er hjálparráð.
5. Vel sé þér er sálar afl það átt
sem yfirvinnur mótgangsbylja slátt,
og trú þú glöð að gefinn sigur er
að guðs þíns brjósti ef einatt hallar þér.

6. Svo far þú heil úr héraði okkar braut,
hamingja þér falli ríki í skaut,
og Drottinn þroski blómin – börnin þín,
á brautum þeim er lán og heiður skín.

8. Föstudagur. Gjóstr á austan. Frost um morguninn. Ég sárveikur.

9. Laugardagur. Hæglátt veður skýjað um morguninn, síðan með bleytujeljum á vestan. Loftvogin féll um 17 stryk frá því daginn fyrir. Ég sárvesall og treysti mér ekki á fætur. – Nýlega andaðist að Tungu í Skutilsfirði ekkjan Elínóra Pétursdóttir, móðir Péturs kaupmanns í Bolungarvík og þeirra systkina, kvennal og merkiskona.

10. Sunnudagur. Frostbylur á norðan.

11. Mánudagur. Gaddhórkubylur; rofaði til fjalla. Afskrifaði ég kvæði mitt: *Til Jóhönnu Hálfðánardóttur* fyrir Odd kaupmanna og gaf hann mér 60 aura fyrir.

12. Þriðjudagur. Sama veður. Vandræði mikil voru nú að lifa hjá alþýðu og ekki sízt þeim er við sjóinn bjuggu, við þurrabúð og í annara húsum (leigjendur); mat-björg fékkst ekki lánuð og að því skapi var eldiviðarleysið.

Bændur í sárri þröng með hey. – Andaðist að heimili sínu á Ísafirði Jesen véla-smiður, danskur að ætt, ljúfur í lund og drengur ágætur. Hann lætur eptir sig ekkju, Sigþrúði Guðmundsdóttur (bátasmiðs Guðmundssonar) og 4 börn.

13. Miðvikudagur. Sama átt. Kuldakóf. Ég einatt sárvesall. Nýlega hafði P. P. Grunnvíkingur ort erfiljóð eptir Sigurð sál. Guðmundsson frá Breiðabóli er andaðist í snjóflóðinu 1. f.m. Þau orti hann fyrir systur Sigurðar heitins, Petrínu konu Kristjáns formanns Halldórssonar. Kvað ég undir bréf fyrir stúlku:

Sem gróðrarblær með björtu sólarskrúði
við blómin leikur hlýja vorsins stund,
svo gæfan blíð þér verði vinur þrúði
og viðkvæma þér rétti systurmund.
Þín minning fríð skal mér í brjósti búa,
sá bjarti geisli lífsveg skreytir minn,
hvort sem örlög að mér baki snúa
eða hlær mér gleði-röðullinn.

14. Fimmtudagur. Heldur hæglátt; bjart. Frosthart daglega. Skrifaði ég Jóhönnu kvæðið mitt (sjá 7. þ.m.) fyrir Kristínu Mårsdóttur húskonu í Tröð. Fór Jóhanna Hálfðánardóttir alfara úr Hólshreppi á vegu bræðra (hálfbræðra) sinna í Hnífsdal. Ekki tók faðir hennar, Hálfðán í Meirihlíð barn af henni og mæltist það illa fyrir, svo ríkur maður sem hann var. Ég var einatt sárveikur.

15. Föstudagur. Heiðríkt og stillt á austnorðan um morguninn, varð svo alskýjað. Skrifaði ég: *Óheilladagar ársins* fyrir Rósu Snæbjörnsdóttur í Meirahrauni.

4. þ.m. andaðist Guðmundur Magnús Sveinsson bóndi á Tannanesi í Önundarfirði, lætur eptir sig ekkju, Kristínu Friðriksdóttur, og 6 börn. Guðm. sál. var sér-

lega stilltur jafnan, hógvær og viðfelldinn, og því alls ólíkur systur sinni, foraðinu Jónínu Sveinsdóttur undir Hesti (nú, 1910, í Ytri-Hjarðardal). Guðmundur sál. var tvígiptur; var fyrri kona hans Guðrún Bjarnadóttir frá Engidal í Skutilsfirði; bjuggu þau um hríð í Engidal og þar missti Guðmundur hana. Af því hjónabandi lifa þær systur: Steinunn Sveinfríður kona Elíasar Sigmundssonar í Hnífsdal og Herdís Guðrún, kona Þórarins Sigurðssonar á Ísafirði.

16. Laugardagur. Hörkulegur á austnordan. Ég var einatt sárvesall, kvaldi mig til að fara ofan að sjó til að fá í soð. Afli var mikill en illsóttur vegna veðurhörku og frosts.

17. Sunnudagur. Gaddhörkulegur. Reikning yfir útfararkostnað bónda eins í Grunnavíkureppi, komst ég yfir hjá stúlku norðan úr Jökulfjörðum, set ég hann hér og breyti engu orði:

„Reikningur yfir útfararkostnað Jóns Sál. Þorkelssonar bónda í Grunnavíkureppi, † 7. júlí 1883.

	Krónur
Líkkistan eða efnið í hana	10
Líkmenn Jónatan	gefið
Guðleifur	4 kr.
Þorleifur	6 kr.
Reimar	6 kr.
Bæring	gefið
Líksöngseirir og legkaup	7 kr.
Líkræða	2 kr.
Hangikjöt frá Þorleifi	8 kr.

Mjölfjörðungur til láns tekinn hjá Guðleifi, borgist aftur í Sama, og eitt af hverju Kaffi og Sikri frá Þorleifi var brúkað, enn það átti Jón Sál. hjá Þorleifi og kemur þess vegna ekki til reiknings, og er þetta til Samans 43 krónur.“

Gefst hér einhverjum kostur á að sjá hvað menn norður þar hafa gert sig ánægða með við jarðarfari. Eitthvað annað vestan Djúps!

18. Mánudagur. Gaddhörkustormur á austnordan.

Talaði ég *í síma*, í fyrsta sinni á æfinni, til Jónasar á Bakka í Hnífsdal. Spurði eptir atvinnu þar innra; vinnan fáanleg en ómögulegt með húsnæði.

19. Þriðjudagur. Bezta veður fram til hádegis, dimmdi þá allt í einu og hvessti á norðvestan. Ferðaðist ég og E. Sk. sonur minn fram í Þjóðólfstungu. - Hestar og sauðfé í Hólshreppi búið að vera á gjöf í *þrjátíu vikur*; mundi enginn svo langan innistöðutíma.

Ég einatt vesall framur vanda.

20. Miðvikudagur. Síðasti vetrardagur. Blindbylur á norðan. Svona endaði þá veturinn, illviðrabálkur, frá upphafi til enda er færði með sér stórtjón, sorg og söknuð. Væri eigi rangnefni að kalla hann *Hreggið hinn mikla*.

21. Fimmtudagur. Fyrsti sumardagur. Gott veður heiðríkt og hart frost um morguninn, gerði svo sortaofsabyll, hélt honum til kl. 6 (e.hd.), birti þá en var þó alldimmur.

Byrjað að prófa börnin. Ég var á prófinu og hlýddi yfir og spurði börn þau (Skálavíkurbörnin) er ég hafði kennt um veturinn. Hafði ég aldrei gert slíkt fyrr á opinberum stað í jafn miklu fjölmenni og mátti segja að svo lengi lærði sem lifði. Fór þó vel og varð ég því feginn.

Bolvíkingar fóru allir á sjó, þar á meðal þriggja rúma bátur er Jason Jónsson, húsmaður í Bolungarvík, var formaður á. Hásetar voru: Benedikt Halldórsson húsm. í Bolungarvík og Björn Björnsson lausam. í Bol.vík. Jason og þeir 3 saman fórust allir úti á hafi, á miði því er Melar kallast. Þótti það djarft nokkuð að fara svo langt í ekki betra veðri og á ekki stærri bát. Mótor frá Ísafirði fann bátinn á hvoli og einn mann á kjölum, tilraun var gerð að bjarga honum (kastað til hans lóðabelg) en í því tók hann bára og sást hann ekki meir.

Jason lét eptir sig 4 börn og konu óléttu, Jóhönnu að nafni. Benedikt lét eptir sig ekkju, Sigríði að nafni, og 4 börn.

Sama dag fórst bátur með 5 mönnum úr Súgandafirði. Formaður Kristján bóndi Sigurðsson á Norðureyri, seinni maður Gunnjónu Einarsdóttur. Hásetar: Guðni Þorleifsson og Gunnjón, og stjúpsonur Kristjáns Sigurðss.; Sigurður Þorleifsson, annar stjúpsonur Kr. Sig.; Sigurður Viggó Pálmason frá Meiribakka í Ytri-Skálavík og einn (Súgfirðingur?) er ég frétti eigi hvað hét. (*Sjá 30. þ.m.*).

22. Föstudagur. Gott veður um morguninn, enn um hádegisd gerði blindsortabyll á austnorðan. Það sagði mér Gunnar Jónasson skáldyrðingur, húsm. á Bolungarvíkmöllum (bróðir Sigurjóns skálds á Sörlastöðum) að faðir sinn Jónas Jónsson bóndi í Lýtingsstaðahreppi hefði *ort rímur af Aroni og Skildi*, „langar“ (margar?) en hann hefði brennt þeim litlu áður en hann andaðist. Kvaðst Gunnar einu sinni hafa stolið þeim út úr skáp frá karli haft þær hjá sér um hríð, en komið þeim svo á sama stað, því ekkert vildi faðir hans halda þeim á lopti heldur en öðru er hann kvað. Gunnar sagði rímurnar liðlega ortar og skemmtilegar, en efnið kvaðst hann eigi hafa heyrt, fyr né síðar. Ég (M.H.M.) þekki og ekkert þessa sögu og var skaði að rímurnar skyldu vera tapaðar. Um Sigurjón Jónasson skáld á Sörlastöðum kvað Símon Dalaskáld þessa vísu:

Veitir glaður veig úr Són
vizkuhraður geðs um frón
Sörlastaða-Sigurjón,
sannkallaður menntaþjón.

23. Laugardagur. Voðabyllur á austnorðan með frosti. Afarsorti og snjócoma svo ekkert sá.

Skrifaði ég kvæði það er ég orti til Jóh. Hálfánardóttur 7. þ.m. fyrir Halldóru Bjarnadóttur húsmóður mína.

24. Sunnudagur. Gaddhörkubylur fyrri hlutan, hægði svo og linaði frostið;

hleypti byl á aptur um kv. Kvað ég eptirmæli, 3 vers, eptir son minn Hjört Aðalstein, er andaðist 28. okt. f. á. Þau hljóða svo:

1. Blómsturknapp við enn þá áttum
unaðs ljósa kranz sem bar,
er í lífs síns árdags ljóma
okkar hjartans gleði var.
Bráarlogar fjörgir, fagrir,
furðu djúpri lýstu sál,
eins og bak við sjónarsalinn
sæist inn í spekibál.
2. Þú varst sonur okkar yndi
æfi þinnar skömmu stund,
þynnum bóls er brjóst vort særðu
breyttir þú í gleðilund.
Þegar bjartan svip þinn sáum
sýndist okkur vegur beinn,
fagra gjöf frá Guðs vors hendi
góði Hjörtur Aðalsteinn.
3. Þó að engill dauðans dimmur
djarft þig snerti sinni hönd,
trúum við að önd þín uni
Ódáins um gleði lönd,
þar sem almagn lífsins ljómar
laust við skugga þessa heims.
Leyfi Guð þig síðar sjáum
sælu í þess dýrðargeims.

Pórður P. Grunnvíkingur hafði kveðið 2 vers sem grafskript yfir Hjört sál. og hljóða þau svo:

„Sæll vertu frændi svifin á braut
á sólbjörtum vængjum í himnanna skaut.
Foreldra og bróður kveður nú kjært.
Kristí lof síngur með einglunum skært.“

„Smátt er blóm borið til moldar
því fölnuðu blöð fyrr en varði
og laut í skaut lilju móður
en dafnar í akri eilífrar sælu.“

Stafsetningu höf. er fylgt.

25. Mánudagur. Norðanbylur og gaddharka.

26. Þriðjudagur. Sama ókjaraveðrið. – Bjargarleysi – matarleysi og eldiviðarleysi – hjá þurrabúðarfólki var nú orðið almennt, og réttnefnt hallæri. Kaupmenn vildu engan eirir lána nema sjálfstæðustu mönnum.

Eptir því sem harðindin stóðu lengur, óx miskunnarleysi efnamannanna.

27. Miðvikudagur. Ofsa-blindbylur á norðan.

28. Fimmtudagur. Lognkafald um morguninn, dimmt; birti svo og hlýnaði. Heiðbirta um kvöldið.

Hreinskrifaði ég sérstök eptirmælin eptir Hjört minn sáluga; ætlaði ég að gefa þau Kristjönu húskonu Jónsdóttur í Hnífsdal.

29. Föstudagur. Allhvass á suðaustan og suðvestan. Blindbylur um miðjan daginn. – Um morguninn dreymdi mig að ég kvæði (orti) vísu þessa:

Einatt fæðast óhöpp hál
ala mæðu seiga;
skemmir bæði skrokk og sál
slæma konu að eiga.-

Fór ég inn í Hnífsdal og fékk þar lánaðar vörur út á 10 krónur. Góðar viðtökur. Heim um kvöldið.

30. Laugardagur. Logndrifa til nóns, svo *rigning*. Skrifaði ég skýrslu um aldur skólaskyldra barna í Hólshreppi 1910 fyrir Pál yfirkennara Sigurðsson. – Skálvíkingar – eins og fl. í heyskorti miklum. Einar bóndi á Kroppstöðum búinn að skera kú sína, þá einu er hann átti.

Pálmi Bjarnason bóndi á Meiribakka búinn að skera nokkuð af sínum kindum (fáum), en hjá Guðmundi bónda Þorgilssyni á Breiðabóli var féð óðum að hrynja niður úr *hor og nekt*. Nú dugði honum („Gvendi“) lítið sjálfhælnin; er bezt hóglega að láta.

Skiptapi sá í Sógandafirði er frá segir í Dagbók þessari 21. þ.m. reyndist *ósannur*, sem betur fór, en honum var logið svo líklega að ekki hefði verið rétt að trúa honum ekki. Jón formaður Magnússon, bóndi á Minnibakka styrkti og lygasöguna með frásögn sinni, en hann sá Kristján Sigurðsson úti á hafi, undir lóðum, er bylurinn skall á og taldi sem víst að hann hefði farist með öllu. Hafði og Helga gamla höggvið allfrekt um hríð, þó meira væri eigi að sinni.

Mai

1. Sunnudagur. Með jelljum á vestan fram til nóns, síðan gaddhörkubylur. Sýndist tíðin ekki enn vera breytt til batnaðar þó ekki væri nema hálfur mánuður til Hvítasunnu og hús flest í kafi af snjó.

Vísur þær er ég orti um Landvætti Íslands, 24. október f.á. hljóða svo:

- | | |
|--|--|
| 1. Á Landvættum Íslands hér
eg skal nöfnin segja þér:
<i>dreki, gammur, graðungur</i>
gildur <i>kafla kynstafur</i> (= bergrisi). | 3. Áttu þau sem inna má
öllum slysum vernda frá
okkar kæra feðra frón;
frjálsleg var sú hugarsjón. |
| 2. Frægir garpar fornaldar
fróðir í listum manndáðar
trúðu að þessi dulin dýr
Drepsvargs kvenndi geymdu órýr. | 4. Landsins verndarvættum því
voldug treysti þjóðin frí
í öllu böli af hjarta heitt;
hugsun slík er löngu breytt. |

2. Mánudagur. Heiðríkt veður hæglátt um morguninn og all froshart, en vindaði svo á norðvestan og dró þykkni í loptið (austur-), varð svo næstum alskýjað og dimmdi þá að með kafaldi. – Afskrifaði ég kvæði eptir mig (Jóh. Hálf.d.) fyrir Rósu í Meirahrauni.

Komu: Jón gamli, bóndi í Minnahrauni og dóttir hans Jóhanna að nafni. Var hann að sækja matbjörg handa heimili sínu, til hreppsnefndarinnar í Hóls-hreppi.

Ólíkt var hvað fólk í Bolungarvík gerði sér meira far um að finna mig að máli en það í Skálavík, meðan ég dvaldi þar, þar sem heita mátti að allir forðuðust mig eða vildu sem minnst hafa saman við mig að selda. – Fyrir viku síðan rak sig á dyrastaf með höfðið og stórkenndi til, Oddur Móriasson unglingspiltur hjá Pétri kaupm. Oddssyni. Lagðist hann í rúm (fram á þennan dag) og fór heldur versnandi; búinn að fá óráð. Tilfelli þetta fékk hann á ennið. „Aðgætnin er ágæt vörn“ o.sv.fr. sem J. Hj. kvað.

3. Þriðjudagur. Fagurviðri og stilling árla um morguninn (til kl. 7), en gerði svo blindöskubyl á útnorðan. Fór ég út í Skálavík og dró bókaskáp er ég átti geymdan í Meirahrauni. Féð að hrynja niður úr hor hjá ýmsum Skálvíkingum.

4. Miðvikudagur. Hörkugarður á austnorðan. Undirskrifaði ég skólaskýrslur Hólshrepps, hjá Páli skólastjóra Sigurðssyni. Hann benti mér á að sækja um undirkennarastöðu í Hólshreppi næsta skólatímabil.

Skotnar tvær kvígur í Minnihlíð, vegna heyleysis, önnur á öðru ári, hin ársögum-ul.

5. Fimmtudagur. Uppstigningardagur. Gaddhörkubylur á norðan.

6. Föstudagur. Sama ógnarharkan. Vinur minn, Oddur kaupm. Guðmundsson, lánaði mér 10 ₧ af Rúgmjöli, annars var hvergi hægt að fá lán. Bændur óðum að skera fé sitt sökum heyskorts, geldneyti og sauðfé.

7. Laugardagur. Gjóstur nokkur á norðvestan. Orti ég eptirmæli, 6. vers, eptir Ólöfu Helgadóttur 10 ára gamla telpu frá Sauðárkróki í Skagafirði, er andaðist 24. Ágúst 1908. Kvað ég þau fyrir móður hennar Bjarnveigu Jóhannsdóttur konu Gunnars Jónasson (sjá 47. síðu) í Bolungarvík. Eptirmælin hljóða svo:

- 1 Við vonarbroðs í lífs þíns æsku ljóma
sem lilja björt þú glóðir fagra snót,
svo skýr og þrúð þú vannst þér veg og sóma,
og viðkvæm myktir beiska angursrót.
- 2 Þú færðir ljós í innsta hjartans inni,
með ástúð þeirri' er lýsir kærleiksrós,
svo hjálparfús við fullorðna sem minni,
með friði og dyggð þú gast þér besta hrós.
- 3 En forlög gild – þau fluttu slysið þunga,
svo fremd þín snjöll og blómi dvína hlaut,
því dauðans hönd þig snerti alltof unga,
en angurskúr af vina hvörmum hraut.
- 4 Nú grætur hljóð þín góða, unga móðir,
sitt göfga barn er reyndist æ svo þýtt,
því vaxa sorgar-hregg um hyggjuslóðir
og hjartað særða berst svo ótt og títt.
- 5 En vonarröðull hrærðu svalar hjarta
en himins rennur líknardjúpi frá,
í ríki Guðs hún sér þinn svipinn bjarta
og sorgin breytist vegum hennar á.
- 6 Æ, grát ei þína góðu dóttir, fljóð,
í Guðs þíns söllum á hún fagnaðssjóð,
því vona sinna árdagsgróðri í
nú andi hennar brosir heill og frí.

8. Sunnudagur. Hvasst á norðvestan, heiðríkt og framúrskarandi kalt. Gaddhrímaðir gluggar dag eptir dag og viku eptir viku. – Hallæri.

Um morguninn andaðist Oddur Marísson, fékk seinast krampa og dó úr honum (sjá 2. þ.m.). Oddur sál. var um tvítugt, knár vel að jöfnum aldri og vel á fót kominn. Hann var fóstursonur P. kaupm. Oddssonar.

9. Mánudagur. Stinningsgol á norðaustan. – Var ég að greiða veiðarfæri; var það hin eina vinna er hægt var að fá – nema sjósókn.

Búið að skera 60 fjár í Engidal í Skutilsfirði, sökum heyskorts.

Halastjarna sú er kennd er við enska tölvitringinn Halley, var um þessar mundir í námunda við jörð vora. Átti hali stjörnunna að vera næst jörðinni hinn 18. þ.m. og var ætlun sumra að hún á einhvern hátt myndi hafa áhrif á jörðina, og vóru

sumir dauðhræddir, einkum ríkir menn, er töldu að jörðin og allt líf á henni myndi eyðileggjast. Umferðartími halastjörnu þessarar er 70 til 80 ár; sást hún fyrst, svo kunnugt sé árið 1531. Stjörnuvitringur sá er hún er við kennd, dó 1742.

10. Þriðjudagur. Logn. Þykkt lopt og ýrði kafaldi fram til hádegis. Seig dálítið snjórinn, þó voru hvergi komin sauðsnöp.

11. Miðvikudagur. Bezta veður, logn og heiðríki fram á hádegis svo gjóstur á norðan. Þiðnaði töluvert.

12. Fimmtudagur. Blindbylur til nóns á norðvestan, birti þá og gerði gott veður.

13. Föstudagur. Ljómandi fagurviðri og stilling. Bráðnaði mikið snjórinn. Greiddi ég veiðarfæri o.fl.

14. Laugardagur. Logn og blíða. Heiðbjart til hádegis, varð svo alskýjað. Suðvestan. Fór ég inn í Hnífsdal gangandi til að vita um atvinnu. Atvinnan fánleg, en ómögulegt að fá húsnæði.

Vilhelmína systir mín *sýknuð* af dómi þeim er getur í Dagbók þessari 12. marz þ.á. Sýndist því sá dómur Magnúsar Torfasonar, sem fleiri frá hans hendi, nokkuð undarlegur. Hreppstjóri Eyrarhrepps, Kjartan B. Guðmundsson í Fremri Hnífsdal, búinn að missa 8 – átta – kindur úr hor. Merkur maður í Hnífsdal benti hreppstjóranum á að nú þyrfti horfellslögin að koma til greina, en hreppstjóri kvað *nei* við, því þetta væri „svo almennt“.

15. Sunnudagur. Ágætis blíðviðri, en um kvöldið gerði svartabil af þoku. Bráðnaði snjórinn óðum, enda var á einhverju að taka. Voru nú komin snöp fyrir sauðfé.

Nú var illt að vera atvinnulaus. Þeir í Bolungarvík er vinnuráð höfðu, vildu ekki veita vinnu nema þeim er voru þeim skuldbundnir. En af því ég – sem betur var – var að mestu laus við slíkt, fékk ég enga vinnu.

16. Mánudagur. Logn. Sólfar um morguninn, en svo þykkt lopt. *Rignði* um og eptir hádegið. Var nýstárlegt að sjá regn. – Átti ég heimboð að Jóns skósmiðs Jónssonar í Bolungarvík (frá Ljáskógum). Hann var einhleypur og talinn sjálfstæður, ljúfur í lund og drengur góður; ættaður úr Dalasýslu. Hjá honum sá ég *sifurbikar* er Kristján konungur IX. hafði skenkt föður hans í heiðursskyni fyrir jarðyrkju. Letur var á bikarnum en ártal vantaði. Kaupmaður einn bauð Jóni jarðyrkjumanni 80 spesíur (320 kr.) fyrir bikarinn en hann vildi ekki selja. Jón skósmiður keypti bikarinn á 32 kr. af bróður sínum er ætlaði að fara að búa. Jón skósmiður er fæddur að Þorbergsstöðum í Laxárdal 6. Desember 1855.

Tuttugu fjár dautt úr hor hjá Sigurði bónda Sigurðssyni í Meirahrauni.

17. Þriðjudagur. Blíðviðri. Heiðríki um morguninn. Rignði er á leið.

18. Miðvikudagur. Blíðviðri. Var ég allan daginn í erfiðisvinnu, í *fyrsta* sinni á vorinu, við verzlun þeirra Péturs og Odds. Var það vini mínum Oddi kaupm. víst mest að þakka að ég fékk vinnuna.

19. Fimmtudagur. Logn og svartabik af þoku. Ég í vinnu.

20. Föstudagur. Ljómandi fagurviðri og stilling, þykknaði þó í loftið er á leið. Ég í vinnu. Gunnar Jónasson kvað við mig:

Lognið blíða brosir mót
burt er tíðin vinda – ég (M.H.M.) botnaði:
geislar prýða fold og fljót,
freku stríði hrinda.

21. Laugardagur. Stormur á norðaustan með stórhrið (regni) um morguninn, birti svo og hægði og gerði bezta veður. Ég í vinnu.

Rósa Aradóttir ekkja í Bolungarvík (frá Uppsölum í Seyðisfirði) beiddi mig um afskrípt af eptirmælum er ég hafði ort eptir föðursystur hennar, Jónínu Guðmundsdóttur frá Uppsölum. Sjá dagbók mína í Jan. 1904.

22. Sunnudagur. Trínitatis. Fagurviðri og stilling. Var ég beðinn um eptirmæli eptir barn (Guðrún Þórðardóttir kona Jens Jónssonar húsm. í Bol.vík).

23. Mánudagur. Bezta veður; suðaustan heiðríkt fyrri hlutan, suðvestan þykkt lopt síðari hlutan. Regnúði um kvöldið. Var ég í vinnu.

24. Þriðjudagur. Suðvestan blíða. Ég í vinnu.

25. Miðvikudagur. Norðvestan blíða. Ég í vinnu. Leysti mikið snjóinn daglega, en þó var enn afar mikill snjór.

26. Fimmtudagur. Suðvestan blíða. Þykkt lopt daglega. Var ég í vinnu, að aka fiski. Var mér stefnt (í fyrsta sinni á æfinni) gestaréttarstefnu, út af 25 kr. víxli í ábyrgð Gísla Guðmundssonar á Ísafirði (frá Kjós í Strandas.) er ég hafði ekki getað greitt.

27. Föstudagur. Rigning um morguninn og heldur kalt, en birti svo og var síðan gott veður. Sól skein stundum. Fram á skatt var engin vinna, fór ég þá á fund Guðm. málflutningsmanns Hannessonar og samdi um skuld þá er mér var stefnt fyrir; lofaði ég að borga 20 kr. í næstk. júnímánuði, en afganginn kr. 21.33, fyrir lok sept. þ.á. En víst var það rangt, gagnvart sjálfum mér, að semja þannig en ég þekkti eigi gjörla hvernig fara myndi ef dómur félli við slíka skuld og því neyddist ég til að gjöra slíkan samning.

Réttarhöld mikil vóru í barnaskólanum um kvöldið. Magnús Torfason sýslum. kom úteptir og sektaði ýmsa formenn er vanrækt höfðu að greiða lendingarsjóðsgjald; var sektin frá 2 kr. upp að 5 kr. Þá vóru og sektaðir fyrir horfellir þeir Guðmundur Þorgilsson bóndi á Breiðabóli og Sigurðr Sigurðsson bóndi á Meira-Hrauni.

Þá sór og Guðmundur Jónsson lausam. í Bolungarvík, fyrir barn er stúlkan Sigríður Sigmundsdóttir á Ósi hafði þá nýlega átt og almenningur sagði að Guðm. hefði átt og sjálf lýsti Sigríður aldrei annan.

28. Laugardagur. Góðviðri. Lítið sólfar. Var ég í vinnu, en þó stórveikur af fótameiðsli svo varla hét ég kæmist á milli húsa.

29. Sunnudagur. Krapagarður á norðan. Kalt.

Vóru kristnuð á Hóli, af Porvaldi presti Jónssyni, börn þau í Hólshreppi er vóru 14 ára gömul, 24 tals, þar á meðal tveir drengir er ég hafði kennt: Guðm. E. Bene-

diktsson á Minnibakka og Kristján Guðmundsson á Breiðabóli. Við Guðrún unnu mín og E. Sk. sonur okkar, fórum til kirkjunnar.

30. Mánudagur. Norðangarður, kalt; en snjóaði þó ekki. Ég sárveikur heima, orti þó kvæði, 3 vers, til Þórunnar Jensdóttur telpu í Bolungarvík er staðfestist daginn áður. Kvæðið hljóðar svo:

1. Þú hefir svanni unnið eiðinn þunga
sem ábyrgð mikla jafnan með sér ber,
en stundi dyggð þitt hjartað hreina, unga,
þá hefir loford þetta kost með sér.
2. Svo vertu fús að vilja hið fagra og góða
en varast það sem ollið getur styggð,
því blíða og mennt er bezti kostur fljóða
og bætur vekur dýpstu sálar hryggð.
3. Ég óska hlýtt þér yngismeyjan góða,
að auðnudís þér ljómi fríð við hönd,
og meðan blikar röðulskinið rjóða
að ró og friður gleðji þína önd.

31. Þriðjudagur. Þykkt lopt um morguninn, svo heiðríki. Austangjóstur, kalt. Var ég í vinnu.

Júní

1. Miðvikudagur. Hörkukuldaveður á austan. Gekk til suðurs um kvöldið. Ég í vinnu, að þvo fisk. Var ég eigi fær um slíkt, heilsunnar vegna, en þörfin knúði mig til þrældómsins langt fram yfir það sem ég orkaði.

2. Fimmtudagur. Norðan hörkugarður og þoka og ýrði nokkuð (kafaldsbleytu). Snjóaði til fjalla. Ég var kominn á vinnustöðina um morguninn kl. 6, en sökum óveðurs varð ekki af vinnu og fór ég aptur heim. – Var ég illa haldinn af fóta-meislum m.m.

3. Föstudagur. Norðangjóstur, afar kalt. Kafaldsleiðingar norður í. Ég í vinnu, sárvesall; logsár allur að ofan, frá meinsemdinni í brjóstinu.

4. Laugardagur. Austnorðan þykkt lopt um morguninn, gekk svo til vesturs og heiðbirti, skýjaði aptur eptir nónið og ýrði dálítið. Ég í vinnu. Magnús Ólafsson, kaupm. á Ísafirði beiddi mig að rekja ættartölu sína og selja sér afskrípt af henni.

5. Sunnudagur. Með skúrum á vestan. Gerði ég ýmislegt.

6. Mánudagur. Rok á vestan. Ég í vinnu. Kvað ég stöku þessa við Helga Oddsson (formanns Oddssonar) er var í sömu vinnu og ég:

Helgi minn var firrtur friði,
fleins í sálmunum,

nærri lá að bana biði,
í buxnskálmunum.

7. Þriðjudagur. Stormur á vestan. Bezti þerrir til nóns, svo alskýjað. Ég í vinnu.

8. Miðvikudagur. Hvass á norðvestan, nokkuð regn; kalt. Ég í vinnu. Ekki var enn farið að vinna á tínum. Á Snæfjallaströnd var staðið yfir fé á gröndunum, eins og um vetur.

9. Fimmtudagur. Kafaldsbylur á norðan fram til nóns og snjóaði til sjóar. Birti svo og heiðbirti að nokkru, og tók snjóinn upp að mestu. Ég sárveikur heima, lá í rúminu.

Drengir 3 í Bolungarvík, á 7., 6. og 5. ári kærðir fyrir sýslumanni, fyrir það þeir köstuðu unglambi í sjóinn og grýttu það síðan til dauðs. Lambið átti Pétur Valentínsson húseigandi í Bolungarvík og var það hann sem kærði. Yngsti drengurinn Vilhjálmur að nafni, meðgekk, hinir þrættu.

10. Föstudagur. Gjóstur á norðan með gaddhörkufrosti. 4 stiga frost um morguninn, löngu *eptir* að sólin kom upp.

Ég heldur hressari. Útvegaði ég mér húsnaði niður við sjó, því nú var á þrotum tími sá er ég hafði leigt í Hvammi, en ég hafði ekkert heilsuprek til að ganga svo langt til vinnu, og enga ástæðu til að gjöra mig út að mat, þó ekki væri nema til eins dags í einu.

11. Laugardagur. Suðaustan góðviðri til dagmála, gekk þá upp á norðan með mesta kuldagjósti, alskýjaði svo og gerði krapa.

Var ég í vinnu; – varð eyðilagður í brjóstinu af að dæla sjóinn upp í þvottkassana. – Uppboð hjá Elíasi Magnússyni, seldir ýmsir lausafjármunir honum tilheyrandi. Hann hafði nú fastákveðið að fara til Ameríku, þvert á móti vilja konu sinnar Jónu; þurfti hann þó ekki að fara á burtu fátæktar vegna, því hann var með sjálfstæðustu mönnum í Bolungarvík og maður vel látinn.

Nýlega datt blind kona á Ísafirði, Kristín ekkja [Jdóttir, niður í kjallara og slasáðist voðalega: brotnaði á báðum handleggjum og báðum fótum og enn skemdist hún meira.

12. Sunnudagur. Kafaldsbylur á austnorðan og alsnjóaði til sjóar. – Bændur á Snæfjallaströnd búnir að flytja fé sitt *vestur í Hestjörð*.

13. Mánudagur. Norðan hörkugarður með kafaldságöngum. Færði ég mig í hús Páls formanns Árnasonar.

14. Þriðjudagur. Sama veður. Engin vinna. Ég heima vesall mjög. Heimsóttu mig ýmsir.

15. Miðvikudagur. Gjóstur á útnorðan. Kafaldsbleytubylur er á leið og snjóaði til sjóar. Mundi enginn þvílíkt vor. Var ég allan daginn í vinnu og 6 1/2 stund í *eptirvinnu*.

16. Fimmtudagur. Þerrir á norðaustan var ég í vinnu sárvesall, þoldi ekki vinnuna og síst að snúa dælu þeirri („pumpu“) er notuð var við fiskþvottarkassana.

17. Föstudagur. Hvass á austan, góður þerrir. Ég í vinnu og til kl. 3 1/2 um nótt-

ina í eptirvinnu. Byrjað að vinna á túnum í Bolungarvík, en ekki kominn sauðgróður á Snæfjallaströnd og eins var í Ytri-Skálavík.

18. Laugardagur. Bezta veður, ágætur þerrir. Heitasti dagur er komið hafði á sumrinu. Ég í vinnu.

19. Sunnudagur. Blíðviðri. Heiðríkt um morguninn, svo alskýjað. Ég sárveikur af verk undir síðunni. Embættaði sóknarpresturinn, Þorvaldur Jónss. á Hóli. Eptir messuna lét hann kalla inn að altari þá Hafliða Bjarnason á Breiðabóli og Kristján Árnason á Minnibakka (sjá 2. marz þ.á., í dagbók þessari), hélt hann þar ræðu yfir þeim, góða mjög að sagt var, og minntist rækilega drengskapar þeirra og dugnaðar er þeir sýndu í því að fara á næturþeli í ófæru veðri inn í Bolungarvík 2. Marz þ.á. – og þvert á móti vilja heimilisfeðra sinna – til að fá menn að moka upp dráps-snjóflóðið mikla á Breiðabóli er hljóp 1. marz þ.á. Að lokinni ræðunni afhenti prestur þeim skrautlegar vasaklukkur, sína hvorum, með nöfnum þeirra og þessum orðum – að því er mér var sagt: „Frá börnum snjóflóðsins“. Hafði presturinn (Þorvaldur) komið þessu í kring, en biskup (Þórhallur) útvegað gripina. Um kvöldið skrifaði ég bréf fyrir Guðríði Torfadóttur, ekkju í Bolungarvík; innihald: beiðni um ellistyrk.

20. Mánudagur. Blíðviðri. Þykkt lopt. Ég veikur í rúminu. Í Ungmennafélagi Bolvíkinga, var, auk „Bolvíkinga“ gefið út blað er nefndist „Sakleysið“. Ritstjóri Jens Nielsson. Ágúst krypplingur, bókbindari og teiknari Guðmundsson hafði ritað nokkrar smásögur í það, og nú var hann að rita í sérstaka bók ýmsar sögur frá bernskuárum sínum, er hann nefndi: „Úr æsku minni“. Vóru þær prýðisvel ritnar, með réttritun á hreinni íslenzku.

Um kvöldið afreit ég eptirmæli þau er ég orti eptir son minn sál. Hjört Aðalstein, ætlaði listavinurinn Ágúst krypplingur, sem hafði nú legið rúmfastur frá síðastl. jólahátíð, að skrautrita þau fyrir mig, svo að litu vel út, ef ég gæti komið þeim í umgerð.

21. Þriðjudagur. Kæla á norðaustan. Kvaldi ég mig til að vera allan daginn í vinnu.

22. Miðvikudagur. Blíðviðri. Þykkt lopt. Ég fárveikur, rúmfastur.

23. Fimmtudagur. Sama veður. Ég eins – rúmfastur.

Skrifaði ég bréf til Odds kaupmanns, vinar míns og vísu þessa þar í:

Mótgangs háa hrönnin þétt
hagsæld enn vill banna – ;
nær skal ég fá að ráða rétt
rúnir forlaganna.

Ég orti og kvæði þetta til ungmeyjar Þórunnar Margrétar Sigurðardóttur í Bolungarvík (14 ára gamallar), hafði ég heitið henni því, en þau foreldrar hennar, Sigurðr formaður Árnason og kona hans Ingibjörg Rósa, höfðu sýnt mér sérleg hlýlegheit. Kvæðið hljóðar svo:

1. Nú brosir björt að líta
hin blíða vorsins dís,
og Vonin segir: sigur,
er sól úr ægi rís.
Já, allt sem anda hefur
það endurlífgun fær
er glóey geisla flytur
og glóir land og sær.
2. Þú meýjan milda og ljúfa
sem manndóms hrósar sið,
ég veit að vorsins gyðja
þér veitir hjartans frið.
En æskan óðum líður
og aldur færist nær,
því stillt og varkár vertu
þú væna, kæra mæ.
3. Á heimsins reynslu-hafi
er hörmung mörg og tál,
og fyrir fári slíku
opt fellur göfug sál.
En horfir þú til hæða
með hjartans trúarró,
þér sigurlán mun ljóma
að loknum mannlífs sjó.
4. Þín aldurs árin verði
með auðnu skini, snót,
og sál þín sælu geymi
þó sjáist skuggar mót.
Á meðan loptið lýsir
hið ljósa fagra hvel
þér brosi lánið ljúfa.
Svo lifðu heil og vel.

24. Föstudagur. Jónsmessa. Ágætis fagurviðri. Bezti þerrir. Hreinskrifaði ég kvæðið er ég orti daginn fyrir og sendi það, afreit það líka fyrir Ágúst kryppling.

25. Laugardagur. Þykkt lopt og þoka um morguninn, síðan bezti þerrir. Ég einatt sárveikur, í rúminu. Fór fram bólusetning í Bolungarvík. Bólusetjari: Stefán bóndi Stefánsson á Hóli. – Vorhreppskil fyrir Hólshrepp haldin í barnaskólahúsi hreppsins. Kosnir 5 menn að nýju í hreppsnefnd, og voru nú alls 7 menn í henni, því sótt hafði verið um leyfi að þeir mættu vera svo margir, en áður voru þeir vanalega 5. Haft var eptir Sigurði presti Stefánssyni í Vigur, að hann hefði sagt á sýslufundi um veturinn er rætt var um hreppsnefnd Hólshrepps: „Var ekki nóg að hafa fimm asna, þurfa þeir endilega að vera sjö“. En svo stóð á að reikningur Hólshrepps hafði verið rangur þessu sinni og kostaði 100 krónur að fá hann leiðréttan. Var það borgað af fé hreppsins (Hólshr.) en leiðréttinguna gerði Kolbeinn í Unaðsdal.

26. Sunnudagur. Hvass á austan, heiðríkt. Ég hressari. James Nýsbet, enskur læknir er dvalið hafði um veturinn á Ísafirði, Mormónatrúar, dvaldi þessa dagana í Bolungarvík, skoðaði þar sjúklinga og gaf meðöl. Hann hélt fyrirlestra, viðvíkjandi trú sinni, og hafði allmarga tilheyrendur, helst kvennfólk. Nýlega hafði hann skýrt 20 manns á Ísafirði, *niðurdýfingarskýrn* inn í Seljalandsós í Skutulsfirði. Þar á meðal voru Ingólfína Benediktsdóttir, kona Jónasar skipherra Sveinssonar á Ísafirði og Björg Pálsdóttir, gömul kona í Ísafjarðarkaupstað. Fólkinu var dyfið alveg í kaf og hafði flest af því „sopið hveljur“ í meira lagi.

27. Mánudagur. Hvasst og kalt á norðaustan. Ég í vinnu.

28. Þriðjudagur. Sama veður. Ég í vinnu.

Kosinn hreppsnefndaroddviti fyrir Hólshrepp Jón Eyfirðingur formaður, og var það valið talið óheppilegt. Bergur Kristjánsson hafði sagt hreppsnefndaroddvita-störfum af sér. Hinir í hreppsnefndinni (auk Jóns oddvitans) voru nú þessir:

Jóhann Bárðarson trésmiður.
Jónas Jónasson verzlunarstjóri.
Guðm. Guðmundsson formaður.
Hálf dán Örnólfsson óðalsbóndi.
Jóhann Bjarnason smiður, og
Jón bóndi Magnússon í Skálavík.

29. Miðvikudagur. Sama veður. Ég í vinnu.

30. Fimmtudagur. Sama veður (átt). Heiðbirta, bezt þerrir. Ég í vinnu. – Jörð spratt nálega ekkert.

Júlí

1. Föstudagur. Heiðbirta og bezt þerrir. Ég í vinnu og 1 stund í eptirvinnu.

2. Laugardagur. Sama veður. Ég í vinnu.

3. Sunnudagur. Sami afbragðs þerririnn. 35 stiga hiti á S. fyrir hádegisd, og var það með mesta hita er Bolvikingar mundu. – Skrifaði ég bréf fyrir Pál Árnason húsbónda minn, til Gísla Jóhannssonar í Pálsseli í Hvammsveit, og bréf áriðandi skrifaði ég fyrir Jónínu ekkju Sæmundsdóttur.

Fór ég með son minn, E. Sk., á fund bólusetjarans St. Stefánssonar á Hóli, svo athugað gæti hann árangur bólusetningarinnar, hafði ein bóla komið út og fékk drengurinn þar að lútandi vottorð.

4. Mánudagur. Sama veður (bezt þerrir) unz eptir nónn, þykknaði þá í loptið. Var ég í vinnu.

5. Þriðjudagur. Gott veður, hæglátt. Allskýjað. Ég í vinnu.

6. Miðvikudagur. Gol á austan, unz er á leið (um nónið) þykknaði þá á norð-vestan og gerði skúr um kvöldið (kl. 8 1/2) er varði litla stund, hefði hún mátt vera meiri gróðursins vegna.

Síðast er tekin var gröf í Hólsgarði (fyrir fáum dögum, að ungbarni) kom upp úr gröfinni gamall *bolur*, skrautlegur mjög („upplutur“); var hann með mörgum barmaspennslum („millum“), að líkindum af ríkiskonu. Ístra kom og upp og allmikið af löngu kvenmannshári. Bolurinn var látinn aptur í gröfina.

7. Fimmtudagur. Bezta veður. Allskýjað. Ég í vinnu og eins daginn fyrir.

8. Föstudagur. Hellirigning til dagmála, síðan bezt þerrir á vestan. Ég í vinnu, en þó jafnan sárvesall af fótameiðslum; líka all meiddur í höndunum sem ætíð er ég var í saltfisks-vinnu. Sjórinn átti og afar illa við mig.

9. Laugardagur. Þerrir á vestan. Ég í vinnu.

10. Sunnudagur. Rigning mikil og þoka fyrri hlutan, þornaði svo með голу á vestan. Gerði ég ýmislegt. – Ágúst krypplingur veikur mjög framar venju, gerði hann mér boð að finna sig og var ég hjá honum síðari hluta dagsins og fram á nótt.

11. Mánudagur. Vestanátt, rigning og þykkt loft. Ég sárveikur heima, en kvöldi mig þó til að vera hjá Ágústi bókbindara (krypplingi) er þjáðist nú af megnum krampa og var orðinn mállaus.

Um kvöldið keypti ég mér meðöl hjá yfirsetukonunni, Hallfríði Einarsdóttur.

12. Þriðjudagur. Kæla á vestan, þykkt loft. Ég veikur heima.

13. Miðvikudagur. Allgóður þerrir. Ég í vinnu. – Andaðist Ágúst bókbindari Guðmundsson, 18 ára að aldri, fæddur í Æðey 9. Febrúar 1892. Hann hafði ágæta hæfileika. Þegar Ágúst sál. var 12 ára gamall dreymdi hann mann er sagði honum að hann ætti als að fara yfir *áján heiðar*, væri hann búinn að fara yfir 12, ætti eptir 6. Kom þetta rækilega fram: átján ár. Um kvöldið orti ég grafskript yfir Ágúst sál. Hún hljóðar svo:

1. Nú er svifin sálin þýða, góða,
sorglegum úr fjötrum þessa lífs,
nú er stirnuð höndin hagleiks-fróða
hlotinn sigur eptir skúrir kífs.
2. Hvíl í friði íturmennið unga,
ágæt snilld í brjóst þér lagin var,
lengur þig ei særir þrautin þunga
og þyrnikranz er æfileið þín bar.
3. Gráta systkin, grætur harmsærð móðir,
góðan bróður, eðallyndan son,
en hólpinn þú um himins bjartar slóðir,
með helgum englum býrð í dýrðarvon.

14. Fimmtudagur. Vestan þerrir, en þó lítið sólfar. Ég í v. Skrifaði ég sóknarprestinum, sr. Þorvaldi Jónssyni á Ísafirði, fyrir Guðrúnu Jónasdóttur, móður Ágústs sál. bókbindara.

15. Föstudagur. Logn og þykkt loft. Ég í vinnu. Aðfaranótt þessa dags, um miðnættið, var stúlka ein í Bolungarvík, Kristín Guðmundsdóttir (skálds Ólafssonar, † 1907) að undirbúa sig til að fara í sveitarvinnu, og var hún úti um nóttina, við uppsprettulind eina, uppi í Holtum; rann lindin hjá steini einum er gömul sögn segir að huldufólk búi í. En ekki trúði Kristín því. Kristín tók nú vatn úr lindinni í fat, en fór í svip heim til sín eptir einhverju er hana vanhagaði um (hárgreiðu?); en er hún kom aptur að steininum sem lindin rann hjá var *lindin þornuð og fatið horfið*. Þó var enginn mennskur maður á ferli, að því er Kristín vissi til og þótti henni þetta undarlegt.

16. Laugardagur. Logn og þykkt loft. Blíða. Ég í vinnu.

17. Sunnudagur. Bezta veður. Blíða. Var ég með að kistuleggja Ágúst sál. bókbindara. Var kistan hvít að lit, hafði Ág. sál. beðið í lifanda lífi að hún yrði svo.

Kvað Gunnar Jónasson vísu þessa um mig, er hann var að lesa vísur mínar *Til sólarinnar*:

Hjalta kundur Magnús minn
mjög er lundarblíður,
hans nær grunda eg hróðurinn
hryggðarstund burt líður.

18. Mánudagur. Góður þerrir á útnorðan. Ég í vinnu. Um morguninn andaðist bændaöldungurinn, merkismaðurinn Ólafur Gissursson á Ósi í Bolungarvík. Hann var ráðdeildar og stillingarmaður og ríkur vel. Hann lætur eptir sig ekkju, Kristínu Pálsdóttur, og 1 dóttur Ólafíu að nafni.

19. Þriðjudagur. Bezti þerrir, norðan. Ég í vinnu.

20. Miðvikudagur. Norðangarður. Sól skein fram yfir nónn. Ég í vinnu.

21. Fimmtudagur. Norðan þerrir. Hægði um kvöldið og alskýjað. Ég í vinnu.

22. Föstudagur. Allhvass á austan, þykkt lopt. Þurt til dagmála, svo mikil hríð (regn). Ég í v.

23. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri um morguninn, þykknaði svo allt í einu og hvessti með nokkurri hríð á norðaustan. Byrjað að slá tún í Bolungarvík. Tekin gröfin að Ágústi bókbindara. Líkmenn:

Magnús Ólafsson (vinnum. Péturs kaupm. Oddssonar),
Jens Þórðarson, húseigandi,
Finnbogi Bernótusarson, teiknari, og
Magnús Hj. Magnússon.

Barn Elíasar smiðs Árnasonar, 16 vikna gamalt, skyldi leggjast í sömu gróf, frá honum voru því tveir líkmenn: Halldór Kristjánsson og Steinn Ingi Jónatansson, húseigendur.

24. Sunnudagur. Lemjandi kafaldsbleyta á norðan og snjóaði niður í hlíðar. Jarðsettur Ág. bókbindari og barn El. Árnasonar. Yfir Ágústi var haldin húskveðja og ræða í kirkjunni.

Líkmennirnir gáfu líkmannskaupið móður Ágústis sáluga). – Oddur kaupmaður gaf kranz á leiðið, á hann var rituð grafskript sú er ég hafði ort 13. þ.m.

25. Mánudagur. Hvass á norðan, kalt. Var ég 5 st. í vinnu. Flúði ég vegna ófriðar úr húsi Páls Árnasonar, í hús Kr. formanns Halldórssonar, hafði þó ekki von um það húsnaði lengur en í mánuð, en „friðurinn er fyrir öllu“.

Nýlega andaðist suður á Landakotsspítala elskuleg vina mín Hólmsfríður Kristín Sigurðardóttir skáld frá Bíldudal, fædd að Saurhóli í Saurbæ 23. Janúar 1860. Maður hennar var Lýður Guðmundsson, drykkjumaður mikill og ofsi í lund, dáinn fyrir fáum árum. Börn þeirra á lífi eru: Sigurður Lýðsson lögfræðingur, fæddur í Ljaskógaseli 22. október 1884, og Þórunn Lýðsdóttir, fædd í Haga á Barðaströnd

1895. Hólmfríður og Lýður, og Sigurður sonur þeirra, voru hjá Davíð Scheving lækni á Brjánslæk 1894, Lýður sem „ráðsmaður“ (verkstjóri) og Hólmfríður ráðskona fyrir innan stökk og sat hún löngum við sauma fyrir frú Scheving. Þar kynntist ég þeim fyrst. Komst ég skjótt að raun um hversu ágæta kosti að Hólmfríður hafði, fundu það og fleiri og var hún höfð í mestu virðingu. Það var víst að hún var gædd öllu því innra atgjörvi er konu getur prýtt. Hún var skynsöm, hugsunin mikil djúpsæ og glögg; viðkvæm og blíð og þó glaðvær en aldrei kát um of, fjaslaus og þrautseig. Hún var ágætt skáld, náttúruskáld, kvað optast um blíðu og fegurð náttúrunnar og sameinaði þá hugsun opt við lífskjör sín, var þó laus við þunglyndi og hafði heilbrigða lífsskoðun.

Kvæði hennar munu vera flest, að ég hygg í minni eigu, skrifuð af mér eptir hennar handritum. Í einu safni mínu eru 19 – nítján – kvæði eptir hana.

Að ytra áliti hafði Hólmfr. sáluga fullkominn meðalvöxt á hæð og samsvaraði sér að gildleika, þrúð í framgöngu og svipurinn fríður.

Guðs friður sé með anda þessarar framliðnu merkiskonu sem og hennar jarðnesku leifum.

26. Þriðjudagur. Þerrir á norðan – varð alskýjað um kvöldið. Ég í vinnu.

27. Miðvikudagur. Þykkt lopt og þoka til hádegis, síðan bestir þerrir. Ég í vinnu. – Nýlega kosin ný skólanefnd fyrir Hólshrepp, oddviti hennar: Oddur Guðmundsson, kaupmaður.

28. Fimmtudagur. Þerrir á austnorðan. Ég í vinnu.

29. Föstudagur. Hvass á austnorðan. Þykkt lopt. Ég í vinnu.

Magnús kennari Friðriksson, Arnfirðingur, er verið hafði í tvo vetur barnaskólastjóri í Hnífsdal um vorið, all skyndilega, hafði talað um að bregða sér til Englands; áður en hann fór tók hann peningalán töluvert hjá ýmsum Hnífsdælingum, en var þó maður efnaður. Spurðist síðan að hann væri farinn til Vesturheims. Magnús var víst allgóður kennari, var skynsamur vel og stillilegur í framgöngu, en afar fastur á fé, að því er alsagt var.

30. Laugardagur. All hvasst á norðaustan, þykkt lopt og ýrði nokkuð. Engin vinna og skrifaði ég því töluvert.

31. Sunnudagur. Hríð mikil (regn) á austan. Kvað ég söngvísu þessa:

Forlögin mér færðu sörva-Nál
sem fegurð ytri bar af mörgum svönnum,
en gleymdu einu: að sæma hana sál
svo hún væri teljandi með mönnum.

Fólk það er bjó í sama húsi og ég nú var í og skyldulið mitt, var þetta:

1. Húseigandinn Kristján Halldórsson formaður, Bolvíkingur að ætt.
2. Húsfreyjan Petrína Guðmundsdóttir ættuð úr Ytri-Skálavík, systir Sigurðar Guðmundssonar er dó í snjóflóðinu mikla á Breiðabóli 1. marz þ.á.

Synir húsbændanna:

3. Magnús og
4. Kristján
5. Þórður Þ. Grunnvíkingur, kona hans
6. Sólveig Jónsdóttir; dætur þeirra
7. Ásrún og
8. Emilía Jósefína.
9. Kári Kárasen sjómaður, kona hans
10. Hallfríður Jónsdóttir; börn þeirra tvö:
11. Helga og 12. Kári Síðast en ekki síst
13. Jón skósm. Jónsson, frá Ljáskógum.

Ágúst

1. Miðvikudagur. Stormur, þykkt lopt og kuldi á norðaustan. Engin vinna. Kómu: Bjarney Guðmundsdóttir trúlofuð húskona í Bolungarvík, ættuð úr Arnarfirði og Hafliði Bjarnason vinnum. á Breiðabóli. Hann sagði grasvöxt „í meðal lagi“ í Skálavík. Bjarney sem að ofan getur var gipt áður, missti hún mann sinn eftir tveggja mánaða samveru með Magnúsi Eggertssyni, í mannskaðanum mikla á Bolungarvík 7. jan. 1905. Áttu þau þá heima í Hnífsdal. Unnusti Bjarneyar var nú Halldór Kristjánsson, af Snæfjallaströnd.

2. Þriðjudagur. Sama veður. – Blaðið „Dagur“ er Guðm. Guðmundsson skáld („skólaskáld“) á Ísafirði hafði stýrt í rúmt ár, var nú hætt að koma út, enda orðið afar óvinsælt, vegna svívirðilegra skamma er það hvað eftir annað flutti. Söngvers þetta kvæð ég um útför þess:

Nú er „Dagur“ dauður
djöfuls ópökkinn,
siða og sannleiks snauður
sæmdarmanna hvinn.
Fé er jafnan fóstur líkt.
Sofnaði skjótt á bana beð
blaðið smánarríkt.

Fóstur „Dags“, Guðm. skólaskáld var og kunnur að því að neita upptöku í blaðið ritgerðum og kvæðum ýmsra er voru á annari skoðun en hann, og kom það sér opt, sem líklegt er, meinlega illa. Sennilegt var raunar, að Guðmundur væri ekki sá eini sem leyfði sér slíkt, en rangt er aldrei rétt hvað margir sem stunda það.

3. Miðvikudagur. Hæglátt og þykkt lopt, þurt. Var ég sárvesall – framar vanda – með því útlitið var ekki glæsilegt: vinna sú er ég hafði hangið við á förum og ekkert við að styðjast, það sem ég hafði unnið var naumlega fyrir fæði fyrir mig og mína meðan vinnan var, en vörur allar í afar háu verði. Auk þess skorti mig rúmföt og daglegan klæðnað. Að Guðrún mín styrkti mig þurfti ég ekki að búast

við, skorti hana allt til þess, sálarþrek og áhuga, en „þungt er einum – erfiði tveggja“.

Um vetraratvinnu hafði ég enga von, enda óvíst hvar ég gæti fengið húsnæði, ég var ekki fær um að borga húsaleigu, jafnvel hvað litla sem var, þó ég væri að reyna það. Þar sem ég var nú kostaði húsaleiga 5 kr. á mánuðinn og var það ekki félausra að borga slíkt.

Mér til afþreyingar gekk ég fram í Vatnsnes þennan dag (3. Ág.) þangað sem Þuríður Sundafylli bjó, mældi ég þar forntópt eina er ég hafði ekki mælt fyr, var hún 48 fet á lengd utanveggja; dyrnar sneru út (í norður). Það mun hafa verið skipanaust Þuríðar.

4. Fimmtudagur. Norðangarður með stórhrið (rigningu). Var ég 3 stundir í vinnu.

Um kvöldið kvað ég *grafskrift yfir sjálfan mig* og hljóðar hún svo:

1. Hér er Magnús mögur Hjalta dauður
megnum leystur þrauta kjörum frá,
lífs ferð alla heilsu og happa snauður
hjartasærður ganga mátti sá.
2. Hvað hann leið og hvað hafði að bera
heimur aldrei þekkti fyr né síð,
var sem fæstir vildu þetta gera:
að vita og bæta hans mikla sálarstríð.
3. Fæstum þó hann sorgir tjáði sínar,
sitt í hljóði bar hann jafnan ok,
það vóru hans orð: „ég veit að neið mín dvínar,
þó verði’ ei fyr en æfidags við lok“.
4. Hann hafði jafnan ljúfa lyst til kvæða
og löngum gladdi höfugt sinnu mið,
en fáir vildu sjálfs hans sárin græða
sem þeim ekki kæmi þvílíkt við.
5. Veikt með kvölum var hans sálar hreisi,
víst því duldist gleðisunna fríð;
hungur, nekt og hluttekningarleysi
honum optast fylgdi lífs um tíð.
6. Vel er nú, þú veiki, særði maður
vikinn ert af lífsins þyrnibraut,
vel er nú þó heimur glópsku hraður
hendi ei lengur steinum þér í skaut.

7. Þar kom að, úr þungu neyðarstríði
þráða lausn þú fékkst og grafarró,
þar kom að, að önd þín ítur flýði
í þann stað sem gæfa þín er nóg.

5. Föstudagur. Þykkt lopt og þoka til hádegis, svo bezti þerrir. Ég í vinnu.

6. Laugardagur. Þykkt lopt og þoka með skúrum til dagmála, svo bezti þerrir. Var ég í vinnu. Afmælisdagur minn. Nú var ég 37 ára að aldri, fæddur 6. ágúst 1873.

Gufuskipið „Ásgeir stóri“ lá með kolafarm á Víkinni, keyptu ýmsir sér kol til vetrarins, en ekki gat ég verið þar með – fékk ekkert.

7. Sunnudagur. Blítt veður; allgóður þerrir. Ég vesall mjög, afreit þó grafskript mína og sendi vini mínum, Oddi kaupm. hana. – Kom gufuskipið „Vestri“ norðan. Með því fékk ég bréf frá góðvini mínum Guðjóni skáldyrðingi og barnakennara Kristmundssyni í Vatnshorni í Strandasýslu. Þar höfðu bændur flestallir, þrátt fyrir harðærið, haldið öllum skepnum sínum um vorið. – Guðjón óskaði eptir að ég væri kominn á gott sveitarheimili norður þar – og sveita lífið, íslenzkt sveitalíf, var mér kærast, þó kringumstæðurnar og ekki síst kvonfang mitt, leyfði mér aldrei slíkt. – Sólveig Jónsdóttir, kona Þórðar Grunnvíkings kom með „Vestra“ norðan þetta sinn, hafði farið til æskustöðva sinna, í Árneshrepp, að finna skyldfólk sitt: móður, bræður m.m. Faðir Sólveigar Jón Gíslason óðalsbóndi á Munaðarnesi hafði andast í maí þ. ár, og var því líka erindi Sólveigar norður að annast eitthvað um föðurarf sinn. Hafði Sólveig gott af för þessari, því skyldfólk hennar allt, svo og kunnfólk, sýndi henni bezta hluttekningu, og var því ólíkt að sjá hvers hún hafði notið hjá ættfólki sínu, við það sem Guðrún fylgikona mín hafði fengið hjá skyldfólki sínu í Súgandafirði, er hún hafði sótt fund þess, sem næstum ekkert lét af hendi rakna, og eins þótt Guðrún mín reitti sig að skyrtunni til að færa því eitthvað, því aldrei skar hún upp á neglur sér ef hún hafði einhver ráð. Einu sinni gaf hún móður sinni vörur upp á 20 kr., en móðir hennar gaf henni aptur 2 króna virði!

8. Mánudagur. Bezti þerrir. Ég í vinnu.

9. Þriðjudagur. Bezti þerrir. Ég í vinnu. Kvöldið fyrir (8.) fór Jóh. Sörensen brauðgerðarmaður (fyrrum kaupmaður) ofan í fjöru, með hlaðna byssu, í því skyni að skjóta þar fugl (á flugi), miðaði hann byssunni og beindi hanni heim að húsunum, þó kæruleysislega væri gert, og fór svo að skotið fór inn um glugga á verbúð Péturs kaupmanns Oddssonar, er bróðir hans – Oddur formaður Oddsson bjó í; en svo heppilega vildi til, að kona Odds formanns, Hervör Helgadóttir frá Bíldudal og önnur stúlka til, Guðrún Ólafsd. í Bolungarvík, voru nýsked gengnar frá glugganum er skotið reid af, og varð því ekki slys, en í meira lagi mátti þetta heita *óvarlega skotið*.

10. Miðvikudagur. Þykkt lopt mestan hluta dagsins, þerrir um og eptir nónið, varð svo alskýjað aptur. Ég í vinnu.

11. Fimmtudagur. Þerrir ágætur. Ég í vinnu. Kr. H. Jónsson á Ísafirði, fyrrum

ritstjóri blaðsins „Vestra“, tók um vorið til ábúðar hálfa jörðina Tungu í Fljóti í Sléttuhreppi, og var hann nú við heyjannir, norður þar, en fjölskylda hans var þó enn á Ísafirði. Kristján var maður duglegur til vinnu og góður félagsmaður, en mjög sýndist nú hagur hans eða hugsunarháttur breyttur, því mjög var annað að búa í fámenni norður í Fljóti, en að eiga heima í sollinum á Ísafirði og lifa þar við alls nægtir hvað velferð líkamans snerti.

12. Föstudagur. Brakandi þerrir á norðan. Ég í vinnu. – Ól 16 ára gömul stúlka í Bolungarvík barn, Ásta Guðmundsdóttir að nafni. Gekk það all vel. Barnið var sveinn. Óvíst um föðurinn. Það eru raunar engin tíðindi þó stúlka eigi barn, en að jafn ung stúlka eigi barn, mega heita tíðindi, því það er á Íslandi mjög fátítt. Eina stúlku þekkti ég er átti barn um 16 ára gömul, það var Ingibjörg Sigurlínadóttir í Dýrafirði, er varð síðan kona Arnfinns bónda Jónssonar í Ytri-Lambadal, og átti hann barn það er hún átti svo ung, sem að ofan getur.

13. Laugardagur. Sama veður. Ég í vinnu. Meðal annars er unnið var, var blaut-fisks-hría er kvennfólkið hlóð og var hún ólagleg mjög. Þegar hún var búin kvað ég vísu þessa:

Loks er búin hrían há
hana flest vill prýða;
margir koma munu að sjá
meistaraverkið fríða.

Fyrir fáum vikum ól 15 ára gömul stúlka á Dynjanda í Grunnavíkurbreppi barn. Óvíst um föðurinn. Stúlka sú heitir Jasína Guðleifsdóttir og er ættuð úr Grunnavíkurbreppi.

Laugardaginn 9. f.m. (júlí) hrapaði til bana úr egginni milli Kálfatinda og Dyra-skarða, Guðmundur Márússon bóndi í Furufirði. 200 til 300 faðma niður frá brún-inni, telja menn sig í sjónauka sjá lík hans, á hyllu í bjarginu og telja beztu fylg-ingar norður þar ómögulegt að ná því, án þess fleiri menn hafi dauða; verður því líkið að vera þarna, þó leiðinlegt sé að vita það svo, „fuglum himinsins að bráð“.

Ekkja Guðmundar sál. Márússonar er Sigurborg Þorleifsdóttir frá Bolungarvík í Grunnavíkurbreppi. Þau áttu mörg börn og voru fátæk. – Guðmundur Márússon slasaðist stórkostlega vorið fyrir (1909), en þessa hefir hann þó átt að bíða. „Eng-inn er sæll fyrir sitt endadægur.“

Nýlega andaðist að Betaníu í Öndarfirði Guðmundur Kristjánsson, ekkju-maður, fyrrum bóndi í Innri-Tungu og Tannanesi, systursonur fóstur minnar. Kona hans var Rannveig Gunnlaugsdóttir úr Álptafirði. Þau áttu 3 dætur og kómust tvær þeirra til fullorðinsára: Arnfríður, kona Ólafs Hafliðasonar á Betaníu og Salóme Herdís, ógípt í Öndarfirði. – Guðmundur sál. var kátur í lund og góður smiður.

14. Sunnudagur. Brakandi þerrir. Heimsótti mig velgjörðarkona mín Rósa Snæ-björnsdóttir í Meira Hrauni. Illt þótti mér að verða að láta hana fara, án þess að geta vikið henni nokkuru verulega, en þó varð það svo að vera.

15. Mánudagur. Brakandi þerrir. Ég í vinnu.

16. Þriðjudagur. Sami beljandi þerririnn á norðan. Ég í vinnu. – Oddur Guð-

mundsson kaupm. í Bol.vík hafði nú keypt af Jóhanni trésmið Bárðarsyni helming húss þess er Jóhann átti og kostaði það (hálf húsíð, suðurendinn) 3200 kr. Hinn helminginn átti Jóhann J. Eyfirðingur. Jóhann Bárðarson færði sig inn á Grundir, í hús það er Elías formaður, er fór til Ameríku, átti, en sem Hálf dán hreppstjóri Örnólfsson í Meirihlíð hafði keypt.

17. Miðvikudagur. Norðan þerrir. – Aldrei rigning. Ég í v. Kvað ég vísu þessa og nefndi hana *Sitt hvað*. Hún er svo:

Keila, tarfur, salur, sól,
sauður, asni hari,
bjarndýr, skarfur, hvalur, hjól,
hestur, forsöngvari.

Um síðastliðin mánaðamót andaðist móðurbróðir minn Guðbjartur bóndi Kristjánsson á Borg í Arnarfirði. Ekkja hans er Guðríður Þórðardóttir frá Kistufelli í Lundareykjadal. Þau áttu eina dóttur barna, Guðbjörgu að nafni. Guðbjartur sál. var efnaður vel og sterkur maður sem hann átti kyn til.

18. Fimmtudagur. Austan þerrir. Ég í vinnu.

19. Föstudagur. Blíð- og fagurviðri. Bezti þerrir. Ég í v. Um kvöldið gerði þoku mikla.

Um vorið andaðist í Öfundarfirði (á Vöðlum;) Júlíus Sesar Þorsteinsson Breiðfirðingur, skrifari mikill, fæddur 12. júlí 1841. Hann var hár maður vexti og fornmannlegur á svip, skýr og fróður, þægilegur jafnan og orðheldinn. Ekki var honum kennt að skrifa í æsku og sjálflærði hann þá list um þrítugsaldur, og var hann þá sjómaður (við róðra) suður undir Jökli, en síðan skrifaði hann afar mikið, einkum rímur og sögur og er hann með þeim mestu í þeirri grein. Hann ritaði fallega og skilmerkilega hönd. Skrá yfir það mesta er hann afreit, er í dagbók minni 1903 (í Sept. og Október). – Júl. sálugi lætur eptir sig eina dóttur, Elísabetu að nafni, og góða minningu.

20. Laugardagur. Pykkt lopt, stillt og nokkur þoka. Sóttum við, ég, Guðrún mín og Einar Sk. sonur okkar, heimboð út að Meira-Hrauni í Skálavík. Bezta viðtökur.

21. Sunnudagur. Pykkt lopt, stillt, sólfar eptir nónn. Vorum við um kyrrt í Hrauni. Vóru gefin saman í hjónaband í Hólskirkju: Illugi Guðbjartur Sigurðsson og ungfrú Halldóra Margrét Sigurðardóttir frá Meiribakka. Þau voru hin fyrstu hjón í Skálavík er gipt voru eptir „Helgisíðabókinni“. Brúðhjónin kómu heim um kvöldið, og vorum við í brúðkaupsgleði þeirri er þau héldu.

Jón gamli Guðmundsson og Sigrún Guðmundsdóttir höfðu farið frá Minna-Hrauni um vorið, á sveit sína, Grunnavíkurhrepp, sökum þess að taka þurftu þau sveitarlán um veturinn, en nú bjuggu að Minnahrauni Gísli Jósefsson og Hallbera Jónasdóttir, áður húshjón á Breiðabóli, áttu þau 4 börn, en áttu ekki gangandi pening utan 2 ær, því leiguær í Hrauni höfðu farist allar um vorið, sex tals, og voru þau hjón því all fátæk en kunnu vel við sig og nýttu vel jörðina.

22. Mánudagur. Blíðviðri með skúrum. Fórum heim, sem leið liggur yfir Skála-

víkurheiði. Sonur minn Einar Skarphéðinn bjó vísupart þennan til um ketling er hann átti og kallaði Snotru:

„Verður einatt aumingi,
alla sína æfi“

Ég setti framan við: (í orðastað sonar míns)

Snotra mín er snuddandi,
snýst að sínu hæfi.

23. Þriðjudagur.¹ Sunnan blíða. Hundadagar enda og höfðu þeir verið góðir að þessu sinni og þó einkum seinni hluti þeirra. Gerði ég ýmislegt, var að reyna að útvega mér húsnæði o.fl.

24. Miðvikudagur. Sama góðviðrið. Var ég í vinnu.

Nýlega fannst dáinn, sjórekinn á Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals, Helgi Gunnlaugsson frá Grafarósi; talið var að hann hefði fyrirfarið sér því grjót var í vösum hans. Helgi sálugi var form. um vorið, á mótur er Björn Helgi tengdabróðir minn í Hnífsdal átti en hvarf skyndilega eptir vertíðarlokin, hvað sem því hefir ollað. Björn Helgi annaðist um útför hans og hafði farist það vel.

25. Fimmtudagur. Sama blíðviðrið. Fékkst 4 stunda vinna og sinnti ég henni. Fékk ég loforð fyrir mánaðarhúsnæði, inn á Grundum, í húsi Halldórs Hávarðarsonar.

26. Föstudagur. Sunnanátt. Ég í vinnu.

27. Laugardagur. Blíðviðris þerrir. Ég í vinnu til nóns, svo að flytja mig inn á Grundir (úr húsi Kristjáns Halldórssonar). Kona Halldórs Hávarðarsonar var Halldóra Halldórsdóttir frá Smáhömrum í Steingrímsfirði. Þau áttu börn mörg. Heimsótti mig Helgi skyti og formaður Sigurðsson á Suðureyri í Súgandafirði og Oddur Oddsson húsm. s.st.

28. Sunnudagur. Sama blíðviðrið. Skólanefnd Hólshrepps hélt fund með sér. Yfirkennari kosinn Sigurður Kristjánsson búfræðingur. Gerði ég ýmislegt, var þó sárveikur í höfðinu og brjóstinu svo varla hafði ég viðþol. Meðal annars ritaði ég bréf á Myndasmiðju Björns Pálssonar á Ísafirði, beiddi um 2 viðaukamyndir af mér, frá því ég var 23ja ára (1896). Hafði ég í hug að koma æfiágripi mínu og mynd af mér í blaðið „Óðinn“ – var hvattur til þess.

29. Mánudagur. Höfuðdagur. Blíðviðri, með úða stundum. Lá ég fárveikur. Kom Stefán bóndi Stefánss. á Hóli (í Bol.vík). Hann var trésmiður, bréfhirðingamaður og bólusetjari. Stefán var fæddur að Hrafnhóli í Hjaltadal 1. sunnudag í vetri 1854.

30. Þriðjudagur. Sama veður. Var ég á fótum. Reit ég æfiágrip mitt. Kómu: Stefán á Hóli og Kristín Bjarnadóttir lausakona í Bolungarvík, heitmey Sigurbjarnar Sigurðssonar frá Steig í Grunnavíkurhreppi.

31. Miðvikudagur. Þoka og hellirigning. Gerði ég ýmislegt.

1 Lbs 2227 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

September

1. Fimmtudagur. Kæla á norðan, þykkt lopt og nokkur þoka. Ég í vinnu. Kómu: Guðrún ekkja Jónasdóttir og Kristín gamla Oddsdóttir (fædd 1835) báðar til heimilis í Bolungarvík. – Kvað ég stöku þessa (við tækifæri).

Þegar ýmsir bónorðsbréf
beiddu mig að rita
loforð efnt það löngum hef:
láta engan vita.

2. Föstudagur. Sama veður fram yfir nón, svo þurt á norðan. Fór ég yfir að Ósi, beiddi að selja mér 1 fjórðung af súr, en ekki gat það gengið. Á Ósi bjó nú Friðrik Ólafsson, bróðir Halldórs frá Góustöðum í Skutilsfirði. Kona Fr. var Sesselja Einarsdóttir úr Dýrafirði. Þau hjón voru vel metin. Ég beðinn um vísur mínar *Til sól-arinnar*, reit ég þær um kvöldið (eptir minni).

3. Laugardagur. Hvass á suðaustan, þykkt lopt; rigndi eptir nón. Ég í vinnu. Kom sýslumaður M.T. út í Bolungarvík til að halda uppboð á eptirstöðvum af eignum Jóns sál. frá Ljótunnarstöðum. – Fertransrímur Sigurðar Breiðfjörðs prentaðar að nýju (önnur útg.), keypti ég 1 eintak. Voru þær afar rangt prentaðar og gegndi furðu að nokkur prentari eða prófarkaskoðari lét slíkt sjást eptir sig. Var fyrri útgáfan nógu röng og hefði þessi ekki átt að vera verri.

4. Sunnudagur. Hvass á suðaustan með nokkru úri. Fór ég á fund Odds kaupmanns Guðmundssonar til að vita hvort ég gæti fengið nokkuð lán upp á veturinn.

5. Mánudagur. Stormur um nóttina en hægði með morgninum, þykkt lopt, og var svo veðri farið fram til nóns, gerði þá stórhrið á útvestan. Ég í vinnu, við að rífa niður ljós fyrir H. Hávarðarson.

6. Þriðjudagur. Gjóstur og allmikið regn. Kom Guðm. bóndi Þorgilsson á Breiðabóli, hann beiddi mig að skrifa fyrir sig bréf til þessara manna: Jóns Jónss. óðalsbónda í Tröllatungu, Halldórs Jónss. óðalsb. á Rauðamýri og Halld. hreppstjóra Gunnarssonar í Skálavík. Var ég að torfverki fyrir H. Hávarðarson.

7. Miðvikudagur. Þurt fyrir hlutan, svo hellirigning. Ég í vinnu.

8. Fimmtudagur. Gott veður, lítið úr. Ég að torfverki. Kómu: Oddur kaupm. Guðmundsson í Bolungarvík, Guðbj. skáldyrðingur Ólafsson, Bolungarv., Þuríður Tómasdóttir húskona í Bol.vík og Brynjólfur Sveinsson ekkjumaður í Bol.vík. Hann var einn af þeim er afi minn, sr. Magnús Þórðarson, skýrði, og hélt langafi minn, sr. Þórður Þorsteinsson, honum undir skýrn. Brynjólfur var fæddur í Hattardalskoti 1840.

9. Föstudagur. Með skúrum. Ég að torfverki. Skrifaði ég bréf fyrir Br. gamla Sveinsson, til Jóns bónda Jónssonar á Dynjanda í Arnarf. Kom pósturinn til Bolungarvíkur.

10. Laugardagur. Með skúrum. Ég í vinnu. Kómu: Jens Jónsson húsm. í Bolungarvík, Stefán bréfhirðingamaður á Hóli og Skúli Þórðarson (Grunnvíkings), norðan

úr Furufirði; hafði verið léður þangað um sumarið, en kom nú heim til foreldra-anna.

11. Sunnudagur. Allhvass á vestan, rigndi síðari hlutan. Ég eyðilagður – gat ekki sofið – af tannkvöl.

12. Mánudagur. Hvasst með hellirigningu fyrri hlutan, birti svo og gerði rok. Gerði ég ýmislegt. Meðal annars var ég að reyna að fá atvinnu upp á veturinn, en ekkert gekk; eins hafði ég enga von um að fá nokkra matbjörg, því kaupmenn kváðust ekki lána. Var því sorglegt útlit hjá mér, því ekki hét að ég ætti mat til næsta máls. – Um kvöldið byrjaði ég að uppskrifa – enn á ný – rímur mínar af Fjalla-Eyvindi. – Stefndi Sveinn Vopnfirðingur í Bolungarvík Kristjáni formanni Erlendssyni fyrir það að Kristján hafði í öldrykkju slegið nefndan Svein á höfuðið, svo vendilega að tvær tönnur brotnuðu. Um barsmið þessa hafði Þórður Grunnvíkingur nú ort rímu undir Hagkveðlingahætti.

13. Þriðjudagur. Stormur á suðvestan. Ég í vinnu.

14. Miðvikudagur. Bezti þerrir á vestan. Ég í vinnu. Um sumarið voru vígðir tveir biskupar (vígslubiskupar), sinn fyrir hvort hið forna biskupsdæmi. Kosningu hluti: Í Hólabiskupsdæmi Geir Sæmundsson, í Skálholtsbiskupsdæmi Valdimar Briem.

15. Fimmtudagur. Þurt veður að mestu. Um morguninn orti ég brúðkaupskvæði, 3 vers, til Illuga Guðbjartar og Halldóru Sigurðardóttur er gipt voru í f.m. Kom ég ekki við að yrkja kvæði fyr. Það hljóðar svo:

1. Svo ljúfa rós hjá fífli æskufríðum
með fögur blóm ég sá í dala hlíðum,
þau sveigðu blöðin saman, við sólar morgunljós,
það fékk mér frið og yndi, því fífill kyssti rós.
Eygló skær, unaðs kjörin, árdagsblær
ekru blöðin hræði árdagsblær.
2. Guðbjartur í góðum manndóms blóma
gefni unga festi marar ljóma,
Halldóra sú heitir, ið hugarljúfa fljóð,
með vonarhýr í hjarta og hreina kærleiksglóð
Brúðhjón frið! blómgist ykkar gengi, auðnutíð,
ykkur brosi lengi; auðnutíð.
3. Ást og von í ykkar brjóstum dafni,
yndis blómum framtíð ykkar safni,
og trúin glæðist góða er gefur anda skjól,
og lofsæl minning lifi þó lækki æfisól.
Haf og grund hvort að sínu leyti, gull í mund
göfugt ykkur veiti. Gull í mund.

Eptir að hafa lokið við kvæðið, fór ég í vinnu,
16. Föstudagur. Gott veður austan, þurt. Frosthéla um morguninn. Kvað ég vísu þessa.

Illu lízt mér á þig J (= joð),
illt er í brúnum þínum,
varla muntu verða stoð
vesalingum mínum.

Datt fjöggra ára gamall drengur, Marís Haraldsson að nafni, út um glugga í Bolungarvík og slasaðist mikið.

Kómu: Áslaug skáldkona Gísladóttir á Ísafirði, Málfr. Jónsdóttir gipt kona s.st. og Theódór Guðmundsson húsm. á Ísaf.

Fréttir: Finnbogi Magnússon á Ísafirði drap að mestu, í poka er hann dró upp í siglutré, fjöggra ára gamlan dreng Elías Guðmundsson að nafni.

Þá höfðu og strákar á Ísaf. um sumarið drepíð tvo ketti á hryllilegan hátt, af öðrum þeirra skáru þeir allar lappirnar og skildu svo við hann.

17. Laugardagur. Stormur með stórhrið um nóttina og fram á morgun, birti þá og hægði. Um nóttina hafði snjóað á fjöll. Um nónbil skall aptur á stórhrið og um kvöldið snjóaði til sjóar. - Trúlofuðust opinberlega Jens Þórðarson og Halldóra G. Halldórsd. frá Góustöðum, bæði til heimilis í Bol.v.

18. Sunnudagur. Kæla á norðan, þurt, skýjað lopt og snjór til sjóar um morguninn. Heiðrki síðari hlutan og tók upp snjóinn að mestu. Kl. 5 um morguninn datt út af briggju á Ísafirði og beið bana af, Þorkell Guðmundsson snikkari í Bolungarvík, mikilmenni og ágætur drengur; lét eptir sig ekkju Jóhönnu að nafni og 3 drengi.

19. Mánudagur. Hvass á norðvestan þykkt lopt. Ég í vinnu. Kvað ég við son minn:

Nú er húfan nokkuð lágt á niðja mínum;
lyptu ögn frá augum þínum
að þú verðir skárri sýnum.

20. Þriðjudagur. Ofviðri á vestan. Nú sagði Pétur kaupm. Oddsson mér upp að lána mér og þyrfti ég ekki að koma lengur til sín „í því skyni“. Sá ég ekki nokkur úrræði.

Kvað ég í „kort“ fyrir son minn 2 vísur til Rósu Snæbjörnsdóttur húsf. í Meira-Hrauni.

21. Miðvikudagur. Ofviðri á norðvestan. Hjálpaði ég Sigríði Hávarðardóttur á Grundarhóli er var ein heima með börn að gjöra þar við baðstofugrenið, því búinn var stormurinn að svipta algjörlega af þakmyndinni og bærinn á hinn bóginn orðinn svo hrörlegur sökum elli, að óhæfur mátti hann heita til íbúðar.

Nú var mér sagt upp um húsnæðið í húsi H. Háv.

22. Fimmtudagur. Með jellum á útnorðan. Ferðaðist ég út að Meira-Hrauni, fékk beztu viðtökur; heim aptur um kvöldið.

23. Föstudagur. Hvasst á norðan, þykkt lopt; með jeljum eptir nón. Skrifaði ég tvö bréf fyrir konu.

24. Laugardagur. Mikið ofankafald. Vísu þessa kvað ég heima hjá Oddi kaupm., en hann var ekki heima er ég kom:

Hér er ég nú heilla vin,
hvörmum beiti að línum,
verður seint mín löngun lin
að labba að húsum þínum.

Jósefína frú O. kaupmanns lánaði mér bók til að lesa í þangað til Oddur kom heim og því tók ég svo til orða: „hvörmum beiti að línum.“

25. Sunnudagur. Kafaldsbleytubylur og snjóaði til sjóar. Kom Sigurður bóndi Sigurðsson í Meira-Hrauni. Geysi mikil hafísspilda úti fyrir Húnaflóa. Kómu kýr á gjöf í Bolungarvík.

26. Mánudagur. Hvasst á norðan og kalt. Snjór til sjóar og mikið frost.

27. Þriðjudagur. Sama veður. Vörur upp á veturinn voru nú kaupmenn í Bolungarvík búnir að fá og gátu allir fengið eitthvað – nema ég.

28. Miðvikudagur. Allhvasst, með nokkru kafaldi. Heimsótti mig Sigurður bóndi Sigurðsson í Meira-Hrauni og *bauð* mér, ásamt konu minni, *ókeypis húsnæði og eldivið* hjá sér yfir veturinn. Þótti mér slíkt vel boðið og gekk ég að slíku, sem eðlilegt var.

Nýlega missti Jón bóndi Magnússon á Minnibakka mótor er hann átti, sleit hann upp í brimi þar í Skálavík og brotnaði í spón.

29. Fimmtudagur. Bleytubylur á norðan.

30. Föstudagur. Stormur á austan með nokkurri hríð.

Fór ég út í Skálavík, að Meira Hrauni; bar í bak og fyrir. Í þ.m. kvað ég þessa vísu:

Opt er lífsins úfin braut,
andans tálmar hvötum,
eitt er víst að skín ei skraut
skálds á sparifötum.

Miklum framförum hafði Bolungarvík tekið á síðustu 15 árum, ekki síst með húsabyggingum, en ekki var menntun orðin að því skapi – síst hjá fjöldanum.

Október

1. Laugardagur. Stormur á suðaustan. Um nóttina var stórhríð og hafði leyst mikið.

Barnaskóli Hólshrepps settur. Yfirkennari: Sig. Kristjánsson búfræðingur. Undirkennarar: Jóhann Scheving (úr Svarfaðardal); Kristín Guðmundsdóttir (fr. Hafraf. í Skut.f.) og Margr. dóttir úr Húnavatnssýslu (frá Sveðjustöðum?).

2. Sunnudagur. Bezta veður, heiðríki og stilling.

Flutti ég og skyldulið mitt úr Bolungarvík að Meira Hrauni í Ytri-Skálavík; hafði ég fengið loforð fyrir endurgjaldslausu húsnæði þar, til Páska. Fórum sem leið liggur yfir Skálavíkurheiði. Hvergi var hægt að fá hest og bar ég mig klyfjaðan í brjóst og bak. Það var hvorttveggja að ég var fátækur, enda var sem mönnum stæði stuggur af mér – fátækt minni. 23. f.m. (Sept.) lauk ég við að uppskrifa rímur mínar af Fjalla-Eyvindi.

3. Mánudagur. Gott veður, hálfþykkt lopt. Sótti ég klyfjar á 2 hestum er ég fékk lánaða í Meira-Hrauni inn í Bolungarvík; heim í myrkri um kv. Heimilisfólk í Meira Hrauni, auk mín og skylduliðs míns, var: bóndinn Sigurðr Sigurðsson, maður allfríður sýnum, sterkur vel og drengur góður; húsfreyjan Rósa Snæbjörnsdóttir, lág í vexti og ljótbrýnd, allgreind en ekki hyggin og þóttist hún manni sínum vangefin, en það var ekki og víst var hann betri maður en hún. Var Rósa jafnan talin „bóndinn og húsfreyjan“. Þá var vinnumaður þar sonur húsbændanna Kristján Jóhann að nafni, innan við tvítugt, maður all smáskitlegur og líkur móður sinni; léttadrengur: Guðmundur Jasonarson úr Bolungarvík og tökubarn Ingólfur Ólafsson úr Bolungarvík. Illugi Guðbjartur flutti þaðan með konu sína um haustið. Var „Bjartur“ ólíkur móður sinni (Rósu í Hrauni); kunni hann ekki við heimilis-háttu þar, og ekki kona hans, og fóru því þaðan burtu, inn í Bolungarvík.

Mjög var ég nú látinn vel í Hrauni og gerði Rósa mér flest til þægðar, og hefði átt að vita á gott.

4. Þriðjudagur. Rigning á vestan. Gerði ég við kálgarð fyrir Sigurð bónda.

5. Miðvikudagur. Með kafaldságöngum á útvestan. Ég við kálgarð.

6. Fimmtudagur. Með bleytujeljum fyrri hlutan, heiðbirti svo, en gerði aptur illviðri um kvöldið. Reit ég sérstaka æfiminningu Hólmlfr. Kr. Sigurðardóttur skálds frá Bíldudal er andaðist í júlímánuði þ.á., og æfiminningu Júlíusar S. Þorsteinssonar frá Vöðlum, er andaðist síðastl. vor, hafði í hug að koma þeim í „Vestra“.

7. Föstudagur. Gjóstur á austnorðan, all þykkt lopt.

8. Laugardagur. Kafaldsbleyta á suðvestan. Um nóttina hafði snjóað til sjóar. Hreppskilaping Hólshrepps haldið í barnaskólahúsi hreppsins, í Bolungarvík.

9. Sunnudagur. Um nóttina var ofviðri með stórhrið (regni) en hægði með morgninum og fólvaði yfir, heiðbirti svo og gerði gott veður. Fór ég inn í Bolungarvík, gisti að Þórðar Grunnvíkings við ólund og illan greiða.

Kunnugt var að P. Grunnvíkingur hafði ýmugust á mér í kveðskap þó ekki léti hann það beint uppi, og kvað svo ramt að því að kona hans, Sólveig Jónsdóttir, mátti aldrei kveða ljóð eptir mig svo hann heyrði. Poldi hann því jafnan illa ef einhver hrósaði kveðskap mínum.

10. Mánudagur. Bylur á norðan, ofsa-hvasst. Var ég að ýmsum snúningum þar innfrá. Þá var mér birt stefna í skuldamáli, útgefin af Magnúsi Torfasyni sýslumanni, fyrir hönd Guðm. Hannessonar málfl.manns. Átti ég að mæta fyrir gestarétti Ísafj.sýslu, föstudaginn 28. þ.m. kl. 3 e.hd. Ég fór heim, út að Meira-Hr., um kvöldið.

11. Þriðjudagur. Allhvasst, heiðríkt að mestu; hart frost. Töluverður snjór.

12. Miðvikudagur. Gott veður á norðvestan, þykkt loft; með smáskúrum frá dagmálum. Orti ég: *Til Salómear Pálmadóttur á Meiri-Bakka*, alls 14 erindi. Þau hljóða svo:

- | | |
|---|---|
| 1. Græddu heiður, höpp og fé,
hlýtt þér unni dróttir,
sætan unga Salóme
siðug Pálmadóttir. | 8. Hjá þér þróist hagsæld fríð
hrundin sálar spaka.
Þetta litla ljóðasmíð
læt ég enda taka. |
| 2. Veit ég þú ert hugarhress
hrannarlogatróða,
líka áttu ætt til þess
yngismeyjan góða. | 9. Eflaust gleðst ég geðs um rann
gæddur happa ráði,
ef þú kyssir karlinn þann
kvæðið sem að skráði. |
| 3. Finn ég það í fari þín
fríð sem hjartans vekur,
hjá gáfan góða skín
og læst sem blómgast tekur. | 10. Þér að segja gullsól góð
glöð með dáðum klárum,
í hæstu metum hafði ég fljóð
hérna fyr á árum. |
| 4. Gott er að eiga glaðvært þel
og gáfna fjörgan blóma,
en betra er því að verja vel
og vingan hljóta fróma. | 11. Opt við þeirra ástar þel
undi ég brag að smíða,
þeim hefir líka látið vel
á ljóðin mín að hlíða. |
| 5. Öllum saman um það ber
athugun við beina,
dýrmætari dyggðin er
en djásn af gulli hreina. | 12. Þegar eg er orðinn mát,
orpinn grafar dýnum,
vona ég að vífin kát
að vísun hlynni mínum. |
| 6. Allt sem góðan á sér stað
og ávöxt helst má bera,
fús ég vona að finnist það
í fari þínu vera. | 13. Ég þá upp í guða geim
gleðst við breytni slíka,
máské verðir þú með þeim
og þetta gjörir líka. |
| 7. Vertu líka viðmótsgóð,
varastu lundu stirða,
allt sem lýsir sóma sjóð
sé þér ljúft að virða. | 14. Við skulum bæði vona það;
veröld hvað sem metur,
að við hljótum happastað,
sem haggast aldrei getur. |

13. Fimmtudagur. Sunnan frostleysa. Fór ég yfir að Minna-Hrauni. Þar bjuggu Gísli Jósefsson og Hallbera Jónasdóttir. Þau áttu 4 börn, elst þeirra var Ágústína Guðjóna, hún gekk nú á aðalskóla hreppsins og var í dvöl þar inn frá. Í Minna Hrauni sá ég byrjun á Króka-Refsrímum, eptir Brynjólf Þorsteinsson á Snæfjallaströnd (dó 1909), að eins 8 erindi og hafði hann ekki verið búinn með meira. Frumrit erinda þessara fékk ég hjá Hallberu, gegn því að ég afritaði þau fyrir hana, en hún var náfrænka höfundarins.

14. Föstudagur. Ofviðri og hríð á sunnan til háð., gekk þá út í og þornaði.

15. Laugardagur. Blíðviðri og þykkt lopt fram á hádegi, svo kyngihríð fram á nótt. Fór ég inn í Bol.vík – ónýtisferð. – Nýskeyð andaðist snögglega Þórdís Jensdóttir, kona sr. Þorvaldar Jónssonar á Ísaf. – Nýlega hljóp grjótskriða mikil úr fjallinu fyrir framan Hól í Bolungarvík og gerði skemmdir miklar á engjum.

16. Sunnudagur. Þoka og úrfelli til dagmála, birti þá og þornaði. Skrifaði ég upp fyrir Rósu í Meira-Hrauni brúðkaupskvæði það er ég orti 15. f.m. – Bar kvíga hjá Sigurði og Rósu, átti að ala kálfinn og voru það allir nautgripirnir, en 20 sauðfjár áttu þau og 2 hesta, og var það fremur rýr búpeningur, Meira-Hraun var þó góð jörð, slægna mikil og beitargóð, þó túnið væri fremur slæmt. Þann sið hafði Rósa í Hrauni að krossa jafnan yfir kýr er hún lauk við að mjólka þær.

17. Mánudagur. Stíllt veður heiðríkt, nokkuð frost. Reiddi ég á túnið og lauk við fjóshauginn.

18. Þriðjudagur. Bezta veður um morg., heiðríki og nokkuð frost svo með jeli-um til nóns og hrímaði til fjallanna; birti eptir nónið og frysti í byggð. Var ég að reiða fjárhúshauga á túnið, einn sem daginn fyrir, því Sig. bóndi var að leita að kindum og Kristján sonur hans eitthvað við róðra inn í Vík.

19. Miðvikudagur. Bezta v. Reiddi ég hesthúshaug á túnið og lauk þar með við það og hafði ég þá reitt á það nær 3 hundr. hesta. Var nóg til af fornu taði og var því hægt að fá nógan áburð á túnið einu sinni.

20. Fimmtudagur. Hvass á vestan. Fór ég inn í Bol.vík; heim aptur um kvöldið. Hvergi var hægt að fá lán.

21. Föstudagur. Stormur á vestan. Kom Jóhanna Friðmey, ekkja í Bolungarvík, að finna son sinn Guðm. litla Jasonason er var léttadr. í Hrauni. Fylgdi ég Jóhönnu til baka, inn í Bolungarvík og gisti ég þar um nóttina, að Gunnars Jónassonar skáldyrðings. Hafði Gunnar verið á Sauðárkrók um sumarið sem afgreiðslumaður og kona hans Bjarnveig Jóhannsdóttir í kaupavinnu á Bollast. í Húnavatnssýslu, hjá Péttri sáttasemjara, hafði hún 9 kr. í kaup um vikuna og fékk það í peningum, skilvíslega borgað. Á Bollastöðum var þá 5 1/2 hundrað fjár (sauðpenings) auk nauta og hrossa. Símon Dalaskáld er um all-langan tíma hafði verið á geðveikra hælínu Kleppi, var nú orðinn heilbrigður og dvaldi nú á Hafgrímsstöðum í Skaga-firði. Árið áður, 1909, hafði komið á prent eptir hann ljóðasafn er „Hallfreður“ hét; var því skáldið og rímlistarvinurinn, þó gamall væri orðinn, enn við list sína. Í kvæðasafni þessu var margt fagurt og merkilegt og höfðu margir keypt það fegins

hendi. Það kostaði 75 aura. Björn Halldórsson í Bolungarvík var nú að taka út 30 daga vatns- og brauðs hegningu er hann var dæmdur í út af fráfalli Jóns frá Ljótunnarstöðum. – 15. þ.m. kom út á Ísaf. 49. tölubl. IX. árg. „Vestra“; í því voru prentaðar æfiminningar þær er ég reit 6. þ.m.

22. Laugardagur. Blíðviðri á vestan. Alautt. Fór ég heim. Nú var ég búinn að halda dagbók í 18 ár. Var ég ferlega veikur – um nóttina.

23. Sunnudagur. Sama veður. Ég hressari, en þó sárvesall.

24. Mánudagur. Vestan blíða, þykkt loft.

25. Þriðjudagur. Hríð nokkur á útvestan. Gerði ég ýmislegt fyrir Sigurð bónda. – Mál það er Sveinn Vopnfirðingur höfðaði gegn Kristj. Erlendssyni, féll á Kristján og varð hann að láta úti 50 kr.

26. Miðvikudagur. Allmikil hríð á útvestan. Fór ég, og Einar Skarphéðinn sonur minn, eptir móhesti er ég keypti af Guðm. Þorgilssyni á Breiðabóli. Aðeins í tveim stöðum í Skálavík voru keypt Almanök !!

27. Fimmtudagur. Blíðviðri vestan, blóðautt upp á hvern fjallatind. Fór ég að heiman, áleiðis inn á Ísafjörð til að mæta þar fyrir rétti daginn eptir, var ég þó vesall framfar vanda, en ég vildi ekki láta mig vanta, þó í skuldamáli væri. Gisti ég í Bolungarvík að Guðrúnar ekkju Jónasdóttur (móður Ágústs sál. bókbindara). Bjó hún þar með börnum sínum Halldóru og Elíasi. Þar var og í dvöl hjá henni Ágústína Guðjóna Gísladóttir frá Minna Hrauni, fædd 15. Ágústmánaðar 1896. Kom ég þar um kvöldið, blautur í fætur og svangur, en fékk engan greiða að svo stöddu og ekki voru dregin af mér vosklæði og varð ég sárveikur af að sitja svo. Þegar ég hafði setið þar um tíma kómu þar tveir menn inn með brennivín: Guðmundur Salómon formaður og Halldór Jónsson háseti. Beiddu þeir Guðrúnu Jónasdóttur um kaffi og veitti hún það, buðu þeir mér þá brennivín og af því mér var afar ónotlegt og kvíllt þáði ég það en undarleg áhrif hafði það á mig og vissi ég ekki hvernig ég varð. Drakk ég töluvert. Um kl. 10 fóru þeir félagar, gaf Guðrún mér þá að borða, dálítið af kjötsúpu og einn kjötbita og fór ég fram af því að sofa.

28. Föstudagur. Rigning mikil fyrri hlutan, hvessti svo nokkuð á norðan og frysti um kvöldið. Um morguninn kl. 6 fór Guðrún Jónasdóttir sem ég gisti hjá, upp í barnaskóla og hafði börn sín bæði með sér; var hún ræstunarkona skólans. Ég og Ágústína vorum því bæði eptir og var hún að lesa í lærdómsbókum sínum. Þegar ég vaknaði var ég ákaflega utan við mig, með ákaflegum taugaskjálfta og get ég ekki gert mér grein fyrir hvernig ég var. Mér datt nú í hug að fara í rúm til Ágústínu, dró ég niður í lampanum og svo upp fyrir stokkinn til hennar; kyssti ég hana. En er ég kom við hana bera missti ég sæðið og varð ekkert af samræði. Hún tók mótsþynulaust á móti mér og eptir á lánaði hún mér bók til að lesa í, en ég fór strax um hæl yfir í rúm það er ég svaf í. Þegar Halldóra dóttir Guðr. Jónasdóttur kom heim varð ég var við að Ágústína sagði henni að ég hefði komið í rúm til sín. Eptir að ég var kominn á fætur beiddi ég „Gústu“ að segja ekki frá því að ég hefði farið í rúm til hennar en engu hét hún um það. Um kl. 10 f.hd. fór ég gangandi inn á Ísafjörð, mætti þar á settum tíma og fór það all vel. Fór ég út í Hnífsdal um

kvöldið og gisti þar við góðan beina að Kjartans í Hrauni og Sigríðar; hitti ég Sigríði niður við sjó og bauð hún mér heim til sín.

29. Laugardagur. Bezta veður. Nú mátti ríða um allt sem hásumar væri. Fór ég heim, gangandi alla leið út að Meira Hrauni. Ágústína Guðjóna gekk þennan dag heim til sín, út að Minna-Hrauni.

Nýlega fyrirför sér Hildur Þorláksdóttir, kona Bjarna Bjarnasonar á Flateyri.

Gufubáturinn „Vestri“ kom norðan daginn fyrir; með honum kom Þórður P. Grunnvíkingur er farið hafði norður í Strandasýslu (að Munaðarnesi) til að annast um föðurarf konu sinnar. Í þessari ferð hafði Þórður eignast handrit af Eiríks rímum víðförla, eptir Guðm. Bergþórsson og handrit af Hjálmars kviðu Guðrúnar Þórðardóttur á Valshamri í Geiradal. Það hafði ég hvorugt séð áður.

30. Sunnudagur. Ofviðri með stór hríð (bleytu) á suðvestan.

31. Mánudagur. Bylur á norðaustan; bjartari er á daginn leið.

Skrifaði ég sérstaka æfiminningu Ágústs sáluga Guðmundssonar bókbindara í Bolungarvík (sonar Guðrúnar Jónasdóttur er ég gisti hjá 27. þ.m.)

Nóvember

1. Þriðjudagur. Ofsastormur – ofviðri um kvöldið – með nokkru kafaldi. Engum búpeningi í Skálavík vatnað nema kúm – og ekki hestum !!

2. Miðvikudagur. Sortabylur á norðan. Mikill snjór. Byrjaði ég að samanskriða nokkur ljóðmæli e. mig. Ég kenndi og drengjum er heima áttu þar í Hrauninum. Fékk ég skipunarbréf frá Þorvaldi presti Jónssyni á Ísafirði (fyrrum prófasti) um að taka manntal í Skálavík 1. Desbr. þ.á. Fór ég yfir að Minna Hrauni, bóndinn þar Gísli Jósefsson var nýkominn heim til sín, innan úr Bolungarvík; strax og hann sá mig óð hann upp á mig með svívirðilegustu orðum og lygi, sagði meðal annars að ég hefði stórslasað Ágústínu dóttur sína er ég gisti í Bolungarvík 27. f.m. og lægi hún nú veik, eyðilögð af mínum völdum! Þessi helvíska lygi hafði voðaleg áhrif á mig. Ég bar á móti þessari óhæfu og sagði Gísli jafnframt hreinskilnislega frá hver skipti mín og Ágústínu hefðu verið, en ekki vildi hann heyra slíkt, lét sem óður væri og hótaði mér öllu illu. Virtist mér hann ölvaður, en hann var afskaplegur drykkjumaður. Fór ég heim við svo búið. Sagði Guðrúnu minni frá þessu um kv.

3. Fimmtudagur. Sortabylur. Fór ég á fund Gísla Jósefssonar og beiddi hann að gjöra ekkert úr því er hann hafði á orði daginn fyrir. Hann var ófáanlegur til þess. Var ég nú eyðilagður á sál og líkama. Ég kallaði á son minn, Einar Skarphéðinn, og tjáði honum í einrúmi frá hverju ég ætti von á og hvers vegna það væri; var sem ég talaði við fullorðinn mann, svo tók hann því vel og skynsamlega.

4. Föstudagur. Hæglátt en grúað lopt með fjúki stundum. Geysisnjór. Fór ég og Guðrún mín inn í Bolungarvík, á fund Ágústínu Guðjónu, til að vita hvort satt væri að hefði sagt föður sínum (Gísli) óhæfu þá er hann bar á mig í Minna-Hrauni 2. þ.m. Sagði hún flest hið sama og margt fleira er mér hafði ekki komið til hugar um alla æfi mína; lét hún sér hvergi bregða og var auðsætt að hún hafði verið storkuð

til að halda slíkri fjarstæðu fram; hefði ég helst trúað til þess Guðrúnu Jónasdóttur er Ágústína dvaldi hjá, því mikið óorð hafði kona sú á sér, eins og raunar systir hennar Hallbera í Minna Hrauni, móðir Ágústínu. Við Guðrún mín gistum á Mölunum að Sigríðar ekkju Helgadóttur, afkomanda Snorra á Húsafelli.

5. Laugardagur. Þolanlegt veður um morguninn en gerði svo aftakabyl á norðan. Ég og Guðrún mín ötluðum heim en kómumst ekki nema að Meiri Hlíð og gistum þar, að Hálfðáns hreppstjóra Örnólfssonar. Bolvíkingar fóru flestir á sjó, og hleyptu 18 mótora á Ísafjörð og 1 árabátur.

6. Sunnudagur. Fjallbjart um morguninn en gerði svo ofsabyl. Fórum við Guðrún mín heim. Verri færð hafði ég ekki fengið og furðaði mig hvað G. mín komst. Er við kómum heim fengum við vondar viðtökur, úlfúð og afsvör af hendi húsbandanna. Fátækt mín var nú mikil, hvergi hægt að fá lán. Útsvar mitt var nú 5 kr., en árið fyrir 10 krónur.

7. Mánudagur. Bylur og mikið frost. Sárleg leiðindi.

8. Þriðjudagur. Öskubylur. Kvað ég:

Dvínar kæti böls í blæ
burt hún fer að vonum,
ekki um nætur frið ég fæ
fyrir áhyggjunum.

9. Miðvikudagur. Fjallbjart; skafrenningur.

10. Fimmtudagur. Með ágöngum. 3 st. frost fyrir hádegis.

11. Föstudagur. Sama veður. Fór ég ofan að Breiðabóli og fékk þar lánuð 2 ⚔ af mör.

12. Laugardagur. Gjóla á austnorðan, heiðríkt unz um kvöldið að alskýjað varð. 5 stig frost á C.

13. Sunnudagur. Með ágöngum.

14. Mánudagur. Hæglátt og þykkt lopt til dagmála, heiðbirti þá og herti frostið.

23. f.m. (okt.) andaðist að Eyrarhúsum í Tálknafirði Jóhannes Þorgrímsson Dbr.m.

15. Þriðjudagur. Gott veður frosthart. Fór ég inn í Bolungarvík; samdægurs heim. Framkoma Rósu í Hrauni var nú orðin svo ólík við mig og mína við það sem hún var fyrst eptir að við fluttum þangað, að ekki var hægt saman að jafna. Mátti heita að ekki væri hægt að hreifa hönd eða fót svo henni líkaði og jafn þjófhrædda manneskju hafði ég aldrei þekkt.

16. Miðvikudagur. Gott veður frosthart. Um morguninn orti ég eptirmæli, 5 vers, fyrir Þorleif Guðmundsson, lausamann í Bolungarvík, eptir unnustu hans er andaðist árið fyrir. Hún hét Guðmunda Sturludóttir. Eptirmælin hljóða svo undir nafni Þorleifs:

- | | |
|--|---|
| <p>1. Gróðrar rós göfugs sóma,
grundar er hnigin til,
hádegis lífs í ljóma,
ljúfan með vinaryl.
Dauðinn með dirfsku stinna,
drós unga með sér bar,
véböndin vona minna
válegur sundur skar.</p> <p>2. Ó, hversu hér í heimi,
hverfullt er gæfu ljós,
breyting háð böls í streymi,
brunar að feigðar ós.
Ekkert þann strauminn stendur
steypist þá varir síst;
óþekktar lífs á lendur
lífið þó áfram brýzt.</p> <p>3. Ágæta vinan eina,
ylur míns hjarta og líf,
blíðlát við brjóst þitt hreina,
bættir þú allt mitt kíf.</p> | <p>Vesæld ef vildi forða,
vandræða myrkur ljótt
sól þinna ástar orða
öllu því dreifði fljótt.</p> <p>4. Hamingju hjartanlega,
hlaut ég í návist þín,
þar ég fer fjörs um vega,
friðsæl sú minning skín.
Hugur þinn hreinn og góður
hrósaði mennta rós,
vannstu þér háan hróður;
heimilisprýði og ljós.</p> <p>5. Heill þér í himinrönnnum,
hjartkæra elskan mín,
kórónuð sigri sönnnum,
sól þar um eilífð skín.
Stjörnur þá skærar skína,
skýjanna brautum á,
heilsan þær herma þína,
huggun mér veitist þá</p> |
|--|---|

Þegar ég var að frumskrifa eptirmælin, um dægramótin, var barið dyra, brá mér ákaflega við þau högg, eins og illt væri í vændum og þar að kom. Oddur Guðmundsson húsmadur í Hvammi, var kominn, með bréf til mín frá Hálfðáni hreppstjóra, þess efnis: *að ég ætti þennan sama dag* að mæta fyrir rétti í Bolungarvík, kl. 3 e.h. Varð ég sem þrumu lostinn við þessi tíðindi, sárvesall fyrir, enda var ég nú eyðilagður; en fyrir því að ég vissi ekki – fyrir víst – hvað í vændum mundi vera, vildi ég reyna til að mæta á réttum stað og tíma, klæddi mig því og bjó mig af stað inneptir. Ég kom að Hlíð en ekkert vissi Hálfðán hvers vegna ég ætti að mæta. Kl. 5 kom sýslumaður og setti síðan rétt í barnaskólanum. Fyrst var Gísli Jósefsson kallaður inn, þá Ágústína, þá Guðrún Jónasdóttir og Halldóra dóttir hennar, og síðast ég. Sagði ég söguna eins og hún gekk um skipti mín og Ágústínu Gísladóttur 28. f.m. – út af þeim hafði Gísli Jósefsson kært mig – en sýslumaður kvað það allt lygi en satt sem Ágústína sagði og „með því framburður minn væri afar ósennilegur“ úrskurðaði hann mig í *gæzluvarðhald*. Þótti mér nú týra á skarinu. Sýslumaður skrifaði ekki sjálfur, það gerði annar votturinn (Jóhann Scheving kennari), en hann (sýslum.) æddi í kring um mig með steitta hnefa og grúfði sig niður að mér og sagði meðal annars: „Það berast að yður böndin, stúlkan er skemd eptir yður, ofan og neðan“. Fleira þessu líkt sagði hann. Loks var rétti slitið og síðan farið á mótor inn á Ísafjörð. Var frostgjóstur mikill um nóttina og var ég

nötrandi af vesöld og kulda, fyrst á mótornum og svo eptir að kalt var orðið í fangahúsinu – því heitt var þar þegar ég kom – og var lítið um svefn hjá mér. Ekkert ljós fékk ég.

17. Fimmtudagur. Norðvestanátt, kalt. Kvað ég:

Drottinn taki í taumana
trú mín er af hjarta,
stöðvi óláns straumana
stjarnan dýrðar bjarta.

18. Föstudagur. Hvass á norðan.

19. Laugardagur. Gott veður. Mætti ég fyrir rétti og af því ég vildi ekki samsinna því er Ágústína hafði borið umfram mig, sem var lygi, var ég aptur settur fastur.

20. Sunnudagur. Stillt veður frostvægt. Um dagmálabilið er lögregluþjónninn færði mér matinn sagði hann mér að *Guðrún unnusta mín* væri komin inn á Ísa-fjörð, hefði komið gangandi alla leið utan úr Skálavík. Guðrún mín kom aðeins til að vita hvernig mér liði og hvenær ég myndi sleppa og sást nú glögg að hún unni mér heitt því víst vildi hún allt til vinna að ég hefði nú verið frí, og var slíkt virðingarvert.

21. Mánudagur. Gott veður. Réttarhald. Ég í haldi.

22. Þriðjudagur. Kafald. Ég var sárveikur og hafði ekkert viðþol fyrir kulda og ljósleysið gerði mig ófæran.

23. Miðvikudagur. Stórhrið (regn); ég sárþjáður.

24. Fimmtudagur. Gott veður. Sr. Porvaldur Jónsson kom til mín í fangahúsið að tala við mig viðvíkjandi manntalin l. n.m.

25. Föstudagur. Bezta veður. Réttarhald um kvöldið og var mér þá sleppt. Sýslumaður (M.T.) tjáði mér þó að ekki mætti ég fara heim til mín, fyr en hann væri búinn að halda rétt í Bolungarvík og ég að mæta þar. Ég gisti um nóttina að Magnúsar Benónýssonar, fyrrum húsbónda míns, húseiganda á Ísafirði.

26. Laugardagur. Sama veður. Fór ég gangandi út í Bolungarvík og mætti þar fyrir rétti um kvöldið, því sýslumaður kom úteptir á mótör. Réttarhald þetta – ef réttarhald skyldi kalla – var hið versta í minn garð. Ágústína hafði sagt svo mikið ósatt mér til handa og laug nú svo miklu á ný *fyrir réttinum* að ég varð gegnlað-ur á sál og líkama að heyra slíkt. Hafði hún meðal annars sagt sýslumanni að ég hefði haft holdlegt samræði við 10 ára gamla telpu er var hjá mér á Skálavíkurskólanum veturinn fyrir: Telpa þessi mætti nú fyrir réttinum en þar aðeins: *að* ég hefði spurt sig svo mikið út úr lærdómi sínum að hún hefði ekki getað svarað mér, en ég hefði aldrei minnst á „neitt ljótt“ við sig. Framburður Olgeirinu – svo hét telpan – varð því eigi til að fella mig. En Ágústína lét sig ekki, og var sem sýslumaður neytti þess, lét við mig sem óður maður og sagði t.d. „Það lítur út fyrir að ég hafi sleppt yður nógu fljótt“. Úrskurðaði hann mig í gæzluvarðhald á ný. Var svo rétti slitið, en nú lenti sýslumaður í öldrykkju með Pétri kaupm. Oddssyni og gekk svo fram á miðnætti og varð ég allan þann tíma að gnóltra aðhlynningar-

laus í kring um verzlunarbúð P. Oddssonar, og var Gísli Jósefsson – andvígismaður minn í málinu – settur til að gæta mín! – Skúli Einarsson var formaður á mótor þeim er sýslumaður fór á úteptir, leiddist honum að bíða og var hann í sífellu að blása í lúður fyrir framan landið. Loks kom sýslumaður og var þá svo ölvaður að hann gat varla staðið. Um nóttina var afar kalt; vildi mér það til lífs að Oddur kaupmaður Guðmundsson lánaði mér sjótrejju til að vera í inneptir. Ekki var fangahúsið hitað og varð ég að fara í það þannig.

27. Sunnudagur. Jólafostuinnngangur. Bezta veður. Ég stórveikur, en ekki þorði ég að biðja um lækni því ég taldi víst að sýslumaður mundi neita mér um það, því til þess vissi ég dæmi í líkum kringumstæðum.

28. Mánudagur. Bezta veður. Guðrún mín komin aptur inn á Ísafjörð og með son okkar með sér!

29. Þriðjudagur. Bezta veður. Réttarhald. Eyðilagður á sál og samvizku játaði ég því nú fyrir rétti er *enginn fótur var fyrir*, með það fyrir augum að ég myndi ekki sleppa úr fangelsinu fyr en – hve nær? Var mér nú sleppt og var þetta dýrt frelsi.

30. Miðvikudagur. Með jeljum. Var ég, Guðrún mín og sonur okkar um kyrrt á Ísafirði. Ýmsir kunningjar mínir buðu mér heim til sín og fengum við beztu viðtökur.

Desember

1. Fimmtudagur. Allgott veður. Fórum við, á mótor, út í Bolungarvík. Þegar þangað kom, í myrkri um kvöldið, var sýslumaður M. T. þar fyrir og var Ágústína Guðjóna fyrir *rétti*, varð ég stórskelkaður því víst bjóst ég við verða kallaður fyrir rétt og átti þá von á öllu illu þar sem Ágústína var. En það varð ekki. Hafði sýslum. nú orðið stórórður við Ágústínu og brýnt fyrir henni að segja hið „eina rétta“. Guðm. lögfræðingur Hannesson hafði verið inni við réttinn og hafði hann bent sýslumanni á að taka Ágústínu „ekki of trúanlega“.

2. Föstudagur. Gott veður. Fórum við út að Meira Hrauni. Þar voru daufar viðtökur, ekkert nema úlfúð, skætingur og meinyrði; var Rósa húsfreyjan þar fremst í flokki.

3. Laugardagur. Bezta veður, þýða. Tók ég manntalið í Skálavík; voru þar nú heimilisfastar 84 manneskjur.

4. Sunnudagur. Sama veður.

5. Mánudagur. Besta veður, norðan í átt. Fór ég með manntalsskýrslurnar inn í Bolungarvík.

6. Þriðjudagur. Hvass á norðan; kafaldsryk. Uppskrifaði ég fyrir Rósu í Hrauni eptirmæli þau er ég orti fyrir Þorleif 16. þ.m.

Tíma þann er ég dvaldi í fangahúsinu á Ísafirði gat Hallbera í Minna-Hrauni og börn hennar ekki sofði, svo nokkru næmi, fyrir höggum er sífellt voru barin á bæjarþilin.

7. Miðvikudagur. Sama veður.

8. Fimmtudagur. Sama veður. Kristján Sigurðsson í Meira-Hrauni bjó sér til rjúpnasnöru; hana hafði ég ekki séð fyr.

9. Föstudagur. Stormur á austnordan með allmiklu kafaldi. Mikið frost.

10. Laugardagur. Gott veður, austangjóra; frosthart. Fór ég ofan að Breiðabóli til að vita hvort nokkur ferð til Súgandafjarðar lægi þar fyrir.

Kerlingar tvær í Bolungarvík Salóme Jónsdóttir og Sveinsína Magnúsdóttir rifust útúr skolpfötu, og fóru þær í handalögmál og hafði séð á Salóme, stefndi hún síðan Sveinsínu og hafði hún (Sveinsína) orðið að láta úti 10 krónur.

11. Sunnudagur. Bezta veður. Ég hafði nú hugsað mér að fara á fund skyldfólks míns í Súgandafirði, mest vegna Guðrúnar minnar og barnsins (sonar okkar). Guðrún mín ætlaði líka, en áhætta þótti okkur að hafa drenginn í svo langa og erfiða ferð, þar sem við ötluðum landveg, fór ég því þennan dag inn í Bolungarvík til að koma drengnum þar fyrir, meðan við færum vestur, var mér þá ráðlagt að láta drenginn fara líka vestur, ef vera kynni að ég dveldist þar og féllst ég á það. Ég fór heim aptur um kvöldið.

12. Mánudagur. Kafaldsbleyta. Lauk ég við að samanskrafa *Nokkur ljóðmæli* eptir mig, alls 12 síður í arkarbroti. Ætlaði ég upphaflega að hafa það meira og gefa það Sighvati á Höfða, því komið var til orða að ég færi bókasöluferð í Dýrafjörð, fyrir Odd kaupmann Guðmundsson, en ranglát forlög höfðu breytt því svo að engar líkur voru til að svo mundi verða, og hafði ég því í hyggju að gefa áminnst ljóðmæli Sigríði Tómasdóttur húsfrú í Eðvarðsbæ á Ísafirði, er hafði, mér persónulega ókunn, sýnt mér hina beztu hluttekningu meðan ég var í fanghúsinu á Ísafirði. Maður Sigríðar var Jón Snorri Jónsson bróðir Þorleifs prests Jónssonar fræðimanns á Skinnastað í Þingeyjarsýslu. Ég var daglega eyðilagður af höfuð- og tannkvöl frá því ég var í fangahúsinu.

13. Þriðjudagur. Frostleysa á suðaustan, allmikil þoka. Byrjaði ég að yrkja rímu er ég nefndi Draum, út af kjaptamáli því er ég var bendlaður við. Hún byrjar svo:

Eitt sinn þegar svásleg sól,
sé að Ránar stræti,
ég í skyndi bjó mér ból
blund svo fengið gæti.

14. Miðvikudagur. Dimmviðris þoka og kafaldsbleyta. Fór ég og Einar Skarp-héðinn sonur minn, ofan að Kroppstöðum og beiddi Einar Jóhannesson bónda þar að lána mér 1 ⚡ af sykri, en fékk óðara nei, var þó ólíklegt að hann væri sykurlaus, því um haustið fékk hann 4.50 ⚡ kassa, en viljan mun hafa vantað og maðurinn ekki talinn neinn höfðingi.

15. Fimmtudagur. Hvass á norðaustan og nokkuð frost. Fór ég, Guðrún mín og sonur okkar (E. Sk.) öll inn í Bolungarvík, áleiðis til Súgandafjarðar, gengum sem leið liggur yfir Skálavíkurheiði. Ekki var gott að fá gistingu á „Mölunum“ og var okkur úthýst á *áján* stöðum, vorum við að hröklast með barnið hús frá húsi *fram á nótt*, þangað til við um síðir gátum fengið að vera hjá bláfátækum hjónum, Hjálmarí nokkrum Þorsteinssyni og Guðbjörgu Sigurðardóttur.

16. Föstudagur. Ofsastormur á norðan. Svöng um kyrrt í Bolungarvík. Fannst mér nú Guðs hönd nokkuð stutt.

17. Laugardagur. Hvasst og brim allmikið til hádegis, gerði þá gott veður. Fengum mótorsferð inn á Ísafjörð. Gistum að Seljalandi í Skutulsfirði. Þar bjuggu þá Jóhannes Guðmundsson og Guðfinna Sigurðardóttir. Þau höfðu jörðina á leigu, en bærinn Ísafjörður átti jörðina.

18. Sunnudagur. Kafald á norðaustan, bylur er á leið. Fórum frá Seljalandi, sem leið liggur yfir Botnsheiði; bar ég son minn í poka neðan brekkurnar. Gistum í Botni, var tvíbýli, hinn bóndinn var Guðmundur Halldórsson.

19. Mánudagur. Með jelljum. Fórum út að Suðureyri og gistum þar að móður Guðrúnar minnar Vigdísar Kristjánsdóttur er var fanggæzla þar á Mölunum.

20. Þriðjudagur. Bylur, með ofsastormi og brimróti er á leið. Fórum út í Bæ, á fund Guðbjargar L. Magnúsdóttur, systur Guðrúnar minnar; bjuggu þau hjón á 1 jarðarhundraði þar í Bæ. Fengum við versta veður úteptir; stórfurðaði mig á hvað barnið gat gengið út Fjörurnar, í því óveðri sem var, en fram Bæjarhlíðina bar ég hann (drenginn) með köflum.

Pennan dag hleypu margir mótorar frá Ísafirði, til Súgandafjarðar, en 1 vantaði (frá Ísafirði) og fórst hann með allri áhöfn. Formaður á honum var Hrólfur Jakobs-son, drengur ágætur

Þau Guðrún mín og Einar Skarphéðinn gistu á svo nefndum Langhól, í Bæ, að Kristjáns Maríassonar og konu hans Guðbjargar Lovísu Magnúsdóttur (systur Guðr. minnar), en ég gisti að Kristjáns bónda Guðmundssonar og konu hans Guðrúnar Daðadóttur er líka bjuggu þar. Þriðju búendur voru þar: Guðm. Sigurðsson, fyrrum hreppsnefndarmaður og eiginkona hans Arína Þórðardóttir, alsystir merkiskonunnar Guðrúnar Þórðardóttur á Suðureyri (ekkjú Kristj. verzlunarstjóra Albertssonar).

21. Miðvikudagur. Bylur, og setti niður afarmikinn snjó. Vorum um kyrrt í Bæ. Guðrúnu mína sárlangaði til að dvelja hjá systur sinni um jólin, en ekki var það fánlegt.

22. Fimmtudagur. Með ágöngum. Ég ætlaði að skreppa inn að Suðureyri þennan dag, til að vita hvort fánlegt væri þar húsnæði til vorsins, í þeirri von að ég gæti fengið þar einhverja vinnu, ætlaði svo alfarinn úr Bæ daginn eptir. Fór ég ofan að Langhól og sagði Guðrúnu minni að ég ætlaði snöggvast inneptir. Þegar þangað kom, var Kristján Maríasson fyrir, í bæjardyrnum og segir við mig: „Hvað ætlar þú fyrir þér?“ Ég svaraði: „Ég ætla að skreppa inn að Suðureyri í dag, svo ætla ég af stað héðan á morgun“. Kristján mælti: „Nei, takk, gerðu svo vel og pillaðu þig af stað með þaug (e: Guðrúnu mína og drenginn) í dag; þú þarft ekki að koma hingað erindislaus vestur til að setjast upp á mig; ég læt ekki ganga svo yfir hausinn á mér og gerðu svo vel og farðu“. Þótti mér ræða þessi allt annað en góð. Mátti það og ósvífni heita að reka mig af stað með barn og kvennmann í vondu veðri og verstu færð, um hávetur, í þeim kringumstæðum sem ég þá var í,

og rann mér til ryfja ódrengskapur mannsins. Fór ég svo af stað með barnið og stúlkuna, inn að Suðureyri og gistum við þar um nóttina.

23. Föstudagur. Þorláksmessa. Sortabylur fyrri hluta dagsins, birti svo nokkuð. Nú var afmæli Einars Sk. sonar míns og var hann nú sjö ára. Við ötluðum nú að leggja af stað inn að Botni, áleiðis norður til Skálavíkur, þvert á móti vilja okkar allra, þangað sem ekkert var við að vera. Var bátur á leið inn að Botni og ötluðum við að sæta ferðinni og vörum við komin til sjóar, þá komu boð frá Jóni smið Magnússyni, húseiganda á Suðureyri, bróður Guðrúnar minnar: að hann biður hana að finna sig. Fór Guðrún mín á fund hans og var þá erindið að Jón býður systur sinni að dvelja hjá sér „um jólin“, og þáði hún það. En þess lét Jón jafnframt getið (við systur sína): *að hann vildi ekkert hafa með mig (M.H.M.)!!* En á þessu boði Jóns stóð þannig: Jón formaður Pálmason á Suðureyri, fyrrum námsveinn minn; hafði farið á fund Jóns Magnússonar og tjáð honum alvarlega að það væri vansómi hans að systir hans, í þeim kringumstæðum sem hún nú væri í, færi út í ófært veður með barn „undir sjálfa hátíðina“, án þess hann sýndi henni nokkra líkn, og hafði J. M. jákað undir það um síðir! Guðrún fór nú heim til Jóns bróður síns og hafði son sinn með sér. En af mér er það að segja að á sömu kl.stundinni sem Guðrún mín fékk dvalarstað hjá Jóni bróður sínum kom á fund minn Sigurður, sonur Kristjáns bónda Guðmundssonar á Bæ, með þau skilaboð frá foreldrum sínum: *að ég sé „hjartanlega velkominn“* að dvelja hjá þeim um hátíðina og skuli ég „þeim til ánægju“ koma úteptir nú þegar. Var þetta göfugmannlega boðið og fór ég úteptir með piltinum.

24. Laugardagur. Gott veður. Ég um kyrrt í Bæ.

25. Sunnudagur. Hvasst og alldimmt fyrri hlutan, birti svo og hægði. Ég um kyrrt í Bæ, í bezta yfirl.

26. Mánudagur. Með jeljum. Ég í Bæ. Margir komu til þessara veglyndu, gest-risnu hjóna, Kristjáns og Guðrúnar og fengu allir beztu viðtökur. Annarstaðar í hreppnum voru og heimboð mikil, frjálsleg og skemmtileg.

Kr. bóndi Guðmundsson í Bæ var fæddur og uppalinn í Steingrímsfirði. Kona hans var úr Dalasýslu, fædd að Hólum í Hvammsveit 10. júní 1848.

Hreppstjóri í Suðureyrarhreppi var nú Þórður Þórðarson frá Vatnadal, bróðir Guðrúnar ljósmóður Þórðardóttur á Suðureyri og þeirra systra, maður prýðis skynsamur og gat sér bezta orð. Foreldrar hans voru: Þórður hagrýðingur Þórðarson í Vatnadal og Helga yfirsetukona Sigurðardóttir. Þórður hagrýðingur drukknaði um 1886, reri um vorið hjá Þórði Jónssyni bónda í Botni, hvolfði undir þeim á hafi úti, náðust allir lifandi nema Þórður hagrýðingur, hann var dáinn er hann náðist. Þá reri og hjá Þórði Jónssyni, Geirmundur bróðir hans, þá vinnumaður undir Hesti í Önundarfirði (hafði áður búíð á Kirkjubóli í Korpudal, en varð að hætta því sökum fátæktar), hann var nær dauða er hann náðist og náði sér aldrei síðan. Hann er enn á lífi, 1910, í Fremri–Breiðadal í Önundarfirði; kona hans er Guðrún Einarsdóttir úr Suðureyrarhreppi.

Eptir Þórð hagyrðing eru til nokkrir smákveðlingar. Kona Þórðar Þórðarsonar hreppstjóra er Sigríður Einarsdóttir úr Ytri-Skálavík. Þau eiga börn.

27. Þriðjudagur. Logn, þykkt loft og fjallabjart til dagmála gerði þá allt í einu sortabyl, gekk síðan á vestrið og birti nokkuð.

28. Miðvikudagur. Sortabylur með ágöngum. Fór ég úr Bæ, inn að Suðureyri. Mjög leitaði ég nú eptir að fá húsnæði, í það minnsta til vorsins og helst framvegis, en alstaðar var sama svarið: „Ómögulegt“. Vigdís móðir Guðrúnar minnar bataði og ekki fyrir, var sem hún reyndi til á allar lundir að hamla því að við settustum að í Súgandafirði, heimskinginn.

29. Fimmtudagur. Gjóstur á austnorðan, grimmt frost; næstum alskýjað. Fór ég inn að Botni og beiddi Pálma bónda Lárentzúsarson, í vandræðum mínum, að taka Guðrúnu mína og barnið af mér til Páska. En ekki átti það að vera hægt og skorti þar þó ekki efni. Var ég nú orðlaus og fannst mér hjarta mitt vera sem blöðugt sár.

30. Föstudagur. Með ágöngum. Fór ég út að Gelti, á fund óðalsbóndans þar Guðmundar Brynjólfs Guðmundssonar. Kona hans var María Gísladóttir (ríka, Oddssonar) frá Loðkinnhömrum. Þau bjuggu aðeins tvö á Gelti og vetrarmaður, í stórri (16 álna langri!!) baðstofu. Beiddi ég þau hjón um húsnæði fyrir Guðrúnu mína og son minn, en sjálfur ætlaði ég að reyna til að leggja þeim til fæði. En það var „ekki hægt“ og fór ég svo búinn þaðan. Ég kom að Norðureyri og fékk ég þar góðar viðtökur, og áður en ég fór af stað *buðu* húsbændurnir þar mér að taka Guðrúnu og drenginn af mér endurgjaldslaust til Góuloka og var þetta næsta vel gert. Á Norðureyri bjuggu hjónin Kristján Sigurðsson og Gunnjóna Einarsdóttir. Gunnjóna var ekkja Þorleifs sál. Sigurðssonar; var ég hjá þeim hjónum við barnakennslu 1899-1900, sjá Dagbók mína frá þeim tíma. Kr. Sigurðsson sem nú var maður Gunnjónu, var bróðir *Steindórs í Botni* (í Súgandaf.) einþykknis „mannsins“ er víða getið í Dagbókum fyrir og um 1900. – Þau Kr. og Gunnjóna buðu mér og að vera á heimili sínu um nýárið. Var ég svo fluttur yfir að Suðureyri og sagði ég Guðrúnu minni þessi erindislok.

31. Laugardagur. Gott veður, kalt. Reit ég bréf til Kristj. bónda Guðmundssonar í Bæ. Um kvöldið fór ég yfir að Norðureyri, til að vera þar um nýárið. Þetta ár hafði ég skrifað 61 bréf fyrir sjálfan mig. – Lauk ég við rímu þá („Draum“) er ég byrjaði 13. þ.m., er hún 76 erindi og hljóðar svo:

6. Tukthúsvistin veturinn 1911-1912¹

Sýnishorn þetta greinir frá veru Magnúsar í hegningarhúsinu í Reykjavík en þangað var hann sendur eftir að dómur féll í nauðgunarmálinu. Það er skemmst frá því að segja að færslur þær sem Magnús reit í dagbókina í klefa sínum á Skólavörðustígnum eru afar sérstakar og eiga sér trúlega

engar hliðstæður hér á landi og jafnvel þó víðar væri leitað. Þarna fáum við tækifæri til að skyggjast inn í samfélag sem hefur verið okkur nær lokað bók, en félagsskapur fanganna og samvinna þeirra og fangavardanna dregur fram í dagsljósið mörg einkenni íslensks þjóðfélags á þessum tíma. Tukthúsvistin hafði síðan afgerandi áhrif á sálarlíf Magnúsar eins og nærri má geta.

1911

September

4. Mánudagur. Bezta veður en þerrirlaust að mestu. Ég í vinnu. Vóru nú ýmsir er þótti slæmt að ég færi í burtu, og sýndu mér sérleg hlýlegheit og var þar ekki sístur Halldór Guðmundsson meðhjálpari, enda gáfumaður og gæðadrengur að innræti. Um kvöldið kómu af Ísafirði Jón Geir Jónsson og Sigurður Kristjánsson (áður kennari Bolvíkinga). Jón Geir ætlaði að girða túnið á Suðureyri.

5. Þriðjudagur. Bezta veður. Ég í v. – Kolkrabbaveiði mikil um alla Vestfirði.

6. Miðvikudagur. Poka mikil og rigning.

Athugaði ég reikning minn við verzlunina. 7 – sjö – kr. átti ég inni. Friðrik Hjartarson verkstjóri lánaði mér 30 krónur og var það drengilega gert. Tók ég því matvöru út handa Guðrúnu minni og syni okkar og bjó þeim í hag er ég eptir fremstu föngum gat. Þórður hreppstjórinn ætlaði að flytja mig til Ísafjarðar daginn eptir. Um kvöldið fór ég út í Bæ til að minnast á húsnæði við Guðmund Sigurðsson, handa Guðrúnu minni, meðan ég væri í burtu og svaraði hann beztu orðum um það. Báðu mér allir virta og velfarnaðar.

7. Fimmtudagur. Þykkt lopt og mikil rigning. Fór ég með Þórði hreppstj. Þórðarsyni á mótornum „Frey“ til Ísafjarðar. Ýmsir Súgfirðingar vóru með í förinni. Gekk vel norður, og er til Ísafjarðar kom, bauð Þ. hreppstj. mér inn á brauðgerðarhús og gaf mér kaffi, að því búnu fór hann með mig til M. Torfasonar sýslumanns. Enn fullar *tvær stundir* varð ég að bíða úti við sýslumannshúsið þangað til Halldór lögr.þjónn loksins fylgdi mér ofan í fangahús þangað sem ég skyldi gista um nóttina. Var hvort tveggja að sýslum. bauð mér ekki inn, enda hefði ég ekki þegið það. Meðan ég var að stangla þar við húsið kómu ýmsir kunningjar mínir til mín og sýndu mér hina hlýlegustu alúð, svo sem Magnús Ólafsson prentari, fyrrum kaupmaður, Jón Þórðarson dýralæknir, Friðrik Hjartarson verkstjóri á Suðureyri er daginn áður hafði farið norður ásamt Jóhannesi Péturssyni lausamanni er líka kom og talaði við mig og *bauð* mér að vera Guðrúnu minni og syni mínum innanhandar með að hjálpa þeim ef þau þyrftu einhvers með, meðan ég væri í burtu. Lýsti þetta drenglyndi miklu. Svo féll Jóhannes í sárt að skilja við mig, að hann grét sem barn er hann kvaddi mig. Enginn af þeim er minnst á mál það er ég var viðriðinn, talaði eins skynsamlega og Jón dýralæknir; við hans orð fékk ég nýja krapta og nýjan hug og svaf ég vel um nóttina.

8. Stíllt veður, þykkt loft og þoka. Kl. 9 árd. um borð í „Seres“. Skipið kom á Hnífsdalsvík, fór þaðan kl. 3. Á Hnífsdalsvík kom húsfrú Sigr. Friðriksdóttir í Hrauni um borð, á kynnisför til frændfólks síns í Dýrafirði. Á ferð með „Seres“ var með fleirum norskur maður að nafni Árni Kristinnsson, hafði verið austur á Eskifirði um sumarið, við lifrarkaup og var kominn þaðan fyrir mánuði, skemmtilegur maður; sagði mér margt þar að austan. Hann fór í land á Flateyri. Þaðan fór skipið kl. 8 síðd., kom við á Haukadalsbót og kom á Þingeyri kl. 10 1/2. Frá Flateyri var með skipinu Jón Ágúst Guðmundsson hreppstjóra, Eiríkssonar, frá Þorfinnsstöðum, áleiðis til Skotlands, rúmlega tvítugur, hógvær og skynsamur. Hafði verið á búnaðarskóla og ætlaði nú að fullkomna sig utan lands í þeirri mennt. Hann sagði mér að þau hjón Jóhannes og Jónína frá Hesti, nú í Ytri-Hjarðardal, væru um 57 ára gömul – þokka hjúin! Á Þingeyri kom um borð Kristján Jónsson frá Skarði í Haukadal í Dalasýslu, hafði verið til sjós um sumarið, gáfaður og skáldmæltur. Foreldrar hans: Jón Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, ættuð þar úr Haukadal og hét hann í höfuð þeim. Kristján kunni margt. Hann sagði mér að Árni Árnason í Skógsmúla í Miðdalahreppi hefði keypt mörg handrit á uppboði eptir Einar Guðbrandsson (frá Hvítadal) bókhaldara í Búðardal, þar á meðal söguna af Fróða konungi friðsama, og hefði hún verið „afar löng“.

Vísur þessar eru eptir Kristján:

Blána þvera frónið fer,
fjörða gerir sansa,
lána er hún hagsæld hér
hlyni hvera glansa.

og:

Frónið skeiðar Blána bezt,
breiða steina treður,
ljónið reiðar mána mest
marar reinir gleður.

Vísurnar eru um hryssu er Blána hét. Ég kvað nokkrar vísur við Kristján. Þeirra meðal var þessi, er ég sá stúlkur vera að klæða sig:

Helst í skyndi hugar geims
himinn tek ég mála,
þegar bjartar sólir seims
sínnum geislum strjála.

9. Laugardagur. Hríð á suðvestan og hvasst mjög. Varð að liggja þar um daginn vegna óveðurs. Um morguninn er „Seres“ fór fyrir Blakkinn kvað ég söngvísu þessa:

Um hafgígju veldi með hreystilegt megn,
nú hleypur þú „Seres“ mín kær

og stormanna jötninum grimmúðgum gegn,
þú geisar þótt landi sért fjær.
Og marvallar dæturnar hefja sig hátt,
að hlundýri þungbrýndar gá,
en stilla sig óðar og ljóða svo lágt,
ef lundprúða hafgarpa sjá.

Vísu þessa skrifuðu ýmsir.

10. Sunnudagur. Gott veður, þykkt lopt; þurt til hádegis, rigndi þá um tíma; þornaði svo. Kl. 11 1/2 f. háð. fór „Seres“ af Patreksf. Látrarröst var ókyr og varð ég dauðveikur en skánaði er kom inn á Breiðafjörð. Kómun í Stykkishólm kl. 6 síðd. Pennan dag var afhjúpaður minnisvarði Jóns fulltrúa Sigurðssonar í Rvík. Um kvöldið kl. 9 fór „Seres“ frá Stykkishólmi.

11. Mánudagur. Þykkt lopt með kælu á norðvestan. Kl. 8 árd. kom „Seres“ á Reykjavíkurböfn. Skipsmennirnir á „Seres“ fóru í alla staði vel með mig, svo sem ég væri frjáls maður að öllu, sýndu mér hlýlegustu virðingu; fór ég svo í land með skipstjóra og stýrimanni og síðan til Sigurðar fangavardar Péturssonar er tók á móti mér með alúð og kurteisi. Var ég nú kominn þangað er ég lengi hafði kviðið fyrir, í fangahúsið.

„Það sem að helst þó varast vann
varð nú að koma yfir hann.“

Pennan dag fórst mótorinn „Hlín“ frá Suðureyri í Súgandafirði, eign ekkjufrúar Guðrúnar Þórðardóttur á Suðureyri og Jóns Pálmasonar vinnumanns í Botni. Á honum voru þessir menn er fórust allir:

1. formaður Ólafur Friðriksson, Suðureyri, trúlofaður ekkju Kristínu Benediktsdóttur og var hún þunguð, komin allt að falli.
2. Sigurður Friðriksson, Suðureyri, bróðir formannsins.
3. Jóhannes Pétursson lausam. á Suðureyri, góðvinur minn, sjá 7. þ.m.
4. Markús Sigurðsson frá Dalshúsum í Önundarfirði, trúlofaður ungfrú Guðrúnu Guðmundsdóttur á Suðureyri (frá Vatnadal) og
5. Samúel Jósefsson, Suðureyri (frá Lambadal); kom hann heim kvöldið fyrir (hafði verið til sjós um sumarið) og fór á sjó um nóttina. „Í dag mér, á morgun þér.“

Allir voru menn þessir ungir og efnilegir.

12. Þriðjudagur. Gjóstur á norðvestan, alskýjað með nokkru úri. Snjóaði til fjalla. Heiðbirti er á leið. Sigurður fangavörður Pétursson var upprunninn úr Mýrasýslu, fæddur á Smiðjuhóli 1859. Pétur faðir hans var albróðir hins þjóðkunna manns, Einars prentara Þórðarsonar. Sig. fangavörður var giptur, kona hans hét Guðríður. Þau áttu 6 börn, talin hér eptir aldri: 1. Guðrún, 2. Pétur (fæddur jarðskjálftasumarið, 1896), 3. Sigríður, 4. Gils, 5. Jón og 6. Sesselja (tveggja ára). Þau Sigurður og Guðríður bjuggu áður nokkur ár á Stóru-Brekku í Mýrasýslu, en flutt-

ust svo til Rvíkur (um 1897), stundaði hann þá smíðar um hríð, en varð svo lög-
regluþjónn í 5 ár og síðan fangavörður frá 1907.

Fangahús Rvíkur, sem var nú aðal hegningarhús landsins, var byggt 1876, hlað-
ið úr grjóti og límt (sementað) og hafði kostað 100.000 – eitt hundrað þúsund –
króna. Fyrsti fangavörður við það var Sigurður Jónsson, harðstjóri mikill, dó.
Næstur honum var Sigurður Pétursson og var hann því annar í fangavarðarröðinni,
við þetta hús.

Árið fyrir (1910) voru 16 fangar. Þeirra á meðal var Bjarni Sigurðsson frá Borg
í Skötufirði og hafði hann hegðað sér bezt af þeim öllum.

Skrifaði ég 2 bréf, eitt til Guðrúnar minnar, hitt til sonar míns og fór fangavörð-
urinn með þau á pósthúsið – eptir að hafa yfirfarið þau.

13. Miðvikudagur. Gott veður, heiðríkt að mestu. Við vorum 3 alls fangarnir.
Hinir voru: Soffus Hansen, 17 ára, úr Rvík, efnispiltur. Faðir hans var norskur en
móðir hans íslensk: Jónína Pálsdóttir, alkunn greiðasölukona í Reykjavík er fékk
almenningsorð. Soffus var sakaður um að hafa ætlað að fremja holdleg samræði
við 10 ára gamla telpu. Hinn maðurinn var Ólafur Sigurðsson úr Rvík, almennt
kallaður „Óli í Hólakoti“, 48 ára gamall, hraustmenni mikið og drykkjumaður af-
skaplegur, ógiptur og barnlaus, hafði stundað sjó frá því hann var unglingur; var
fleirur sinnum búinn að sæta fangelsi. Nú var hann sakaður um að hafa sprengt
hest er hann hafði stolið, og að hafa í ölæði brotið upp koffort og tekið úr því inni-
haldið, og hafði allt verið eyðilagt er eigandinn kom til. Byrjaði ég að vinna, hross-
hár til reipa.

14. Fimmtudagur. Stílt veður. Þoka.

15. Föstudagur. Gott veður, stílt; þykkt lopt. Ég var mjög þjáður í höfðinu.

16. Laugardagur. Hregg. Snjóaði til fjalla. Kvað ég:

Liljur falla lands um ból
lín sem mjalla þekur,
heitir valla' að sjáist sól,
sumri halla tekur.

17. Sunnudagur. Austan gol, heiðbjart.

18. Mánudagur. All mikil rigning.

19. Þriðjudagur. Gott veður. Þykkt lopt. Um morguninn kvað ég:

Ljómar dagur
lífsins fagur boði
Guðs úr ríki glampi sá
gremju víkur huga frá

Og um daginn kvað ég: *Til vestanvindarins*. Hljóðar svo:

- | | |
|---|---|
| <p>1. Kom þú Vestanvindur á
vængjum fornu þínum,
kveðju mér svo færðu frá
fríðum syni mínum.</p> | <p>6. Líttu sveininn unga á
allan saman berann,
yfirsængin öll er frá,
illa í rúmi fer hann.</p> |
| <p>2. Yfir fjöll og ála-jörð,
ekki' í sóknum linur,
Súganda í fríðan fjörð
farðu, gamli vinur.</p> | <p>7. Liggur þvert um ljós á brá
lítið rúm því gefur,
mamma blundar honum hjá
og hendi um hann vefur.</p> |
| <p>3. Komdu þangað kempan fríð
köppum flestum meiri,
þar sem undir hárrí hlíð
heitir Suðureyri.</p> | <p>8. Vertu næsta varfærinn,
vængjum haltu í stilli,
kysstu hrund og hefnir minn
hæglætis með snilli.</p> |
| <p>4. Líttu býlið litla á
langt fyrir neðan hjalla,
bæði lágt og blakkt að sjá
Babílon þeir kalla.</p> | <p>9. Vífi má ei verða meint,
varastu ljóta siði,
farðu heldur létt og leynt
og láttu allt í fríði.</p> |
| <p>5. Hvataðu nú með hægðum inn
hér er fátt til varna;
sérðu litla soninn minn
sem að hvílir þarna.</p> | <p>10. Gerðu ei brell-bragð af þér
burtu þegar strýkur,
komdu svo með heillum hér
heim til Reykjavíkur.</p> |

20. Miðvikudagur. Hvass á norðan. Fennti ofan í klettaræður á Esjunni. Ég kvað:

Breyting taka fljótri fer
fögur Vakurs rúna,
möttli klaka Esjan er
ofan þakin núna.

21. Fimmtudagur. Sama veður. Gaddfrost.

22. Föstudagur. Kæla á suðaustan með kafaldsbeitingum; fennti í Esjuna og á Hvalfjarðarstrandar fjöllin. Ég veikur í maganum.

23. Laugardagur. Hvass á norðan, þykkt lopt. Las ég „Fylgsnið“, þátt úr Heiða-býli Jóns Trausta. Það var ágætis saga, margbrotin, og þó hver kaflir fyrir sig ritaður af snilld.

24. Sunnudagur. Gott veður. Skrifaði ég allmikið – hreinskrifaði; hafði dagbók-ar frumrit og pappírsbók með mér að heiman.

Norður-Ísfirðingur nefndist blað, er Sk. Th. gaf út á Ísaf. um þessar mundir.

25. Mánudagur. Kraparigning, snjóaði til fjalla. Um kvöldið gerði gott veður.

26. Þriðjudagur. Sama veður.

27. Miðvikudagur. Gott veður, blítt, skýjað.

28. Fimmtudagur. Bleytuhríð og dimma svo ekki sá til fjalla. Birti er á leið.

Nýlega dánir: Eyjólfur Magnússon kallaður „Ljóstollur“, barnakennari á Kotströnd í Ölvusi, gáfumaður mikill og gleðimaður; skáldmæltur vel. Og Albert Þórðarson (skáldyrðings á Fiskilæk í Leirársveit) bankabókari í Rvík, sæmdarmaður í hvívetna lætur eptir sig konu og börn.

29. Föstudagur. Bezta veður; heiðríkt að mestu. Ég eyðilagður í maganum. Var ég alla tíð magaveikur stórlega og varð því að forðast alla sýru, var mér því ómögulegt að neita rúgbrauðs, eins og það vanalega var búið til á brauðgerðarhúsum, en það var aðalfæðan í fangahúsinu (1 1/2 á dag) og tók ég nú fyrir að svelta en að neyta slíkra óhollustu. Ég bar mig þó að vera við verk, meðal annars sló ég túnblett þann er tilheyrði fangahúsinu og hafði ég aldrei slegið tún svo seint. Var þetta í 3. sinn er bletturinn var sleginn yfir sumarið. Ekki þoldi ég slátt orðið – og hafði raunar aldrei þolað – ; þoldi ekki hristinginn.

30. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri. Kvað ég vísu þessa aptan á Flóamanna-sögu:

Þessi bók er þrautum skráð,
þetta fyrir kemur,
mjög samt lýsir mannvits dáð
mörgum ritum fremur.

Október

1. Sunnudagur. Þykkt lopt og hríð nokkur.

Fékk ég bréf frá Guðrúnu minni, dags. 17. f.m., með Örnólfi Valdimarssyni á Suðureyri er ætlaði að stunda nám á verzlunarskólanum í Rvík um veturinn. Örnólfur var hið mesta göfugmenni.

2. Mánudagur. Bezta veður, heiðríki og stilling. Eyðilagður rétt var ég nú í maganum. Voru keyptir 15 sauðir fyrir fangahúsið, austan úr Grímsnesi. Þeir voru fallegir mjög og jafn stórir.

3. Þriðjudagur. Logn og þykkt lopt. Niða þoka seinni hlutan með úri. Kvað ég stöku þessa aptan á dálitla mynd er ég ætlaði að senda syni mínum.:

Yfir þér ljómi alla tíð,
elsku sonur frómi:
heilsa, sómi, farsæld fríð,
fram að Heljar dómi.

4. Miðvikudagur. Stíllt veður, þoka. Aðfaranótt þessa dags dreymdi mig að sýslumaður væri búinn að skipa Þórði hreppstjóra að bjóða upp bækur mínar, vaknaði ég við og kvað síðan þessa vísu:

Ekki ber að missa móð
mest þá gleðin dvínar,
þó þeir beri beint á glóð
blóðfjaðrirnar mínar.

5. Fimmtudagur. Fagurviðri og stilling. Kom bæjarfógeti (Jón Magnússon) til mín. Var það í verkahring hans að koma til fanga (dæmdra) einusinni í mánuði og vita hvernig þeim liði.

6. Föstudagur. Gott veður á suðvestan, þykkt lopt.

7. Laugardagur. Rigning á suðaustan, þoka. Þessa viku var ég að kalka stofur og klefa fangahússins.

8. Sunnudagur. Sunnan kæla, þykkt lopt.

9. Mánudagur. Sama veður.

10. Þriðjudagur. Sama veður. Um sumarið var sett miðstöðvarhitun í fangah. og nú var byrjað að höggva gat á vegginn og að grafa þar niður skonsu er tæki 20 skpd af kolum.

11. Miðvikudagur. Mikil rigning og dimma. Birti og þornaði er á leið.

12. Fimmtudagur. Bezta veður. Rignði um kv. – Fékk ég bréf frá Guðrúnu minni, dags. 27. f. m.

13. Föstudagur. Sunnanátt.

14. Laugardagur. Heiðrfki og stilling á suðaustan. Þessa viku var ég við grjót-vinnu.

15. Sunnudagur. Hvass á austan, nokkuð hregg. Skrifaði ég heim og sendi svo bréfin (annað frá 8. þ.m.) á pósthúsið. Var ég þollaus af kvöl í bakinu. Kvað ég:

Dvínar máttur, djúp er neyð,
Drottinn gáttu' að sálum;
líka brátt mitt líður skeið
lífs að náttarmálum.

21. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri með hægu byrjar goli á norðvestan, en sunnanátt með úri stundum hafði verið alla vikuna. Þessa viku var ég að grafa skurð (vatnsleiðslu frá gufukatli), mátti þó varla af mér bera fyrir kvölum (í bakinu).

22. Sunnudagur. Gott veður suðaustan, þykkt lopt. Nú voru rétt 19 ár frá því ég byrjaði að rita dagbók. Það byrjaði ég í Fremri-Breiðadal í Öfundarfirði, 22. október 1892. Um þetta leiti (22. okt.) gengur sól undir í Reykjavík kl. 5 síðdegis.

28. Laugardagur. Vetrardagur fyrsti. Bezta veður á austnorðan, léttskýjað með 4 st. frosti. En fyrirfarandi daga var austanátt með 2 stiga frosti. Föstudaginn seinasta í sumri gerði kafaldsél eptir hádegið og fólvaði og var það fyrsti snjór í byggð á Suðurlandi þetta haust. Alþingiskosningar fóru fram þennan dag (á fyrsta vetrardag). Hafði mikið gengið á undir þann atburð: flokkadráttur mikill, bríxlyrði og skammir – fátt um drengskaparorð – og leit illa út með frið.

„Heimastj.menn“ höfðu sigurinn – . Halastjarna sást um þessar mundir snemma að morgni, yfir Esjunni, útlendur maður (Brokk) hafði tekið eptir henni árið fyrir, en annars talin ný. Sá ég 2 álpitir á flugi og var það í fyrsta sinni á æfinni er ég hafði séð lifandi álpit. Í Öfundarfirði sást aldrei álpit í mínu ungðæmi – og aldrei lóur. Kvað ég 1 vísu.

31. Þriðjudagur. Kuldagjóstur og þykkt lopt. Gerði byl er á leið og snjóaði ofan undir bæi. Lukum við fráræsluskurðinn.

Nóvember

1. Miðvikudagur. Hvass á austnorðan, skýjað. Ég eyðil. af kvöl í maganum og var ég svo daglega því með öllu var mér ófært að borða rúgbrauð, þar af leiðandi var og enn meiri kvöl í brjóstinu og bakinu – og öllum kroppnum og hafði ég ekkert þol. „Nábítur“ ætlaði að sprengja mig, og leið mér hið versta. Til þess að hafa eitthvað handa milli, fór ég að skera tóbak, en þá fékk ég svo mikil uppköst að mér lá við köfnun, og tók ég óútsegjanlega mikið út. Daginn fyrir kom í fangahúsið stúlka ofan úr Hvítársíðu Guðný að nafni, hafði átt barn með stjúpa sínum. Átti að vera 1 mánuð. Nýlega andaðist í Rvík Sigfús Eymundsson bóksali, 74 ára. Um haustið hvolfdi hvalur bát fram undan Fagraskógi í Eyjafirði, þrír menn voru á, tveir náðust lifandi einn fórst.

2. Fimmtudagur. Bezta veður á norðvestan. Ég með stórkvölum; uppköstin ætluðu að sprengja mig og aðrar þjáningar eptir því. Ég var og alveg næringarlaus. Fékk ég loksins lækni, Jón Hj. Sigurðsson (Magnússonar frá Bráðræði) settan héraðslæknir Reykvíkinga, og hefði fyrri átt að vera. Hann hlustaði mig og skipaði tafarlaust að láta mig hætta við rúgbrauðið og að gefa mér inn meðöl er hann til tók. Sama dag kom bæjarfógetinn (J. Magnússon) og spurði um líðan mína.

3. Föstudagur. Hreinviðri og frost, styrndi er á leið. Ég sárveikur í rúminu. Fékk ég bréf að heiman, frá Guðr. minni, með innlögðum 50 aurum, dags. 11. f.m. Lýsti það tryggð mikilli að senda mér peninga af *engum* efnum. Hún sagði mér þessar fréttir: Guðjón skósmiður Jóhannsson og Ágústa Bjarnadóttir orðin gipt. Verið að lýsa til hjónabands með Veturliða Bjarnasyni og Sigrúnu Benediktsdóttur og Guðmundi Halldóri Guðbjarnarsyni (Dýrfirðingi) og Maríu Jóhannesardóttur á Suður-eyri. Sonur okkar, Einar Skarphéðinn, var farinn að ganga í læri til Lúðvíks Jónssonar.

4. Laugardagur. Stormur á norðan fyrri hlutan, svo bylur á norðvestan og fölv-
aði til sjóar.

5. Sunnudagur. Hörkugarður á norðan, hreinviðri. Ég sárveikur. Víst 7 togarar (botnvörpungar) voru nú í Rvík og nú átti að fá í viðbót, víst 4.

6. Mánudagur. Sama veður.

7. Þriðjudagur. Gott veður norðan, skýjað. Í Reykjavík var enginn snjór en á Kjalarnesinu var fól til sjóar. Kom í fangahúsið til að taka þar út 30 d. vatns- og

brauðs hegningu bóndi sá úr Hvítársíðu er barnið átti með stjúp dóttur sinni, Guðnýju, er getur 1. þ.m. Hann hét Sveinn.

8. Miðvikudagur. Gjóstur á norðan, kalt. Ég sárveikur.

9. Fimmtudagur. Sama veður. Ég dauðveikur, nærðist ekki dag eptir dag nema á 1 mjólkurpela í mál útblönduðum með vatni. Þjáningarnar í maganum, brjóstinu, höfðinu, og yfirleitt í öllum kroppnum – nema fótunum – voru óbærilegar. Lá ég daglega í rúminu.

10. Föstudagur. Hvass á suðaustan með nokkru úri. Sóttur lækni til mín. Hlustaði hann mig nákvæmlega og áleit mig eyðilagðan af þvingandi heilsuleysi, gömlu og nýju.

11. Laugardagur. Ég þollauss af kvölum; símað til lækni – ráðlagði að ég skyldi aðeins drekka kalt vatn – og meðölin.

12. Sunnudagur. Ég dauðveikur. En mér fannst andi minn lifa æ hinn sami og vildi ég gjarnan senda hann yfir hauður og haf, yfir allar kvalir torfærur, yfir allt stríð og baráttu, þangað sem hann mætti njóta sín, í ríki kærleikans og sælnar, þar sem öllum er víst gott að vera. Og mælti ég þessi hendinga orð:

Yfir dauða og yfir gröf
andleg þar sem frelsistöf
ljómar í lífsins gengi,
þar er yndi hins þjáða manns
þar – í ríki kærleikans,
sælt er að svífa lengi.

13. Mánudagur. Hæglátt veður, skýjað. Ég eins. Kom lækni og sagði fyrir hvað ég ætti að nærast á.

14. Þriðjudagur. Gott veður. Ég ögn hressari fyrri hlutan en með kvölum síðari hlutan. Heimsótti mig séra Jóhann Þorkelsson prófastur Reykvíkinga. Var það í verkahring hans að koma til fanga einu sinni í hverjum þrem mánuðum. Séra Jóhann var hinn prúðasti, en ekki gátum við með öllu orðið sammála um Jesúm Krist. Prófastur sagðist trúa að hann hefði verið Guð (höfundur alls) eða jafnoki hans, en ég að hann hefði verið dyggðugasti (kærleiksríkasti) siðameistari getinn af manni.

15. Miðvikudagur. Gjóstur og bjart lopt, fagurviðri. Ekki fól til fjalla, nema efst á Hvalfjarðarstrandarfjöllunum, hvað þá í byggð. Var of mikill munur á tíðarfari Suðurlands og Norðurlands, sem og Suðurlands og Vesturlands. Ég ögn hressari um morguninn, með kvölum um kvöldið.

16. Fimmtudagur. Sama veður. Ég fór að reyna að klæðast, en varð þá svo hellekinn af sárindum í öllu holinu og gegn um bakið að ég ætlaði að hníga niður og skreiddist ég aptur upp í rúmið.

Það hafði lengi verið mitt yndi og líf að vera á ferli, og tæki fyrir það, var mín auðna úti, og ekkert lá fyrir nema sveitin. Grét ég djúpum tilfinninga tárur í aum-ingjaskap mínum.

Morðtilraun átti að hafa verið framin af 2 grímumönnum vopnuðum, á einum unglingspilti á Laugavegi í Reykjavík. Piltur þessi var tekinn fyrir og settur í fangelsi og játaði hann nú að hafa logið upp morðsögunni. Var það kynlega til fundið.

17. Föstudagur. Bezta veður, logn og heiðríki. Ég í rúminu. Fangar voru nú óðum að fjölga, orðnir 9 alls. Einn þeirra hafði 4 *sinnum* verið dæmdur og hafði verið 4 vetur í fangahúsinu, og var nú kominn í *fimmta* sinn, og var þó ekki nema rúml. tvítugur að aldri.

18. Laugardagur. Sama veður. Ég ögn hressari.

19. Sunnudagur. Sama ágætisveðrið. Ég ögn hressari og fór ég á fætur og snöggvast út, en versnaði með kvöldinu.

20. Mánudagur. Sama veður, 5 stig frost. Skreiddist ég á fætur, en var þó sárveikur; fór snöggvast út. Nýlega kom í fangahúsið Stefán J. Jónsson Eyfellingur, fæddur í Núpakoti 1. júlí 1887. Foreldrar hans voru Jón Einarsson og Þórhanna Sveinsdóttir er bjuggu í Steinum 1895, en áður voru þau vinnuhjú í 14 ár hjá Þorvaldi í Núpakoti (síðar á Þorvaldseyri). Stefán sonur þeirra varð síðan að miklu leyti uppeldissonur Þorvaldar og var hann alls hjá honum í 14 ár, og þegar Þorvaldur brá búi á Þorvaldseyri 1905 og flutti til Reykjavíkur, fluttist St. þangað með honum, en svo þegar Þorvaldur flutti aptur austur 1909 varð Stefán eptir í Rvík. Stefán var atgjörfispiltur til lífs og sálar en ölkær mjög. Hann var í Steinum hjá foreldrum sínum, 8 ára gamall, þegar ég var á Þorvaldseyri veturinn 1894-'95 og mundi hann nú eptir því og kvað mig hafa ort um sig vísu. Sýndi hann mér nú sérlega alúð. Síðastliðið sumar var hann í Snæfellsnessýslu, hafði á heimleið til Rvíkur um haustið narrað í drykkju nokkra peninga út úr mönnum er voru honum samferða á „Botnú“ og fyrir það var hann nú sviptur frelsi.

Á annað hundrað hrossa átti Þorvaldur á Þorvaldseyri þegar hann brá þar búskap vorið 1905. Og þá gaf hann sveitungum sínum – og fleirum – stórgjafir, t.d. gaf hann 3 kýr, og óhemju af matvælum, þar á meðal *fleiri tunnur af skyri*. Sendi hann 2 vinnumenn í fleiri daga með matvæli á hestum til ýmisra fátæklinga þar umhverfis, og vinnufólk sitt sem fór þá frá honum, leiddi hann út með stórgjöfum.

Steinahellir undir Eyjafjöllum hrundi allmikið fyrir 8 árum (1903) og urðu kindur undir og drápust. Steinahellir var áður hafður fyrir þinghús Eyjafjallahrepps, en líka notaður sem fjárhús og hlaða. Ég skoðaði hann ýtarlega 1895.

21. Þriðjudagur. Gott veður, skýjað. Ég sáraumur. Séra Jóhann kom og gaf mér bók er nefndist: „Komið á fund Jesú“. Kvaðst hann gefa mér þessa bók *til að rétta við skynsemistrú mína*. Sem betur var hafði ég öðlast meiri þekkingu en birtist í þessu riti og við þá þekkingu ætlaði ég að lifa – og deyja.

22. Miðvikudagur. Eg sárveikur.

23. Fimmtudagur. Bezta veður á norðvestan. Ég eins. Læknir sóttur og talaði hann um að flytja mig á spítala.

24. Föstudagur. Bezta veður, vestan þýða. Nú hafði læknir talað við bæjarfógeta viðvákjandi heilsuleysi mínu og var nú Sigurði fangaverði tilkynt að færa mig á

Landakotsspítalann. Fylgdi Sigurður mér þangað þennan dag, um hádegisd; gekk ég sjálfur og var það furða, svo horaður sem ég var orðinn og gagntekinn af veikleika. Héraðslæknirinn (Jón Hj. Sigurðsson) kom þangað þegar og rannsakaði heilsufar mitt ýtarlega. Ég var svo baðaður og háttaður síðan í bezta rúm.

Á spítalanum voru nú 74 sjúklingar úr ýmsum áttum. Hjúkrunarkonur voru 14 alls, allar danskar og veittu þær spítalanum forstöðu, ein þeirra var þó æðst og yfir hinum. Þær voru katólskrar trúar og voru kallaðar „systur“. Ég lá í stofunni nr. 1 og vorum við þar 11 saman; hjúkrunarkona okkar hét Ágústína.

25. Laugardagur. Sunnanátt og ekki var að tala um snjóinn á Suðurlandi, hvergi dýll.

26. Sunnudagur. Bezta veður.

27. Mánudagur. Sunnanátt, rigning. Þrír læknar skoðuðu mig nú og „bönnuðu“ nákvæmlega. Stóð til að ég yrði skorinn upp (maginn). – Skrifaði ég 2 bréf, eitt til Guðrúnar minnar, annað til sonar okkar og gerði ég það með kvölum því mjög var ég nú þjáður, þrátt fyrir ágæta hjúkrun.

28. Þriðjudagur. Sama veður. Var ég dældur (maginn), það gerðu tveir læknar. Það er á þann hátt að togleðursdæla er rekin niður um vélindið, ofan í maga og síðan dælt upp sem í maganum er og rannsakað. Ég þoldi þetta illa, draup af mér svitinn og varð ég eyðilagður á eptir.

29. Miðvikudagur. Með jeljum á útsunnan.

30. Fimmtudagur. Hvass á suðvestan. Lítið úr. Sigurbjörn Á. Gíslason guðfræðingur í Rvík kom sem gestur í sjúkrahúsið og gaf mér tvær bækur, hafði hann heyrt mín getið og kannaðist við nafn mitt.

Desember

1. Föstudagur. Með stórum skulfum (hríðum); þrumur og eldingar um morguninn. Var ég dældur í annað sinn. Sigurbjörn Á. Gíslason kom í annað skipti og gaf mér *tvær bækur* (4 alls). Kom sem sjúklingur á spítalann Steinþór Jakobsson, bóndi á Veisuseli í Fnjóskadal, hafði handleggsbrotnað í fjallgöngum um haustið og var enn eigi gróinn. Steinþór var giptur og átti 2 börn í æsku er hétu: Jónheiður (!) og Kári. Steinþór var 29 ára gamall. Ýmislegt sagði Steinþór mér þar að norðan um búshætti og fleira og hafði ég gaman af. Hann hafði lesið norður þar rímu mína um Angantý og Hjálmar.

Steinólfur E. Geirdal hafði árið fyrir (1910) farið búferlum úr Þingeyjarsýslu og út í Grímsey og setti þar upp verzlun. Hann flutti með sér hesta tvo, enn einn var fyrir í eyjunni og varð hann „trylltur“ er hann sá hina nýju féлага. Steinólfur byrjaði fyrstur manna í Grímsey á því að láta hesta draga upp bjargfesti er sigið var eptir eggjum og fugli; og mun hann í því skyni hafa flutt hestana út. Höfðu Eyjarskeggjar margir orðið „hlessa á slíku uppátæki“. Steinólfur átti 3 börn er hétu svo: Óðinn, Saga og Bragi. Svo sagði Steinþór oss. Og voru slík nöfn ágæt.

2. Laugardagur. Stíllt veður skýjað. Snjór lítill. Ég var nú töluvert hressari.

3. Sunnudagur. Blíðviðri um morguninn, en svo stórhríð (rigning). Sagði lækn-

ir mér að klæðast. Bólu-Hjálmars saga nýprentuð. Síma Dalaskáld safnaði en Brynjólfur frá Minna-Núpi bjó hana undir prent. Verð kr. 1.50.

4. Mánudagur. Með jeljum. Ég skreiddist á fætur.

5. Þriðjudagur. Logn og léttskýjað. Aðfaranótt þessa dags dreymdi mig að fólk frá einu heimili í Öfundarfirði hefði drukknað þar í á (Korpu?). Út af því þóttist ég kveða vísu, mundi ég hana er ég vaknaði og er hún svo:

Gleði hverfur geðs úr stað
gildnar skerfur kífsins,
þegar sverfur sorgin að
sálar kerfum lífsins.

6. Miðvikudagur. Bylur, hinn fyrsti á vetrinum í Reykjavík. Símaði Guðrún mín til mín á Landakotsspítalann, frá Ísafirði, og lýsti það tryggð mikilli að fara að gjöra sér ferð þangað í rosa tíð, til að vita hvernig mér liði.

Steinþór Jakobsson sagði mér að á Hróarsstöðum í Fnjóskadal væri 17 eða 18 ára gömul stúlka, Helga Kristjánsdóttir að nafni, er væri með efnilegustu skáldum að jöfnum aldri; hefði verið birt kvæði eptir hana í norðanblöðunum.

7. Fimmtudagur. Hæglátt veður með smájeljum, skýjað að mestu; birti er á leið. Vísu sú er ég kvað á fyrsta vetrardag um haustið, hljóðar svo:

Pvingun háður muni minn
mænir á náðar setur;
Guðs að ráði gakk þú inn
með gæfudáðum Vetur.

8. Föstudagur. Bezta veður, logn og sólskin. Sigurbjörn Á. Gíslason gaf mér enn bók: Æfisögu Müllers. Var þetta alúð mikil af óviðkomandi manni. Jón Torfason hét gamall maður, um áttætt, heimamaður á Landakotsspítala, áður bóndi í Ölfusi, þrekmenni mikið og góðlátur; hann gaf mér 2 bækur: Ljósvetningasögu og Hallfredarsögu vandræðaskálds, útgáfur Sigurðar Kristjánssonar. Af börnum Jóns Torfasonar var Klængur á Bíldudal.

9. Laugardagur. Bezta veður á norðvestan. Sigurbjörn Á. Gíslason kom enn á fund minn og bauð mér nú heim til sín, þegar ég gæti komið því við.

10. Sunnudagur. Gjóstur á norðaustan. Las ég sögu Bólu-Hjálmars og kenndi þar ýmsra grasa. Ýmsum af vísnum þeim er birtust í sögunni hafði ég náð í safn mitt fyrir nokkru síðan, skrifað þær upp úr ýmsum, einkum Húnetningum og ekki síst Nikulási Guðmundssyni („Þjófa-Lása“) er var skýrleiksmaður mikill og gagnkunnugur ýmsu er sagan skýrir frá. En töluvert öðruvísi eru nú sumar vísur í sögunni, heldur en Nikulás hafði þær, t.d. vísan er Hjálmar kvað um Skúla son sinn. Nikulás hafði hana svo:

Nauða kúlur kembandi
krýpur á Heljar snaga;
alls kins fúla andstreymi
andar úr Skúla r

Hafði Skúli reist sér nýbýli í Húnavatnssýslu (á Laxárdal?) en er Hjálmar skoðaði bygginguna hjá syni sínum, líkaði honum ekki og kvað þá framanskraða vísu er betur hefði verið ókveðin.

Nikulás Guðmundsson kynntist mér á Grænagarði í Skutilsfirði sumarið 1902 og getur hans í Dagbók minni fyrir þann tíma. Fyrir hann skrifaði ég bréf til Hannesar sýslumanns Hafsteins og er það innfært í Dagbókina.

11. Mánudagur. Gjóstur á norðan, nokkuð frost; kóf norður í, þó sólskin.

Nú voru rétt 3 mánuðir frá því ég kom í fangahúsið og höfðu þeir verið of þung-ir hvað heilsufar mitt snerti. Tilkynnti læknir mér að ég mætti fara af spítalanum daginn eftir.

12. Þriðjudagur. Gjóstur á austan, gott veður. Fór ég aptur í fangahúsið.

Tvö-hundruð-ára minning Skúla fógeta Magnússonar var haldin í Rv. all hátíð-lega þennan dag. Hefði nú ekki átt illa við að föngum hefði verið gefið frelsi, t.d. þeim er búnir hefði verið að taka út þriggja mánaða hegningu eða meir, en sem þó á hinn bóginn hefðu ekki átt að sæta nema 12 mánaða betrunarhúsvist. En ekki varð maður var við slíkar hugmyndir hjá þeim „há“ að þessu sinni.

13. Miðvikudagur. Bezta veður. Ég fór á fætur en var þó all vesall; var að bera mig að greiða í sundur hamp (kaðal) er notast átti til að þétta með skip.

14. Fimmtudagur. Bezta veður á vestan; sólskin. Snjórinn óðum að þiðna. Ég óskup vesall, var þó við vinnu.

15. Föstudagur. Vestan blíða sem vordag. Fanginn Stefán Jónsson (sjá 20. f.m.) skrifaði mér og hljóðar það svo: „Magnús minn jeg skal vera þjer svo góður sem jeg get á meðann við erum samann og svo skal jeg gleðja dreynginn þinn eitthvað þegar þú ferð vestur í vor ef Guð lofar okkur að lifa báðum jeg get verið góður þar sem ég sje að jeg á við góða menn og eru við mig einsog þú.

Þinn S. J. Jónsson.“

Rithætti Stefáns er fylgt. Ég skrifaði honum samstundis.

16. Laugardagur. Sama ágætis veðurblíðan. Ekki farið að hýsa fé víða um Suð-urland. Kvað ég stöku þessa aptan á bók þá er séra Jóhann gaf mér:

Lízt mér þessi letra bót
lítill sálar forði,
vanþekking og lygi ljót
liggur í hverju orði.

Og þá orti ég kvæði, 3 vers, og gaf það Soffusi Hansen er verið hafði fangi frá því í Ágúst, en var nú bráðum frjáls; skyldi hann gefa móður sinni kvæðið sem þakklætisvott fyrir alúð þá og dáðrekki er hún svo drengilega hafði sýnt honum á

margfaldan hátt í bággjinda kjörum hans. Kvæðið orti ég í nafni Soffusar og nefndi það: *Til móður minnar* og hljóðar það svo:

1. Hvílík eign að eiga góða móður
auðnuvegur þegar sundur hjóst!
Hvílík eign þá hugur manns er hljóður,
að hvíla sig við nákvæmt móðurbrjóst!
Þegar gleði-sól að sorgar-unni,
svífur lágt sem falli í djúpa gröf;
Guðs af ástar ótæmandi brunni,
er hún lífsins bezta heilla gjöf.
2. Í frelsisþröng ég hými tíðum hljóður
og hjartað berst svo ótt í brjósti mér,
líkt og straumur þungur þjóti óður,
þvingi mig og hrífi burt með sér.
Til þín mamma' á vængjum vonarinnar
veikur hugur samt sig borið fær,
fyrirgefðu galla æsku minnar
góða, blíða, móðir hjartakær.
3. Ég vil feginn bæta bresti mína
og biðja Guð að leiða og styrkja mig,
að ég megí ástúð hljóta þína,
okkur meðan saman liggja stig.
Vertu blessuð alla þína æfi,
alvalds hönd þig krýni gæfurós,
meðan bæríst bára' á djúpum sæfi,
blómin gróa skína himinljós.

17. Sunnudagur. Sama góðviðrið. Fékk ég bréf frá Guðrúnu minni, dags. 2. þ.m., elskulega gott og prýðilega orðað. Í því bréfi sendi sonur minn mér sýnishorn af skript sinni – elsku vinurinn. Þá fékk ég bréf frá Jóni Finnboga Kjartanssyni barnakennara á Kaldá í Öndarfirði, dags. 23. nóvbr. þ.á. Var það ágætt bréf. Segir hann ungmennafélag þar í firðinum, stofnað 1908. Það gefur út blað og er Jón kennari ritari þess. Beiddi hann mig að senda ritgerð í blaðið (bundið mál eða laust) en engan veg sá ég til þess, eins og kringumstæður mínar voru nú.

Í Nóvembr. þ.á. andaðist ágætiskonan Guðrún Sigfúsdóttir, kona Valdimars bókhaldara Örnólfssonar á Suðureyri í Súgandafirði.

Það sagði Stefán J. Jónsson (frá Porvaldseyri, sjá 15. þ.m.) mér enn um Porvald á Porvaldseyri að vorið sem hann fór byggðum þaðan, Porvaldur, hefði hann gefið Austur-Eyjafjallahreppi þinghús og lét hann færa við til þess og byggja það á

sinn kostnað. Lét hann flytja þiljur á 30 hestum frá Reykjavík austur að Raufarfelli, þangað sem húsið var byggt, og fylgdu 3 menn lestinni, synir Þorvaldar: Þorbjörn og Sigurjón og Stefán sá er að ofan er nefndur. Var þetta stór-mikill höfðingskapur.

18. Mánudagur. Sama veður. Símaði Guðrún mín frá Ísafirði til Sigurðar fanga-varðar og spurði hvernig mér liði, og lýsti þetta tryggð mikilli og ást. „Lengi skal manninn reyna“.

19. Þriðjudagur. Með skúrum. Fór Soffus úr betrunarhúsinu, sem frjáls maður og hafði hann verið í 4 mánuði, fyrir óverulegt girndarkák við telpu inna ferming-araldurs.

20. Miðvikudagur. Ágætisveður, bjart lopt. Mjög var ég gagntekinn af sárindum í öllum efri hluta líkamans og þoldi ég ekkert að ganga eða standa til muna. Melt-ingin var og í mestu óreglu og hafði verið það frá því ég fór að heiman um haustið.

21. Fimmtudagur. Lognrigning. Snjór að eins til fjalla. Aðfaranótt þessa dags dreymdi mig að sonur minn (Einar Skarphéðinn) væri dáinn; hefði hann fengið kýli og hefði verið skorið í því eða skorið burt og hann svo dáinn á öðru dægri.

22. Fimmtudagur. Styztur dagur. Bjart lopt fyrst um morguninn, en svo alskýjað með kælu á austnorðan; gekk svo til norðvesturs með þoku til fjalla og nokkru úri.

23. Föstudagur. Þorláksmessa. Norðangjóra og bjart lopt. Afmælisdagur sonar míns og var hann nú 8 ára, fæddur að Kolbeinslæk við Súðavík 23. Desbr. 1903.

Kvað ég nú til hans eina söngvísu og hljóðar hún svo:

Þú góði son, með glæstar perlur tára
í gildri sorg þú hugsar opt til mín,
ég veit að berðu byrði hjartans sára,
en ber þig vel því seinna gleðin skín.
Ég óska ljúft að hefjist þér til handa
ið hæsta lán með gengi farsældar,
að þú verðir hetja og hreinn í anda,
sem Héðinn sá er nafn þitt forðum bar.

Þá kvað ég og 3 vísur til Guðrúnar minnar og hljóða þær svo:

1. Gleymdu trega gullsól bjarta
gleðin þokast nær,
vonarblys ef berðu í hjarta
bölið hverfur fjær.

2. Mesta heilli vonin veldur
varin guðdóms rún;
hverrar skepnu arineldur
efalaust er hún.

3. Von er líffræ lífsins sanna,
ljómi friðar hlýr,
verndarengill allra manna
unz að lífið flýr.

Jón Ólafsson hét steinsmiður á Grettisgötu 35B, í Rvík, ættaður austan úr Holtum í Rangárvallasýslu. Hann var þennan dag að athuga gufuleiðslu í fangahúsinu, og átti hann dálítið tal við mig, þar sem ég var að ýmsu stjái frammi við. En er hann kom frá miðdegisverði færði hann mér þessar gjafir: *Iðunni og Skírnir* (1896), 1/4  af Brjóstsykri og Jólakort. Og var þetta fallega gert af óviðkomandi manni.

24. Sunnudagur. Kæla á austan. Sólskin um hádegið og nónið.

25. Mánudagur. Jóladagur. Stormur á suðaustan. Um nóttina (nóttina helgu) dreymdi mig aptur að sonur minn væri dáinn; grét ég í svefninum og vaknaði við það og vakti síðan til dags, í myrkrinu því ekki máttum við fangarnir hafa ljós, og var það all-langur tími. Um morguninn hnerraði ég í rúminu; en það var gömul trú, er ég heyrði þegar ég var barn: að maður ætti eptir að lifa *önnur* jól, ef maður hnerraði í rúmi sínu á jóladagsmorgun. Og svo var með aðrar hátíðar og tíma-skipti.

Sigurbjörn Á. Gíslason guðfræðingur og Guðrún Lárusdóttir kona hans, til heimilis í Rvík, komu til fundar í fangahúsið og færðu öllum föngunum gjafir. Mér gáfu þau: 8 bækur (allar kristilegs efnis), jólakort, kerti og ýmislegt „gotteri“ svo sem: Epli, brjóstsykur, gráfíkjur, vínber og appelsínur.

Héldu þau svo guðsþjónustu á eptir og sagðist vel. Slíkt höfðu þau gert árið fyrir og var það mannúðlega gert.

Skrifaði ég syni mínum og sendi honum kort það er mér gafst 23. þ.m.; á það reit ég vísu þá er ég orti til hans ofantjáðan dag.

26. Þriðjudagur. Ljómandi fagurviðri, sólskin og heiðríki. Sigurður fangavörður hafði nú beðið mig að sýsla um miðstöðvarofninn og var ég nú tekinn við honum, að sinna um hann sem þurfti. Ég átti og að skúra fanghússganginn og ýmislegt að gjöra fleira er tilheyrði húsinu; var ég því ekki innilokaður nema yfir hánóttina.

27. Miðvikudagur. Logn og heiðríki, 7 stig frost. Ég var mjög illa haldinn af sárindum og átti ég afar bágst með að skúra.

28. Fimmtudagur. Góðviðri á norðan, hálfskýjað.

29. Föstudagur. Hvasst á austan, þykkt lopt; ekkert úr. Ég var eyðilagður af sárindum ef ég gekk eða stóð til lengdar og eins af að greiða tó, og hafði ég verið svo alla tíð, að ég þoldi ekkert að gjöra það er reyndi á gómtaugarnar, t.d. ekki þrjóna, ekki fara með krekjur og ekki tægja eða leysa neitt það er hart var, og ekki reita fugla. En þessu trúðu fáir og jafnvel ekki sumir læknar, og mátti það undarlegt kalla.

Auðvitað voru sárinda þjáningarnar nú upp á það versta, enda svíuðu þær lítið þótt ég settist niður eða drægi mig í hlé á annan hátt. Samfara þessu voru kölduflog

mikil og verulegur aumingjaskapur, þótt ég væri að reyna til að dylja hann. Hafði ég lengi heilsulaus verið og opt þráð fullkomna hvíld, enn sú stund var enn ekki komin.

30. Laugardagur. Yndælis blíðviðri. Alauð jörð og skruðgræn tún. Gaf fanga-vörðurinn mér almanak (tímatalið) upp á næsta ár.

31. Sunnudagur. Gamlársdagur. Logn og þykkt lopt um morguninn en hvessti svo á suðaustan og rigndi all mikið; hægði og birti eptir nónið og frysti lítið. Var ágætis fagurviðri um kvöldið, heiðríki og stilling, og tunglskin. Ég fór opt út um kvöldið og horfði til fjallanna; það var mitt mesta yndi.

Huldusagna slitur þau er ég hafði heyrt í æsku, svifu nú í huga mínum sem ljúf-ar og friðsælar verur og breiddu frið og ró yfir harmakjör mín.

Reykjavík, í betrunarhúsinu
á Gamlárskvöld 1911.
Magnús Hj. Magnússon.

1912

Janúar

1. Mánudagur. Árið byrjaði mánudag með bezta veðri, logni og heiðríki og litlu frosti um morguninn, en þykknaði svo og þýddi. Auð jörð og græn tún.

Skrifaði ég Guðrúnu fylgikonu minni, og sendi henni vísur þær er ég kvað til hennar 23. f.m. (á Þorláksmessu).

2. Þriðjudagur. Logn og alskýjað um morguninn, heiðbirti svo, en varð aptur alskýja með kælu á norðvestan. Um nóttina hafði alsnjóað. Sendi ég bréfin á póst-húsið (c: bréf það er ég skrifaði daginn fyrir og bréf það ég reit til sonar míns á jóladaginn).

3. Miðvikudagur. Andvari á norðan, heiðbjart að mestu. Dreymdi mig skruð-græn tún í Skálavík í Hólshreppi og alblómguð sóleyjum, einkum á Breiðabóli og Minni-Bakka, en slíkt var mörgum fyrir dauða. Guðrúna mína dreymdi líkan draum nóttina áður en snjóflóðið mikla hljóp á Breiðabóli 1. marz 1910. Kvað ég stöku þessa:

Að ég tíðast masi margt,
munu fáir sanna,
þó ég reyrist heldur hart
hlekkjum vandræðanna.

Um kvöldið, kl. 6, vóru geislastafir miklir út frá tunglinu, víst 8 ef ekki fleiri, en fyrir því að lopt var þá orðið skýjað, sáust þeir ekki skýrt. Þetta hafði ég aldrei séð.

4. Fimmtudagur. Hvass á austan, þykkt lopt; skaf-kafald. – Dreymdi mig austur undir Eyjafjöll, þóttist staddur þar á bóndabæ, í Austur-Eyjafjallahreppi. Þótti mér Friðrik konungur VIII. vera staddur þar. Bláklædd kona gaf honum skrifaða bók,

þó var bókin ekki öll útskrifuð. Framan á henni stóð: „Rímur.“ Konungur hafði tösku sem póstur. Gaf hann konunni peninga og dúk, hvítan að lit; fór með henni inn í herbergi á baðstofugólfinu, settist hjá henni og kvað vísu þessa, allhátt, á íslenzku:

Enginn grætur Íslending,
einan sér og dáinn,
þegar allt er komið í kring
kyssir torfan náinn.

Þá vaknaði ég. Vísan er eptir Jónas Hallgrímsson. Kunni ég ekki vísuna en lærði hana í svefninum.

Nú var þeim Ólafi Sigurðssyni („Óla í Hólakoti“) og Stefáni Jónssyni birtur dómur í málum þeirra; dómur Ólafs: *Álján mánaða fangelsisvist*; dómur Stefáns: *þjórátán mán. fangelsisvist*. Þungir voru dómur þessir, eigi síður Ólafs er búinn var að vera í haldi frá því um miðjan Ágúst mánuð. Hafði hann sjálfsagt mikið til unnið; enn ranglátt sýnist það, að taka ekki meira tillit til gæzluvarðhalds en vanalega er gert, þar sem það skiptir þá mörgum mánuðum. Er slíkt fjarstæða mikil.

5. Föstudagur. Góðviðri á norðaustan. Snjór ekki meiri en svo að rétt var gránuð rót. Þessir voru helstir landnámsmenn í Norðlendingafjórðungi:

Auðunn, Þórður, Eiríkur,
Ingimundur, Sæmundur,
Ævarr, Helgi hugdjarfur,
hefnir Þorsteins Eyvindur.

Ég var að lesa í Landnámu og rímaði ég þá þetta.

6. Laugardagur. Þrettándi. Bezta veður á norðan, heiðriki og stilling, 2 st. frost kl. 9 árdegis; en *20 stiga frost* á Grímsstöðum á Fjöllum þennan sama dag. Í ungðæmi mínu, í Öfundarfirði, var þrettándi sumstaðar haldinn heilagur (ekkert unnið fyrir utan nauðsynjaverk) og eldað spað (kjötsúpa) í nónmát.

7. Sunnudagur. Bezta veður á útnorðan, ekkert frost (á mælir). Skrifaði ég bréf fyrir fangann Stefán J. Jónsson, með leyfi Sigurðar fangavarðar, til Magnúsar kaupmanns Sigurðssonar í Miklaholti í Miklaholtshreppi, í Snæfellsnessýslu.

Á árunum 1904 til 1906, var Sigurður Pétursson, núverandi fangavörður, túlkur ýmsra útlendra fræðimanna er ferðuðust hér um land. Meðal annars fór hann með þeim upp í Þjórsárdal; skoðuðu þar bæjarstæði Hjalta Skeggjasonar. Þar er og grafreitur (við bæ Hjalta) og sér enn fyrir veggjum kirkjunnar. Þar er sandur mikill og blæs mikið af mannabeinum þar upp ár af ári, og þó þau séu grafin niður í sandinn, koma þau jafnskjótt upp aptur. Sigurður kvaðst hafa séð þar „víst 8 til 10“ hauskúpur og fjölda af öðrum beinum. Tönnurnar voru enn fastar í kjálkunum. Þeir hafa ekki þjáðst meira af tannkvöl, formmennirnir, en nútíðarfólkið, sem er eyðilagt af henni frá því á barnsaldri og þangað til engin tönn er eptir. Mundi ekki fæðulagið eiga einhvern þátt í slíku?

Hausthúsaeyjar eru fyrir Mýrum í Mýrasýslu. Þar var kirkjustaður til forna og hefir kirkjugarðurinn blásið upp. Fyrir 80 árum fundust þar 60 beinagrindur og voru þær fluttar í land og jarðaðar í Miklholti. Og nú er afarmikið af beinum að blása þar upp og kom til mála síðastliðið haust að flytja þau til greptrunar að Miklholti. Hausthúsaeyjar voru áður fastar við meginland, en síðan hefir sjór gengið á landið, svo nú eru þær fráskildar, en ríða má fram í þær um fjöru, svo sem Hjörsey.

8. Mánudagur. Hvass á suðaustan, skýjað.

9. Þriðjudagur. Hvass á austan, skýjað að mestu, enn annars bezta veður.

10. Blíðviðri sem vordag, smáskúrir og sólskin á milli. Alautt. *Kolviðarnes* heitir bær í Mýrasýslu og er þessi munnmælasaga tengd við bæjarnafnið:

Hrísla sú er Grettir hýddi Gísla með, er frá segir í Grettlu, var síðan hirt og notuð til kolagerðar, kurluð og sviðin eins og siður var og var hún svo drjúg, að kolin úr henni voru í fulla tunnu. Hefði því eigi verið smábarna færi að rífa hana upp með rótum. Á nesi því er hríslan brennd á, var síðan byggður bær og nefndur Kolviðarnes, svo sem að ofan segir.

11. Fimmtudagur. Sama veður.

12. Föstudagur. Logn og skýjað lopt, með jeljum er á leið. Ekki farið að kenna lömbum heyát í Mýrasýslu.

13. Laugardagur. Bezta veður, logn. Skýjað. Hafði ég tannkvöl, afar mikla.

14. Sunnudagur. Með jeljum. Ég eyðilagður af höfuðþjáning, m.m.

15. Mánudagur. Kæla á norðaustan fyrri hlutan, en gekk svo til vesturs. Heiðbjart um morguninn, svo skýjað.

16. Þriðjudagur. Gjóla á suðvestan og heiðríft að mestu til kl. 2 e.h., þykknaði þá og gerði stórrigningu. Ég hafði sífellt höfuðþjáningar miklar og tannkvöl, en í brjóstinu og maganum var ég heldur betri. Ég reyndi þó að vera við vinnu, skúr-anir o.fl., o.fl.

17. Miðvikudagur. Sunnan góðviðri. Alautt.

18. Fimmtudagur. Elskulegt sunnan góðviðri, með smáskúrum og sólskin á milli. Regnboginn (tvíbrottinn) uppi. Var slíkt sælutíð mikil.

19. Föstudagur. Sama öndvegistiðin. Nú var af og til verið að sýna í Rvík, leikritið Fjalla-Eyvind eptir Jóhann Sigurjónsson frá Laxamýri. Um sama leiti birtist það neðanmáls í „Þjóðólfi“. En galli var það á sjónleik þessum að höfundurinn hafði aukið í söguna, persónu (holdsveikum manni) er ekkert kom efninu við. Leikritið var og allt of endasleppt. Þessa sögu sagði Sigurður fangavörður mér, hafði hann heyrt hana í æsku, um Höllu, konu Fjalla-Eyvindar:

Einusinni hafði Halla náðst, var hún þá ólétt; var hún flutt til byggða og komið í dvöl í Engey við Reykjavík. Leið svo að þeim tíma að hún varð léttari og náði hún skjótt aptur góðri heilsu. Þá var það einusinni að hún var úti, í góðu veðri, hafði hún þá sagt: „Fagurt er á fjöllumum uppi núna“. En um morguninn var hún horfin. Bátgarmur var í eyjunni er hafður var til að „gjögta“ á milli lands og eyjar,

hann hafði hún tekið og róði honum til lands, lenti í Reykjavík og strauk svo til fjalla. Hafði hún skjótt komist á fund manns síns, Fjalla-Eyvindar.

20. Laugardagur. Gjóstur á suðaustan, skýjað. Orti ég eina vísu er bætast skyldi inn í 3. rímu mína af Fjalla-Eyvindi. Hún er svo:

Fleygði því í foræði þar nærri,
seinna vitja þess nam þar
þollur jaka dalnauðar.

Var mér nú meinlegt að hafa ekki rímurnar við hendina.

21. Sunnudagur. Lognríning og dimmt lopt.

22. Mánudagur. Sama veður. Um haustið tveim dögum áður en ég kom í fanga-húsið, hafði Símon Dalaskáld verið settur inn eina nótt, ölvaður. Þá kvað hann þessa vísu, um Guðrúnu dóttur Sig. fangavarðar Péturssonar:

Kennir í brjósti um Símon sinn,
sem er orðinn fangi;
helst því lifnar hugurinn
ef hana sér á gangi.

Í þetta sinn var nýbúið að prenta eftir hann: *Rímur af Hrafni Hrútfirðingi, Guð-rúnarsyni*, 4 tals og var hann með tvö eintök af þeim í vasa sínum er hann var látinn í fangahúsið, tók Sigurður fangavörður þau úr vasa hans til geymslu. En um morguninn hafði Sigurður týnt rímunum og gat því ekki afhent höfundinum þær. Enn þennan dag, 22. janúar 1912, fundust rímurnar baka til við skáp í eldhúsinu, orðnar mjög skemmdar, og gaf þá vinnukona Sigurðar fangavarðar, Geirlaug Páls-dóttir frá Eyrarbakka, mér annað eintakið, og þannig kómust þær í mína eigu.

Þegar Símon Dalaskáld hafði lokið við rímurnar af Hrafni Hrútfirðingi, var hann búinn að yrkja þessar rímur:

1. Rímur af Birni Breiðvíkingakappa, 5 tals.
2. Rímur af Sálusi og Nikanor, 9 tals.
3. Rímur af Birni Hítælingakappa, 15 tals.
4. Hjálmarskviður, [] erindi.
5. Híðbjarnarrímur, 37 er.
6. Rímur eða rímu um bardaga er Bólu-Hjálmar hafði ort út af. Símon getur eigi um, hver sagan er, en minnst þó á rímurnar eða rímuna í Búarímum bæði og Hrafnarímum.
7. Aronsrímu, [] er.
8. Hrómundarrímur, 8 tals.
9. Rímur af Béringsborgarstríði, 8 tals.
10. Kjartansrímur [] er.
11. Rímur af Geirarði jarli og Elínborgu, 5 tals.
12. Rímur af Sigurði fáfnisbana, 5 tals.

13. Rímur af Búa Andriðssyni, 7 tals.

14. Rímur af Gunnlaugi Ormstungu, 4 tals.

15. Rímu af Herði Hólmverjakappa, [] er.

16. Rímur af Atla Ótryggsyni. Þær eru 6 alls, en Símon á ekki nema 3 af þeim (seinni partinn); hinar eru eptir Jón bónda Sigurðsson í Gilhaga í Skagafirði, síðar bónda í Stóradalsseli í Húnavatnssýslu.

17. Rímu af Ármanni og Helgu [] er.

18. Rímur af Hávarði Ísfirðing, 10 tals.

19. Rímur af Þorsteini fagra, 4 tals.

20. Rímur af Hallfreði vandræðaskáldi, voru í smíðum 1907; hætti skáldið við þær meðan hann orti rímurnar af Hrafni Hrútfirðing og vitum vér eigi hvort hann hefir lokið þeim.

21. Hvammsrímu, [] er.

22. Bændarímu yfir Lýtingsstaðahrepp [] er.

23. Bændarímu yfir Akrahrepp, [] er, og

24. Hrafnrímur sem að framan er getið.

Má vel vera að hann hafi ort fleiri nafnkenndar rímur, þótt vér eigi vitum að svo stöddu. Ekki var laust við Hrafnrímur væru stírdari en aðrar rímur eptir sama höfund, enda málið ekki gott og hugsunarvillur í stöku stað. Þó var víða fallett. Þriðja ríman var bezt. Höfundurinn var hálfsljótugur er hann orti þær á Þorranum 1907, og þá lengi búinn að vera veikur, svo von var til að sálarþrek hans væri orðið bilað. En mikið og margt fagurt hefir maður sá ort, og mun nafn hans verða lengi uppi, sem maklegt er.

23 Þriðjudagur. Ágætis veður, logn og heiðríki og svo sem ekkert frost. Á Kjalarnesi var hrímað til sjóar.

Skrifaði ég syni mínum og kvað þessa vísu neðan við:

Veri ætíð vizka og dyggð á vegum þínum,
geymi þig og grandí þínum
Guð í kærleiks faðmi sínum.

Geirlaug, vinnukona Sigurðar fangavarðar beiddi mig að kveða um sig vísu, gerði ég það er hún svo:

Þú ert Geirlaug glöð við lýð
greennir þungan бага,
við þér brosi farsæld fríð
fjörs um alla daga.

Skrifaði ég Kirkjuferðina, vísur eptir mig, fyrir Stefán Júlíus Jónsson (fanga).

24. Miðvikudagur. Andvari á norðaustan, lítið frost. Skýjað að mestu.

25. Fimmtudagur. Pálsmessu. Sama veður. Nú hefðu gömlu mennirnir (fyrri tíðar) orðið all gláðir, fyrst veðrið var svo gott þennan dag, er þeir töldu merkisdag upp á árið. Skrifði ég Guðr. minni. Föl það er var á Kjalarnesinu var nú tekið upp.

Um kvöldið skrifaði ég upp úr *Kirkjublaðinu 1892 (jólalblaðinu)*: *Barnaþjóð*, 9 vers. Var það með hinum fögrustu og hjartkærustu ljóðum frá fyrri tíð. Hafði ég í hug að gefa syni mínum það.

26. Föstudagur. Þorri byrjar. Miður vetur. Frostleysa og blítt sem vordag. Blóðautt frá hafi til heiða og græn tún. Sólskin.

27. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri, 1 st. frost um morguninn. Jafn-unaðslega tíð um hávetur, mundi ég ekki utan veturinn 1894-’95, sem ég var á Þorvalds-eyri undir Eyjafjöllum, og var þó all-óstöðug veðráttá fram á hátíðar eða lengur, þó autt væri en öndvegis tíð eptir það. Var eldiviður allur (sauðatað) orðinn þur og kominn inn á sumardaginn fyrsta.

28. Sunnudagur. Sumarblíða. Fyrir þrem vikum var settur í gæzluvarðhald Guðni Einarsson lausamaður, ættaður úr Landeyjum í Rangárvallasýslu, grunaður um að hafa gert innbrot í Hafnarfirði og stolið þar smíðatólum. Hann hafði verið í fangahúsinu árið fyrir, og var þá í gæzlu í 8 mánuði en síðan dæmdur í 6 mánaði, til hegningar, og var hann því inni alls í 14 mánuði. Skildist mér á ýmsu að menn hefðu nú slæman grun á honum. Annars var Guðni þessi maður all-myndarlegur, smiður góður og sjómaður en harður í lund og ókærinn. Árið fyrir var hann trúlofaður myndar- og atgjörvis stúlku, en er hann þá lenti í fangahúsinu, sagði hún honum upp. Guðni sagði mér að í Vestmannaeyjum væri nú 3000 manns, 1500 fjár og 75 til 80 kýr; en fyrir 15 árum hefðu verið þar 500 manns, 500 fjár og 20 kýr. Enn mjög kvað hann suma menn þar vera skulduga.

29. Mánudagur. Rigning mikil og þoka fyrri hlutan, svo heiðríki og sólskin. Þorratunglið 10 nátt. Ekki brást hjá gömlu mönnunum:

„Pá Porra tunglið tínætt er
tel ég lítinn háska,
næsta sunnudag nefna ber
nú vikur til Páska“.

30. Þriðjudagur. Logn og heiðríki með 5 st. frosti um morguninn; norðanátt.

Tíð í Ísafjarðarsýslu hin ágætasta, að því er símað var frá Ísafirði þennan dag, svo elztu menn mundu ekki slíka vetrarblíðu.

Veturinn 1900-1901 var þó ágætur. Þá kenndi ég börnum að Úlfsá í Skutilsfirði, og þá orti ég rímur af Hrafnkeli Freysgoða, 9 tals, byrjaði þær daginn eptir að ég lauk við rímurnar af Ambálesi kongi; orti ég 15 af þeim þá um haustið, en þær eru 18 alls, þrjár af þeim var ég búinn með áður. Hrafnkels rímur lauk ég við 12. Febrúar 1901.

31. Miðvikudagur. Bezta veður, logn og skýjað að mestu. Ágætur afli við Ísafj. djúp. Skrifaði ég fornvini mínum, Sigurbirni skáldi Sveinssyni, skósmið í Reykjavík, sem var nú kennari við aðal-barnaskóla bæjarins. Kynntist ég honum fyrst í Rvík haustið 1894, hjá Rafni skósmið Sigurðssyni, var hann þá ungur, lítilsigldur og viðkvæmur og átti opt bág, og bláfátækur; en Rafn ofsi í lund og hinn strangasti húsbóndi, en reglumaður með afbrigðum og viss í öllum lofordum. Kom svo

að Sigurbjörn þoldi ekki vistina hjá Rafn og fór hann burtu frá honum (að lækni ráði) og kom sér fyrir hjá öðrum skósmið, enn gekk síðan í Sáluhjálpar herinn og fór þá að prédika opinberlega og síðan að *yrkja* og varð hann skjótt í tölu beztu sálmaskálda þessa lands. Hann kveður af andagipt, lifandi trú og Guðs ótta og eru flestir sálmar hans því átakanlega hjartnæmir. Hann yrkir og fögur náttúrukvæði. Sigurbjörn var nú giptur fyrir nokkrum árum og hét kona hans Hólmfríður. Þau áttu 2 börn.

Febrúar

1. Fimmtudagur. Heiðríki og stilling; 7 stiga frost á S. Fékk ég boð frá Sigurbirni skáldi og kennara Sveinssyni, með Sigurði fangaverði, að hann ætlaði að finna mig næsta sunnudag. Um nóttina (aðfaran. fimmtudagsins) dreymdi mig að ég væri laus úr fangelsinu, þóttist staddur hjá Jóni Magnússyni bæjarfógeta; þar á borði í skrifstofunni sá ég handtösku, ofan í hana var fógetinn að láta brækur (ytri buxur) og var hún þá full því ýmislegt var undir í henni og þóttist ég vita að bæjarfógetinn væri að útbúa þetta handa mér. Svaraði ég þá til og sagði: „Sjaldan lýgur almanna rómur“, meinandi þar með að fógetinn fengi gott orð. Í því vaknaði ég. Þennan dag var 14 stiga frost að Grímsstöðum á Fjöllum.

2. Föstudagur. Heiðríki með kælu á norðan. Um svona lagað veðurfar á Kindilmessu kváðu fyrri aldar menn:

„Ef heiðbirta og sólskin sést
á sjálfa Kindilmessu,
vænta snjóá máttu mest
maður upp frá þessu“.

Við sólar uppkomuna þennan dag kvað ég þessar vísur:

Esju tindi frá þeim fríða
fer í skyndi sól,
dróttum myndast dáð og blíða,
dansa lyndis-hjól.

Dýrðar háa hárið greiðist
hennar ásýnd frá,
hjártans þrá og angur eyðist
unaðs gljáir brá

Í mínu ungdæmi var það siður í Önundarfirði að sjóða harða skötu eða salt-steinbít („tros“) til nóns á Kindilmessu og þótti það sælgæti mikið; og þá var byrjað að éta í björtu (nónmatinn).

3. Laugardagur. Sama veður og sama frost (7 stig). Um kvöldið kom til mín minn forni, góði vinur Sigurbjörn Sveinsson skáld og var það fagnaðarfundur.

Hann færði mér epli. Hann minntist mjög á samvist okkar í Reykjavík haustið 1894 og kvað sér kært að hugsa til þeirra stunda. Daginn sem við skildum þá um haustið og ég var ferðbúinn til Þorvaldseyrar, sagði hann að við hefðum gengið suður í kirkjugarð og talast þar við all-langa hríð. Þá kvaðst hann hafa verið að byrja að yrkja kvæði til móður sinnar en hefði ekki getað botnað fyrsta versinu, og hefði ég þá botnað það „og lék mér öfund á, hvað þú varst fljótur“. Meðal annars kenndi Sigurbjörn nú ensku við barnaskólann og hafði auk þess marga fullorðna í aukakennslu. Um haustið var barnaskólinn settur með frekum 900 barna; kennarar[]

4. Sunnudagur. Kafaldsbylur með ágöngum, 7 st. fr. Kom Sigurbjörn aptur til mín og færði mér nú 2  af kandís. Dvaldi hann hjá mér all-lengi og töludum við margt, einkum um skáldskap og bókmenntir. Sigurbjörn kvaðst nú kominn á „réttu hillu“ og liði sér nú mikið betur en þar sem hann hafði áður verið, t.d. á Ísafirði og Akureyri. Hann var nú tekinn að safna ýmsu bókfræðislegu svo sem ástabréfum o.fl. og hafði hann í hug að semja stóra skáldsögu og var þegar byrjaður; talaði hann um að hafa mig eina af aðalpersónum sögunnar, þætti sér æfi mín svo „undarleg og merkileg“ og vildi hann því lýsa hugsunarhætti mínum, æfistarfi og æfiskjörum, að því leyti sem sér væri hægt, og vildi hann nú fá heimild hjá mér til þessa. Jafnframt fór hann þess á leit við mig að fá lánað hjá mér, gegn borgun, eitthvað af Dagbókum mínum til að kynnast hugsun minni á ýmsum tímum sem bezt, en engu gat ég heitið honum um það, að svo stöddu.

Sigurbjörn hafði nýlega ort kvæði, er hann lét mig heyra, var það afbragðs fallett, rétt og ljóst á ágætri íslenzku; var það hvöt til hinna ungu og nefndist: „*Hærra, hærra*“.

Nú var verið að prenta í *annað sinn* bók hans Bernskuna aukna að mun; biðu margir með óþreyju eptir þeirri bók, því fyrri útgáfan „flaug út“ og gat sér marga vini, ekki sízt meðal barnanna og þeim var hún helst ætluð „Það er allt svo gott eptir Sigurbjörn“ sögðu margir, og var það orð að sönnu, og ljúfari og betri mann gat ekki.

5. Mánudagur. Norðangjóra, heiðríkt, 10 st. frost á Sels.m., 8 stiga frost á Ísafirði og 18 stiga frost að Grímsstöðum á Fjöllum.

Fór gjall úr kolaösku upp í augun á mér, úr hægra auganu bráðnaði skjótt en vinstra augað varð ófært. Friðrik Jónsson hét einn af föngunum, skósmiður frá Sauðárkrók, var að taka út vatns og brauðshegningu. Hann var gáfumaður, fjörmaður mikill og skáldmæltur og ágætlega glaðvær. Hann náði úr auganu á mér, töluverðu, enn mjög fann ég til í auganu á eptir og taldi ég víst að augað hefði meiðst. Friðrik skósmiður var fæddur 16. Nóvember 1888.

Fékk ég bréf að heiman. Góð líðan. Þórður P. Grunnvíkingur í Bolungarvík hafði komið til Súgandafjarðar fyrir nýárið og haldið kvæðaskemmtun á Suðureyri: kvað þar kosningarímur og fl., eptir sig. Seldi hann innganginn á 25 aura fyrir fullorðna, 10 a. f. börn og voru áheyrendur milli 40 og 50. Jólátresskemmtun var haldin á Suðureyri um þrettándann og hefði farið vel fram. Guðrún mín og

sonur okkar voru þar og skemmtu sér vel. Skemmtun þá héldu þeir kennararnir: Friðrik Hjartarson og Lúðvík Jónsson.

Sama daginn og bréfið var ritað, 18. Janúar, andaðist á Suðureyri Jesper Nikulás Jóhannesson húsmaður, ættaður úr Bolungarvík, hraustmenni mikið og þrekinn að burðum. Hann dó úr krampa. Lætur eptir sig ekkju Rósenkrönnu Sveinbjarnardóttur, og tvö eða þrjú börn í æsku.

6. Þriðjudagur. Norðangjóstur, heiðríkt; 10 stiga frost á Sels.m. Ég slæmur í auganu. Um kvöldið orti ég: *J-e-s-ú-s*, 3 vers. Þau hljóða svo:

1. Þitt nafn, Ó, Jesú, er svo ástríkt gjöf
að óttinn hverfur fyrir dauða og gröf,
því hjartnæmari hugmynd er ei til
sem hærri og dýpri veiti friðaryl.

2. Ó, Jesú kær, æ jeg vil vera þinn,
Ó, Jesú kær, æ vertu líka minn;
Ó, Jesú kær, mér gef þú götu þá
sem geislar þinnar náðar skína á.

3. Svo vil ég glaður skunda lífsins leið
við ljóma Jesú nafns í gleði og neyð,
við sólbroðir það mitt gæfublómstur grær,
unz Guðs við brjóst mín sála frelsi nær.

7. Miðvikudagur. Norðan harka með 10 st. frosti á S.; Heiðríkt. Guðrífur Gilsdóttir kona Sigurðar fangavarðar, ól barn um nóttina og var það 7. barn þeirra hjóna. Gekk vel. Barnið var sveinn. Kvað ég til Friðr. skósmíðs:

Gakktu slóðir gæfunnar
garpur ljóða kærí,
auðna góð þér allstaðar
yndis-sjóði færi.

Ég var mjög slæmur í auganu.

8. Fimmtudagur. Ofsastormur á norðan með 11 st. frost. Friðrik skósmíður og ég höfðum nú að gamni okkar sett nafn upp á ýmsa klefa í húsinu, þar á meðal herbergi það er heimilisstúlkur Sig. fangavarðar sváfu í. Það kölluðum við Baldurshaga. Klefa þann er ég bjó í, nefndi ég Náströnd, sökum veiki minnar um haustið, og kvað ég þessa vísu um:

Pótt sé næði Náströnd á
nístir skæður ami,
hugarmæða háir brá,
hverfur gæða frami.

Klefa þann er Friðrik bjó í, nefndum við Valhöll. Þar um kvað ég:

Valhöll ræður vasklegur
vísdom kvæða blómgaður
Friðrik gæða- glaðlyndur,
gulls við hæðir fjörugur.

9. Föstudagur. Sami hörkugarðurinn með 9 st. frosti. Heiðríkt dag eptir dag enn ekkert kafald.

Loksins fékk ég læknir, skoðaði hann augað og reit forskript til meðala.

10. Laugardagur. Logn og þykkt lopt; 7 st. frost á S. Fékk ég meðal við auganu. Hefði fyr átt að vera. „Í annars slíðrum eiga sverð opt er neyð á lífsins ferð“.

11. Sunnudagur. Sunnanblíða með 4 st. hita um morguninn. Kom til mín vinur minn Sigurbjörn skáld og kennari Sveinsson. Hann gaf mér 2  af sykri og 50 aur. í peningum. Hann beiddi mig um vers þau (Jesús) er ég orti 6. þ.m. Lánaði ég honum Dagbók mína. *Honum* var hún velkomin, en líklega hefði ég ekki lánað hana öðrum.

7. þ.m. urðu 2 menn úti í sandbyl á Rangárvöllum, undir túngarðinum í Varmaðal, bræður frá Grund undir Eyjafjöllum. Þeir hétu Brynjólfur og Sveinbjörn, Guðmundssynir.

12. Mánudagur. Logn og þykkt lopt (þoka); 2 st. hiti um morguninn (á S.).

13. Þriðjudagur. Sunnanblíða. Enn þá voru græn tún. Ég notaði dagl. meðalið við augað, en enn þá var ekki um bata að ræða, opt allmiklir verkir í gegn um höfuðið og einkum svimi. Ég reyndi þó að gjöra mín vanaverk, úti sem inni. Kvað Friðrik skósmiður vísu þessa til mín:

Gefist allt hið góða þér,
Guð ávalt þig styðji,
ljóðin snjallt er mæltir mér
Magnús Hjalta niðji.

14. Miðvikudagur. Sumarblíða með 5 st. hita á S. um morguninn. Þykkt lopt um morguninn, svo heiðríkt. Kvað ég 3 vísur til Friðriks skósmiðs. Þær hljóða svo:

1. Væna lagar vísna skrá,
verknað hagan styður,
mærum Skagafirði frá
Friðrik bragsmiður.

2. Hryggðarstundum hrindir frí
hýr við sprundin maður,
blómsturlundi lífsins í
ljómar undra glaður.

3. Græði korða sveigir sá
sæmd um storð óringa,
svo að orðsins sveitum hjá
sómi Norðlendinga.

Guðni Einarsson (sjá 28. f.m.) kallaður fyrir rétt – settur aptur í hald.

15. Fimmtudagur. Kæla á austan, skýjað; 4 st. hiti á S. um morguninn.

Klefa þann er Guðni Einarsson bjó í, kallaði Friðrik skósmiður Lokabúðir. Eitt sinn þennan dag fann ég Friðrik að máli og var hann þá að yrkja vísu um „Lokabúðir“ og var búinn með seinni partinn, og hljóðar hann svo:

„Sólin þekast fögur frá
fúlum Lokabúðum“.

Ég setti framan við:

Gjólur stroka um húsin há
hriktir í oka og súðum.

16. Föstudagur. Sama öndvegisblíðan; 6 st. hiti um morguninn (á S.). Kvað ég vísu þessa til Friðriks skósmiðs:

Saknaðar mig særir þraut,
sældar hverfur staður,
þegar Friðrik fer á braut
félags góður maður.

17. Laugardagur. Sama blíðan; 4 st. hiti um morg., enn 6 st. hiti um nónið. Heldur var ég nú þrautaminni í auganu, en einatt fannst mér sem væri upp í því. Um kvöldið skrifaði ég upp fyrir Sigurbjörn skáld Sveinsson, þessi ljóðmæli eptir mig.

1. Jesús, 3 vers.
2. Eptirmæli, 8 vers.
3. Lögtakið, vers.
4. Til sólarinnar, 12 erindi.
5. Kvöldsólin, 1 vers.
6. Við tækifæri, 2 er.
7. Nokkrar stökur.

18. Sunnudagur. Sjöviknaföstuinngangur. Kæla með 3 st. hita um morguninn. Um nóttina hafði fölvæð í Esjuna. Heimsótti mig vinur minn, Sigurbjörn skáld og færði mér meðal annars, 1 eintak af hinni nýju útgáfu „Bernskunnar“.

„Sá er vinur, sem í raun reynist“. „Ég finn aldrei betur en nú, að ég er bróðir þinn“, mælti Sigurbjörn og er slíkt kærleiksríkt hugarþel. Um kvöldið skrifaði ég Guðrúnu minni og þar með sendi ég syni mínum „Bernskuna“. Framan á hana skrifaði ég þessa vísu:

Bókin vinar ástgjöf er,
yndiskennd því styður;
verði hún til heilla þér
hjartakæri niður.

19. Mánudagur. Blíða. 1 st. frost um morguninn. Um morguninn hafði Friðrik skósmiður ort rímu um fangana og klefa þá er þeir bjuggu í, ásamt herbergi því er heimilisstúlkur Sigurðar fangavarðar sváfu í, og hljóða vísur þær svo:

1. Heyrið hvað í heimi' er skeð
hátt á tignarstóli.
Vitur situr grimmt með geð
Glæsivalla sjóli.

(= Stefán J. Jónsson).

2. Halur einn með hrausta mund
og huga mikið þrúðum,
„Valda“ kær með létta lund
Loka – stýrir – búðum.

(= Guðni Einarsson, rótgróinn óvinur Þorvaldar lögregluþjóns Björnssonar (Valda) og hæðist Friðrik að því í vísunni).

3. Náströnd ræður röskur sveinn,
reifaður gæðum fínum,
andann glæðir ítur hreinn
með unaðskvæðum sínum.

(= Magnús Hj. Magnússon).

4. Blíðheims ræður búi hér
broshýr sverða runnur,
sagður er af ýtum mér
að afli og vísdom kunnur.

(= Ólafur Sigurðsson [Óli í Hólakoti]; að hann væri „vísdom kunnur“ er gaman eitt, því Ólafur var fáfróður).

5. Á næsta bæ hjá Blíðheimi
í býsna góðu standi,
frækinn ræður Finnbogi
Flyðruvalla landi.

(= Finnbogi Marteinsson, Reykvíkingur).

6. Valhöll stýrir vaskur sveinn
visku og prýði gæddur,
líki hans er ekki einn
enn í heiminn fæddur.

(höfundurinn, Friðrik Jónsson).

7. Veitir yndi ár og síð,
öllum vekur lotning
líkt og eygló björt og blíð
Baldurhaga drottning.

(= Guðrún Sigurðardóttir fangavarðar, Péturssonar).

Fyrirsögn höfundarins er svo:

„Ljóð, sungið af Fr. Jónssyni, vegna einveru einstakra manna. Rvík 19/2 '12“.
Kl. 4 e. hd. þennan dag hafði Friðrik úttekið hegningu sína og var hann þá leystur
úr fangelsi. Um leið og hann kvaddi mig, orti hann til mín þessa vísu:

„Veitist allt til yndis þér,
andi þinn sé glaður,
vegir skilja vorir hér,
vertu margblessaður.“

Ég svaraði:

1. Sambúð vor þó vari skammt
víst skal gá að hinu:
beggja liggur leiðin samt
lífs að takmarkinu.
2. Líf þitt meðan líður hér
lánið hljóttu ríka,
auðna fríð sé æ með þér
í öðrum heimi líka.

Um kvöldið var ég að lesa í Laxdælu og þar um sem Kjartan féll. Þá orti ég
eptirfarandi vísu og skrifaði hana á blaðrönd („spássíu“) bókarinnar:

Lífs í skóla opt svo er
ama gjólur valdið sýna;
Kjartans Ólafs arfa hér
æfisólin hætti að skína.

Fékk ég bréf frá frændkonu minni, Sigríði Friðriksdóttur húsfreyju í Hrauni í
Hnífsdal, dagsett 6. þ.m. Það var gott bréf og hluttekningarríkt. Mjög var ég slæm-
ur í auganu, og sviminn með mesta móti.

20. Þriðjudagur. Bezta veður, 2 st. frost um morguninn. Heiðríkt fyrri hlutan
þykknaði svo með 2 st. hita og ýrði lítið (rigndi). Kom á fund minn Kári Sólmund-
arson, fræðimaður í Miðhúsum á Akranesi, fyrrum á Seljalandi í Hörðadal. Hann
var nú að semja Rímnahöfundatal og beiddi mig um upplýsingar því viðvíkjandi,
en enga úrlausn – honum til gagns – gat ég gert honum að þessu sinni.

21. Miðvikudagur. Öskudagur. Um nóttina hafði verið ísing. Um morguninn var allhvasst á útvestan með kafaldsbleytu og 2 st. hita; gekk svo til suðausturs, hægði og þornaði og var 4 st. hiti um hádegjð. Með skúrum er á leið. – Sagt er að öskudagurinn eigi sér átján bræður (c: sína líka) og sé hann því merkisdagur upp á föstuna. Svo heyrði ég í ungdæmi mínu.

Kom héraðslæknirinn, Jón Hj. Sigurðsson á fund minn og skoðaði í mér veika augað; skipaði að láta mig hafa nýtt meðal er hann tiltók.

22. Fimmtudagur. Stormur á norðvestan, þurrt, með 4 st. hita um morg., 5 st. kl. 11 f.h. og 5 st. hita kl. 6 e. háð.

23. Föstudagur. Stormur á suðaustan; 5 st. hiti um morguninn.

24. Laugardagur. Þorraþræll. Bezta veður á austnorðan. Léttskýjað. Skrifaði ég Sigríði í Hrauni í Hnífsdal. Kom Sigurbjörn skáld á fund minn.

25. Sunnudagur. Blíðviðri. – „Stríður skyldi Góudagurinn fyrsti, annar og hinn þriðji, þá mundi Góa góð verða“ var sagt í mínu ungdæmi. Þá var og líka sagt:

„Þur skyldi Þorri,
þeysöm hún Góa,
votur Einmánuður,
þá myndi vora vel.“

26. Mánudagur. Stormur á norðan, heiðríkt; 7 stiga frost um morguninn. Læknir kom og skoðaði enn í mér augað – skipaði að halda á með meðalið.

27. Þriðjudagur. Heiðríki og stilling, 9 st. frost um morguninn. Skútur frá Rvík er lagt höfðu út til fiskiveiða í öndverðum þ.m., voru nú óðum að koma inn, sumar með góðan afla; enn harða útivist höfðu þær fengið. Skútan „Langanes“ missti 5 menn, önnur skúta 1 mann og brotnuðu báðar mjög.

28. Miðvikudagur. Norðan þræsingur og þykkt lopt; 3 st. frost um morg. Sig. fangavörður hafði nú beðið mig að kenna sonum sínum Gils og Jóni, þegar ég hefði tíma og gerði ég það. Skrifaði ég upp fyrir Gils litla Sigurðsson kvæði mitt *Lögtakið* og vísur mínar *Til sólarinnar*.

29. Fimmtudagur. Hvass á útnorðan; fjúk um háð.

Marz

1. Föstudagur. Austan næðingur, með 3 st. frosti um morguninn (á S.). Enginn snjór. Í Árnessýslu var enn ekki farið að gefa roskeni fé. Norðan lands var og öndvegis tíð. Í síðastl. Desembermánuði andaðist að heimili sínu, Seljabrekkunaustum í Skutilsfirði, fyrrum hreppstjóri Jón Halldórsson, á 90. aldursári. Hann var hreppstjóri Skutilsfjarðarmanna í 40 ár. Hann var öflugt hetjumenni, tígulegur á velli og formannlegur (sjálfstæðislegur), með mikið enni og framúrskarandi kvennamaður. Hann var tvígiptur. Fyrri kona hans var Valgerður Jóhannsdóttir (ekki Jóhannesard. sem „Þjóðviljinn“ sagði). Ég (M.H.M.) sá hana þegar ég var um tvítugt og

talaði við hana. Hún var fyrimannleg á svip og gerðarkona mikil. Sagði hún mér frá skilnaði Jóns við sig. Seinni kona Jóns hreppstjóra var Rannveig Ólafsdóttir, kvennskörungur mikill. Eptir hana orti ég erfiljóð, þegar ég var á Grænagarði, fyrir son hennar Pál oddvita Jónsson á Kirkjubóli. Hafði Sighvatur Gr. Borgfirðingur, fræðimaður á Höfða í Dýrafirði ort eptir hana, en Páli líkaði þau erfiljóð ekki, sagði þau „ekki viðkvæm“. En Rannveig hafði verið honum ágæt móðir.

2. Laugardagur. Bezta veður, heiðríki og blíða. Kom Sigurbjörn Sveinsson skáld til mín og færði mér að vanda 2 kandís, blöð o.fl. Hann kvaðst nú vera búinn að búa til ný æfintýri „víst 10“, eitt af þeim var „*Draumur elskhugans*“. Sagði hann mér hann og var það forkunnar fögur saga. Þar fór allt saman: háleiti, göfgi, fjör og fróðleikur, og var hún einn hinn fagrasti gimsteinn í flokki þeirra æfintýra er ég hafði lesið. Höfundurinn hafði enn ekki skrifað hana, en sagt hana við barnaskólann. Saga sú minnir mann á Flammarión, er reit „Úraníu“ eða á æfintýri H. C. Andersens, t.d. Aldingarðinn í Eden, sem er stórlega fögur og mikil saga. *Draumur elskhugans* verður áhrifamikil og hjartkær eign öllum er heyra hann. Sigurbjörn Sveinsson er skáld – skáld í anda og sannleika.

3. Sunnudagur. Ágætis veður. Ekkert frost. Sigurbjörn skáld beiddi mig að gefa sér upplýsingar um son minn, Einar Skarphéðinn, útlit hans, eðlisfar og einkenni. Vildi ég verða við bón hans og ritaði því er hér fer á eptir og gaf honum.

Einar Skarphéðinn

Einar Skarphéðinn Magnússon er fæddur 23. Desember 1903. Hann hefir fögur augu, allhátt enni og bjart hár. Skilningsgóður er hann vel og sérlega minnugur, ákveðinn og viss í lofordum. Hann er náttúraður til smíða og kveðskapar.

Sumarið 1907 átti E. Sk. heima á Ísafirði. Þá var verið að mála hús það er hann átti heima í, áður en konungurinn, Fr. VIII. kom. Þá kom einu sinni ungur drengur heim að húsinu og mælti: „Hér er þá verið að mála“. Einar Skarphéðinn var úti og anzaði til. „*Allt er málað áður en kongurinn kemur*“.

Vorið 1908 átti E. Sk. heima í Hnífsdal. Sunnudagsmorgun einn var hann á gangi með mér. Þá mættum við manni er var á hversdagsfötum. Þá mælti Einar Sk.: „*Pabbi minn! Er ekki sunnudagur í dag?*“ Ég kvað jú við. Einar Skarphéðinn svaraði: „*Er þessi maður fátækur?*“ Nei, kvað ég, hann er heldur efnaður. Einar Sk.: „*Af hverju er hann þá í svona fötum?*“ Ég kvað að hann myndi hafa verið í vinnu og væri hann því svo búinn.

Haustið 1909 var móðir Einars Skarphéðins einu sinni sem optar að kveikja upp í eldavel. Þá kvað Einar Skarphéðinn:

„*Eldurinn stekkur upp í lopt,
ætlað að gjöra skaða*“.

Ég botnaði:

Tjón sá vekur ærið opt
og ýta skelfir glaða.

Þetta vóru *fyrstu* vísuorð Einars Skarphédins. Sumarið 1910, átti E. Skarphédinn ketling. Einu sinni stökk ketlingurinn upp á kistu, en hrataði niður af henni. Þá horfði E. Sk. fast á hann, mulskraði eitthvað í lágum hljóðum, unz hann mælti full hátt og þó blátt áfram:

„Einatt verður aumingi
alla sína æfi.“

Ég bætti framan við:

Snotra mín er snuddandi,
snýst að sínu hæfi.

Ketlingurinn hét Snotra.

Pegar Einar Sk. kveður vísuþarta, sem opt er, spyr hann mig jafnan: „*Er þetta gott?*“ „*Má það vera svona?*“ „*Er þetta gott orð?*“

4. Mánudagur. Sama veður. Lét ég vigta mig og var ég 120 , en áður en ég fór að heiman um haustið var ég 144 ; var ég þó mun feitari nú, en t.d. áður en ég fór í sjúkrahúsið, því þá var ég orðinn svo horaður að allir „hræddust“ mig.

5. Þriðjudagur. Sunnankæla (suðaustan). 3 st. hiti um morguninn, 5 um hádeg-ið. Þykkt lopt. Halldór Jónsson, bankagjaldkeri í Rvík, grunaður um fjárdrátt mikinn. Og við rannsókn kom það í ljós að stórmiklir gallar vóru á bókfærslu hans: *margar upphæðir og sumar miklar, gjaldkera í hag, ekki skrifðar* o.s.v.frv. Enn er gjaldkeri sá að full alvara var með að rannsókn væri hafin gegn honum, fór hann til læknis og fékk vottorð í þá átt að hann þyldi enga áreynslu og yrði því að vera laus við bankastörfin, í það minnsta í tvo mánuði!! Með það fór hann úr bankan-um, sat heima í næði og hugsaði. – –

Gjaldkeri þessi var stórauðgur. Það sýndist því annað vera en örbyrgð er leitt hafði hann til óvöndunarinnar. Góðir menn og skynsamir vóru allir hlessa á þessu athæfi Halldórs gjaldkera og furðaði stórlega á, að maðurinn skyldi ekki vera settur í hald. Enn ríkismennirnir (hans líkar;) héldu hendi yfir honum og þá var allt gott!!!

„Pegar fengið þetta er / þá má klæki alla gera“. Svo kvað Jón Jónatansson í rím-um sínum af Hávarði Ísfirðing. Þá var Þórður J. Thóroddsen sakaður um fjárdrátt mikinn, *fleiri þúsundir*. Hann stal meðal annars sparisjóðsbók er hljóðaði upp á 8 *þúsund kr.* innieign, og stal svo allri innieigninni. Bók þá átti maður í Vestmanna-eyjum. Komst nú svo langt að læknirinn var tekinn fyrir og farið með hann í fanga-húsið, en ekki var hann settur í fangaklefa, heldur í *stáss-stöfu* Sigurðar fangavard-ar, hefir víst þótt „dónalegt“ að láta hann í fangaklefa, slíkan höfðingja og ráð-vendnismann!! Varðhaldið var þó skamma stund, *tvær kl.stundir(!)* og var honum svo sleppt!! En bræður hans og fl. borguðu fyrir hann. Svo var það mál búið!!!

Til samanburðar við þetta, má geta þess að haustið 1910, fékk almúgmaður í Reykjavík, Stefán Júlíus Jónsson, 3 kr. lánaðar hjá manni einum, en sveikst um að

borga þær á réttum (tilsettum) tíma. Lánandi kærði hann þá fyrir lögreglunni. Þegar Stefán vissi að svo var komið, bauð hann að borga lánið og það tvöfalt (6 kr.), enn því var ekki sinnt og var hann svo dæmdur sem sakamaður, í *tólf mánuði!!* Eigi er furða þó öllum sannhugsandi mönnum blöskri slíkt himinhrópandi ranglæti á þessum tímum.

6. Miðvikudagur. Ágætis veður. Orti ég vísu þessa aptan á Passfúsálmana:

Meðan röðull ljómar ljós
og lýður gæfu vonar,
skáldmeistarans hljómar hrós
Hallgríms Péturssonar.

7. Fimmtudagur. Sama veður. Kvað ég (um morgunroðann):

Hér á meðan hjari
hugfanginn ég stari
opt á röðuls roða kranz;
lífs í vísdóms verki
voldugt ber hann merki
um skæra speki skaparans.

Í blaðinu „Vísir“ er gefið var út í Rvík, birtist nýlega þessi vísuþartur:

„Til að binda endir á
allt sem myndar trega“.

Ég botnaði:

vernd í skyndi vonin há
vekur yndislega.

8. Föstudagur. Heiðríki og stilling, 3 st. frost um m. Kom bæjarfógetinn til fanganna og spurði um líðan þeirra.

9. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri og stilling, 6 stiga frost um morguninn. Símaði Guðrún mín til mín, frá Ísafirði. Hafði farið til Ísafjarðar um morguninn, á mótor með Þórði Þórðarsyni, hreppstjóra á Suðureyri. Hún sagði góða líðan, sína og sonar okkar. Sig. fangavörður leyfði mér að tala sjálfum við Guðrúnu mína og þótti mér vænt um það.

10. Sunnudagur. Sama veður. Kom Sigurbjörn skáld til mín, að vanda, og var það góður gestur. Nú var mið-Góa og var þá í mínu ungdæmi byrjað að háttu í björtu.

Um síðastliðið nýár átti kýr á Þískalandi kálf með *átta fótum*, 6 að neðan og tveimur *upp úr bakinu*. Mynd af kálfinum birtist í blaðinu „Vísir“ þennan dag.

11. Mánudagur. Logndrífa til dagmála, síðan ljómandi blíðviðri. Um nóttina hafði snjóað töluvert. Um morguninn með birtingunni orti ég þessar vísur:

- | | |
|--|--|
| 1. Svarta Njóla, farðu frá
fram í tíðar sjóa,
bjartan kjól er komin á
kerlingin hún Góa. | 4. Aldrei vafa' ég um það bar,
enn því til ég svara:
út í hafið eilífðar
ætla hún að fara. |
| 2. Hressir þungan huga minn
hér við neyðar borðin,
hún sem ung í annað sinn
öldruð þó sé vorðin. | 5. Hlýt ég renna þangað þá
þó að grunnt sé vitið,
úr því hennar faðmi frá
fæ mig ekki slitið. |
| 3. Hjá mér drýgist huggun ný
harma leysir klafa,
hennar flý ég faðminn í
fyrst hún vill það hafa. | 6. Tímans konung treysti' ég á
trautt þó hafi séðan,
glæðist von í geði þá,
geng svo burtu héðan. |

Um daginn kvað ég þessa vísu um Esjuna:

Brosir Esjan sæl við sól
Suðurnesja prýði
víða lesa hennar hól
hlynir kesju lands um ból.

Ekki góður í auganu og illa haldinn í höfðinu. En ég var vaninn slíkri byrði og kippti mér ekki upp við hana. Um kvöldið gerði byl.

12. Þriðjudagur. Með eljum. Fékk ég 3 bréf:

1. frá Þórði Þórðarsyni, hreppstjóra Súgufirðinga, dags. 25. Febr.,
2. frá Guðrúnu fylgikonu minni, dags. 1. þ.m. og
3. frá Halldóri meðhjálpara Guðmundssyni á Suðureyri, dagsett 5. þ.m.

Öll voru bréf þessi góð. Þann 25. f.m. var blíðviðri í Rvík en þá var í Súgandafirði norðanbylur með 3 st. frosti um morguninn og 12 st. frosti um kvöldið og mikilli fannkomu. Góður afli hafði verið í Súgandafirði um veturinn, og líðan fólks þar yfir höfuð góð. Þórður hreppstjóri hafði reynst Guðrúnu minni og syni mínum ágætlega vel, frá því ég fór að heiman um haustið, sýnt þeim sérlega nákvæmni, alúð og hjálpsemi, og var slíkt virðingarvert.

Á nýárinu trúlofuðust í Súgandafirði Sigurður Hallbjarnarson formaður á Suðureyri (frá Bakka í Tálknafirði) og Ólóf Guðmundsdóttir, Ásgrímssonar (frá Galti).

Sonur minn, Einar Skarphéðinn, sendi mér sýnishorn af skript sinni og var hún mun betri en fyr um veturinn. Var eigi ólíklegt að hann yrði allgóður skrifari, enda margur góður og *mikill* skrifari í ætt hans (föðurætt).

13. Miðvikudagur. Kafaldspræsingur á austan. 1 stig frost um morguninn. Rigning um kvöldið.

14. Fimmtudagur. Með eljum á útsunnan. 2 st. hiti (á S.) um morguninn.

Nú var fullvíst, að sakmálsrannsókn skyldi hefjast gegn Halldóri bankastjóra; búið að skipa bæjarfógeta (Jóni Magnússyni) að taka Halldór fyrir þegar heilsa hans (Halldórs) leyfði. Ekki voru það nema *tuttugu þúsund*, að því er skilríkir menn sögðu, er bankastjórinn hafði dregið sér!!

Pann 19. Desember f.á. andaðist á Ísafirði frú Elín Guðmundsdóttir, kona Karls Olgeirssonar verzlunarstjóra á Ísafirði. Hún var kona fríð sýnum og hraust. Hún var og reiðkona svo mikil að enga þekkti ég slíka. Nokkru áður en hún lést, hafði hún fótbrotnað, svo að taka varð fótinn af í öklalið, en dauðamein hennar hafði þó verið hjartaslag. Hún var heimskona mikil. Hún var aðeins á þrítugsaldri er hún dó.

15. Föstudagur. Bjart veður gott. 2 st. frost um morguninn, 2 st. *hiti* kl. 6 e. hd. – Guðni Einarsson (sjá 14. f.m.) kallaður fyrir rétt og var honum nú sleppt – til bráðbyrgðar.

16. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri og blíða. Hvorki hiti né kuldi (á mælir) um morguninn. Svo sem enginn snjór. Gvendardagur.

17. Sunnudagur. Gjóstur á norðan. Léttskýjað. Halldór bankastjóri búinn einu sinni að mæta fyrir rétti, í bankamáli sínu, og segist vera *saklaus*. En tuttugu þúsund krónur setti hann til tryggingar, gegn því að mega vera laus meðan rannsókn stæði yfir. Já, „vera laus“, það var um að gjöra!

Kom á fund minn Hólmið Hermannsdóttir kona Sigurbjarnar Sveinssonar skálds og dætur þeirra hjóna: Sigfríður 9 ára og Svanlaug 4 ára. Skrifaði ég 3 bréf:

1. til Þórðar Þórðarsonar hreppstjóra Súgufirðinga,
2. til Guðrúnar fylgikonu minnar, á Suðureyri í Súg.f.
3. til sonar míns, E. Skarphéðins.

18. Mánudagur. Suðvestan góðviðri. 6 st. hiti um miðjan daginn. Uppi í betrunar húsinu voru stofur tvær allmiklar, í annari þeirra var landsyfírréttur haldinn hvern mánudag, ef eitthvað lá fyrir, en í hinni var haldið bæjarþing hvern fimmtudag; þar (á bæjarþingsstofunni) voru og haldin réttarhöld öll er snertu bæinn eða einstaka menn.

Orti ég ljóðabréf, 26 erindi, til Halldórs meðhjálpara Guðmundssonar á Suðureyri í Súgandafirði! Fimm fyrstu erindin orti ég um nóttina, en hitt kvað ég frá kl. 10 1/2 til kl. 12 (á hádegis). Ljóðabréfið hljóðar svo:

Skothenda

- | | |
|--|---|
| 1. Gleðin kæra fjörgast fer,
finnst mér aminn dvína,
ef ég hræri' á hendur þér
hörpustrengi mína. | 2. Þá er bezt að byrja' um sinn
og blundi hafna' um nóttu.
Fyrir lestur ljóða þinn
lán og gleði hljóttu. |
|--|---|

3. Býsna fríður bragur þinn
bætir stríð í geði;
hjá þér tíðum Halldór minn
hlaut ég blíða gleði.
4. Fast mig knýja forlögin,
frelsið vængjum týnir,
fljúgja því á fundinn þinn
Fjölnis hrafnar mínir.
5. Mér það kæti miðlar hér
meiður bráins leira,
ef þeir gætu galað þér
gamanljóð í eyra.
6. Tíðin snjalla um land og lón,
lífgar hugarsetur,
hefir valla fagurt frón
fönnum klæðst í vetur.
7. Eins er talin ágæt tíð
um innu Kjalars norðar;
skepnur alast ár og síð
út um bala storðar.
8. Eygló hýr með þýðum þey
þjóð til dáða hvetur,
muna skýrir skatnar ei
slíka blíðu um vetur.
9. Með því eyðast Íslands þjóð
amastundir þungar;
mjög svo veiða' um mjaldrs slóð
margir botnvörpungar.
10. Ýmsa neyðin særir sár
svo sem til er vandi,
franskar skeiðir fórust þjár
fyrir Suðurlandi.
11. Kári hresstur grið ei gaf,
gnauðaði brim á fjörum;
kómust flestir ýtar af
í þeim svaðilföllum.
12. Refur hlunna úr Reykjavík
rammar þrautir gisti,
viður unnar áföll slík
ýta fimm því missti.
13. Flyðru kórinn fólsku beinn
fól þá dauðans hjúpi;
héðan vóru utan einn
frá Ísafjarðardjúpi.
14. Margir skálma' í feigðar flet
fram á hnísu leiri;
Kristján málma meiðir hét
Magnússon frá Eyri.
15. Verkföll ærin utan lands
okkar kosti þröngva,
fréttir þær hjá múga manns
magna skemmtun öngva.
16. Þvílíkt ferðugt þras og stjá
þróar lítinn gróða,
hækkar verðið vörum á
og vansæld ýmsra þjóða.
17. Tjáð um grund samt orðið er,
ýmsir skýrir sanna,
bráðum sundur hrökkvi hér
hlekkir verkfallanna.
18. Fréttasmíði förlast mér
fram að telja' í kvæðum,
samt mín líðun allgóð er,
eptir kringumstæðum.
19. Happa fundur hlotnist þér
hlynur báru glóða;
strengir sundur hrökkva hér
hörpu minna ljóða.

20. Yggjar svara' er orðin móð,
ekki skal þó klaga,
ég hef galað glaður ljóð
greitt um æfídaga.

23. Oss þó hlæðist allt um kring
örvar skæðu kífsins,
gáfan kvæða er guðlegt þing
gjöf frá hæðum lífsins.

21. Hélt þó spáir hyggjulsóð
hörðum þvinguð mæðum,
myndu fáir mynda ljóð
í mínum kringumstæðum.

24. Áður en limir óðarspil
og annað þarf að gera,
kveðju þinnar konu til
kvæðið læt ég bera.

22. Kjalarsgjöld þó kæti datt
klóra ég mér við eyra,
forlög köld mig kvelja þrátt:
konuleysi og fleira.

25. Mín er vissa' um minnisból,
man ég breytni slíka,
að þú kyssir kirtla sól
og klappir henni líka.

26. Próist gleði' í þinni sál
þér sem bezt að hagnar.
Endar téða mærdarmál
„Mangi“ líka þagnar.

19. Þriðjudagur. Sama átt. Þykkt lopt. 4 st. hiti um morguninn.

20. Miðvikudagur. Jafndægur. Vor byrjar. Gott veður. Þykkt lopt um morguninn, svo heiðbjart. 2 st. hiti um morg.

21. Fimmtudagur. Sama öndvegistiðin. Ekki gat ég sjálfur séð (í spegli) hvað það var sem að auganu gekk: var skráma all mikil (rispa, fleiður) í himnunni utanvert við sjónopið, enda fannst mér einatt sem skurður eða hár lagi þar í auganu; hafði ég opt all mikla verki og svima (titring) að jafnaði. Mér fannst og eigi laust við að tilkennd þessi hefði truflandi áhrif á hugsunina.

Héraðslæknirinn (Jón Hj. Sigurðsson) kvaðst ekkert sjá á auganu (!) og þó tilsetti hann meðöl er ég skyldi nota við augað!! Margt er skrítið í henni Veröld.

22. Föstudagur. Ljómandi fagurviðri. Kom Sáluhjálparherskona, Auðbjörg að nafni, á fund minn og gaf mér 2 númer af „Herópinu“.

Grímur Jónsson (guðfræðingur, fyrrum barnakennari) verzlunarmaður á Ísafirði og Ingveldur eiginkona hans, skildu fyrir fáum árum, fór þá Ingveldur til Reykjavíkur með tveimur börnum sínum, Sigríði og Sigurði og bjó þar síðan. Sigurður fangavörður og fólk hans, hafði kunningsskap mikinn við Ingveldi og börn hennar, var það því opt að hún kom í hegningarhúsið, og stundum sléttaði („rullaði“) hún þar klæði sín, var ég þá beðinn að hjálpa henni og þótti mér það gott, því Ingveldur var glaðleg og skynsöm vel, og sagði mér opt fréttir frá Ísafirði. Nú kvað hún mjög hart í ári á Ísafirði, hjá alþýðu, og væri sumir að flytja þaðan burt; flokkadráttur væri þar nú með mesta móti og óánægja og kur meðal alþýðu, enda

yfirvald hið versta (Magn. Torfason) og hefði komið til orða að safna undirskriftum
o g
afsegja sýslumann. Talið og víst að kona hans myndi stæla hann til ills. Magnús Ólafsson prentari, fyrrum kaupmaður, hafði flutt sig af Tanganum um haustið, byggt sér húskofa („skúr“) inni í Eyrarhlíð, á túnbletti er hann hafði þar, og settist þar síðan að. Bjó hann nú við fátæki mikið.

23. Laugardagur. Sama ágætisveðrið, og var þetta einstakt veðurfar, svo langan tíma. Fiskiskipið Geir úr Rvík, er lagði út frá Hafnarfirði þann 11. febrúar, hafði enn ekki komið inn og töldu því allir að það hefði farist. Á því vóru 27 menn.

24. Sunnudagur. Sama ágætis veðrið. Byrjargol nokkuð var þó daglega og all svalt, enn ekkert úrfelli.

25. Góuþræll. Maríumessa. Gjóla á austan, sólskin og heiðríki. Kom Sigurbj. skáld Sveinsson til mín – vinurinn. Um kvöldið orti ég kvæði, 6 vers, til Sigurbjarnar skálds og kennara Sveinssonar. Það hljóðar svo:

(Lag: „Hlíðin mín fríða . . .“)

1. Veglyndi vinur,
viðkvæmt er þín blíða
hjartgróni hlynur
helgari tíða;
fyr á æskuárum
undirðu hjá mér;
ást festi ég á þér.

4. Þegar hæst var hríðin
hugarfjör að linna,
hýrgaðist hlíðin
hjartans vona minna.
Eins og uppheims sala
engill sendur væri,
komstu minn kæri.

2. Hreinn var þinn hugur,
himinbjört trúin,
drengskapur, dugur,
dádrekki búinn;
blómgróður varstu
mínum sálarsjóði,
Sigurbjörn góði.

5. Þér ég þakka skyldi
þúsundfalda gleði,
sem þín manndóms mildi
mínu veitti geði,
væri ég mikill maður,
mararljósum klæddur,
góðlyndi gæddur.

3. Sundur leiðir lágu,
lífið sýndi meira:
harma-byljir háu
hjartans vöktu dreyra.
Gæfuleysis glotti
gildur urðarmáni,
lífs horfinn láni.

6. Hamingjan hreina
höpp þér einatt færi,
varni þér meina
vinurinn mæri;
braggyðjan blíða
brjóst þitt fylli kæti
mann – Baldur – mæti.

26. Þriðjudagur. Logn og þykkt lopt með smáeljum á austan um morguninn, svo ágætis fagurviðri og blíða. – Las ég *Jólabókina*, II., er prentuð var í Rvík 1910; hugsaði ég þá til æsku minnar og – *grét*. Kvað svo söngvísu þessa:

Æskan mín var sálar sár og neyð,
sólarleysi, örðug klettaleið;
meðfædd andans-blómstur biðu deyð,
ber ég menjar þess um æfiskeið.

Í Desember f.á. andaðist að heimili sínu, Sveinatungu í Norðurárdal, Eyjólfur skáld, kallaður Jóhannesson, alkunnur undir nafninu: „*Eyjólfur í Sveinatungu*“. Hann bjó um mörg ár í Hvammi í Hvítársíðu. Af börnum hans get ég nefnt:

1. Sæmund heitinn guðfræðing.
2. Jóhann bónda í Sveinatungu,
3. Jón skáld, á Sámstöðum,
4. Samson í Rvík, fyrrum útgefanda „Ísafjarðarpóstsins“.

Eyjólfur sál. var fæddur 14. Ág. 1824.

27. Miðvikudagur. Bezta veður. 3 st. hiti (á S.) um sólaruppkomuna.

28. Fimmtudagur. Stormur á norðaustan með fjúki og fölvæði yfir.

29. Föstudagur. Gjóstur á norðan; heiðríft.

30. Laugardagur. Bezta veður. 3 st. frost um morguninn. Skrifaði ég fornkunn-
ingja mínum Lárus Bjarnasyni, nú yfirkennara í Hafnarfirði. Hann var í Steinum
undir Eyjafjöllum þegar ég var á Porvaldseyri 1894-’95. Kom okkur val saman.
Hann var þá innan við tvítugt, þrekinn að vexti og hæglatúr jafnan, skrifari ágætur
og dverghagur á tré.

31. Bezta veður, ljómandi fagurviðri, hvergi skýskafa á lopti. Töluvert frost.

Fimmtán botnvörpungar gengu nú til veiða frá Reykjavík og áttu Reykvíkingar
þá flesta. Kvað ég gamanstöku þessa um Gils litla, son Sigurðar fangavardar:

Er á stjái í eggja von,
opt þess gáir hraður,
Gils minn smái Sigurðsson
sem er ávalt glaður.

Vóru hænsn á heimilinu og hafði Gils litli jafnan gaman af að hirða um egg
þeirra, svo sem börnum er títt. Gils var fæddur í Reykjavík 7. September 1903.

Kom vinur minn, Sigurbjörn Sveinsson skáld til mín, að vanda og færði mér
enn 2 ☛ af sykri. Lýsti slíkt hugulsemi góðri.

Framhald

Bók þessi, sem er 188 blaðsíður, er skrifuð í betrunarhúsinu í Reykjavík, frá í
September 1911 til 31. Marz 1912. Mikill hluti hennar er skrifaður með kvölum
– þollaustum þjáningum.

Marga blaðsíðuna skrifaði ég útafliggjandi með stunum, sveittur af tilkenningu og skjálfandi af taugaveiklun. Enn löngun mín til að skrifa, var óstöðvandi. – Löngun til að athuga – og fræða aðra – var mér snemma í brjóst lagin. Það er þessari meðfæddu íþrótt að þakka að ýms rit mín (dagbækur) eru til orðin. Ég hef viljað *gefa eptirtíðinni hugmynd um nútíðina*. Og það er þetta, er vakað hefir fyrir mér við skrifstörf mín og vakir enn. Þess vegna hefi ég leitast við að skýra sem réttast frá þessu og þessu atviki og vona ég að einhverjum auðnist að sjá og kannast við þessa viðleitni mína, og meðfædda löngun, til að segja sannleikann.

Reykjavík, 31. marz 1912

Magnús Hj. Magnússon.

1912¹

Apríl

1. Mánudagur. Stormur á austnordan og þykkt lopt. Undir hádegisdag erði byl og síðan bleytu. Tunglmyrkvi um kvöldið. Daginn áður, 31. marz, lauk ég við pappírsbók þá (dagbók), er ég hafði að heiman með mér um haustið, og reit ég eptirmála við. Bókin (fyrir utan eptirmálan, sem var 2 blaðsíður) var 188 blaðsíður.

2. Þriðjudagur. Með eljum um morguninn, sunnan blíðviðri er á leið og tók upp það sem fólvað var.

3. Miðvikudagur. Kafaldsbleyta um morguninn, svo ljómandi fagurviðri og blíða. Ég mjög vondur af hlustarverk. Stefán Júlíus Jónsson, sem var nú fangi (sjá fyrri part Dagbókar þessarar) var um sumarið 1911 kaupamaður í Stöðulsholti í Snæfellsnessýslu. Einusinni var hann að moka þar mold í gömlum bæjartóptum (bærinn hafði verið færður) og fann hann þá pening er stóð á ártalið 1570, enn hinum megin á peningnum var *riðdaramynd*; sama megin og ártalið var, var og mynd af *drekaskipi*. Þótti peningurinn fágæti mikið. En Stefán missti hann á þann hátt, að honum var *stolið* úr buddu hans, og sá hann mikið eptir honum.

Í mínu ungðæmi tíðkuðust þessi byljanöfn: Jólabyllur, Skýrdagskast, Páskahret, Sumarmálahret, Kongsbænadagshret, Uppstigningardagshret, Hvítasunnuhret, Trínitishret, Jónsmessukrapi.

4. Fimmtudagur. Skýrdagur. Ágætis blíðviðri (um nóttina hafði snjóað til sjóar).

Sighvatur Grímsson Borgfirðingur, fræðimaður að Höfða í Dýrafirði, var um þessar mundir í Reykjavík og ætlaði þennan dag (skýrdag) kl. 5 síðdegis, að halda fyrirlestur (fyrir stúdentafélagið) *Um Sigurð Breiðfjörð*. Ó, að vera nú í ófrelsi og geta því ekki heyrt á lýsingar fræðimannsins á snillingnum mikla - ljóðkonungi Íslands. Bláðið Lögrétta segir Sighvat Borgfirðing muna Sigurð Breiðfjörð, en það er tæplega rétt. Sighvatur sagði mér sjálfur, heima hjá sér að Höfða, þegar ég var í Dýrafirði, að hann hefði þegar hann var á 6. ári, einusinni séð Breiðfjörð, en myndi svo óglöggt eptir honum að hann gæti ekki lýst honum. Enn á hinn bóginn

1 Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

mundi hann Breiðfjörðs-*Rósu* (Natans-Rósu) vel. Þá var Sighvatur á 12. ári er hann sá hana í Kalmannstungu og skýrði hann mér ljóslega frá hvernig hún var. „Það var ekki umtalsmál, að hún bar af öllum þeim konum sem ég þekkti, tignarleg og fríð og frjálsleg“.

5. Föstudagur. Föstudagur langi. Bezta veður. Heiðríkt.

6. Laugardagur. Sama ágætisveðrið, fegurð og blíða til kl. 2 e. hd., gerði þá of-ankafald og var þá 3 stiga hiti á Sels.m.; fennti töluvert. Ég var illa haldinn af mæði, mátti eigi draga andann nema á lopti. Sigurbjörn Sveinsson skáld kom til mín og færði mér – og líka hinum föngunum – miklar gjafir. Jóhann Jóhannesson hét kaupmaður og bókaútgefandi á Laugaveg í Rvík. Hann hafði heyrt mín getið og sendi mér nú 5 kr. í peningum til að kaupa mér „gott fyrir“ upp á Páskana. Varð ég hrifinn af þessari hluttekningu, af manni sem ég hafði aldrei heyrt eða séð.

7. Sunnudagur. Páskadagur. Fagurviðri og stilling. Föl til sjóar. Sannaðist nú: „Rauð jól, hvítir Páskar“. – Skrifaði ég syni mínum Einari Skarphéðni. Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, guðfræðingur, kom til okkar fanganna og gaf okkur nokkrar bækur og hélt yfir okkur ræðustúf, allgóðan.

18 tóptir alls fann Sigurður fornfræðingur Vigfússon á Valseyri í Dýrafirði árin 1882-1888.

8. Mánudagur. Sama veður til hádegis, síðan með éljum. Skrifaði ég bréf fyrir Stefán Júlíus Jónsson, til Kristjáns Magnússonar, járnsmiðs í Ásbjarnarhúsi í Borgarnesi.

9. Þriðjudagur. Gjóstur á norðan með fjúki. Heiðbjart að mestu. Skrifaði ég Guðrúnu fylgikonu minni (Á Suðureyri í Súgandaf.).

Orti ég kvæði, 5 vers, til Jóhanns kaupm. Jóhannessonar í Rvík.

Það hljóðar svo:

- | | |
|--|---|
| 1. Heill þér höfðingi
Hrímlands sómi,
öflugur afspringur
óðalsmanna;
starfar þú í kyrrð
að kærleiksverkum,
það er einkenni
andans vína. | 3. Feiknum þrungen
forlaga norn
særir mig sárum
sorgar þyrna;
hlekkir ófrelsis
hjarta þröngva,
en vargar þjóta
á vegum úti. |
| 2. Jók mér undrun
og ánægju,
hluttaka þín,
heilla vinur;
við þá blíðgeisla
blómgun fengu
varðar heljökli
vonarrósir. | 4. Eigi skal æðrast
þótt illa láti
bölvindir lífs
á brautu vorri.
Göngum hlæjandi
hugarglaðir
gagnvart heimsku
og hleypidómum. |

5. Verði þér vinur
vegir bjartir
lífsbrautar þinnar
um langa tíma.
Þegar að getur
góðra drengja
fram árla nafn þitt
finnast hlýtur.

Reit ég svo bréf með kvæðinu og sendi síðan.

Reit ég Drög til æfisögu minnar (skrá yfir efni hennar frá því ég fæddist og þangað til ég var 14 ára).

Stefán Júlíus sá sem *sólarbirtu* í klefa sínum um nóttina og heyrði líka *rödd* sem hann hálf kannaðist við. Þótti honum þetta undarlegt og varð hann hálfskelkaður.

10. Miðvikudagur. Ágætisviðri og blíða.

11. Fimmtudagur. Gjóstur á austan með fjúki. Kom bæjarfógetinn (Jón Magnússon) til fanganna og spurði um líðan þeirra.

12. Föstudagur. Mesta blíða. Þoka.

Dreymdi Stefán Júlíus að hann væri staddur hjá einsetumanni (munki) og þótti honum hann segja sér: að til þess að geta getið barn, væri það ráð að drekka saltvatn með dúfu (c: maður og dúfa skyldu drekka saman). Draum þennan hefðu fyrri alda menn talið vitran og að líkindum hagað sér samkvæmt honum, eptir kringumstæðum.

Skrifaði ég aptur fyrir Stefán Júlíus, til Kristjáns Magnússonar járnsmiðs í Borgarnesi.

13. Laugardagur. Sama veður. Alautt frá fjallabrunum til fiskimiða.

Ritstjóri Davíð Östlund, alkunnugt göfugmenni, varð um þessar mundir fyrir miklu mótlæti: nokkrir menn úr söfnuði hans tóku sig saman og rægðu hann, honum til stór tjóns. Slík tilfelli hafa optar en einu sinni hitt mig um æfina og getur þess stundum í Dagbókum mínum. Mig langaði í æsku til að reynast góður maður en það er eins og ég hafi haft illt af því, enda má nú heita komið svo að ég geti tekið undir með skáldinu er kvað:

„– alla blíðu úr brjósti mér
búinn níða heimur er.“ –

14. Sunnudagur. Rok á útsunnan – lygndi er á leið. Stefán Júlíus sér í klefa sínum sem sólarbirtu á hverju kvöldi, eptir að dimmt er orðið.

Kom vinur minn, Sigurbj. Sveinsson skáld til mín.

15. Mánudagur. Gjóla á austan og þykkt lopt um morguninn en gerði svo byl og fennti töluvert. Gott veður um kvöldið. Byrjuðu gufubátarnir Vestri og Austri strandferðir sínar.

16. Þriðjudagur. Bezta veður á norðvestan. Þykkt lopt. Nýlega fórst bátur með

6 mönnum úr Vestmanneyjum og voru þeir félagar skyldmennir og kunningjar Stefáns Júlíusar. Undrasýn hans og rödd því *komin fram*.

Þeir voru nú orðnir 8, mótorarnir, er farist höfðu frá því í September um haustið.

Síðastliðna laugardagsnótt (aðfaranótt sunnudagsins) sömu nóttina og mótorinn fyrsti úr Vestmannaeyjum, sigldi frönsk fiskiskúta á fiskiskipið Svaninn frá Reykjavík, tólf menn voru á þilfari og kómust þeir allir upp á frönsku skútuna. Þetta var austur í Eyrarbakkaflóa. Blindbylur var á og stórsjór og ekkert útsýni, enda við ekkert hægt að ráða. Franska skútan kom til Rvíkur með þá 12 Íslendinga er komist gátu upp í hana. Talið víst að Svanurinn hafi farist, með þeim 14 mönnum er eptir voru um borð.

17. Miðvikudagur. Bezta veður. Ljómandi fagurviðri á útsunnan. Um nóttina hafði snjóað til sjóar, enn ef snjóaði á nóttunni, tók það vanalega upp á daginn.

Séra Jóhann Þorkelsson prófastur sem var fæddur 1851, sagði mér, að þetta væri allra bezti veturinn er hann hefði lifað, sem hann myndi eptir.

Sólmyrkvi frá kl. 10 f.h. háð. til kl. 12,6 e. hádegi. Sást glögg í gegn um gler er sóti var riðið á.

Aðfaranótt þess 14. þ.m. fyrsti í Atlandshafinu stærsta skip jarðarinnar Titanic að nafni; rakst það á ísfjall mikið og sökk þar með mörgum hundruðum manna. Nokkrum hundruðum varð bjargað.

18. Fimmtudagur. Stinningsvindur á suðaustan, skýjað að mestu.

Félagar mínir, fangarnir, voru að tala um hvaða dauðdaga þeir vildu helst kjósa sér, þá kvað ég gamanvísu þessa:

Ekki mun ég eins og þið
óskir mínar hneigja,
því við mjúkan konu kvið
kys ég helst að deyja.

19. Föstudagur. Hríð á sunnan, all hvasst er á leið. Í fyrradag sökk frönsk flutningsskúta, fermd salti, nálægt Selvogi. Skipshöfnin, 12 að tölu, bjargaðist í bátnum og kom til Reykjavíkur ríðandi í gær. Frétti ég að Þorvaldur Jónsson, lausamaður á Suðureyri í Súgandafirði, hefði dottið út úr mótör „Nítjándu öldinni“, og drukknad. Hann náðist hvorki lífs né liðinn. Slys þetta varð út á hafi. Formaður á mótornum var Hans Kristjánsson á Suðureyri, í fyrsta sinn nú formaður.

20. Laugardagur. Logn og þykkt lopt um morguninn, birti svo og hvessti. Nýsked brann bærinn að Borg í Skötufirði, hjá Lárusi Maríssyni. Fólk bjargaðist.

Fékk ég tvö bréf að vestan: frá Guðrúnu fylgikonu minni, dagsett 2. þ.m. og frá Sigríði Friðriksdóttur, húsfreyju í Hrauni í Hnífsdal, dagsett 12. þ.m. Með því sendi hún mér mynd af sér og syni sínum, Friðriki sem í mógrofinni druknaði sumarið 1908.

21. Sunnudagur. Stillt veður skýjað, með skúrum um morguninn. 6 st. hiti á

Sels.m. kl. 6 um kv. Sigurbjörn Sveinsson og kona hans Hólmfríður Hermanns-dóttir, kómu á fund minn ásamt dætrum sínum Sigfríði og Svanlaugu.

Ég var slæmur í augunum og þoldi illa að horfa í bækur.

22. Mánudagur. Sunnan góðviðri, þykkt lopt. Fékk ég boð frá Jónínu Pálsdóttur matselju, að koma á fund hennar er ég væri laus. Jónína þessi var móðir Soffusar Hansens, þess er ég orti kvæðið fyrir. Kvað ég gamanvísu þessa um Stefán Júlíus:

Stefán falleg faðmar sprund
í fögru hallarskjóli
geysi-snjall með glaða lund
Glæsivalla sjóli.

Skrifaði ég bréf fyrir félagi mína (fangana) til Sigurbjarnar Skálds og kennara Sveinssonar.

23. Þriðjudagur. Sama veðurlag. Kvað ég gamanvísu um Geirlaugu Pálsdóttur vinnukonu Sigurðar fangavarðar, er byrjar svo:

Mikið er hún Geirlaug góð – .

Botnaði ég vísuhelming er stóð í blaðinu „Vísir“ og hljóðar svo:

„Valin – kvæði – von á prent,
volgan bræðing tí-prósent“.

Ég:

Þjóðleg fræði þykja hent
þeim sem gæða stundar mennt.

24. Miðvikudagur. Síðasti dagur vetrar. Lognrigning. Kvað ég stöku þessa:

Vekur undrun mikla mér,
minnst því féll í haginn,
að ég skuli hjara hér
hinnsta vetrardaginn.

Og um kvöldið orti ég:

Þá er liðinn þessi vetur,
þjáninganna skrifað letur
mitt hann hefir enni á;
hvort að sumars blessuð blíða
bætir hjartans þrá og kvíða,
seinna má ske segir frá.

25. Fimmtudagur. Sumardagur fyrsti. Ágætis blíðviðri, skýjað um morguninn, svo heiðbjart, 11 stiga hiti á Sels.m.

Nýlega fórst útlendur botnvörpungur við Jökulsá á Sólheimasandi og fórust allir er á vóru. Veturinn allur var hinn slysamesti til sjóarins og var það undarlegt,

svo mikil öndvegistíð sem til landsins var. – Skrifaði ég syni mínum. – Um morguninn kl. 8 var tekinn fastur Jón Egilsson sjómaður, búandi í Árnessýslu, kærður fyrir að hafa fyrir hálföðru ári síðan haft of náin skipti af dóttur sinni, tólf ára gamalli. Hafði hann verið til sjós á botnvörpungi frá því um veturinn og var nú á leiðinni heim til sín, en lenti þá í fangahúsinu, sem að framan segir. Það þótti Sigurði fangaverði gegna furðu, að maður þessi skyldi vera kærður nú, eptir svo langan tíma, fyrir lagabrot er með öllu reyndist meinlaust og taldi hann sem víst að óvild myndi valda. Það er óhætt að fullyrða, að girndin – girndaræði – er stórgalli mannkinsins og þó er hún Guðs gjöf sem fleiri gáfur. Sjálfsagt á að stríða á móti girndinni – æði hennar – og treysta á skynsemina, enn hart er þó að dæma menn í þunga hegningu, máské fleiri ár, við aumt viðurværi, fyrir *meðskapaða* galla, lýsir slíkt ekki skynsamlegri eða mannúðlegri upplýsingu (þekkingu). Og þó að girndin sé slæm þá er hún ekki *kostalaus*. Hvað væri lífið, ef engin girnd væri? Skaparinn hefir sjálfsagt vitað hvað hann gerði, þegar hann gaf lífinu girndartilhneiginguna. – Sigurbjörn Sveinsson kom til mín, sem fyr, og færði mér frá Jóhanni kaupmanni Jóhannessyni 5 krónur í silfri í kvæðislaun og 5 kr. aðrar er ég skyldi kaupa fyrir í félagi handa öllum föngunum, ýmislegt góðgæti, svo sem kaffibrauð o.fl. til að fagna sumrinu með. Var þetta mikill höfðingskapur af manni er *ekkert* þekkti mig. Eptir að Sigurbj. hafði afhent mér gjafir þessar, hélt hann ræðu yfir okkur föngunum og sagðist vel. Kærleikur Guðs og góðra manna, það var aðalefni ræðu hans.

Nú er töluvert farið að gróa (tún).

26. Föstudagur. Sama ágætisveðrið.

27. Laugardagur. Sama öndvegistíðin. Skrifaði ég þessa alkunnu vísu mína fyrir Stefán Júlíus Jónsson:

Brellinn þrjótur brúnljótur
blekkir sjót á fróni,
meins í hótum magnaður
Magnús rótardóni.

Á sumardaginn fyrsta, 25. þ.m., byrjaði Stefán Júlíus Jónsson að halda *dagbók* og gaf ég honum sýnishorn hvernig ég formaði mínar dagbækur, en hóf síðan *Dagbókina* fyrir hann, með því að rita æfiágrip hans m.m. og reit ég fullar 3 síður, og bjó svo undir að hann gæti haldið áfram.

28. Sunnudagur. Sama veður. 15 st. hiti um hádegðið. Skrifaði ég Guðr. fylgikonu minni.

29. Mánudagur. Sama góðviðrið. 14 st. hiti um hádegðið.

Reit ég grein er ég nefndi *Drengskap*, viðvíkjandi höfðingskap þeirra Kristjáns og Gunnjónu á Norðureyri í Súgandafirði, er þau sýndu mér veturinn 1910-'11. Hafði í hug að koma greininni í blað í Rvík, þegar ég fengi frelsi.

30. Þriðjudagur. Blíðviðri. Skýjað að nokkru. 12 st. hiti um háð. Um kvöldið er ég var háttaður orti ég þessa stöku:

Bæði um grund og greiðan mar,
bundnar láni og kvíða,
allar stundir æfinnar
einhvernveginn líða.

Maí

1. Miðvikudagur. Fagurviðri og blíða. 14 st. hiti um hádegið. Spruttu tún nú óðum.- Kvað ég vísu þessa um „Bræðings“-mennina (Hannes Hafstein o.fl.) í Reykjavík.

Teigja gæði fóstru minnar
flónsku næðingar;
það eru skæðir þjóðar sinnar (=félagar)
þessir „Bræðingar“.

Vísu þessa kvað ég um blaðið „Vísir“, er opt var fátæklegt að fréttum og útliti.

Pú ert Vísir fréttu fár
fróðum ekki hæfur,
skakkur, vesall, vaxtarsmár,
varla kirkjugræfur.

Er við fangarnir vorum úti í garðinum um morguninn, um kl. 9, var Stefán Júlíus að leika sér við tíkarhvolp er Sig. fangavörður átti og lá hann stundum hjá honum þar á tröppunum. Þá sagði ég í gamni:

Stefán er að temja tík

Þá tók Finnbogi Marteinsson fram í og mælti:

„tíkin sú er honum lík.“

Ég botnaði:

liggja þarna að seggja sjón
saman bæði, eins og hjón.

Mjög mikinn agnúa og leiðindi hafði ég alltaf í vinstra auganu. Slys þau er ég hafði orðið fyrir um æfinu, voru orðin mörg, og mörg þung, einkennileg og margbrotin, var því engin furða þó meðfætt lynndislag mitt væri farið að breytast, enda fannst mér, að ég væri ekki orðinn sjálfum mér líkur. Taldi ég víst, að skemmra væri eptir en farið var og hlakkaði ég opt til þeirra skipta.

2. Fimmtudagur. Fagurviðri. Kæla á norðan. 12. st. hiti um hádegið, 8 st. hiti um kvöldið, kl. 8. Kom bæjarfógetinn til fanganna, að vita um líðan þeirra. Var það vandi hans að koma fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.

3. Föstudagur. Blíðviðri. Um nóttina hafði fölvæð á Esjuna. Hreinsaði ég tún-

blett fangahússins og bar svo mykju á hann. Var hann nú algrænn orðinn og spröttinn all vel. Skrifaði ég bréf fyrir Geirlaugu Pálsdóttur, vinnukonu Sigurðar fangavarðar. Geirlaug var fædd að Nýjabæ á Eyrarbakka 1. Nóvbr. 1886.

4. Laugardagur. Blíðviðri. Skýjað. Kom sem gestur til Sig. fangavarðar nafnkenndur söngmaður, Guðmundur gamli Ingimundarson á Bóndhól í Borgarhreppi í Borgarfjarðarsýslu, forsöngvari um fleiri tugi ára, nú 85 ára gamall. Hafði hann stundum sungið fyrir Reykvíkinga og þeir þá nóterað lögin, og nú, til skemmtunar, söng hann (gömlu lögin) með Sigurði fangaverði, sem líka var allgóður söngmaður á gömul lög, og þótti mér gott að heyra þar sem ég var fram við eldhúsbordið að þvo upp leirflát.

5. Sunnudagur. Skýjað. Keypti ég af Stefáni Júlíussyni nokkrar bækur fyrir 1 krónu, þar á meðal skrifbók er hann hafði safnað í nokkrum kvæðum, flestum prentuðum. Nokkuð af bókinni var óskrifað og byrjaði ég nú að rita á hana *viðbætur*: ljóðmæli eptir ýmsa, með skýringum.

Sigurbjörn skáld Sveinsson kom enn til mín og bauð mér nú, sem opt áður, að dvelja hjá sér og þiggja mat hjá sér, meðan ég þyrfti að bíða eptir ferð heimleiðis. Sigurbjörn var á leið á málleysingjaskólann til að halda þar guðsþjónustu á *fingramáli*.

Á Ísafirði var nú mjög hart í ári og vóru ýmsir, einhleypir sem fjölskyldur að flytja sig þaðan í burtu.

6. Mánudagur. Bezta veður. Hreinviðri á suðaustan. Jón Laxdal í Rvík, fyrrum verzlunarstjóri á Ísafirði, skildi nýskeyð við frú sína en skildi vel við hana: lét henni eptir húsið, með öllu tilheyrandi og hét henni auk þess að borga henni 100 krónur um hvern mánuð, eða 12 hundruð kr. á ári. – Kona Laxdals var jafnan talin heimsk – en þó raddkona góð – og var nú sagt að hann væri búinn að fá ást á ungri efnisstúlku í Reykjavík.

7. Þriðjudagur. Heiðríki um morguninn, síðan skýjað með smáskúrum. Lauk ég við að rita á bók þá er ég keypti af Stefáni Júlíussyni 5. þ.m. – Daginn fyrir (6.) fannst allmikill jarðskálftakippur í Reykjavík, kl. um 6 síðdegis. Hann var þó ekki meiri en svo, að hans varð ekki vart í steinhúsum. En þennan dag (7.) fréttist að austan til Reykjavíkur að bærinn Næfurholt í Rangárvallasýslu hefði *hrunið* og hefði rotast þar barn og kona lærbrotnað.

8. Miðvikudagur. Ágætis veður. Jörðin spratt óðum. Skrifaði ég málrúnabréf til Stefáns Júlíusar. Skemmdir af jarðskjálfta meiri og minni um alla Rangárvallasýslu, bærir hrundu víða og útihús mörg féllu. Í Árnessýslu urðu og nokkrar skemmdir. Manntjón ekki frekar en áður er getið. Kirkjuklukkurnar í Stokkseyrarkirkju hringdu.

9. Fimmtudagur. Sama veður. Um morguninn fréttist til Rvíkur, að í jarðskjálftanum 6. þ.m. hefðu *marginir bæir* í Rangárvallasýslu *fallið til grunna* og vóru það þessir:

1. Næfurholt, 2. Snjallsteinshöfði, 3. Snjallsteinshöfðahjáleiga, 4. Svínhagi,
5. Haukadalur, 6. Selsund, 7. Kot, 8. Dagverðarnes, 9. Galtalækur,

10. Vatnagarður, 11. Leirubakki.

Upp frá Selsundi kom stór sprunga í jörðina, seig annar bakinn um fleiri mannhæðir og 5 álnir á br., er hún þar sem hún er breiðust. Á mörgum bæjum öðrum en taldir eru, féllu öll útihús. Jarðskjálftans hafði orðið vart vestur á Vestfirði.

10. Föstudagur. Hæglátt veður, skýjað með smáskúrum. Hvessti á norðan um kvöldið. Geirlaug –, vinnukona Sig. fangavarðar, gaf mér mynd af sér. Hún (Geirlaug) var nú 25 ára gömul, dugleg stúlka og hraust og drengur góður. Lárus Gunnlaugsson Ísafirðingur, lausamaður nýfluttur til Reykjavíkur kom á fund minn í fangahúsið og bauð mér að sofa hjá sér eftir að ég væri laus, meðan ég stæði við í Reykjavík. Var það drengilega gert. Þá færði hann mér boð frá Snorra Jónssyni og Sigríði Tómasdóttur, hjónum er áður voru í Eðvarðsbæ á Ísafirði: að koma til þeirra „þeim til ánægju“, ef ég gæti komið því við eftir að ég væri frjáls.

11. Laugardagur. Ljómandi fagurviðri og blíða.

Kl. 9 f. háð. var ég leystur úr fangelsi. Þá kvað ég vísu þessa:

Loks er þetta búið böll
bundið þrautum sárum,
hér hef ég sáð með hugarkvöl
hjartans dýpstu tárur.

Sigurður fangavörður fylgdi mér á Bókhöðustíg 6, B. Þar bjuggu þau Jón Sn. Jónsson (bróðir Þorleifs sál. á Skinnastöðum) og Sigríður Tómasdóttir og leigði Lárus Gunnlaugsson þar hjá þeim. Fékk ég beztu viðtökur. Síðan gekk ég suður í kirkjugarð, á leiði Sigurðar Breiðfjörðs og kvað þá þessa vísu:

Hingað sný ég fæti fyrst
forlaga rúnum vafinn,
meistarinn í ljóða list
liggur hérna grafinn.

Þá fór ég á landsímastöðina og sendi skeyti vestur á Flateyri (til Guðrúnar fylgikonu minnar á Suðureyri í Súgandafirði).

12. Sunnudagur. Byrjargol á norðan, skýjað; lítið úr. Ég í heimboðum víðsvegar um bæinn og leið mér ágætlega.

13. Mánudagur. Lognrigning og þoka. Fann ég Þorstein skáld Gíslason ritstjóra; tók hann sérlega vel á móti mér og þakkaði mér fyrir æfiágrip mitt og mynd er ég sendi blaðinu „Óðinn“, úr Bolungarvík 1910. Þorsteinn kvað mynd mína nú vera utan lands. Hann tók fúslega af mér grein þá: Drengskapur, er ég reit 29. f.m. Þá fann ég Sigurbjörn Gíslason guðfræðing; hann beiddi mig fyrir nokkrar bækur er hann vildi selja. Þá fór ég á fund Jóhanns kaupmanns Jóhannessonar og þakkaði honum drengskap hans mér til handa, tók hann forkunnar vel á móti mér og var ég hjá þeim hjónum langt frá á nótt og að skilnaði gaf Jóhann mér 10 kr. í síufri, og var þetta mikill höfðingskapur.

14. Þriðjudagur. Með skúrum, logn, skýjað.

Fór ég á fund bæjarfógeta (Jóns Magnússonar) og fékk hjá honum 18 – átján – krónur í peningum til heimferðarinnar. Hann sýndi mér hina mestu kurteisi. Þá fór ég á fund Davíðs ritstjóra Östlunds, fékk þar beztu viðtökur. Hann bauð mér að taka til birtingar í „Frækorn“ vers mín: Jesús, er ég hafði ort um veturinn. - Kvað ég 3 vísur til unglingins Þorbergs Jónssonar, Bókhöfundstíg 6 B, þær hljóða svo:

- | | |
|-------------------------------|--------------------------|
| 1. Lyndishreinn og háttprúður | baldur elda Rínar, |
| háan græðir sóma, | heillum krýni hverja tíð |
| þýður sveinn hann Þorbergur | hjartans vonir þínar. |
| þakinn ungðómsblóma. | |
2. Framtíð þín sé björt og blíð
3. Opt er von á yndis stanz
undir mótgangsfjöllum;
trúðu á konung kærleikans
í kringumstæðum öllum.

Skóðaði ég Fornmenjasafnið, í öðru sinni á æfinni; var því nú ágæta vel fyrir komið og sannarleg nautn að yfirlíta það. Þá fór ég til Andrésar Fjeldsteðs augnlæknis. Hann skóðaði í mér vinstra augað, sá ekkert upp í því en skipaði mér að nota Bórvatn.

Ýmsar ljótar sögur gengu í Reykjavík um Magnús Torfason Ísfirðing, sýslumann, frá því hann var á yngri árum sínum í Rvík og frá því hann var sýslumaður í Rangárvallasýslu. Skál ég skýra frá einni þeirra, er gerðist undir Eyjafjöllum og er hún byggð á frásögn sjónarvottar Stefáns Júlíusar Jónssonar, sem átti þá heima á Þorvaldseyri.

Jón hét bóndi Valdason á Steinum undir Eyjafjöllum. Hann var kunnmaður minn góður er ég var á Þorvaldseyri 1894-'95. Hann var meðalmaður á hæð, grannvaxinn og skjótur í hreyfingum, hreinn á svip, kátur í lund og allgreindur. Hann átti opt í málum, einkum við Þorvald á Þorvaldseyri. Hlífði Þorvaldur honum ekki – öðru nær. En mælt er að Jón hafi verið sýknaður í 16 málum í landsyfírrétti. Eptir að Magnús Torfason kom til Rangárvallasýslu haustið 1894, æsti hann þá Þorvald og Jón saman og ól þann ófrið *árum saman* með rægingum á báðar hliðar, að því er sagt var, og hafði Þorvaldur borið fé á hann og hafði hann þannig „í vasa sínum“. Var svo Jóni gerður hinn mesti óréttur, út af rekafjöru o.fl. o.fl., hafður í haldi á Þorvaldseyri vikum saman, kallaður fyrir rétt nótt sem dag, o.s.v. frv., o.sv.frv. Einu sinni sem optar skipaði M. sýslumaður Jóni Valdasyri að mæta fyrir rétti (á Þorvaldseyri?). Jón var þá heima hjá sér á Steinum og átti sér einskis ills von, og fyrir því að hann skyldi ekkert í þessu „fyrirkalli“ sýslumanns, vildi hann ekki „mæta“ og fór því ekki. Skömmu síðar kemur sýslumaður (M. T.) að Steinum og hefur með sér nokkra menn, þar á meðal Þorvald á Þorvaldseyri, er þá Jón Valdason *tekinn höndum og hendur hans bundnar á bak aptur og settur síðan fastur í hesttagl og vann sýslumaður sjáfur þar að*. Var svo hrossið teymt, en sýslumaður sjálfur á eptir Jóni og *barði hann hlífðarlaust, alla leið frá Steinum og*

þangað sem „rétturinn“ skyldi haldast, sem að líkindum hefir verið á Þorvalds-eyri. Ég man ekki hvort ég innti Stefán eptir því.

Þorvaldur og Jón áttu í sífelldum deilum alla þá tíð sem Magnús Torfason hafði Rangárvallasýslu, var Jón Valdason þá þrotinn orðinn að heilsu. En er Einar Benediktsson kom til sýslunnar, sætti hann þá og lauk svo þeim málum. En Jón Valdason lagðist síðan í rúm og varð þungt haldinn og andaðist hann um 1910, án þess að vera nokkur tíma dæmdur í fangahús.

15. Mánudagur. Hæglátt á norðan. Um nóttina snjóaði til fjalla (í Esjuna). Vaknaði ég kl. að ganga 5 og fór þá ofan á bryggju, var kominn um borð í „Vestra“ með fóru mínar, kl. 7 (f.hád.). Kl. 8.25 f. hád. fréttist um borð í „Vestra“ á Reykjavík-urhöfn: að konungur vor Friðrik VIII. hefði andast skyndilega daginn áður, á ferðalagi suður í Berlín. Fána allir voru samstundis dregnir í hálfa stöng. Nú taldi ég draum þann kominn fram er mig dreymdi í Hnífsdal aðfaranótt þess 17. Febrúar 1909, svo og draum þann er mig dreymdi í fangahúsinu 4. janúar s.l.

Meðan ég dvaldi í Reykjavík, eptir að ég var laus, hafði ég mat og skrifrúm hjá vini mínum Sigurbirni skáldi og kennara Sveinssyni, í Holtsgötu nr. 5, og fóru þau hjón með mig, svo sem ég væri bur þeirra eða bróðir. Þann góða sið höfðu þau hjón að lesa tilvalinn kafla í Biflíunni, í svefnherbergi sínu á hverjum morgni, og létu þau börn sín hlýða á. Þau höfðu og bænagjörð á eptir. Var þetta einfaldur og fagur siður.

Þann 12. þ.m. var ég sem optar staddur hjá Sigurbirni vini mínum Sveinssyni, þá var þar líka staddur, sem gestur, Björn ekkjumaður Guðmundsson lausamaður í Garði í Gullbringusýslu, frá Marðarmýri í Vatnsdal; hann var frændi Sigurbjarnar skálds og skáldmæltur allvel. Hann hafði róið 1 vetur í Hnífsdal. Björn átti afmæli 12. Maí og var hann rétt 50 ára í þ.m. Því kvað ég við hann:

Að hamingju eygló um aptann þíns lífs
með ylgeislum blíðum þér hlúi,
og braut þína hún slétti og bölvíðri kífs
hún bæti, ég fastlega trúí.

Meðal annars er Björn hefir ort, eru þessi kvæði:

1. Áttavilla, og 2. Deyjandi blóm.

Um kvöldið 12. þ.m. (Maí) keypti ég mig inn á sjónleikinn: „Fjalla Eyvindur“. Ærnir gallar eru á þeim sjónleik (illa farið með söguna) en útbúnaður á leiksviðinu var ágætur.

Vestri fór frá Reykjavík kl. 10 1/2 f. hád. þennan dag (15), kom til Hafnarfjarðar kl. nærri 12; frá Hafnarfirði kl. 3 1/2, að Búðum kl. 11.

16. Fimmtudagur. Uppstigningardagur. Bezta veður. Skýjað að nokkru. Farþiggjar á Vestra frá Reykjavík til Búða voru 400, hafði ég aldrei séð slík þrengsli á skipi. Frá Búðum fór Vestri kl. 7 f. hád., á Hellissand eða Hjallasand, sem líka er svo kallaður. Þar var all mikil bygging, en flest hús heldur smá, mörg úr torfi og

grjóti, með timburgöflum. Þar kómu menn um borð með mikið af *harðýsu* og seldu þeir á 35 *aura eintakið*, og þó gekk allt út, jafnvel þó meira hefði verið. Um kvöldið kl. 6 kom Vestri til Ólafsvíkur, fór þaðan kl. 10 og kom á Grundarfjörð kl. 2 um móttina.

17. Föstudagur. Gott veður, logn að mestu. Vestri fór af Grundarfirði kl. 4 f.h., kom í Stykkishólm kl. 7 (f.h.). Þar var bryggja mikil er gufuskip gátu legið við, utan með henni á báðar hliðar var vírnet, til varnar því að dottið væri út af henni og öll var hún sjáleg mjög. Ég gekk á land, o.fl. keyptum mjólk, egg og kaffi, mjólkurpelinn kostaði 5 *aura* (á einum stað kostaði hann þó 30 *aura*).

Frá Stykkishólmi fór Vestri kl. 1 1/4 e. hádegi, inn að Búðardal, kom þar kl. 3 1/2. Þá var gjóla nokkur. Búðdælingar kómu fram, bátar þeirra voru líkir tóbaksjárnri, því kvað ég þessa vísu:

Stormur þó að vaxi um ver
veki ægis norn óringa,
á trönu flóa troða sér
tóbaksjárnin Búðdælinga.

18. Laugardagur. Gott veður skýjað; með kafaldsleiðingum. Kl. 6 1/2 árdegis fór Vestri af Hvammsfirði (frá Búðardal), þá kvað ég stöku þessa:

Friður girðir laxa laut
lýðum síst til skaða,
Hvamms af firði flýgur braut
fálki vélarspaða.

Þessa vísu kvað ég í Rifgirðingaröst:

Ekki er friðvænt á þeim hólmi
sem illskunornir vaka;
Rifgirðingaröstin ólm
rekur oss til baka.

Vísu þessa kvað ég út af þrengslunum í Vestra:

Illa líðun eykur hér,
ekkert það er gaman,
inn í grenja holum hér
hýrast dægum saman.

Að öðru leyti leið mér þó ágæta vel. Vestri kom til Stykkishólms (aptur) kl. 10 f.hd. Ýmsir gengu á land, þar á meðal ég, keyptum kaffi o.fl. Voru þar 3 kaffisöluhús. Ein kaffisölukonan hét Hansína Jónsdóttir, fríðleiks- og myndarkona og ágætlega kurteis. Hjá henni keyptu flestir. Frá Stykkishólmi fór Vestri kl. 1 e. háð. og kom til Flateyrar kl. 3 (síðdegis). Á Flatey voru 200 menn heimilisfastir, að því er mér var sagt.

Einn farþiggi með Vestra var Guðmundur Árnason, ungur maður frá Höfðadal í Tálknafirði, kom nú frá Reykjavík, hafði verið þar á spítala um tíma vegna lungnaveiki; hann var skynbær vel og líklega skáldmæltur. Hann bað mig að kveða um sig „fjarðar“vísu. Þá kvað ég þessa.

Dú ert Tálknafirði frá
furðu burða drjúgur,
jarðar fálka geisla gná
girndar háлку leiðir á.

Fyrir Guðmund þenna kvað ég og söngvísu eina til ungmennafélagsins „Vísir“ í Tálknafirði, er nýlega var þá stofnað og hljóðar hún svo:

Heill þér, veglegi Vísir kæri,
viðkvæm æskunnar frumlífs rós,
góðan þér vöxt og viðgang færi
voldugt kærleikans tignarljós.

Framkvæmd þín blómgist æfi alla,
eygló þér skíni farsældar,
fannkrónuð storðin fögur mjalla
faðmi þig örnum virðingar.

Vestri fór frá Flatey um kvöldið kr. 8 1/2.

19. Sunnudagur. Kæla á suðaustan, skýjað. Kl. 5 1/2 árdegis kom Vestri á Patreksfjörð. Var kalt mjög um morguninn enda hafði snjóað á fjöll um nóttina. Geirs-eyringur einn kom strax út um borð, var það Ingimundur Magnússon, eiginmaður Kristjönu Einarsdóttur er fyrrum var á Brjánslæk og kenndi mér þar barn vorið 1895, það hét Kristján Hólm, í höfuðið á vinkonu minni, Hólmfríði Kristínu Sigurðardóttur, skáldkonu á Brjánslæk († 1910). Barnið dó um vikugamalt og er jarðað á Brjánslæk. Ég beiddi Ingimund um far í land og var það auðfengið, en ég þóttist vita að ýmsir þar þekktu mig (fornkunningjar mínir) ef þeir sæju mig eða heyrðu mín getið. Varð þetta sannspá, því ég fékk hinar ágætustu viðtökur, var sem ýmsir hefðu heimt mig úr Helju, svo vel var tekið á móti mér. – Þau Ingimundur og Kristjana höfðu eignast einn son, prýðis efnilegan er Finnbogi hét, og var hann hjá þeim. Um hann kvað ég þessar vísur:

Finnbogi er hjarta hreinn
holla breytni styður,
eðallyndur yngissveinn,
Ingimundar niður.

Við þér brosi farsæld fríð
fargi hugarpínum,

hamingjunnar blómstur blíð
bliku á vegum þínum.

Sigríður Magnúsdóttir hét ekkja á Geirseyri (frá Raknadal), hún var áður samtíða mér á Brjánslæk, þá vinnukona hjá Davíð Scheving lækni; var sonur hennar þar með henni, Andrés Hafliðason að nafni, þá á barnsaldri, mannsefni gott, og átti hún ekki annað barn á lífi. En síðan flutti Sigríður sig að Eyrum, í skjól bróður síns, Einars Magnússonar gistihússeiganda og fór sonur hennar þangað líka og nam þar síðan skóara iðn, varð hann efnismaður mikill og hvers manns hugljúfi, en 1910 drukknaði hann af fiskiskipi, nálægt Kópnum, með öllum er á vóru, og var það mikið sár fyrir hina eptirlifandi, ellimæddu móður. Þegar Sigríður nú frétti að ég var staddur á Geirseyri, kom hún á fund minn og bauð mér heim til sín, þangað sem hún bjó með ungri stúlku, frænku sinni. Var sem ég kæmi til beztu móður, svo innilegar viðtökur fékk ég. Sigríður var skýr vel og draumkona mikil. Bað hún mig nú að kveða erfiljóð eptir son sinn, Andrés skósmið, og hét ég henni því. Tvö skáld á Geirseyri (eða Vatneyri) höfðu kveðið eptir hann: Ólína Þorsteinsdóttir (frá Bæ í Króksfirði?) og Karfel Friðriksson. Ýmsir góðvinir mínir fylgdu mér síðan um borð í „Vestra“, og beiddu mér virta og velfarnaðar.

Vestri fór frá Eyrum kl. 9 1/2 f. háð., kom á Bakkabót kl. 11 1/2. Frá Kópnum og inn á Bakkabót orti ég erfiljóðin eptir Andrés skósmið Hafliðason og hljóða þau svo:

1. Ó, hvílíkt hjartans mein og sorgarsár
er soninn eina tekur ægir blár
á augabragði mæddri móður frá
svo mætur sveinn að köldum verður ná.
2. Ó, fall þitt, vinur, vakti þunga hryggð,
svo vonardísinn grét um torg og byggð,
og sorgarstunur bárust brjóstum frá
svo mætur sveinn að köldum verður ná.
3. Þú töfraðir manns hjarta og hyggju þel
með hug og mund er reyndist öllum vel;
og augun vóru af ást og dáðum rík
sem eilífdjúpum himinbláma lík.
4. Í Drottins ríki sælt er slíkri sál
að syngja himneskt dýrðarinnar mál,
þá horfinn harmur, styggð og tál
og hlotin ró við kærleiks sólar bál.

5. Þín minning, Andrés, ríkan blóma ber,
í barmi allra sem að kynntust þér,
því ungra manna afbragð varstu hér
og allt of skjótt að köldum gistir Ver.

Vestri kom á Bíldudal kl. 2 e.h. Ég fór á land, sendi símskeyti til Flateyrar (til Guðrúnar minnar). Frá Bíldudal fór Vestri kl. 4 e.h., á Þingeyri kr. 8 1/2 e. háð., lá þar um nóttina.

20 Miðvikudagur. Skýjað. Rigning um miðjan daginn. Vestri fór frá Þingeyri kl. 4 1/2 f. h., kom til Flateyrar kl. 8 f. háð. Þar fór ég af skipi. Meðal þeirra er ætluðu lengra með „Vestra“, var Sigrún Árnadóttir í Reykjavík, 11 ára gömul, fædd 8. janúar 1901, dóttir Árna í Höfðahólum sem nú var fluttur til Reykjavíkur og búsettur þar. Get ég þessa hér af því ég hef aldrei þekkt betra og elskuverðara barn á hennar aldri. Hún var og bráðgáfuð og að því skapi myndarleg svo hún hlaut að sigra hvers manns hjarta, sem ekki var gjörspilt orðið. Ég kynntist föður hennar lítið eitt í Rvík og flutti hann mig, ásamt dóttur sinni, um borð í „Vestra“. Aldrei hef ég tekið mér jafn nærri að skilja við nokkurt barn vandalaust sem við hana, er ég kvaddi hana um borð í Vestra á Flateyrahöfn. Ég kvað til hennar 2 vísur að skilnaði en gleymdar eru þær nú. Hún ætlaði með Vestra til Blönduóss, en ætlaði svo að vera á Þóroormstungu um sumarið.

Ég kom farangri mínum (nokkru af honum) í geymslu á Flateyri, gekk svo Klofningsheiði norður til Súgandafjarðar; var ég lítt fær til fjallgöngu, enda var færð ill (snjór) enn ég bar mikið, í bak og fyrir. Gekk mér seint heim. Viðtökur fékk ég ágætar; fögnuðu mér allir. Guðrún mín og sonur okkar litu vel út. Súgfirðingar höfðu reynst þeim vel, all flestir, nema þau systkin Guðrúnar minnar og móðir þeirra, sem enga hjálp höfðu veitt henni.

Bækur mínar hafði farið vel um.

Nýlega hafði andast á Suðureyri Sesselja Magnúsdóttir, ekkja Þorbjarnar sáluga Gissurssonar á Suðureyri. Sesselja var ættuð frá Tungu í Bolungarvík. Börn þeirra Þorbj. og Sesselju, sem á lífi eru, eru þessi.

1. Elín Þorbjarnardóttir, gipt Friðberti Guðmundssyni húseiganda á Suðureyri.
2. Sigríður Þorbjarnardóttir, gipt Halldóri Birni Friðrikssyni, smið á Suðureyri.
3. Jón Þorbjarnarson, ógiptur heima.
4. Þórarinn Þorbjarnarson, líka ógiptur heima – bæklaður (haltur) frá barn-dómi.
5. Guðm. snikkari, sjá 64 síðu.

21. Þriðjudagur. Blíðviðri. Skýjað.

22. Miðvikudagur. Bezta veður. Ég var slæmur upp í gegn um brjóstið, frá maganum, og var ég heima. Snjór all mikill var enn í Súgandafirði, skaflar heim undir hvern bæ. Þó var sumstaðar farið að beita kúm, enda heylaust víða. Sauðfénað var farið að láta liggja úti þegar hálfur mánuður var af sumri.

23. Fimmtudagur. Fagurviðri. Þerrir. Ég fór í vinnu, mjög vesæll.

24. Föstudagur. Sama veður. Ég í vinnu, var þó sárveikur í brjóstinu.

Hallbjörn bóndi Oddsson á Bakka í Tálknafirði brá búi þar um vorið, og nú um kvöldið fór sonur hans, Sigurður formaður Hallbjarnarson á Suðureyri, vestur, til að sækja móður sína og systkini og nokkuð af búslóð. Hallbjörn bóndinn var kominn á undan til Súgandafjarðar og stundaði þar sjó.

25. Laugardagur. Bezti þerrir til dagmála, svo rigning. Ég í vinnu.

26. Sunnudagur. Hvítasunna. Mikil rigning fram undir hádegi svo þurt. Skýjað. Skrifaði ég 2 bréf, a. til Guðjóns skáldyrðings og barnakennara Kristmundssonar í Vatnshorni í Strandasýslu, og b. til Sigríðar Friðriksdóttur, húsfreyju í Hrauni í Hnífsdal.

Séra Þorvarður Brynjólfsson prestur á Stað, kristnaði börn þau í Súgandafirði er voru nú 14 ára gömul. Prestur sté *ekki* í ræðustólinn, heldur Friðrik Hjartarson kennari og sagðist honum allvel, að því er sagt var. Kómu á fund minn: Guðmundur Pálmason í Botni, fyrrum námsveinn minn í Keflavík, og Hafliði Jóhann Jónsson í Bolungarvík, fyrrum námsveinn minn á Minni-Bakka í Skálavík. Móðir Hafliða, Elísabet Hafliðadóttir í Bolungarvík, hafði og komið til Súgandafjarðar daginn fyrir, fyrir því að sonur hennar og bróðir Hafliða, Jörgen Jónsson í Botni, var kristnaður þennan dag.

27. Mánudagur. Skýjað með smáskúrum; logn. Heimsóttu mig ýmsir, þar á meðal Emil Jónsson kennari á Suðureyri, og borgaði ég honum nú 5 kr. í peningum í kennslulaun fyrir son minn síðastl. vetur. – Guðmundur Pálmason í Botni færði sig nú í sama hús og ég var í (hús Guðrúnar Einarsd.), ætlaði að verða formaður á árabát um tíma. Hásetar hans: Kristmundur Guðmundsson, giptur maður úr Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, Sigurður Guðmundsson „snari“ úr Önundarfirði og Lúðvík Wolhan austmaður (um tvítugt).

28. Þriðjudagur. Allhvasst á austnorðan, kalt. Skýjað. Ég í vinnu. – Guðmundur Pálmason fann gullhring og auglýsti ég hann fyrir hann.

29. Miðvikudagur. Brakandi þerrir. – Halldór Guðmundsson meðhjálpari kvað:

Elsta stelpur asistent
út á Mala svæði.

Ég bætti við:

Það eru' ekki öllum hent
ótakmörkuð gæði.

Vísu þessa kvað ég við tækifæri, um pressu á fiskstakki:

Þessa pressu þegninn kennir
þjóðar frægur,
átján skessur unnu að henni
í átján dægur. –

Fékk ég bréf frá Sigríði Friðriksdóttur húsfreyju á Hranni í Hnífsdal, dags. 8. þ.m.

30. Fimmtudagur. Lognboka mikil um morguninn, vindaði svo á vestan og rak burt þokuna, hvessti svo allmikið (á vestan) og gerði rok um kvöldið, rigndi þá og allmikið. Skýjað allan daginn. Ég í vinnu og Guðrún mín sömuleiðis.

31. Föstudagur. Stórhrið um morguninn, birti svo. Með éljaleiðingum um kvöldið. – Edvald Jónsson bóndi á Gilsbrekku hafði nú ásett sér að fara byggðum þaðan, að Suðureyri, og var nú byrjaður á að byggja sér þar steinsteypuhús og vann hann einn að því.

Edvald var maður hygginn vel, ötull og stilltur og vann sér gott orði. Hann var nú tekinn að eldast, fæddur 4. júlí 1861, að Skjaldarvík í Kræklingahlíð. – Valdimar smiður Þorvaldsson frá Selárdal í Ségandaf. var í tilferð með að setja upp skipaverkstæði á Suðureyri 20x12 áln. stærð, og árið áður hafði hann sett upp annað íbúðarhús, nokkru minna.

Þá ætlaði Jón Friðriksson húsmaður á Suðureyri að setja upp íbúðarhús úr timbri. Auk þessa hafði Magnús Arnason á Hóli í Bolungarvík fengið leyfi til að setja upp *brauðgerðarhús* (bakarí) á Suðureyri. Hér er því um framför að ræða.

IV. Bréf og samtíningur

Magnús var ötull bréfitari eins og sést á yfirliti því sem hann bjó til yfir öll þau bréf sem hann sendi frá sér og einnig þau bréf sem hann hafði fengið. Hann skrifaði ekki aðeins bréf fyrir sjálfan sig heldur og einnig fyrir annað fólk. Í þessum kafla verða birt nokkur bréfanna en þess má geta að Magnús brenndi öll þau bréf sem hann hafði fengið fram til ársins 1897 sökum þess að Ingibjörg Guðmundsdóttir sem hjá honum var um tíma sóttist mjög eftir því að fá að lesa þau. Þetta atvik leiðir hugann að því hversu lítt varin persónuleg gögn manna, á borð við bréf og dagbækur, voru fyrir ágangni annarra, enda buðu aðstæður ekki upp á mikið einkalíf.

Loks verður birt ýmislegt smælki sem forvitnilegt verður að teljast og viðkemur Magnúsi á einn eða annan hátt. Þar má nefna samanburð hans á orðtökum á Vestfjörðum og undir Eyjafjöllum, ræðu sem hann flutti yfir nemendum sínum, æviágrip hans í ljóðum, alls 60 erindi og loks eftirmála sem fylgir yfirliti yfir kveðskap hans frá ákveðnu tímabili.

Bréf til Kristínar Jónsdóttur Dröngum¹

Eptir afskrípt

Lambadal, 6. apríl 1896.

Æ elskulega vina! Hafið þér hjartans þakkir mínar, fyrir yðar mikla bréf, og jafnframt ágæta bréf, er ég meðtók áðan með Ingibjarti. Aptur er mér ómögulegt að neita því að *sárt* sorgarmirkur *gagntók* sál mína, þegar ég las þau orð í því: *að þér tókuð ekki beiðni minni, eða vilduð ekki verða við bón minni „að svo stöddu“*; já, þeir vonargeislar, sem voru farnir að hreifa sér í sál minni, byrgðust fyrir því þunga mirkri er hlóðst á sál mína er ég hafði lesið bréf yðar elskulega vina, því algóður *guð* einn veit, hvað það er *sárt* að sjá fagra perlu hverfa úr geimi anda síns, sem maður hefir gefið ást sína, þó aldrei hafi verið nema í anda. Þar sem þér, hjartkæra elskan mín segið þér séuð mér ekki samboðin þar sem þér séuð uppalin hjá fátækum foreldrum, og séuð því ekki fullkomin á neinn veg í menntalegu tilliti, þá veit heilög hamingjan, að slíkt hefði mér aldrei dottið í hug að álasa yður fyrir á nokkurn veg, heldur, þvert á móti, leitast við að gjöra yður til ánægju í því efni sem öðru.

1 *Lbs* 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Ó elskulega vina, *enn* þá vil ég ánýja þau orð mín til yðar, að verða við beiðni minni; ég get ei slitið þá tilfinning hjarta míns í sundur. Jeg get vel trúað, elskan mín, að þér hafið ekki neina „meiningu“ haft, með yðar góða og saklausa bréfi um daginn, og bið ég yður þá fyrirgefningar á orðum mínum um það. Þetta bréf, sem ég meðtók nú með Ingibj., var sannarlega *ágætt* bréf, þótt það í öðru færði mér þá fregn sem ég hefði ekki viljað æskja; já, það lætur svo vel í ljósi yðar ágætu gáfur, og ég hefi ekki lesið það einusinni, heldur *margsinnis*, þótt það sé ekki nema svo sem 1 klukkustund síðan ég fékk það. Þótt þér nú hjartans elskan mín, svarið mér á þá leið sem ég ekki vildi nfl.: væruð enn þá ekki á beiðni minni, þá legg ég ekki neina óvild á yður fyrir það, nei, heldur mun ég ætíð minnast yðar sem göfugar stúlku, en sárt mun mér falla að sjá yður hjartans yndið mitt hverfa í geim fjarlægðarinnar, þar sem ég kann-ske hef enga von um að sjá yður aptur; já, svo sárt mun mér falla að sjá af yður, elskan mín, að ég mun minnast yðar lengst æfi minnar, ég leyfi mér að segja með trega, þótt ég beri harm minn í ljóði. Reyndar er ég nú ekki aldeilis vonarlaus um, að þér munduð vilja hafa huga yðar þar sem ég er, framvegis, því þér farið tvívegis svofelldum orðum í yðar merkilega bréfi: að þér getið ekki svarað eða orðið við bón minni, „að svo stöddu“.

Þegar þér skrifið mér nú næst, kærasta vina, vil ég mega biðja yður að láta mig vita annaðhvort, hreint frá yðar hendi *já* eða *nei*. Jeg tek það fram að ef yður er það á móti skapi að vera hjá mér, að þá vil ég hélzt að þér segið mér *nei*, því ég vil engri stúlku svo illt, að eiga hana nauðuga. Að síðustu bið ég yður að gjöra svo vel, og skrifa mér aptur þegar þér eigið hægt með, megið þér þá skrifa mig á Ísafirði, það er að segja, ef það verður langt þangað til þér skrifið, en ef þér skrifið mér sem allra-fyrst, þá má utanáskriptin vera svona: Magnús Hj. Magnússon væntanlegur á *Mosvöllum í Önundarfirði*, því það getur verið, að ég verði dálítinn tíma á Mosvöllum við barnakennslu. Að endingu bið ég almáttgan guð að vera yður allt í öllu, í lífi og dauða, þess óskar, yðar heitt elskandi.

Magnús Hj. Magnússon

Utanáskriptin:

Ungfrú Kristín Jónsdóttir.

Dröngum

Dýrafirði.

Bréf til sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu¹

Eptir afskrift

Ég undirritaður, sem hefi kennt 15 – fimtán – börnum í Mýrahreppi í vetur, leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina heiðruðu sýslunefnd Vestur-Ísafjarðar-

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

sýslu, að hún vildi veita mér meðmæli sín til, að ég gæti notið styrks af fé því, sem síðasta alþing (1895) veitti til umgangskennslu. Skjöl þau sem umsókninni þurfa að fylgja til stiptsyfirvaldanna, skal ég sjá um, að til verði á sínum tíma. Jeg skal geta þess að kennslan byrjaði 11. október, og verður henni haldið áfram til 9. apríl Kennslan hefir farið fram á tveimur bæjum.

Mýrum, 1. apríl 1897.

Magnús Hj. Magnússon

Bréf til Bjarna Þorlákssonar á Brekku¹

Eptir afskrípt

Mýrum, 3 apríl 1897.

Hr. Bjarni Þorláksson Brekku !

Í janúar í vetur, nokkru eptir að ég kom hingað að Mýrum, átti ég ferð norður í Breiðadal í Önundarfirði og átti ég mér enga ills von þar, og kom mér því heldur á óvart, þegar margir kunnugir mér, viku að því við mig, að ég hefði hegðað mér *ósæmilega* á Ingjaldssandi í vetur, og komu þeir með fjölda-mörg dæmi að svo væri eptir því sem þeir hefðu frétt; en þessar sagnir þeirra voru ekki orsakalausar, því að heimilismaður frá Brekku á Ingjaldssandi, hafi sagt þessar, mér liggur við að segja djöfullegu fréttir – sem *enginn* fótur er fyrir, og því *ósannar frá upphafi til enda* – inn í Önundarfjörð, og sögumaðurinn er einmitt *þú Bjarni Þorláksson*, það veit ég með rökum, og veit líka *hverjum* þú hefir sagt þar bölvæða forsmán, sem þér hefir dottið í hug að ljúga á mig saklausan og hefur þú með því reynt að fletta mig æru og mannorði, en sem þér skal ekki að fullu takast, því hér með læt ég þig vita að ég hef fullkomlega í hug að *stefna* þér opinberlega, og skaltu þá mega kannast við það sem þú hefur *logið* á mig, en viljirðu ekki borga sem áskilið verður á sáttafundi, skal málinu verða haldið áfram til dómars, og þú borga allan löglega leiðandi kostnað af málinu. Samt læt ég þig vita hér með: að ef þú villt gangast við slúðri þínu og borga mér sem ég áskil, þá skal ég láta málið falla niður; en gerðu nú hvað þú villt.

Jeg hef talað um þetta við hreppstjóran og prestinn, og álíta þeir aðferð mína rétta.

Magnús Hj. Magnússon.

Utanáskrípt.

Hr. Bjarni Þorláksson

Brekku

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Bréf til Hannesar sýslumanns Hafsteins¹

Eptir Afskrift

Næfranesi, 4 des.br. 1897.

Göfugi sýslumaður!

Þótt ég sé yður mjög lítið þekktur, leyfi ég mér nú að tala við yður í bréfi þessu, sem þann mann, er ég væri nokkuð orðinn kynntur, og þar sem ég þekki yður *vel í anda*, hika ég heldur ekki við að segja yður hugsun og löngun mína.

Viljið þér nú ekki, ef þér getið, gjöra svo vel og útvega mér þénustu við ritstörf, eða þá við innan-búðarstörf (afgreiðslu); hélzt vildi ég óska að ég yrði svo heppinn, að þér gætuð látið mig hafa starf við skrifannir hjá sjálfum yður. Jeg hef frá í æsku, verið mikið hneigður fyrir ritstörf, og starfa nokkuð mikið í þá átt, en til þessa hafa kringumstæður mínar verið svo, að ég hef orðið að vera sem erfiðismaður, sem ég er þó ekki maður til, því ég er heilsubílaður og *get ekki unnið þunga vinnu*.

Jeg hef verið sveitarkennari fyrirfarandi 3 vetur; í fyrravetur var ég á Mýrum og þar sáuð þér mig. Jeg er 23 ára gamall og hef mikla löngun á að komast eitt-hvað áfram, til þeirra starfa sem ég hef áður vikið á. Það væri óútsegjanlega mikill velgjörningur, sem þér gjörðuð mér ef þér gætuð útvegað mér þénustu við ritstörf. Jeg vil geta þess, að ég kann ekki að rita útlenzkt mál. Mikið þætti mér vænt um, ef þér vilduð gjöra svo vel og rita mér sem fyrst að þér ættuð hægt með, og að þér létuð mig þá vita hvort ég mætti vona nokkurs styrktar, þaðan sem þér eruð.

Þér munuð ekki geta svarað mér með manni þeim er flytur yður þetta bréf? Að lyktum bið ég yður að fyrirgefa tilgrip mitt.

Með alúð og virðing
Magnús Hj. Magnússon.

Utanáskript:
Hr. sýslumaður,
Hannes Þ. P. Hafstein
Ísafirði.

Bréf til Guðmundar hreppstjóra Eiríkssonar á Þorfinnsstöðum²

Eptir afskrift

Eins og yður er kunnugt, tók ég stúlkuna Ingibjörgu Guðmundsdóttir frá Breiðadal, á mína vegu síðastliðið vor, 1897, því eins og ég hafði sagt henni, vildi eg gjarnan rétta henni styrktarhönd í þakkarskini fyrir að hún var mér alúðleg þá ég

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

2 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

var veikur í Breiðadal fremri forðum; en þar sem nefnd Ingibjörg vill ekkert af mér þiggja nema ég *gíptist* henni, þá get ég ekkert við gjört nema stutt að því, að hún komist aptur í sveit sína, því það læt ég *aldrei* á mig ganga að ég gíptist Ingibjörgu, hversu mikið sem hún þykkir það við mig, og hvernig sem hún leggur út breytni mína sér til handa. Mér hefði virzt, að Ingibjörg hefði mátt vera full-ánægð fyrst ég vildi taka hana á mína vegu og sjá fyrir henni, þótt hún hefði ekki verið að *kveija* mig mér *þvernauðugt* til að *gíptast* sér stórþjáðri manneskju af hryllilegasta veikleika, og manneskju sem komin er á elliár. Ingibjörg sagði mér í fyrravor, að sér væri algjörlega bötnuð slagaveikin, en sannleikurinn er sá, að hún er *eyðilögð* af slagaveikinni enn. Af ofangreindu vona ég að velvirt sveitarnefnd Mosvallahrepps, og að þér sem hreppstjóri í nefndum hreppi sjáið, að ég get ekki annað gjört, en að sjá til að Ingibjörg komist aptur í sína sveit; þar sem hún heldur ekki getur fellt sig við að fara þangað sem henni bjóðast góð kjör.

Með virðingu

Magnús Hj. Magnússon.

Utanáskript:

Hr. hreppstj. Guðm. Eiríksson

Þorfinnsstöðum.

Bréf til Kristínar Jónsdóttur Dröngum¹

Eptir Afskript

Lambadal, 28. janúar 1898.

Ógleimandi vina!

Bréfin frá þér, meðtók ég á Næfranesi með góðum skilum. Jeg ætla ekki að lýsa fyrir þér, hvernig ánægja sálar minnar missti sína blíðu friðargeisla þegar ég las bréf þín, en þó varð ég jafnvel feginn að fá þau í öðru, því þau létu mér svo vel í ljósi, ástæður þínar heima fyrir hjá þér; ég veit elskan mín að þú hefir átt svo bág, og guð einn veit, hvað þú hefir orðið að líða vegna mín. Þú skalt því ekki halda að ég þykki á nokkurn veg bríð þín, *nei*, ég skal *hjartanlega* fyrirgefa þér það, og ávalt minnast þín til hins bezta, það máttu reiða þig á, því ég get *aldrei* gleymt þér, og skal einlægt elska þig, og þó við næðum ekki, eða náum ekki saman, þá vona ég heitt að við megum njótast í óblandinni elsku, á því fullkonnunarstigi, sem ég treysti að maður komist á síðar. Leyfðu mér að eins að biðja þig einnar bónar, og hún er sú: Geymdu ávalt minningu mína, og minnstu ætíð á mig til góðs; láttu mig njóta þess, að ég hefi stráð á þinn andans veg, fögrustu blómum sálar minnar. Mundu mig um þetta! Jeg skal á sama máta breita þér til handa. Vertu viss um það.

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Jeg kveð þig nú heitt og hjartanlega elskan mín góða, og bið Guð að vera þitt skjól og athvarf í bráð og lengd. Þess biður af hrærðu hjarta, þig til dauðans munandi.

Magnús Hj. Magnússon.

Utanáskript:

Ungfrú Kristín Jónsdóttir

Dröngum.

Bréf til Hjalta Magnússonar Holti¹

Eptir Afskript

Breiðdal fremri, 4. febr. 1893.

Hjartkæri pabbi! Guð almáttugur gefi þér allar stundir gleðilegar í *Jesú* nafni, og gefi að þessar línu hitti þig glaðan, og umfram allt heilbrigðan. Nú tek ég að hripa þér nokkrar línur, þótt ég sé óviss að þú getir lesið þær, því þær verða svo illa skrifaðar. Það er svo fjarska kalt í baðstofunni að ég er alltaf skjálfaði; það er ekki 3 stig hiti. Svo er ég svo yfirtak vesæll; ég tek svo mikið út í höfðinu og svo brjóstinu. Það eru fjarska-tök í höfðinu á mér, sérstaklega í hægri auganu, svo ég hef ekki viðþol og verð að hafa nær því birgt fyrir augað, að ég sjái ekki birtuna. En síðan í morgun hef ég kveðið Ljóðabréf til hennar Halldóru í Efrihúsum, 30 vísur, undir Hringhendu, ég á eptir að hreinskrifa það, svo sendi ég henni það; nær það verður, veit ég ekki. Síðan um daginn hef ég skrifað upp eptir mig *Nokkur ljóðmæli*, sem ég ætla að gefa þér, og senda með þessu bréfi þér til gamans. Svo ætla ég að senda þér *Pílagrímsförina*, ég er að hugsa um að forsigla hana með skáldsögunni *Manni og Konu*. Svo hef ég skrifað upp úr mér bréfin sem ég hef skrifað Bjarna í Tröð, og þau ætla ég að senda þér. Þú veizt, elsku pabbi máltakið gamla: Bón fylgir blaði. Jeg er að hugsa um að biðja þig að útvega mér *Fertramsrímur* þær eru til á Vöðlum í Halldórsbænum, ég ýmynda mér að þær séu þar til enn, því ég man hann Runólfur sem var á Hesti, sagði í fyrra-vetur að hann Halldór Bernharðsson ætti þær. Jeg hef svo mikið gaman af rímum, sérstaklega vel kveðnum mansöngvum. Mér finnst þegar ég er farinn að kveða, sem ég lífgist allur innvortis og útvortis. Mikið þætti mér vænt um góði pabbi, ef þú kæmir einhverntíma bráðlega hingað, þó það sé ekki nema erfiðið hjá þér að ganga það. Ef að verður gott veður á sjövíknaföstunni hélzt í föstu-innganginn, þá víst gæti ég hvort nokkur kemur fram yfir hálsinn. Jeg var að hugsa um að biðja þig að skila við hann sr. Janus, að lána mér hana Njálu. En mér þykir verst, ef hann lánar mér hana, að honum lengist eptir henni, því ég get ekki lesið nema svolitla stund í einu. Ef prófasturinn getur lánað mér hana, þá bið ég þig góði pabbi að koma með hana

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

þegar þú kemur. Vertu blessaður og sæll elsku pabbi. Guð almáttugur veri þér allt í öllu. Það mælir af heitu hjarta þinn elskandi son

Magnús Hjaltason.

Bréf til Guðrúnar Önnu Magnúsdóttur á Bæ í Súgandafirði¹

Eptir Afskrift

Norðureyri, 24. janúar 1900.

Hjartkæra, eina elskan mín.

Af heitu hjarta óska ég, að bréf þetta hitti þig glaða og heila heilsu; já, guð almáttugur veiti því þann sigur, að flytja ánægju og yndi inn í hjarta þitt, og græða þau sár er búið hafa ból hjarta þínu af rögburði vonds manns og leiðitamra manna.

Jeg vitna það til hans, sem er vinur allra sem á hans nafn vona, að ég hvorki hef ætlað, og hef *ekki gert nokkrum manni бага með hérveru minni*, en megi ég ekki vitna máli mínu til almáttugs guðs, þá hætti ég líka að tala. Jeg hef opt liðið stríð og hörmungar, en einhverjar þyngstu stundir æfi minnar hafa verið síðan um daginn. Já þungt hefur verið ból mitt, og ég vildi að heilagur guð virti mér til góða tár þau sem fallið hafa af hvörmum mér, en ekki hefur birði sálar minnar verið minnst af að hugsa um þig, og hugarhræringar þær sem ég get ímyndað mér að háð hafi stríð í brjósti þínu. Þú ert sá eini jarðneski vinur sem ég á, og þér hef ég helgað hjarta mitt, já helgað mig með lífi og sál. Í hjarta þínu finn ég ekkert sem ég get *lýtt*, en þótt ég hafi, sem ég þó sáriðrast, átalað þig stundum, þá vona ég elskan mín, að þú fyrirgefir mér það. Þú mátt því óhætt trúa því, að ég elska þig af hjarta; ég er fyrir löngu búinn að sjá tiltrú þína til mín, og teldi ég mér það hina stærstu synd að brjóta hana af mér, og vildi ekki missa hana fyrir allan veraldarinnar auð.

Jeg hef ekki sofið allar nætur síðan um daginn, ég hef hugsað, hugsað um þig og mig hefur dreymt þig; einu sinni sá ég þig í stóru og fallegu húsi, og mér þótti að við ættum þar rúm og ég fór að klæða mig úr og ætlaði að fara að hátta. Og ég hef líka hugsað um dóttir mína, barnið okkar, sem er svo líkt pabba, og mömmu líka, ég hef séð hana liggja í vöggunni saklausa og góða og geta ekkert tekið þátt í birði foreldra sinna. Mundu eptir því sem ég hef beðið þig. Innrættu henni snemma guðs vilja ráð og náð, svo sem þú getur bezt, ef ég dey á undan þér, fyrir alla muni mundu mig um þetta. Vegna þín vildi ég að við dæjum bæði undir eins og vildi ég þá vera í faðmi þínum elskan mín.

Ekki veit ég, í hvaða skyni Einar Hákonarson hefur leikið mig þannig út, því það framast að ég veit, hef ég ekkert gert honum til miska, ekki svo sem talað við hann eitt styggðaryrði, sem ekki er von, því ég hef ekkert átt saman við hann að sælda; hann hefur heldur ekki talað við mig neitt þessu slúðri viðvíkjandi en gert

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

það allt á *bak við mig*, en Guðbjörgu er hann fleirum sinnum búinn að rifast við, þó án þess að ég hafi heyrt. Ekki kæmi mér á óvart sem kona Pótívars greip til forðum. Það eru mestu vandræði með manninn hér á heimilinu, Gunnjóna dóttir hans (húsmóðirin) er grátandi; en hitt dauðhrætt. Hann er af og til að fara út að Gelti og vera þar nætursakir. Ekki veit ég hvað ég verð hér lengi, en þegar ég fer héðan hef ég hvergi vísan stað, svo sem þú veist fyrst ég fekk mig eptirgefinn hjá Jóhannesi, en ég þarf að fara vestur að vitja um hizlurnar mínar og svo fleira.

Þig fer nú líklega að vanta ýmislegt, elskan mín, sem þú þarft, ég á ekki gott hér um hönd, ég er búinn með sem ég átti inni á Suðureyri en lítið um „þetta leirinn“ til að kaupa fyrir, en til reiðu er þér allt sem ég get megnað. Eg vildi að ég ætti eptir að vera, svo megnugur, að geta launað Guðrúnu Sigurðardóttur velgjörning hennar við þig, guð almáttugur gefi þeirri hugsun minni sigur. Það er helgur sannleikur, þótt ég sjálfur segi frá, að ég held að engin finni betur hvað vel er gjört, en ég; eins líka á hinn veginn hygg ég að engin finni sárar til ef hann verður fyrir vondu eða ranglæti, en ég. Jeg vil heldur lifa nakinn í friði, en við allsnægtir í sundurlyndi; ég get það ekki. Það er víst, að okkar himneski faðir hefur sýnt á mér dásemdarverk sitt, þar sem hann valdi mér þig til unnustu, og þakka ég honum hjartanlega fyrir það. Já, ég dáist að ljúflyndi þínu yndæla elskan mín.

Jeg vildi nú óska að þetta bréf væri komið til þín þegar ég er búin að skrifa það. Ó, ég fagna elskan mín, að koma á fund þinn, ég veit þú tekur á móti mér eins og þú hefur gjört, ég er samur unnusti þinn og ég hef verið, hvernig svo sem menn dæma mig. Ó, guð almáttugur sikri lífsveg minn sem eptir er ófarinn, með návist þinni; ég hef lofað því að vera vinur þinn, elsku dúfan mín, og það skal ég enda. Jeg bið þig nú að heilsa dóttur okkar, og kyssa hana frá pabba; er hún ekki farin að stækka; Elskan mín, skrifaðu mér aptur gott og elskulegt bréf svo sem þú ert sjálf, og segðu mér hvernig þú hefur heilsustyrk, Heilsaðu hjartanlega þinni ágætu velgjörðarkonu G. Sigurðardóttur með innilegu þakklæti fyrir allt göfuglyndi hennar okkur til handa og barni okkar. Á sama máta bið ég að heilsa öllum á heimilinu. Jeg er framar venju óskup slappur í höfðinu, en ó að þú værir heilbrigð. Jeg fer nú að kveðja þig hjartans elskan mín. Himneski faðirinn gleðji þig og varðveiti um tíma og eilífð, og gefi þér að það kærleiksband sem er á millum okkar, verði þér og mér, til ánægju og unaðar. —

Þú ef yrðir þrautir sárar bera,
og þyrftir ganga beiskan neyðarstig
ó hvað fegin ég það vildi gera,
ef að með því gæti ég frelsað þig.

Þinn, til dauðans elskandi unnusti.
Magnús Hj. Magnússon.

Utanáskrift:
Stúlkan Guðrún Anna Magnúsdóttir
Bæ.

Fyrirmáli við rímur af Ambálesi kongi¹

Já, já, bræður góðir, ekki eru enn allar dauðar. Ekki eru allir rúnasmiðir útdauðir enn. Hér koma nú rímur af Ambálesi kongi. En ég bið alla að fyrirgefa þótt framhluti þeirra sé nokkuð fornfálegur. Því það var það herrans ár, þegar ég var veikur í Breiðadal fremri í Önundarfirði, sem 2 fyrstu rímurnar mynduðust og 80 (áttatíu) erindi af þeirri 3ju. En svo lá sagan óáreitt, þar til haustið 1895(?) að ég kláraði 3. rímuna og ekki meir. En haustið 1900 orti ég hinar rímurnar 5. Geta því menn borið saman, hvort ég yrki rímur betur þá, en fyrst þegar ég byrjaði söguna, sem var síðara hluta vetrar 1893. Jeg kveð alla óskum árs og friðar, með von um, að Ambálesarrímur mínar gleðji einhvern af þeim sem ekki hafa heyrt þær, svo sem þær hafa glatt þá er hafa heyrt þær.

Úlfsá, 28. október 1900.

Magnús Hj. Magnússon

Bréf til Hjalta Magnússonar Holti²

Eptir Afskrift

Breiðadal fr. 23. desembr. 1892.

Elskulegi faðir. Alvitur guð gefi þér allar stundir náðarríkar í Jesú nafni, og gefi að þessar línur hitti þig glaðan og umfram allt heilbrigðan. Jeg fékk bréf frá þér á fimmtudaginn, 22. þ.m., og sendingu er því fylgdi, er vottar þína föðurlegu hjartans alúð og elsku, er þú vilt veita mér af fremsta megni, þínu auma barni; einnig hinar dýru áminningar, hvar ég þakka þér allt fyrir af hjartans alúð. Nú er ég búinn að skrifa Bjarna í Tröð, og er nú í tilferð að slá utan um viðurværis skrán, og senda honum með bréfinu. Jeg er að hugsa um að koma því yfir að Holti, ef farið verður til kirkju á jóladaginn, og biðja þig, elsku pabbi, að koma því á hana Jónína Guðmundsdóttur til hans Salómons. En ef Jónína skyldi nú ekki fara; viltu þá gjöra svo vel, góði pabbi, og koma því á einhvern sem væri frá Kirkjubóli eða Efstabóli! En þess bið ég þig elsku pabbi, að koma því ekki á neinn sem væri frá Hesti eða Neðrihúsum, því ef hún mamma fréttir að það er Viðurværiskráin, þá verður hún svo angráð. Ekki veit ég hvað ég get sent þér, af því sem þú átt hjá mér, því ég er ekki búinn að fara vel yfir neitt enn. Jeg sárskammast mín, ef ég fer að biðja þig þess sem mér dettur nú í hug, n.l. að biðja þig að gefa mér ritið sem þú lánaðir mér núna: Lýf og lífsvon sjómanna. Því það er gaman að eiga það, þótt það sé ekki mikil bók. Síðan bið ég þig elskulegi pabbi, að skrifa mér til aptur ef þú getur. Það

1 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

2 Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

er mín hjartans gleði að fá bréf frá þér. Svo enda ég þessar línur, og fel þig algóð-
um guði á vald stundlega og eilíflega. Hans himneska náðar– og blessunar sól,
uppljómi þitt amamyrkur í Jesú nafni. Þess óskar af hrærðu hjarta þinn elskandi
son.

M. Hjaltason.

Framanritað bréf er gott sýnishorn af þröngsýni anda míns, eptir að ég var kom-
inn burtu úr kvalastaðnum, frá Hesti.

25. desbr. 1900.

Magnús Hj. Magnússon.

Bréf til Vigdísar Kristjánsdóttur í Stapadal¹

Eptir Afskript

Úlfssá 21/11 – 1900.

Heiðraða móðursystir! Ég læt nú ekki lengur hjá líða, að skrifa þér, þótt ekkert
svar hafi ég fengið upp á bréf það er ég reit þér í sumar. Ég vildi nú samt að þú
skrifaðir mér upp á það og er það þó ekki beinlínis vegna *mín*, heldur vegna *dóttur*
þinnar; hana langar til að fréttu eitthvað af þér. Við færðum okkur hingað inneptir
í haust, og kunnum við sannarlega vel hér við okkur; við höfum rúmgóð og þægi-
leg húsakinni, og okkur líður eptir hætti vel; dóttir þín er frísk, en ég er eins og ég
er vanur. Ég kenni þremur börnum, tveimur úr Tungu og einu frá Góustöðum. –
Mig fýsir nú að vita, hverju þú svarar dóttur þinni um afgjald af hundraði því, sem
hún á með réttu í Langhól í Súgandafirði, en sem þú brúkar sem *þína* eign, án þess
að dóttir þín hafi hið minsta af því er það af sér gefur; og finnst mér það, satt að
segja ekki móðurlegt af þér, að koma þannig fram gagnvart barni þínu, og óska ég
að þú gerir bót á þessu sem fyrst. – Ég fór vestur í Súgandafjörð í sumar, til að vita
um pottinn er þú lofaðir dóttur þinni að gefa henni, og skilja eptir í Bæ, en okkur
„brást bogalistin“; og biðum við ærinn бага af því að *þú hafðir brugðið heit þitt*,
ekki gert sem þú lofaðir.

Kristján bróðir þinn kom á kjörfundinn í haust, en hann hefur víst ekki haft tíma
til að heilsa upp á frændsystkini sín, mig og unnustu mína, ég ímynda mér, að hann
hefði annars gert það. En ég og unnusta mín biðjum að heilsa honum, konu hans
og börnum. Unnusta mín biður hjartanlega að heilsa þér og systkinum sínum. Jeg
bið og að heilsa Jónsa og „Guggu“. Með von um að þú virðir mig svars, og það
sem fyrst, kveð ég þig með farsældaróskum.

Þinn systursonur.

Magnús Hj. Magnússon

¹ Lbs 2235 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Daglegt mál undir Eyjafjöllum,
gegn því sem talað er daglega á Vestfjörðum¹

Eyfellingar segja:

1. Hólkurinn minn
2. Fáðu mér netið mitt !
3. Kondu með skinnbolana mína.
4. Hripin (heyhrepin)
5. Lauparnir.
6. Hvítan.
7. Haldið mitt.
8. Kotið mitt.
9. Bussinn minn.
10. Merarnar.
11. Beljurnar.
12. Stinga í beljurnar.
13. Gefðu mér súrnu ofan í hólkin minn !
14. Núnana
15. Hérnana
16. Parnana
17. Bura
18. Peisa
19. Tappurinn
20. Fressköttur
21. Gepillinn
22. Brækurnar
23. Brynna
24. Fáðu mér árið af julinu !
25. Stöng (fjallastöng)
26. Ertu búinn að byrgja féð?
27. Kastaðu í merarnar !
28. Skánin
29. Skræðurnar
30. Börkur (á graut)
31. Það er bezt að stinga inn hestinum
32. Falaðu hann (fyrir vinnumann)
33. Skaka
34. Gemsarnir
35. Bera á merunum
36. Eg vil skrafa við hann

1 *Lbs* 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

37. Hafðu sæll gert
38. Skjólurnar
39. Er nokkuð kveykilegt (um fiskirí)
40. Hlemmur (dálítið lopt upp í húsum)
41. Sæll vertu !
42. Skáldaðu bögu !

Þannig var talað daglega undir Eyjafjöllum, þegar ég var þar veturinn 1894-
'95

Magnús Hj. Magnússon.

Daglegt mál á Vestfjörðum, gegn því talað er daglega undir Eyjafjöllum¹

Vestfirðingar segja:

1. Akurinn minn
2. Réttu að mér hálstrefjuna mína!
3. Komdu með skinnskokkana mína!
4. Lauparnir
5. Kláfarnir (mykjukláfar).
6. Mjólkin (flóuð mjólk)
7. Buxurnar mínar
8. Vestið mitt
9. Hnífurinn (vasahn.)
10. Hestarnir
11. Kýrnar
12. Láta í fyrir kýrnar
13. Gefðu mér súr (skýr) út í askinn minn
14. Núna
15. Hérna
16. Þarna
17. Blússa
18. Milliskirta
19. Griðungurinn
20. Steggur
21. Spónninn
22. Nærbuxurnar
23. Vatna
24. Réttu að mér árina af skipinu (bátnum)
25. Stefur (göngustafur)

¹ Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

26. Ertu búinn að láta aptur að fénu ?
27. Gefðu hestunum
28. Sauðataðið
29. Hamsarnir
30. Skán
31. Það er bezt að láta inn hestinn
32. Fáðu hann (fyrir vinnumann)
33. Strokka
34. Gemlingarnir
35. Reiða á hestunum
36. Jeg vil tala við hann
37. Jeg þakka þér fyrir!
38. Föturnar
39. Er nokkuð líflegt (um fiskirí)
40. Lopt
41. Kondu sæll!
42. Gerðu vísu!

Númerin (talan) við „Dagl. mál Vestfirðinga“ svara til tölunnar við „Dagl. mál undir Eyjafjöllum“.

Á öskudaginn 1898.
Magnús Hj. Magnússon.

Sönn mannlýsing¹

Ég þekki einn mann, sem er þannig: Hann er tæpir 70 þumlingar á hæð, en heldur mjór eptir hæðinni og fremur mittismjór; skrefhár; með ávalt bak; axla-hár, háls-langur í meðallagi; höfuðlítill, munnfríður, með nef í stærra lagi og er það eins og slétt framan eða plata framan á því og dálítill liður á því miðju. Nokkuð brúna mikill, með bjartar augnabrýr; gráeygur en augun fögur, ljúf og skær. Andlitsfarf-inn optar heldur hvítleitur, en þó opt fallega litur. Svipfagur er hann, góðmannlegur og ljúfmannlegur, og elskulegur í dagfari sífellt ljúfur og blíður og kurteis; getur manna bezt ráðið við geð sitt, en er þó stundum snöggbíður en vart geta aðrir merkt það. All-mikið hneigður til kvenna er hann, en ekki kemur það mikið í ljós. Með léttustu mönnum er hann til gangs, og skjótur í öllum hreifingum en þollítill, sem stafar af heilsuleysi hans, þótt hann seiglist opt furðanlega.

Maður þessi er: Magnús Hjaltason, er ritar sig: Magnús Hj. Magnússon, síðan sumarið 1894.

Í febrúarmánuði 1898
Magnús Hj. Magnússon.

¹ Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Eftirmáli¹

Svo sem að framan verður séð, hefi ég ritað töflur yfir kveðskap minn, frá því ég fór að yrkja, og til árslok 1897, og eru það alls: 862 númer; þó er vissa fyrir, að það er fjöldi vísna, sem ekki hefir komið þar til greina. Jeg hef ekkert uppkast gjört að töflunum, heldur skrifað eptir því sem mér hefir dottið í hug, og mundu því margir hugsa að von væri, þótt ég hefði mörgu gleymt, en þó ótrúlegt kunni þykja, þá er það hreinn og beinn sannleikur: að eg gleymi *sízt*, sem ég *ekki* skrifa, en *fremur* því sem ég skrifa; kemur það af því, að þá ég hefi skrifað eitthvað, hætti ég að hugsa um það, og legg það *ekkert* á minnið, en stundum tapast smáblöð, sem maður skrifar á, einkanlega þegar þau fara að lýast, og detta þá tíðum sundur í brotunum, þegar maður ekki hefur þá hentugleika til að endurrita það, eða færa það inn í stærri bækur.

Þótt virðast mætti, að ég myndi ekki upp á hár, vísufjölda, á því sem ég hefi kveðið um eitthvert, annaðhvort mann eða hlut, þá er *víst*, að mér skjátlást ekki mikið í því, enda fæ ég almennt orð fyrir, að ég sé „fjarska minnugur“, en þó er ekki þar með sagt, að ég geti ekki opt gleymt því, því það er *víst* að svo er, en ég hefi jafnan gáð að í framanskráðum kveðskapartöflum mínum að setja ekki erinda- eða versa-töluna hærri, en ég hef vitað rétt vera, sem sjá má af ljóðum þeim er ég á til skrifuð, sem vantar þó mikið á, að allt sé sem ég hef ort.

Það er ekki mögul. að neinn sem yrkir fljótt, og sem verður daglega að vera líkamlegu erfiði háður, geti skrifað það sem hann kveður. Í kveðskaparflokkunum, skal engin reiða sig á, að ég hafi skrifað kvæðin, eptir því sem ég hef ort þau (eptir aldri), því það hef ég ekki gjört, enda gjörir það minnst til, þegar ljóðunum er skipt í nákvæma flokka, því það sem er þá í hverjum flokki, er kveðið á því tíma-bili, sem sá flokkur nær yfir.

Af athugaleysi slengdust saman 6. (VI.) og 7. (VII.) flokkurinn; á millum 439. og 440. númera, á því að standa: *VII. flokkur, á Þorvaldseyri*. Það eru *fyrirsagnir* ljóðanna, sem númerin eru sett við. Allt sem er með rímháttum (rímnabroögum) hef ég kallað erindi, en það sem er með sönglögum og í stefjum, vers.

Jeg hef rekið mig á, síðan ég skrifaði athugasemdirnar, í morgun, að í flokkinn: árið 1896, vantar: *Kveðið* fyrir pilt til stúlku sem brást honum, 12 vers; og í flokkinn 1897 vantar: Trúarjátning, 1 vers; í ýmsa aðra flokka, mun og vanta meira og minna, þó ég muni það ekki í svipinn.

Á laugardagin fyrir páska,
9. apríl, 1898.
Magnús Hj. Magnússon

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Dagbókarbrot 1913¹

Nóvember

24. Mánudagur. Bezta veður á vestan. Heimsótti mig Bjarni Einar Kristjánsson, járnsmiður á Ísafirði, minn forni tryggi vinur og göfugmenni. Nú er rétt ár, frá því ég kvað æfiágrip mitt, 60 erindi, og til þess það sé til, víðar en í einum stað, því sérskrifað hef ég það, ætla ég að skrifa það hér. Ferskeytt.

- | | |
|--|--|
| 1. Lifna tekur óðarönd
og í mér fer að vaka,
penna, blek og blað í hönd
býst ég við að taka. | 8. Við mig ekki vesöld stór
vildi skilnað hafa,
svo í Álpta-fjörð ég fór
fjötraður neyðar-klafa. |
| 2. Hef ég nú í huga mér
hringa-rósir svinnar,
ykkur segja ágrip hér
æfisögu minnar. | 9. Af minni veru minnst þar gel,
mjög þó hreyfði kvæðum,
en mér leið þar illa og vel
eptir kringumstæðum. |
| 3. Þá skal byrja þar á skrá
þótt sé lítils virði:
Tröðum fæddur er ég á
hjá Eyri í Seiðisfirði. | 10. Rakna fóru bölvu bönd,
betri grillti daga,
vestur á bjarta Barðaströnd
bar mig hönd örlaga. |
| 4. Norn forlaga blökk á brá,
beiskum spáði pínun;
sex vikna ég færðist frá
foreldrunum mínum. | 11. Fallega skín við lúðu lönd
með liljum, björk og víði,
blessunin hún Barðaströnd
byggðarlaga prýði. |
| 5. Á mér framdist glópsku gjörð
sem gildi líf mitt bara,
Önundar í illan fjörð
eg var látinn fara. | 12. Ýtar þar með yndi og ró
ýmsir reyndust fræknir.
Davíð þá að Brjánslæg bjó
blíður héraðslæknir. |
| 6. Margt óþarft til бага bar
bölvunar í hreysti,
hæstu ráð því höfðu þar
<i>heimska og kærleiksleysi.</i> | 13. Búinn æru beimur mær
breytni virti snjalla;
þó hann væri kvenna kær
kalla ég ekki galla. |
| 7. Mín þar líðun misjöfn var
mögnuðust hjarta tregar,
kom svo loks ég pöldi þar
þrautir ægilegar. | 14. Skrúðadís þar skáldmælt var
skynsemdar með blóma,
heiti bar sú Hólmsfríðar
hlíðin báru ljóm. |

1 Lbs 2231 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

15. Lét hún dansa hugarhjól
hróðrar glitað frama,
fékk ég ást á falda-sól
fyrir þetta sama.
16. Þó var góðri sambúð svipt
sólin orma leira,
drykkjumanni grimmum gipt,
grátlegt er að heyra.
17. Ljóst er það um land og geim,
lítum á það bræður,
enginn maður hér í heim
högum sínum ræður.
18. Hugsjónanna helga braut
hrundin þræddi spaka.
Ég við fagra linda-laut
ljóð mín fór að kvaka.
19. Lagaði stórum ljóðaskrá
laus við stríðan kvíða;
nafn mitt fór að þekkja þá
þjóðin blíða víða.
20. Fyrir vænan vinaryl
sem vildi hverskins prýði,
Reykjavíkur réðst ég til
rak þar skóasmíði.
21. Óholl þessi vinna var
viði byrðar Grana,
ég svo varð með öllu þar
að yfirgefa hana.
22. Fékk þá lundin friðarspjöll,
fátækt mundi valda,
ég þá undir Eyjafjöll
austur gerði halda.
23. Barnakennsla bauðst mér þar
og bókastörfin fleiri.
- Þetta gerði þokkasnar
Þorvaldur á Eyri.
24. Opt ég kvæði brátt fram bar
böl svo næði flýja;
veittu klæða viðir þar
vingan gæða hlýja.
25. Gafst mér vel í geði hreinn
Gísli Hóla-prestur.
Vetur liðinn eptir einn
aptur fór ég vestur.
26. Einatt dreifðust ama ský,
auðna fór mig skreyta.
Fór ég dýra-fjörðinn í
frambúðar að leita.
27. Sighvat Grímsson fann ég fyrst
Fjölnis þar á svanna,
á Höfða bjó með hróðrarlist
haukur fræðimanna.
28. Lundur bóka ljúft með þel
sem letrastörfin þreytti,
mér leiðbeindi mikið vel
og marga gleði veitti.
29. Kunnur varð ég brögnum brátt
buldur fyrir ljóða
auðnusól á ýmsan hátt
yndis sendi gróða.
30. Við mig bundu vinskaps heit
víðir margir seima,
árin þrjú í sagðri sveit
svo ég átti heima.
31. Burtu svifu bölvu ský,
brosti gleði í sinni,
unað hef ég aldrei því
æfi betur minni.

32. Ei er í veðrum öllum skjól
upp í fjalladrögum.
Festi ég ást á seima sól
seinast á þeim dögum.
33. En þegar herða átti á
og elsku birta hreina,
breisk í geði brást mér þá
björkin eðalsteina.
34. Á mig sótti angurs stríð,
auðna gekk úr vegi.
Þess ég aldrei bætur bíð
bana fram að degi.
35. Burtu þá ég þaðan gekk
þrauta hlaðinn drunga,
Súganda í fjörð, og fékk
fríða mey og unga.
36. Mjög þó geði mínu brást
mætast yndi og gleði,
girnd því réði en engin ást
að atvik þetta skeði.
37. Skömmu síðar baugs með bil
bundinn þrautum flestu
flæmdist Skutils-fjarðar til,
frelsislaus að mestu.
38. Margt ég reit og brag fram bar,
bóls að létta kífi,
kringumstæður þungar þar
þjökuðu sál og lífi.
39. Eymd margfold og örbyrgð rík
andar kvöldu býli,
Bolungar – svo vék í – vík
válegt ólánsskýli.
40. Blendin næsta þar var þjóð,
þrammaði heimsku stigi;
- á mig sóttu í ænum móð:
ífund, hatur, lygi.
41. Hjúin slík með samlag sitt
sæmdar drápu kjarna,
eyðilögðu mannorð mitt
meinvættin þau arna.
42. Sú forlaga hríðin hörð
hold og anda lúði.
Súganda í sælan fjörð
svo ég þaðan flúði.
43. Á mér níddist enn á ný
örlaga stormur ríkur,
fögru sviptur frelsi því
fór til Reykjavíkur.
44. Þarna einn ég vetur var
vafinn frelsis göllum,
en veglyndi og virðing þar
var mér sýnd af öllum.
45. Skráði ég margt og bjó til brag
bundinn meinum skæðum,
allvel mínum undi hag
eptir kringumstæðum.
46. Þegar vorsins voldug sól
varman heita sendi
fékk ég lausn og fór á ról,
farsæld að mér vendi.
47. Yndi og friður gladdi geð
glötuðust raunir harðar,
svo með „Vestra“ sveina réð
Súganda til fjarðar.
48. Blíða og gleði beið mín hér,
bölið sælan krýnir,
alúd sanna sýndu mér
Súgfirðingar mínir.

49. Sé ég glöggt sem glæðir ró
og gæði tekur mynda,
upp úr gægjast gremju-sjó
gæfunnar fjallatinda.
50. Forlög löngum feikna há
friði svipta brýnum,
því þau níðast einmitt á
eigin gáfum sínum.
51. Ef þau maður virðir vel
og vildi þjóðheill unna,
máskæ þau særi sálar þel
svo sem mest þau kunna.
52. Situr því í sinni ríkt
síst má hugsjón banna
varla hlýði að virða slíkt
vonsku aflið sanna.
53. Hér við lífsins harma þrá
hugarins logar eldur,
trúum heldur afl það á
sem ást og kærleik veldur.
54. Ef heimi þeim ég hallast að
hlýt ég gleyma trega,
því ég veit að veldi það
varir eilíflega.
55. Við það himneskt gæfu gull
græðast dýpstu sárin.
Bráðum hef ég fengið full
fjörutíu árin.
56. Minningar ég margar á,
myrkur og svipi bjarta,
engin þó sem ástin há
er í mínu hjarta.
57. Ekki tjáir um að fást
þó örlög geysi úr máta,
en kærleiks sælu og sannleiks
ást
seinast vil ég láta.
58. Hversu margt sem hrellir mig
hér í lífsins stríði,
ósjálfrátt ég elska þig
ástar-himin friði!
59. Bros þitt ljúft um lá og grund
lýsir hjartans inni,
þér skal fórna' að bana blund
breytni allri minni.
60. Bezt því muntu leggja lið
lífs þá tjaldbúð hrynur,
ótakmarka á ég frið
í örmum þínum, vinur.

Magnús Hj. Magnússon.

Dagbókarbrot 1892¹

Október

22. Laugardagur. Fremri-Breiðdal í Önundarfirði, Magnús Hjaltason:
Vetrardagur fyrsti. Stíllt veður heiðbjart. Mikið frost. Snjólaust.

Um sumarið, 2. ágúst, færðist ég að Breiðadal undan Hesti, úr höndum níðing-
anna Jóhannesar Kristjánssonar óðalsbónda á Hesti og konu hans Jónínu Sveins-
dóttur. Hafði ég þá legið rúmfastur, án þess nokkurntíma að komast fram fyrir

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

rekkjustokk, frá því eptir veturnætur 1890 þangað til um vertíðarlok 1892, með óútsegjanlegum þjáningum. Var þó eigi búinn að vera nema 1 ár á sveit, undir höndum Jóhannesar og Jónínu, og voru þá gefnar með mér 104 krónur af fæðingarsveit minni Súðavíkurhreppi. Þangað til, frá því ég var 7 vikna að aldri hafði fóstura mín Margrét Bjarnadóttir, móðir Jóhannesar á Hesti og þeirra systkyna, haft mig án þess að með mér væri gefið, að því er hún sjálf sagði mér; en man ég það, að faðir minn sagði mér síðar meir, að hann hefði gefið með mér þangað til ég var orðinn 8 ára gamall. Trúi ég því heldur, því faðir minn var maður óljúgfróður. En ég man að það særði mig í ungðæmi mínu er fóstura mín sagði opt við mig: „Dú átt skilið að fá að þræla Maggi, það var ekki so mikið sem mér var gefið með dér.“

Jeg var 10 ára þegar fóstura mín brá búi í Efrihúsum, hafði hún þá búið þar 23 ? ár, og fór þá sem húsmanneskja að Hesti til Jóhannesar sonar síns, sem aldrei skyldi verið hafa; þar af kom bölvun mín öll. Þar var farið svo illa með mig til orða og verka, að einsdæmi mun vera fyrst ég ekki var myrtur. Þó er víst að ekkert dýr hefir skapað verið góðlyndara, auðsveipnara og hrekklausra, en ég var. Enn þess ver var með mig farið. Jeg átti engan heimilisrétt og fóstura mín var mér ekkert betri en húsbændurnir, er níddu mig og kvöldu til orða og verka ljóst og leynt. Það var helzt eptir að ég gat ekki lengur staðið, og var lagstur í rúm – ef rúm skyldi kalla – sem fóstura mín sýndi mér nokkra meðaumkun.

Vorið 1889, missti ég heilsuna algjörlega; til þess fóru atvikin mörg og ill og nenni ég nú eigi að herma þau. Kvaldist ég svo á fótum í *háft annað ár*, eða þangað til eptir veturnætur 1890, án þess nokkurn tíma að fá heilbrigða stund þegar ég var vakandi, en ég gat einatt fengið svefn. Höfuðþjáningar voru ákaflegar, og nú gekk sem óðast að meinsemd í brjóstinu. Þjáningunni úr höfðinu sló niður fyrir brjostið svo ég hafði enga matarlyst og var ég horaður. Enginn leitaði mér þægðar; það var álitnið sjálfsagt að ég bæri „krossinn“ möglunarlaust og gerði vinnu alla, sem fyrir kom. Kvalirnar í höfðinu og brjóstinu – og í öllum kropnum – fóru sívaxandi; var ég að lokum orðinn svo að ég ekki gat gengið lengd mína án þess að hafa pryk, það var höfuðnauið er olli því. Meinsemd mín var óbærileg, og aðrar kringumstæður mínar fóru þar eptir. Að lyktum endaði fótavist mín með því að ég hrataði niður stiga, hljóp þá ægilegt tak í brjostið er ég hafði nærri 3 sólarhringa, og gat ég á þeim tíma hvorki hrært legg né lið. Síðan linaði takið. Eptir það gat ég ekki á fætur komist fyr en vorið 1892. Fór ég þá fyrst á handlás millum rekkjustokka, og var svo lengi að ég ekki gat gengið fremur en barn sem fyrst er að læra gang. Þegar ég færðist frá Hesti gat ég setið á hestbaki en teymt var undir mér. Það var Jónína kona Jóhannesar á Hesti, er flutti mig. Þeirri stundu hefi ég orðið fengnastur er ég fluttist undan Hesti.

Fóstura mín var tvígipt, var fyrri maður hennar Kristján Sæmundsson frá Mosvöllum í Önundarfirði maður allvænn; seinni maður hennar var Guðni Vigfússon smiðs Eiríkssonar frá Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, valmenni mesta, hann var skyldur mér að frændsemi og hafði hann ráðið fyrir að ég var tekinn að Efrihúsum, en hann andaðist er ég var um tveggja ára gamall og var það ólán mitt.

Heimilisfólk í Fremri Breiðadal 1892, var: Húsbændurnir: Jóhann Guðmundsson formaður og kona hans Hildur Sveinbjarnardóttir. Faðir bóndans Guðm. Sturluson, búinn að vera blindur í 8 ár. Börn húsbændanna Friðgerður Sigurlína og Sturla Guðmundur, og Guðrún Ámundadóttir niðursteta. – Þennan dag, 22. okt. 1892, fór Jóhann húsbóndinn út á Flateyri, Hildur húsfreyjan ofan að Ytri-Veðrará.

Kom Bjarni Bjarnason á Þingeyrir, áleiðis heim til sín norðan af Ísafirði.

Desember

12. Mánudagur. Gjóla á útnorðan. Mikið frost. Kómu: Magnús Guðlaugsson bóndi (blindur) í Breiðadal neðri, og Magnús Gíslason húsmáður í Krók á Ísafirði, áleiðis út á Flateyri. Skrifaði ég föður mínum, Hjalta Magnússyni, vetrarmanni hjá Janusi prófasti Jónssyni í Holti. Bréf það hljóðar svo:

„Hjartkæri babbi minn. Guð gefi þér allar stundir gleðilegar. Hann uppljómi þitt æfíkvið með geislum sinnar náðar og blessunar. Af mér er það nú fyrst að segja, að ég er kominn hér til veru og kann ágætlega við mig. Jeg kom hér 2. ágúst í sumar. Jeg var árið sem leið, undir höndum Jóhannesar og Jónínu á Hesti. Þau fóru svo óguðlega með mig að það eru ekki dæmi til slíks. Það speglaði sig átið, að Jónína vildi svipta mig lífinu og vitinu á kvalafyllta hátt; og auk þess er hún kvaldi mig sjálf, lét hún börnin sín kvelja mig það er þau megnuðu. Til dæmis. Einu sinni eptir það að ég var farinn að komast á fætturna, fyrir framan stokkinn, lá ég inn í rúmi, og enginn var í bænum annar en ég. Kom þá Sæmundur sonur Jóhannesar upp og að rúminu sem ég lá í, og tekur til að berja mig í ákafa með hnefunum. En þegar hann var búinn að láta það ganga langan tíma, skrífur hann upp í rúmið ofan á mig, og fer í gríðarmóð að berja mig með fótunum, og svo hnefunum, um allan kroppinn. En þegar hann var búinn að berja mig þannig langan tíma, kom drengur úr Neðrihúsum upp í loftsgatið, og þegar hann sér hvað Sæmundur aðhefst, segir hann við hann, hvort hann sé „vitlaus“, hvort hann sé að berja mig liggjandi í rúminu, en Sæmundur anzaði engu, nema sagði: „Þetta skal hann hafa“. Síðan var aðkomudrengurinn að reyna til að varna Sæmundi frá að berja mig. Því næst fór hann ofan. En þegar Sæmundur sá að hann fór ofan, hleypur hann ofan í skyndi og sækir rokk sem stóð á gólfinu, og setur hann hátt upp í stigann, til þess að ef ég skyldi hlaupa ofan í dauðans ofboði, að rokkurinn dytti þá, og segja svo að ég hefði mölvað hann.

Þetta fór eins og hann ætlaðist til. Jeg lá í rúminu nær því dauður af slögunum eptir hann, það leið svo ótt yfir mig, að ég vissi vart af mér á milli þess sem yfir mig leið. Hjartslátturinn ætlaði að sprengja mig, og blóð gekk upp í munninn á mér. Hljóp ég svo ofan í dauðans ofboði, án þess að ég vissi gjörla af því og út í skemmu til mömmu minnar. Brá henni fjarska mikið við, því hún vissi ekki annað en Sæmundur væri úti á túni, en hann hafði beinlínis farið frá því sem hann var að gjöra og inn í bæ, til að berja mig á téðan hátt. Var fjarska mikill vindur og kuldi í þetta sinn, svo mér er ómögulegt að útsegja hverjar kvalir ég tók út. Varð ég svo

að vera með þessum kvölum, um daginn úti í skemmu hjá mömmu minni, því hvorki þorði ég eða hún, að ég færi inn, fyrri en hún gæti komið líka. Því nær sem þeir synir Jóhannesar, Kristján og Sæmundur, vissu að ég var einn í bænum, voru þeir útbúnir á hverri stundu að kvelja mig á þjáningarfyllsta hátt, eins og Jónína móðir þeirra.

Engin tila var mér lögð til í rúm, svo mamma mín lánaði mér sitt rúm til að liggja í, en lá sjálf í auðum rúmgarmi við engin föt nema ýmsar dulur sem hún lagði sér til sjálf. Ekki vildi Jónína gefa mér að drekka þótt ég beiddi hana, valdi hún mér þá ætíð óguðleg orð. T.d. einu sinni sem optar þyrsti mig fjarska mikið, var ég búinn að kveljast með þorstanum allan daginn, en í rökkrunu beiddi ég Jónínu að gefa mér að drekka, var hún þá að koma upp stigann. En þegar hún heyrði hvers ég beiddi hana, varð hún svo fjarskalega reið og segir: „Jeg gegni ekki þessum helvízkum þorsta-vana.“ Tók hún síðan ask er mamma mín átti, ólmaðist með hann ofan, og eptir langa stund hrinti honum upp á slána með þeim fjarskalega reiði þjósti, fleyti-fullum af eldsúrum drukk og var ekki hægt að finna, að það væri nokkur dropi út í það látinn af vatni. Þetta gerði hún mér til hvalar og særingar, af því hún vissi að ég gat ekki smakkað súrt.

Jeg get svo sem ekkert sagt þér hér af þeim kvalafyllztu þjáningum, er ég leið til lífs og sálar undir höndum Jóhannesar og Jónínu á Hesti. En ég verð aldrei svo gamall að ég muni það ekki allt, því mér stendur það allt bert fyrir hugskotssjónum, sem ég var kvalinn þar til lífs og sálar.

Jeg klagði þau fyrir hreppsnefndinni í Súðavíkurbhreppi, sem þú máské hefur heyrt. Bjarni í Tröð kom hér 10. ágúst í sumar, og kom með Jóhannes með sér því Bjarni kom Álfafjarðarheiði vestur. Kjartan í Efrihúsum var annað vitnið en Jóhann húsbóndi minn annað. Síðan krafðist Bjarni þess af mér að ég segði æfissögu mína meðan ég var undir höndum Jóhannesar, en ég fékk ekki að segja nema lítið eitt af henni, því Bjarna þótti þá vera komið nóg. Bjarni sló fyrst upp á við Jóhannes að hann skilaði aptur hálfri meðgjöfinni, 52 krónum, en það vildi Jóhannes ekki; síðan vildi B. að Jóh. skilaði þriðja parti af meðgjöfinni, það vildi Jóhannes ekki heldur. Bjarni sagði þá, að hann beiddi hann ekki að borga neitt, hann mætti gera hvort hann vildi fyrir sér; en hann léti málið halda sinn veg, því Jóhannes „stæði helvíti tæpt“, því hann markaði ekki hót sem hann segði við það sem sjúklingurinn (ég) segði. Þá anzaði Kjartan til og spyr Jóhannes að, hvað hann vilji þá gefa mér. Sagðist Jóhannes vilja gefa mér „20 krónur“. Þótti Bjarna of lítið, og kvaðst þá vilja hafa það fjórða partinn af meðgjöfinni, 26 krónur, og sættist Jóhannes á það, og lofaði að verða búinn að borga það fyrir 1. september þ.á. (1892), en það er ekki komið enn.

17. september í haust skrifaði ég Bjarna í Tröð, og sagði honum að Jóhannes hefði ekki borgað krónur þær sem hann hefði lofað að borga fyrir illa meðferð á mér, meðan ég var undir höndum hans, og ég vonaðist eptir að þeir héldu málinu áfram, þar Jóhannes hefði nú ærukrenkt sig enn þá, með því að svíkjast um að borga þessar krónur, sem voru svo sem ekkert á móti þeim glæpum sem þau höfðu

drýgt; farið á óguðlegasta máta með mig, meðan ég var undir þeirra höndum; nú væri ég líka búinn að skrifa upp viðurværi mitt, meðan ég var á Hesti, undir höndum Jóhannesar og Jónínu.

4. þ.m. fékk ég bréf frá Bjarna upp á framan nefnt bréf, og biður Bjarni mig í því að skila við Jóhann að fara inn að Hesti og láta Jóhannes segja annað hvort af eða á í þessu efni. 7. þ.m. fór Jóhann inn að Efrihúsum og talaði við Kjartan, og kom þeim saman um að tala ekki við Jóhannes um þetta málefni meir, því það væri úttal að mál þar Bjarni hefði lofað að halda málinu áfram ef Jóhannes svikist um að borga. Því er ég nú í tilferð með að skrifa Bjarna og senda honum „viðurværiskrána“ með; en ég á ekki gott með það svo sem stendur, því ég er alveg bleklaus.

Jeg er alltaf fjarska vesall. Það er gengið mikið út á mér brjóstbeinið, og segir Oddur læknir að það sé sullur undir brjóstinu og sé allt samgróin meinsemd: Sullurinn, lifurin, lungun og gollurshimnan; og sé sullurinn í þeim hættulegasta stað sem hann geti verið. Hann (Oddur læknir) hefur ætíð sagt þegar hann hefur séð mig: að hann hafi aldrei vitað, hvorki karlmann eða kvennmann, sem hafi verið eins veikur og ég, það megí fyr vera kvalir, og hann viti ekki hvað eigi að reyna sig langi þó til að gjöra tilraun með krjúfa mig. Þó tekur út yfir, kvalirnar sem ég tek út í höfðinu, er Oddur læknir segir, að séu af þeim feikna miklu og hættulegu tilfellum sem ég hefi fengið á höfuðið. Það líður aldrei sú stund yfir mig að ég sé frí við þær kvalir, þegar ég vakandi er.

Þú hefur víst heyrt elsku pabbi máltakið gamla: Bón fylgir blaði. Og eins og öll gömul máltæki hafa einhverja sanngirni inni að halda, ætla ég að láta það sannast hér, því ég ætla að biðja þig að útvega mér skáldsöguna Mann og konu. Jeg hefi heyrt að hann Jón Jónsson (vinnumaður í Holti) eigi hana. Nú fer ég að hætta þessu ómyndar klóri og bið þig fyrirgefa.

Vertu svo Guði á hendur falin um tíma og eilífið. Það mælir af hjarta þinn

elskandi son

M. Hjaltason.“

Dagbókarbrot 1897¹

Apríl

9. Föstudagur. Stíllt veður. Með jeljum seinni hlutan. Hart frost um morguninn. Var ég að kenna og ritaði vitnisburði barnanna. Um kvöldið flutti ég ræðuna. Hún er svona:

Kæru ungmenni! Bráðum er kominn tími sá er ég er á förum frá ykkur. En þá skil ég við ykkur *óánægður* yfir því hversu *litlum* framförum þið hafið tekið í sam-anburði við börn er ég hefi annarstaðar kennt, og hefi ég þó haft hér sama lyndislag og viljað koma fram með sama lyndislagi og ég hefi haft annarstaðar. Allt fyrir það hefur vera mín hér ekki komið ykkur, kæru börn, að jafngóðum notum

¹ Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

sem annars hefði mátt. Jeg veit vel og hefi líka orðið þess áskynja að sumum hér þykir að ég ekki hafi beitt nógu þungri refsandi hendi til að bæla niður í ykkur ungdómsþrjóssku ykkar, og get ég jafnvel ásakað mig sjálfan fyrir það, því þið hefðuð þá kannske að nokkru leyti verið hægari. En það er hvorttveggja, að ég áður hefi aldrei þurft að beita slíku við börn sem verið hafa undir minni hendi, enda álit ég *aldrei* í raun og veru affarasælt að beita slíku valdi við börn, en sé það gjört þá álit ég að það sé gjört í vandræðum og eru það þá neyðarúrræði.

Það er annars viðtekið hjá öllum lærðum mönnum og líka meðal fjölda leikra manna að það hafi beztar afleiðingar fyrir barnið að fara að því með góðu en aldrei með vondu eða mikilli hörku, og þegar barninu er hegnt, á hegningin að vera *bein afleiðing* af verki því er það vinnur til hegningarinnar með, en ekki að berja það út í bláinn. Verstu afleiðingar hefur það þó fyrir barnið, að berja það í reiði sinni, því við það missir barnið hreina ást og tiltrú til þeirra er beita slíku ofbeldi við þau.

Það er skylda hinna fullorðnu að fara að barninu með góðu, með alúð og virðingu og alvöru, því með því kemst barnið að raun um að sönn virðing er borin fyrir því og jafnframt ást til þess, og hefir það þá góð og gildandi áhrif á barnið. Það væri annars óskandi að bæði ég og aðrir sem fullorðnir erum, vildum mennta oss í að ganga á undan börnunum með sem beztu eptirdæmi, því það er víst að hver sem umgengst barnið hefur talsverð áhrif á það á einhvern hátt. Það er sannarlega sætt fyrir hvern fullorðinn, kristinn mann, að vita sig vera þess valdandi að hafa rófpest í sál barnsins það sem má verða því til gagns og sóma í lífinu. Það er líka sælt að vera vinur barnanna; ég get ekki ímyndað mér neina mannlega ást hreinni en barnanna, sé hún réttilega vakin, það er því hin sælasta eign að geta áunnið sér hana.

Jeg hefi á síðari tímum tekið mikið eptir því að einmitt þau börn sem notið hafa mest alúðar og ástar og jafnframt alvöru á æskualdrinum, eru einmitt beztu börnin, og ég er viss um að þau börn verða vænar manneskjur, þau verða vel hugsandi, vel gjörandi og góðs æskjandi.

Þið ungu manneskjur sem notið hafið hjá mér lítilfjörlegrar kennslu um nokkurn hluta þessa útlíðanda vetrar, ég óska ykkur af heilum hug, að orð þau er ég hefi leitast við að skýra fyrir ykkur, ykkur til gagns, mættu verða sem grundvöllur í sálum ykkar til framari fræðslu og mennta.

Kæru börn! Þið hafið flest góða hæfileika og eruð komin nokkuð á aldur, ég vil því mega minna ykkur á að gæta skyldu þeirrar, – hinnar heilögu skyldu – sem hvílir á ykkur gagnvart hinum fullorðnu, sem er: að þið stundið ætíð á, eptir því sem ykkur er hægt, að sem flestir hafi ánægju af sambúð ykkar. Verið þið, góð við alla sem eiga við einhver bág kjör að búa og leitist við að hjálpa þeim; en ef þið eruð þá svo stódd að þið ekki getið líknað þeim í verkinu þá gjörið það með orðunum, því orðin megna mikils ef þau eru sprottin af hjartanlegum vilja.

Berið þið virðingu fyrir þeim sem kennir ykkur hver svo sem það verður; það er fagur siður sem börnin eiga ætíð að hafa. Berið ást og virðingu til allra manna, en fremst eigið þið þó að elska foreldra ykkar. Fáir eru sem faðir en engin sem

móðir, segir gamalt orðtak, og felur það eins og fleiri málshættir, í sér dýr sannindi. Það er móðirin sem ég ímynda mér að biðji heitast barnið Jesú að vera skjól og athvarf barna sinna um alla hinu tálfslylðu lífsleið; ekki þar með meint að fleiri biðji ekki heitt, en það er í eðli sínu líkast að móðirin geri það ekki sízt.

Góðu börn! elskið þið barnið Jesú, það getið þið með því að vera góð við alla menn. Verið líka góð við skepnurnar, berið ykkur að láta þeim líða vel, og stofnið þeim aldrei vísvitandi í nokkurn voða. Það er bæði skaði minnkun og synd að fara illa með skepnurnar.

Að endingu óska ég ykkur, kærur börn, að þið verðið dádrikar manneskjur, og að þið gleðjið með lofsverðri breytni, hjörtu foreldra ykkar, hjörtu vina ykkar og hjörtu vandamanna. Þess óskar ykkur einlægur Magnús.

Hér skrifa ég ræðu þá er ég samdi á Brekku á Ingjaldssandi 8. janúar og flutti síðan fyrir börnum þeim er ég kenndi þar, 11. s.m.

Vegirnir skilja

Þessi orð eiga nú vel við, þar sem ég hlýt að fara frá ykkur elskulegu börn, sem ég hefði þó fenginn viljað vera lengur hjá í því skyni að leiðbeina ykkur eitthvað meira til undirbúnings til framari fræðslu. En það verður nú svona að vera, ég hlýt að yfirgefa ykkur góðu börn. En um leið og ég fer nú frá ykkur, þakka ég ykkur öllum hjartanlega fyrir alla ykkar hlýðni, alla ykkar siðþrýði og fyrir alla ykkar valvild, er þið ætíð hafið látið í ljósi um þann tíma er þið hafið verið undir mínum höndum. Hafið þið innilegar þakkir fyrir alla þá gleði og ánægju sem þið hafið veitt mér með sambúð ykkar. Hafið þið kærar þakkir fyrir alla virðingu og kurteisisei er þið hafið sýnt mér, ljóst og leynt. Já hjartkæru ungmenni, hafið þið beztu þakkir fyrir allan þann sóma er þið hafið sýnt mér í öllum ykkar orðum og gjörðum.

Jeg hefi verið gæddur þeirri gáfu frá lífshöfundarins hendi, að geta dregið að mér velvild manna þar sem ég hefi verið, og ást og virðingu ungmenna þeirra er ég hefi haft undir höndum, og meira að segja barna þeirra er áður höfðu miður gott orð á sér fyrir siðferði. Þó er það í sannleika sagt að af börnum þeim er notið hafa tilsagnar hjá mér undir fermingu, eruð þið börn sem hér eru hin siðþrúðustu.

Ó hvað er ánægjuríkt og sælt að vera vinur barnanna. Hver fullorðinn maður ætti að reyna að ná hylli barnanna; hún er svo yndæl, hún er svo saklaus og hrein, svo falslaus og elskuleg. Hún er ekki háð undirferli og svikum, eins og, því miður, á sér stað hjá mörgum hinna fullorðnu, þótt ég viti að sá vinur geti verið til sem er tryggari en bróðir. Ekki veit ég sárara sverð en að vera svikinn af vin sínum. Fleiri en einn mun bera það sár til dauðans, er hann hefur hlotið við það að vera svikinn af vin sínum, og þurfum vér kannske ekki langt að leita til að finna einhvern af þeim sem bundinn er slíku bandi. Slíkir eiturbroddar finnast ekki í ást barnanna. Þeirra elska er svo fölskvalaus og frí við allt ljótt, sem sólarljósið er laust við myrkrið. Margir fullorðnir hafa þá skoðun að börnin þurfi að hafa ótta af yfirboð-

urum sínum, til þess minna beri á æskubrekum þeirra. En þetta er skökk skoðun. Börnin eiga að njóta elsku og virðingar af hinum fullorðnu en alvara á þó jafnframt að vera með. Það er þveröfugt við allt rétt að nokkur maður geti í einu elskað og óttast sama hlutinn, annaðhvort verður maðurinn að elska hlutinn óttalaust, ella hata hann og þá náttúrlega elskulaust. Börnin eiga heimtingu á að þau sé elskuð og virt engu síður en fullorðin, með öðrum orðum: Það er skylda hinna fullorðnu að virða þau og elska. Að koma inn hjá börnunum stífum ótta er skilyrði fyrir því að allar hinar saklausu, fögru, réttu lífstilfinningar, verða að bælast niður og brjótast svo út á öfugan hátt. Einmitt fyrir þessa sök hefur margur maður með góðu upplagi verið reiknaður bófi um alla sína æfi.

Ég vík að því enn, að hinir fullorðnu eiga að sýna börnunum elsku og virðingu, og væri óskandi að hver sem kominn er til vits og ára, kappkostaði ætíð að ganga á undan börnunum með góðu eptirdæmi, því það gefur blessunarríka ávöxtu, þó það á stundum kannske ekki virðist koma strax í ljós.

Elskulegu ungmenni! Jeg er nú á förum frá ykkur, og kveð ég ykkur nú af hreinu hjarta með óskum allrar farsældar. Guð gefi að þið verðið gæfuríkar mann-
eskjur og náðið hylli allra góðra manna. En munið líka eptir því að þessi hin sama helga skylda hvílir líka á sjálfum ykkur: að stunda ætíð á hið góða, að vera öðrum yndi og aðstoð eptir því sem þið getið. Sá er í raun og veru mestur maðurinn sem styður hinn lítilmagnaða. Gætið þess ætíð, góðu börn, að vera velviljuð öllum þeim sem á einhvern hátt eiga bág, því slík breytni hefur sæld í för með sér.

Um leið og ég hefi kvatt ykkur hjartkæru börn með framanskráðum orðum, votta ég öllum hér á Brekku, jafnt í báðum bæjum, mínar beztu þakkir fyrir alla þá velvild og virðingu er allir ungir og gamlir hafa gert sér far um að láta mér í té um þann tíma sem ég hefi dvalið hér. Hinn almáttgi lífs höfundur veri ykkur öllum aðstoð og verndari um alla hina ókomnu leið. Í Jesú nafni. Amen.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Einkaskjöl: E

Bréf Magnúsar Hj. Magnússonar til Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings, ritað á Suðureyri 17. mars 1913. Í vörslu Ástu S. Reynis.

Dagbók Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings. Í vörslu Ástu S. Reynis.

Ólöf Garðarsdóttir, „You Know My Name! Naming Practices and the Importance of Kinship Network in Early Nineteenth-Century Iceland.“ Væntanleg í *History of the Family. An International Quarterly* 2 (1998).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritadeild: Lbs

Lbs 1978 4to – Handrit úr fórum Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 2216-2238 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar, alls 23 bindi. Fyrstu 19 bindin eru dagbók Magnúsar, þá koma ritgerðir, lausavísur samtímamanna, rímur eftir Magnús og sjálfsævisaga hans.

Lbs 2560 4to – Kvæðasafn og fleira úr fórum Magnúsar Hj. Magnússonar. Margt er þarna eftir hann, meðal annars æviágrip í ljóðum.

Lbs 2736 4to – Frá heiðum til hafs. Sagnaþættir og þjóðsögur sem Magnús Hj. Magnússon hefur safnað saman.

Lbs 4431 4to – Tvö bréf frá Magnúsi Hj. Magnússyni til Jóns Trausta.

Lbs 4659 4to – Fæðingarár nokkurra Íslendinga og nokkrar aðrar upplýsingar, unnið af Magnúsi Hj. Magnússyni.

Lbs 4708 4to – Þjóðsögur og munnmæli með hendi Magnúsar Hj. Magnússonar og Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings.

Lbs 4930 4to – Sundurlaus kvæðatíningur, þar á meðal kvæði eftir Magnús Hj. Magnússon, en þó ekki með hans hendi.

Lbs 2139 8vo – Rímur af Fjalla-Eyvindi og kvæði eftir Magnús Hj. Magnússon.

Lbs 2271 8vo – Rímur af Gull-Þóri eftir Magnús Hj. Magnússon.

Lbs 2273 8vo – Rímur sem Magnús Hj. Magnússon hefur skrifað upp eftir öðrum og kvæði eftir hann sjálfan.

Lbs 2310 8vo – Rímur af Gull-Þóri eftir Magnús Hj. Magnússon og aftan við þær eru nokkur kvæði eftir Magnús.

Lbs 2311 8vo – Herbrá. Eftirmæli og kvæði eftir Magnús Hj. Magnússon.

Lbs 2327 8vo – Rímur af Fjalla-Eyvindi og nokkur kvæði. Aftan við þau er grein um Magnús Hj. Magnússon eftir Sighvat Borgfirðing og erfikvæði um hann eftir Guðmund Guðmundsson.

Lbs 2397 8vo – Sundurlaus kvæðatíningur, þar á meðal kvæði eftir Magnús Hj.

Magnússon, ekki með hans hendi.

Lbs 2663 8vo – Rímur sem Magnús Hj. Magnússon hefur ritað upp eftir öðrum.

Lbs 4062 8vo – Handrit úr fórum Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 4131 8vo – Handrit úr fórum Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 4256 8vo – Kvæðakver sem Magnús Hj. Magnússon hefur skrifað upp fyrir aðra.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Lbs-Hbs

Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850-1940.“ Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon University í Pittsburgh í Bandaríkjunum, 1993.

Prentaðar heimildir

Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Að blekkja og blekkja ekki.“ *Skírnir* 168 (haust 1994), bls. 479-491.

Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51-88.

Eiríkur Jónsson, *Rætur Íslandsklukkunnar* (Reykjavík, 1981).

„Fegurð himinsins.“ Samtal við Halldór Kiljan Laxness.“ *Útvarpstíðindi* 20. apríl 1940, bls. 383.

Gísli Sigurðsson, „Þjóðsögur.“ *Íslensk bókmenntasaga* III. Halldór Guðmundsson ritstjóri (Reykjavík, 1996), bls. 428-494.

Guðgeir Magnússon, „Pað er margt í bókunum ...“ Viðtal við ekkju alþýðuskálds.“ *Birtingur* 2 (1956), bls. 1-9.

Gunnar Kristjánsson, „Úr heimi Ljósvíkingsins.“ *Tímarit Máls og menningar* 43: 1 (1982), bls. 9-36.

Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þröm. Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar* (Reykjavík, 1956).

Gunnar M. Magnúss, *Ósagðir hlutir um skáldið á Þröm* (Reykjavík, 1973).

Hallberg, Peter, *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerplu*. Síðara bindi. Helgi J. Halldórsson íslenskaði (Reykjavík, 1971).

Halldór Guðmundsson, „Ofar hverri kröfu. Um fegurðarþrá í *Fegurð himinsins*.“ *Tímarit Máls og menningar* 59:2 (1998), bls. 19-35.

Halldór Laxness, *Ljós heimsins* (Reykjavík, 1937).

Halldór Laxness, *Heimsíjós* I-II. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1955).

Halldór Kiljan Laxness, *Dagleið á jöllum. Greinar*. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1962).

Halldór Kiljan Laxness, *Skáldatími* (Reykjavík, 1963).

Jón Karl Helgason, *Heijan og hçfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu* (Reykjavík, 1998).

- Jón Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar. Orð og æði – Minni og merking.“ *Íslenska sögubíngið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II* (Reykjavík, 1998), bls. 47-56.
- Kristinn E. Andrésson, „Ólafs saga Kárásonar Ljósvíkings.“ *Rauðir pennar 4* (1938), bls. 180-210.
- Kristín Dahlstedt veitingakona, *Endurminningar*. Hafliði Jónsson frá Eyrum skráði (Reykjavík, 1961).
- Loftur Guttormsson, [Ritdómur], „Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13. Eftir Sigurð Gylfa Magnússon (Reykjavík, 1997).“ *Saga 36* (1998), bls. 311-319.
- Monika Magnúsdóttir, „Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta nítjándu aldar.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1997), bls. 113-144.
- Páll Skúlason, „Spurningar til rithöfunda.“ *Skírnir* 164 (haust 1990), bls. 425-434.
- Ponsonby, Arthur, *English Diaries. A Review of English Diaries from the Sixteenth to the Twentieth Century with an Introduction on Diary Writing* (London, 1923).
- Sigurður Líndal, „Halldór Kiljan Laxness 1902-1998.“ *Skírnir* 172 (vor 1998), bls. 7-23.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „„Dauðinn er lækur, en lífið er strá.“ Líf og dauði á nítjándu öld.“ *Eitt sinn skal hver deyja. Dauðinn í íslenskum veruleika*. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson (Reykjavík, 1996), bls. 128-142.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13* (Reykjavík, 1997).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbref, almenn bref, sjálfsvævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* (Reykjavík, 1997).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Félagssagan fyrr og nú.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 17-50.
- Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar í Loðmundarfirði við líf og dauða.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 195-223.
- Vigurætt*. Ættir Íslendinga. Niðjatal VI 2. Ritstjóri Þorsteinn Jónsson (Reykjavík, 1992).
- Þórður P. Grunnvíkingur, „Eftirmæli.“ *Vestri* XI. árg. 43. tbl. 2. nóvember 1912, bls. 170.
- „Ævisaga Ljósvíkings.“ *Útvarpsblaðið* 1. árg. 15. tbl. 1951, bls. 6-7.

